



Íslenskar þulur síðari alda

Yelena Sesselja Helgadóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Íslenskar þulur síðari alda

Yelena Sesselja Helgadóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild
September 2020

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í íslenskum bókmenntum

Reykjavík, 3. júní 2020

Torfi H. Tulinius
deildarforseti

Doktorsnefnd:
Vésteinn Ólason, leiðbeinandi
Guðrún Nordal
Terry Gunnell

Íslenskar þulur síðari alda

© Yelena Sesselja Helgadóttir
Reykjavík 2020

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9491-9-6

Ágrip

Ritgerð þessi til doktorsprófs í íslenskum bókmenntum miðar að því að skilgreina þulur síðari alda (þjóðkvæði frá u.þ.b. 15.–20. öld) sem kveðskapargrein með nákvæmari hætti en áður hefur verið gert og setja þær betur í samhengi íslenskrar bókmennta- og munnmenntasögu. Skilgreining á þulum byggist á helstu sérkennum þeirra, en þau eru einkum fólgin í afar frjálsum bragformi – á mörkum lausamáls – og í lausmótaðri byggingu með miklum tilbrigðum. Þá hafa sterk tengsl við konur og börn talist einkenna flutning á þulum síðari alda og hlutverk þeirra. Þessir þættir eru teknir til ýtarlegrar skoðunar í ritgerðinni, en rannsóknir á þulum síðari alda eru af skornum skammti og hafa helst snúist um tengsl þulna við sambærilegan kveðskap annars staðar á Norðurlöndum og annan samtíðarkveðskap sinn, sem og um varðveislu þulna og söfnun – ásamt öðrum þjóðkvæðum – á 19. öld. Þá er tengslum þulna síðari alda við þulur í íslenskum fornþulmenntum gefinn hér meiri gaumur en áður.

Rannsóknin sýnir fram á það að til þess að skilgreina þulur síðari alda og afmarka þær frá öðrum þjóðkvæðum þarf að nota alla áður nefnda þætti í senn: bragform, byggingu og flutning. Bragform þulna síðari alda markar mjög sérstöðu þeirra, en þær lúta talsvert sveigjanlegri reglum en viðteknar bragreglur íslensks kveðskapar síðari alda. Þessum sveigjanlegu reglum – sem hér eru nefndar *lausbundið mál* – er ýtarlega lýst í ritgerðinni. Lausbundið mál er einkennandi fyrir þulur – en önnur þjóðkvæði geta þó einnig verið í slíku formi. Sérstaða þulna síðari alda felst í enn meiri mæli í þulubyggingu sem grundvallast á upptalningum; talin eru upp heiti, minni og jafnframt stærri samsettar einingar (*blokkir*). Þulubygging einkennist einnig af tilbrigðum og miklum textatengslum. Rannsóknin leiðir í ljós að upptalning sé aðaldrifkrafturinn í þulubyggingu – miklu frekar en t.d. rökrétt frásögn – og að þulur síðari alda hafi að stórum hluta tekið hana í arf frá fornþulum. Áþekka byggingu eða sum hver einkenni hennar er samt sem áður ekki útilokað að finna í öðrum íslenskum þjóðkvæðum. Þá er margt sameiginlegt hvað varðar hlutverk fornþulna og þulna síðari alda, en upptalningar á margvíslegum hlutum og atburðum skapa í hvorum þulukveðskapnum um sig nokkurs konar heimsmynd. Þessi heimsmyndarsköpun virðist vera veigameiri þáttur í þulum fyrr og síðar heldur en frásögn eða lýrísk tilfinningatjáning. Tengsl þulna við eldra fólk og konur (sem flytjendur) og börn (sem áheyrendur) eru vissulega einnig mikilvæg, sem og hlutverk þulna í barnauppeldi, en einkenna hins vegar vart þulur umfram ýmis önnur þjóðkvæði.

Ofangreind sérkenni í bragformi, byggingu og hlutverki þulna þurfa að fara saman og vera studd fleiri þáttum, þ.á m. munnlegri geymd og skyldleika við kveðskap annars staðar á Norðurlöndum, svo að í ljós komi heildarmynd af þulum sem þjóðkvæðagrein. Þannig má greina þulur síðari alda frá öðrum munnmenntum, ekki ólíkum, og afmarka þær með formlegri og skýrari hætti sem heildstætt textasafn með sameiginleg sérkenni sem skýrast að miklu leyti af uppruna þulna síðari alda bæði í þuluhefð miðalda og í nýju efni sem barst frá meginlandi Evrópu undir lok miðalda og á næstu öldum. Frá fornþulum taka þulur síðari alda að verulegu leyti í arf bæði byggingu sína og hlutverk – en bragformið, og að hluta til innihald, er í ætt við það sem gefur að líta í skyldum kveðskap á Norðurlöndum, svo að þar má gera ráð fyrir erlendum áhrifum. Þessi blandaði uppruni er einstæður í íslenskum þjóðkvæðum, eins og kemur nánar fram í niðurstöðum, og skýrir sérstöðu íslenskra þulna síðari alda meðal sambærilegs kveðskapar á Norðurlöndum.

Abstract

This thesis submitted for the doctorate in Icelandic Literature aims to define post-medieval *pulur* (a type of folk poetry from roughly the 15th–20th centuries) as a genre of poetry more precisely than has previously been done, and establish their position in the history of Icelandic written literature and oral culture. The definition of *pulur* is based on their major features, namely very free poetic form – bordering on prose – and loose and variable structure. Strong connections with women and children have also been thought to characterize their performance and function. These features of *pulur* are first scrutinized in this thesis, since there is little research on post-medieval *pulur*, and what there is deals chiefly with their relationship to similar poetry elsewhere in Scandinavia and to other Icelandic folk poetry, their preservation and collection in the 19th century. Their relationship to medieval Icelandic *pulur* is also examined in more detail in this thesis than has been done yet.

This research demonstrates that in order to distinguish post-medieval *pulur* and define them as a separate genre from other folk poetry the definition must include all the aforementioned features: metre, structure, and performance. Metre is a very special characteristic of post-medieval *pulur*, in that they are governed by much more flexible rules than Icelandic post-medieval poetry usually allows for. These flexible rules, which are termed here as ‘loose poetic form’, are described in detail in this thesis. Loose poetic form characterizes *pulur* – however, it can be found in some other Icelandic folk poetry as well. Even more characteristic of *pulur* is a structure which is based on lists, of *heiti*, motifs, and larger units referred to as blocks. The structure of *pulur* is also characterized by variation and intertextuality. The thesis shows that the main organizing principle in *pulur* is listing (rather than e.g. logical narrative), and post-medieval *pulur* have inherited this from medieval ones. Similar structure can nonetheless occasionally be found in other Icelandic folk poetry. Medieval and post-medieval *pulur* also have much in common regarding function. In each case, lists of a variety of objects and events created inner worlds – and this world-descriptive and -creative activity appears to be a more important feature of *pulur*, whether medieval or later, than narrative or lyrical expression. The connection of post-medieval *pulur* to older people and/or women (as reciters) and children (as audience) is also important, as is their function in child-rearing, but these are also found in other forms of folk poetry.

The above features of metre, structure, and function must be combined with oral transmission and relations to similar poetry elsewhere in Scandinavia in order to give a full account of *pulur* as a genre of folk poetry. We can then distinguish them from other, similar forms of oral culture in a clearer and more precise fashion as a comprehensive collection of texts with common features. These features can be explained to a large degree by their origin in medieval *pulur* and in new material that came from the European mainland in the Middle Ages and later. Later *pulur* derive both their structure and, to a certain extent, function from medieval ones; at the same time, both metre and, to a certain degree, contents recall similar poetry elsewhere in Scandinavia, so there we may assume foreign influence. This mixed origin is unique in Icelandic folk poetry, as is shown in more detail in the conclusion of the thesis, and explains the special position of the post-medieval Icelandic *pulur*.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Abstract.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Formáli.....	10
I. HLUTI.....	12
1 Inngangur.....	12
1.1 Yfirlit yfir verkefnið.....	12
1.2. Nokkur helstu hugtök og framsetningaratriði	16
1.2.1. Helstu hugtök.....	16
1.2.2. Almenn um framsetningu	17
1.2.3. Heimildatilvísanir	18
1.2.4. Meðferð tilvitnana	20
2. Afmörkun rannsóknarefnis.....	22
2.1. Þulur sem munnmenntir	22
2.2. Fornþulur (miðaldarþulur). Orðið <i>þula</i> að fornu	25
2.3. Frá fornþulum til þulna síðari alda	31
2.4. Þulur síðari alda og sambærilegur kveðskapur á Norðurlöndum	33
2.5. Niðurlag.....	36
3. Aðferðafræði.....	38
3.1. Rannsókn.....	38
3.2. Útgáfa.....	43
4. Rannsóknarsaga.....	45
4.1. Þulumfjöllun Jóns Árnasonar o.fl. á ofanverðri 19. og öndverðri 20. öld.....	45
4.2. Rannsóknir á þulum síðari alda á ofanverðri 20. öld	51
4.3. Helstu rit um þulutengd efni og þjóðfræðikenningar	56
4.4. Niðurlag.....	57
5. Þulusöfnun og heimildir að þulum	59
5.1. Þulusöfnun.....	59
5.2. Heimildir	62
5.2.1. Handrit.....	62
5.2.2. Hjóðrit.....	66
5.2.3. Rannsóknargögn Jóns Samsonarsonar, Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Helgu Jóhannsdóttur.....	67
5.3. Útgáfur	70
5.4. Niðurlag.....	74

II. HLUTI	76
6. Hugtakanotkun: orðið <i>þula</i> á síðari öldum.....	76
6.1. Orðnotkun í frumheimildum	76
6.1.1. Þulunafnið í fyrirsögnum við þulutexta.....	76
6.1.2. Aðrar kvæðagreinar sem standa þulum nærri	78
6.1.3. Niðurlag	82
6.2. Samhengi þulna í frumheimildum.....	85
6.3. Niðurlag.....	87
7. Þuluform (bragform)	90
7.1. Helstu bragfræðilegar textaeiningar	91
7.1.1. Þululínur: afmörkun.....	91
7.1.2. Línufjöldi í þulutextum.....	92
7.1.3. Erindaskil vs. kaflaskil.....	94
7.1.4. Niðurlag	95
7.2. Hrynjandi – ljóðlínugerð	95
7.2.1. Atkvæðafjöldi og atkvæðalengd	96
7.2.2. Áherslufjöldi og fjöldi rísa	98
7.2.3. Áherslur: fjöldi og staðsetning	100
7.2.4. Tilraun til skýringar á þuluhrynjandi: Bestunarkenningin og náttúruhrynjandi	103
7.2.5. Nokkur lokaorð um hrynjandi	105
7.3. Stuðlasetning	107
7.3.1. Viðtekin stuðlasetning og veik stuðlasetning	107
7.3.2. Uppbótarstuðlun	110
7.3.3. Niðurlag	113
7.4. Rím	114
7.4.1. Viðtekið rím.....	114
7.4.2. Endarím í þulum	115
7.4.3. Innrím í þulum	118
7.4.4. Veikt rím og uppbótarrím	119
7.4.5. Niðurlag	122
7.5. Samspil ríms og stuðlasetningar.....	122
7.5.1. Fyllidreifing ríms og stuðla	122
7.5.2. Rímað þvert yfir stuðla – stuðlað þvert yfir rím.....	123
7.5.3. Þróun stuðlasetningar og ríms í þulum	125
7.5.4. Nokkur lokaorð um stuðlasetningu og rím	127
7.6. Utanbragfræðilegir þættir (e. <i>para-metrical parameters</i>).....	127
7.6.1. Setningaskipan.....	127
7.6.2. Formúlur	133

7.6.3. Þáttur hins tónræna	136
7.6.4. Niðurlag	137
7.7. Niðurstaða um þuluform	137
8. Þulubygging	142
8.1. Heiti	144
8.1.1. Hugtakið heiti í þulum síðari alda	144
8.1.2. Myndun heita	145
8.1.3. Bygging nafnalista og sérkenni heita sem hluta nafnalista.....	150
8.1.4. Einkenni heita í nafnalistum mismunandi þuluflokka.....	154
8.1.4.1. Nöfn Grýlubarna	155
8.1.4.2. Nöfn fólks í gleðinni og þeirra sem fylgja öðrum fram	157
8.1.4.3. <i>Ættartala</i> (nöfn frænda) og börnin í hamrinum.....	160
8.1.4.4. Kúanöfn	165
8.1.4.5. Heiti um hluti og gripi	174
8.1.5. Niðurlag	177
8.2. Minni	179
8.2.1. Hugtakið minni og sérkenni minna í þulum síðari alda.....	179
8.2.2. Bygging, formgerð og tegundir minna í þulum síðari alda	185
8.2.3. Formútur vs. minni	192
8.2.4. Útbreiddustu minnin og hlutverk þeirra í heimsmynd í þulum síðari alda.....	195
8.2.5. Niðurlag	201
8.3. Blokkir.....	203
8.3.1. Skilgreining, sérkenni og afmörkun	203
8.3.2. Bygging blokka í þulum síðari alda.....	211
8.3.2.1. Hliðstæður sem bygging blokka grundvallast á.....	211
8.3.2.2. Tengsl smærri byggingareininga í blokkum: Merkingarfræðilegur flötur.....	214
8.3.2.3. Fjölfarm	218
8.3.3. Gerðir blokka	224
8.3.3.1. Upptalningar á heitum	224
8.3.3.2. Upptalningar á minnum	226
8.3.3.3. Frásagnarblokkir	227
8.3.3.4. Blokkir og yfirblokkir af blandaðri gerð.....	233
8.3.4. Helstu yfirblokkir í þulum síðari alda, bygging þeirra og tengsl.....	234
8.3.5. Niðurlag	238
8.4. Textatengsl og þulusjóður	240
8.5. Niðurstaða um þulubyggingu	245
9. Flutningur og hlutverk þulna	250
9.1. Flutningsmáti.....	252

9.2. Kringumstæður við flutning: Tími, rými, flytjendur og áheyrendur	257
9.2.1. Tími og rými	257
9.2.2. Aðstandendur þuluflutnings	259
9.3. Hlutverk þulna	261
9.3.1. Þulur sem afþreying fyrir fullorðna og börn	261
9.3.2. Þulur í barnauppleði	265
9.4. Niðurstaða um þuluflutning og hlutverk þulna	268
10. Niðurstöður	270
Útdráttur	280
Summary	283
HEIMILDASKRÁ	286
Frumheimildir	286
Handrit	286
Hljóðupptökur	289
Textaútgáfur (og sambærileg rit)	289
Orðabækur, orðasöfn og helstu vefgagnagrunnar	293
Fræðirit	294
Fræðirit á rússnesku	307
VIÐAUKAR	314
Viðauki I. Helstu blokkir og yfirblokkir í þulum síðari alda	314
Inngangur	314
Ia. Einstakar blokkir – upptalningar á heitum	315
Ia.1. <i>Grýla er að vísu og Grýla kallar á börnin sín</i>	315
Ia.2. <i>Stapadans</i>	316
Ia.3. <i>Ættartala</i>	318
Ia.4. <i>Fylgdarmannatala</i>	318
Ia.5. <i>Þrjár á ég Þórunnir</i>	320
Ia.6. <i>Bárður á Jökli</i>	321
Ia.7. <i>Ríðum og ríðum til Logalanda</i>	321
Ia.8. Hlutir úr yfirblokkinni <i>Lambið beit í fingur minn</i>	322
Ia.9. <i>Karl fór yfir á</i>	324
Ia.10. <i>Tíkin hennar Leifu og Tafra gleypiti tuttugu hafra</i>	326
Ib. Einstakar blokkir – upptalningar á minnum	329
Ib.1. <i>Grýla reið fyrir ofan garð (Grýla reið í garðshorn)</i>	329
Ib.2. <i>Kúapulur (I, II)</i>	331
Ib.3. <i>Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn</i>	335
Ib.4. <i>Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá</i>	337

Ib.5. <i>Nefjatala</i>	338
Ib.6. <i>Bokki sat í brunni og Þar sitja</i>	339
Ib.7. <i>Ég sá hann á alþingi</i>	341
Ib.8. <i>Táta, Táta, teldu dætur þínar</i>	342
Ib.9. <i>Hvað kanntu að vinna og aðrar vinnutengdar upptalningar</i>	342
Ib.10. <i>Draumur</i>	344
Ib.11. <i>Norðarlega eru Nauthús</i>	346
Ic. Einstakar frásagnarblokkir	348
Ic.1. <i>Sat ég undir stofuvegg</i>	349
Ic.2. <i>Sat ég undir fiskihlaða</i>	353
Ic.3. <i>Poki fór til Hnausa</i>	359
Ic.4. <i>Karl og kerling riðu á alþing</i>	362
Ic.5. <i>Karl tók til orða og skyldar blokkir</i>	363
Ic.6. <i>Drengurinn Dóli</i>	365
Ic.7. <i>Kona gekk fyrir kirkjudyrr og fleiri blokkir með ófullmótaðri frásögn</i>	366
Id. Einstakar blokkir og yfirblokkir af blandaðri gerð	371
Id.1. <i>Helstu blokkir af blandaðri gerð</i>	371
Id.2. <i>Heyrði ég í hamrinum</i>	374
Id.3. <i>Stígum við stórum</i>	375
Id.4. <i>Lambið beit í fingur minn</i>	376
Id.5. <i>Kýrin bleik</i>	383
Id.6. <i>Þórnaldarþula</i>	386
Id.7. <i>Stúlkurnar ganga og aðrar þulublokkir um stúlku(r)</i>	389
Ie. Helstu sambönd yfirblokka	392
Niðurlag.....	394
Viðauki II. Afmörkun textasafns þulna síðari alda	396
IIa. Viðmið og túlkun – einstakir textar	396
IIa.1. Þulur	396
IIa.2. Textar á gráu svæði	397
IIa.3. Aðrir textar	400
IIb. Afmörkun í samanburði við fyrri útgáfur	403

Formáli

Þulur hafa fylgt mér um tveggja áratuga skeið, og ég stend því í þakkarskuld við marga. Þeirra á meðal er Davíð Erlingsson, en eina fyrstu ritsmíð mína um þulur skrifaði ég undir handleiðslu hans – og vissi æ eftir það um hvað doktorsritgerð mín yrði. Þegar að doktorsverkefninu kom náði ég að ræða þulur nokkrum sinnum við Jón Samsonarson og Hallfreð Örn Eiríksson. Ég vil þakka þeim bæði þessar samræður og leyfi til að nota rannsóknargögn þeirra á Árnastofnun við ritgerðarvinnu, en þau reyndust mér ómetanleg stoð í rannsóknum mínum.

Elenu Gurevich þakka ég fyrir umræður um þulur að fornu og nýju, mikilvægar ábendingar – og einstakan hlýhug. Ég vona að hún heyri til mín.

Við ritgerðaskrif hlaut ég aðstoðu á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi (síðar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum) og þakka stofnuninni þessa velvild. Sá starfsmaður – núverandi eða fyrrverandi – er torfundinn á Árnastofnun sem ég hef ekki leitað til í tengslum við ritgerðina; er ég innilega þakklát þeim öllum fyrir greið svör og góð ráð, sem og gestum Árnastofnunar – fyrir samræður og stuðning. Sérstaklega þakka ég Rósu Þorsteinsdóttur fyrir ómetanlega aðstoð, þ.á. m. fyrir þulutexta úr ýmsum áttum, umræður og yfirllestur á nokkrum ritgerðarköflum. Án *Ísmús*-gagnagrunnsins, sem hún hefur unnið að árum saman, hefði öll vinna mín verið erfiðari. Sama gildir um *Ísmús*-tengt gagnasafn sem Hugi Þórðarson setti saman að beiðni minni en fyrir milligöngu Rósu; fyrir það þakka ég þeim báðum. Hauki Þorgeirssyni, Þórdísi Eddu Jóhannsdóttur og Katelin Parsons þakka ég gagnlegar umræður og lestur á sínum kafla hverju, en Margaret Cormack enska þýðingu á ágripi ritgerðarinnar. Guðvarði M. Gunnlaugssyni færi ég bestu þakkir fyrir ráðgjöf í ýmsum málefnum, einkum þeim sem tengjast handritum. Þá hefur Bjarki Karlsson lesið allt meginmál ritgerðarinnar á ýmsum vinnustigum og gefið mér mörg holl ráð. Guðrúnu Ingólfsdóttur, Margréti Eggertsdóttur, Rósu Þorsteinsdóttur, Soffíu Guðnýju Guðmundsdóttur, Þórdísi Eddu Jóhannsdóttur og Þórunni Sigurðardóttur þakka ég yfirllestur á viðaukunum.

Á ýmsum stigum doktorsnáms naut ég styrkja úr Rannsóknánámsjóði Rannsóknarráðs Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands. Vart þarf að nefna að án þeirra hefði ritgerðin ekki orðið til. Sömuleiðis fékk ég styrk frá Lögtingi Føroya til nokkurra mánaða náms- og rannsóknardvalar við Fróðskaparsetur Føroya árið 2006. Ég vil sömuleiðis þakka starfsfólki Fróðskaparseturs Føroya fyrir gestrisni, en sérstaklega Rannveig Winther, Turið Sigurðardóttur og Lenu Reinert fyrir margvíslega aðstoð við að afla mér heimilda að færeyskrum *skjaldrum* og upplýsinga um þau.

Á Íslandi eru heimildir að þulum síðari alda ekki aðeins á Árnastofnun heldur einkum á Landsbókasafni og Þjóðminjasafni. Ég vil þakka starfsfólki Handritadeildar Landsbókasafns, sér í lagi Braga Ó. Þorgrímssyni og Guðrúnu Laufeyju Guðmundsdóttur, sem og Ágústi Ó. Georgssyni, sérfræðingi þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands, og Lilju Árnadóttur, sviðsstjóra munasafns Þjóðminjasafnsins, fyrir þeirra miklu aðstoð. Þá þakka ég starfsfólki Héraðsskjalasafnisins á Akureyri, Aðalbjörgu Sigmarsdóttur (fyrrv. héraðsskjalaverði) og Láru Ágústu Ólafsdóttur, héraðsskjalaverði.

Mestar og bestar þakkir færi ég að sjálfsögðu leiðbeinanda mínum, Vésteini Ólasyni, sem hefur stýrt mér ákveðið en varlega á rétta braut, og Guðrúnu Nordal og Terry Gunnell í doktorsnefndinni. Þeim þakka ég ekki síst fyrir þeirra miklu þolinmæði.

Á persónulegri nótum vil ég þakka öllum læknum mínum, því án þeirra hefði ég ekki komist langt. Foreldrum mínum þakka ég meðal annars fyrir að hafa aldrei hugsað mig öðruvísi en sem háskólaborgara, spurningin var bara í hvaða fræðigrein ég færi. Bjarka Karlssyni, eiginmanni mínum sem ég hef þegar þakkað fyrir lestur, vil ég einnig þakka fyrir stuðning með ráðum og dáð, en Þuríði Rósu, dóttur okkar, allt að því fullloðinslega þolinmæði síðasta árið og samlokurnar sem hún hefur smurt fyrir mig í nesti.

Robert Cook hefur sennilega kennt mér manna mest með því einu að vera fyrirmynd, eins og foreldrar; honum er ritgerðin tileinkuð á fæðingardegi hans,

25. nóvember 2019

„[...] ekki er gott að defíniera þulur.“

(Lbs 587 4to VII, [50v])

I. HLUTI

1 Inngangur

Þulur er orð sem margir Íslendingar kannast við og vekur oft hjá fólki góðlynt bros. Sumir þekkja þulur frá barnæsku og muna hvernig foreldrar, ömmur og afar fóru með þulur eftir minni eða bók. Aðrir, og þeir eru líklega orðnir fleiri, hafa lesið þær eða heyrt, m.a. í ýmsum útfærslum nútímalistamanna. Menn – lærðir sem leikir – hafa þó mismunandi hugmyndir um hvað þulur eru. Margir segja að þulur séu barnagælur, aðrir tala um löng rímuð kvæði, einhverjir um nafnaromsur eða ruglingslegan og samhengislausan kveðskap. Sumir þeirra sem tala um nafnarosmur eiga helst við þulurnar sem eru varðveittar í Snorra-Eddu, 13. aldar riti um norræna goðafræði og íslenskan kveðskap, einkum dróttkveðinn. Þær þulur eru safn fjölbreyttra heita um ákveðna hluti sem eru oft nefndir í dróttkvæðum kveðskap (t.d. mann, konu, vopn, skip, haf o.s.frv.), en heitin hjálpuðu dróttkvæðum skáldum til að yrkja með mismunandi blæbrigðum og fullnægja öllum ströngu bragkröfum dróttkvæða. Þessar heitaromsur eru allt öðruvísi en þulurnar sem farið var með á 19.–20. öld, en samt ber hvort tveggja þulunafnið. Þá nefna ófáir sem tala um þulur kvæðið Gilsbakkaþulu – og enn fleiri minnst á ljóð Theodóru Thoroddsen eða Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind).

Ekkert af ofangreindu gefur samstæða og ómótsagnakennda hugmynd um þulur heldur vekur frekari spurningar. Undir þulunafni sameinast annars vegar lærð kvæði frá íslenskum miðöldum, sem hér eru kölluð *fornþulur*, en hins vegar þjóðkveðskapur með frjálssa hrynjandi sem hefur gengið frá manni til manns að minnsta kosti frá 15. öld og sem verður hér eftir kallaður *þulur síðari alda*.¹ Þulunafnið fer einnig yfir á ljóð nýrómantískra skálda eins og Huldu og Theodóru sem sækja efnivið í þulur síðari alda og önnur þjóðkvæði, en hér eru þau kölluð *þululjóð*. Spyrja má m.a. hvað allur þessi kveðskapur á sameiginlegt og hvernig íslenskar þulur hafa þróast í aldanna rás.

1.1 Yfirlit yfir verkefnið

Ritgerð þessi til doktorsprófs í íslenskum bókmenntum ber heitið *Íslenskar þulur síðari alda* og er hluti samnefnds verkefnis sem spratt upp úr tilraunum til að finna fullnægjandi og ómótstæðukennd svör við þeirri grundvallarspurningu hvers eðlis þulukveðskapur er og hvernig væri hægt að skilgreina þulur síðari alda. Leitin að svörum leiddi hins vegar að mörgum öðrum spurningum, m.a. um tengsl þulna síðari alda við aðrar íslenskar munnmenntir og jafnframt bókmenntir að fornu og nýju;

¹ Ákveðin skil eru í sögu íslensks kveðskapar um aldamótin 1400 sem tengjast bæði málbreytingum og breytingum í handritagerð og þar með í varðveislu kveðskaparins (sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, inngangur að: *Lausavísur frá svartadauda til síðaskipta*, 13–14 og rit sem þar er vísað í). Þar sem kveðskapur er aðalefni þessarar ritgerðar eru helstu tímamörkin einnig miðuð við 1400 og talað um miðaldakveðskap eða fornkvæðskap – sem og miðalda- eða fornbókmenntir – fyrir þann tíma (orðin *forn-* og *miðalda-* eru notuð jöfnum höndum ritgerðinni) en kveðskap eða bókmenntir síðari alda eftir það.

tengsl íslenskra þulna við sambærilegan kveðskap annars staðar á Norðurlöndum (og að hvaða leyti þulur eru séríslenskt fyrirbæri); einnig hvernig varðveislu þulna hefur verið háttáð. Spurningar þessar koma inn á mismunandi fræðasvið, og er verkefnið því þverfaglegt. Þessum spurningum og ýmsum öðrum hefur sú er hér ritar leitast við að svara í greinum og erindum birtum og fluttum undanfarin ár (sjá heimildaskrá). Í ritgerðinni verða þessi málefni þó aðeins rædd í stuttu máli til þess að setja íslenskar þulur síðari alda í bókmenntasögulegt samhengi og afmarka efni ritgerðarinnar (sjá kafla 2).

Í þessari ritgerð er einkum leitað svara við spurningunni hvernig er að hægt afmarka þulur síðari alda sem kvæðagrein, rannsóknarefni og efnivið til útgáfu, og hver sérkenni þessarar kvæðagreinar eru. Í tengslum við þessa undirliggjandi spurningu eru settar fram sex afmarkaðri rannsóknarspurningar sem eru á þessa leið:

1. Lýsir eittvert eitt af helstu sérkennum hvernar bókmennta- eða munnmenntagreinar – þ.e. form (ytra form, bragform þegar um kveðskap er að ræða), bygging eða hlutverk – sérstöðu íslenskra þulna síðari alda og getur sérkennið þar af leiðandi verið afgerandi mælikvarði á það hvaða textar tilheyra þessari kvæðagrein? Rannsóknartilgátan er sú að ekkert eitt einkenni sé ákvarðandi og heldur ekki tvö saman; það þurfi að skoða bragform, byggingu, hlutverk og jafnframt innri heim textanna til að skera úr um hvort þeir tilheyra þulukveðskap.
2. Er til sérstakt *þuluform*, þ.e. form sem er eiginlegt þulum, og í hverju er það þá fólgið? Rannsóknartilgátan er sú að svo sé, enda hefur hugtakið stundum verið notað í fræðilegri umræðu á síðari öldum; óvíst sé en hins vegar að það sé eiginlegt einvörðungu þulum.
3. Eru þulur formúlukveðskapur, þ.e. grundvallast bygging þeirra á formúlum? Rannsóknartilgátan er sú að þulubygging grundvallist einkum á öðrum einingum en formúlum, þó að formúlur séu líka notaðar í þulum.
4. Hafa þulur sérstöðu meðal íslenskra munnmennta sem kveðskapargrein, og í hverju er hún þá fólgin? Rannsóknartilgátan er sú að svo sé og að sérstaða þulna haldist í hendur við einkenni þeirra sem kvæðagreinar.
5. Eru þulur barnagælur? Þessi spurning skiptist a.m.k. í tvennt:
 - i) Eru þulur kveðskapur fyrst og fremst ætlaður börnum? Rannsóknartilgátan er sú að svo sé ekki. Hér verður þó fyrst í stað gengið út frá því að svo sé, enda hefur þetta verið viðtekin skoðun a.m.k. frá því Jón Árnason fékkst við þulur (sbr. kafla 4.1).
 - ii) Eru þulur sama kvæðagrein og barnagælur? Rannsóknartilgátan er sú að svo sé ekki; í upphafi verður þó gengið út frá því að svo sé, en hugtakanotkun í fræðilegri umræðu bendir að einhverju leyti til þess (sbr. kafla 4.1–4.2).
6. Eru þulur kvæðagrein kvenna? Rannsóknartilgátan er sú að svo sé ekki. Í upphafi verður hér þó gengið út frá því að svo sé, en sú hefur verið skoðun allt frá 19. öld.

Í sem stystu máli má segja að rannsóknir, sem liggja að baki þessari ritgerð, hafa sýnt að allar rannsóknartilgáturnar, sem hér eru settar fram, eru í aðalatriðum réttar. Skilgreining á þulum síðari alda sem þjóðkvæðagrein er því á þessa leið (sbr. kafla 10):

Þulur síðari alda eru íslensk þjóðkvæði frá 15.–20. öld, sjö eða fleiri línur að lengd og ekki erindaskipt, þar sem mildar (sveigjanlegar) reglur gilda um línulengd, skiptingu á sterkum og veikum stöðum í línunum, stuðlasetningu og rím; sem eru sveigjanleg í byggingu, byggjast einkum á upptalningu (heita, minna og blokka),² tilbrigðum og textatengslum og eiga sér sameiginlegt safn helstu byggingareininga (þulusjóð); flutt einkum til afþreyingar, þ.á m. barna, en hafa einnig ákveðið heimslýsingar- og fræðsluhlutverk.

Öll einkenni á þulum síðari alda, sem hér eru sett fram, eru ýtarlega reifuð í megintexta ritgerðarinnar sem varðar þar með veginn að niðurstöðunum. Þessi inngangur er aðeins fyrsta skrefið, og því er ekki úr vegi að hafa til hliðsjónar þessa skilgreiningu á þulum síðari alda eftir Jón Samsonarson sem hefur trúlega skrifað um þær manna mest:

Þula er ljóð í frjálsum formi án erindaskila. Ljóðlínur eru mjög oft mislangar. Stuðlasetning er óbundin, stundum er hún óregluleg, stundum engin. Oft er ekkert endarím eða einfalt samrím (aabb..). Innrím er ekki. [...] Þ. verða til og hafa gengið munnlega. Þær eru í mismunandi gerðum. Höfundar eru ókunnir (→ *þjóðkvæði*).³

Þess ber þó að gæta að þessi skilgreining nær yfir breiðari textahóp og ósamstæðari en sú skilgreining sem sett er fram í þessari ritgerð.

Rétt er að hafa í huga að enn hefur ekki litið dagsins ljós nein útgáfa sem standi undir kröfum sem gerðar eru til fræðilegra útgáfna nú á dögum og þar sem allir helstu þulutextar síðari alda hafi sinn fulltrúa (sbr. kafla 5.3), þótt Jón Samsonarson hafi verið langt kominn með undirbúning sinnar útgáfu (sbr. 5.2.3). Undirbúningur slíkrar þuluútgáfu er hluti stærra verkefnis, sem var nefnt hér að framan, en þó ekki hluti þessarar ritgerðar – og er því ekki ræddur í henni nema að því marki sem útgáfan kann að verða byggð á niðurstöðum hennar (sjá kafla 3.2 og 10). Í tengslum við undirbúning þuluútgáfu var einnig gerð ýtarleg rannsókn á heimildum um þulur síðari alda – einkum handritum og hljóðupptökum sem getið er í kafla 5.2 – sem og á söfnun og útgáfu á þulum á síðari öldum (sbr. kafla 5.1 og 5.3). Aðeins er þó gerð stutt grein fyrir söfnun og heimildum í þessari ritgerð, en ýtarlegri umfjöllun og niðurstöður bíða útgáfunnar.

Þá ber að geta þess að sú er hér ritar hefur fengið aðgang að rannsóknargögnum Jóns Samsonarsonar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þar sem þau eru varðveitt, þ.á m. að undirbúningsgögnum fyrir þuluútgáfu hans. Nánari grein fyrir gögnunum er gerð í kafla 5.2.3 (ásamt stuttri greinargerð um þulutengd rannsóknargögn Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Helgu Jóhannsdóttur), en gögn Jóns komu að einkar góðum notum við vinnu að þessari ritgerð.

Ritgerðin skiptist í tvo hluta; sá fyrri lýsir forsendum rannsóknarinnar en sá síðari gerir grein fyrir rannsókninni sjálfri. Helstu hugtök og framsetningaratriði gefur að líta aftur í þessum inngangi (kafla 1.2). Í fyrri hluta ritgerðarinnar er rannsóknarefni hennar m.a. afmarkað nánar og sett í bókmenntasögulegt samhengi (kafla 2) með tilliti til munnmennta og höfundarkveðskapar (2.1), fornþulna (2.2–2.3) og sambærilegs kveðskapar annars staðar á Norðurlöndum (2.4). Einnig er gerð grein fyrir aðferðafræði (kafla 3), bæði við rannsóknina (3.1) og við fyrirhugaða útgáfu (3.2), enda tengist stóra

² Sjá stutta skilgreiningu á (*þulu*)*blokk* í kafla 1.2 (og nánar í kafla 8.3).

³ Jón Samsonarson, „Þula“, 310.

rannsóknarspurningin m.a. þulum sem efni til útgáfu. Þá er greint frá fyrri rannsóknum á þulum (kafla 4), en þær eru fáar og tengjast flestar söfnun og útgáfu á ofanverðri 19. öld og ofanverðri 20. öld (4.1–4.2), sem og frá helstu ritum um efni sem tengist þulum og um þjóðfræðikenningar sem eiga við þær (4.3). Loks er í kafla 5 gerð örstutt grein fyrir þulusöfnun (5.1), handritum og hljóðritum sem heimildum að þulum (5.2.1–5.2.2), rannsóknargögnum Jóns Samsonarsonar o.fl. fræðimanna (5.2.3) og útgáfum á ýmsum þulutextum (5.3).

Í síðari hluta ritgerðarinnar eru þulur síðari alda rannsakaðar í því augnmiði að skilgreina þær sem þjóðkvæðagrein og helstu greinimerki kvæðagreina kannaðar, þ.e. heiti kvæðagreinar (kafla 6), bragform (kafla 7), bygging (kafla 8) og flutningur og hlutverk (kafla 9). Enn fremur er skoðað hvort eitthvert eitt (eða einhver fá) sérkenni í bragformi, byggingu, flutningi eða hlutverki nægi til að skilgreina þulur og aðgreina þær frá öðrum þjóðkvæðum, sbr. rannsóknarspurningu 1.

Fyrst er athuguð notkun þuluhugtaksins á síðari öldum í kafla 6 – í framhaldi m.a. af kafla 2.2, þar sem notkun þuluhugtaksins á miðöldum var til skoðunar, og kafla 4.1–4.2 þar sem var m.a. greint frá notkun hugtaksins í umfjöllun útgefenda og fræðimanna um þulur síðari alda. Sagt er frá notkun þuluhugtaksins í handritum – bæði þegar hugtakið er haft um þulur og aðrar kvæðagreinar – sem og frá notkun nafna annarra kvæðagreina þegar um þulur er að ræða (6.1). Einnig er greint í hvaða samhengi og með hvaða öðrum munnmenntum þulur voru skrifaðar í handrit (6.2). Þessi athugun sýnir hvað hugtakið *þula* stendur fyrir í augum heimildarmanna og flytjenda sem hræst inni í þuluhefðinni. Þá er litið á þuluhefðina utan frá í kafla 7 og greint bragform (ytra form) þulutexta; kannað er hvort bragform getur verið afgerandi þáttur í skilgreiningu á þulum (sbr. rannsóknarspurningu 1) og hvort hægt er að skilgreina *þuluform* (sbr. rannsóknarspurningu 2). Í þessu augnmiði er farið yfir helstu textaeiningar frá sjónarhorni bragfræðinnar – en í þulum eru línur grunn-eining þar sem þulur eru ekki erindaskiptar (7.1) – og yfir helstu bragfræðilega þætti í íslenskum kveðskap og hlutverk þeirra í þulum athugað, en þættirnir eru hrynjandi (7.2), ljóðstafir (7.3) og rím (7.4). Því næst er aukalega skoðað samspil ríms og ljóðstafasetningar í þulum (7.5). Þar sem braggreining þulna er margslungin er síðar farið yfir utanbragfræðilega þætti sem geta þó haft áhrif á bragform texta (7.6), þ.á m. setningaskipan (7.6.1) og formúlur (7.6.2), sbr. rannsóknarspurningu 3.

Þuluhefðin er á ný skoðuð innan frá í kafla 8, en þulubygging (innra form þulna) verður hvorki greind út frá forsendum frásagnarbyggingar né lýrískrar tjáningar; smíða þarf sérstakt greiningarkerfi sem hentar helstu forsendu byggingar í þulum, en það er upptalning. Gerð er grein fyrir helstu upptalningareiningum í þulum, þ.e. heitum (8.1), minnum (mótífum) (8.2) og blokkum (8.3), þ.á m. fyrir myndun þeirra, helstu gerðum og notkun. Sérstaklega er greint frá hliðskipuðum byggingareiningum sem finna má í mörgum textum, þ.e. formúlum (8.2.3) og fjölformum (8.3.2.3), sbr. rannsóknarspurningu 3. Þá er sagt frá mikilvægum þáttum sem m.a. halda umræddum einingum saman, þ.e. textatengslum og svokölluðum þulusjóði, eða safni helstu byggingareininga í þulum (8.4). Loks er þuluflutningur ræddur í kafla 9, nánar til tekið hvernig er flutt (flutningsmáti; 9.1) og við hvaða kringumstæður (9.2), þ.á m. hver flytur þulur og fyrir hverja, sbr. rannsóknarspurningar 5 og 6. Í tengslum við flutning þulna eru m.a. rædd helstu hlutverk þeirra, þ.á m. þáttur þeirra í barnauppeldi (9.3.2) og almennt afþreyingarhlutverk þulna sem stendur í nánum tengslum við það eðli þulna – allt frá forn-

þulum – að stefna að heimslýsingu, lærdri í tilfelli fornþulna en leikri í þulum síðari alda (sjá 9.3.1); sbr. m.a. rannsóknarspurningu 4. Niðurstöður eru svo teknar saman í kafla 10, en auk þess lýkur hverjum kafla í síðari hluta ritgerðarinnar á styttri niðurstöðukafla.

Ritgerðinni fylgja, auk heimildaskrár, tveir viðaukar. Viðauki I lýsir öllum helstu blokkum og yfirblokkum í þulum síðari alda. Blokkirnar eru flokkaðar með sama hætti og í kafla 8.3.3 og 8.3.4, þannig að Ia lýsir þeirri tegund blokka sem greint er frá í 8.3.3.1, Ib tengist 8.3.3.2, Ic tengist 8.3.3.3, Id tengist 8.3.3.4 en Ie tengist kafla 8.3.4 (um yfirblokkir). Viðauki II felur í sér nánari afmörkun textasafns þulna síðari alda með hliðsjón af niðurstöðum kafla 10. Enn fremur er Viðauki II einhvers konar framhald á fyrri viðaukanum; sá fyrri er helgaður þulublokkum en sá síðari tekur við þegar komið er að mörkum þulna sem þjóðkvæðagreinar og fjallar einkum um texta sem eru á mörkum þess að vera þulur eða tilheyra ekki þulugreininni.

Ritgerðin miðar að því að bæta úr skorti á heildstæðum rannsóknum á þulum og koma þulum betur á kortið í íslenskum bókmenntaheimi. Þekkingu þeirri sem aflað er í verkefninu og sett er fram í þessari ritgerð er ætlað að liggja til grundvallar fyrirhugaðri útgáfu á þulum síðari alda.

1.2. Nokkur helstu hugtök og framsetningaratriði

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu hugtökum sem notuð eru í ritgerðinni (kafla 1.2.1), helstu atriðum í almennri framsetningu (1.2.2) sem og sértækari atriðum: heimildatilvísunum, þ.á m. umritun úr kyrillísku letri í tengslum við rússneskar heimildir (1.2.3) og meðferð tilvitnana (1.2.4).

1.2.1. Helstu hugtök

Eins og lýst er í upphafi ritgerðarinnar miðar hún að því að skilgreina betur hugtakið *þulur síðari alda* (sbr. tvær skilgreiningar í kafla 1.1), en notkun orðsins *þulur* hefur verið svo margvísleg í frumheimildum sem og fræðilegri umræðu (sjá kafla 6) að í ritgerðinni er reynt að nota sem minnst orðin *þula* og *þulur* nema í allra almennustu merkingu, t.d. þegar um er að ræða þuluhefð almennt. Annars eru þessi hugtök frekar notuð (og eiga aðeins við þjóðkvæðagreininna þulur síðari alda):

- *þulutexti*: texti þulu hverju sinni, eins og hann er í heimildinni (handriti eða hljóðriti);
- *þulublokk* (eða *blokk*): helsta stærri byggingareiningin í þulum, tiltölulega stöðugt og heillegt samband af ákveðnum heitum og/eða minnum (sjá nánar kafla 8.3);
- *þuluflokkur* (sjaldnar *flokkur*): safn texta þar sem tiltekin blokk kemur fram og er jafnan fremst í textum eða þá framarlega og áberandi.

Orðið *þulumælandi* er stundum notað í stað orðanna *sögumaður* eða *ljóðmælandi* sem eru ekki vel nothæf þar sem ekki er sjálfgefið að í tilteknum þulutextum, blokkum eða flokkum sé til staðar frásögn (einkum með atburðarás) eða lýrísk tjáning; en þulur síðari alda eru hvorki epísk né lýrísk kvæðagrein.⁴ Orðið er hér notað án tillits til hugsanlegs kyns þulumælanda.

Meðal heita þjóðkvæðagreina sem þulum er oft slegið saman við eru tvö sem eru ekki endilega á almennu vitorði, a.m.k. eins og þau eru notuð í þessari ritgerð:

⁴ Sjá nánar: Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur,“ 132–133.

- *keðjukvæði*: kvæði sem „skiptast í erindi eða kafla, sem sífellt eru endurteknir, og er bætt við nýju atriði í hvert sinn“,⁵ og hafa því fyrirfram ákveðna, formúlukennda byggingu;
- *langloka*: langir bragir „sem hafðir voru við börn“ – þó ekki *einvörðungu* börn – á svipaðan hátt og þulur, án erindaskila líkt og þulur, en með reglulega stuðlasetningu (sem er ekki í þulum) og rím „sem oft tengir saman mörg vísuorð“, auk þess sem langlokur eru – ólíkt þulum – „margar eignaðar nafngreindum skáldum“;⁶
- *skjaldur*: þjóðkvæði í Færeyjum sem eru sambærileg við þulur síðari alda og jafnframt skyld þeim; *skjaldur* er hvorugkyns orð með stofnlægu *r*-i, fleirtala ýmist *skjaldur* eða *skjöldur*.

Önnur hugtök verða kynnt til sögunnar jafnóðum í meginþexta ritgerðarinnar.

1.2.2. Almennt um framsetningu

Framsetning í þessari ritgerð er að mestu hefðbundin. Hér verður greint frá því helsta sem kann stundum að orka tvímælis án skýringa: notkun skáleturs, sértákna og skammstafana.

Skáletrun er notuð til að auðkenna m.a.:

- þulutexta, kvæði, vísur o.s.frv. þegar vísað er í viðkomandi texta eftir fyrstu línu hans (stafrasetning er þá samræmd til nútímahorfs), t.d.: leikkvæðið *Flyttu mig yfir brú, brú breiða*;
- nöfn og þululínur (einnig ljóðlínur og fyrirsagnir þegar það á við) í meginmáli sem eru samræmd(ar), t.d.: kúaheitið *Grána*, línan *leit ég ofan í dalinn* (þá er ekki endilega vísað í tiltekna heimild heldur í heitið/línuna sem slíkt/slíka);
- einstök minni (mótíf) sem eru einnig samræmd;
- heiti þulublokka (sbr. skýringu hér að framan) sem eru sömuleiðis samræmd, hvort sem um fyrirsögn eða fyrstu línu er að ræða, t.d.: blokkinn *Stapadans*, blokkinn *Bokki sat í brunni*;
- heiti þuluflokka (sbr. skýringu hér að framan) sem eru einnig samræmd;
- erlend orð;
- lausn úr böndum í textauppskriftum (sbr. kafla 1.2.4 um meðferð tilvitnana);
- stundum er skáletrun einnig notuð til áherslu.

Aðrar leturbreytingar eru skýrðar þar sem við á.

Notkun sértákna er á þessa leið:

- , ‘ – merking/þýðing orða, t.d.: sögnin *þylja* í merkingunni ,tauta‘;
- formúlur og minni, einkum í kafla 8.2 (þ.á m. 8.2.3) og 8.3.2.3;
- „“ – tilvitnun, óbreytt eftir heimild en nauðsynlegar breytingar auðkenndar með hornklofum eða oddklofum; texti í tilvitnunum er ekki samræmdur til nútímahorfs (sjá nánar kafla 1.2.4);
- [] – illlæsilegir stafir í handriti (ólæsilegir stafir eru merktir sem [0]; fjöldi 0-tákna samsvarar áætluðum fjölda ólæsilegra stafa);

⁵ Jón Samsonarson, „Þula“, 312. T.d. *Karlinn sá í bergi bjó, Ég sá þann mann er fleskið bar* o.fl.

⁶ Jón Samsonarson, „Þula“, 311.

- illskiljanleg hljóð í hljóðriti;
- auðkenning breytinga í tilvitnunum;
- [...] táknað að einhverju er sleppt í tilvitnun;
- < > – innskot ritgerðarhöfundar, t.a.m. á stöfum sem augljóslega vantar í handrit, t.d.: „Suð<ur> við ána“;
- { } – raðtákn blokka (og sjálfstætt standandi minna) í textagreiningum, t.d.: blokkinn {k²};
- // – ljóðlínuskil/pululínuskil; í beinum tilvitnunum í heimildir eru línuskiptingarmerki viðbót höfundar þessarar ritgerðar (nema annað sé tekið fram);
- | – línuskil í handritum þegar þeirra þarf að geta, t.d. vegna línuskiptinga í fyrirsögnum; í beinum tilvitnunum eru þessi merki viðbót ritgerðarhöfundar (nema annað sé tekið fram);
- \ / – innskot handritsskrifara, texti ofan línu;
- / \ – innskot handritsskrifara, texti annars staðar en ofan línu (t.d. á spássíu);
- \\ – rittákn, þ.á m. stafbrigði, t.d.: stafbrigðin \i\ og \l\.

Fyrir utan almennar skammstafanir er skammstöfunin *ÍGSVP* notuð fyrir útgáfuna *Íslenskar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur*.

1.2.3. Heimildatílvísanir

Um framsetningu heimildatílvísana er að mestu farið eftir Chicago-staðli (neðanmálgreinakerfi), með nauðsynlegri aðlögun að íslensku ritumhverfi og ritreglum. Athugasemdir í þessum kafla snúa einkum að sértækum atriðum við vísun í íslenskar heimildir annars vegar – einkanlega frumheimildir (handrit og hljóðrit) – en hins vegar að umritun úr rússnesku við vísun í rússneskar heimildir.

Þegar þetta er skrifað (nóvember 2019) eru ekki öll handrit, sem vísað er í í þessari ritgerð, fullskráð og blaðmerkt. Í þau handrit sem eru ekki fullskráð og merkt en eru með eldra blaðsíðutal er vísað með því blaðsíðutali (frekar en blaðatali, eins og annars er jafnan gert). Sé handrit ekki blaðmerkt er vísað í það með blaðatali innan hornklofa. Sama gildir um rannsóknargögn (sjá 5.2.3); í heimildalýsingar Jóns Samsonarsonar er vísað með kaflanúmeri og blaðsíðutali skv. merkingu þar á.

Þegar vísað er í vefgagnagrunninn *Handrit.is* í tengslum við einstök handrit eru upplýsingar um handritin sóttar í samsvarandi færslur í gagnagrunninum; nákvæm URL-slóð er ekki tilfærð þar sem færslurnar eru mjög auðfundnar í gagnagrunninum. (Svokölluð sótt-dagsetning miðast við 12. nóvember 2019 nema annað sé tekið fram.)

Athugasemdir um það hvernig er vísað í einstök handrit, þ.á m. AM 960 4to, Lbs 1151 8vo, Lbs 2184 b 8vo, JS 84 8vo, JS 289 8vo, NKS 3010 4to og Þjms 15174, eru neðanmáls í kafla 5.2.1 eða handritakafla heimildaskrár.

Í svör við 59. spurningaskrá Þjóðháttadeildar (nú Þjóðháttasafn) Þjóðminjasafns, Þulur og gátur, er vísað með bókstöfunum ÞP ásamt einkvæmu svarnúmeri og blaðnúmeri. Nánar um Þjóðháttasöfnun og 59. spurningaskrá sjá kafla 5.1. (*Þjóðháttadeild* er oftast rituð með hástaf, ólíkt *Þjóðháttasafni*.)

Í hljóðrit (sjá kafla 5.2.2) er vísað með safnmarki. Einnig er *Ísmús*-númer, þ.e. einkvæmt númer færslu í *Ísmús*-gagnagrunni, jafnan látið fylgja (oftast innan sviga) lesendum til hægindaauka. Dæmi: SÁM 85/280 EF (2320).

Allar náms- og lokaritgerðir eru sóttar í gegnum *Skemmuna* (*Skemman: Safn námsritgerða og rannsóknarita*, <https://skemman.is/>), nema annað sé tekið fram.

Þegar bæði er gefin upp prentuð heimild og rafræn (vefslóð, DOI) undir sömu færslu miðast tilvísun í þessari ritgerð jafnan við rafrænu birtinguna.

* * *

Við ritgerðarvinnu studdist sú er hér ritar m.a. við allnokkur rit á rússnesku, einkum rit um fornþulur eftir Elenu Gurevich, en einnig eftir aðra sérfræðinga; í norrænum tungumálum og bókmenntum (t.d. O. A. Smirnitskuyu), í bragfræði, bragsögu og bókmenntasögu (einkum M. L. Gasparov), í táknfræði, þjóðfræði og fleiri greinum. Í megintexta ritgerðarinnar eru þessi nöfn umrituð með latínuletri. Umritunin er einnig sett í tilvísanir og heimildaskrá á eftir nafni höfundar með kyrillísku letri (innan hornklofa); sama gildir um nöfn ritstjóra og annarra sem koma að útgáfunni, sem og útgáfustaði (borgarnöfn). Heitum bóka og greina á rússnesku fylgja þýðingar innan hornklofa, en heiti ritraða og útgáfustofnanna eða fyrirtækja eru ekki þýdd eða umrituð. Ritum á rússnesku er raðað í heimildaskrá í stafrófsröð sér, aftast í kafla um fræðirit.

Umritun á nöfnum rússneskumælandi höfunda miðast einkum við ensku í þessari ritgerð (frekar en við íslensku) þar sem margir höfundanna hafa einnig birt verk á öðrum tungumálum en sínu – og þá einkum á ensku. Hins vegar hafa mörg og mismunandi umritunarkerfi fyrir rússnesk nöfn á latínuletri – þ.á m. þau sem miðast við ensku – verið í notkun á umliðnum öldum, oft nokkur í senn. Athugun á því hvernig nöfn þeirra rússneskumælandi fræðimanna, sem hér er mest vitnað í, eru helst rituð með latínuletri hefur leitt í ljós að umritun hefur löngum staðið næst því kerfi sem er í *Málfregnum* kennt við fréttaskeyti á ensku.⁷ Svo heppilega vill til að þetta kerfi stendur ekki fjarri íslenska umritunarkerfinu úr rússnesku – og hefur auk þess þann kost að notast er við latínuletri án sértákna. Þetta enska umritunarkerfi er því notað við umritun úr kyrillísku letri í þessari ritgerð – en þó með nokkrum frávikum, t.d. þegar hefð hefur mótast um ritun tiltekins nafns (sbr. *Steblin-Kamenskij*). Einnig er hefð fyrir því að nöfn, sem hefjast á *E* í rússnesku (þ.á m. *Елена*), séu umrituð með *E*, þótt framburður geri ráð fyrir *Ye*; t.d. *Елена Гуревич* [*Elena Gurevich*]. Nafn þeirrar er hér ritar er þó undantekning frá framansögðu: *Yelena ... Yershova*. Þess ber líka að gæta að í ritgerðinni vísar höfundur til eigin skrifa bæði undir rússneskri útgáfu nafns síns (*Елена Ершова* [*Yelena Yershova*], skammstafað *Е. О. Ершова* [*Ye. O. Yershova*]) og undir íslensku gerðinni, *Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova* (eftir nafnbreytingu 2004), bæði með ættarnafninu og án þess, en þó alltaf í þessari röð, og á þá hvorki ættarnafnið né kenninafnið að færast fremst við tilvísun. Til að forðast óþarfan nafnusla með auknum millivísunum í heimildaskrá var afráðið að fara með nafnið í þessari ritgerð eins og venja er með íslensk nöfn þegar vísað er í rit ritgerðarhöfundar á íslensku (eða ensku), jafnvel þótt þau hafi komið út fyrir 2004; þannig *Yelena Yershova*, „Hinn nýi „gamli“

⁷ „Umritun nafna úr rússnesku,“ 10; sjá umritunartöflu þar.

kveðskapur“ (án þess að skírnarnafn og ættarnafn víxlist). Sé vísað í greinar ritgerðarhöfundar á rússnesku er nafnið sett fram samkvæmt rússneskum reglum og skírnarnafni og ættarnafni víxlað. Aðrar undantekningar eru tilgreindar jafnóðum og vísað er fyrst í rit viðkomandi.

1.2.4. Meðferð tilvitnana

Beinar tilvitnanir í prentað mál, handrit eða hljóðupptökur – innan gæsalappa eða inndregnar – eru tilfærðar eins nálægt frumtexta og unnt er; nauðsynlegar breytingar eru auðkenndar með hornklofum en innskot ritgerðarhöfundar með oddklofum.

Uppskriftir á textum, sem sóttir eru í handrit, eru stafréttar; upplausn banda og skammstafana er auðkennd.⁸ Helsta undantekningin frá þessu eru ummæli heimildarmanna Þjóðháttadeildar – nú þjóðháttasafns – Þjóðminjasafns Íslands (sem einkum er byggt á í kafla 9); þar er stafsetning samræmd til nútímahorfs, að frátalinni greinarmerkjasetningu og notkun hástafa. Hér eftir verður gerð grein fyrir helstu úrlausnarefnum við stafrétta uppskrift á þulutextum úr handritum frá 17.–20. öld, en það er einkum óregluleg notkun sérhljóðatákna, hástafa og greinarmerkja.

Mjög breytilegt er hvort merki eru yfir sérhljóðum í handritum frá rannsóknartímabilinu, og þá hvort það er broddur eða depill, eða þá önnur sjaldgæfari merki (t.d. krókur: *ó*). Auk þess er munur á depli og broddi í handritum oft lítill, jafnvel hverfandi. Í ritgerðinni er því farið eftir þessum viðmiðum við uppskriftir úr handritum:

- Ekki er gerður greinarmunur á sérhljóðum með tveimur deplum `\ä, ö, ü...` og með tveimur broddum `\á, ó, ú...`. Hvorir tveggja eru skrifaðir hér með tveimur deplum, en eftir því sem best verður séð eru þetta stafbrigði sem hafa ekki hljóðkerfislega þýðingu í textum sem hér er vitnað í. Rittáknin með tveimur broddum og tveimur deplum eru algengari í eldri handritum (að `<ö>` frátöldu) og standa þar oftast fyrir *á, ó, ú...* í nútímastafsetningu.
- Af sömu ástæðu er ekki tekið tillit til halla broddanna, þ.e. stafbrigðin `\à, è, ì, ò...` eru skrifuð upp sem *á, é, í, ó* o.s.frv. (Í tilvitnunum í prentað mál 19. aldar er hinu algenga `\è` hins vegar haldið til haga, sbr. „Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur“.)
- Þá er ekki gerður greinarmunur á `\i` og `\j` heldur er stafbrigðið með depli notað í uppskriftum; sama gildir um `\j`, `\j` og `\j`, stafbrigðið með depli er notað í uppskriftum.
- Hins vegar er haldið til haga muninum á *y* og *ÿ* sem og *ø*, *ϕ* og *ó* þar sem ekki er sýnt að um stafbrigði sé að ræða. Einnig er reynt að aðgreina eftir fremstu getu *y* og *ÿ* annars vegar og *ij* hins vegar (oft með einum depli, t.d. `\ij` eða `\ij`).
- Þegar handritsskrifari gerir ekki skýran greinarmun á broddi og depli yfir öðrum sérhljóðum en *i* er broddur notaður í uppskriftum (í samræmi við nútímastafsetningu). Þegar handritsskrifari gerir ekki skýran greinarmun á broddi og depli yfir *i* er farið eftir ritun stafanna í handriti á meðan unnt er að greina á milli brodds og depils með hæfilegri vissu – en sé vafi um lestur er sá stafur notaður í uppskriftum sem á að vera hverju sinni samkvæmt stafsetningu íslensks nútímamáls.

⁸ Sbr.: Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Stafrétt eða samræmt?“, 202–203; í þessari ritgerð er miðað við stafrétta uppskrift af gerðinni III:2 (ekki staftáknrétt).

Leitast er við að halda hástöfum og lágstöfum aðgreindum í uppskriftum; farið er eftir bæði lögum stafa og stærð. Vafatilfelli eru auðkennd í uppskriftum með smærra hástafalettri (e. *small capitals*). Stafir með lögum hástafa en stærð lágstafa (hásteflingar) eða með lögum lágstafa en stærð hástafa – sem má einnig oft líta í handritum – eru einnig auðkenndir í uppskriftum með notkun smærri hástafa. Leitast er við að fylgja orðaskilum í handritum – einnig þegar þau stangast á við gildandi ritreglur – svo framarlega sem unnt er að greina á milli eins orðs og tveggja með sæmilegri vissu, en bil á milli orða eru oft svo stutt að vart verður greint, og notkun þeirra er óregluleg. Í vafatilfellum er farið eftir stafsetningarreglum íslensks nútímamáls. Sé orðabili á undan greinarmerki ofaukið – eða vanti það þar sem við á – er slíkt lagfært í samræmi við gildandi ritreglur.

Greinarmerkjasetning er ekki samræmd í textauppskriftum. Helstu frávik eru á þessa leið:

- Ekki er alltaf punktur – eða annað sambærilegt merki, t.d. þankastrik – í lok vísna, kvæða eða þulutexta í handritum, en í inndregnum tilvitnunum í handrit er settur punktur aftan við texta í þessari ritgerð (innan oddklofa sé hann ekki í handritinu). Ef tilvitnun hefst eða endar inni í texta⁹ er notað [...] (nema neðanmáls ef aðeins fáeinir línur eru tilfærðar); undanfarandi greinarmerki er þá oftast sleppt, en örfáum er þó haldið vegna sérstöðu þeirra (t.d. spurningarmerki). Ekki er settur punktur á eftir raðtölu í uppskrift sé hann ekki í handritinu. Miðdeplum (·) er haldið til haga.
- Þankastrik virðast oft vera notuð til að tákna textalok eða kaflaskiptingu í þulutexta – til viðbótar við önnur hlutverk, svipuð þeim sem þau gegna í nútíma ritmáli. Því er þankastrikum haldið til haga í uppskriftum, þ.á m. í lok texta, hvort heldur þankastrik stendur þar eitt (sem ígildi loka-punkts) eða ásamt punkti eða öðrum greinarmerkjum. Þau eru hér rituð „—“ óháð lengd í handriti.
- Þegar tilvitnunarmerki eru hluti þess texta sem er tilfærður innan íslenskra gæsalappa eru þau höfð eins og í frumtexta, eða samkvæmt reglum frummáls þar sem við á (þ.á m. « » í rússneskum textum). Í textauppskriftum úr íslenskum handritum er ritun tilvitnunarmerkja samræmd eftir gildandi ritreglum: „,“ . Í örfáum tilfellum þegar aðeins annað tilvitnunarmerkið er í tilvitnuðum texta (en hitt stendur utan hans) er merkinu oftast sleppt athugasemdalaust.

Við uppskrift á hljóðupptökum eru sem fæst greinarmerki notuð þar sem oft er mikið álitamál hvar og hvers konar greinarmerki eiga að vera; þó er punktur settur aftan við texta.

Ekki er tekið tillit til leiðréttinga í handritstexta – annarra en þeirra sem má ákykta með hæfilegri vissu að séu tilkomnar frá skrifaranum sjálfum. Eigin leiðréttingar skrifara – aðrar en textainnskot – eru felldar inn í texta án auðkenningar; textainnskot eru auðkennd. Ekki er tekið tillit til lesbrigða eða orðamunar í handriti nema stöku sinnum, og þá einkum þegar orðamunur er hluti textans eins og ætla má að skrifari hafi gengið frá honum.

Það veltir mjög á hverju handriti fyrir sig hvort þulutextum er skipt í ljóðlínur, og þá hvort það er gert með því að setja þulutexta upp sem bundið mál (þar sem skil á milli þululína og handritslína fara saman) eða með greinarmerkjum (sjá kafla 7.1.1). Í ritgerðinni er öllum þulutextum skipað upp í línur, en tekið er fram hvort línuskipting kemur úr handritinu eða frá höfundi þessarar ritgerðar þegar slíkar upplýsingar eru taldar skipta máli.

⁹ Eða í miðju erindi þegar vitnað er í erindaskiptan kveðskap, t.d. fornþulur.

2. Afmörkun rannsóknarefnis

Í þeirri vinnuskilgreiningu á þulum, sem hér er tekin sem upphafspunktur (sjá kafla 1.1), eru tvö konar sérkenni þulna síðari alda nefnd. Annars vegar eru sérkenni sem snúa að bragformi þulna, þau verða rædd í kafla 7. Hins vegar eru sérkenni sem lýsa þulum sem munnmenntum, en þau verða rædd í kafla 2.1. Þar verður gerð nánari grein fyrir munnlegri geymd þulna (á tímum skriflegrar menningar), tilbrigðum, höfundarleysi og jafnframt tónefni, ásamt því á hvaða hátt þessi sérkenni afmarka rannsóknarefni þessarar ritgerðar.

Önnur afmörkun en þessi leiðir beint af heiti þjóðkvæðagreinarnar sem notað er í þessari ritgerð, *íslenskar þulur síðari alda*. Í kafla 2.2 og 2.3 verður gerð stutt grein fyrir þulum í íslenskum fornþekktum og því sem þær eiga sameiginlegt með þulum síðari alda, en í kafla 2.4 verður ræddur skyldleiki þulna síðari alda við kveðskap annars staðar á Norðurlöndum. Þessum þremur köflum er ætlað að setja þulur síðari alda og umræðu um þær í sögulegt samhengi.

2.1. Þulur sem munnmenntir

Enginn fræðilegur ágreiningur virðist vera um það að þulur síðari alda eru þjóðkvæði. Jón Samsonarson nefnir í þuluskilgreiningu sinni (sjá kafla 1.1) að þulur hafa orðið til og varðveist í munnlegri geymd (þ.e. eru munnmenntir),¹⁰ eru í mismunandi gerðum og höfundar að þeim eru ókunnir. Þeim skilningi og hugtakanotkun verður fylgt hér – með eftirfarandi athugasemjum.

Þulur síðari alda komu vissulega aðeins fram á sjónarsviðið þegar skrifaðar og síðar prentaðar bækur voru orðnar útbreiddar, á skeiði því sem er kallað *literate orality*.¹¹ Þulur gengu eigi að síður að talsverðu leyti í munnlegri geymd, en þær voru lítið skrifaðar upp fram á 19. öld og aðeins gefnar út undir lok 19. aldar og á 20.–21. öld (sjá kafla 5.2 og 5.3). Útgáfa Ólafs Davíðssonar á þulum í fjórða bindi *ÍGSVP* (1898–1903) naut vissulega mikilla vinsælda, sem og útgáfa Einars Ól. Sveinsonar *Fagnar heyrði eg raddirnar* (1942) þar sem þulur eru birtar meðal annarra þjóðkvæða, og heimildarmenn nefna af og til að þeir hafi séð hina eða þessa þuluna í bókum (eða heyrð í útvarpi).¹² Af því má álykta að þuluútgáfa hafi getað haft einhver áhrif á þulur í munnlegri geymd, en þessi áhrif koma ekki fram fyrr en á 20. öld og virðast vera afmörkuð.¹³

¹⁰ Hugtakið er notað hér í svipuðum skilningi og David Buchan leggur í orðið *þjóðkvæði*: „folksong means a song that has been transmitted by word-of-mouth rather than by print“ (Buchan, *The Ballad and the Folk*, 1).

¹¹ Á síðustu áratugum er jafnvel um að ræða *secondary orality*, þ.e. munnmenntir sem urðu til undir áhrifum og jafnvel fyrir tilstilli hliðræna og síðar stafræna miðla sem hafa fætt af sér nýtt munnlegt umhverfi og síðar nýjan sýndarheim þar sem textar geta farið um allan heim án þess að ritun komi við sögu. Þessi hugtök hafa mikið notuð í umræðu um eðli munnmennta á tíma bókmennta, handskrifaðra sem prentaðra, annars vegar og rafræna miðla hins vegar, sjá t.d.: Ong, *Rhetoric, Romance, and Technology* (m.a. kaflinn „The Literate Orality of Popular Culture“); sami, *Orality and Literacy*. Umræðu og gagnrýni á þessi hugtök má m.a. sjá í: Pyysiäinen, „Variation from a Cognitive Perspective“, 181–195.

¹² Sbr. SÁM 85/291 EF (*Ísmús*-nr. 2601–2602) og SÁM 85/250 EF (2076), heyrð í útvarpi; SÁM 85/162 EF (19993), SÁM 85/352 EF (21360) og SÁM 85/144 EF (19751), séð á bók. Sbr. einnig svör við 59. spurningaskrá (nánar um hana í kafla 5.2.1): ÞP 6995 (1r), ÞP 6807 (10r–11r), ÞP 6542 (1r), ÞP 6458 (16r), ÞP 6886 (1r) og ÞP 6463 (15r).

¹³ Áhrif útgáfunnar eru ekki meiri en svo að blokkir *Lambið beit í fingur minn* (sjá Viðauka Id.4), sem er á nærri átta blaðsíðum í *ÍGSVP*, 4 (186–193), eða á fleiri blaðsíðum en aðrar blokkir, er alls ekki meðal útbreiddustu blokka á 20. öld. Á sama tímabili ná ýmsar samsetningar, sem koma ekki fram í útgáfunni, talsverðri útbreiðslu, t.d. *Karl og kerling* + *Karl tók til orða* eða *Poki fór til Hnausa* + *Karl tók til orða* + *Kóngur tér við Signýju* (sbr. Viðauka Ic.5).

Það að þulur eru þjóðkvæði felur einnig í sér að þær eru ekki eftir tiltekinn eða þekktan höfund. Hafi einhver vitað hver fyrst kvað, er það löngu gleymt. Þulutextar hafa þannig mótast í talsverðum mæli í munnlegri geymd og eru endurskapaðir í hverjum flutningi að ákveðnu leyti,¹⁴ þótt tiltölulega lítil lengd þeirra – a.m.k. ef miðað er við frásagnarkvæði – og tiltölulega lítill fjöldi tilbrigða¹⁵ í sumum þuluflokkum¹⁶ gefi til kynna að hluti utanbókarlærdóms, þegar þulutextar eru lagðir á minni orð fyrir orð, geti einnig verið talsverður. Það að þulur eru þjóðkvæði þýðir enn fremur að hver texti – eða, í tilfelli þulna, texti hvernig af þeim stærri textaeiningum sem mynda þulutexta og eru hér kallaðar *þulublokkir* (sjá kafla 1.2 og 8.3) – verður að hafa náð ákveðinni útbreiðslu og vera til í nokkrum fjölda tilbrigða, en tilbrigði eru óaðskiljanlegur hluti munnlegs kveðskapar.¹⁷

Þótt þulutextar séu ekki eftir neinn tiltekinn höfund hefur það komið fyrir að brot úr kvæði, rímu eða öðrum frumortum kveðskap hefur flækst inn í þulutexta.¹⁸ Sé slíkt brot orðið fastagestur inni í texta sem hefur að öðru leyti – og í heild sinni – einkenni þulu þá er það metið sem hluti þulutextans (á ensku er talað um *inclusive approach*) þótt það lifi áfram sem hluti textans sem það kom frá. Brotið kann að taka breytingum í munnlegri geymd innan um aðra hluta þulutexta og missir þá smám saman tengsl við uppruna sinn – og getur jafnvel orðið að sjálfstæðri einingu í þulu sé það nógu stórt til þess. Eitt af dæmum um slíkt er viðlagserindi við kvæðið *Eitt sinn krummi átti að slá* sem hefur orðið að þulublokkinni *Lóa, lóa lítil tá*.¹⁹ Sjaldgæfara er að þulubrot tengist stærri kvæðum, en slíkt myndi ekki gera kvæðið í heild að þulu.

Sömuleiðis er óvíst að höfundarkvæði í heild sinni geti orðið að þulu, þótt það hafi lifað í talsverðan tíma í munnlegri geymd. Taka má Gilsbakkaþulu eftir Kolbein Þorsteinsson sem dæmi, en kvæðið var að einhverju leyti ort inn í þuluhefð síðari alda, á svipaðan hátt og ljóð Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind) og Theodóru Thoroddsen rúmlega tveimur öldum síðar. Gilsbakkaþula stendur nokkuð nærri þjóðkvæðahefð þulna síðari alda að því leyti t.d. að hún er oft skrifuð í handrit nálægt þulum²⁰ og er jafnframt til í nokkrum fjölda tilbrigða.²¹ Hins vegar er bragarháttur kvæðisins fast bundinn, svo að hvorki háttur né efni kvæðisins hafa breyst svo nokkru nemi þrátt fyrir langa munnlega geymd. Þar sem kvæðið er svo markað blandast það – eða brot úr því – ekki auðveldlega

¹⁴ Lord, *The Singer of Tales*, 101–102. Í tilfelli þulna síðari alda má einnig tala um *semi-oral* kveðskaparhefð, sbr. t.d.: Müller, „Medieval German Literature: Literacy, Orality and Semi-Orality“, 297.

¹⁵ Hugtakið tilbrigði (e. *variation*) er mikið notað bæði í málfræði og þjóðfræði. Tilbrigði í þjóðfræði stafa einkum af því að textarnir, sem þjóðfræði fæst við, lifa í munnlegri geymd og eru mjög breytilegir, enda er hver flutningur texta einstakur og felur m.a. í sér aðlögun textans að aðstæðum flutningsins. (Sjá Honko, „Thick Corpus and Organic Variation: An Introduction“, 17.) Í þessari ritgerð er hugtakið *tilbrigði* notað um tvö eða fleiri mismunandi afbrigði texta eða einstakra eininga hans sem hafa í grundvallaratriðum sömu merkingu og/eða gegna sama hlutverki í þulutexta – þegar um ræðir einingar sem þulutexti er samsettur úr – eða í íslensku þuluhefðinni (þegar um ræðir einstakar þulueiningar og jafnvel heila þulutexta).

¹⁶ Sbr. skilgreiningu á *þuluflokkum* í kafla 1.2.

¹⁷ Samsetning þulublokka og annarra byggingareininga í hverjum þulutexta getur aftur á móti verið einkvæm.

¹⁸ Sjá: Jón Samsonarson, „Barnagælur“, 81–82.

¹⁹ Jón Samsonarson ræðir þetta dæmi ýtarlega í greininni „Barnagælur“, 79–80. Um blokkina *Lóa, lóa lítil tá* sjá Viðauka Ic.7, umræddur texti er þar í dæmi (Ic7-g).

²⁰ Sbr. t.d. uppskrift í Lbs 587 4to IV, 18r, þar sem Gilsbakkaþula hefst í framhaldi af sjö þulum, keðjukvæðum og þ.u.l. (fyrirsögn: „8 þula“), eða SÁM 38, 31v–34v, en þar er kvæðið skrifað upp, undir fyrirsögninni „Þula“, fremst í hóp af nítján þulum og skyldum kvæðum.

²¹ Í ÞP 6499 (1r–14r) eru þrjár mismunandi uppskriftir af kvæðinu, tvær síðustu eru að vísu lítt frábrugðnar hvor annari.

inn í þulur síðari alda, né tekur við efni frá þeim. Uppbygging Gilsbakkaþulu er sömuleiðis mjög frábrugðin uppbyggingu þulna síðari alda, enda notfærir hún sér ekki að neinu marki minni og formúlur sem þulur síðari alda byggjast á. Því er varla ástæða til að telja Gilsbakkaþulu til þulna síðari alda eins og þær eru skilgreindar í þessari ritgerð (sjá vinnuskilgreininguna í kafla 1.1, sbr. þrengri skilgreiningu í kafla 10), þótt hugsanlega megi kalla hana þjóðkvæði þar sem hún hafi um skeið verið m.a. í munnlegri geymd.

Annað dæmi sem vert er að skoða í þessu samhengi eru áður nefnd þululjóð Theodóru Thorodd-
sen og Huldu, en þau standa talsvert nær þulum hvað formið varðar – einkum ljóð Theodóru. Auk þess lögðu báðar skáldkonurnar sig fram um að nota ýmis minni og jafnframt textabrot úr þulum síðari alda í kvæðum sínum.²² Þó virðast þululjóð þeirra ekki hafa blandast við þulur í munnlegri geymd að neinu ráði, a.m.k. ef dæma má eftir hljóðupptökusafni á þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og öðrum upptökum í vefgagnagrunninum *Ísmús*. Þar finnast aðeins fáein þululjóð eftir Theodóru sem heimildarmenn flytja sem þulur síðari alda: *Gekk ég upp í álfahvamm*,²³ *Sólrun Gullbrá Geislalín*,²⁴ og *Stúlkurnar ganga sunnan með sjó*.²⁵ Einnig er þar eitt og eitt þululjóð eftir Huldu, Erlu (Guðfinnu Þorsteinsdóttur)²⁶ o.fl. Í þjóðháttaöfnun árið 1984 kemur svipuð mynd fram; í svörum við 59. spurningaskrá Þjóðháttaeildar (nú þjóðháttaafns) Þjóðminja-
safns Íslands, Þulur og gátur (sjá nánar kafla 5.1), er sitthvað af þululjóðum Theodóru, þ.á m. þrjú sem hafa þegar verið nefnd ásamt *Tunglið*, *tunglið taktu mig*, *Ríðum og ríðum til Logalanda* og *Fuglinn í fjörunni*.²⁷ Flestar upptökur á þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru frá ofanverðri 20. öld. Af því má álykta að á þeirri hálfu öld, sem þá var liðin frá því þululjóð Theodóru birtust fyrst á prenti, hafi þau ekki náð markverðri útbreiðslu í munnlegri geymd – eða hafi a.m.k. ekki náð að blandast við þulur síðari alda svo nokkru nemi. Það kemur á óvart að þululjóð Huldu og Theodóru, sem virðast standa miklu nær hinni þjóðlegu þuluhefð en hin formfasta og svipsterka Gilsbakkaþula, þar á meðal hvað form snertir,²⁸ hafa samt lítt blandast þuluhefðinni á fyrstu fimmtíu árum sínum í munnlegri geymd. Vísir að slíkri blöndun er þó til staðar.²⁹ Kvæði Huldu og Theodóru eru ekki efni þessarar ritgerðar en minnst verður á þau í samanburði við þulur síðari alda.

²² Sbr.: Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur: Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldaþulur“, 123–151.

²³ SÁM 85/233 EF (1900) og SÁM 85/234 EF (1903), með sama heimildarmanni: Guðnýju Jónsdóttur á Geithellum.

²⁴ SÁM 85/165 EF (20076), Hulda Björg Kristjánsdóttir; SÁM 86/983 EF (35418 og 35419) ásamt SÁM 86/636 EF (25369 og 25371), allar fjórar upptökur með Sigurjóni Kristjánsyni.

²⁵ SÁM 85/164 EF (20059), Hulda Björg Kristjánsdóttir (sem einnig fer með *Sólrun Gullbrá Geislalín*).

²⁶ *Það má ekki láta lítinn dreng* (Hulda): SÁM 85/124 EF (19475 og 19476), Sigríður Pétursdóttir. *Mamma bar inn mat á disk* (Erla): SÁM 86/746 EF (27094) með Hildigunni Valdimarsdóttur.

²⁷ Sjá t.d. ÞP 6499 (15r–24r) þar sem sum af þessum sex þululjóðum eru reyndar skrifuð í tveimur eða þremur hlutum hvert svo að úr verða „Ellefu þulur eftir Theodóru Thóroddsen“ (24r). Um þulublokkina *Ríðum og ríðum til Logalanda* sjá hins vegar Viðauka Ia.7.

²⁸ Sjá nánar: Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur: Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldaþulur“, 123–151.

²⁹ A.m.k. sjö heimildarmenn á hljóðupptökum hafa þar með tekið það upp hjá sér að líta á þululjóð 20. aldar skálda sem þulur, sbr. umfjöllun fyrir í þessum kafla. Fleiri slíkir heimildarmenn eru meðal þeirra sem svöruðu 59. spurningaskrá, sjá t.d. ummæli í ÞP 6473 (1r), ÞP 6542 (1r), ÞP 6565 (11r), ÞP 6794 (18r skv. blaðmerkingu handrits), ÞP 6919 (9r), ÞP 7721 (16r) og/eða texta í ÞP 6462 (10r), ÞP 6545 (3r–4r), ÞP 6849 (4r) og ÞP 7137 (5r) (eða ÞP 7187, 36r).

Samkvæmt framansögðu afmarkar hugtakið *þjóðkvæði* efni þessarar ritgerðar á þann hátt að hvorki frumortur kveðskapur né kveðskapur sem hefur ekki öðlast útbreiðslu í munnlegri geymd – eða einkennist ekki af tilbrigðum – er hluti rannsóknarefnisins.

Munnmenntir lifa í flutningi, og er tónefni af einhverju tagi hluti flutnings á mörgum þeirra. Þetta á m.a. við um þulur, en hluti af þuluflutningi – þó ekki óaðskiljanlegur – er oft söngur eða raul (sbr. kafla 9). Í þessari ritgerð er þó fyrst og fremst rætt um þulur sem texta, þ.e. um bragform þeirra, byggingu og innihald, ásamt þeirri heimsmynd sem í þeim birtist. Um aðrar hliðar á þulum verður aðeins rætt svo fremi að þær tengist þulutextunum, og er tónefni þar á meðal. Tónlistarfræðileg hlið þuluflutnings liggur annars utan við meginefni þessarar athugunar, og verður því aðeins tæpt á þætti söngs eða rauls í flutningi á þulum (í kafla 9.1) og þætti hins tónræna í þuluhrynjandi (kafla 7.6.3.). Að öðru leyti verður vísað í rannsóknir Sigríðar Pálmadóttur.³⁰

2.2. Fornþulur (miðaldarþulur). Orðið *þula* að fornu

Um fornþulur – þ.e. þulur í íslenskum miðaldabókmenntum³¹ – ritaði Elena Gurevich nýlega yfirlit um innangang við þuluútgáfu sína í *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, nýrri undirstöðuútgáfu á forníslenskum kveðskap.³² Hér verður því aðeins rætt um notkun hugtaksins *þula* í tengslum við forníslenskar bókmenntir, einkum kveðskap, og – í tengslum við þuluhugtakið – um nokkur einkenni sem sameina fornþulur og þulur síðari alda. Um skyldleika fornþulna við þulur síðari alda, m.a. í bragformi og byggingu, hefur sú sem hér ritar fjallað á öðrum vettvangi.³³

Í fræðilegri umræðu um miðaldabókmenntir frá 19. öld til okkar daga hefur hugtakið *þulur* einkum verið notað um nafnarunur í bundnu máli, einkum í Snorra-Eddu og í sumum eddukvæðum,³⁴ sbr. þessa skilgreiningu Finns Jónssonar: „[...] heitavísur eru kallaðar **þulur**, þ.e. nafna runur undir einhverjum hætti án þess að vísurnar sje rígbundnar við hina vanalegu tölu vísuorðanna.“³⁵ Skilgreining á þulum á hugtakalista í útgáfunni *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* er enn þrengri: „*þula* (pl. *þulur*), a list of poetic synonyms (*heiti*) in metrical form“.³⁶ Þessi notkun orðsins *þulur* um heitarunur í Skáldskaparmálum og eddukvæðum styðst þó ekki við miðaldarit,

³⁰ Sigríður Pálmadóttir, „Barnagælur og þulur“ og „Tónlist í munnlegri geymd: Rannsókn á stemmum og þululögum frá Ytra-Fjalli í Aðaldal“. Helsta takmörkun þessara rannsókna er það að þær ná aðeins yfir mjög afmarkað svið, þ.e. þululög hjá einni fjölskyldu. Þess má geta að *Vappaðu með mér Vala*, sem Sigríður nefnir í báðum greinunum sem þulu með tónsetningu sem er frábrugðin hinum, flokkast ekki sem þula í þessari ritgerð, m.a. vegna reglufestu í bragformi og frásögn (sjá nánar Viðauka II.3).

³¹ Orðin *forn-* og *miðalda-* eru hér notuð um íslenskar bókmenntir jöfnum höndum eins og fram kom í kafla 1.

³² Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 649–663.

³³ Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmennta-greinar], 158–178.

³⁴ T.a.m. erindi með nöfnum dverga í Völuspá, 9.–16. er. (*Eddukvæði*, 1: 293–294) ásamt upptalningum vatna, hesta, orma o.fl. og síðast en ekki síst nafna Óðins í Grímnismálum, 27.–29., 30., 34., 46.–50. og 54. er. (s.r., 373–375 og 377–379).

³⁵ Finnur Jónsson, „Um þulur og gátur“, 494 (leturbr. í frumtexta). Einnig Halvorsen, „Þulur“, 403, sbr. Jón Samsonarson, „Þula“, 311.

³⁶ *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, 1: cxli (sams konar hugtakalista eru einnig í öðrum bindum útgáfunnar). Sbr. einnig skilgreiningu E. A. Gurevich (inngangur að: „Þulur“, 649) á þulum sem „versified catalogues of poetic terms“ (*heiti*) for the main subjects of skaldic verse“; sbr. enn fremur skýringu K. E. Gade á orðinu *þula* í 7. lausavísu Sneglu-Halla, *Ortak eina // of jarl þulu*, sem „A list of poetic synonyms“ (Sneglu-Halli, „Lausavísur“, 328 (7¹⁻²), skýringin er á bls. 329).

heldur verður hún aðallega til við fræðilega umræðu á síðari öldum um fornar heitarunur.³⁷ Nákvæm merking og notkunarsvið orðsins *þula* að fornu er hins vegar óljós, sem og einkenni þeirrar kveðskapargreinar sem orðið á að hafa verið notað um, en deilt hefur verið um hvort tveggja. Á 20. öld var m.a. tekist á um þá kenningu W. H. Vogts að þulur hafi upprunalega verið trúartengdar ræður sem upptalningar nafna í eddukvæðum eigi rætur sínar að rekja til,³⁸ sbr. *þulr* í merkingunni ‚(gamall) vitur maður‘ og ‚ræðumaður‘ og *þylja*, m.a. ‚flytja fram‘. Einnig var deilt um hvort upptalningar nafna í eddukvæðum (eins og svokallað dvergatal í *Völuspá*) hafi verið settar inn í kvæðin eftir að meginefni þeirra síðarnefndu hafði mótast.³⁹ Hvorugt deiluefnið verður rekið nánar hér, enda snertir það ekki þulur síðari alda með beinum hætti.

Í upphafi 21. aldar dró Olga Smirnitskaya hins vegar í efa að hugtakið *þula* hafi yfirleitt haft merkinguna ‚nafnaupptalning‘ eða verið notað um slíkar upptalningar í forn málinu.⁴⁰ Hún byggði á því að ein af merkingum sagnarinnar *þylja* er ‚tauta‘ og hélt því fram – með vísun í flutningsmáta, þ.e. taut gamals þular – að heitið *þula* tengdist ekki upptalningum heldur einhæfri og endurtekningakenndri kvæðabyggingu.⁴¹ Sem helsta dæmi um slíkt kvæði notaði Olga Smirnitskaya Rígsþulu sem er að hennar mati eina fornþulan og enn fremur formóðir þulna síðari alda – frekar en heitarunur⁴² (eins og sú er hér ritar hafði haldið fram).⁴³

Elena Gurevich gerði síðar ýtarlega könnun á notkun orðsins *þula* að fornu,⁴⁴ en niðurstaða hennar er sú að orðið *þula* hafi m.a. trúlega haft merkinguna ‚nafnaupptalning‘ í forn málinu og hafi verið notað í þeirri merkingu í Allra flagða þulu. Ekki er þó útilokað, eins og hún bendir á, að orðið hafi einnig verið notað í víðari merkingu, um einfaldan og einhæfan kveðskap; sú merking kunni að hafa einnig endurspeglast í nafninu *þulur síðari alda*.⁴⁵ Elena tekur fram að orðið hafi vissulega sjaldnast verið notað um lista yfir nöfn og heiti í bundnu máli í íslenskum heimildum að fornu, og að notkun orðsins *þula* gefi yfirleitt fáar nákvæmar upplýsingar um sérkenni þeirra stöku kvæða sem orðið var notað um í forníslensku. Kvæðanöfnin Þorgrímsþula og Rígsþula eigi við afar ólík

³⁷ Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 650–651, sbr. Jón Samsonarson, „Þula“, 311.

³⁸ Vogt, *Stilgeschichte der eddischen Wissensdichtung: Der Kultredner (þulr)*; sami, „Der frühgermanische Kultredner: *Þulr, Þula* und eddische Wissensdichtung“, 250–263; de Vries, „Om eddaens visdomsdigting“, 1–59. Sbr. einnig Ralph, „The Composition of the *Grímnismál*“, 97–118 og fleiri rit sem E. A. Gurevich vísar til (inngangur að: „Þulur“, 651–652).

³⁹ Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 651–652.

⁴⁰ Смирницкая [Smirnitskaya], „Nomina dicendi в названиях эддических песней“ [*Nomina dicendi* í nöfnum eddukvæða], 184.

⁴¹ Sbr. sömu hugmyndafræði hjá Jóni Samsonarsyni („Barnagælar“, 75): „Í nafninu Rígsþula kynni upptalning þrælaheita að ráða að nokkru um þuluheitið, og er þó óvíst að það skipti öllu máli; þar er vert að hafa í huga sífelldar endurtekningar í kvæðinu sem mættu þykja gamallþululegar“.

⁴² Смирницкая [Smirnitskaya], „Nomina dicendi“, 193–195. Vissulega má sjá þegar í ritum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík – og síðar í heimildum fram á 20. öld – að þulur eru oft mæltar fram hratt og taktfast (sbr. kafla 6.1 og 9). Hér er þó aðeins um flutning að ræða en ekki kvæðabyggingu – og hann er afar frábrugðinn tauti (þótt viss líkindi megi finna).

⁴³ Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar], 158–178.

⁴⁴ Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu nafnsins ‚þula‘ í forníslensku], 183–199; sbr. Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 650–651. Sbr. afar svipaða – þó ekki eins ýtarlega – röksemdarfærslu Jóns Samsonarsonar í yfirlitsgrein hans um þulur („Þula“, 311).

⁴⁵ Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu nafnsins ‚þula‘ í forníslensku], 197.

kvæði,⁴⁶ þótt bæði kvæðin innihaldi nafnaupptalningar, sem þýðir að varla verða dregnar nokkrar ályktanir af þeim nöfnum. Eins sé með notkun orðsins *þula* í kveðskap skálda, þ.e. í vísu eftir Sneglu-Halla⁴⁷ og Málsháttakvæði,⁴⁸ en þar segir strangt til tekið fátt annað en að *þula* sé í bundnu máli en þó ekki drápa (m.a. ekki með stef). Þá er Buslubæn kölluð *þula* bæði í kvæðinu sjálfu og í Bósa sögu og Herrauds, en óvíst er hvaða eiginleikar Buslubænar séu ástæða þess: upptalningar (á hölbænum), endurtekningar sem eru einnig nokkrar í kvæðinu, það að í texta hennar segir að hún sé sungin (sbr. *þylja* í merkingunni ‚kveða‘) eða annað.

Orðið *þylja* hafði einnig nokkrar merkingar að fornu eftir því sem best verður séð, þ.á m. afar almenna merkingu ‚tala‘, ‚mæla‘ og tvær sérhæfari, ‚kveða‘ og ‚tauta‘.⁴⁹ Út frá almennu merkingunni gæti *þula* þannig merkt ‚ræða‘, þ.e. það sem er sagt (sbr. *saga frá segja*). Hins vegar sýnir notkun orðsins *þylja* að það virðist hafa haft nokkuð sterk tengsl við bundið mál, og þá einkum í hirðkveðskap, sbr.: „þylk granstrauma Grímnis“, „vel samir enn of eina // qlselju mér þylja“ og „of sigr at þylja“,⁵⁰ en í öllum þessum dæmum má gera ráð fyrir merkingunni ‚kveða‘, þ.e. flytja (hugsanlega einnig yrkja). Sum dæmin gera miklu frekar ráð fyrir því að texti sé fluttur hátt og snjallt en tautandi, enda er harla ólíklegt að sigurkvæði hafi verið tautað fram eða romsað upp úr sér – eða að þulur, sem kann að hafa þurft að fara með fróðleik⁵¹ fyrir marga viðstadda, hafi tautað hann fyrir munni sér. Þar með ber fyrri merking sagnarinnar *þylja* – sú sem er notuð í tengslum við kveðskap – varla með sér vísun í nokkurn sérstakan flutningsmáta annan en framsögn. Tengsl orðsins *þylja* ‚kveða‘ við bundið mál fá einnig stuðning af því að orðið *þulr* virðist enn fremur vera notað sem *skáld*, og þá einkum í dróttkvæðri kveðskaparhefð⁵² (en frekar í merkingunni ‚ræðumaður‘ eða ‚vitur maður‘ í eddukvæðum, eins og fram kemur fyrr í þessum kafla; sbr. og fe. *þyle*). Merking orðsins *þula* er þá svipað og *kvæði*. Þessi almenna merking er ekki í andstöðu við nokkurt

⁴⁶ Það sem kallast Þorgrímsþula í Snorra-Eddu eru afar ósamstæður vísur; þrjár eru upptalning á hestanöfnum, að mestu undir ljóðahætti, en sú fjórða er upptalning á nautanöfnum undir máláhætti. Líklega er um brot að ræða en ekki heilt kvæði – og ekki er víst að brotin séu úr einu og sama kvæði. Sbr. Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu nafnsins ‚þula‘ í forníslensku], 186–187. Um Rígsþulu verður rætt nánar síðar í þessum kafla.

⁴⁷ Átt er við lausavísu 7 (sjá umfjöllun fyrr í þessum kafla, neðanmáls), en þar reynir Halli að gera sem minnst úr kvæðinu sem hann á að hafa samið um annan höfðingja en Haraldur harðráði, m.a. með því að kalla það *þulu* og nefna síðar nokkra formgalla sem tengjast líklega notkun þuluhugtaksins um kvæðið en eru ekki endilega eina ástæðan fyrir þessari notkun.

⁴⁸ Þar segir m.a.: „Stefjum verðr at stæla brag, [...] ella mun þat þykkja þula“ („Málsháttakvæði“, 1225 (11^{1.3})).

⁴⁹ Þýðingin „tale“ er fremst bæði í orðabók J. Fritzners: „tale, udsige eller fremsige noget; [...] især om at mumle noget for sig selv“ (Fritzner, *Ordbog over det gamle norske Sprog*, „þylja“) og í: Sveinbjörn Egilsson, Finnur Jónsson, *Lexicon poeticum antiquae linguae septentrionalis*, „þylja“. Sbr. „to say, read, chant, in one continuous tone, without either stopping, or any intonation; [...] to chant or murmur in a low voice, as one saying charms, prayers, or the like“ (Cleasby og Gudbrand Vigfusson, *An Icelandic-English dictionary*, „þylja“; leturbreyting í frumtexta). Í síðastnefndu orðabókinni kann fyrri merkingin að hafa litast af þeirri síðari (en nánari lýsing á fyrri merkingunni getur varla verið leidd af dæmunum sem orðabókarhöfundar taka).

⁵⁰ Eilífr Goðrúnarson, „Þórsdrápa“, 80 (3⁵); Bjarni byskup Kolbeinsson, „Jómsvíkingadrápa“, 960 (3⁷⁻⁸ (leturbreyting útgefanda), sbr. skýringar á bls. 961); Þjóðólfr Arnórsson, „Magnússflokkur“, 86 (19³, sbr. skýringar á bls. 87). Eina dæmið úr eddukvæðum virðist vera í Hávamálum, og þá í merkingunni ‚flytja‘ (fræði) (sbr. Sveinbjörn Egilsson, Finnur Jónsson, *Lexicon poeticum antiquae linguae septentrionalis*, „þylja“).

⁵¹ Sbr. merkinguna ‚flytja fræði‘ („fremmsige visdomme“) hjá Sveinbirni og Finni, s.st.

⁵² Sbr. m.a. Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 651. Sbr. og: „Kross hangir þul þessum [...] fyr brjósti“, og er orðið þýtt sem „poet“ (Rögnvaldr jarl Kali Kolsson, „Lausavísur“, 605 (29¹⁻²), sbr. skýringar á bls. 606). Þessi merking er einnig í 19. aldar umræðu um þuluhugtakið (sbr. Konr[áð] Gíslason, „Bemærkninger til kvadene i Njála“, 548, 553); þ.á m. í drögum að ritgerð Jóns Árnasonar um þulur (Lbs 587 4to VII, [38vb]).

notkunardæmi orðsins *þula* í fornmáli⁵³ og heldur ekki við notkun orðsins um nafnaupptalningar í Skáldskaparmálum og eddukvæðum á seinni tíð. Afar líklegt þykir að orðið *þula* hafi meðal annars verið notað í almennri merkingu (,kvæði‘) um kveðskap að fornu.

Sögnin *þylja* í merkingunni ,tauta‘, sem Olga Smirnitskaya byggir líkingu sína á, virðist hins vegar vera einkum – ef ekki einvörðungu – notuð í óbundnu máli að fornu.⁵⁴ Það kann að draga enn frekar úr líkum á því að þessi merking liggi til grundvallar kvæðaheitinu *þula* (m.a. Rígsþula).

Af hinni almennu merkingu ,kvæði‘ (eða jafnvel enn almennari ,ræða‘), eimir enn í fræðilegri umræðu á 18. öld þótt hún sé orðin sjaldgæfari þegar á 19. öld. Jón Ólafsson frá Svefneyjum greinir þannig frá kveðskap sem bæði fræði- og skemmtiefni: „Den Digt, som blev oplæst i Forsamlinger, kaldtes þula, en Sang eller sammenhængende Fortæling, og den som læste þulur, Sanger, Taler“.⁵⁵ Þá er afar athyglisvert að jafnvel í nokkru eldra handriti, svokallaðri Svefneyja-Eddu (BL Add 11.168, skrifuð af Eggert Ólafssyni 1764), er þessi fyrirsögn á undan þulum í Snorra-Eddu: „Her hefur upp Nafna-þulur“,⁵⁶ en síðar í handritinu skrifar Eggert „Þulurnar“ um nafnalista (143r). Því er ljóst að á 18. öld hafi orðið *þulur* einnig verið notað um nafnaupptalningar, þar á meðal í Skáldskaparmálum. Tveir bræður og samstarfsmenn, Jón og Eggert Ólafssynir, nota því orðið *þulur* – sem á þessum tíma er einnig notað um þulur síðari alda⁵⁷ – í umfjöllun um fornþekktir bæði um kvæði almennt og um nafnaupptalningar. Ekki þykir ólíklegt að þannig hafi orðið einnig verið notað á miðöldum. Þessi orðnotkun bendir a.m.k. til þess að þulur að fornu og þulur síðari alda hafi tilheyrt sömu hefð í augum 18. aldar manna.

Bæði Olga Smirnitskaya og Elena Gurevich ganga út frá því að nafnið *Rígsþula* eigi við kvæðið í heild sinni og taka réttilega fram að þá geti kvæðanafnið ekki verið dregið af fáeinum erindum með upptalningum nafna í kvæðinu. Engin fyrirsögn virðist þó vera á undan Rígsþulu í Ormsbók, eina miðaldahandritinu þar sem Rígsþula hefur varðveist.⁵⁸ Eini staðurinn þar sem heitið Rígsþula virðist koma fram á miðöldum eru svokölluð Orms-Eddu-brot, tvíblöðungur varðveittur aftast í Ormsbók, en þar segir: „þræla heití standa í rígs þulu“ (84r, eða bls. 167), þ.e. vísað er einmitt til *nafnalistans* með þrælaheitum en ekki endilega í kvæðið í heild sinni.⁵⁹ Nafnið *Rígsþula* kann hér að vísa í þennan tiltekna nafnalista – eða í alla nafnalistana í þessu frásagnarkvæði, en þeir gætu hafa gengið undir þessu nafni líkt og virðist vera tilfellið með erindin í Þorgrímsþulu. Þá sýnir viðtökusaga Rígsþulu að lesendur hennar hafi alls ekki verið vissir um að kvæðið í heild ætti að

⁵³ Þ.á m. við þau dæmi þar sem orðið virðist vera notað á gamansaman eða jafnvel niðrandi hátt í vísu Sneglu-Halla og Málsháttakvæði, sbr. m.a. Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 650–651 (með vísun m.a. í: Clunies Ross, *Skáldskaparmál: Snorri Sturluson's ars poetica and Medieval Theories of Language*, 81 neðanmáls.).

⁵⁴ Sbr. orðið „þylja“ í: Fritzner, *Ordbog over det gamle norske Sprog* (þar er nefnt dæmi um *þyljask um* í Hávamálum sem óvíst þykir að sé í merkingunni ,tauta‘), Sveinbjörn Egilsson, Finnur Jónsson, *Lexicon poeticum antiquae linguae septentrionalis* o.fl.

⁵⁵ Jón Ólafsson, *Om Nordens gamle Digtekonst*, 7. Svipaður skilningur er í ritgerð Jóns Árnasonar um þulur (Lbs 587 4to VII, [37r–37v]); sú tilgáta að þulur séu „gömul kvæði sem eigi voru sett með föstum bragreglum“ (s.hdr., [40v]) er ekki ósennileg með tilliti til tengingar þulna við fræði (sjá aftar í þessum kafla).

⁵⁶ BL Add 11.168, 85r (sbr. 142r). Sbr.: „Hér hefur upp nafna-þulur“ (*Edda Snorra Sturlusonar*, 1: 546).

⁵⁷ Sbr. fyrirsögnina „Ein gömul þula“ um *Sat ég undir fiskihlaða* í Holm. Papp. 64 fol., 99v.

⁵⁸ Ekki virðist vera vitað fyrir víst hvort fyrirsögn hafi aldrei verið skrifuð eða hvort hún hafi þvegist af þegar handritið var hreinsað milli 1635–1637 (sjá t.d. færsluna um AM 242 fol. á *Handrit.is*, kaflann „Viðgerðarsaga“).

⁵⁹ Sbr. og: Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn“, 155.

heita *pula*. Lausleg athugun á síðari tíma handritum Rígsþulu sýnir að kvæðið er kallað *Rígskviða*, *Rígsþáttur* og *Rígsnál* til jafns við *Rígsþulu*.⁶⁰ Þar sem ekki er einu sinni víst að nafnið *Rígsþula* eigi við eddukvæðið um ferðalag Rígs – eða aðeins við heitarunurnar þar í – þykir sú fullyrðing hæpin að hér sé komin eina sanna miðaldapulan. Sökum þessarar óvissu er einnig varasamt að draga ályktanir af nafninu *Rígsþula* (með sama hætti og af nafninu *Þorgrímsþula*, sbr. hér að framan).

Samkomulag virðist vera milli fræðimanna um að allur kveðskapur, sem orðið *pula* er notað um að fornu – Þorgrímsþula (eða brot úr henni), Rígsþula, Buslubæn og Allra flagða þula – sé tiltölulega einfaldur og fábrotinn bæði að bragformi og kvæðabyggingu.⁶¹ Byggingin einkennist bæði af upptalningum – sem Elena Gurevich álitur eitt helsta sameiginlega einkenni fornþulna – og endurtekningum sem Olga Smirnitskaya leggur meiri áherslu á. Öll þessi kvæði eru upptalningar á nöfnum og/eða stuttum frásagnareiningum,⁶² og það á einnig við um Rígsþulu, hvort sem nafn hennar stendur í tengslum við það/þau erindi sem vísað er til í Orms-Eddu-broti – þ.e. upptalningu á þrælaheitum (og heitum manna og kvenna úr öðrum stéttum) – eða við kvæðið í heild. Olga Smirnitskaya álitur kvæðið grundvallast á endurteknum keimlíkum lýsingum á heimsóknum Rígs til Áa og Eddu, Afa og Ömmu og Föður og Móður⁶³ – en heildarbyggingu Rígsþulu má einnig túlka sem *upptalningu* á þeim. Halda má því fram að einmitt upptalning geri lýsingarnar að frásagnaratriðum og leiði áheyr- endur í gegnum kvæðið, frá þrælum og alla leið upp til jarla og konunga. Því virðist upptalningin vera þungamiðjan og drifkrafturinn í byggingu kvæðisins. Þáttur upptalninga er mjög sterkur í öllum kveðskap sem er nefndur *pula* í fornþókmenntum (þ.e. þeim sem við getum dæmt um) og er jafnframt sameiginlegt einkenni hans og nafnalistanna í eddukvæðum og Skáldskaparmálum. Endurtekningar, beinar og óbeinar, má einnig finna í flestum dæmanna sem hér eru til athugunar,⁶⁴ en þær virðast þó hvergi nærri eins fyrirferðarmiklar og upptalningar. Upptalningar eru líka bæði algengari og veigameiri en endurtekningar í byggingu þulna síðari alda (sjá kafla 8).⁶⁵

Innan kveðskapar, sem að fornu var kallaður *pulur*, rúmast því afar ólík kvæði. Það rímar við notkun orðsins *pula* um mismunandi kvæðagreinar á síðari öldum (sjá kafla 6), en eins og sjá má af

⁶⁰ Lbs 636 4to, 188v (1750–1760): „Rígskviða“; AM 754 4to, 17r, skrifari Guðmundur Andrésón (d. 1654): „Rígs þáttur; |: De Humani generis prosapiæ Aenus“, sbr. Lbs 289 4to, 84r (1775–1825?): „Rígs Þula (al. Þáttur“; JS 223 4to, 5v og 84v (1809–1810), skrifari Bjarni Þórarínsson (Thorarensen): „Rígs nál“ og „RígsMál“; Lbs 1116 4to, 167v (1819), skrifari Gísli Konráðsson: „Rígs=mál al: þula“. Heitið *Rígsþula* er einnig í JS 112 8vo, 30r (1700–1799) og Lbs 1588 4to, 14v (1750–1825?). (Upplýsingar um aldur handrita eru sóttar í samsvarandi færslur á vefnum *Handrit.is.*) Hafi fyrirsögn verið við Rígsþulu fyrir 1635–1637 (þegar handritið var hreinsað) gætu elstu skrifarar – t.d. Guðmundur Andrésón – hafa séð hana, þannig að þessar yngri fyrirsagnir kunna að endurspeglar eftir allt saman miðaldahefðina. Ef ekki þá eru þær a.m.k. til vitnis um að skrifarar voru ekki vissir um kvæðaheitið.

⁶¹ Sbr. t.d. Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu nafnsins ‚þula‘ í fornislensku], 195–196; sbr. Jón Samsonarson, „Þula“, 310–311.

⁶² Í Þorgrímsþulu eru upptalningar hesta- og nautanafna, í Allra flagða þulu eru sjö af tíu erindum nafnalistar en síðasta erindi upptalning bölbæna, Buslubæn er upptalning bölbæna að stærstum hluta. (Þá er Málsháttakvæði upptalning á málsháttum.)

⁶³ Смирницкая [Smirnitskaya], „Nomina dicendi“, 194.

⁶⁴ T.a.m. í bragformi þulna, sbr. aukið rím og stuðlasetningu (hljómrænar endurtekningar) sem nær oft yfir fleiri en tvö vísuorð og tengir jafnvel saman *radir* úr nokkrum vísuorðum; í myndun nafna (sbr. *Gandalfr* og *Vindalfur* í *Völuspá* 12¹⁻², sbr.: *Eddukvæði*, 1: 294) og í byggingu vísuorða, sbr. vísuorðið *Nýi, Niði* í *Völuspá* 11¹ (s.st.) og víðar.

⁶⁵ Notkun þulunafnsins í tengslum við upptalningakveðskap þarf ekki endilega að skýrast af merkingunni ‚tauta‘. Nær- tækara er að hún tengist sögninni *þylja* í almennari merkingunni ‚flytja fram‘. Einföld röð af nöfnum eða öðrum eining- um getur verið flutt blátt áfram, allt frá upphafi til enda kvæðis.

framansögðu er ekki víst að orðið hafi heldur verið notað um einhverja eina kvæðagrein að fornu. Þó er þrennt sem einkennir bæði allan kveðskap, sem orðið *þula* var notað um að fornu, og heitaupptalningar í Skáldskaparmálum (sem ekki er ólíklegt að orðið *þula* hafi einnig náð yfir á miðöldum):

1. Tiltölulega einfalt bragform; flestöll kvæðin eru undir edduháttum, oft með óreglulegri erindaskiptingu (erindaskil eru þó ekki eins mikið úrslitaatriði í formi fornþulna og í þulum síðari alda).⁶⁶ Dróttkveðnar heitaupptalningar eru fáar og lítt útbreiddar.⁶⁷
2. Einföld og fábrotin kvæðabygging þar sem einkum er byggt á upptalningum (og endurtekningum), þar á meðal nafnaupptalningum og/eða stuttum frásagnareiningum.
3. Varðveisla og miðlun þekkingar,⁶⁸ m.a. gamallar þekkingar, en einkum þekkingar á skipulagi og gangi heimsins eða einstakra hluta hans. Þulur í Skáldskaparmálum stefna í sameiningu að heimslýsingu.⁶⁹ Notkun orðsins *þula* um þekkingar- og viskukveðskap kallast á við notkun orðsins *þulr* í merkingunni ‚(gamall) vitur maður‘ í eddukvæðum (sjá hér að framan); ljóst er þannig að þulukveðskapur hafi gegnt mikilsverðu samfélagslegu hlutverki.⁷⁰ Þá geymir Buslubæn þá þekkingu sem tengist göldrum og er þar með skyld trúartengdri þekkingu. Allra flagða þula er einnig öðrum þræði særing. Þessi tengsl ríma einnig við hugsanlegt hlutverk fornþulna og þularins í heiðnu helgihaldi og sömuleiðis við notkun orðsins *þula* m.a. um særingar og bænir á síðari öldum (sjá kafla 6.1.2).

Deila má um það hvort ofangreind sérkenni þulna nægi til þess að setja saman heildstæða skilgreiningu á fornþulum sem kveðskapargrein, en ekkert þessara einkenna virðist vera ákvarðandi (ekki frekar en í þulum síðari alda, sbr. kafla 10) og erfitt er að aðgreina *þulu* og sum önnur tengd hugtök, t.d. *tal*.⁷¹ Eigi að síður eru ofannefnd einkenni sameiginleg, ekki aðeins fyrir kvæðin sem orðið *þula*

⁶⁶ Ummæli í Málsháttakvæði og í vísu Sneglu-Halla um bragfræðilega ófullkomið lofkvæði sem *þulu* styrkja tengsl þuluhugtaksins að fornu við einfalt form (þótt sjálft Málsháttakvæði sé vissulega undir runhendum hrynhendum hætti).

⁶⁷ Sækonunga, eyja, bylgju og kvenna heiti („Þulur“, 987–998). Tvö af alls fimm erindum dróttkvæðra heitaupptalninga eru aðeins í A-gerð Snorra-Eddu, tvö í viðbót (kvenna heiti) einnig í Uppsalaþing Snorra-Eddu, og loks eitt (sækonunga heiti) í Þriðju málfræðiritgerðinni (í A-gerð og í Ormsbók Snorra-Eddu) og Laufás-Eddu. Það er ekki ólíklegt að dróttkveðnu erindin hafi verið ort inn í fornþuluhefðina á svipaðan hátt og Hulda og Theodóra Thoroddsen ortu þululjóð sín inn í þuluhefð síðari alda í upphafi síðustu aldar; sbr.: Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur: Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur“, 123–151.

⁶⁸ Um þulur sem minniskveðskapur sjá m.a.: Holtsmark, „Memorialdiktning“, 524–526. Hlutverk þulna – og Snorra-Eddu í heild – sem kennslurits fyrir skáld er rætt víða; sjá t.d. Guðrún Nordal, *Tools of Literacy*, 68–72.

⁶⁹ Elena Gurevich talar um „[t]he obviously encyclopedic dimension of the *þulur* and their apparent intention to give a full-scale account of the world“ (inngangur að: „Þulur“, 653). Um þulur og alfræði á miðöldum sjá einnig: Clunies Ross, *Skáldskaparmál: Snorri Sturluson's ars poetica and Medieval Theories of Language*, 88.

⁷⁰ Gurevich, inngangur að: „Þulur“, 652 (með vísun í de Vries, „Om eddaens visdomsdigtning“). Þegar orðið *þula* er notað í að því er virðist niðrandi merkingu, svo sem næsta örugglega í ofangreindri vísu Sneglu-Halla og hugsanlega einnig í Málsháttakvæði (einu dæmunum þar sem orðið *þula* kemur fyrir í tengslum við dróttkvæðan kveðskap), virðast ummælin í báðum dæmunum tengjast bragformi kvæðanna og byggingu frekar en innihaldi.

⁷¹ Sem dæmi má taka dvergþulu úr Völuspá, en í texta hennar er hún ekki kölluð *þula* heldur *tal* (*langniðja tal Lofars*), eins og O. Smirnitskaya tekur réttilega fram (Смирницкая [Smirnitskaya], „Nomina dicendi“, 184). Hvort tveggja *þula* og *tal* eru upptalningar í tiltölulega einföldu bundnu máli. Fyrir utan Háttatal Snorra eru þekkt þrjú kvæði með orðinu *tal* í heiti sínu; Ynglingatal (Þjóðólfr ór Hvini), Háleygjatal (Eyvindr skáldaspillir) og Nóregs konungatal (höfundur óþekktur). Þessi kvæði eru þó öll frábrugðin flestum þulum bæði að formi og efni til, en þau eru öll undir kviðuhætti og nálgað það að vera ættartölur í bundnu máli, auk þess sem tvö þeirra eru eftir nafngreind skáld. Kvæðin gefa einnig fleiri upplýsingar um hvern þann sem nefndur er en fornþulur gera; algengt er að hverju nafni samsvari heilt erindi (en ekki hálf til tvö vísuorð). Sé farið eftir vísbendingu dvergþulunnar í Völuspá og hún flokkuð sem tal á hún aðeins það sameiginlegt með hinum þremur að vera einhvers konar ættartala, en að öðru leyti hefur textinn einkenni þulna.

er notað um í miðaldaritum og fyrir nafnarunur í Skáldskaparmálum, heldur einnig fyrir þulur síðari alda sem eru enn einfaldari að bragformi (sbr. kafla 7), byggjast á upptalningum (sbr. kafla 8) og hafa ákveðin tengsl við varðveislu og miðlun þekkingar (sbr. kafla 9).

2.3. Frá fornþulum til þulna síðari alda

Þeir textar sem fram koma þegar á 14.–15. öld og færð hafa verið rök fyrir að séu forverar íslenskra þulna síðari alda – eða jafnvel fyrstu þulutextar – eru alls ólíkir bæði þeim textum sem orðið *þula* var notað um að fornu og öðrum nafnarunum sem hafa verið kallaðar (*forn*)þulur í fræðilegri umræðu síðustu aldanna. Um er að ræða annars vegar stutta vísu um Grýlu (*Hér ferr Grýla*) en hins vegar svokallaða Grettisfærslu. Grýluvísan er eignuð Lofti Pálssyni í Sturlunga sögu og er frá 13. öld sé hún rétt feðruð⁷² eða hafi a.m.k. allt frá því sagan var samin tilheyrt henni, en elsta handritið með vísunni er frá 14. öld.⁷³ Þulan *Grýla reið fyrir ofan garð* (sjá nánar Viðauka Ib.1) má teljast afkomandi hennar⁷⁴ en hún var enn vinsæl á 20. öld.

Grettisfærsla er hins vegar langt kvæði í mjög lausbundnu máli og sver sig að þessu leyti – sem og ýmsu öðru – í ætt við íslenskar þulur á síðari öldum.⁷⁵ Kvæðinu virðist t.d. ekki vera skipt í erindi heldur í einhvers konar laustengda kafla (sbr. blokkir í þulum síðari alda, sjá kafla 8.3, sbr. 7.1.3). Bragform er oft breytilegt milli kaflanna og frásögn er ýmist í fyrstu eða þriðju persónu; stuðlasetning er óregluleg og hrynjandi sömuleiðis (þótt flestar línur séu stuttar, með tveimur risum í línu). Stundum er endarím (oftast tvær línur saman, einkum á bl. 52v í AM 556 a 4to, eina handritinu sem kvæðið varðveittist í) en stundum ekki (einkum á bl. 53r).⁷⁶ Erfitt er að átta sig á samhenginu í kvæðinu vegna þess hversu mikinn texta vantar í Grettisfærslu, en kaflar hennar virðast vera frekar laustengdir. Talsverð líkindi eru með texta hennar og þuluflokknum *Karl og kerling*, nánar til tekið blokkinni *Karl tók til orða* (sjá nánar um þessar blokkir í Viðauka Ic.4–5).⁷⁷

Kvæðið er varðveitt í handriti frá lokum 15. aldar⁷⁸ í lok Grettis sögu og sett þar í samhengi sögunnar, þ.e. tengt við atburði í 52. kapítula; kvæðið er þó trúlega eldra en handritið eða sagan, eða frá 14. öld.⁷⁹ Aðeins eru um 250 línur læsilegar – af u.þ.b. 400 – vegna þess að kvæðið var vandlega skafið af bókfellinu, trúlega ekki seinna en á síðari hluta 16. aldar.⁸⁰ Það er nú torlesið og brota-

⁷² Ekki þykir ólíklegt að sagan greini frá flutningi Lofts á þjóðkvæði, sbr. flutning Þórðar Andrésónar á (broti úr) dansi annars staðar í Sturlungu (sbr. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A 2: 150; vísa Lofts er í s.r., 51).

⁷³ Króksfjarðarbók, AM 122 a fol, 49vb (skinnhandrit frá því um 1350–1370 skv. *Handrit.is*).

⁷⁴ Sjá: Gunnell, „Grýla, Grýlur, “Grøleks” and Skeklers,” 33–54; Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn,” 150–174; sami, „Marghala Grýla í gördum vesturnorrænna eyþjóða,” 48–54; sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmorle-Verses from the North Atlantic,” 102–103.

⁷⁵ Grettisfærsla hefur tvisvar verið greind afar ýtarlega, í fyrra skiptið árið 1960, sjá: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,” 49–77 (á ensku; endurprentað 1990 á íslensku með eftirmála höfundar: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,” 19–50, og eru blaðsíðutilvísanir í þessum kafla í íslensku útgáfuna nema annað sé tekið fram). Í seinna skiptið var Grettisfærsla könnuð í tveimur verkum Kate Heslop, „Grettisfærsla: The Handing on of Grettir,” 65–94 (sbr. einkum 67–69) og „Grettir in Ísafjörður: Grettisfærsla and Grettis saga,” 213–235. Sjá enn fremur: Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Grettir vondum vættum, veitti hel og þreytti,” 37–78 (einkum 43–46).

⁷⁶ Sbr.: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,” 25.

⁷⁷ Sbr. Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,” 32–37; einnig Jónas Kristjánsson, „Poki fór til Hnausa,” 23–27.

⁷⁸ AM 556 a 4to, 52r–53r; sbr. *Ordbog over det norrøne prosasprog: Register*, 454.

⁷⁹ Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,” 38–41.

⁸⁰ Sbr. Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,” 20; Heslop, „Grettisfærsla,” 67–72.

kennt, og brotin sem hægt er að lesa eru afar ósamstæð. Meðal þeirra eru upptalningar á því sem „Grettir“ kann að gera, ýmiss konar bölbænir en einnig aðrar, fallettri upptalningar í ætt við yngri vöggukvæði,⁸¹ þ.á m. upptalningar sem eru í eðli sínu nokkurs konar heimslýsingar – en það er einmitt eitt af sérkennum fornþulna⁸² (og þulna síðari alda, eins og sýnt verður í kafla 8 og 9). Texti þessarar upptalningar er þó ekki skyldur þulum í eddukvæðum eða Skáldskaparmálum heldur tryggðamálum (sbr. hér að framan).⁸³

Grettisfærsla virðist því hafa erfð frá fornum þulum sum undirstöðuatriði í byggingu, t.d. upptalningar – þ.á m. upptalningar sem stefna að heimslýsingu. Hins vegar virðist hún ekki endilega hafa tekið sjálft innihald upptalninganna í arf frá fornþulunum. Hið sama má segja um kúabulur, en þær eru þriðji textaflokkurinn sem rekja má með nokkurri vissu til miðaldarþulna (sjá umfjöllun í kafla 8.1.4.4). Aðeins fáein kúanöfn eru sameiginleg með fornþulum um naut (og kýr)⁸⁴ og kúabulur á síðari öldum (sbr. kafla 8.1.4.4),⁸⁵ en byggingin samsvarar fornþulubyggingu.

Grettisfærsla er þannig nokkurs konar brú frá fornþulum að þulum síðari alda; texti sem hefur einkenni beggja þessara greina. Rétt við brúarsporðinn nútíma-megin stendur Þórnaldarþula, en hún er meðal allra fyrstu þulna síðari alda sem voru skrifaðar í handrit. Hún virðist einnig hafa verið skrifuð upp í meira mæli en aðrar þulur fram á 19. öld.⁸⁶ Í uppskriftum stendur hún oft við hliðina á eddukvæðum, fornkvæðum og öðrum kvæðum (einkum undir fornryðislagi) sem voru trúlega taldar til eldri bókmennta.⁸⁷ Þetta, ásamt nokkrum textatengslum við bókmenntir íslenskra (síð)miðalda,⁸⁸ bendir til þess að Þórnaldarþula þurfi ekki að vera miklu yngri en Grettisfærsla. Hún á og margt sameiginlegt með Grettisfærslu. Má nefna lengd⁸⁹ og byggingu, en texti Þórnaldarþulu er stöðugri og sjálfstæðari en í mörgum öðrum þulum síðari alda og blandast að auki lítt saman við þær (sbr. Viðauka Id.6). Þórnaldarþula samanstendur, líkt og Grettisfærsla, af mjög laustengdum köflum sem einhver þráður virðist ganga í gegnum og tengja saman í einhvers konar heild (sem ekki er endilega tilfellið í þulum síðari alda), en þó er erfitt að henda með vissu reiður á tengslum kaflanna. Í sumum þeirra á sér stað einhvers konar samtal, en varðveisla textanna er með þeim hætti að oft er erfitt að slá

⁸¹ Sbr. Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,“ 26–28.

⁸² Gurevich, inngangur að: „Þulur,“ 653–654.

⁸³ Sjá: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Rétt skal vera rétt: Grettisfærsla sem ?Grettistryggðir,“ 76–79. (Sbr.: sama, „Lagamál sem verður að ljódmáli?“.)

⁸⁴ Sjá svokallaða Þorgrímsþulu II og Øxna heiti („Þulur,“ 675–677 og 885–890).

⁸⁵ Sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmarole-Verses from the North Atlantic,“ 107.

⁸⁶ Elsta uppskrift Þórnaldarþulu virðist vera í Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo frá ofanverðri 17. öld, sbr. ljósprentaða útgáfu kvæðabókarinnar í umsjá Jóns Helgasonar frá 1955), en þegar á 17. öld verða til a.m.k. fimm nokkuð mismunandi uppskriftir á Þórnaldarþulu.

⁸⁷ Sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar á tímamótum: Þórnaldarþula og Grettisfærsla,“ 82–85.

⁸⁸ Ýmis heiti í Þórnaldarþulu eru búin til samkvæmt svipuðu kerfi og í miðaldarþulum (sjá kafla 8.1.2), og sum þeirra eiga sér samsvaranir þar: *Andarnefja* og *Restella* úr Þórnaldarþulu í Kvæðabók úr Vigur (sjá dæmi (Id6-a)) standa nærri *Ari(n)nefju* úr Rígsþulu, 13⁴ (*Eddukvæði*, 1: 451) og Allra flagða þulu, 2² (Jiriczek, „Zur Mittelländischen Volkskunde,“ 7) og kvenheitinu *Ristill* í Rígsþulu, 23⁶ (*Eddukvæði*, 1: 453) og Kvenna heitum, 1⁶ („Þulur,“ 772); *king[an] á bringunni* (JS 509 8vo, 53v) og jafnvel *keng[ur] á bringunni* (Id6-a) eða *kring[ur] á bringunni* (Lbs 587 4to IX, 14r) í Þórnaldarþulu eiga sér samsvörum í línunni *kinga var á bringu* í Rígsþulu, 27² (*Eddukvæði*, 1: 454) o.s.frv.

⁸⁹ Þórnaldarþula er vissulega meira en helmingi styttri en Grettisfærsla – en aftur á móti talsvert lengri en flestir aðrir þulutextar síðari alda. Sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar á tímamótum: Þórnaldarþula og Grettisfærsla,“ 82–85.

Því föstu hver talar hverju sinni. Báðum textunum fylgir oft lausamálsfrásögn (en slíkt er fátítt í þulum síðari alda) um mannamót þar sem á að dæma um örlög sakamanns en hann sleppur við refsingu.⁹⁰ Báðar þulurnar snúast að ákveðnu leyti um samfarir og barneignir; hér er þó sá munur á að umfjöllun er afar opinská í Grettisfærslu en meira undir rós í Þórnaldarþulu. Í báðum þulunum er margt ýkt, yfirdrifið og tröllslegt; munurinn er sá að í Grettisfærslu byggist skemmtun að miklu leyti á klámi, en í Þórnaldarþulu á saklausari öfugmælum og útúrsnúningum eins og lokaflanum um horfna hestinn. Heimsmýndin sem er dregin upp í þessum tveimur textum er mun ýtarlegri en í flestum þulum síðari alda og sver sig í ættina við kerfisbundna heimslýsingu fornþulna eftir lærðum erlendum hugmyndum.⁹¹ Báðir þessar textar geyma svo fræði, einkum af því tagi sem Jón Árnason ræðir um er hann segir: „Aðalatriðið í merkingunni af þula og þylja ætla eg sé [...] að flytja eitt fram öðrum til skemtunar<, > \gagns/ eða dægra styttingar, eða til að spekja huga manna, ef hann var í uppnámi [...]“;⁹² en þar vísar Jón í svokölluð griðamál og tryggðamál í lagabókum og sögum, sbr. Þorgils grið í Heiðarvíga sögu og Hafurs grið í Grettis sögu þar sem eru m.a. upptalningar sem standa mjög nærri fornþulum (en hafa þó ekki verið kallaðar *þulur*).⁹³ Enn fremur vísar hann til þess hvernig Sneglu-Halli þaggaði niður í mannfjöldanum á Jótapingi, en sú stutta ræða bæði hefst og lýkur á afar svipaðan hátt og Þórnaldarþula og er líklega flutt í svipuðum tilgangi.⁹⁴ Þetta sýnir að margvíslegir þræðir tengja þulur síðari alda – m.a. Þórnaldarþulu sem fulltrúa þeirra – við fornþulur og aðrar fornþókmenntir; allt frá nafngift og breiðri notkun þulunafnsins, sem náði yfir fleiri en eina bókmenntagrein bæði á miðöldum og á síðari öldum, að textatengslum og grundvallarreglum í byggingunni.

Skuldleiki íslenskra þulna síðari alda við þjóðkvæði og bókmenntir frá íslenskum miðöldum, sem Grettisfærsla og Þórnaldarþula – ásamt kúapulum og Grýluþulum⁹⁵ – sýna fram á, er annar umtalsverður áhrifaþáttur í mótun íslenskra þulna síðari alda. Í kafla 2.4 verður sagt frá hinum áhrifaþættinum, ekki síður mikilvægum, en það er kveðskapur síðmiðalda og síðari alda sem barst til Íslands og annarra eyja í Norður-Atlantshafi frá meginlandshluta Norðurlanda.

2.4. Þulur síðari alda og sambærilegur kveðskapur á Norðurlöndum

Margar hliðstæður íslenskra þulna síðari alda má finna meðal kveðskapar sem er kallaður *remser* á dönsku og norsku,⁹⁶ *ramsor* á sænsku en *skjaldur* á færeysku (einnig *rim* á norðurlandamálunum á

⁹⁰ Í frásögnum með Þórnaldarþulu flýr sakamaðurinn á meðan tröllskessa, huldumaður eða vinur hans hefur þuluna yfir.

⁹¹ Sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar á tímamótum: Þórnaldarþula og Grettisfærsla,“ 82–85; sbr.: sama, „*Þuluheimar: The Worlds of Old Icelandic and Postmedieval Icelandic þulur*.“

⁹² Lbs 587 4to VII, [37v].

⁹³ Um er að ræða upptalningar sem skilgreina gildissvið formálanna (t.d. yfir hverja nákvæmlega grið eiga að ná eða við hvaða aðstæður), en það eru oft heimslýsingar í formi upptalninga. Sjá: *Eddica Minora*, 128–133; sbr.: Heusler og Ranisch, inngangur að s.r., cii–cviii (kafla XXV: Die Tryggðamál). Einnig: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Lagamál sem verður að ljóðmáli?“

⁹⁴ Upphaf ræðu Sneglu-Halla er á þessa leið: „Hlýði allir menn. Mér er mikil máls þörf. Eg skal kæra of óðindælu mína sjálfs“ (*Morkinskinna*, 1: 282), sbr. upphaf Þórnaldarþulu í AM 148 8vo, 253r (skv. blaðmerkingu handritsins): „Hlyde menn frædi mynu, // medann eg seige sok myna i sleda“. Framhald ræðu Halla eru öfugmæli sem líkjast lokahluta Þórnaldarþulu um horfna hestinn (sjá dæmi (8-40)).

⁹⁵ Sjá um þær Viðauka Ib.1–2 og Ia.1.

⁹⁶ Á norsku er einnig notað *ramsor* og fleiri orð, þ.a m. *tullar* ‚vitleysa, rugl, gaman‘ (*Gamalt or Sætesdal* 3, 227 (*Bånetullar*); þýðingar eru sóttar í veforðabókina *ISLEX*).

meginlandinu, en *rímur* á færeysku; öll framangreind orð standa hér í fleirtölu). Fáeinar romsur hafa auk þess varðveist á norn-tungumálinu á Hjaltlandi og í Orkneyjum.⁹⁷ Jón Samsonarson hefur ritað manna mest um tengsl þessa kveðskapar – sem hér eftir er kallaður *romsur* – við íslenskar þulur síðari alda, en hann ályktar afdráttarlaust um skyldleika íslenskra þulna síðari alda við þennan kveðskap, og enn fremur að skyldleikinn sé mestur við kveðskapinn á vesturnorræna málsvæðinu.⁹⁸ Athuganir þeirrar er hér ritar staðfesta þetta,⁹⁹ en færeysk *skjaldur* eru þeir fulltrúar romsukveðskapar á Norðurlöndum sem standa næst íslenskum þulum; þar eru flestar samsvaranir við minni og aðrar einingar í þulum síðari alda (frá einingum þessum segir í kafla 8, um þulubyggingu). Þó er einnig nokkuð um að íslenskar þulur síðari alda hafi samsvaranir í romsukveðskap meginlandshluta Norðurlanda en ekki í færeyskjum *skjaldrum*,¹⁰⁰ þ.e. viðkomandi minni eða jafnvel textar hafa annaðhvort aldrei borist til Færeyja eða þá ekki fest þar rætur. Tengsl færeysks romsukveðskapar við romsukveðskap á meginlandshluta Norðurlanda eru samt sem áður mun sterkari en hjá íslenskum þulum, þ.e. hlutfallslega fleiri *skjaldur* en þulur eiga sér hliðstæður við meginlandsromsur. Þróun þuluhefðar síðari alda er því sjálfstæðari en þróun *skjaldrá*,¹⁰¹ en það gæti aftur staðið í tengslum við það að þulur síðari alda á Íslandi stóðu á jafn traustum grunni og íslenskar fornþulur voru. Þá eiga þulur síðari alda á Íslandi og færeysk *skjaldur* – þ.e. romsukveðskapur á Norður-Atlantshafseyjum – sér flestar hliðstæður í romsukveðskap sem varðveist hefur í Noregi en færri í dönskum kveðskap og færstar í sænskum.¹⁰² Dönsk áhrif eru þó eðlilega talsvert sterkari í færeyskum *skjaldrum* en í þulunum og hlutfallslega fleiri *skjaldur* eru danskættuð en þulur.¹⁰³

Ekki er þó unnt að segja með vissu hvenær eða á hversu löngum tíma áður nefndur romsukveðskapur frá meginlandshluta Norðurlanda barst til landsins. Fáar þuluheimildir eru eldri en frá 1700, en frá 17. öld eru aðeins heimildir um örfáa texta: Þórnaldarþulu, Grýluþulu, *Sat ég undir fiskihlaða* og tvær línur sem finnast seinna í ýmsum þulutextum.¹⁰⁴ Með það í huga væri óæskilegt að fara lengra aftur í tíma en til 16.–17. aldar. Á hinn bóginn er búið að sýna fram á skyldleika t.d. Grýluþulunnar og Þórnaldarþulu við miklu eldri texta, vart yngri en frá 14. öld (þótt skyldleikanum sé háttáð á ýmsa vegu). Einnig þarf að taka tillit til þess að þegar þulur tengjast yfirleitt romsukveðskap frá meginlandinu eru það yfirleitt tengsl við romsur sem hafa verið algengar í Noregi – en síð-

⁹⁷ Um skyldleika þeirra við þulur síðari alda sjá: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 191–230; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmorle-Verses from the North Atlantic,“ 100–101 og þau rit sem þar er vísað til.

⁹⁸ Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn,“ 151–174 (einkum 173–174) og „Marghala Grýla í gördum vesturnorræna eyþjóða,“ 48–54. Sami. „Frjádagsversin nær og fjær,“ 471–483. Sbr. þó einnig Gunnell, „Grýla, Grýlur, „Grøleks” and Skeklers,“ 33–54; sami, „Masks and Mumming Traditions in the North Atlantic,“ 275–326.

⁹⁹ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*: Er allt sama tóbakið?,“ 175–199; sama, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 191–230; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmorle-Verses from the North Atlantic,“ 98–119.

¹⁰⁰ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*: Er allt sama tóbakið?,“ 192–193.

¹⁰¹ S.st.

¹⁰² Sbr. Gunnell, „Mists, Magicians and Murderous Children,“ 46–59. Ofangreint er einnig að mestu rétt fyrir hjaltlenskar romsur.

¹⁰³ Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova, „Nokkur dæmi um blandað mál í færeyskum *skjaldrum*,“ 323–335.

¹⁰⁴ Þórnaldarþula er í AM 148 8vo, 253r–254v (skv. blaðmerkingu handritsins) o.fl. handritum; Grýluþulan í Holm. Papp. 25 8vo, 126v. *Sat ég undir fiskihlaða* er í Holm. Papp. 64 fol., bl. 99v, en línurnar tvær í Holm. Papp. 44 4to, bls. 271 („Lake drö epter lakanum, hafde Reip og Reiding ä“).

ur í Danmörku og Svíþjóð. Tengsl Íslands og Noregs voru afar sterk á miðöldum en fóru að dvína upp úr miðri 14. öld þegar svartidaudi barst til Noregs og siglingum þaðan fækkaði talsvert. Á síðari öldum voru hins vegar dönsk áhrif á íslenskt líf – þ.á m. menningarlíf – áberandi þar sem Ísland var undir ríkisstjórn Dana og flestöll samskipti Íslendinga, í verslun sem stjórnámálum, voru við Dani. Samanlagt bendir þetta sterklega til þess að norskar romsur hafi borist til Íslands fyrir siðskipti eða jafnvel fyrr, líkt og sagnadansar af norskum uppruna.¹⁰⁵ Vésteinn Ólason heldur því fram að umtalsverðir textaflutningar sagnadansa milli Noregs og Íslands hafi átt sér stað í síðasta lagi á fyrsta til fjórða áratug 16. aldar þar sem engin formleg samskipti voru á milli Íslands og Noregs eftir 1537 þegar siðskipti urðu í Noregi og erkibiskupsumdæmi í Niðarósi, sem Ísland tilheyrði, var lagt niður.¹⁰⁶ Þennan tíma, um og upp úr 1537, væri þá hægt að taka sem *terminus ante quem* fyrir þessa umfangsmiklu textaflutninga frá Noregi – umfram önnur Norðurlönd – til Íslands, en *terminus post quem* væri þá um 1400 þegar svartidaudi barst til Íslands með tilheyrandi áhrifum á handritagerð og versnandi textavarðveislu,¹⁰⁷ en viðbúið væri að mikið magn aðfluttra texta hefði komið betur fram í ríkulegum íslenskum miðaldaheimildum.

Hins vegar ætti að forðast vanmat á óformlegum samskiptum Íslendinga við frændþjóðir á vesturnorræna málsvæðinu sem héldust þrátt fyrir siðskipti, einokunarverslun og fleira, enda er viðbúið að þulur hafi oft borist milli landa eftir óformlegum leiðum. Líkindi með textum nokkurra þuluflokka á Íslandi, í Færeyjum og í Noregi benda m.a. til þess að einhverjir romsutextar hafi flust á milli landanna á síðari öldum, t.d. þuluflokkurinn *Bokki sat í brunni* (sbr. Viðauka Ib.6).¹⁰⁸ Eigi að síður er líklegt að talsvert magn romsukveðskapar hafi borist til landsins á 16. öld eða fyrr.

Þá er ekki ólíklegt að romsur hafi borist til landsins yfir lengri tíma eða í nokkrum bylgjum. *Bokki sat í brunni* gæti þannig hafa numið land seint á rannsóknartímabilinu. Íslenskar kúapulur gætu hins vegar hafa mótast þegar norskar romsur með kúa- og geitanöfnum bárust hingað snemma

¹⁰⁵ Athuganir, sem sú er hér ritar hefur gert á formúlum, benda til þess að talsverðar líkur séu á því að romsur hafi flust til landsins ásamt sagnadönsum eða a.m.k. á svipuðu tímabili, en talsverð líkindi eru með mörgum formúlum í romsum og sagnadönsum og ekki ólíklegt að ballöðuformúlur hafi haft áhrif á formúlur í romsum. Á hvaða tímaskeiði það var og hvort það var áður en báðar þessar þjóðkvæðagreinar bárust til Íslands eða eftir það – eða hvort tveggja – er þó sem stendur ekki hægt að segja til um. Sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the North Atlantic,“ 101–102, 112–113 og víðar; sama, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 210–213; sama, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements,“ 51–55; sama, „Formulae across the North Atlantic: From Continental Scandinavia to Iceland,“ 135–154 (m.a. 141–142).

¹⁰⁶ Sjá ýtarlega umræðu í: Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland*, 105–109; sbr. þó að Jón Samsonarson („Vaggvisor: Ísland,“ 427–428) er á þeirri skoðun að það hafi gerst jafnvel fyrr, eða fyrir 16. öld. Sbr. og umræðu í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the North Atlantic,“ 112–113. Einnig má styðjast við vísbendingar frá Hjaltlandi og Orkneyjum, en formleg og bein samskipti Hjaltlands við Noreg og aðrar vesturnorrænar eyjar virðast hafa sömuleiðis lagst af um 1500 (Gunnell, „Grýla, Grýlur, “Grøleks” and Skeklers,“ 38), þannig að líklega hafa romsutextar frá Noregi borist til Hjaltlands fyrir þann tíma.

¹⁰⁷ Sbr. umræðu í kafla 1 ásamt: Yelena Sesselja Helgadóttir, inngangur að: *Lausavísur frá svartadauda til siðaskipta*, 13–14.

¹⁰⁸ Sbr. umræðu í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic“, 151–152. (Í þessum þuluflokki eru vissulega fjölform á ferð (sjá kafla 8.3.2.3), en slík textabygging getur hafa leitt til þess að textinn hafi varðveist betur þótt hann hafi borist til Færeyja og Íslands á svipuðum tíma og aðrir.) Sbr. einnig umræðu um mótun Grýluvísu frá Friðarey í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 203–213; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the North Atlantic,“ 114; sbr.: sama, „Meira veit ég ekki um ættina... hans Grýlu?,“ 80–83.

á tímabilinu, eða áður en forna þuluhefðin, sem kúaþulur byggjast einnig á, lagðist af.¹⁰⁹ Sé gert ráð fyrir því að íslenskar kúaþulur og Grýluþulur tengist eldri bylgju af flutningum norskra romsutexta til landsins og hafi e.t.v. mótast að verulegu leyti áður en öllu fleiri romsutextar námu hér land, skýrist um leið hvers vegna þessir þuluflokkar eru svolítið sér á báti og blandast síður við aðrar þulur síðari alda (sjá Viðauka Ia.1 og Ib.2). Erfitt er þó að kortleggja ferðir þulna eða einstakra hluta þeirra um Norðurlönd sökum skorts á áreiðanlegum samtímaheimildum.

Hvenær sem romsutextarnir hafa borist til Íslands hljóta þeir að hafa átt hér góðan hljómgrunn þar sem hin forna þuluhefð hafði undirbúið jarðveginn. Lítið er þó vitað um eðli þessarar fornu hefðar umfram það sem varðveittir þulutextar segja okkur, en þeir eru flestir af lærðum uppruna – einkum þulur í Skáldskaparmálum, en einnig þulur í eddukvæðum. Hins vegar er ekki ólíklegt að við hlið þeirra hafi verið til önnur og hversdagslegri munnleg þuluhefð sem birtist þó lítt eða ekki í varðveittum heimildum, en um það verður ekkert sagt af skynsömu viti. Hafi slík hefð yfirleitt verið til má gera ráð fyrir að hún hafi komið til landsins með vesturnorrænum innflytjendum og hafi því verið skyld munnmælum á vesturnorrænu málsvæði á miðöldum. Það kynni þá að hafa auðveldað romsum frá Noregi og öðrum Norðurlöndum að nema land hér á síðmiðöldum og síðari öldum.

2.5. Niðurlag

Hér hefur verið greint frá því að þulur síðari alda eiga rætur að rekja annars vegar til íslenskrar fornþuluhefðar, sem þær tengjast sterkum böndum (sjá kafla 2.2 og 2.3), en hins vegar til romsuhefðar síðari alda – og líklega síðmiðalda – í öðrum Norðurlöndum, einkum á meginlandi Evrópu og sér í lagi Noregi, en þaðan barst romsukveðskapur til eyjanna á vesturnorræna málsvæðinu (sjá kafla 2.4). Hvorug hefðin er þó aðalumfjöllunarefni þessarar ritgerðar, eins og greint var frá í inngangi, þ.e. hvorki fornþuluhefðin né romsuhefðin; en báðar ber þó að hafa í huga þegar þulur síðari alda eru annars vegar. Fornþulur hafa haft ríkuleg áhrif á þulubyggingu á síðari öldum, bæði á byggingu heilla þulutexta og ýmissa hluta þeirra, t.a.m. á myndun einstakra heita í þulum síðari alda (sjá kafla 8.1.2). Skyldleiki við romsur frá meginlandinu útskýrir oft uppruna ýmiss efnis í þulum síðari alda. Skyldleikinn við romsur hefur einnig haft áhrif á þulubyggingu, en talsverða formúlunotkun í þulum síðari alda og tengsl margra formúlna í þulum við formúlur í sagnadönsum má hugsanlega rekja til þess að Norðurlandaromsur hafi að einhverju leyti verið samferða Norðurlandaballöðum yfir Atlantshafið og tengst þeim sterkari böndum en ýmsum öðrum kveðskapargreinum.

Þá eru frumort kvæði, sem mega heita afkomendur þuluhefðarinnar þar sem þau hafa verið ort undir nokkrum áhrifum frá þulum, ekki heldur umfjöllunarefni þessarar ritgerðar þótt þau beri þulunafn. Í kafla 2.2 er sýnt að þuluheiti hafi líklega náð yfir fleiri en eina kveðskapargrein að fornu; staðan er svipuð á síðari öldum, eins og kemur fram í kafla 2.1 og kafla 6. Höfundarkvæði virðast ekki ná að koma inn í þuluhefð síðari alda, hvort sem þau eru frá 18. öld, líkt og Gilsbakkapula eftir

¹⁰⁹ Kúaþulur hafa skýr tengsl við fornþulur en gátu samt sem áður varla hafa þróast upp úr fornþulum einum saman þar sem aðeins fáein kúanöfn í þulum síðari alda tengjast kúanöfnum í fornum þulum – en hin nöfnin tengjast aftur á móti nöfnum úr norskum kúa- og geitaromsum. Sjá nánar í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 193–200; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmorle-Verses from the North Atlantic,“ 104–107.

Kolbein Þorsteinsson, eða frá upphafi 20. aldar, líkt og þululjóð Huldu og Theodóru Thoroddsen (sbr. kafla 2.1). Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er aðeins þulur sem íslensk þjóðkvæði, en sú þuluhefð nær frá 15. öld (hugsanlega þeirri 14.) til 20. (og hugsanlega 21.) aldar.

3. Aðferðafræði

Verkefnið er þverfaglegt, eins og fram kom í kafla 1.1, og er því unnið með ýmsum aðferðum, m.a. aðferðum textafræði og handritafræði, þjóðfræði og bókmenntafræði eftir því sem við á, auk almennrar heimildarýni sem gengur eins og rauður þráður gegnum aðferðafræði verkefnisins á öllum sviðum (kafla 3.1). Undirbúningur á þulutextum fyrir útgáfu er hin hliðin á heildarverkefninu *Íslenskar þulur síðari alda* og byggist að miklu leyti á niðurstöðum þessarar ritgerðar; því verður gerð stutt grein fyrir undirstöðuatriðum þuluútgáfunnar í kafla 3.2.

3.1. Rannsókn

Í þessum kafla er fyrst greint frá aðferðum við heimildaöflun og meðferð heimilda, þ.á m. textafræðilegum áherslum, en í framhaldi frá kenningalegum grundvelli og helstu aðferðum – þjóðfræðilegum og bókmenntafræðilegum – sem notaðar eru við greiningu á þulubyggingu og hlutverki þulna.

Við heimildaöflun var leitast við að ná saman sem flestum þulutextum úr handritum og af hljóðritum (sjá kafla 5.2.1–5.2.2), einkum úr heimildum sem þegar var til vitneskja um. Jón Samsonarson hafði gert mikla leit að þulum í handritum í Árnasafni, Landsbókasafni og ýmsum söfnum í Danmörku, Svíþjóð og á Englandi, og skildi eftir margar handritalýsingar (á ýmsum vinnslustigum). Sú er hér ritar naut afraksturs vinnu Jóns og hélt leitinni áfram út frá gögnum hans og samstarfsmanna hans (sbr. kafla 5.2.3). Eins nýttust upplýsingar og ábendingar um handrit sem komu í ljós eftir hans dag eða hafa nýlega verið skráð og/eða hafa orðið aðgengilegri með einum eða öðrum hætti. Í textasafnið bættust m.a. þulutextar frá öðrum söfnurum 20. og jafnvel 21. aldar, þ.á m. Rósu Þorsteinsdóttur sem deildi með ritgerðarhöfundu bæði þuluuppskriftum sínum og aðsendum þulum. Einnig leiddu fyrirspurnir hjá skjalasöfnum í ljós nokkra texta. Alls hefur verið unnið með um 4500 þulutexta; þar af eru rúmlega 2000 af hljóðupptökum en hinir úr handritum og skiptast þannig að rúmlega helmingur kemur úr handritum 20. aldar en hinn helmingurinn (tæplega) úr handritum fram að 20. öld. Í rannsókninni hefur verið stefnt að því að taka tillit til þeirra allra, en helstu athuganir voru gerðar á um 1400 texta úrtaki þar sem um 800 koma úr heimildum fram að 20. öld (þ.á m. eru allir þekktir textar fram að 19. öld) en um 600 úr handritum og af hljóðritum 20. aldar. Hins vegar var ekki farið út í söfnunarvinnu á þulum sem kunna enn að lifa í munnum þar sem þuluheimildir frá 20. öld eru afar ríkar, bæði á hljóðupptökum og í handritum, og þótti því óþarft að bæta fleiri textum við.¹¹⁰ Þulutextar voru ekki heldur sóttir í þær fáu þuluútgáfur sem til eru fram að miðri 20. öld,¹¹¹ en þar eru heimildir að þulutextum ekki tilgreindar af nægilega mikilli nákvæmni (þ.á m. í *Íslenskum gátum, skemtunum, vikivökum og þulum*, 4 og *Fagrar heyrði eg raddirnar*, sjá 5.3). Þuluútgáfur undir lok 20. aldar og það sem af er 21. öld byggjast annaðhvort á upptökusafni Árnastofnunar eða handritum, en hvort tveggja er þegar meðal heimilda þessarar ritgerðar.

Frumtextar þulna og varðveisla þeirra eru þannig í brennidepli í heildarverkefninu og er talsverð áhersla lögð á handrit sem þulutextar hafa varðveist í. Ástæðan er einkum sú að handritin sjálf

¹¹⁰ Jón Samsonarson segir það einnig reynslu sína (í samtali við þá er hér ritar) að þulukunnátta minnki strax talsvert hjá fólkinu sem fætt er eftir 1910, þannig að ekki er víst að slík söfnun hefði skilað miklu efni.

¹¹¹ Allra elstu útgáfur á Þóraldarþulu (sjá fremst í kafla 5.3) eru undantekning frá þessari reglu.

ásamt stöðu og umhverfi hvernar þulu í handritum eru ein helsta heimild um stöðu þulna meðal annarra bókmennta- og munnmenntagreina og um hlutverk þeirra í samfélaginu allt frá miðöldum fram á miðja 20. öld. Bein vitneskja um þulutexta, flutning þulna og hlutverk þeirra frá fyrstu hendi (beint frá heimildarmönnum) kemur hins vegar aðeins til um 20. öld, með hljóðupptökum. Þessi áhersla á handrit er undirliggjandi í heildarrannsókninni, þótt hún komi lítt fram í texta þessarar ritgerðar sökum takmarkaðs pláss og þess forgangs sem afmörkun þulna sem kvæðagreinar nýtur í þessum hluta verkefnisins. Í kafla 6.2 er eigi að síður afmörkuð athugun á samhengi þulna í handritum, en gengið er út frá því að staða og samhengi þulna í handritum eigi að gefa áreiðanlegar upplýsingar um staðsetningu þeirra á hugarkorti heimildarmanna, þ.á m. um tengsl þulna við aðrar munnmenntagreinar og um félagslegt hlutverk þeirra. Tveir fyrirvarar eru þó nauðsynlegir:

1. Gæta þarf að því að Boðsbréf Fornfræðafélagsins og/eða Hugvekja Jóns Árnasonar (sjá kafla 5.1) kunna að hafa haft áhrif á samstarfs- og heimildarmenn þeirra, m.a. á það hvernig þeir skipa þjóðfræðum niður í uppskriftum sínum, og þar með á samhengi þulna og annarra munnmennta í handritum.¹¹²
2. Safnarar hafa enn meiri áhrif á nærumhverfi þulna í handritum þegar þeir flokka efni í aðsendum handritum og taka þau jafnvel oft í sundur (sjá kafla 5.2.1). Handrit þar sem röðin á þjóðfræðum fer eftir forskriftinni frá söfnurunum eru því ekki endilega marktæk; þau sem víkja frá forskriftarröðinni eru það frekar.

Að frátöldum tilvikum þar sem fyrirfram gefnar hugmyndir eru líklegar til að hafa áhrif á samhengi þulna í handritum, útgáfum og á hljóðupptökum á staðsetning þulna í heimildum hins vegar að vera traustur mælikvarði á hlutverk þeirra og stöðu í samfélaginu.

Aðferðir textafræði var vissulega aðeins hægt að nota að takmörkuðu leyti, en þulur eru þjóðkvæði þar sem enginn texti er „réttur“ eða „upprunalegur“. Textarýni var þó notuð ásamt annarri vitneskju til að freista að komast að raun um skyldleika þuluuppskrifta o.fl. þess háttar. Þá hafði Jón Samsonarson lagt mikla vinnu við undirbúning þuluútgáfu sinnar í samanburð á þuluhandritum safnara í því augnmiði að leiða í ljós elstu varðveittu þulutexta hverju sinni.¹¹³ Í því sem snýr að textafræði í þessari ritgerð og heimildavinnu í tengslum við hana er meira stuðst við aðferðir hinnar „nýju“ filólógíu¹¹⁴ og reynt að nálgast hvern texta eins og hann er og á hans eigin forsendum – og sömuleiðis heimild(ir) að textanum – og gera öllum textum og heimildum jafnhátt undir höfði. Þetta gildir einnig um eftirrit, en þau eru ekki endilega óbreytt frá forritum þeirra þar sem þjóðfræðikunnátta skrifara, uppruni hans o.fl. setur oft mark sitt á þau hvort sem skrifari breytir texta meðvitað eða ekki; í þessum breytileika birtist okkur þróun þjóðfræðitexta.

Önnur undirliggjandi áhersla í heildarrannsókninni, sem kemur sömuleiðis lítt fram í texta þessarar ritgerðar, er á samanburð við romsukveðskap annarra Norðurlanda, einkum Færeyja (sbr. kafla

¹¹² Á svipaðan hátt geta spyrjar á hljóðupptökum haft áhrif á það með spurningum sínum hvernig viðmælendur koma efni sínu fram.

¹¹³ Sbr.: Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 1–2 (sjá kafla 5.2.3).

¹¹⁴ Sbr. m.a.: Wolf, „Old Norse – New Philology“, 338–347; Sverrir Tómasson, „Er nýja textafræðin ný?“, 199–216; Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Stafrétt eða samræmt?“, 197–200.

2.4), en um hann hefur sú er hér ritar fjallað í nokkrum greinum (sbr. kafla 4.2). Við öflun samantburðarheimilda var beitt svipuðum aðferðum, einkum hvað varðar færeysk *skjaldur* sem eru helst til í útgáfum – en þó aðallega á hljóðupptökum á Bandasavni Fróðskaparseturs Færeyja. Annars staðar á Norðurlöndum er völ á fleiri og áreiðanlegri útgáfum á sambærilegum kveðskap¹¹⁵ og voru þær því notaðar.

Ýmsar aðferðir þjóðfræði voru notaðar við greiningu á mismunandi hliðum þuluhefðar. Við athugun á byggingu þulna (kafla 8) er stuðst við formúlugreiningu í anda Milmans Parry og Alberts B. Lord og sporgöngumanna þeirra, einkum Johns Miles Foley (sbr. kafla 4.3). Sérstakt tillit er tekið til rannsókna á tilbrigðum (e. *variation*) sem eru einnig mikilvæg fyrir þulubyggingu.¹¹⁶ Við greiningu á þulubyggingu er einnig stuðst við aðferðir formgerðarþjóðfræði (e. *structural folkloristics*) og táknafræði (e. *semiotics*). Formgerðarþjóðfræði á sér m.a. rætur í form- og myndunarhyggju (e. *morphology*) hjá Vladimir Propp sem leggur áherslu á nákvæma greiningu á byggingu texta (innra formi) og hlutverkum og venslum einstakra byggingareininga í anda raunvísinda.¹¹⁷ Í svipuðum anda er einnig unnið í þessari ritgerð. Formgerðaraðferð í textagreiningu gengur út frá því að hver texti – bókmenntatexti, texti úr munnlegri geymd, svokallaður menningartexti o.s.frv. – hafi fjölþrepa stigveldisskipaða formgerð (e. *hierarchical structure*) sem sé birtingarmynd byggingarlögmála textans (og annarra texta sem eru honum skyldir og/eða líkir). Aðferðin felst í því að rannsaka einstakar byggingareiningar texta á öllum þrepum ásamt venslum þeirra við aðrar einingar – bæði tengsl við einingar á sama þrepi og stöðu gagnvart skyldum einingum á næstu þrepum í kerfinu – til þess að komast að byggingarlögmálunum. Formgerðaraðferðin rímar vel við meginforsendur táknafræði, m.a. við það að tungumál – bæði náttúruleg og gervitungumál – eru rannsökuð sem táknerfi, þ.e. með tilliti til formgerðar þeirra og líkinda við formgerðir annarra táknerfa. Sama nálgun er notuð í formgerðar- og táknafræðilegum rannsóknum á svokölluðum annars stigs táknerfum, sem byggjast á tungumáli en hafa sína eigin formgerð; meðal slíkra táknerfa eru bókmennta- og þjóðfræðatextar.¹¹⁸ Eitt helsta verkfæri fræðimanna við að lýsa formgerð táknerfis með formlegum hætti er bygging líkana. Líkanagerð gegnir þó viðameira hlutverki í formgerðar- og táknafræði, en táknerfi

¹¹⁵ Sbr. *Svenska barnvisor ock barnrim* og *Visor, ramsor och andra folkrim*; *Danske børnerim, remser og lege*; *Norske barerim og leikar*; *Gamalt or Sætesdal* og *Norsk folkedikning*, bd. 4 (*Rim, gåter, ordtøke*); „Barneviser og ramser“; *Alfagurt ljóðar mín tunga, Nina, nina nái og Skjaldur, rímur og ramsur*.

¹¹⁶ Sjá einkum greinasafnið Honko, *Thick Corpus, Organic Variation and Textuality in Oral Tradition*. Sérstaklega grein Honko, „Thick Corpus and Organic Variation: An Introduction“, 3–28. Sbr. og Чистов [Chistov], *Народные традиции и фольклор* [Þjóðhættir og þjóðfræði], 107–176.

¹¹⁷ Eftir sömu höfuðreglum vinnur – óháð Propp – M. Parry, en með meiri áherslu á flutning þjóðkvæða og lögmál hans. Um aðferðir M. Parry í ljósi formgerðarfræða sjá grein: Edwards, „The Parry-Lord Theory Meets Operational Structuralism“, 151–169. Algirdas J. Greimas þróar síðar hugmyndir Propps áfram. Aðrir helstu áhrifavaldir við mótun formgerðarþjóðfræði var formgerðarstefna í málvísindum, einkum kennd við Roman Jakobson, sem og táknafræði, kennd m.a. við Charles S. Peirce og Charles W. Morris; Ferdinand de Saussure var meðal frumkvöðla á báðum sviðunum.

¹¹⁸ Ein af forsendum þessarar nálgunar er sú að form og innihald slíkra texta mynda órjúfanlega heild á svipaðan hátt og táknafræði og táknafræði (merkingarmið); önnur er sú að greint er á milli merkingarkjarna (e. *denotation*) og merkingarauka (e. *connotation*) við athugun á merkingu tákna og táknerfa. Merkingarkjarni er athugunarefni einkum í tengslum við synkrónískum rannsóknum á formgerð og kóðun í táknafræðum (m.a. allsherjarlögmálum í byggingu ákveðinna textategunda, sbr. m.a. verk A. J. Greimas). Merkingarauki getur hins vegar oft verið af sögulegu og menningarlegu tagi og tengist því díakrónískum rannsóknum á textum í félagslegu samhengi þeirra og sögulegri þróun textategunda. Að þeim hafa m.a. R. Barthes og U. Eco unnið í Evrópu en fræðimenn hins svokallaða Tartú- og Moskva-táknafræðiskóla (e. *Tartu-Moscow Semiotic School*) í Rússlandi, þ.a.m. Yu. M. Lotman, V. N. Toporov og V. Vs. Ivanov.

eru sjálf skoðuð sem líkön.¹¹⁹ Tungumál eru t.a.m. rannsökuð sem e.k. manngerð líkön raunveru-
heims, líkön sem mannsandi skapar í tengslum við það hugarstarf að öðlast þekkingu á heim-
inum.¹²⁰ Svipuð nálgun er viðhöfð gagnvart annars stigs táknkerfum sem byggjast á tungumáli,
þ.á m. gagnvart bókmennta- og þjóðfræðatextum, þegar þeir eru m.a. skoðaðir sem líkan raunheims
sem höfundar og/eða flytjendur textanna búa til á mis-meðvitaðan hátt í tengslum við þekkingar-
öflun og þekkingarsköpun.¹²¹ Þessa nálgun þarf m.a. að hafa í huga við umræðu um tilgang og hlut-
verk þulna (kafla 9.3 og víðar). Annars er nálgun sviðslistafræða (e. *Performance Studies*) höfð til
hliðsjónar í athugun á flutningi þulna í kafla 9.¹²²

Þá var svonefndri endurlitsaðferð (e. *retrospective method*) beitt ásamt sögulegu og landfræði-
legu aðferðinni til að freista þess að komast sem næst rótum þuluhefðar síðari alda og gera grein
fyrir líklegri þróun hennar (sjá kafla 2.2–2.3).¹²³ Aðferðin sækir vitneskju í ríkulega sjóði seinni
tíma þjóðfræða til þess að skýra torskilin atriði í fyrri tíma bókmenntum (sömuleiðis tungumáli, trú
o.fl.), þar sem upplýsingar eru oft af skornum skammti, og til þess að fylla í eyðurnar og gefa betri
og fyllri mynd af umræddum atriðum. Aðferðin var vinsæl fram að öðrum þriðjungi 20. aldar en
hefur nýlega rutt sér til rúms í endurnýjaðri og strangfræðilegri útgáfu þar sem gerð er krafa um að
sannreynt sé að seinni tíma vitneskja eigi við og sé nothæf til að skýra fyrirbæri úr eldri menningu
og tilgreindar eru ýmsar leiðir til að ganga úr skugga um það.¹²⁴

Við greiningu á þulum eru einnig notaðar aðferðir sem voru þróaðar innan bókmenntafræði,
einkum aðferðir samanburðarbókmenntafræði. Synkrónískum samanburði er m.a. beitt við athugun á
stöðu íslenskra þulna gagnvart öðrum íslenskum munnmenntum, sem hafa verið uppi samtíma þulum
(sbr. m.a. kafla 6).¹²⁵ Í slíkum samanburði er m.a. fólgin athugun á því hvaða heiti, minni og jafnvel

¹¹⁹ Sbr. grein Edwards, „The Parry-Lord Theory Meets Operational Structuralism,“ 151–169, sem lýsir flóknu form-
gerðarfræðilegu sambandi kerfis sem heildar og hluta kerfisins þar sem heildin og hlutinn er háð hvort öðru og skiptist á
hlutverkum í e.k. samhjálp.

¹²⁰ Hugmyndin á rætur að rekja langt aftur í tíma, a.m.k. til heimspekingsins Wilhelms von Humboldt, sbr. m.a. verk
hans „Über die Verschiedenheit des menschlichen Sprachbaues und ihren Einfluss auf die geistige Entwicklung des
Menschengeschlechts“, 37–297 (einkum 47–49, 67–71, 103–107 og 197–198); „Über das vergleichende Sprachstudium
in Beziehung auf die verschiedenen Epochen der Sprachentwicklung“, 307–323 (einkum 314–318); „Über den Einfluss
des verschiedenen Charakters der Sprachen auf Literatur und Geistesbildung“, 324–326.

¹²¹ Í þessu sambandi má m.a. benda á mikilvæg verk T. V. Cívjan (ættarnafnið er einnig umritað Tsivjan, Cívan og á
fleiri vegu) og E. M. Neyolovs. Sjá: Цивьян [Cívjan], „Модель мира и ее роль в создании (аван)текста“ [Heimslíkan
og hlutverk þess við gerð (for)texta] og Неёлов [Neyolov], „Фантастический мир как категория исторической
поэтики“ [Ímynduð veröld sem frumhugtak í sögulegri skáldskaparfræði] ásamt nærri samnefndri framhaldsgrein, sbr.
heimildaskrá.

¹²² Sjá t.d.: Schechner, *Performance Theory*. Um hefðbundinn flutning á íslensku þjóðfræðaefni má vísa t.d. til: Jónas
Jónasson frá Hrafnagili, *Íslenzkir þjóðhættir*, 223–256; mjög upplýsandi er einnig ritgerð eftir Jón Samsonarson,
„Íslenzkir dansleikir: Inngangur“ og sömuleiðis eftir Ólaf Davíðsson, „Vikivakar“, 6–95 og „Vikivakaleikir“, 95–146.
Sbr. enn fremur: Gunnell, „Eddic Performance and Eddic Audiences,“ 92–113 og „Völuspá in Performance,“ 63–77.

¹²³ Sbr. m.a. Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the
North Atlantic,“ 98–119.

¹²⁴ Heide, „More Inroads to Pre-Christian Notions, After All?,“ 361–368 (hér einkum 361 og 364–365). Nánar um
aðferðina sjá einnig: Heide & Bek-Pedersen, „Why a New Focus on Retrospective Methods?,“ 11–16 og Yelena Sesselja
Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the North Atlantic,“ 98–119.

¹²⁵ Sams konar athugun var gerð á íslenskum munnmenntum og á þjóðlegum kveðskap nágrannaþjóða; að hvaða marki
bygging þeirra samsvarar byggingu þulna, hvort sömu heiti, minni og stærri einingar og í þulum koma fyrir og að hvaða
leyti má tala um sambærilega og sameiginlega þróun. Lítilangi þessarar athugunar er í kafla 8.2.3; sjá annars Yelena
Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements,“ 51–55 og „Formulae Across the North
Atlantic,“ einkum 136–141.

stærri byggingareiningar eru sameiginleg með þulum og öðrum íslenskum munnmenntum (og bókmenntagreinum þar sem við á) og í hvernig tengslum þulur síðari alda standa við aðrar munnmenntir síns tíma hvað efni og byggingu varðar. Hlutverk díakróníks samanburðar er viðameira, en hann kemur við sögu bæði við athugun á stöðu íslenskra þulna gagnvart öðrum íslenskum munnmenntum og þjóðlegum kveðskap nágrannþjóða og á þróun íslenskrar þuluhefðar frá fornöld til 20. aldar (þar sem hann gegnir lykilhlutverki). Unnið er í anda sögulegrar skáldskaparfræði, einkum með hliðsjón af verkum þeirra sem mest hafa útfært hana á íslenskt efni, en meðal þeirra eru M. I. Steblin-Kamenskij, O. A. Smirnitckaya¹²⁶ og einkum E. A. Gurevich (sbr. kafla 4.3). Söguleg skáldskaparfræði er þverfagleg aðferð sem kemur m.a. inn á svið þjóðfræði, menningarfræði og sögu, og er hún því einnig notuð við athugun á flutningi þulna, hugmyndaheimi og samfélagslegu hlutverki þeirra. Þá var margvíslegum aðferðum beitt við braggreiningu, og er vísað í þær jafnóðum í kafla 7.

Við greiningu á þulubyggingu var m.a. beitt sumum rafrænum verkfærum sem notuð hafa verið undanfarið í ýmsum textafræðilegum rannsóknum í íslenskum fræðum, einkum hugbúnaði til greiningar á þróunarferlum tegunda (e. *phylogenetic software*). Alaric Hall hefur m.a. reynt hugbúnaðinn á íslensku efni – nánar til tekið til að sannreyna og endurmeta stemma íslenskrar riddarasögu á grundvelli tiltölulegra lítilla textaskammta – með góðum árangri, þótt hann taki skýrt fram að greining með aðstoð hugbúnaðarins sé ýmsum takmörkunum háð og þarfnist ýtarlegrar yfirferðar og aðhalds.¹²⁷ Í þessari ritgerð var sami hugbúnaður og Alaric Hall vann með – forritið Pars í PHYLIP-hugbúnaðarpakkanum¹²⁸ – notaður samhliða hefðbundinni textagreiningu til þess að finna líkindi í byggingu þulutexta og vísbendingar um skyldleika þeirra. Vissulega er um að ræða texta úr munnlegri geymd og því er innbyrðis skyldleika þeirra öðruvísi háttáð en í millum sögutexta sem hafa lifað í handritageymd öldum saman. Samt sem áður þótti viðeigandi að nota hugbúnað til greiningar á þróunarferlum tegunda til þess að athuga hvernig textinn breyttist í lifandi munnlegri hefð. Nánar til tekið var hugbúnaðurinn notaður annaðhvort til að grófflokka stóra hópa þulutexta í upphafi greiningar (þar sem eftirfarandi yfirferð myndi laga hugsanlegar misfellur í greiningu) eða til þess að sannreyna greiningu sem þegar hefur verið unnin.¹²⁹

¹²⁶ Стеблин-Каменский [Steblyn-Kamenskij], *Историческая поэтика* [Söguleg skáldskaparfræði] og sami, „Скальдическая поэзия“ [Dróttkvæður kveðskapur], 77–92. Á íslensku og ensku eftir sama höfund: Steblin-Kamenskij, *Heimur Íslendingasagna*; sami, „Þáttur dróttkvæða í heimsbókmenntum,“ 63–71; sami, „An Attempt at a Semantic Approach to the Problem of Authorship in Old Icelandic Literature,“ 24–34. O. A. Smirnitckaya skrifaði nokkrar greinar um fornþulur, þ.á m. Смирницкая [Smirnitckaya], „Три имени из Тулы Одина“ [Þrjú nöfn úr Óðinsnafnaþulu], 23–35, „Имена великанов в «Эдде» и в туле“ [Nöfn tröllkvæna í Eddu og í þulu], 1–19, „Nomina dicendi,“ 183–197 og Smirnitckaja, „Mythological Nomination and Skaldic Synonymics,“ 217–225. Aðferðir hennar koma þó e.t.v. glegggra fram í bókum hennar: Смирницкая [Smirnitckaya], *Древнегерманская поэзия* [Forngermanskur kveðskapur] og *Стих и язык древнегерманской поэзии* [Bundið mál og skáldmál í forngermönskum kveðskap]; sbr. enn fremur: sama, „Скальдические отдельные висы“ [Dróttkvæðar lausavísur], 283–298.

¹²⁷ Hall og Parsons, „Making stemmas with small samples,“ einkum kafla 2.4 „Software analysis“ (um hugbúnaðinn sjá § 32–33 þar og rit sem þar er vísað í), 2.5 „Sampling again: the value of minor variants“ (§ 39–41) og 5.2. „Methodological developments“ (§ 63–66).

¹²⁸ Felsenstein, „PHYLIP,“ einkum kaflarnir: „A general description of PHYLIP“ and „PHYLIP programs and documentation“. Um aðferðafræðilegan grundvöll sjá: Felsenstein, Joseph. „Numerical Methods for Inferring Evolutionary Trees,“ 379–404; sami, „Phylogenies and the Comparative Method,“ 1–15; sbr. Labbé, Labbé, „A Tool for Literary Studies,“ 311–326.

¹²⁹ Nákvæm athugun á skilvirkni hugbúnaðarins við greiningu á þulutextum hefur ekki verið meðal markmiða með þessu verkefni, en reynsla þeirrar er hér ritar af notkun hans er sú að niðurstöður tölvugreiningar fara almennt saman við

Við athugun á þulutextum og heimildum að þeim þarf enn fremur oft að styðjast við tölulega greiningu. Textasafn það sem unnið er með í þessari ritgerð er afar fjölbreytt; textarnir eru mismunandi að lengd, varðveislu og fleiri atriðum, en hinir margvíslegu textahópar, sem safninu er oft skipt upp í (t.d. þulur frá 17., 18., 19. og 20. öld, eða þá þulur frá ýmsum landshlutum), eru oft mjög misjafnir að stærð. Því er oftast en ekki notast við tiltölulega einfaldan hlutfallareikning, en við framsetningu á niðurstöðum er gjarna reynt að námunda þær.

3.2. Útgáfa

Markmiðið er fyrst og fremst að búa til textaútgáfu sem verði trú heimildum og geymi helstu upplýsingar um þær – og sé um leið trú munnmenntagreininni sjálfri og helstu byggingarlögmálum þulutexta, en þau eru einmitt þungamiðja þessarar ritgerðar (sjá kafla 8.5). Samkvæmt niðurstöðum úr greiningu á þulubyggingu í ritgerðinni virðist textaval til útgáfu, sem ætti að vera í mestu samræmi við eðli hinna síbreytilegu þulna, vera fólgið í því að gefa út fulltrúa allra helstu byggingar-eininga þulna, en það eru *þulublokkir* (sjá 8.3 og 8.5). Skrá yfir algengustu blokkirnar er í Viðauka I þar sem þær eru flokkaðar eftir tegund: upptalningar á heitum, upptalningar á minnum, frásagnarblokkir og blandaðar blokkir (Ia–Id); þar er þess freistað að afmarka hverja blokk og greina með tilliti til helstu textaeininga, sem hún samanstendur af, og til helstu gerða hennar. Rökrétt er að stefna að því að birta í útgáfunni fulltrúa helstu blokkanna í öllum helstu gerðum, en blokkirnar eru rúmlega 50 (í sumum köflum í Viðauka I er fjallað um fleiri en eina blokk). Á milli nokkurra texta sem tilheyra sömu gerð er rökrétt að velja þann sem hefur flest einkenni gerðarinnar, jafnvel þótt slíkur texti sé eftirrit annars sem hefur færri einkenni gerðarinnar, en gera þarf grein fyrir uppruna textans og handritatengslum.¹³⁰ Standi svo á að tveir eða fleiri textar tróni saman á toppi listans yfir texta með flest einkenni yrði sá eldri/elsti fyrir valinu. Þá ætti enn fremur að gefa út alla elstu þulutextana (frá 17.–18. öld) þótt þeir yrðu ekki inni í ofangreindu úrtaki. Loks er íhugandi að gefa út texta sem eru verulega frábrugðnir algengustu gerðum og með athyglisverð tilbrigði.

Slíkt úrtak myndar grunntextasafn sem þarf að gefa út á einhverjum útgáfumiðli, en tilhögun slíkrar útgáfu – frá umfangi og textavali til hinna smæstu framsetningaratriða – fer mjög eftir því hvaða miðill er valinn. Þegar þetta er ritað (nóvember 2019) stendur valið helst á milli hefðbundins bókarforms og vefútgáfu. Sú síðarnefnda veitir útgefanda talsvert meira svigrúm – einkum í fjölda

niðurstöður handvirkar greiningar og auðga jafnframt þá síðarnefndu með því að benda á atriði sem farið hafa fram hjá rannsakanda; þannig nýttist hugbúnaðurinn best þar sem bera þurfti saman mikinn fjölda texta með margar breytur. Við tölvugreiningu er hins vegar ekki hægt að taka tillit til allra sérkenna textanna, og þá ekki til ýmissa einkenna heimildanna sem varðveita þulutextana, þannig að rík þörf er fyrir ýtarlegri yfirferð á niðurstöðum tölvugreiningar. Þetta er svipuð reynsla og hjá Alaric Hall (Hall og Parsons, „Making stemmas with small samples.“), þótt hún sé ekki studd með nákvæmum mælingum. Tímasparnaður, sem er snar þráður í athugun Alarics, virðist ekki vera eins mikill í athugun á þul-um, enda eru þulur ekki jafn umfangsmiklir textar og sögur sem eru undir í rannsóknum Alarics og þeirra sem hann vísar í.

¹³⁰ Af útgáfudrögum Jóns Samsonarsonar að dæma stóð til að gefa út elstu þulutextana (17.–18. öld) og textana sem Fornfræðafélagið og Jón Árnason söfnuðu á ofanverðri 19. öld (sbr. Prófarir 1–2). Aðeins virðist hafa staðið til að birta elstu uppskrift hvers texta en ekki afrit sem voru gerð af henni síðar; lesbrigði, sem urðu til við afritun á þulutextum, virðast þó hafa átt – a.m.k. upprunalega – að fylgja textunum ef dæma má af fyrstu örk í Próförkum 2 og öðrum gögn-um Jóns (sjá kafla 5.2.3). Þessi leið er einnig góð og gild. Í samtali við þá er hér ritar sagði Jón að framsetning annars staðar í próförkunum hafi verið að ósk ritsstjóra, en aðeins eru stuttar upplýsingar um heimildir aftast í Próförkum 1 (engar upplýsingar um heimildir eða texta hafa varðveist með seinna bindinu).

texta sem hægt er að birta – og býður upp á fleiri framsetningarmöguleika sem eru ekki endilega til á pappír. Einn þeirra væri að sýna tengibrautir á milli mismunandi blokka (sbr. 8.5) sem tengla og leiða lesandann þannig í gengum þulutexta. Sá möguleiki að birta fleiri texta en færri leysir einnig – a.m.k. að hluta – lesbrigðavandann sem flestir útgefendur standa frammi fyrir. Lesbrigði eru nauðsynleg til að átta sig á textum sem varðveist hafa í handritum, en þau eru hins vegar í ákveðinni andstöðu við munnlega texta og munnlegan flutning þar sem þau trufla flæði. Reyndar verður textinn, sem er prentaður í meginmáli, minnst fyrir því „ónæði“ sem hlýst af lesbrigðunum. Hins vegar koma textar, sem liggja að baki prentuðum lesbrigðum (en koma ekki sjálfstætt fram), miklu verr út vegna þess að það er erfitt – jafnvel fyrir þjálfaðan lesanda – að endurbyggja jafnharðan í huganum heildartexta upp úr lesbrigðum neðanmáls (einkum ef prentuð eru lesbrigði úr fleiri en einni heimild). Þörfin fyrir að prenta lesbrigði minnkar hins vegar umtalsvert ef fleiri varðveittir textar eru prentaðir sér, þ.á m. eftirrit; hver texti verður þá sjálfstæð og tiltölulega afmörkuð heild, tilbúin til flutnings. Vefútgáfa, sem gerir slíkt helst mögulegt, hefur þó einnig sína galla, og ber þar hæst forgengileika og nauðsyn tíðs viðhalds sem af honum leiðir.¹³¹

Útgáfa á þulum eftir helstu byggingareiningum þeirra veitir ýmsa möguleika á að raða textum í útgáfunni.¹³² Byrja má t.d. á þeim þuluflokki (sbr. kafla 1.2) sem hefst jafnan á algengustu blokkinni (sem er á öllum tímum *Sat eg undir fiskahlaða föður míns*) og birta fyrst algengustu gerð hennar og síðar aðrar gerðir – eftir skyldleika eða eftir því hversu algengar þær eru, eða þá í tímaröð. Eftir það myndi koma algengasta gerð þulunnar sem hefst á næstalgengustu blokkinni, og svo koll af kalli. Í útgáfu sem þessari væri áhersla færð frá varðveislu þulutexta yfir á textana sjálfa. Slíkri útgáfu þurfa þó að fylgja miklar skrár, m.a. skrá yfir blokkir og skrá yfir heimildir í tímaröð lesendum til glöggvunar. Á hinn bóginn væri einnig mögulegt að byrja á þeim þuluflokki sem hefst á blokkinni sem varðveitt er í elstu heimildum, gera öllum gerðum hennar skil, taka svo næstelstu blokkina fyrir o.s.frv.

Enn er ónefnd mikilvæg ákvörðun sem þarf að taka við hverja útgáfu og snýr að stafsetningu. Hægt er að segja – án þess að rekja í löngu máli – að valið standi einkum um stafrétta útgáfu eða útgáfu þar sem stafsetning er samræmd til nútímahorfs,¹³³ og hlýtur sú síðarnefnda að verða fyrir valinu ef útgáfan á að vera auðlesin. Það væri þó fyrirhafnarinnar virði – og jafnframt rýmis á bókar-síðum – að prenta einnig stafréttan texta fyrir elstu þulurnar (frá 16.–18. öld).¹³⁴ Í vefútgáfu er hægt að birta sérhvern texta á þessa tvo vegu.¹³⁵

¹³¹ Gagnleg umfjöllun um vefútgáfur vs. pappírsútgáfur er t.d. í: Jørgensen, Modalsli, Ore og Ystad, *Bok og skjerm*. Sbr. Foley, „From Oral Performance to Paper-Text to Cyber-Edition,“ 233–263; sami, *Oral Tradition and the Internet*.

¹³² Jón Samsonarson mun hafa ætlað að birta þulutexta í tímaröð – að Þórnaldarþulu undanskilinni, en hún átti að birtast fremst í fyrri bindi; ýmsar gerðir hennar virðast einnig hafa átt að vera í tímaröð. Það er einnig góð og gild leið.

¹³³ Sbr. ýtarlega greinargerð á mismunandi útgáfum: Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Stafrétt eða samræmt?,“ 197–235. Táknréttar útgáfur kunna einkum að gagnast skriftar- og handritafræðingum, en þeir myndu hafa enn meira gagn af ljósmyndum af þuluhandritum. Það er því alvarlega íhugandi að láta ljósmyndir fylgja tiltölulega fáum þulutextum sem eru varðveittir í handritum frá 17.–18. öld.

¹³⁴ Vafaatriði í stafréttri útgáfu verða þá leyst miðað við málstig og ritvenjur þess tíma þegar texti er talinn vera skrifaður niður. Við lausn úr böndum verður t.d. að miða við rithátt sem handritaskrifarar frá þeim tíma myndu nota ef orðið væri skrifað óbundið. Hins vegar þykir óheppilegt að færa stafsetningu hvers texta til málstigs þess tíma sem textinn er talinn vera frá, en þulutextar, sem hafa varðveist í handritum, eru skrifaðir á löngu tímabili (um 300 árum eða lengur ef t.d. Grettisfærsla er talin með), og þá er hætt við því að stafsetning textanna verði ákaflega margbreytileg. Farsælla

4. Rannsóknarsaga

Fræðileg umræða um þulur síðari alda hefur ekki verið mikil þótt fornþulur hafi vakið talsverðar umræður (sbr. kafla 2.2) og allnokkrir þulutextar síðari alda – og jafnframt þululjóð – hafi birst í ýmsum útgáfum, blöðum og tímaritum. Skýringin á þessari takmörkuðu fræðilegu umfjöllun kann að hluta til að liggja í skorti á vandaðri útgáfu á þulum síðari alda, en þessi skortur tengist m.a. þeirri jaðarstöðu sem þulur höfðu í handritum (sbr. kafla 5.2.1) og þeirri lágu stöðu sem þulur höfðu miðað við margar aðrar munnmenntir á síðari öldum. Þær rannsóknir á þulum síðari alda sem þó hafa verið gerðar hafa að mestu haldist í hendur við söfnun og tilraunir til útgáfu á þulunum, einkum á ofanverðri 19. öld og ofanverðri 20. öld. Í þessum kafla greinir fyrst frá þuluathugunum Jóns Árnasonar og Ólafs Davíðssonar og umræðu um efnið á öndverðri 20. öld (kafla 4.1), í öðru lagi frá rannsóknum á þulum síðari alda á ofanverðri 20. öld (kafla 4.2), en í þriðja lagi frá ritum um skylt efni (m.a. fornþulur) og þjóðfræði almennt sem koma þessari rannsókn við (kafla 4.3).

4.1. Þulumfjöllun Jóns Árnasonar o.fl. á ofanverðri 19. og öndverðri 20. öld

Fram að miðri 20. öld var mest fjallað um þulur síðari alda í tengslum við textaútgáfur frekar en í fræðiritum. Hér er þó um að ræða umfjöllun menntamanna, sumra háskólagenginna; en aðalatriðið er það að flestir sem hér um ræðir voru mikilvirkir þjóðfræðasafnarar og lögðu sig í líma við að gjörþekkja þuluhefðina.

Jón Árnason, einn mesti þulusafnari á Íslandi á 19. öld og sá fyrsti til þess að búa þulur sem kvæðagrein til prentunar, virðist einnig hafa verið fyrstur manna til að setja saman ritgerð gagnert um íslenskar þulur síðari alda sem var ætluð til prentunar. Í þulusafni Jóns eru ýmis aðföng og drög að inngangi að hinu fyrirhugaða þriðja bindi þjóðfræðaútgáfu hans þar sem áttu að koma út „gátur, þulur (lánglokur) og leikir“¹³⁶ (Lbs 587 4to VII, einkum [35r–37v]) ásamt nánari umfjöllun um þulur ([38r–41v]). Inngangurinn hefst á stuttri umfjöllun um aðdraganda hinnar fyrirhuguðu útgáfu 3. bd. þjóðfræðasafns Jóns ([35r–35v]), öðrum kafla um gátur ([35v–36v]) og hinum þriðja um merkingu orðsins *þula* ([37r–37v]; um leiki virðist ekki fjallað að sinni). Þar á eftir er umfjöllun um þuluform, þulur og þuli að fornu, hlutverk þulna á dögum Jóns og loks um flokkun, niðurröðun og uppruna texta í útgáfunni ([38r–40v]).¹³⁷ Aðeins brot úr innganginum hafa verið prentuð,¹³⁸ og er því ástæða til að greina frá honum nánar hér.

sýnist að velja eitthvert eitt málstig til að miða við. Flestir þulutextar eru skrifaðir í handrit á 19. og 20. öld, og því virðist réttlætjanlegt að samræma stafsetningu allra þulutexta í útgáfunni til nútímahorfs – en halda til haga sérstæðum orðmyndum o.fl. þess háttar.

¹³⁵ Hugsanlegt er að nota hugbúnað – á borð við XML-hugbúnað – til að búa til samræmda útgáfu úr stafréttum texta skv. aðferðum sem Odd Einar Haugen hefur lýst (Haugen, „On the diplomatic turn in editorial philology,“ 340–349), en meta verður hvaða hugbúnaður kemur best út miðað við hlutfallið tími vs. gæði.

¹³⁶ Lbs 587 4to VII, [35v], leturbreyting í handritinu; um þjóðfræðaútgáfu Jóns og þuluútgáfu sjá nánar kafla 5.3.

¹³⁷ Blöð [35–36] og [40–41] eru tvinn (röð blaðsíðna í því síðarnefnda er óljós) en [37–39] laus blöð; ekki er því hægt að útiloka að efnið hafi upprunalega verið í annarri röð. Bl. [38–41] eru á öðrum pappír en [35–37] og eru líklega skrifuð með annarri hendi (hugsanlega Þorvaldar Thoroddsen). Stærsti hluti umfjöllunar um þulur á bl. 38–41 varðveittist einnig í afskrift Þorvaldar Thoroddsen í Lbs 1124 8vo II, [1r–4v] (sbr. Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2: 215). Þar er efni úr Lbs 587 4to VII [38r, 40r–41r] og [39r–39v] (í þessari röð) með smávægilegum leiðréttingum og viðbótum sem stafa að líkindum frá Ólafi Davíðssyni, en Ólafur hefur ætlað að nota þennan hluta sem inngang að *ÍGSVP*, 4 en hætt við. Framan við innganginn í afriti Þorvaldar stendur: „Þessi formáli ætlaðist Jón Árnason

Í umfjöllun um merkingu orðsins *þula* að fornu fer Jón Árnason yfir flesta þætti sem notaðir eru til þess að lýsa (forn)þulum allt fram á þennan dag, einkum í víðari merkingu orðsins. Hann heldur því fram að orðið *þula* hafi í fornritum¹³⁹ merkt sama og kvæði ([37r]) og tengst fornum fræðum en miður vönduðum bragarháttum,¹⁴⁰ því þulur hafi verið „gömul kvæði sem eigi voru sett með föstum bragreglum“ ([40v]) og hafi verið farnar að þykja óvandaðar þegar á miðöldum. Jón nefnir einnig að orðið hafi tengst flutningsmáta í merkingunni *þylja* „að flytja fram“ ([37v]), einkum „fljótt og með hálfsvingjandi eða kveðandi rómi“ ([40v]). Aðalatriðið í merkingu orðanna *þula* og *þylja* áleit Jón tilganginn, eða að „[...] flytja eitt fram öðrum til skemtunar<, > \gagns/ eða dægra styttingar, eða til að spekja huga manna [...]“ ([37v]);¹⁴¹ sbr. kafla 2.2.¹⁴²

Á samtímaþulur (þ.e. þulur síðari alda) leit Jón hins vegar sem þær væru aðeins „allmenn barnagleði“ ([38r]) og „eigi orðnar annað en barnagaman“ ([39r]). Að þessu fram komnu getur Jón aftur tilgangsins með þulum, og er hann í stórum dráttum sá sami og að fornu:

[...] þulurnar [...] eru sumar ætlaðar til að skemta börnunum, sumar til þess að svæfa þau[,] /sumar til þess að síða þau,\ sumar ætlaðar til að vekja eptirtekt þeirra og minni, sumar \eru/ um daglega lífið á sveitabæjum, sumar nokkursk. leikir o.s.frv.¹⁴³

Ekki fyrr en að þessu sögðu nefnir Jón einfalt bragform þulna („rímið og hljóðfallið“ [38r]; sbr. [40r]) og einfalt innihald sem hann líkir við mál og hugsanir barna ([38r]), en einmitt þessi atriði eiga síðar eftir að skipta mestu máli í skilgreiningum á þulum, bæði í fornþulmenntum og á síðari öldum. Jón freistar þess ekki að skilgreina einfaldleika bragforms eða byggingar þulna nánar né að afmarka þulur frekar. Af skrifum hans, þ.e. drögum að inngangi og Hugvekju 1858 og 1861 (sjá kafla 5.1) má álykta að næst þulum standa í huga Jóns langlokur, barnagælur og leikformálar. Jón gerir eigi að síður nokkuð skýran greinarmun á þulum og langlokum þótt þær síðarnefndu séu líka í safni hans: „Nokkrar algengar langlokur hefi eg látið fylgja þulunum<, > t.d. nokkrar alg. langlokur eptir Hallgr. Péturss. af því þær eru \víða/ notaðar og hafðar yfir einsög þulur“.¹⁴⁴ Sömuleiðis eru bæði leikformálar og barnagælur í safni Jóns. Leikformálar eru sums staðar jafnvel nefndir *þulur* og

til að yrði framan við þulusafn hans (1887), en Ólafur Davíðsson notaði hann ekki“ (Lbs 1124 8vo II, [1r]). Aftan við innganginn, á eftir nafni Jóns Árnasonar (4v), er stuttur eftirmáli frá Ólafi um efni sem hann bætti við, niðurröðun þulna o.fl. (sbr. kafla 5.3.)

¹³⁸ T.d.: Jón Samsonarson, „Barnagælur,“ 75–76; Rósa Þorsteinsdóttir, „Ljósgeislar í marglitu gleri,“ 3.

¹³⁹ Jón Árnason vísar í tvö rit: Snorra-Eddu í tengslum við Þorgrímsþulu og Sæmundar-Eddu (sem hann nefnir svo) í tengslum við Rígsþulu (Rígsþula hefur að vísu aðeins varðveist í Ormsbók, handriti Snorra-Eddu). Sbr. umfjöllun í kafla 2.2.

¹⁴⁰ „Þulurnar standa á nokkurskonar miðstigi milli bundins og óbundins máls, á þeim er enginn fastur bragarháttur og opt hlaupið úr einum hætti í annan [...]“ ([40r]). Jón vísar enn fremur í notkun orðsins *þula* í Málsháttakvæði og í vísu Sneglu-Halla *Ortak eina // of jarl þulu*, sbr. kafla 2.2 í þessari ritgerð.

¹⁴¹ Þessu síðastnefnda til staðfestingar vísar Jón Árnason í Hafurs grið og í það að Sneglu-Halli stöðvaði hávaða á þinginu á Jótlandi, sbr. kafla 2.3.

¹⁴² Jón leggur enn fremur áherslu á háan aldur þulna sem hann nefnir „forna speki“ og „forn fræði“ ([38vb]), en slík áhersla á aldur þulna hefur að einhverju leyti stafað af eftirspurn eftir fornfræðum á seinni hluta 19. aldar þegar þessi drög að inngangi voru sett saman, m.a. í ljósi mikilvægi þeirra fyrir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Jón nefnir líka aldur þula, en það hafa „opt verið gamlir menn, sem voru spekingar að viti“ (s.st.), og hafa fræðimennirnir og fræðin „eflaust verið í miklum metum“ (s.st.); um aldur þuluflytjenda og kennsluhlutverk þulna síðari alda sjá kafla 9.2.2 og 9.3–9.4.

¹⁴³ Lbs 587 4to VII, [39r]; fleiri ummæli Jóns eru tilfærð í kafla 9.

¹⁴⁴ Lbs 587 4to VII, [39v]. Sbr. hins vegar bréf Ólafs Davíðssonar aftar í þessum kafla.

flokkaðir sem slíkar;¹⁴⁵ því er sennilegt að þessa texta hafi Jón flokkað með þulum, sem einhvers konar undirdeild þeirra. Um barnagælur er erfitt að segja til með vissu, en Jón virðist ekki lýsa afstöðu þeirra til þulna né vísa til þeirra með jafnskýrum hætti. Af uppskriftum Jóns sjálfs í 587 4to I og XII má einnig álykta að hann noti orðið *þula* í fyrirsögnum að mestu í samræmi við skilning þessarar ritgerðar – að frátöldum leikþulum, kvæðinu Gilsbakkaþulu¹⁴⁶ og tveimur óskyldum textum sem eru kallaðir *smalabulur* í handritinu.¹⁴⁷ Ljóst er að Jón notar orðið *þula* í fyrirsögnum af meiri varkárni en margir aðrir safnarar, t.d. Hallgrímur Scheving eða Brynjúlfur Jónsson.¹⁴⁸

Jón virðist þó ekki líta einfaldleika í bragformi og byggingu sömu augum og síðari tíma fræðimenn, sem hafa notað þessa eiginleika til skilgreiningar á þulum síðari alda, sbr. lýsingu hans:

Flestar ísl. þulur bera það með sér að þær eru barnagaman, þær eru barnamál í bundinn<i> ræðu, rímið og hljóðfallið er svo einfalt að það fellur svo vel í eyra barnanna og innihaldið er oftast líkt tali og hugsunum þeirra, í þulunum er daglega lífinu, þjóðsögum og [b]arnasögum blandað saman í eina bendu og sífellt hlaupið úr einu í annað, án þess hinir einstöku hlutar séu teng[d]ir saman af nokkurri fastri hugsun, barnsálin er enn þá ekki vöknud til meðvitundar um orsakir og afleiðingar, hún er eins og skuggsjá, sem grípur allt er við horfir án þess að hugsa um hv[ort] nokkuð eðlilegt samhengi er milli hinna einstöku parta; börnin eru ánægð með gullastokkinn sinn, þegar hann er fullur af margskonar hlutum, skeljum, hnöppum<, > leggjum og glerbrotum, og þulurnar eru í sinni röð ekki ósvipaðar<, > hugmyndirnar leika lausar<, > hoppa og stökkva eins og ljósgeislarnir í marglitu gleri.¹⁴⁹

Þessi umfjöllun, sem gefur nokkuð einfaldaða og stílfærða mynd af hugsunarhætti barna, samræmist þó hugmyndum barnasálfræði um synkretisma¹⁵⁰ í skynjun, skilningi og hugsun lítilla barna sem upplifi hluti án þess að greina einstaka þætti þeirra og tengsl þar á milli og eigi því til að mynda hugrenningartengsl og nándartengsl – frekar en rökræn tengsl – á milli hluta.¹⁵¹ (Um mikilvægi hugrenningar- og nándartengsla í byggingu þulna sjá kafla 8.3.2.1 og 8.3.2.2.) Þá er umfjöllun Jóns um þulur á miðöldum sem „forna speki“ á mörkum bundins og óbundins máls, flutta á hálfsvingjandi hátt, í samræmi við hugmyndir um synkretisma í bókmenntafræði. Samkvæmt þeim myndar kveðskapur – á sínum fyrstu þróunarstigum – eina heild með tónum (söng) og jafnframt hreyfingum; þá er kveðskapurinn enn óskiptur, þ.e. hefur ekki greinst í epík, lýrík og drama. Hugmyndir A. N. Veselov-

¹⁴⁵ Í Lbs 587 4to VII, [34v] er t.d. þessi tilvísun: „Leikþula (Formálar fyrir leik) Ps. I, № 13., 2[3] bls.“. Vísað er á bls. 23 í Lbs 587 4to I (þulusafni Jóns), í textann „Flyttu mig yfrum brú brú breiða!“ með fyrirsögninni „Leiksköp í Risaleik: Brúarleikur“.

¹⁴⁶ Sbr. til að mynda Lbs 587 4to IV, 18r, Lbs 587 4to VIII, 20v (kvæðið er á 19r–20r) og 21r (um kvæðið á 21r–23r).

¹⁴⁷ T.d. *Nú er eg búinn að reka fé mitt í haga*, Lbs 587 4to I, bls. 37 (sbr. Lbs 587 4to XII, bls. 53, leiðrétt þar í „Smalabæn“) og *Vappaðu með mér, Vala* (s.hdr., bls. 49). (Sbr. þó óvenju mikla fyrirsagnanotkun í Lbs 587 4to XI.)

¹⁴⁸ Í Lbs 1911 8vo, handriti Brynjúlfs, er t.d. stór kafli (bls. 18–58) þar sem nærri hver texti hefur orðið *þula* í fyrirsögn. Sumir textarnir eru þulur í skilningi þessarar ritgerðar, aðrir ekki.

¹⁴⁹ Lbs 587 4to VII, [38r].

¹⁵⁰ Hér er hugtakið *synkretismi* (sbr. grískt *συνκρητισμός*, e. *syncretism*) notað í merkingunni „hinn upprunalegi heilleiki, ósundurliðun“, en hún er lögð í þetta hugtak m.a. í sálfræði og bókmenntafræði vs. trúarbragðafræði (þar sem er orðið oft notað í merkingunni „samruni, samblöndun“ þátta úr ólíkum áttum, eða sem samheiti við úrvalsstefnu, e. *eclecticism*). Um synkretisma á tveimur fyrrnefndum sviðum sbr. m.a. Piaget, *The Language and Thought of the Child*, og Vygotsky, *Mind in Society*.

¹⁵¹ Sjá t.d. Piaget, *The Language and Thought of the Child*, 79, 100, 132–139, 147, 154–156 og víðar.

sky o.fl. um forsögulegan synkretisma í kveðskap eru hornsteinn sögulegrar skáldskaparfræði sem er, að breyttu breytanda, enn í fullu gildi sem vísindaleg nálgun bæði í bókmenntafræði og þjóðfræði.¹⁵²

Þessi upplifun Jóns Árnasonar á þulum samræmist hins vegar ekki því að hluti heimildarmanna hans virðist flokka þulur síðari alda saman við lengri frásagnarkvæði – en ekki barnavísur og barnagælur (sjá kafla 6.2). Þá þarf að hafa í huga að þulur eru ekki skáldskapur barnanna sjálfra eða kveðskapur sem gengur barnanna á meðal heldur kvæði sem foreldrar (og aðrir fullorðnir á heimili) fara með fyrir börn (sjá kafla 9). Hugleiðingar Jóns um þulur og barnssálina útskýra varla hvaða ástæður fullorðnir höfðu til þess að fara með svo tilkomulítinn – og jafnvel vafasaman á köflum – fróðleik fyrir börnin, fróðleik sem ýmislegt bendir til að margir hafi skammast sín fyrir.¹⁵³

Theodóra Thoroddsen útskýrir þetta hins vegar í greininni „Þulur“ í *Skírni* 1914,¹⁵⁴ en þar skrifar hún frá sjónarhól hinnar störfum hlöðnu húsmóður sem sinnir fjölda misgamalla barna. Greinin er reyndar ekki eiginleg athugun á þulum heldur deilurit í tengslum við þær, eða andsvar við ritfregn G. F. (Guðmundar Finnbogasonar) um kvæðabók Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum, *Nokkur smákvæði*. Umsögn Guðmundar um bókina er lofsamleg, sérstaklega síðasti hluti hennar um frumortar „þulur“ Ólafar,¹⁵⁵ en Guðmundi finnst hinn lausbyggði – að formi og innihaldi – „þulu-háttur“ hæfa konum svo vel að hann ályktar: „Þulan er kvennlegur bragarháttur.“¹⁵⁶ Auðséð er að það eru ummæli Guðmundar um *þulu-háttinn* sem sé „eins og tekin úr sál kvenna: »á hverfanda hveli«, laus á kostunum, þegar það vill, síbreytilegur og dutlungafullur, engu lögmáli bundinn nema geðþóttans“ sem Theodóra bregst við með lýsingu sinni á þuluflutningi konu sem þarf að róa börn:

Söguforðinn er fyrir löngu upp unninn [...], allar gátur ráðnar [...]. Konan grípur þá til þess örþrifaráðs, að setja saman í hendingum og hljóðstöfum það sem kallað er þula. Enginn tími er til þess að vanda mál og rím, því síður að kveða til lengdar um sama efni, tekið það sem í hugann flýgur [...]¹⁵⁷

Grein Theodóru er eflaust innlegg í kvenréttindabaráttu. Greinin er einnig inngangur að hennar eigin þululjóðum þar sem hún aflar sér fanga í þulum síðari alda en eru að öðru leyti ávöxtur

¹⁵² Sjá verk A. Veselovsky, t.d.: Веселовский [Veselovsky], *Историческая поэтика* [Söguleg skáldskaparfræði], m.a. „О методе и задачах истории литературы как науки“ [Aðferð og markmið bókmenntasögu sem fræðigreinar], 41–52 og „Три главы из исторической поэтики“ [Þrjú kaflar um sögulega skáldskaparfræði], 200–380 og einkum inngangur þar, 200–202. Veselovsky vinnur m.a. mikið með íslenskt efni, þ.á m. eddukvæði (sbr. 204–209 og víðar) og dróttkvæði; þulir (t.d. 318–319, 321–322) og (hirð)skáld (322, 327 og víðar) gegna lykilhlutverki í kenningum Veselovsky um uppruna og mótn höfundarkveðskapar. (Á ensku má kynna sér m.a.: Veselovsky, „From the Introduction to Historical Poetics“, 39–64.) E. M. Meletinsky var meðal þeirra sem hafa uppfært kenningar Veselovsky um synkretisma.

¹⁵³ Hér má vitna í bréf frá Jóni Ingjaldssyni á Húsavík til Fornfræðafélagsins frá 1847 (sjá Jón Samsonarson, „Söfnun þjóðkvæða á 19. öld“, 9); bréf frá Helga Sigurðssyni á Jörfa til Fornfræðafélagsins frá 18. janúar 1852 í AM 960 XIII 4to („Ad 13“, 1r) þar sem segir m.a.: „Þó er auðsjeð að það, þulurnar, er víða efnislítið, ósamanhangandi og enda málleysur“; enn fremur í bréf Sigurðar Gunnarssonar (Desjarmýri) til Jóns Árnasonar frá 18. mars. 1861 („Núna rispaði eg 1 ark af þulum og gátum flest roga vitleysa, eptir stelpum mínum“; sjá NKS 3010 4to (14), bréf nr. 22, 2v) og loks í ummæli eftir Konrad Maurer (formáli að: *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum*, 15).

¹⁵⁴ Theodóra Thoroddsen, „Þulur“, 415–420.

¹⁵⁵ Hér má enn og aftur merkja hversu oft þulur eru aftast, eða eru hafðar síðastar – í handritum, útgáfum og sömuleiðis umsögnum (sbr. kafla 5).

¹⁵⁶ G. F., „Ólöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði“, einkum 102 (leturbreyting í frumtexta).

¹⁵⁷ Theodóra Thoroddsen, „Þulur“, 416.

nýrómantíkurinnar.¹⁵⁸ Greinin fjallar því öðrum þræði um eigin kveðskap Theodóru, en það litar umfjöllun hennar um þulur síðari alda. Það kemur m.a. fram í upptalningu á efni sem flytjandi nýtir í þulur, en þar er lögð mikil áhersla annars vegar á „stásmeyjar“ og „kongshöllina“, orðin sem koma varla fyrir í þulum síðari alda þar sem eitt helsta umfjöllunarefnið er hversdagslegt sveitalíf (sjá kafla 8.2.4), og hins vegar á „álfa, dverga, tröll og marbendla“. Síðastnefndu vættirnar eru fyrirferðarmiklar í hinum nýrómantísku þululjóðum Theodóru en ekki áberandi í þulum síðari alda – nema þuluhugtakið hafi verið mun yfirgripsmeira í skilningi Theodóru en í skilningi þessarar ritgerðar, en um það er erfitt að álykta út frá greininni. Þá hefur Theodóra ekki haft þann fræðilega ásetning að skoða þuluflutning frá öllum hliðum; fyrir vikið fjallar hún t.d. ekki um karla, sem þó fóru einnig með þulur fyrir börn (sjá kafla 9), og skýrir ekki ástæður þeirra fyrir því.

Hafi Ólafur Davíðsson skrifað um þulur í því skyni að skilgreina þær er óvíst að þau skrif hafi varðveist. Hann lýsir þó þulusafni sínu (sbr. kafla 5.2.1) í bréfi til Jóns Árnasonar frá 22. febrúar 1886¹⁵⁹ í tengslum við áform Jóns um að gefa út þulur, þjóðkvæði og ýmis önnur þjóðfræði í framhaldi af þjóðsagnaútgáfu sinni. Ólafur lætur stuttar athugasemdir fylgja lýsingu á ýmsu efni í safninu sem fela oft í sér röksemdafærslu fyrir afmörkun þulna gagnvart öðrum munnmenntum frá praktísku sjónarhorni safnara og útgefanda.

Þannig kemur m.a. fram í bréfi Ólafs að langlokur eru ekki í þulusafni hans, enda séu þær ekki þjóðskáldskapur „þar sem höfundar eru kunnir að þeim flestum og auk þess eru bragarhættirnir við þær miklu margbrotnari og flóknari en óbrotinn og einfaldan þjóðskáldskap“ (1v–2r). Gælur, barnavísur og Grýlukvæði telur Ólafur þó til þjóðskáldskapar (2r)¹⁶⁰ – en ekki kemur fram hvort hann telur þetta efni til þulna. Af þessu má samt sjá að Ólafur notar höfundarleysi og einfalt bragform sem mælikvarða á þjóðkvæði almennt. Leikþulur sendir Ólafur Jóni ekki, en af annarri ástæðu: „því þær er ómögulegt að skilja við leikina sjálfa“ (2r), og virðist hér hlutverk textanna ráða með hvers konar efni þeir lenda í safni og síðar í útgáfu. Það að Ólafur kallar textana *leikþulur* kann þó að fela í sér að hann hafi eigi að síður flokkað þá sem þulur (líkt og Jón Árnason). Þá er Ólafur tilbúinn að taka tvennt í þulusafn á grundvelli flutningsmáta: „frásöguna um Fóu og Fóu Feykiróu og Beinana“ – þar sem „við berum það fram eins og þulur“ (2v, leturbr. í frumetxta) – og bréf á borð við svokallað Hrómundarbréf, þótt hér sé Ólafur ekki eins viss þar sem hann „veit að þau eru ekki þulur í raun og veru, en þau eru romsuð upp eins og þulur og er það setningaskipuninni að kenna“ (2v–3r). Loks telur Ólafur kvæði eins og „romsuna um hann Fúsintes“ (þ.e. keðjukvæði) vera „víst reyndar kvæði í raun rjettri“ (2r, leturbr. í frumetxta) en séu hins vegar bæði „orðin að þulum í munnum manna“ (2v) og ekki síður þjóðkvæði en þulurnar (en samt ekki fornkvæði). Ólafur leggur því til að hafa slík kvæði með í safninu en þó „í flokki sjer“ (2v); það gerir hann síðar í *ÍGSVP*, 4 (bls. 276–303) og nefnir flokkinn „þulukvæði“.

¹⁵⁸ Sbr.: Ármann Jakobsson, „Í heimana nýja: Skáldkona skapar sér veröld,“ 109–127; Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur: Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur,“ 123–151.

¹⁵⁹ NKS 3010 4to (5), Ólafur Davíðsson, nr. 3.

¹⁶⁰ Hér virðist vera nokkur þversögn þar sem rökin gegn því að langlokur teljist til þjóðkvæða eru m.a. þau að höfundar þeirra eru kunnir – en hins vegar telur Ólafur Grýlukvæði til þjóðkvæða þótt höfundar séu kunnir.

Ólafur Davíðsson hefur því einkum látið flutningsmáta skera úr um hvort efni ætti að flokka sem þulur eða ekki, en einfalt bragform hefur honum fundist einkenna þjóðkvæði í heild frekar en aðeins þulur. Tenging á þulum og barnaefni er ekki í þessari umræðu, en það getur reyndar stafað af því að Ólafur segir aðallega frá efni sem er á mörkum þess að vera þulur – og tilgreinir sérstaklega hvað er *ekki* þulur – en ekki hvað þulur sjálfar eru í heild sinni.

Sigfús Sigfússon er enn einn fárra safnenda og útgefenda þulna fyrir miðja 20. öld sem greinir frá þulum sérstaklega. Þjóðfræðasafn hans er til í tveimur gerðum; fyrri gerðin, A, var gefin út 1982–1993 sem *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* (11 bd.), en síðari gerðin, B, kom út miklu fyrr, eða 1922–1958, sem *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir* (16 bd.).¹⁶¹ Áherslur Sigfúsar eru nokkuð mismunandi í þulumfjöllum í formálum að efni XV. flokks í B-gerð og A-gerð, en í báðum gerðunum fléttast þó hugtökin *þula* og *gæla* þétt saman. Gælur skilgreinir Sigfús einkum eftir hlutverki („Gælur eru blíðlætiskjass, sem helzt er haft við börn, eða aðra ástvini“),¹⁶² en þulur segir hann vera „samkynja gælunum“ en þó ólíkar í tvennu. Annars vegar að bragformi: „En þar sem gælurnar eru tíðast stuttar, og margar í venjulegu vísnaformi, þá eru þulurnar með eins konar langlokuháttum flestar, og margs konar stefjabálkar.“¹⁶³ Orðið *langlokuhættir* hér vísar til reglulegrar stuðlasetningar og ríms og *stefjabálkar* einnig til reglulegrar kvæðabyggingar. Hér fer skilningur Sigfúsar á þulu-hugtakinu ekki saman við skilning þessarar ritgerðar; hann er þó í takt við hugmyndir ýmissa heimildarmanna og þulusafnara (sbr. kafla 6.1).¹⁶⁴ Hins vegar telur Sigfús þulur ólíkar gælum að innihaldi og jafnvel stemmingu, eða „öllu víðfleygari og margbreytilegri en gælurnar“, „blandnari og gáskameiri“.¹⁶⁵ Þá virðist Sigfús einkum líta á þulur sem bragform, sbr.: „Gælurnar eru oft í þulna-, en oft líka í ýmsu vísna-formi“.¹⁶⁶ Í formála að A-gerð er hins vegar mun minni áhersla á form – þótt orðið *leirburður* í lýsingu hans á þulum megi túlka sem vísbendingu til einfaldleika í formi og jafnvel innihaldi – en meiri á innihald (*fræði*) og einkum viðtakendur (börn og ungl-inga).¹⁶⁷ Sigfús gerir ekki skýran greinarmun á þulum og langlokum (fremur en á þulum og gælum), en langlokur segir hann vera „þulur þær sem eru þó öllu heldur vísur og skiljanlegt viti“.¹⁶⁸

Af þessu má sjá að framan af, eða fram á miðja 20. öld, hafa þeir sem greindu þulur nálgast þær einkum út frá tilgangi þeirra, hvort heldur væri fornþulur eða þulur síðari alda. Áhersla á form – einkum þó bragform – kemur ekki inn í umræðu um þulur síðari alda fyrr en á ofanverðri 20. öld.

¹⁶¹ Nánar um báðar gerðir safns Sigfúsar, um önnur handrit hans og um aðferðir við seinni útgáfuna sjá: Óskar Halldórsson, formáli að: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, xiv–xxiii. Sbr. einnig kafla 5.3 í þessari ritgerð.

¹⁶² *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 9.

¹⁶³ *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 33.

¹⁶⁴ Þessi viðhorf skýra líka nokkurn fjölda af langlokum og öðrum lengri kvæðum með þulufyrirsögnum í þuluhóp 15. flokks, t.d. „Heimsóknarþula“ (*Í fyrravetur fyrir jólin*), „Gistingar-þula“ (*Í einu koti eg var nótt*), „Jóa-þula“ (*Róum við í selinn*) og „Mögu-þula“ (*Fór ég eitt sinn ferða minna' á Skaga*); sjá *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 39–42.

¹⁶⁵ *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 33. (Leturbreyting mín – YSH.)

¹⁶⁶ *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 9.

¹⁶⁷ *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, 10: 293.

¹⁶⁸ *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, 10: 339, neðanmáls. Af þessari setningu að dæma virðast langlokur geta verið e.k. undirtegund þulna. Það stangast hins vegar á við að flestar þulur séu undir langlokuháttum (sjá inngang Sigfúsar að þuluhópnum í eldri útgáfunni sem vitnað er í hér að framan).

4.2. Rannsóknir á þulum síðari alda á ofanverðri 20. öld

Það sem hefur verið birt um þulur síðari alda upp úr miðri 20. öld samanstendur aðallega af yfirlitsköflum í uppflöttiritum, greinum (fræðilegum og almenns eðlis, þ.á m. formálum að útgáfum) og fáeinum námsritgerðum. Meðal efnis í uppflöttiritum má einkum nefna kafla um þulur eftir Jón Samsonarson í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* (1983),¹⁶⁹ en þar er gefin greinargóð lýsing á þulum, þótt deila mætti um einstök atriði hennar (sjá aftar í þessum kafla). Í þessari sömu grein er einnig talsvert fjallað um langlokur, sem standa vissulega nærri þulum en hafa eigi að síður ýmis gjörólík einkenni, fyrst og fremst kerfisbundna bragarhætti. Þetta undirstrikar hversu máð mörkin eru á milli þessarar munnmenntagreina (og reyndar margra annarra). Annar kafli um þulur, eftir Ögmundur Helgason, er í *Íslenskri þjóðmenningu* (1989),¹⁷⁰ en skilgreining hans á þulum er nokkuð víð miðað við þann skilning sem lagður er í orðið *þulur* í þessari ritgerð (sjá kafla 1.1 og 10).

Jón Samsonarson, sem hefur rannsakað þulur síðari alda manna mest, gengur í skilgreiningu sinni á þulum að mestu leyti út frá formi þulna, einkum út frá ytra formi þeirra (bragformi): „Þula er ljóð í frjálsu formi án erindaskila. Ljóðlínur eru mjög oft mislangar. Stuðlasetning er óbundin [...]“.¹⁷¹ Jón nefnir einnig snemma að um sé að ræða þjóðkvæði, en önnur sérkenni þulna koma ekki til umræðu fyrr en talsvert síðar í greininni; þ.e. að þulur eru hafðar við börn, eru margbreytilegar og fléttast saman og víða að sér efni úr öðrum greinum. Ögmundur Helgason leggur einnig áherslu á formið í skilgreiningu sinni á þulum, m.a. með þessum orðum: „Á síðari tímum skírskotar þulunafnið hins vegar ekki til yrkisefnis heldur til kveðskaparforms.“¹⁷²

Við þessa leið Jóns og Ögmundar er þó þrennt að athuga. Í fyrsta lagi veldur hún ákveðnu ósamræmi. Jón og Ögmundur skilgreina fornar þulur aðallega með vísun til innra forms þeirra, þ.e. byggingar (og innihalds),¹⁷³ en þulur síðari alda – arftaka fornþulna – skilgreina þeir hins vegar einkum með vísun til ytra forms þeirra, þ.e. bragforms. Í öðru lagi tekur þessi leið ekki tillit til þess að þulur síðari alda eru einnig upptalningar að innra formi til (eins og nánar verður rætt í kafla 8), líkt og fornþulur, þótt sá munur sé á fornum þulum og þulum síðari alda að í þeim fyrrnefndu eru að mestu upptalningar á orðum og stuttum setningum en í þeim síðarnefndu einnig upptalningar á stuttum frásagnareiningum¹⁷⁴ (ekki ósvipað því sem má finna í Rígsþulu – en helst ekki með jafngreini- legum endurtekningum). Þulur síðari alda taka því ekki aðeins nafn sitt í arf frá hinum fornu þulum

¹⁶⁹ Jón Samsonarson, „Þula,“ 310–312.

¹⁷⁰ Ögmundur Helgason, „Þulur,“ 401–409.

¹⁷¹ Jón Samsonarson, „Þula,“ 310. Fyllri tilvitnun er í kafla 1.1.

¹⁷² Ögmundur Helgason, „Þulur,“ 401. Að mati Ögmundar felur hugtakið *þula* í sér „fremur einfalt bundið mál sem getur verið af ýmsum toga en er ekki undir reglubundnum bragarhátum og hefur sjaldnast ákveðin erindaskil eða háttbundna hrynjandi hvort heldur um er að ræða fáeinar línur eða heillanga bálka.“

¹⁷³ Sbr. skilgreiningu hjá Jóni Samsonarsyni („Þulur,“ 311) eða Ögmundi Helgasyni sem segir: „Að fornu virðist þula hafa verið haft um kveðskap undir föstum bragarhátum sem að efni er hvers kyns upptalningar og stundum endurtekningar, svo sem raðir af nöfnum eða orðum og setningum sem virðast eiga saman í einhverri mynd en eru ekki þess eðlis að um sé að ræða neins konar frásagnir eða sögur“ (Ögmundur Helgason, „Þulur,“ 401; ef nafnið *Rígsþula* á við kvæðið í heild (sbr. kafla 2.2) myndi þetta frásagnarkvæði sennilega ekki falla undir þessa skilgreiningu hans á þulu).

¹⁷⁴ Um þróun frá miðalda heitaromsum í þulur síðari alda sjá grein ritgerðarhöfundar: Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar], 158–178. Um skyldleika þulna síðari alda við frásagnarkvæði á borð við Rígsþulu sjá Смирницкая [Smirnitskaya], „Nomina dicendi“, 183–197. Sjá enn fremur umfjöllun í kafla 2.2, 8.5 og 10 í þessari ritgerð.

heldur einnig innra form, nánar tiltekið þá meginreglu að skipuleggja efnið, sem þær hafa fram að færa, sem lista (sjá nánar kafla 8). Meðal rannsóknartilgátna í þessari ritgerð er sú að fyrrnefnd meginregla í innra formi sé eitt helsta einkenni þulna og meðal þess helsta sem gerir þær að sérstakri og sjálfstæðri munnmenntagrein. Í þriðja lagi eru skilgreiningar Jóns og Ögmundar – án frekari afmarkana – nokkuð víðar og ná ekki aðeins utan um þá þjóðkvæðahefð sem má kalla arftaka hinna fornu þulna heldur einnig utan um nokkurn fjölda annarra munnmenntagreina síðari alda.

Jón Samsonarson fer þá leið í nánari afmörkun og lýsingu á þulum í skilgreiningu sinni að greina þær frá þeim kvæðum sem er hvað oftast blandað saman við eiginlegar þulur í frumheimildum: *langlokum* og svokölluðum *keðjukvæðum* (*þulukvæðum*, *þulusögum*, *keðjuþulum* eða *keðjusögum*, eins og þau eru einnig kölluð).¹⁷⁵ Langlokur skilgreinir Jón Samsonarson sem „langa bragi, sem hafðir voru við börn á svipaðan hátt og þ.“, án erindaskila (líkt og þulur) – en með reglulega stuðla-setningu (sem er ekki í þulum) og rím „sem oft tengir saman mörg vísuorð“,¹⁷⁶ auk þess sem langlokur eru „margar eignaðar nafngreindum skáldum, sem er öfugt við þ.“. Hins vegar tekur Jón fram að langlokur fari stundum í munnlega geymd við hlið þulna og orðið *þula* sé ósjaldan notað um þær (sjá nánari athugun í kafla 6.1).¹⁷⁷ Tenging við barnaefni er sameiginleg fyrir þulur og langlokur, eins og Jón bendir einnig á; en þó er ekki víst hversu langt hún nær.¹⁷⁸ Að undanskilinni þessari tengingu gengur skilgreining Jóns á langlokum að mestu út frá formi, líkt og skilgreining hans á þulum, og er varla nægileg sem skilgreining á kveðskapargrein, enda er oft erfitt að skera úr um hvort tiltekið kvæði er langloka eða tilheyrir annarri grein. Líklega hefur Jón Samsonarson þó talið langlokur vera aðra kveðskapargrein en þulur, en hann tekur þær ekki í drög sín að þuluútgáfu frá því fyrir og um 1967–1968.¹⁷⁹ Keðjukvæði eru skv. Jóni Samsonarsyni „[s]érstakur þuluflokkur“,¹⁸⁰ en þau „skiptast í erindi eða kafla, sem sífellt eru endurteknir, og er bætt við nýju atriði í hvert sinn“, t.d. *Karlinn sá í bergi bjó, Ég sá þann mann er fleskið bar* o.fl.¹⁸¹ Taka má undir það að keðjukvæði líkjast þulum að ákveðnu leyti; þau standa á mörkum bundins og óbundins máls (enda einnig kölluð keðjusögur) og byggjast á einhvers konar upptalningum, en á hinn bóginn eru þau ólík

¹⁷⁵ Sbr. t.d. *ÍGSVP*, 4: 276–303 (*þulukvæði*); Ögmundur Helgason, „Þulur“, 407 (*keðjuþulur*); Jón Samsonarson, „Þula“, 312 (m.a. *þulusögur*).

¹⁷⁶ Í kafla 7.3 og 7.4 kemur fram að rím eða stuðlar tengi oft saman fleiri línur en algennt er í hefðbundnum bragarháttum – en þó varla nokkurn tíma eins margar og í langlokum.

¹⁷⁷ „Einnig kemur það fyrir að stök kvæðiserindi og jafnvel heil kvæði verða að þ. í vitund fólks, þegar þau eru notuð á svipaðan hátt við börn“ (Jón Samsonarson, „Þula“, 311), og er Gilsbakkaþula dæmi um slíkt að mati Jóns.

¹⁷⁸ Ólafur Davíðsson prentar í *ÍGSVP*, 3: 365–383 (og víðar) nokkurn fjölda kvæða sem hann kallar „Man-lánglokur“ og sem falla undir skilgreiningu Jóns Samsonarsonar á langlokum en eru ástarkvæði (frekar en barnavísur), enda tengir Ólafur þau vikivökum og telur „ekkert sennilegra en lánglokur hafi verið kveðnar eða mæltar fram á vikivökum, eins og vikivakakvæðin, þótt það sé hvergi tekið fram beinlínis“ (s.r., bls. 365). Vissulega er ekki útilokað að þessar langlokur (eða aðrar, t.d. þær sem Ólafur Davíðsson prentar í *ÍGSVP*, 4: 375–382) hafi meðal annars verið höfð við börn, einkum á 19. öld þegar blómatími þeirra er liðinn (Jón Samsonarson, „Þula“, 311). Erfitt er þó að fallast á afdráttarlausu tengingu langlokna við börn nema frekari röksemdafærsla komi til.

¹⁷⁹ Útgáfudrög Jóns Samsonarsonar varpa stundum meira ljósi á sýn hans á þulur en fræðiskrif hans. Hér er þó ekki um fullfrágengið rit að ræða. Ekki er t.d. hægt að útiloka að fleiri bindi hafi verið áformuð með breiðara efnisvali.

¹⁸⁰ Jón Samsonarson, „Þula“, 312. Í þessari ritgerð er orðið þuluflokkur m.a. notaður í annari – sértækari – merkingu, sbr. kafla 1.2.

¹⁸¹ Jón Samsonarson, „Þula“, 312. – Ekki er óhugsandi að þetta séu einmitt textarnir sem Olga Smirnitckaya hefur í huga þegar hún ræðir um skyldleika þulna síðari alda við Rígsþulu, en keðjukvæði falla eiginlega enn betur en þulur að orðum hennar þess efnis að þulur séu allar byggðar á afturhvérfum og endurtekningum (Смирницкая [Smirnitckaya], „Nomina dicendi“, 194).

þulum (í skilningi þessarar ritgerðar) þar sem þau hafa fyrirfram ákveðna, formúlukennda byggingu. Meðal þeirra eru þó ýmis kvæði sem oft hafa orðið *þula* í fyrirsögninni, t.d. Fúsintespula og Brúsaskeggspula (sjá kafla 6.1 og ummæli Ólafs Davíðssonar í kafla 4.1). Jón Samsonarson virðist ekki heldur telja keðjukvæði til þulna (þrátt fyrir ofangreind ummæli), en þau eru ekki í drögum hans að þuluútgáfu.¹⁸² Í þessari ritgerð verður nafnið *keðjukvæði* notað um þessar romsur til þess að leggja áherslu á að ekki sé um þulur að ræða í skilningi ritgerðarinnar. Að öðru leyti verður hér stuðst við skilgreiningar Jóns Samsonarsonar, bæði á langlokum og keðjukvæðum – og hvorugt talið til þulna þótt textafyrirsagnir í handritum segi stundum annað (sbr. kafla 6.1).

Jón Samsonarson virðist því velja þá leið við skilgreiningu þulna að taka ytra form þeirra sem helsta mælikvarðann og afmarka þær svo nánar með því að aðgreina þær frá öðrum, svipuðum kveðskapargreinum. Þessi leið er ekki ófær, en þá þyrfti líka að ganga lengra og afmarka þulur betur frá fleiri greinum sem standa nærri þeim og blandast oft saman við þær í handritum og öðrum heimildum. Eftir fyrirsögnum í heimildum að dæma blandast *barnagællur* mest saman við þulur, þ.e. að keðjukvæðum og langlokum frátöldum (sjá kafla 6.1). Erfitt er þó að afmarka hugtakið *barnagæla* á skýran hátt. Skilgreining Jóns Samsonarsonar á barnagælu, „stök vísa, *þula* eða kvæði, sem mælt er fram, raulað eða kveðið við barn til að hafa ofan af fyrir því eða til að róa það og svæfa“,¹⁸³ gengur einkum út frá hlutverki og notkunarsviði barnagælna og er varla nægileg til að líta á barnagællur sem sjálfstæða bókmennta- eða munnmenntagrein. Hún lýsir öllu heldur ákveðnum efnisflokki sem gengur þvert yfir vísur, þulur og kvæði.¹⁸⁴ Það verður einkar ljóst af seinni grein Jóns Samsonarsonar sem heitir „Barnagællur“ (2002) en fjallar að stórum hluta um þulur í skilningi þessarar ritgerðar¹⁸⁵ – en annars um ljóðaleiki, vöggukvæði, Grýluvísur og -kvæði, huggunarkvæði og gæluvísur.

Ofangreind skilgreining Jóns Samsonarsonar á barnagællum undirstrikar hins vegar skilning Jóns á þulum síðari alda sem *formi* sem bera má saman við ílát sem getur fyllst af margvíslegu innihaldi. Þannig má segja að samkvæmt skilgreiningu Jóns geti barnagællur, gátur, bænir, særingar o.s.frv. verið í þuluformi. Þetta sjónarmið virðist finna ákveðna stoð í heimildum, m.a. í fyrirsögnum handrita, en þess eru dæmi að þulur séu þar kallaðar *gátur*, *barnagællur* o.fl. (sjá nánar kafla 6.1).

¹⁸² Hins vegar virðist Ögmundur Helgason hafa talið keðjukvæði til þulna, en hann ræðir þau meðal annarra þuluteygunda – bænþulna, leikþulna, manþulna o.s.frv. – sem *keðjuþulur* („Þulur“, 407).

¹⁸³ Jón Samsonarson, „Barnagæla“, 26. (Leturbreyting mín – *YSH.*) Skilgreining þessi er í samræmi við orðsins hljóðan og einnig við umfjöllun um barnagællur hjá Ögmundi Helgasyni, „Lausavísur“, 361–362 og „Þulur“, 406.

¹⁸⁴ Meðal krafna, sem gerðar eru til munnmenntagreinar, er sameiginlegt form, bygging og stíll texta sem henni eiga að tilheyra (sbr. t.d.: Honko, „Genre analysis in folkloristics“, 48–66 og „Folkloristic theories of genre“, 13–28). Barnagællur eru hins vegar afar mislitir og sundurleitir textar sem hafa varla nokkurt þessara einkenna sameiginlegt eins og sést m.a. á skilgreiningu Jóns Samsonarsonar; umdeilanlegt er t.d. að „vísa, þula eða kvæði“ getur flokkast sem eitt form.

¹⁸⁵ Jón Samsonarson, „Barnagællur“, 75–102, 119–122 (um Grýluþulur). Þuluskilgreining (bls. 75) er mjög á svipuðum nótum og í grein Jóns í *Hugtökum og heitum*, og í framhaldi er ýtarlegri umfjöllun um langlokur og þulur (78–82). Sérstakur kafla er svo um Þórnaldarþulu (82–86), en hinar þulurnar, sem Jón tekur dæmi um, eru hins vegar saman í kaflanum „Barnþulur“ (86–102). Hugtakið *barnþulur* er ekki skilgreint þar og er annars sjaldséð í skrifum Jóns. Ekki er einhugur um hvernig orðið *barnþulur* er notað; oft virðist það vera samheiti við *þulur*, en eftirterkervert er að hjá sumum málnotendum eru *barnþulur* kveðskapur fluttur þegar stigið er með smábörn eða þau látin stíga við stökkinn, „er börn stóðu við hné þeirra fullorðnu“ (ÞP 6462, 1r). Sá kveðskapur er ekki þulur í skilningi þessarar ritgerðar, og hjá Jóni Samsonarsyni er hann líka í öðrum kafla en þulur: „Ljóðaleikir“ („Barnagællur“, 103–108).

Enda segir Jón Árnason í Hugvekju sinni m.a.: „sumar þulur eru og gátur“,¹⁸⁶ og verður þá trúlega að gera ráð fyrir því að þula sé – a.m.k. í sumum tilfellum – form sem getur hýst m.a. gátur, og líklega einnig leikjaformála og fleira sem Jón nefnir í flokki XII (sbr. tilvísun í Hugvekju í kafla 5.1). Hins vegar hefur verið bent á að mörk á milli þulna og barnagælna eru einnig óskýr hjá Jóni Árnasyni – sem skilgreinir í raun hvorugt hugtakið.¹⁸⁷

Skilningur Jóns Samsonarsonar á þulu, m.a. sem ákveðnu – mjög losaralegu – formi sem ýmislegt efni, þ.m.t. aðrar bókmennta- og munnmenntagreinar (t.d. gátur eða gælur) geti brugðið sér í, er eigi að síður í ákveðinni mótsögn við þuluútgáfuna sem Jón var að undirbúa, en í eldri útgáfudrögum hans (sjá nánar 3.2 og 5.2.3) er textahópurinn talsvert þrengri en slík skilgreining gerir ráð fyrir. Textarnir í útgáfudrögum eiga fleira sameiginlegt en lítt reglubundna bragformið sem Jón lýsir í *Hugtökum og heitum*; nánar til tekið ákveðin einkenni í byggingu og stíl. Meðal þessara einkenna er ekki aðeins sá eiginleiki textanna að fléttast saman á mismunandi hátt (eins og Jón nefnir í skrifum sínum)¹⁸⁸ heldur einnig upptalning á heitum og/eða minnum ásamt stærri einingum sem þau mynda; sú upptalning er meginregla og helsti drifkraftur í byggingu þulna (sjá nánar kafla 8). Meðal ofanefndra einkenna eru enn fremur tilbrigði í upptalningum sem eru sótt í sameiginlegan minna- og heitasjóð (sjá nánar 8.4). Þessi og fleiri einkenni þulna benda til þess að þulur síðari alda séu ekki aðeins munnmenntaform heldur munnmenntagrein, og verður hér því gengið út frá því. Þá er augljóslega þörf á frekari afmörkun – eða þá á því að snúa aftur á byrjunarreit og reyna aðra leið til að skilgreina þulur síðari alda, en það verður gert í kafla 7–10.

Í öðrum greinum skrifaði Jón Samsonarson nánar um einstakar hliðar þulukveðskapar, einkum rætur íslenskra þulna síðari alda og tengsl þeirra við kveðskap nágrannaþjóða. Mestar og mikilvægastar greina hans um þulur eru „Jólasveinar komnir í leikinn“ (1979),¹⁸⁹ þar sem Jón rekur ýmsar hliðstæður íslenskra þulna í nágrannalöndum á mismunandi tímum, og yfirlitsgreinarnar „Barnagælur“ og „Söfnun þjóðkvæða“, prentaðar 2002. Í fyrirnefndu yfirlitsgreininni eru birtir – eftir frumheimildum – þulutextar sem geyma fulltrúa helstu byggingarblokka í íslenskum þulum. Þar er einnig rætt um tengsl þeirra sín á milli, við aðrar íslenskar munnmenntir og kveðskap nágrannaþjóða. Í þeirri síðarnefndu er greint frá forsendum og framgangi þjóðkvæðasöfnunar, þ.á m. söfnunar á þulum, og er mikið stuðst við greinina í þessari ritgerð (einkum í kafla 5.1). Jón Samsonarson er einnig höfundur allnokkurra smærri greina um þulur.¹⁹⁰

Ögmundur Helgason fer svipaða leið og Jón Samsonarson í þuluskilgreiningu í sinni yfirlitsgrein um þulur, eins og nefnt var hér að framan; hann vísar fyrst til bragforms þulna en skoðar svo

¹⁸⁶ Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðleg fornfræði“, 93. Sbr. „Íslenskar gátur eru oftast settar fram í bundnu máli annað hvort í vísu eða þulum“ (Jón Hnefill Aðalsteinsson, „Gátur“, 425). Ögmundur Helgason nefnir einnig gátuþulur – ásamt leikþulum, fræðsluþulum, bænaþulum, særingaþulum o.fl. („Þulur“, 406–407).

¹⁸⁷ Þá segist Ólafur Davíðsson telja „gælur allar og barnavísur til þjóðskaldskapar og svo Grílukvæði“ en virðist ekki taka afstöðu til þess hvort þar sé um að ræða þulur (í ofangreindu bréfi til Jóns Árnasonar, NKS 3010 4to (5), nr. 3, 2r). Sbr. einnig umfjöllun um þulur, barnagælur og langlokur hjá Sigfúsi Sigfússyni í kafla 4.1.

¹⁸⁸ T.d. Jón Samsonarson, „Þula“, 311.

¹⁸⁹ Inn á sama efni koma aðrar greinar Jóns, sbr. „Marghala Grýla í gördum vesturnorræna eyþjóða“, 48–54 og „Frjádagsversin nær og fjær“, 471–483. Sjá einnig: Gunnell, „Grýla, Grýlur, “Grøleks” and Skeklers“, 33–54; sbr. sami, „Masks and Mumming Traditions in the North Atlantic“, 275–326.

¹⁹⁰ Meðal annarra greina Jóns um þulur eru „Þulan um Maríu“, 260–270 og „Miðaldartextar í munnlegri geymd“, 22–28.

efni og hlutverk þeirra (frekar en skyldar kveðskapargreinar) og tekur fram að það sé „langalgengast að þessi kveðskapur [þ.e. þulur – *YSH*] sé tengdur börnum á einhvern hátt“.¹⁹¹ Af þessu ályktar Ögmundur að á síðari öldum „tekur orðið þula að benda til barnaefnis sem er fremur óvandað að formi“, og verða þessi orð að skilgreiningu á þulum síðari alda í niðurlagi greinar hans um þulur.¹⁹² Slík skilgreining hefur þann kost að vísa til hlutverks (eða notkunarviðs) og innihalds þulna síðari alda, eins og gert er í skilgreiningum á fornþulum og í 19. aldar skilgreiningum á þulum síðari alda. Hér kemur hins vegar aftur að því að þulur síðari alda hafa ekki verið einvörðungu ætlaðar börnum (sjá kafla 9). Þessi skilgreining reynist auk þess vera of víð til þess að vera skilgreining á þulum sem kveðskapargrein, en Ögmundur afmarkar þulur ekki skýrt frá t.d. langlokum eða keðjukvæðum.

Af þulutengdum greinum fræðimanna á ofanverðri 20. öld er elst „Grettisfærsla“ eftir Ólaf Halldórsson (1960), en hann tengdi kvæðið m.a. við þulur síðari alda sem skrifaðar voru upp á 19.–20. öld og sömuleiðis við eldri skáldskap og síði nágrannaþjóða, m.a. við veisluleiki.¹⁹³ Jónas Kristjánsson bætti tuttugu árum síðar við þessa grein Ólafs nokkrum fróðleik um munnlega geymd þulna síðari alda – fjarskyldra afkomenda Grettisfærslu.¹⁹⁴ Nokkrar greinar um kvæðið komu út síðar, en þær bæta litlu við grein Ólafs frá sjónarhól þessarar ritgerðar.¹⁹⁵

Af yngri fræðimönnum, sem fjallað hafa um þulur síðari alda, má einkum nefna Rósu Þorsteinsdóttur.¹⁹⁶ Þuluskilgreining hennar er að mestu í samræmi við skilgreiningu Jóns Samsonarsonar og umfjöllun Jóns Árnasonar. Rósa leggur áherslu á lausbundið form þulna og margbreytileika í munnlegri geymd líkt og Jón Samsonarson – og á hlutverk þulna sem barnaefnis líkt og Jón Árnason.¹⁹⁷

Annar fræðimaður sem hefur einkum lagt áherslu á munnlega geymd og flutning á þulum er Sigríður Pálmadóttir; hún hefur þó ekki rannsakað þulutexta heldur einkum þululög¹⁹⁸ (en þau eru ekki meðal aðalefnis þessarar ritgerðar).

Þá hefur sú er hér ritar birt allnokkrar greinar um ýmsar hliðar rannsókna á þulum síðari alda, m.a. um tengsl þeirra við sambærilegan kveðskap annars staðar á Norðurlöndum (í framhaldi af rannsóknum Jóns Samsonarsonar; sbr. rit sem vitnað er í í kafla 2.4), við íslenskar fornþulur (sbr. kafla 2.2) og við önnur íslensk þjóðkvæði, einkum sagnadansa;¹⁹⁹ sömuleiðis um bragform þulna og byggingu.²⁰⁰

¹⁹¹ Ögmundur Helgason, „Þulur“, 405.

¹⁹² Ögmundur Helgason, „Þulur“, 408.

¹⁹³ Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla“, 49–77. Bjarni Einarsson rakti skömmu síðar efni og helstu niðurstöður greinarinnar á íslensku: Bjarni Einarsson, ritfregn: „Grettisfærsla“, 422–424. Grein Ólafs birtist svo á íslensku 1990: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla“, 19–50.

¹⁹⁴ Jónas Kristjánsson, „Poki fór til Hnaua“, 23–27.

¹⁹⁵ Louis-Jensen, „En konjektur til Grettisfærsla“, 304–306. Heslop, „Grettisfærsla“, 65–94 og „Grettir in Ísafjörður“, 213–235.

¹⁹⁶ Sbr. stutta en gagnlega yfirlitsgrein: Rósa Þorsteinsdóttir, „Þulur og barnagælur“, 36–43. Sjá kafla 5.3 um útgáfur með þulum, sem Rósa hefur séð um, þ.á m. *Einu sinni átti ég gott* (2006).

¹⁹⁷ Rósa Þorsteinsdóttir, „Ljósgeislar í marglitu gleri“, 2–3.

¹⁹⁸ Sigríður Pálmadóttir, „Barnagælur og þulur“ og „Tónlist í munnlegri geymd“.

¹⁹⁹ M.a. Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic“, 135–154.

²⁰⁰ Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova), „Að braggreina þulu – að skilgreina bragleysi?“, Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, sama, „Tilbrigði í byggingu færeyskra *skjaldra* og íslenskra þulna“ o.fl.

Þulur hafa einnig orðið viðfangsefni nokkurra námsritgerða, að mestu á sviði kennslufræði, þjóðfræði og íslensku.²⁰¹ Þar er þulukveðskapur jafnan skoðaður frá einhverri ákveðinni hlið (frekar en sem slíkur eða í heild sinni); t.d. þulur sem námsefni og notkun þulna í skólastarfi á ýmsum stigum, þulur sem vögguvísur, þulur sem hluti þjóðmenningar o.s.frv.

Staða rannsókna á síðari alda romsum í nágrennalöndum er ekki ósvipuð, en um þær er ekki mikið skrifað *per se* heldur að mestu í tengslum við ýmiss konar barnastarf.²⁰²

4.3. Helstu rit um þulutengd efni og þjóðfræðikenningar

Um þulur síðari alda skortir bæði umfjöllun og áreiðanlegar textaútgáfur, en mun meira er um útgáfur og fræðilega greiningu á fornum þulum.²⁰³ Mikilvægust fyrir þetta verkefni eru verk Elenu Gurevich, en hún sérhæfði sig m.a. í fornum þulum og skáldamáli. Eftir hana liggja bæði greinar, þar sem hún setur þulur í samhengi norrænna bókmennta og skoðar heiti og hlutverk þeirra í gangverki skáldskaparmáls, og þuluútgáfa í *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, en þar ritaði hún einnig yfirgrípsmikinn inngang.²⁰⁴ Veigamestu greinar Elenu Gurevich fyrir þessa rannsókn eru „*Þulur in Skáldskaparmál: An Attempt at Scaldic Lexicology*“ og „*Zur Genealogie der þula*“,²⁰⁵ en þar skoðar hún uppruna og rætur íslenskra fornþulna, þróun bókmenntagreinarinnar og helstu sérkenni hennar. Meðal síðastnefndu sérkennanna er „[t]he principle of generating and multiplying names“,²⁰⁶ þ.e. þau lögmál að í þulum eru æ fleiri heiti búin til samkvæmt ákveðnum reglum og með það að markmiði að búa til sem ýtarlegasta heimslýsingu í anda alfræðirita, varðveita hana og miðla henni. Elena heldur því fram að þessi lögmál og þessi sérstaka aðferð hafi myndast á þeim tíma þegar rík þörf var á því að lýsa goðsagnaheimi en hafi breyst með tímanum í sérkenni þulna sem kveðskapargreinar. Einnig er mikilvæg nýleg grein Elenu Gurevich (2012)²⁰⁷ þar sem hún skoðar notkun hugtaksins *þula* að fornu (sbr. kafla 2.2).

²⁰¹ Þuríður Vala Ólafsdóttir, „Þulur í gullastokkinn“; Berglind Harpa Guðmundsdóttir og Sigríður Bryndís Guðmundsdóttir, „Ég skal dilla syni mínum sælum og ljúfum“: Þulur“; Jensína Kristbjörg Jensdóttir og Viktoría Sigurlaug Ámundadóttir, „Málskjóðan: Náms- og fræðsluefni fyrir 3–6 ára börn af erlendum uppruna“; Halla Ólafsdóttir, „Þei, þei og ró: Um sérstöðu vögguvísna“; Birna G. Hjaltadóttir, „Barnagælur á Norðurlóðum: Alþýðumenning eða þjóðlegur menningararfur?“.

²⁰² Meðal undantekninga má einkum nefna – í tengslum við færeysk *skjaldur* – verk eftir Birgittu Hylin, en hún skoðar *skjaldur* helst sem bókmenntasögulegt fyrirbæri („Skjaldur: En studie över barnvisan och barnramsán på Färöarna,“ 49–65); Marianne Clausen sem skoðar *skjaldur* sem munnlega hefð, bæði texta og lögin („Skjaldur, rímur og ramsur,“ 14–43) og Stephen Pax Leonard (*Faroese skjaldur: An Endangered Oral Tradition of the North Atlantic*).

²⁰³ Halvorsen, „Þulur“ og „Þulur“, 402–405; verk eftir Vogt, de Vries o.fl. sem nefnd voru í kafla 2.2 og Elena Gurevich vísar í (inngangur að: „Þulur,“ 649–663). Nokkrar útgáfur eru á fornum þulum; m.a. í *Den norsk-islandske skjalde digtning* Finns Jónssonar (A 1: 649–690, sbr. B 1: 656–680) og fræðileg útgáfa eftir Anthony Faulkes (Snorri Sturluson, *Edda: Skáldskaparmál*, 1: 109–133).

²⁰⁴ Gurevich, inngangur að: „Þulur,“ 649–663. Doktorsritgerð hennar frá 1984 var einnig um fornþulur: „Древнеисландская поэтическая синонимика“ [Heiti í forníslenskum kveðskap].

²⁰⁵ Gurevich, „*Þulur in Skáldskaparmál*,“ 35–52; Gurevič, „*Zur Genealogie der þula*,“ 65–98. Sbr. einnig: Гуревич [Gurevich], „Эволюция жанра тулы в средневековой исландской литературе“ [Þróun bókmenntagreinarinnar „þula“ í íslenskum miðaldabókmenntum], 138–174. Sama, „Характеризующее хейти в тулах и его прототипы“ [Lýsandi heiti í þulum og fyrirmyndir þeirra], 96–118.

²⁰⁶ Gurevič, „*Zur Genealogie der þula*,“ 98; sbr. Gurevich, inngangur að: „Þulur,“ 652–654.

²⁰⁷ Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu nafnsins „þula“ í forníslensku], 183–199. Sbr. Смирницкая [Smirnitskaya], „Nomina dicendi“, 183–197 og Ершова [Yershova]. Исландские поздние тулы: Эволюция жанра [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar], 158–178.

Svokölluð þululjóð eða höfundarþulur 19.–20. aldar – eftir Huldu, Theodóru Thoroddsen og fleiri skáld – hafa einnig hlotið nokkra athygli fræðimanna, sbr. greinar eftir Ármann Jakobsson, Svein Skorra Höskuldsson o.fl.²⁰⁸ Ritverkum um bókmenntasögulegan bakgrunn þulna hefur einnig fjölgað.²⁰⁹

Sömuleiðis hefur talsvert verið ritað almennt um munnlega geymd og þjóðmenningu,²¹⁰ um þjóðkvæði, byggingu þeirra og frásagnartækni (m.a. um formúlukeninguna og ýmsar útfærslur hennar),²¹¹ um flutning, tilbrigði og samhengi og aðra þætti þjóðfræða sem eiga við í þessari ritgerð.²¹² Allnokkuð hefur einnig verið skrifað um munnmenntagreinar hliðstæðar eða tengdar þulum síðari alda hér á landi og meðal nágrannaþjóða: ballöður – sem standa í nánnum tengslum við þulur, sbr. kafla 2.3 – og dansa,²¹³ sagnakvæði,²¹⁴ ævintýri²¹⁵ o.fl. Þessi verk mynda forsendur fyrir því að setja þulur í samhengi íslenskrar bókmennta- og munnmenntasögu.

4.4. Niðurlag

Eins og fram hefur komið í kafla 4 skiptast fyrirleggjandi þulutengdar rannsóknir einkum í tvo flokka. Annars vegar eru almennar rannsóknir á sviði þjóðfræða og þjóðkvæða, m.a. um munnlega geymd, frásagnartækni og flutning þjóðkvæða; þær fjalla þó lítt um þulur síðari alda. Undantekning eru rannsóknir um söfnun og handrit þjóðkvæða, eins og vikið verður að í byrjun næsta kafla. Hins

²⁰⁸ Ármann Jakobsson, „Í heimana nýja: Skáldkona skapar sér veröld,“ 109–127; Sveinn Skorri Höskuldsson, „Draumsins líkn: Hugleiðing um skáldið Wennerbóm og Kalastaða-Gunnu,“ 47–55; Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur: Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur,“ 123–151; Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, „„Þrotið er nú efníð og þulan búin er“: Um barnaþulur skáldkonunnar Guðfinnu Þorsteinsdóttur, Erlu,“ 69–116.

²⁰⁹ Silja Aðalsteinsdóttir, „Ný öld – önnur rómantík: Ljóðagerð 1900–1918“; sbr. Carleton, *Tradition and Innovation in Twentieth Century Icelandic Poetry*.

²¹⁰ Hér má nefna grundvallarritin: Burke, *Popular Culture in Early Modern Europe*; Cocchiara, *The History of Folklore in Europe*; Gurevich (Aron), *Medieval Popular Culture: Problems of Belief and Perception*; Carruthers, *The Book of Memory: A Study of Memory in Medieval Culture*.

²¹¹ Lord, *The Singer of Tales*; sami, *Epic Singers and Oral Tradition*; Dégh, *Narratives in Society: A Performer-Centered Study of Narration*; Holbek, *Tendencies in Modern Folk Narrative Research*; Foley, *Oral-Formulaic Theory and Research: An Introduction and Annotated Bibliography*; sami, *The Theory of Oral Composition: History and Methodology*; Dundes, *The Study of Folklore*; sami, *Folklore Matters*. Wray, *Formulaic Language and the Lexicon*; Kuiper, *Formulaic Genres*. Þessi umræða reyndist afar gagnleg fyrir skilning á formúlum og notkun þeirra: Haukur Þorgeirsson, „Poetic Formulas in Late Medieval Icelandic Folk Poetry: The Case of *Vambarljóð*,“ 181–196; Frog, „On the Case of *Vambarljóð* I: Comments on Formulaicity in the *sagnakvæði*,“ 22–38; Frog, „On the Case of *Vambarljóð* II: Register and Mode from Skaldic Verse to *sagnakvæði*,“ 49–61. Af nýlegum ritum sbr. t.d. greinasafn: Frog, *Formula: Units of Speech, 'Words' of Verbal Art*.

²¹² Sbr. t.d. ritstjórnarverk Honko: *Thick Corpus, Organic Variation and Textuality in Oral Tradition og Textualization of Oral Epics*; einnig Honko, Voigt, *Genre, Structure, and Reproduction in Oral Literature*. Enn fremur: Finnegan, *Oral Poetry: Its Nature, Significance and Social Context*; sama, *Literacy and Orality: Studies in the Technology of Communication*; Ong, *Orality and Literacy: The Technologizing of the Word*.

²¹³ Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland: Historical Studies*; sami, „Sagnadansar,“ 372–389 og „Vikivakakvæði,“ 390–400; sami, „Sagnadansar og kvæðalag,“ 90–98; einnig útgáfa Vésteins *Sagnadansar* með inngangi hans (bls. 7–88 þar). Sbr. einnig Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ vii–ccxliii. Einnig útgáfur og rit eftir eldri fræðimenn: Jón Helgason, Knut Liestøl, Dag Strömbäck; enn fremur Olav Bø, Olav Solberg o.fl.

²¹⁴ Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?,“ 189–217; Haukur Þorgeirsson, „*Gullkårs-ljóð* og *Hrafnagaldur*: Framlag til sögu fornryðislags,“ 299–334.

²¹⁵ Holbek, *Interpretation of Fairy Tales: Danish Folklore in a European Perspective*; Lüthi, *Once Upon a Time: On the Nature of Fairy Tales og The European Folktale: Form and Nature ásamt The Fairytale as Art Form and Portrait of Man*; Propp, *Morphology of the Folktale*; Thompson, *The Folktale* o.fl. Margvíslegar skrár og útgáfur liggja fyrir. Um íslenskt efni sjá m.a.: Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenzkar þjóðsögur*; Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann: Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra*; greinar eftir Guðna Jónsson, Jón Hnefil Aðalsteinsson o.m.fl.

vegar eru sértækar athuganir, t.d. á einstökum þulutextum og uppruna þeirra, sem tengjast þó ekki endilega almennari rannsóknunum. Undantekningar eru að sjálfsögðu einnig hér, og ber þar einkum að nefna rit Jóns Samsonarsonar, sér í lagi um tengsl íslenskra þulna við sambærilegan kveðskap annars staðar á Norðurlöndunum. Slíkar rannsóknir eru eigi að síður tiltölulega fáar og ná varla að kalla fram heildræna mynd af þulum síðari alda. Skortur á skýrri skilgreiningu á þulum – og reyndar fleiri munnmenntagreinum síðari alda – og enn fremur á ýtarlegri athugunum á þuluformi og þulubyggingu gera heildarmyndina enn brota- og jafnvel mótsagnakenndari.

Í þessari ritgerð er reynt að bæta úr skortinum með nánari athugun á hvoru tveggja, formi og byggingu þulna, með það að markmiði að fá fram skýra skilgreiningu og betri heildarsýn á þulur sem þjóðkvæðagrein. Með því að skilgreina þulur síðari alda út frá byggingu þeirra meðfram bragformi, flutningi og fleiri þáttum næst ekki aðeins heilsteyptari sýn á þulur heldur einnig betri tenging við formæður þeirra, íslenskar fornþulur, en tengslin eru m.a. fólgin í sameiginlegri byggingu; þar með verður saga þulugreinarinnar samfelldari. Með markvissari skilgreiningu á íslenskum þulum síðari alda ætti staða þeirra meðal þjóðkvæðagreina samtíðar sinnar einnig að verða skýrari.

5. Þulusöfnun og heimildir að þulum

Talsvert hefur verið skrifað nýlega um söfnun íslenskra þjóðfræða, þ.á m. þjóðkvæða²¹⁶ á 19. öld fyrir áhrif frá svipaðri söfnun á meginlandi Evrópu í kjölfar vaxandi þjóðernishyggju.²¹⁷ Hér verður því stiklað á stóru og aðeins rætt það sem snýr að þulusöfnun á 19.–20. öld (kafla 5.1). Yfirlit um varðveislu þulutexta í handritum og á öðrum miðlum hefur ekki enn litið dagsins ljós en stendur í tengslum við fyrirhugaða útgáfu á þulum síðari alda (sbr. kafla 1.1); hér verður aðeins sagt frá allra helstu þuluheimildum (5.2.1–5.2.2). Í kafla 5.2.3 er sömuleiðis stutt yfirlit um þulutengd rannsóknargögn Jóns Samsonarsonar, Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Helgu Jóhannsdóttur á ofanverðri 20. öld. Um helstu útgáfur þulutexta – einkum fræðilegar – er rætt í kafla 5.3.

5.1. Þulusöfnun

Skipuleg söfnun á þulum hófst ekki fyrr en um miðja 19. öld þótt farið hafi verið að safna sumum íslenskum munnmenntagreinum þegar á 17. og 18. öld, t.d. sagnadönsum (fornkvæðum), vikivökum og sagnakvæðum. Með aukinni þjóðernishyggju og vaxandi áhuga á þjóðlegum munnmenntum hefst skipuleg söfnun þjóðfræða á Íslandi (meðfram söfnun fornfræða) á öndverðri 19. öld. Þá er þó ekki sóst eftir þulum sérstaklega heldur aðeins eftir *fornkvæðum*; óvíst er að orðið hafi náð yfir þulur síðari alda.²¹⁸ Um 1845 hefjast hins vegar tvö ný og áþekk söfnunaráttök á Íslandi sem ein-kennast af markvissari þjóðfræðasöfnun, annars vegar söfnun Hins konunglega norræna fornfræðafélags í Kaupmannahöfn²¹⁹ með Jón Sigurðsson í forsvari, hins vegar söfnun Jóns Árnasonar og Magnúsar Grímssonar. Í Fornfræðafélaginu var þjóðfræðasöfnun á Íslandi ákveðin að undirlagi enska lærdómsmannsins George Stephens. „Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur“ frá 28. apríl 1846 (hér eftir Boðsbréf),²²⁰ fyrsta bréfið af þessu tagi þar sem þulur eru sérstaklega nefndar sem efni til að safna og varðveita, er byggt á erindi hans til félagsins frá 17. júlí 1845.²²¹

Í erindi George Stephens er samt sem áður ekki getið sérstaklega um þulur, en meðal efnis í þjóðkvæðasöfnun eru: „1. Gamle FOLKEVISER [...] *Rímur*, [...] *Fornkvæði*, *Dansleikar*, *Vikivakar* o.s.v.; ogsaa andre *Vísur* og *Kvæði* af alle Arter [...]“ og „2. BÖRNEVISER, som fra gamle Dage af ere af Mödre eller Ammer blevne sjungne for Börnene i Island [...]“.²²² Liður 2 er greinilega

²¹⁶ Jón Samsonarson, „Söfnun þjóðkvæða á níjtjándu öld,“ 1–20.

²¹⁷ Um erlend áhrif sem eina af forsendum þjóðfræðasöfnunar á Íslandi, m.a. þátt íslenskra fræðimanna og menntamanna sem búsettir voru í útlöndum, sjá: Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland,“ 45–66. Sbr. Ögmundur Helgason, „Upphaf að söfnun íslenskra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum,“ 112–124; Sverrir Jakobsson, „Yfirlit um sögu þjóðsagnasöfnunar,“ einkum 7–32. Um þjóðernishyggju, forsendur hennar í ýmsum Evrópulöndum og söfnun þjóðfræða sjá: Gunnell, „Daisies Rise To Become Oaks: The Politics of Early Folktale Collection in Northern Europe,“ 12–37; í sömu greininni er einnig gott yfirlit yfir fyrstu prentuðu þjóðsagnasöfn Norðurlandþjóða. Sbr. einnig: Hallfreður Örn Eiríksson, „Þjóðsagnasöfnun og þjóðfrelshreyfing,“ 186–197. Fleiri rit mætti tína til.

²¹⁸ Um tilraunir til þjóðfræðasöfnunar á Íslandi á öndverðri 19. öld og hvatningu Fjölnismanna sjá t.d.: Jón Samsonarson, „Söfnun þjóðkvæða á 19. öld,“ 3–7 og rit sem þar er vísað til.

²¹⁹ Ritun á heitum félagi og stofnana er hér að mestu samræmd til íslensks nútímamáls.

²²⁰ Bréfið var sent „til sérhvers héraðs í Danaveldi“ („Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur,“ iij). Það er prentað í litlu sérhefti með sérstöku blaðsíðutali, i–viiij, og virðist einkum vera ætlað prestum og menntafólki.

²²¹ Stephens, „Forslag til Islændernes uudgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring,“ 191–192.

²²² Stephens, „Forslag til Islændernes uudgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring,“ 191. Leturbreytingar (skáletrun og annað) eru í tilv. riti.

svipaður flokkur og barnagælur; vera kann að Stephens hafi m.a. átt við þulur hér, en það er þá ekki tekið fram. Stephens nefnir jafnframt „Vers eller andre Formularer“ við leiki. Hugsanlega eru leikþulur meðal þess sem hann á þar við, en það er þá ekki heldur skýrt.²²³

Í Boðsbréfi eru þulur hins vegar nefndar þegar talinn er upp kveðskapur sem safna skal í flokknum „Alþýðleg fornfræði“:

Þvínæst gömul kvæði og ljóð, sem höfð eru til skemtunar úngum og gömlum, [...]: svo eru ymsar rímur, fornkvæði, vikivakar, dansleikakvæði, söguljóð, vísur og kvæði um fugla og dýr, eða annað (grílukvæði, tóukvæði, krummakvæði o.s.frv.). *Enn fremr þulur og barnavísur, sem tíðkanlegar eru.* [...] Þá eru leikar, og öll aðferð og þulur eða formálar sem þar eru hafðir við, bæði meðal barna og fullorðinna.

Þulur eru aftur nefndar í umfjöllun um fornan átrúnað, lækningar, veðurmerki o.þ.h.:

Nöfn á ymsu, á lopti, jörðu eða sjó, sem dregr nafn af fornum átrúnaði, eða er sprottið upp á Íslandi fyrr eða síðar, og á einhvern hátt er merkilegt og fáheyrt [...] svo og sögur um þetta, eða þulur ef til eru.²²⁴

Í íslenska bréfið var orðið *þulur* því sett inn á þremur stöðum; við barnakveðskap, í formála að leikjum og svo við nöfn (með hugsanlegri vísun til fornþulna). Til þess að íslenska tillögu Stephens hefði hins vegar nægt að nefna barnavísur og formála.²²⁵ Því má segja að þulum hafi verið bætt inn á söfnunarlista þegar hann var íslenskaður og þær hafi jafnframt verið færðar fram fyrir barnavísur í íslenska bréfinu, en þar með var þeim gefið heldur meira vægi sem söfnunarefni. Úr þessum innskotum má einnig lesa að þulur hafi tengst barnakveðskap afar sterkum böndum í augum ritara íslenskrar útgáfu bréfsins (líkt og Jóns Árnasonar, sbr. 6.2). Staðsetning á þulum og barnavísum, aftast á lista yfir alþýðkveðskap bæði í erindi Stephens og í bréfinu, sýnir stöðu þeirra á virðingar- og verðmættakvarða 19. aldar kveðskapar.

Svipaða stöðu hafa þulur í „Hugvekju um alþýðlega fornfræði“ sem Jón Árnason tók saman (hér eftir Hugvekja),²²⁶ en hann hefur greinilega einnig stuðst við erindi Stephens við skrif a.m.k. seinni útgáfu Hugvekju (1861).²²⁷ Í flokknum „Gömul kvæði alls konar“ er m.a. beðið um: (a) rímur, söguljóð, fornkvæði og vikivaka, (b) kvæði um fugla og dýr, fyrirburði og forynjur (m.a. Grýlu), þá (c) „þulur alls konar, langlokur, barnavísur, og allar barna gælur“ og (d) „þulur og fyrirmæli (formálar) við leiki og taftegundir alls konar [...]“, bæði barna og fullorðinna,²²⁸ síðar (e)

²²³ Stephens, „Forslag til Islændernes uddgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring,“ 191.

²²⁴ „Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur,“ vj. (Leturbreyting mín – YSH.)

²²⁵ Á þulur og formála hefur líklega verið litið sem afar skyld fyrirbæri.

²²⁶ Hugvekja var prentuð í *Norðra* 7 (bls. 56) í maí 1859 sem „Hugvekja um alþýðlega fornfræði“ [svo] undir nafni J. J. Borgfirðings. Endurskoðuð útgáfa hennar birtist síðar undir nafni Jóns Árnasonar sem „Hugvekja um alþýðleg fornfræði“ [svo] (*Íslendingur* 2 (1861–1862): 91–93). Þá sendi Jón Árnason hana menntafólki (einkum prestum og skólafélögum sínum) og fróðleiksmönnum um allt land, sjá lista yfir viðtakendur Hugvekju hjá Jóni Samsonarsyni, „Söfnun þjóðkvæða á nítjándu öld,“ 12–13.

²²⁷ Áhrif Stephens eru skýr í kafla um söfnunaraðferðir í Hugvekju 1861, en þangað rata m.a. liðir (C) og (D) úr aðferðakafla í erindi hans sem eiga sér ekki beina samsvörun í Boðsbréfi Fornfræðafélagsins. Sjá: Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðleg fornfræði,“ 93.

²²⁸ [Jón Árnason] (J. J. Borgfirðingur), „Hugvekja um alþýðlega fornfræði,“ 56. (Leturbreyting mín – YSH.)

fyrirbætur og sáringar (sem eru vissulega stundum einnig í þuluforni, þótt Jón Árnason nefni þulur ekki í þessum lið), (f) víti og (g) gátur í bundnu og óbundnu máli. Umfjöllun um þulur á þessum lista er einnig keimlík því hvernig lýst er eftir þulum í Boðsbræfi Fornfræðafélagsins 1846 (þó er ekki vísað í fornþulur).

Í seinni, aukinni útgáfu Hugvekju endurraðar Jón efninu í fjórtán flokka; fremst eru þjóðsögur (ásamt kreddum), flest kvæði eru ní í XIV. flokki, gátur í þeim XIII., en þulur í þeim XI. og XII.:

XI. Leikir og töfl [...] öll þau kvæði og kvæðabrot (leik[-]kvæði), *þulur* og formála, sem hverjum leik heyrir fyrir sig, og taflvísur [...]

XII. *Þulur* og barngælur alls konar, hvort heldur það eru formálar fyrir leikum, barngælur, sem mæður og fóstur kveða og raula við börn, til að hugga þau og svæfa, eða þær vísur, sem börnum eru kenndar fyrst, til að hafa af fyrir sjer, eða önnur endileysa, sem svo er kölluð; sumar *þulur* eru og gátur.²²⁹

Hér er ekki gerður greinarmunur á þulum, barnagælum og barnavísu. Hugvekja 1861 fasttengir því þulukveðskap mæðrum, fósturum og barnamenningu og setur allt að því samasemmerki á milli þulna og barnakveðskapar, en áhrif frá söfnunum frá meginlandshluta Norðurlanda²³⁰ og Boðsbræfi Fornfræðafélagsins kunnu að hafa átt sinn þátt í því. Bréf heimildarmanna Jóns Árnasonar og staðsetning og samhengi þulna í sendingum heimildarmanna sýnir hins vegar að þeir líti ekki endilega á þulur sem kveðskap sem væri sérstaklega ætlaður börnum eða tengdur leikjum heldur tengi þulur frekar við frásagnarkvæði (sjá kafla 6.2).

Þjóðfræðasöfnun á ofanverðri 19. öld er hvað mest árin 1845–1870 þegar söfnunaráttok Fornfræðafélagsins og Jóns Árnasonar bera mestan árangur. Síðar á öldinni vinna einkum sjálfstætt starfandi yngri safnarar (t.d. Sigmundur Matthíasson Long, sjá 5.2.1), og sum þulusöfn eru að mestu unnin úr frumheimildum annarra þjóðfræðasafnara, t.d. safn Páls Pálssonar stúdents (sjá 5.2.1). Ólafur Davíðsson setur einnig þjóðfræðasöfn sín að miklu leyti saman úr efni úr öðrum handritum, í Kaupmannahöfn og á Íslandi, þótt hann hafi einnig safnað sjálfur.

Ólafur Davíðsson á ásamt Jóni Árnasyni stærstan þátt í því að söfnun og útgáfa á þulum síðari alda dróst ekki á langinn meira en raun ber vitni, en þulur komu út sem fjórða og síðasta bindi af *Íslenskum gátum, skemtunum, vikivökum og þulum* á árunum 1898–1903 (sjá kafla 5.3), eða á svipuðum tíma og fyrstu söfn af kveðskap, sem er skyldur þulum, annars staðar á Norðurlöndum²³¹ – jafnvel þótt þjóðfræðaútgáfa hafi hafist seinna á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Vera kann að íslenskar þulur síðari alda hafi notið þess að bera sama nafn og fornþulur og hafi verið settar í samhengi við fornþulmenntir og þannig verið álitnar verðugar sem fornfræði en ekki aðeins

²²⁹ Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðleg fornfræði,“ 93. Skáletrun mín (*YSH*), aðrar leturbreytingar eru í tilv. riti.

²³⁰ Dæmi þess að safnarar og útgefendur úr Skandinavíu á 19. öld flokkuðu þarlandan kveðskap, sem er sambærilegur við þulur, undir barnakveðskap eru útgáfunar *Svenska fornånger*, 3: 459–491 og *Norske Folkeviser*, 814–818 og 828–832.

²³¹ *Svenska barnvisor ock barnrim* (1886); *Danske børnerim, remser og lege* (1896) (nokkrar romsur eru sömuleiðis í *Danske dyrefabler og kjæderemser* (einnig 1896)). Á sama tíma og íslenska þulusafnið er prentað kemur út safn af norskum barnavísu og leikjum: *Norske barnerim og leikar* (1899). Safn færeyskra *skjaldra* var ekki gefið út að sinni, en í *Antiquarisk Tidsskrift* er sýnishorn af helstu færeyskum *skjaldrum* sem V.U. Hammershaimb setti saman („Barneviser og ramser“, 311–315).

sem þjóðfræði. Söfnunar- og útgáfusaga þulna síðari alda sýnir þó glögg að þulur voru nokkuð aftarlega í röðinni meðal íslenskra munnmennta, en önnur kynslóð þjóðsagnasafna kemur úr prenti á svipuðum tíma og fyrsta útgáfa á þulum.²³²

Á 20. öld lentu þulur aftur nokkuð aftarlega í röðinni við söfnun þjóðfræða – líkt og á 19. öld, en þó af annarri ástæðu. Við tækniframfarir fengu safnara þann möguleika að hljóðrita, fyrst á vaxhólka og síðar silfurplötur á öndverðri 20. öld, en þar með færðust söfnunaráherslur að ákveðnu leyti frá textum munnmæla yfir á lög með þjóðkvæðum. Vissulega eru þulur stundum sungnar – eða frekar raulaðar – en þó með afar einföldu lagi (sbr. kafla 9.1); þær voru því ekki meðal þess sem var hljóðritað mikið á öndverðri 20. öld. Frá 6. áratug 20. aldar, með tilkomu segulbandstækja, var aftur farið að safna þjóðfræðum í talsverðu magni og á skipulagðari hátt²³³ á vegum Þjóðminjasafns Íslands, Handritastofnunar (síðar Stofnunar Árna Magnússonar) og Ríkisútvarpsins. Fáar þulur eru þó teknar upp fram að árinu 1963,²³⁴ en þá hefja Helga Jóhannsdóttir og Jón Samsonarson þjóðfræðasöfnun sína. Ásamt Hallfreði Erni Eiríkssyni náðu þau mestu þjóðfræðaefni á blað og segulband í söfnunaráttaki sem reis hæst um 1964–1971, en margir hafa lagt söfnun þjóðfræða lið, bæði á þeim tíma og síðar.

5.2. Heimildir

Eins og fram kom í kafla 5.1 eru heimildir um þulur einkum af tvennum toga; skriflegar (kafla 5.2.1), sem voru ráðandi fram á 20. öld, og munnlegar (kafla 5.2.2). Meðal óbirtra rannsóknargagna um þulur, sem sú er hér ritar fékk aðgang að á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og notaði við ritgerðarskrif, eru bæði frumheimildir um þulur og eftirheimildir (kafla 5.2.3).

5.2.1. Handrit

Langsamlega flest handrit með þulum eru pappírshandrit frá 17.–20. öld, einkum frá þeirri 19.²³⁵ Elst er trúlega Þórnaldarþula í Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo, 253r–254v skv. blaðmerkingu handritsins) frá 1676–1677.²³⁶ Þórnaldarþula er sérstæð að því leyti að hún var stundum skrifuð upp með forn-

²³² *Íslenskar þjóðsögur* Ólafs Davíðssonar (1895) og nýtt safn Þorsteins Erlingssonar (*Íslenskar sögur og sagnir*, 1906).

²³³ Um skipulagða hljóðritun þjóðfræða sjá einkum: Hallfreður Örn Eiríksson, Helga Jóhannsdóttir, *Recordings of Icelandic folklore*; enn fremur greinar eftir Hallfreð Örn: „Nokkur orð um söfnun íslenskra þjóðfræða,“ 4–6, „Söfnun og rannsóknir þjóðfræða 1950–1980,“ 16–20 o.fl.

²³⁴ Stefán Einarsson prófessor gerði t.d. tíu þuluupptökur er hann safnaði rímum, kvæðum og lausavísum árið 1954, og þrjár þuluupptökur koma frá John Levy er hann safnaði slíku efni árið 1961.

²³⁵ Í skinnhandritum eru – fyrir utan Grettisfærslu í AM 556 a 4to – aðeins textar sem vafi leikur á að séu þulur síðari alda, t.d. „Kona *geck til vattz*“ í AM 687 b 4to, 1r (frá fyrri hluta 16. aldar), sjá: Ólafur Halldórsson, „Því flýgur krákan víða,“ 236–258 (einkum 236, 249), eða upphaf þulublokkarinnar *Kunta sat á steini* (sem er þó ekki meðal algengustu blokkanna sem eru ræddar í Viðauka I) neðst á 87r í GKS 3269 a 4to og líklega einnig á neðri spássíu á 28v í AM 557 4to. GKS 3269 a 4to er 14. aldar lagabók; tímasetningin „Sennilega frá því um 1600“ í stuttri minnisgrein í rannsóknargögnum Jóns Samsonarsonar (askja 17) á líklega við spássíugreinina. AM 557 4to er sögubók frá fyrri hluta 15. aldar: um 1420–1450 skv. Stefáni Karlssyni („Ritun Reykjarfjarðarbókar,“ 137–138) en um 1404–1420 skv. Lasse Mårtensson (*Studier i AM 557 4to*, 310). Lasse tekur fram, með tilvísun í eldri rit, að spássíugreinin sé frá miðöldum, þó ekki með sömu hendi og meginmálið (s.r., 45); lesturinn „jk[ūt]ⁿ fatt a steine“ (s.r., 46) virðist þó ekki eins öruggur og í minnisgrein Stefáns Karlssonar, „*kuntan satt a steine*“ (á s.st. í öskju 17 í rannsóknargögnum Jóns Samsonarsonar).

²³⁶ Tímasett þannig á vefnum *Handrit.is* með vísun í ártöl í handritinu á bl. 76r og 213r.

um kvæðum og trúlega talin vera ein af þeim.²³⁷ Í handritum frá 17.–18. öld finnast stakir þulutextar, einkum í samtíningum og kvæðasöfnum,²³⁸ orðskviðasöfnum og orðabókahandritum,²³⁹ en helstu þuluheimildir eru handrit sem stafa frá þjóðfræðasöfnun á ofanverðri 19. öld og ofanverðri 20. öld.

Helstu safnhandrit Fornfræðafélagsins með íslenskum þjóðkvæðum upp úr miðri 19. öld eru DFS 67,²⁴⁰ AM 960 4to (I–XXIII),²⁴¹ AM 969 4to, AM 970 4to (I–VII), AM 247 8vo og AM 277 8vo. DFS 67 er þeirra stærst, en það er 552 blaða safn kvæðauppskrifta og fróðleiks samansett af lausum blöðum og kverum, flestum frá 19. öld. Mikilvægar frumheimildir eru í hlutum D og E, þ.e. aðsendar uppskriftir (E) og eigin þjóðfræðauppskriftir Jóns Sigurðssonar (þ.á m. margar þulur) ásamt fleiri aðsendum uppskriftum (D). Stærsta sendingin með þulutextum er frá Jóni Eyjólfsyni á Stað í Aðalvík (1850), um 30 þulutextar (403r–437r) með greinargóðum upplýsingum um heimildarmenn; einnig eru í sendingunni margvísleg kvæði, m.a. sagnadansar, keðjukvæði, Grýlukvæði o.fl., stökur og gátur. Aðrar sendingar eru þó talsvert smærri. Í AM-handritunum er minna um kveðskap; þulur eru þar aðeins á stökum blöðum og kverum.

Mikilvægast fyrir söfnun Jóns Árnasonar á þulum er Lbs 587 4to, safnhandrit bæði með frumuppskriftum á þulum – Jóns og annarra – og afritum af þulutextum úr öðrum handritum. Þrátt fyrir greinilegan ásetning Jóns að tileinka Lbs 587 4to þulum, eins og fyrirsagnir handritshluta vitna um,²⁴² var í raun safnað í sama handritið kvæðum, langlokum, vísnum (þ.á m. barnagælum), bænum o.fl., þannig að aðeins um helmingur færslna í handritinu er þulur í skilningi þessarar ritgerðar. Handritið er um 800 blöð og skiptist í tólf ólíka hluta (I–XII). Lbs 587 4to I er þulusafn Jóns Árnasonar frá því um miðbik 19. aldar, um 90 blaða bók með eigin uppskriftum Jóns ásamt afritum hans af efni frá völdum söfnurum og/eða lesbrigðum frá þeim.²⁴³ Þulur eru bróðurpartur bókarinnar, en einnig eru þar bænir, langlokur og margvíslegur annar kveðskapur. Í Lbs 587 4to II–IV, V (að hluta) og VIII er aðsent efni; í VI eru einkum Grýlukvæði, Grýluþulur og Grýluvers. Lbs 587 4to VII geymir skrif Jóns Árnasonar um þulur og minnismiða hans. Í Lbs 587 4to IX er safnað ýmsum textum Þórnaldarþulu, en jafnvel fyrir daga Jóns Árnasonar hafði hún ákveðna sérstöðu (sjá 5.3). Lbs 587 4to X er kvæða- og þulusafn Magnúsar Grímssonar. Loks eru í XI–XII afrit Jóns Árnasonar – eða afrit gerð fyrir hann – af þulum og kvæðum, einkum úr fyrri hlutum Lbs 587 4to, frá efri

²³⁷ Sbr. Lbs 214 4to, 133r–134r, 18. öld („[1723–1776?]“ skv. *Handrit.is*), en í AM 154 XII–XIV 8vo (um 1700) er Þórnaldarþula meðal sagnakvæða. Um Þórnaldarþulu sjá Viðauka Id.6.

²³⁸ T.d. Holm. Papp. 25 8vo, 126v og Holm. Papp. 64 fol., 99v.

²³⁹ Sbr. Holm. Papp. 44 4to, bls. 271 eða AM 433 V fol., 23ra, 23rb, 116rb þar sem nokkrar línur úr *Heyrði ég í hamrinum* (sjá Viðauka Id.2 þar um) eru teknar sem dæmi við orðin *hamarr* og *hellir* í orðabók Jóns Grunnvíkings.

²⁴⁰ Safnmark handritsins er DFS 67a (sjá: Aðalheiður Guðmundsdóttir, „DFS 67,“ 233). Hér verður þó fylgt hefð sem mótafst hefur í ritum Jóns Samsonarsonar, Aðalheiðar og fleiri og safnið táknað DFS 67. Bókstövum, sem tákna smærri hluta handritsins (A–G) og „Arch.“-merkingum (A–R) í E-hluta handritsins, er einnig sleppt nema sérstök ástæða þyki til að geta þeirra, enda er blaðatalið í handritinu samfelld. Í grein Aðalheiðar er ýtarleg lýsing á handritinu.

²⁴¹ Handritið skiptist í átján hluta (I–XVIII) þegar Kálund skráði það (*Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling*, 2: 278–279), en núverandi skipting handritsins í 23 hluta (I–XXIII) finnur sér meiri stuðning í merkingum í handritinu. Skipting í hluta I–XVII er óbreytt, en fyrrverandi átjándi hluti er nú hlutar XVIII–XXIII (sbr. *Handrit.is*, en skráning þar var uppfærð í mars–apríl 2020; sjá nákvæmari handritslýsingu í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Alþýðleg fornfræði og Jón Sigurðsson forseti: AM 960 4to,“ 80–95). Jón Samsonarson gerði grein fyrir þulum í handritum Fornfræðafélagsins í Heimildalýsingum 1 (sjá 5.2.3).

²⁴² „Þulusafn“ (I), „Þulur safnaðar af ýmsum [...]“ (II), „Þulusafn annað en Þórnaldarþulu“ (IV), „Þórnaldar þulur“ (IX) o.fl.

²⁴³ Sjá nánar Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2 (einkum kaflar [1]–5).

árum hans. Þulur eru einnig í mörgum öðrum handritum Jóns, einkum þjóðsagna- og ævintýrasafni hans, Lbs 414–425 8vo (í flestum bindum; t.d. Lbs 414 8vo, víða á bl. 90r–125v).

Áðurnefnd safnhandrit Fornfræðafélagsins og Jóns Árnasonar eiga það sammerkt að vera sett saman að mestu úr aðsendum svörum við Boðsbréfi Fornfræðafélagsins og Hugvekju Jóns ásamt eigin uppskriftum tveggja lykilmanna söfnunarátakanna, Jóns Sigurðssonar og Jóns Árnasonar. Handritin eru því mörg hver óbundin söfn kvera og lausra blaða; sum blöð voru endurnýtt. Að slíkri samsetningu stuðlaði sú beiðni Fornfræðafélagsins að „hvað eina, sem er sérstaks efnis, væri ritað sér í lagi á blað, [...] svo sem minnst blandaðist saman ýmislegt efni, og svo hægra yrði að hafa greinilega niðurröðun á safninu“.²⁴⁴ Þetta hefur auðveldað aðstandendum söfnunar að flokka aðsent efni eftir greinum. Oft var efni úr einni og sömu sendingu skipt upp í mismunandi þjóðfræðasöfn; til að mynda voru þjóðsögur settar í eitt handrit, danskvæði í annað o.s.frv.²⁴⁵ Textarnir – þ.á m. þulur – voru þar með færðir úr sínu upprunalegu samhengi (sem gerir athugun á því erfiðari). Slík flokkun mótaði safnhandrit sem einkenna söfnunartímabilið um miðbik 19. aldar. Að vísu var ekki alltaf hægt að skipta efninu upp nákvæmlega, m.a. vegna þess að mörk á milli þjóðkvæðagreina eru óskýr; því fylgir þulum oft talsvert af gátum, stökum o.s.frv., en þulur finnast hins vegar af og til í handritum með allt öðru efni. Þá virðast þulur enn þá oft vera undirskipaðar öðrum þjóðfræðum við flokkun og fylgja ósjaldan öðru efni í handrit þar sem annars er fátt um þulur (t.d. AM 247 8vo, með göldrum og forneskju). Þó má finna dæmi þess að þulur ráði förlinn við flokkun efnis, einkum í handritum Jóns Árnasonar.

Talsvert var líka um þulur í handritum einstakra safnara á ofanverðri 19. öld, en þar voru þær þó sjaldnast í brennidepli.²⁴⁶ Undantekningar frá því eru t.d. Lbs 1911 8vo Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi og sum handrit Sigmundar Matthíassonar Long, en blöð hans í Lbs 587 4to II (bls. 17–56) og í Lbs 1124 8vo (52 bls.) eru með stærstu þuluuppskriftum hans. Guðmundur Davíðsson, bróðir Ólafs, er einnig með stórt þulusafn í Lbs 3671 8vo (hlutar merktir „Þulur. N^o 1“, „Þulur. N^o 2“, „Þulur Nr 3“ og „4. Þulur“). Þulusafn eða þulusöfn Ólafs sjálfs, sem hann segir m.a. frá í bréfum til Jóns Árnasonar frá 13. janúar og 22. febrúar 1886²⁴⁷ og yfirlit er um í Lbs 587 4to V,²⁴⁸ hefur hins vegar ekki fundist, og yfirleitt eru fáar þulur í handritum Ólafs. Gögn sem liggja eftir Ólaf eru þó mýmörg og hafa dreifst víða eftir andlát hans, en fáar vísbendingar eru um afdrif margra þeirra.

Þannig er ljóst að staða þulna í handritum breyttist talsvert á seinni hluta 19. aldar. Fyrir áttak Fornfræðafélagsins og Jóns Árnasonar í söfnun þjóðfræða voru þulur í jaðarstöðu í handritum þar

²⁴⁴ „Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur,“ vij, sbr. viij. Tilmælin eru tekin upp úr tillögu Stephens, sbr. kafla 5.1. Þessi tilmæli endurómar Jón Árnason („Hugvekja um alþýðleg fornfræði,“ 93) fimmtán árum síðar.

²⁴⁵ Sendingu Brynjúlfs Árnasonar í Langholti frá 1847 virðist t.d. hafa verið skipt þannig að prestatal í Meðallandi ásamt bréfinu sem fylgdi sendingunni er nú í AM 960 XIX 4to, en allur kveðskapur úr sömu sendingu Brynjúlfs er hins vegar í DFS 67 (E, Arch. C). Sjá greiningu Jóns Samsonarsonar í: Heimildalýsingar 1, kafla 4 (skv. tölusetningu á blöðunum). Sbr. *Antiquarisk Tidsskrif* (1846–1848): 162–163 (um kvæðauppskriftir), 168 (um prestatal) og 170 (þulur o.fl.).

²⁴⁶ Þulukaflar eru t.d. í syrþum Gísla Konráðssonar, þ.á m. Lbs 2856 4to (þulur eru á bl. 425r–428v og stakir textar víðar í handritinu), í Lbs 936 4to eftir Friðrik Eggerz, en þar er Þórnaldarþula framarlega í handritinu, á bls. 43–44 og síðar 49–50, innan um kveðskap eins og Merlinusspá, Ævidrápu Örvar-Odds og Velleklu, en ýmsar aðrar þulur eru hér og þar í handritinu.

²⁴⁷ NKS 3010 4to (5), Ólafur Davíðsson, nr. 2, 2r–2v, og nr. 3, 1v–3v; sbr. *Úr fótum Jóns Árnasonar*, 2: 282–284.

²⁴⁸ „Upphaf á þulum og barnavísum í safni Ólafs Davíðssonar“ (næstfremst í stílabókinni í blágrænni kápu í Lbs 587 4to V).

sem þær voru háðar aðalefni handritsins (t.d. skrifaðar sem dæmi í orðabók) eða þá skrifaðar sem uppfyllingarefni. Á ofanverðri 19. öld er þulum hins vegar safnað líkt og öðrum þjóðkvæðum, þótt þær séu ekki í fyrirrúmi, nema hjá stöku söfnurum. Þá leggja þulur oftast undir sig heil kver (og í stöku tilfellum heil handrit).

Á meðan á söfnuninni stendur á sér stað sú mikilvæga breyting að prentaðar bækur leysa smám saman handrit af hólmi á íslenskum heimilum – þ.á m. þuluútgáfa Jóns Árnasonar og Ólafs Davíðssonar, *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði í Íslenzkum gátum, skemtunum, vikivökum og þulum* (sjá kafla 5.3). Þegar söfnunaráttökum 19. aldar er lokið og þjóðkveðskapur er ekki lengur í brennidepli fara þulur aftur á sinn fyrri stað í handritum, þ.e. verða smælki og uppfyllingarefni fremur en aðalatriði. Handritum með þulum fækkar síðar eftir því sem líður á 20. öldina, einkum á ofanverðri öldinni þegar þeir sem kunna þulur fara að týna tölunni, en með iðnvæðingu, breyttum lifnaðarháttum og mikilli grósku í samtímaljóðlist og í framboði prentaðra rita minnkar vægi þulna til muna.

Svo miðar málum fram að þjóðfræðasöfnun ofanverðrar 20. aldar (sbr. 5.1), en afrakstur hennar er m.a. stóru safnhandritin SÁM 32 og SÁM 30a–c. Líkt og safnhandrit Fornfræðafélagsins og Jóns Árnasonar samanstanda þessi handrit einkum af aðsendum uppskriftum ásamt eigin uppskriftum tveggja lykilmanna söfnunarinnar – Jóns Samsonarsonar og Hallfreðar Arnar Eiríkssonar – og jafnframt eldri uppskriftum, m.a. frá 19. öld (einkum í SÁM 30c). Handritin eru því samansett af stökum blöðum og kverum í mismunandi broti og af ýmsum uppruna, handskrifuðum eða vélrituðum, alls 323 bl. í SÁM 32 en 1437 bl. samanlagt í SÁM 30a–c²⁴⁹ sem geymir jafnframt fleiri þulutexta – en hlutfallslega eru þulur þó fleiri í SÁM 32. Innan um þulur í handritunum eru keðjukvæði, en síðar vísur, gátur og leikir. Sá áberandi munur er á þessum söfnum og safnhandritum 19. aldar að í SÁM 30a–c og SÁM 32 eru mun færri merki þess að aðsent efni hafi verið tekið í sundur í þágu efnisflokunar. Það sýnir breytingu sem hefur orðið í söfnunaraðferðum á 20. öld og tengist einkum afstöðu til efnisins sem nú er skoðað með meira tilliti til samhengis. Inngripum í heimildir, þ.á m. í samsetningu efnis, er haldið í lágmarki; efni sem þarf að fara í ákveðinn flokk – t.d. vegna útgáfu eða annarra nota – er nú oftast afritað en tekið út úr sendingu (eins og tíðkaðist á 19. öld).²⁵⁰

Þessi viðhorfsbreyting leiðir m.a. til þess að á ofanverðri 20. öld eru þulur aftur komnar í stór safnhandrit sem ná yfir hvers kyns þjóðfræði, líkt og var á miðri 19. öld – frekar en í lítil sérsöfn helguð aðeins fáum munnmenntagreinum í einu, eins og algengt var undir lok 19. aldar. Búast mátti við því að við þessa breytingu myndi bæði hlutfall og vægi þulna í safnhandritunum lækka í saman-

²⁴⁹ Fleira sams konar efni frá Hallfreði Erni hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er enn óskráð. Meirihluti þess er merktur HÍ 30 en ein mappa SÁM 30. Efnið hefur einnig átt að verða hluti af SÁM 30, en ekki hefur náðst að fara yfir það við skráningu á SÁM 30. Hér er vísað í það sem SÁM 30 (óskráð gögn). Meðal efnisins eru aðsendar uppskriftir (hátt á annan tug), sagnasöfn og kvæðasöfn (frumrit og/eða ljósrít), þ.á m. þulusöfn Ástríðar Thorarensen frá 1920–1930 og 1970–1971. Nokkur fjöldi þulutexta er einnig í rannsóknargögnum Hallfreðar á skjalasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, bæði í aðsendu efni og eigin uppskriftum hans, sem og í rannsóknargögnum Helgu Jóhannsdóttur (á sama stað), sjá kafla 5.2.3.

²⁵⁰ Þá eru SÁM 32 og SÁM 30a–c lítt skipulögð sem heildarsöfn, ólíkt sérhæfðum þulusöfnum líkt og Lbs 587 4to I og XII eða Lbs 1914 8vo, safni Páls Pálssonar stúdents sem byggir einkum á eldri handritum. Í SÁM 32 og SÁM 30a–c er t.d. ekki millivísanakerfi, aðeins stöku athugasemdir sem tengja saman efni frá einum heimildarmanni eða fleirum. Það kann m.a. að stafa af því að söfnin voru lengi opin og forvígismenn þeirra gengu ekki endanlega frá þeim sjálfir (það var gert við skráningu handritanna árið 2010, eftir andlát Jóns Samsonarsonar og Hallfreðar Arnar Eiríkssonar).

burði við lok 19. aldar, en svo varð ekki. Hlutfall þulutexta í sendingum með þulur innanborðs er þvert á móti mun herra en í sambærilegum söfnum á 19. öld. Nú eru þulur á rúmlega helmingi blaða í slíkum sendingum að meðaltali, líkt og í þulusafni Jóns Árnasonar, Lbs 587 4to (sem er þó sérstakt þulusafn), sbr. að í þulusendingum til Fornfræðafélagsins voru þulur u.þ.b. þriðjungur efnis. Eigi að síður er tiltölulega sjaldgæft að aðeins þulur séu í aðsendu efni, en algengastar eru sendingar þar sem þulur eru meirihluti efnisins eða gegna aukahlutverki meðfram öðrum kveðskap, og er þetta nokkur viðsnúningur í samanburði við þulusendingar á 19. öld þegar þulur voru oftast uppfyllingar-efni í sendingum. Meðal skýringa á þessu kann að vera markvissari þjóðfræðasöfnun og þ.á m. þulusöfnun. Önnur mikilvæg breyting er sú að mun breiðari hópur tekur þátt í söfnuninni á 20. öld ef miðað er við félagslega stöðu og starf heimildarmanna. Hlutfall og hlutverk menntamanna – einkum fræðimanna – meðal heimildarmanna og safnara gefur þó til kynna að þulusöfnun hafi enn á 20. öld verið iðja menntamanna að talsverðu leyti.

Meðal þeirra sem stóðu fyrir skipulegri skriflegri þulusöfnun á ofanverðri 20. öld var einnig Þjóðminjasafn Íslands, en þar var þulusöfnun þáttur í söfnun þjóðháttanna á vegum safnsins sem hófst um 1959–1960.²⁵¹ Árið 1984 sendir safnið út 59. spurningaskrá: Þulur og gátur (1984-2), í framhaldi af 7. spurningaskrá: Kvöldvakan og hlutdeild heimilisins í íslensku þjóðaruppeldi (1962-1) og 39. spurningaskrá: Leikir barna (1979-1) þar sem var m.a. spurt um gátur, þulur og skanderingar (að kveðast á). Við 59. spurningaskrá hafa borist svör frá álíka mörgum heimildarmönnum og í SÁM 30a–c og SÁM 32, og eru þulur í um tveimur þriðju sendinga.

Flest þuluhandrit eru þannig varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og öðrum íslenskum söfnum: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafni (svör við 59. spurningaskrá ásamt stöku öðrum handritum, t.d. Þjms 15174), Héraðsskjalasafninu á Akureyri o.fl. Í gögnum Jóns Samsonarsonar (sjá kafla 5.2.3) eru einnig upplýsingar um handrit á Skógasafni og víðar, þ.á m. um nokkur handrit í einkaeigu. Nokkur handrit með þulum síðari alda eru svo í erlendum söfnum, einkum á Norðurlöndum, t.d. í Konungsbókhöðunni í Kaupmannahöfn (þ.á m. DFS 67), Konungsbókhöðunni í Stokkhólmi (Holm. Papp. 64 fol., Holm. Papp. 44 4to, Holm. Papp. 25 8vo o.fl.) og Háskólabókasafninu í Uppsölum (t.d. UUB R 716 og UUB R 755).

5.2.2. Hljóðrit

Eins og bent var á í kafla 5.1 voru handrit helstu heimildir um þulur síðari alda fram á miðja 20. öld, en um miðbik hennar hefst markviss söfnun þjóðfræða á segulband, og upp úr því verða hljóðrit aðalheimild um texta þulna og einkum um flutning þeirra, varðveislu og hlutverk. Af tiltækum heimildum að dæma eru margfalt fleiri þulur teknar upp en skrifaðar niður á ofanverðri 20. öld. Hljóðupptökur eru ómissandi heimildir um þulur á 20. öld þar sem fram kemur ýmislegt um flutning á þulum sem kemst lítt eða ekki til skila í handritum. Upptökum fylgja einnig samræmdari upplýsingar um heimildarmenn og texta en í handritum, en tilurð og varðveisla hljóðritanna er áþekk þar sem áður nefndir safnara – Jón Samsonarson, Helga Jóhannsdóttir og Hallfreður Örn Eiríksson – tóku upp flestar þulur og aðferðir þeirra við söfnun voru svipaðar, þótt áherslur hafi oft

²⁵¹ Sbr: Árni Björnsson, „... hið daglega líf, hvunnudagssagan, sem við leitum fyrst og fremst eftir,“ 67.

verið mismunandi. Þá var talsverð samræmingarvinna unnin við skráningu á hljóðupptökunum í gagnagrunninn *Ísmús*.

Hljóðritasöfn Hallfreðar Arnar Eiríkssonar, Jóns Samsonarsonar og Helgu Jóhannsdóttur eru varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og aðgengileg í gegnum *Ísmús*.²⁵² Tvær aðrar stofnanir tóku virkan þátt í söfnun á segulbönd, Þjóðminjasafnið og Ríkisútvarpið, og eru afrit af mörgu því efni, sem safnað var á vegum þeirra og í samvinnu við þær, einnig varðveitt á Árnastofnun. Í Þjóðfræðisafni Árnastofnunar á *Ísmús* eru nú rúmlega 2000 þulutextar,²⁵³ en alls eru upptökur þar orðnar yfir 46.000 þegar þetta er skrifað í júlí 2019, og hefur Hallfreður Örn gert nærri helming þeirra. Þulur eru reyndar ekki mjög áberandi í safni hans, eða um 580,²⁵⁴ en þær eru yfir 1100 í safni Jóns Samsonarsonar og Helgu Jóhannsdóttur. Í öðrum söfnum eru þulutextar mun færri, eða um 50 í safni Njáls Sigurðssonar tónlistarfræðings (þ.á m. 10 sem hann tók upp ásamt Hreini Steingrímssyni) en um eða undir 20 í söfnum Davíðs Erlingssonar prófessors, Frosta Jóhannssonar þjóðfræðings, Þórðar Tómassonar safnvarðar í Skógum og nokkurra fleiri.

Hópur heimildarmanna að þulum á upptökunum er mun stærri en í SÁM 30a–c og SÁM 32 (tæplega 500 vs. um 130 heimildarmenn) og sömuleiðis mun breiðari. Á upptökunum eru nú fulltrúar mun fleiri stétta og atvinnugreina. Hér eru konur í talsverðum meirihluta, eða um þrír fjórðu, og er þetta hærra hlutfall en í handritum (svör við 59. spurningaskrá meðtalin), en þar eru konur u.þ.b. tveir þriðju heimildarmanna. Langflestir karlanna fara enn fremur með fáa þulutexta á *Ísmús*, eða um 2,6 að meðaltali, en konur um 4,7 texta. Í 59. spurningaskrá fara karlar hins vegar með fleiri texta að meðaltali en konur (8,9 vs. 8,0), þannig að þessi hlutföll eru ekki algild.

5.2.3. Rannsóknargögn Jóns Samsonarsonar, Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Helgu Jóhannsdóttur

Rannsóknargögn Jóns Samsonarsonar, Helgu Jóhannsdóttur og Hallfreðar Arnar Eiríkssonar eru varðveitt á skjalasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og fékk sú sem hér ritar aðgang að þeim þar. Hér verður gerð grein fyrir helstu gögnum sem tengjast þulum síðari alda.

Efni Jóns Samsonarsonar í tengslum við fyrirhugaða þuluútgáfu hans samanstendur aðallega af prentsmiðjuþróförlum og uppskriftum ásamt handritalýsingum. Prentsmiðjuþrófarkirnar að tveimur bindum frá árunum 1967 og 1968, 223 og 246 bls. Þegar þetta er skrifað (júlí 2019) eru þrófarkirnar

²⁵² Um Þjóðfræðisafn Árnastofnunar og gagnagrunninn *Ísmús* sjá m.a.: Rósa Þorsteinsdóttir, „*Ísmús*,“ 97–101. Að öðru leyti er vísað á vefi Árnastofnunar (arnastofnun.is) og *Ísmús* (ismus.is).

²⁵³ Rafrænt gagnasafn, sem unnið er með í þessari ritgerð, var fengið hjá Huga Þórðarsyni, forritara í *Ísmús*-verkefninu, 1. apríl 2014 og miðast því við þáverandi ástand gagnagrunns *Ísmús*. Gagnasafnið var unnið að beiðni þeirrar er hér ritar og geymir upplýsingar um texta, spýril, safnmark, upprunalegt spólunúmer, fyrstu blokk hvers þulutexta (skráð sem „erindi“ í gagnagrunni *Ísmús*; um blokkir sjá kafla 8.3), stað og dagsetningu upptöku og loks um heimildarmenn, m.a. fæðingar- og búsetustað þeirra. Huga Þórðarsyni eru færðar bestu þakkir fyrir hans mikilvæga framlag til þessarar rannsóknar. Sú er hér ritar hefur síðar séð um uppfærslur og breytingar á gagnasafninu í samræmi við breytingar á *Ísmús* frá 2014, einkum þá sem snerti endurskilgreiningu á sumum munnenntagreinum og endurflokkun einstakra texta, í samráði við Rósu Þorsteinsdóttur sem aldrei verður nógsamlega þakkað fyrir framlag hennar. Þess ber einnig að geta að blokkaskipting í þessari ritgerð er frábrugðin erindaflokkun þulna á *Ísmús* í nokkrum atriðum; kúanafnablokkir með mismunandi inngangi eru t.d. teknar hér saman í *Kúapulur I* (sjá kafla 8.1.4.4 og Viðauka Ib.2).

²⁵⁴ Þulurnar eru rúmlega 650 ef taldar eru þær sem Hallfreður tók upp ásamt Svend Nielsen, Thorkild Knudsen, Árna Björnssyni o.fl.

í tveimur opnum öskjum merktum „Þulur prófarkir“;²⁵⁵ hér eftir verður vísað í þær sem Prófarkir 1 og Prófarkir 2. Í Próförkum 1 eru textar Þórnaldarþulu frá 17.–20. öld (um 60 textar),²⁵⁶ aðrar þulur frá 17.–18. öld (25 textar) og þulur í handritum Fornfræðafélagsins (sbr. kafla 5.2.1, rúmlega 100 textar). Í Próförkum 2 eru þulur frá Jóni Árnasyni og heimildarmönnum hans sem og fáeinum sjálfstæðum safnendum. Um 225 textar eru úr þulusafninu Lbs 587 4to og tæplega 120 textar úr öðrum handritum Jóns: þjóðsagna- og ævintýrasafni (Lbs 414, 416, 418, 420–424 8vo), gátusafni (Lbs 586a 4to) og nokkrum hlutum 50 binda kvæðasafns (JS 507, 510, 511 8vo). Aðrir textar koma úr söfnum Hallgríms Scheving (JS 289 8vo, 22 textar), Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi (Lbs 1911 8vo, 17 textar), Sigurðar Guðmundssonar málara (úr vasabókum hans, nr. SG03-1 til SG03-9 á Þjóðminjasafni) og annarra. Uppskriftir á þulutextunum í próförkum Jóns Samsonarsonar eru stafréttar. Uppröðun texta virðist aðallega miðuð við tímaröð; sé þula til í nokkrum gerðum virðist vera miðuð við elsta handrit hverrar gerðar (þetta á einkum við Þórnaldarþulur). Heimildir að textum í Próförkum 1 eru aftast í bindinu, á bls. 215–223 sem eru merktar sem 29. örk. Heimildir að textunum á bls. 1–16 (fyrstu örkinni) í Próförkum 2 eru á undan textunum í meginmáli, en lesbrigði neðanmáls; hins vegar virðast engar heimildaupplýsingar um hina textana vera í Próförkum 2.

Ýtarlegar heimildalýsingar Jóns Samsonarsonar í tengslum við þuluútgáfuna eru í tveimur samskonar öskjum; þar er fylgt byggingu útgáfunnar. Í annarri öskjunni (hér eftir Heimildalýsingar 1) eru stuttar greinargerðir um heimildir ýmissa texta Þórnaldarþulu og um þuluuppskriftir fyrir Fornfræðafélagið 1846–1853. Þar eru einnig mislangar greinargerðir um sumar þulur úr gömlum uppskriftum (frá 17.–18. öld) og/eða handritamyndir sem þeim tengjast. Í hinni öskjunni (hér eftir Heimildalýsingar 2) eru upplýsingar um heimildir fyrir seinna bindi útgáfunnar.²⁵⁷ Fyrir hvern texta Þórnaldarþulu er lýst bæði aðalhandritinu og seinni uppskriftum; áherslan er jafnan lögð á þann handritshluta sem geymir þulutextann fremur en á handritið í heild. Þessar lýsingar (66 bl.) eru auðkenndar með sömu bókstöfunum og textar Þórnaldarþulu í Próförkum 1. Lýsingar á heimildum fyrir öðrum þulum skiptast í kafla eftir heimildarmönnum og sendendum; 13 kaflar eru á tæplega 40 bl. í Heimildalýsingum 1 (undir fyrirsögninni „Þulur skrifaðar upp á árunum 1846–53 fyrir Fornfræðafélagið í Kaupmannahöfn og Jón Sigurðsson“) og 55 kaflar á tæplega 200 bl. í Heimildalýsingum 2. Jón Samsonarson hefur leitast við að tengja á ný saman efni frá hverjum sendanda – ef efnið fór í mismunandi safnhandrit hjá Fornfræðafélaginu og/eða Jóni Árnasyni – og gera þannig grein fyrir sendingunum í upprunalegri mynd. Jón Samsonarson greinir einnig frá bréfaskiptum heimildarmanna við Jón Árnason og Jón Sigurðsson, einkum þegar þau varpa ljósi á afstöðu heimildarmannanna til textanna eða á gang söfnunarinnar. Þá er gerð grein fyrir afskriftum textanna, skyldleika heimildanna og lesbrigðum.²⁵⁸

²⁵⁵ Fleiri eintök af prentsmiðjupróförkunum eru til í gögnum Jóns Samsonarsonar, m.a. eintak af fyrri bindi með fáeinum handskrifuðum viðbótarathugasemdum á spássium á fremstu blaðsíðum (í þriðju samskonar öskju).

²⁵⁶ 53 textar eru merktir A–Z^l, en við sjö texta eru engar merkingar.

²⁵⁷ Öskjurnar eru merktar „Þulu útg. | Um gamlar uppskr. | hrafl“ og „Þuluútgáfa yfirlit | Jón Árnason“.

²⁵⁸ Sbr. einkum athugun á uppskriftum Jóns Árnasonar (Lbs 587 4to I og JS 507 8vo), Magnúsar Grímssonar (Lbs 587 4to X og víðar), Hallgríms Scheving (JS 289 8vo) og Jóns Norðmann (efni hans í JS 289 8vo og víðar) sem tengjast allar innbyrðis (Heimildalýsingar 2, kaflar [1]–[5]). Þá eru handrituppskriftir Jóns Samsonarsonar og drög hans að heimildalýsingum fyrir textana í Próförkum 1–2 í sex samskonar öskjum á skjalasafni Árnastofnunar. Sitthvað í þessum uppskriftum hefur ekki komist í prentsmiðjuprófarkir, þ.á m. orðamunur eftir mismunandi handritum margra þulutexta.

Fleiri uppskriftir og handritálýsingar eru í þremur pappamöppum sem fylgja þuluútgáfudrögum Jóns Samsonarsonar; tvær þeirra eru tvískiptar. Fyrri tvískipta mappan er merkt „Þulusafn Jóns Sigurðssonar“ öðrum megin og „Fornfræðafélagið í Kaupmannahöfn“ hinum megin (hér eftir Annað 1a og Annað 1b), en sú seinni „I Þulusafn Hallgr. Schevings | II Þulur með hendi Páls Hjaltalíns og Odds Jónssonar í Fagurey“ öðrum megin og „Þulusöfn Sigmundar M. Long“ hinum megin (hér eftir Annað 2a og Annað 2b). Þriðja mappa er þynnri og ekki tvískipt, merkt: „Þulu-uppskriftir, ekki settar“ (hér eftir Annað 3).²⁵⁹ Mest efnið í möppunum Annað 1–3 tengist lauslegar söfnunarátökunum um miðbik 19. aldar en efni Fornfræðafélagsins og Jóns Árnasonar. Af frágangi á efninu má eigi að síður álykta að Jón Samsonarson hafi líklega hugsað þetta efni sem hluta útgáfu sinnar á íslenskum þulum.

Fleiri gögn í tengslum við rannsóknir Jóns Samsonarsonar á þulum eru meðal rannsóknargagna hans sem bárust Stofnun Árna Magnússonar að honum látnum í 40 kössum sem Einar Gunnar Pétursson fór yfir og skráði.²⁶⁰ Þar eru m.a. fleiri þuluuppskriftir, t.d. á um 150 textum (askja nr. 14) sem eru þó flestar einnig í þeim gögnum Jóns Samsonarsonar sem lýst var hér að framan; í sömu öskju eru uppskriftir á u.þ.b. 40 þulutextum, líklega frá því um 1949–1955, en upplýsingar um heimildarmenn eru af skornum skammti. Uppskriftir og/eða myndir af þulum og tengdum textum í handritum, ásamt minnispunktum Jóns Samsonarsonar, eru einnig í kössum 15–17, 19 og 27; í hinum síðastnefnda er einnig efnisyfirlit helstu handrita þjóðfræðasöfnunar Fornfræðafélagsins.

Jón Samsonarson afkastaði mjög miklu í söfnun þulna upp úr handritum 16.–19. (og 20.) aldar og í heimildalýsingum, þar á meðal í því að tengja saman mismunandi heimildir (og skrifara) og setja þær í samhengi til að fá glögga mynd af sögu þulusöfnunar á 19. öld. Þuluútgáfa Jóns hefur ekki komið út í þeirri mynd sem hún birtist í próförkunum, en þær eru – ásamt heimildalýsingum hans – dýrmæt heimild um þulurnar sjálfar og einkum um handrit þar sem þær er að finna, auk þess sem þær vitna um vinnubrögð Jóns Samsonarsonar og á hvaða hátt hann nálgadist þulur. Sú er hér ritar hafði útgáfudrög Jóns að leiðarljósi á fyrstu stigum rannsóknarinnar og studdist mjög við þau á öllum stigum hennar.

Rannsóknargögn Hallfreðar Arnar Eiríkssonar eru allt öðruvísi heimildir um þulur en gögn Jóns Samsonarsonar. Flestar þuluuppskriftir Jóns frá 20. öld eru í safnhandriti hans, SÁM 32, en verðmæti vinnugagna Jóns fyrir rannsókn á þulum er aðallega fólgið í drögum hans að þuluútgáfunni. Rannsóknir Hallfreðar Arnar snerust ekki um þulur í sama mæli og rannsóknir Jóns, en Hallfreður safnaði þjóðkvæðum í mun meira mæli; þar á meðal eru þulur. Þjóðfræðauppskriftir Hallfreðar eru víðar en í SÁM 30a–c, m.a. í vinnugögnum hans sem eru í 14 skjalaöskjum á skjalasafni Árnas-tofnunar. Þuluuppskriftir Hallfreðar eru einkum í öskjum 1–2, en þar eru söfnunar- og vinnudagbækur hans; þulur eru einkum í söfnunarbókum frá 1968–1971 og 1973–1974. Aðsendar þuluuppskriftir eru einkum í öskjum 9–12, og fáeinir þulurtextar í nokkrum öskjum til viðbótar. Flestar uppskriftirnar eru frumheimildir. Í rannsóknargögnum Hallfreðar er einnig mikið efni sem varpar ljósi á þróun

²⁵⁹ Efnið í möppunum samsvarar oftast merkingunum. Meirihluti textanna í möppunni merktri Fornfræðafélaginu er þó úr Lbs 936 4to, handriti Friðriks Eggerz. Þá er þulusafn Hallgríms Scheving ekki í möppunni Annað 2a.

²⁶⁰ Einar G. Pétursson, „Gögn Jóns M. Samsonarsonar í IV þörtum“.

Þjóðfræði á Íslandi á ofanverðri 20. öld, m.a. skýrslur um söfnun þjóðfræða (í öskju 3) og yfirlit yfir ýmis söfn.

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru einnig varðveitt rannsóknargögn Helgu Jóhannsdóttur ásamt aðsendu efni, í sex öskjum. Flestir þulutextar í gögnum Helgu eru í aðsendu efni (öskju 6), en nokkrar eiginhandaruppskriftir Helgu á þulum síðari alda í öskju 3. Helga var tónlistarfræðingur og nálgadist efnið öðruvísi en handrita- og textafræðingarnir Jón Samsonarson og Hallfreður Örn Eiríksson; hún lagði áherslu á flutning á þulum (sbr. kafla 9), en þulutextar eru tiltölulega fáir í safni hennar. Safn Helgu er eigi að síður mikilvægt, ekki síst vegna þess að hún var með sinn eigin hóp heimildarmanna – eða öllu heldur heimildarkvenna – sem hefur ákveðna sérstöðu gagnvart heimildarmönnum annarra.

5.3. Útgáfur

Fyrsta þulan sem vitað er að birst hafi á prenti er Þórnaldarþula, en brot úr henni var prentað sem textadæmi í útgáfu J. Reenhielms á Þorsteins sögu Víkingssonar árið 1680.²⁶¹ Þessi elsta þuluútgáfa er því aðeins örfáum árum yngri en elsta varðveitta þuluhandrit – sem er einnig af Þórnaldarþulu (sjá 5.2.1). Reenhielm vísar ekki í heimild(ir) sína(r) fyrir þulunni, en Jón Samsonarson álitur sennilegt að Reenhielm hafi fengið hana frá Jóni Rúgmann.²⁶² Frá honum virðist einnig niðurlag Þórnaldarþulu sem er prentað í orðabókinni *Index Lingvæ Veteris Scytho-Scandicæ sive Gothicæ* eftir Olof Verelius sem dæmi við orðið „Huarf“.²⁶³ Báðir þulutextarnir, sem prentaðir voru undir lok 17. aldar, eru því úr Þórnaldarþulu, og líklega frá einum og sama heimildarmanni, þannig að þessi birting má heita afmarkað tilfelli. Aðrar íslenskar þulur koma varla út á prenti svo nokkru nemi fyrr en undir lok 19. aldar.

Útgáfusaga þulna hefst með söfnun þjóðfræða og Jóni Árnasyni (sbr. 5.1). Hann áformaði að gefa út alla efnisflokkka í Hugvekju sinni, þ.á m. þulur, en aðeins kreddur komust fyrir í *Íslenzkum Þjóðsögum og æfintýrum* sem sjálfstæður þjóðfræðaflokkur (X., á eftir þjóðsögum og ævintýrum í I.–IX.).²⁶⁴ Þó eru fáeinar þulur í safninu – en ekki á eigin forsendum, t.d. *Bárður á Jökli* í frásögn um þófaravinnu,²⁶⁵ nokkrar Grýluþulur í frásögnum um tröllin Grýlu og Leppalúða, kúapulur í dýrasögnum o.fl.²⁶⁶

Flokkar XI–XIII – og að hluta XIV – í Hugvekju Jóns Árnasonar voru hins vegar gefnir út 1887–1903 sem *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 1–4 (*ÍGSVP*). Flestum þulnanna er skipað

²⁶¹ Reenhielm, „Notæ In Historiam Thorstani Vikingi Filii,“ 89–90; m.a. þessar línur: „Þ[u] hafdir *bry<n>iuna* brafada, *brynhattin* tinadan, reidft alfuortum uxa, *bryniudum* alt ad bogum fram [...]“ (leturbreyting mín – *YSH*). Í inngangsetningu að brotinu er nefnd „Þórnaldar tula“. Latínupýðing fylgir.

²⁶² Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 1, kaflinn um Þórnaldarþulu BII, bls. [1].

²⁶³ Verelius, *Index lingvæ veteris scytho-scandicæ sive Gothicæ*, 126. Brotið hefst á „Hestr er mer hurfin“; það er ekki tengt við Þórnaldarþulu í orðabókinni með beinum hætti og heimildir fyrir því ekki nefndar.

²⁶⁴ Sjá Jón Samsonarson, „Söfnun þjóðkvæða á nítjándu öld,“ 13–17.

²⁶⁵ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, 2: 580. Textinn er kallaður „formáli“ í útgáfunni. Jón Samsonarson kallar hann „bæn“ („Söfnun þjóðkvæða“, 17) en hefur hann samt með í drögum að þuluútgáfunni sem hann vann að, en þar eru annars hvorki bænir né svokallaðar særingapulur. Sbr. Viðauka Ia.6.

²⁶⁶ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, 1: 218–219 og 611–612.

saman í *ÍGSVP*, 4 (*Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*) í nokkra kafla, einkum „Þulur og þesskonar“ en einnig „Grýlukvæði og því um líkt“, „Dýraþulur“, „Fuglaþulur og stef“ og „Manþulur“; þá fóru sumar þulur í *ÍGSVP*, 3, kafla „Dansþulur“. Vera má að það endurspeglar gamlan skyldleika þessara þulna við leiki að hluti af þulunum var prentaður með öðrum kvæðagreinum – danskvæðum og Grýlukvæðum; á hinn bóginn getur líka verið að hér hafi flokkun eftir efni blandast inn í flokkun eftir þjóðkvæðagreinum sem er almennt fylgt í útgáfunni.

Til grundvallar *ÍGSVP* liggur efni úr þjóðfræðasöfnun Jóns Árnasonar, en Ólafur Davíðsson og fleiri bættu miklu efni við.²⁶⁷ Mest gildir það þó trúlega um þulubindið, *ÍGSVP*, 4. Ólafur getur þess sjálfur í örstuttum formála sem fylgir bindinu:

[...] mér hefir borizt í hendur allmikið safn af íslenskum þulum og þjóðkvæðum frá Jóni Árnasyni, bókaverði, en eg hefi aukið það svo mjög, að eg þykist hafa fullan rétt til að kalla mig einn safnanda rits þessa.²⁶⁸

Það er rétt að Ólafur hafði lengi haft áform um að bæta við safnið – fyrst við sitt eigið safn, síðar við þulusafnið sem honum barst frá Jóni Árnasyni 1887.²⁶⁹ Á árunum sem líða þar til þulusafnið var prentað (1903) kannaði Ólafur fjölda handrita í Kaupmannahöfn, þ.á m. handrit Fornfræðafélagsins, DFS 67, fleiri handrit frá Árnasafni,²⁷⁰ handrit úr safni Bókmenntafélagsins²⁷¹ og Jóns Sigurðssonar²⁷² og ýmis önnur handrit sem Jón Árnason hafði ekki aðgang að.²⁷³ Ólafur vísar í ofangreind handrit sem heimildir að þulum í *ÍGSVP*, 4, og eru þulurnar því ekki úr safni Jóns. Ólafur vísar ósjaldan í þulur í kvæðabókum Jóns Þorkelssonar yngri,²⁷⁴ þulur sem Ólafur fékk frá Guðmundi bróður sínum, Þorsteini Erlingssyni o.fl.; þær þulur eru ekki heldur úr safni Jóns Árnasonar. Þá sækir Ólafur þulur í nokkrar prentaðar bækur og tímarit²⁷⁵ og vísar m.a. í þjóðsagnaútgáfu Jóns Árnasonar. En í handrit Jóns Árnasonar virðist Ólafur vísa aðeins tvisvar. Annars vegar er vikivakalýsing Jóns Árnasonar í SvG 66 (hugsanlega DFS 67, 142r–143r) nefnd við þuluna „Stapadansinn“; hins vegar er „Safn J. Árn. B, XXI“ (þ.e. JS 515 8vo) meðal heimilda að þulunum

²⁶⁷ Sjá Jón Samsonarson, „Söfnun þjóðkvæða á nítjándu öld,“ 18–19 og bréf Jóns Árnasonar sem þar er vísað í. Sjá einnig Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ cxii–cxvi. Um útgáfuférl *ÍGSVP* sjá einnig bréf Ólafs Davíðssonar til Jóns Árnasonar í NKS 3010 4to (5), bréf embættismanna Hins íslenska bókmenntafélags (Ólafs Halldórssonar og Valtýs Guðmundssonar) til Jóns í sama handriti og fundargerðir og bréfastipti Hins íslenska bókmenntafélags í Lbs 193 NF.

²⁶⁸ *ÍGSVP*, 4: 3.

²⁶⁹ NKS 3010 4to (5), Ólafur Davíðsson, nr. 3, 3v (22. febrúar 1886) og nr. 16, 2v–3v (12. október 1887). Ekki er vitað nákvæmlega hvað Jón Árnason sendi Ólafi; þó má leiða líkur að því að það hafi verið eintak af afskriftasöfnum Jóns frá efri árum hans sem eru í Lbs 587 4to XII: þulur (um 35 blöð) og annar kveðskapur: barnavísur og dýrakvæði (um 15 blöð) og langlokur ásamt nokkrum þulum og barnavísnum (um 12 blöð). Efnisyfirlit yfir þessi tvö afskriftasöfn liggur hjá drögum Jóns að inngangi að þulubindinu (Lbs 587 4to VII, [34r]), en inngangurinn hefur farið til Ólafs með safninu.

²⁷⁰ AM 148 8vo (Kvæðabók úr Vigur), AM 154 XII–XIV 8vo og AM 226 8vo; AM 979 b 4to og AM 1011 4to (handrit Jóns Ólafssonar úr Grunnvík, fyrrum Addit. 7 og 47).

²⁷¹ ÍB 176 4to, ÍB 340 8vo, ÍB 605 8vo, ÍB 614 8vo, ÍB 651 8vo og ÍB 656 8vo og „Hvarfsbók [...] II“ (ÍB 816 8vo).

²⁷² JS 245 4to eða JS 398 4to.

²⁷³ M.a. GKS 2873 4to (hdr. Jóns Þorkelssonar rektors), NKS 1894 4to (afrit af AM 154 XIV 8vo) og Thott 489 8vo.

²⁷⁴ T.d. „Kvæðabók dr. Jóns Þorkelssonar í arkarbroti“, þ.e. Lbs 276 fol., handrit úr safni Jóns Þorkelssonar, með hendi Páls Hjaltalín (sbr. titilsíðu handritsins).

²⁷⁵ Meðal bókanna, sem Ólafur vísar í, eru: Jón Þorkelsson, *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede* (1888); „Jón Ólafsson, Stafrófskver 1889, 1891, 1892“, þ.e. Jón Ólafsson, *Spánnýtt stafrófskver* (2. útg. aukin 1889, 3. útg. 1891 og trúlega 4. útg. 1893, en bókin virðist ekki hafa komið út 1892), o.fl.

„Grýla reið fyrir ofan garð“ og „Grýla reið með garði“.²⁷⁶ Hvorug vísunin er beint í þulusafn Jóns Árnasonar.

Af þessu má álykta að Ólafur Davíðsson hafi *alls ekki gefið út þulusafn Jóns Árnasonar*, a.m.k. ekki í heild sinni. Þvert á móti virðist Ólafur hafa að mestu prentað sitt eigið þulusafn, og virðist kjarni safnsins koma einmitt úr þeim söfnum sem Ólafur ætlaði að nota til að bæta við safn Jóns. Lítil vafi leikur reyndar á því að Ólafur hafi notað fleiri handrit úr safni Jóns en hann vísar til,²⁷⁷ en útgáfan hefur verið gagnrýnd bæði fyrir sjálfræðislega meðferð á textunum og framsetningu sem gerir lesanda „ókleift að átta sig á meðferð heimilda og samsetningu þeirra“.²⁷⁸ Því getur *ÍGSVP* varla talist örugg heimild um þulutexta. Ekki bætir úr skák að *ÍGSVP*, 4 er eina bindið sem hefur sama sem engan inngang. Ólafi entist ekki aldur til að semja inngang,²⁷⁹ en inngangur Jóns Árnasonar var ekki prentaður (sbr. kafla 4.1). *ÍGSVP* er eigi að síður umfangsmikið og áhrifamikið safn; fjöldi ljóðskálda hefur t.d. orðið fyrir áhrifum þess, þ.á m. Hulda, Theodóra Thoroddsen og Davíð Stefánsson. Safnið er einnig að mestu sambærilegt við útgáfur á svipuðu efni annars staðar á Norðurlöndum;²⁸⁰ munurinn er helst sá að annars staðar á Norðurlöndum er enn meiri áhersla lögð á að birta romsukveðskap ásamt barnakveðskap.

Sex þulur (í skilningi þessarar ritgerðar) voru einnig birtar 1888 í doktorsritgerð Jóns Þorkelssonar, *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*. Hann tekur fram að Ísland sé mjög fá-tækt af eiginlegum þjóðkvæðum og að þjóðlegur kveðskapur hér sé af öðru tagi en víðast á Norðurlöndunum;²⁸¹ að rímur skipi svipaðan sess hér og danskvæði í Skandinavíu, en þulur séu hinn eiginlegi rímaði þjóðkveðskapur. Þulurnar sem Jón Þorkelsson birtir eftir eigin minni eða heimildum öðrum en söfnum Jóns Árnasonar og Ólafs Davíðssonar²⁸² hafa vafalítið heimildargildi.

Að frátöldu því sem hér hefur verið tínt til verður langt hlé á þuluútgáfu – og útgáfu þjóðkvæðasafna yfirleitt – eftir útkomu *ÍGSVP*, á sama hátt og hlé varð á skipulagðri þjóðfræðasöfnun á Íslandi og skráningu þulna í handrit á öndverðri 20. öld (sjá 5.1 og 5.2). Stakar þulur koma stundum út, einkum í barnabókum og blöðum, en of langt mál væri að gera grein fyrir slíkum birtingum hér. Fjöldi þeirra vex upp úr miðri 20. öld, en þar er sjaldnast gerð grein fyrir heimildum eða meðferð texta, og er heimildargildi þeirra því óljóst. Af lestrarútgáfum með nokkrum fjölda þulutexta má helst nefna *Fagrar heyrði eg raddirnar*, yfirlitsútgáfu Einars Ól. Sveinssonar á þjóðkvæðum með um sextíu þulutextum sem eru þó að mestu sóttir í prentuð rit. Útgefandi styðst einnig við eigin

²⁷⁶ „Stapadansinn“ er í *ÍGSVP*, 3: 389 (sjá nánar Viðauka Ia.2) en Grýluþulurnar í *ÍGSVP*, 4: 146 (sbr. Viðauka Ib.1).

²⁷⁷ Aðaltexti þulunnar *Helga bredda reið á skóg* (*ÍGSVP*, 4: 226) virðist t.d. fara að mestu saman við texta Lbs 418 8vo, 32r að viðbætti línunni „alla dagana þrjá“ úr Lbs 587 4to III, 56v–57r (frá Benedikt Sveinssyni), en síðarnefnda heimildin virðist einnig vera notuð í lesbrigðum neðanmáls. Sbr. kafla 8.3.1 (og Viðauka Ic.7).

²⁷⁸ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „(Ó)Traustar heimildir: Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða,“ 210–226, einkum 222. Sbr. Finnur Jónsson, eftirmáli að: *ÍGSVP*, 4: 384.

²⁷⁹ Sbr. Finnur Jónsson, eftirmáli að: *ÍGSVP*, 4: 383.

²⁸⁰ Sbr. *Svenska barnvisor ock barnrim; Danske børnerim, remser og lege, Norske barnerim og leikar* o.fl. (sbr. kafla 5.1).

²⁸¹ Jón Þorkelsson, *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*, 116, 182, 188, 195 og víðar; þulur eru á bls. 195–198.

²⁸² Sbr. Jón Þorkelsson, *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*, 195, 2. nmgr.

uppskriftir á handritum á Landsbókasafni og minni sitt úr barnæsku en gerir ekki nánari grein fyrir notkun heimilda, og er því erfitt að meta textafræðilegt gildi bókarinnar.

Þulur eru einnig í þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, bæði í B- og A-gerð (sbr. kafla 4.1),²⁸³ um 25 og 35 textar, prentaðir – líkt og þjóðsögurnar – ýmist óbreyttir eftir heimildum eða í endursögn Sigfúsar, og þá með merkinu „Eftir sögn“ heimildarmanns.²⁸⁴ Stundum er einnig prentað eftir útkomnum bókum.²⁸⁵ Um nokkrar þulur segir aðeins: „Húsgangur gamall“, „Ýmsir sögumenn“ eða jafnvel „Gleymdar heimildir“;²⁸⁶ stundum er heimild ekki tilgreind.²⁸⁷ Því er einnig erfitt að meta textafræðilegt gildi þessarar útgáfu. Í síðari útgáfunni (A-gerð safnsins) er heimildavinna meiri og nákvæmari, en þó er oft vísað í prentuð rit, og þá oftast í *ÍGSVP*. Þá er skilningur Sigfúsar á hugtakiinu *þula* annar en sá sem liggur til grundvallar í þessari ritgerð (sjá 4.1).

Nokkrar þulur voru prentaðar í tveimur útgáfum íslenskra þjóðkvæða sem tengdust dönsum, en báðar voru þær byggðar á miklum handritarannsóknum og vandaðri heimildavinnu. Önnur er *Kvæði og dansleikir*, 1–2 í umsjón Jóns Samsonarsonar.²⁸⁸ Þulur eru vissulega aðeins teknar inn í útgáfuna að því leyti sem þær tengjast þungamiðju hennar, dansleikjum, eða hafa upplýsingagildi um þá;²⁸⁹ en þulutextarnir eru eigi að síður á annan tug²⁹⁰ og heimildir fyrir þeim eru fjölbreyttar; þ.á m. eru helstu þuluhandrit Jóns Árnasonar og Fornfræðafélagsins. Einnig er getið um þulur í umfangsmiklum inngangi.²⁹¹ Þetta er því fyrsta útgáfa á þulutextum svo nokkru nemi þar sem textarnir eru teknir beint úr handritum frá tímum elstu skipulögðu þulusöfnunar, með lágmarks leiðréttingum og af mikilli nákvæmni, og grein er gerð fyrir heimildum. Skömmu eftir útkomu *Kvæða og dansleikja* hóf Jón vinnu að þuluútgáfu en lauk henni ekki (sbr. 5.2.3). Á efri árum felldi Jón þó gott úrval þulutexta inn í grein sína „Barnagælur“;²⁹² þar eru þeir birtir eftir handritum (einkum þulusafni Jóns Árnasonar, Lbs 587 4to) og fyrri útgáfum.

Hin útgáfan af svipuðu tagi er *Íslenzk fornkvæði* Jóns Helgasonar frá 1962–1981, umfangsmikil textafræðileg útgáfa á stórra þjóðkvæðagrein ásamt skyldu efni, þ.á m. þulum (í 8. og síðasta bindi). Í henni eru þulur einnig því aðeins birtar að þær tengist aðalviðfangsefni útgáfunnar, en talsverð tengsl eru þó milli þulna og fornkvæða (sjá 2.3–2.4). Flestir þulutextarnir eru í stuttum kafla „Fornkvæði og þulur“;²⁹³ eða u.þ.b. fjórtán þulubrot ásamt lesbrigðum þegar við á. Textarnir koma

²⁸³ *Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir* (16 bindi, 1922–1958); þulur eru í 15. bd., *Rím-gaman* (1958). Í útgáfu A-gerðar eru þulur í 15. flokki, *Ljóðleikir*, í: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, bindi 10 (1991).

²⁸⁴ Sigfús Sigfússon, „Hversu safn þetta varð til,“ 7. „Tátu-þula“ er t.d. „Eftir Erlendínu Jónsdóttur á Vestdalseyri“, en „Sviða-þula“ „Eftir sögn Ingibjargar Ísleifsdóttur“ (*Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 44–45).

²⁸⁵ Um „Sat ég undir fiskahlaða“ segir jafnvel: „Oft út komin áður og á prenti“ (*Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 42.)

²⁸⁶ *Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 45, 46 og 48.

²⁸⁷ *Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 49 og 50.

²⁸⁸ Um útgáfuna og meðferð texta sbr. greinargerð: Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ ccxl.

²⁸⁹ Því er mikilvægt að forðast að ofmeta tengsl á þulum og leikjum út frá þessari útgáfu.

²⁹⁰ Fjórir þulutextar eru í kaflanum „Þulur og langlokur“ en níu dansþulutilbrigði undir fyrrisögninni „Leikþula“ í kaflanum „Leikkvæði“. Í kaflanum „Stökur og kvíðlingar“ eru m.a. tveir kvíðlingar sem koma fyrir í þulum og fimmtán stuttir textar undir sameiginlegu fyrrisögninni „Vísur og brot úr þulum“; fleira má tína til.

²⁹¹ Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ ccxv–ccxvii.

²⁹² Jón Samsonarson, „Barnagælur,“ 79–102.

²⁹³ *Íslenzk fornkvæði*, 8: 112–116.

flestir úr þulusafni Jóns Árnasonar (Lbs 587 4to) og öðrum handritum hans og safnara á hans vegum; einnig er oft vísað í DFS 67. Við sum þulubrotin eru svo tilfærðir hliðstæðir textar annars staðar frá Norðurlöndum (úr prentuðum heimildum). Flest bindi *Íslenzkra fornkvæða* hafa sinn inngang hvert með ýtarlegum handritalýsingum, þ.á m. á sumum handritum – að hluta eða í heild – sem geyma þulur: DFS 67, Lbs 587 4to, Lbs 414 8vo, JS 510 8vo o.fl. Bd. 8 er þó eina bindið sem hefur aðeins örstuttan formála á bls. ix–x (svipað og þulubindið í *ÍGSVP*), en þar kemur a.m.k. fram að Jón Samsonarson og Helga Jóhannsdóttir hafi tekið þátt í útgáfunni. Þessi útgáfa á þulubrotunum, sem tengjast íslenskum fornkvæðum, er eina textafræðilega útgáfan á þulum síðari alda hingað til; hún er öllum kostum búin nema fjölda á þulutextum og ýtarlegri inngangi að þeim.

Um aldamótin 2000 lifnar talsvert yfir þjóðfræðaútgáfu á ný, og nú bætast við útgáfur á hljóðritum, þ.á m. úr segulbandasafni Árnastofnunar. Tveir þulutextar eru t.d. á disknum *Raddir*²⁹⁴ og fleiri á *Heyrði ég í hamrinum*²⁹⁵ og *Vappaðu með mér Vala*, hljóómútgáfu á þjóðkvæðum og fáeinum sögum í flutningi Ásu Ketilsdóttur.²⁹⁶ Rósa Þorsteinsdóttir, sem hafði þá starfað á Árnastofnun um árabíl við tölvuskráningu og rannsóknir á efni í segulbandasafni stofnunarinnar, sá – ásamt fleirum – um allar þessar útgáfur. Árið 2006 kemur út hjá Smekkleysu og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum *Einu sinni átti ég gott* (á bók og tveimur geisladiskum), útgáfa á sýnishorni af efninu sem er varðveitt á segulböndum í þjóðfræðasafni stofnunarinnar, m.a. allnokkrum þulum. Rósa Þorsteinsdóttir hefur einnig umsjón með þeirri útgáfu og ritar stuttan en efnismikinn inngang.²⁹⁷ Hún fetar í fótspor Jóns Árnasonar (og margra fleiri) þegar hún lýsir efni bókarinnar – þar á meðal þulum – sem „efni sem venjan var að fara með fyrir börn“.²⁹⁸ Upplýsingar um heimildarmenn fylgja hljóðritunum. Þar með var að nokkru leyti bætt úr skorti á þuluútgáfum byggðum á vandaðri heimildavinnu.

Eins vegur gagnagrunnurinn *Ísmús* á móti téðum skorti. Grunnurinn geymir margvíslegar heimildir um tónlistar-, kvæða- og sagnamenningu Íslendinga – m.a. hljóðupptökur úr þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – og miðlar þeim jafnt til fræðimanna sem almennings. Fyrsta gerð hans var opnuð 2001. Skráningu er þó ekki lokið og æ meira efni og fleiri upplýsingar bætast við. Í gagnagrunninum eru nú um 2000 þuluupptökur ásamt ýtarlegum upplýsingum um heimildir og heimildarmenn.

5.4. Niðurlag

Eins og kafli 5 sýnir voru þulur síðari alda frekar aftarlega í röð íslenskra munnmennta bæði við söfnun og útgáfu; þær rötudu líka einna seinast í handrit (að Þórnaldarþulu frátalinni). Af því má ráða að þulur hafi sjaldnast verið álitnar merkilegur kveðskapur sem ætti erindi á bók.²⁹⁹ Þetta kann

²⁹⁴ *Raddir*; þulurnar eru: *Sat ég undir fiskihlaða* og „Nafnaþula“ (*Bárður Björgulffsson ...*, sbr. Viðauka Ia.3).

²⁹⁵ Þulurnar eru m.a. *Heyrði ég í hamrinum*, *Táta, Táta*, *Bárður á Jökli* og *Tífill og Tútur*.

²⁹⁶ Ása Ketilsdóttir, *Vappaðu með mér Vala*, en meðal þulnanna eru: *Heyrði ég í hamrinum*, *Karl og kerling* o.fl.

²⁹⁷ Rósa Þorsteinsdóttir, „Ljósgeislar í marglitu gleri,““ 2–5.

²⁹⁸ Rósa Þorsteinsdóttir, „Ljósgeislar í marglitu gleri,““ 2.

²⁹⁹ Sbr. orð Gunnars Gunnarssonar í bréfi til Jóns Árnasonar frá 13. febrúar 1861: „Jeg vildi, að þú hefðir eitthvert gagn af hinu ruslinu, og þyrftir ekki, að kasta því öllu sem óhæfu. Það eru að eins gátur og þulur, illa og óreglulega skrifaðar, eins og þær komu \fyrir, þegar mér voru sagðar þær [...]“ (NKS 3010 4to (14), nr. 1, 1v).

að tengjast formi þeirra – sem er oft lagt á vogarskálar bundins máls og metið lélegt – eða brotakenndri byggingu og látlausu innihaldi; en það getur einnig stafað af því að oft þykir óþarft að skrifa niður munnmenntir líðandi stundar áður en kemur að hnignun munnmenntahefðar. Einnig kann að hafa skipt máli að á öndverðri 19. öld var ákveðin áhersla lögð á söfnun fornfræða (frekar en þjóðfræða), en fram á 20. öld á hljóðritun á lögum (frekar en textum).

Saga þulusöfnunar sýnir enn fremur að menntamenn, sem skipulögðu söfnun þjóðkvæða um miðbik 19. aldar, settu þulur í samhengi við barnavísur, gælur sem konur raula við börn, gátur og leiki (hugsanlega fyrir áhrif starfsbræðra sinna á meginlandi Evrópu). Þetta viðhorf mótar þulusöfnun á ofanverðri 19. öld og áhrifa þess gætir lengi á eftir. Þó er ekki víst að þessi upplifun á þulum hafi gefið fulla mynd af flutningi þeirra og hlutverki. Margir heimilidarmenn virðast hafa haft aðra reynslu af þulum en að þær hafi aðeins verið barnakveðskapur. Þá gefur samhengi þulna í handritum einnig til kynna að þær hafi staðið nær lengri frásagnarkvæðum en barnagælum (sjá kafla 6.2).

Kafla 5 sýnir einnig að tilraun til fræðilegrar útgáfu á þulum var gerð með *Íslenzkum gátum, skemtunum, vikivökum og þulum*, 4, en hún uppfyllir þó ekki kröfur um heimildavinnu. Aðra atlögu gerði Jón Samsonarson á ofanverðri 20. öld, en lauk henni ekki. *Ísmús* gerir góð skil hljóðupptökum á þulum frá ofanverðri 20. öld. Samt sem áður skortir enn útgáfu á þulum sem eru varðveittar í handritum, útgáfu þar sem þulurnar sjálfar væru í brennidepli og kæmu út á eigin forsendum – frekar en sem hluti af stærri þjóðfræðaútgáfu eða sem barnaefni – og á fræðilegum grundvelli; m.a. útgáfu á eldri þulutextum sem myndi byggjast á rannsókn á textaheimildum.

Í seinni hluta þessarar ritgerðar (kafla 6–10) verður þess freistað að skjóta traustari stöðum undir þuluútgáfu, sem er hluti stærra þuluverkefnisins ásamt þessari ritgerð (sbr. kafla 1), með rannsókn á formi, flutningi og einkum byggingu þulukveðskapar (kaflar 7, 9 og 8), en í lokakaflanum (10) verður m.a. greint frá því hvernig niðurstöður þessarar rannsóknar geta gagnast við útgáfu á þulum síðari alda.

II. HLUTI

6. Hugtakanotkun: orðið *þula* á síðari öldum

Þulur síðari alda voru settar í bókmenntasögulegt samhengi við fornþulur og þululegan kveðskap nágrannalanda í 2. kafla. Ekki síður mikilvægt er að setja þær í samhengi við svipaðan samtíma-kveðskap innanlands. Í þessu augnmiði verður hér gerð grein fyrir því hvernig orðið *þula* var notað á síðari öldum í frumheimildum (kafla 6.1; sjá einnig umfjöllun um hugtakanotkun í fræðilegri um-ræðu í kafla 4.1–4.2), en ólíkt fornþulum eru þulur síðari alda virkilega kallaðar *þulur* víða í hand-ritum og öðrum samtímaheimildum. Annar mælikvarði á stöðu þulna síðari alda meðal annarra þjóðkvæða er staða þeirra og samhengi í handritum og öðrum heimildum (6.2).

6.1. Orðnotkun í frumheimildum

Nærri helmingur þuluuppskrifta hefur fyrirsagnir í frumheimildum,³⁰⁰ en þær sýna afstöðu skrifara til texta og hvaða hugmyndir hann hefur um þá. Sumar fyrirsagnir (eða um tíundi hluti þeirra) eiga aðeins við innihald textanna, t.d. „Um Grílu“ eða „Um Grílu börn“,³⁰¹ en aðrar geyma einnig upplýsingar um það hvernig skrifari flokkaði textann – meðvitað eða ekki – og jafnvel hvaða kveðskapargrein hann taldi textann tilheyra, t.d.: „Grílu þula“ eða „enn Þula um Grílu“.³⁰² Hér verður fyrst sagt frá því hvaða þulutexta (í skilningi þessarar ritgerðar) skrifarar mátu sem þulur, einkum á 17.–19. öld (kafla 6.1.1). Hins vegar var orðið *þulur* ekki aðeins notað um þulur í skilningi þessarar ritgerðar – og þær voru einnig kallaðar annað en *þulur* í frumheimildum. Frá helstu kveðskapargreinum sem standa nærri þulum í þessu tilliti segir í kafla 6.1.2.

6.1.1. Þulunafnið í fyrirsögnum við þulutexta

Fyrstu fyrirsagnir þulna og jafnvel nokkurs konar skilgreiningar á þeim birtast í handritum skömmu eftir að hafið er að rita þulur í þau. Frá seinni hluta 17. aldar er þulan „Eg Sat under Fiskahlada faudur mýnz“ með fyrirsögninni „Ein gömul þula“.³⁰³ Heiti Þórnaldarþulu kemur fram í bókartexta árið 1680.³⁰⁴ Frá miðri 18. öld er þulan *Draum dreymdi mig* með fyrirsögninni „Gómul Draum=þula“.³⁰⁵ Jón Ólafsson úr Grunnavík semur jafnframt þessa orðabókarskýringu á þulum: „Þulur, f. pl. orationes deproperatae, memoriae exercendae causa inventae sunt; quia diversas materias conglomerant, ut: Þarhilldar dræpa et Þornalldar Þula“ (,Þulur, kvk. flt., fljótar ræður sem búnar eru til til þess að æfa

³⁰⁰ Eðli heimildanna samkvæmt getur athugun á fyrirsögnum ekki verið tæmandi um orðnotkun í tengslum við þulur á síðari öldum, ólíkt rannsókn Elenu Gurevich á notkun orðsins *þula* í forn málinu (Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu heitisins ‚þula‘ í forníslensku], 186, 3. nmgr.). Þessi athugun gefur eigi að síður sterkar vísbendingar um afstöðu heimildarmanna til efnis sem þeir skrifa niður.

³⁰¹ *Grýla kallar á börnin sín* (JS 515 8vo, bls. 162) og *Grýla er að vísu* (Lbs 424 8vo, 28v–29r) (sbr. Viðauka Ia.1).

³⁰² *Grýla er að vísu* ásamt *Grýla kallar á börnin sín* (Lbs 416 8vo, 295v) og *Grýla reið í garðshorn* (AM 969 4to, 40v).

³⁰³ Holm. Papp. 64 fol., 99v. (Á eftir f í „faudur“ er hugsanlega innskotsstafurinn *i*, en líklega er það þó hluti *f*-stafsins.)

³⁰⁴ Reenhielm, „Notæ In Historiam Thorstani Vikingi Filii,“ 89.

³⁰⁵ Lbs 513 4to, 126v. (Broddar yfir *u* eru líklega stafagerðareinkenni handritsskrifara; hér er ekki tekið tillit til þeirra.)

minni og þar sem ýmis málefni koma saman, svo sem Paurhildardrápa og Þórnaldarþula³⁰⁶). Þessi skilgreining Jóns gengur út frá flutningsmáta, sbr. sagnorðið *þylja* (og umræðu í kafla 2.2), en á öðrum stað í hinni stóru orðabók sinni leggur hann einkum upp úr lengd þulna og síðar upp úr flutningsmáta, en einnig upp úr byggingu texta en síðar hlutverki þeirra: „Þula. f. Sermo proli[x]us, properatus et parum cohærens. ut: Þornalldar þula. ut memoria exerceatur puerorum. sic ut Ænigmatib[us] iudicium. Ejusdem generis etiam est Þarhilldar drapa“ („Þula, kvk., langorð ræða, fljótt borin fram og lítt samhangandi, svo sem Þórnaldarþula, sem æfir minni barna, sem og <æfir> vit með gátum. Af sama kyni er einnig Paurhildardrápa“).³⁰⁷ Athyglisvert er að enn aðra algenga þulu, *Heyrði ég í hamrinum*, kallar Jón þó ekki *þulu* heldur „svæfidans“, hvort sem hann hugsar orðið sem heiti á þessu tiltekna kvæði eða sem e.k. heiti á kveðskapargrein (sbr. vögguvísur).³⁰⁸ Um annan texta með ýmis þulueinkenni, *Gimbill eftir götu rann*, segir Jón „ut in stropha vulgari“ („svo í algengu erindi“),³⁰⁹ og óvíst er hvort Jón telur hann til þulna (eða t.d. vísna). Að tveimur síðastnefndum textum frátöldum eru þannig fjórir textar sem farið er að kalla *þulur* í heimildum þegar á 17.–18. öld: *Sat ég undir fiskihlaða*, *Draum dreymdi mig*, *Þórnaldarþula (Hlýði menn fræði mínu)* og *Paurhildardrápa (Lambið beit í fingur minn)* (sbr. Viðauka Ic.2, Ib.10, Id.6 og Id.4).

Á 19. öld bætast æ fleiri textar í hóp þeirra sem eru (réttilega) nefndir *þulur* í handritum. Þegar í JS 289 8vo, handriti Hallgríms Scheving, sem er einn af elstu söfnurunum á 19. öld, eru nokkrir af algengustu þuluflokkum með fyrirsögnum þar sem orðið *þula* kemur skýrt fram:

- *Þegiðu, þegiðu sonurinn sæli* (sjá 8.1.4.4 og Viðauka Ib.2) með fyrirsögninni „Kúaðula“ (27r);
- *Stígum við stórum* (sjá Viðauka Id.3) með fyrirsögninni „Ønnur þula“ (27r–27v);
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* (sjá Viðauka Ib.3) með fyrirsögninni „Sigríðarþula“ (28r–28v, ásamt kúaðulu; upphafið á 28r er: „Stóð ég upp á hólnum“);
- *Stúlkurnar ganga* (sjá Viðauka Id.7) með fyrirsögninni „4 þula“ (sem hefur verið breytt úr „Sigríðar þula“, 28v);
- *Leit ég upp til himna* (sjá Viðauka Ic.1), fyrirsagnirnar eru „Byrjun fyrri þulunnar“ og „Þula“ (33v og 35v, framhald: *Kom ég þar að kvöldi*, sjá Viðauka Ic.1),
- *Heyrði ég í hamrinum* (sjá Viðauka Id.2) með fyrirsögninni „Hin þulan byrjar á:“ (33v);
- *Hvað gerði goði* (sjá Viðauka Ic.1) með fyrirsögninni „Þula“ (35r, framhald: *Þar kom inn diskur*; sjá Viðauka Ic.1 og Ic.5 um *Sat ég undir stofuvegg* og *Karl tók til orða*) o.fl.

³⁰⁶ AM 433 IX fol., 162r (leturbreyting í handritinu).

³⁰⁷ AM 433 IX fol., 459r.

³⁰⁸ T.d. „ut in Carmine illo, Svæfidans“ („svo sem í þessu sönglagi, svæfidans‘ eða ‚... Svæfidans‘) sem hefst: „Heyrda eg í hamarinn“, AM 433 II fol., 381v (dæmi við *at dilla*); sbr. AM 433 V fol., 116rb (dæmi við orðið *hellir*). Á einum stað segir Jón „item in næniis vulgarib[us] Heyrda ek í hamarinn“ („einnig í algengu (alþýðlegu) sönglagi [...]“), AM 433 V fol., 23ra (dæmi við orðið *hamarr*).

³⁰⁹ AM 433 IV fol., 331va (dæmi við orðið *gimbill*). Þetta eru ekki ósanngjörn ummæli, en í textanum eru tiltölulega lítil tilbrigði; hann er því í fastari skorðum og líkist dýravísu. (Gimbilsþulur kunna einnig að eiga sér uppruna í kvæðum með flóknari bragarháttum eins og vikivakakvæði.) Sjá nánar Viðauka IIa.2.

Fyrir lok 19. aldar hafa langflestar af stærri byggingareiningum þulna, svokölluðum blokkum (sjá kafla 8.3), komið fram undir fyrirsögn eða í samhengi sem gefur skýrt til kynna að um þulu sé að ræða.³¹⁰

6.1.2. Aðrar kvæðagreinar sem standa þulum nærri

Orðið *þula* hefur á sama tíma einnig verið notað um annað bundið mál en þulur í skilningi þessarar ritgerðar (sjá skilgreiningu í kafla 1.1). Sömu leiðis eru önnur heiti – þ.á m. heiti yfir munnmenntagreinar sem standa þulum nærri – notuð um þulur, en sú orðnotkun sýnir í eigi minna mæli hugmyndir skrifara og heimildarmanna um þulur. Helstu kvæðagreinar sem fá þuluheiti í handritum og öðrum frumheimildum – og ljá þulum nöfn sín – eru keðjukvæði, langlokur, sum frásagnarkvæði (bæði þjóðkvæði og frumort kvæði), leikkvæði og barnagælur.

Keðjukvæði (sbr. kafla 1.2) eru oft kölluð *þulur*, einkum kvæði um Fúsintes sem er kallað *þula* í miklum meirihluta frumheimilda³¹¹ en sjaldan *kvæði*.³¹² Þar fyrir utan er kvæðið einnig nefnt *langloka*,³¹³ en það sýnir hversu óljós mörkin á þulum, langlokum, keðjukvæðum og öðrum kvæðum eru í munnlegri hefð. Af sama toga eru kvæði um karlinn Brúsaskegg, karlinn í bergi og nokkur fleiri; þau eru reglulega kölluð *þulur* og/eða færð í þulusöfn,³¹⁴ þó ekki eins kerfisbundið og kvæðið um Fúsintes. Hugtakið *þula* virðist því ná að einhverju leyti yfir keðjukvæði. Orðin *keðjuþula*, *þulukvæði*, *þulusaga*, *keðjusaga* o.s.frv. eru hins vegar síður notuð um þulur í frumheimildum (enda virðast fræðimenn hafa búið flest þessi orð til í viðleitni sinni við að lýsa kvæðagreininni) og þrengja því ekki notkun þuluhugtaksins.

Langlokur (sbr. kafla 1.2) eru einnig oft nefndar þulur, einkum *Fór eg eitt sinn ferða minna á Skaga*, kvæði sem er eignað Hallgrími Péturssyni víða í handritum,³¹⁵ *Við í lund*, kvæði eftir Þorlák

³¹⁰ Fáar blokkir virðast vera ókomnar fram í 19. aldar heimildum þannig að ljóst sé – út frá fyrirsögn eða samhengi – að um þulur sé að ræða. Hér eru nokkrar þeirra. *Lóa lóa lípurtá* (sbr. Viðauka Ic.7) á sér langa sögu (Jón Samsonarson, „Barnagælur,“ 79–80) en er ekki mjög algeng, einkum á 19. öld. *Ólafur gaf mér öxi* (sjá Viðauka Id.5) er stutt blokk sem getur verið hluti af lengri þulutexta en getur varla haldið þulutexta uppi ein og sér. *Einn og tveir* (sbr. Viðauka IIa.2) er tiltölulega reglulegur texti með frekar fá tilbrigði sem er nálægt mörkum þess að vera þula. Textarnir *Fór ég til berja* (sbr. Viðauka IIa.3) og *Stúlkan sem ég sá í gær* tengjast innbyrðis og eru skyldir stúlkuþulum (sjá um þær Viðauka Id.7); Ólafur Davíðsson birtir þá sem *manþulur* (ÍGSVP, 4: 252–253). Textana *Ró ró og rambinn* og *Pabbi þinn er róinn* (sbr. Viðauka IIa.3) kann að vera réttara að kalla *barnagælur*, frekar en *þulur*. Eins og sjá má, virðist í flestum tilfellum vera skýring á því að þessir textar tengdust ekki þuluhugtakinu í frumheimildum á umræddum tíma með afdráttarlausum hætti.

³¹¹ Sbr. t.d.: Lbs 1293 4to, bls. 32; DFS 67, 459r („Þulan lánga um Kónginn Kés, og Fúsentes“); Lbs 587 4to II, bls. 165 („Þula (mesta r[o]ga vitleysa) | Líklega vikivakadans“); Lbs 587 4to III, 49v o.fl.

³¹² Sbr. þó DFS 67, 454r (yfirskrift: „Fontintes kvæði“). Sbr. og *Íslensk fornkvæði*, 8: 17–61.

³¹³ Sbr. Lbs 418 8vo, 29v.

³¹⁴ Kvæðið um Brúsaskegg: t.d. í Lbs 587 4to II, bls. 62, 91 og 133 (fyrirsögnin á bls. 133: „Þula. | Brúsaskeggjaþula“). Kvæðið um karlinn í berginu er m.a. í DFS 67, 257v (tölusett sem nr. 5 og 9 (leiðrétt í 10) undir fyrirsögninni „Þulur“ (256v)) og í Lbs 1914 8vo, 123r (miðað við blaðatal handritsins; reglulega blaðmerkingu þrýtur reyndar á bl. 85, síðar eru bl. 100 og 120 merkt – en án tillits til sumra innskotsblaða (sem e.t.v. komu til seinna)). Á bl. 124v í sama handriti er annað keðjukvæði, *Karl hjo hálf nef af titlingi* (með yfirskrift þess efnis að í safni Hallgríms Scheving sé kvæðið talið með þulum). *Ég sá þann mann sem fleskið bar* er með fyrirsögninni „ij. Þula“ í Lbs 2856 4to, 425v. *Hann tók upp og hann tók niður*: SÁM 30b, 490r–491v, fyrirsögn: „Gömul þula“.

³¹⁵ Kvæðið hefur t.d. fyrirsögnina *Þulur* í Lbs 587 4to IV, 2v og *Þula* í Lbs 587 4to IX, 48r. Á 20. öld er kvæðið m.a. kallað *Skagaþula* (SÁM 86/795 EF, nr. 27973). Kvæðið er stundum eignað Hallgrími Péturssyni m.a. í Lbs 366 8vo, 113v; JS 510 8vo, bls. 33; JS 228 8vo, bls. 75; Lbs 2374 8vo, bls. 78; ÍB 165 8vo, 96r og Lbs 2132 8vo, 165r; ég þakka Margréti Eggertsdóttur fyrir þessar upplýsingar.

Þórarinnsson,³¹⁶ *Eitt sinn fór ég út að slá* o.fl.³¹⁷ Þessi kvæði eru reyndar einnig kölluð ýmislegt annað í handritum en aðeins *langlokur* og *þulur*.³¹⁸ Fyrir kemur einnig að þulur eru nefndar *langlokur*, enda er *langloka* ekki tilbúið hugtak fræðimanna (ólíkt hugtakinu *keðjukvæði*).³¹⁹ Þuluheitið festist þó við langlokutexta í meira mæli en langlokuheitið við þulutexta; að þessu leyti er því notkunarsvið hugtaksins *þula* breiðara í heimildum en í þessari ritgerð. Hugtökin *þula* og *langloka* hafa greinilega ákveðinn snertiflöt; líklega er það skortur á erindaskilum, en hann er það helsta sem er afdráttarlaust sameiginlegt með greinunum. Þessi snertiflötur leyfir e.k. samloðun hugtakanna og þau síast hvort inn á notkunarsvæði annars, en aðeins upp að vissu marki þar sem hugtökin *þula* og *langloka* eru ekki fullkomlega útskiptanleg eða gjaldgeng hvort í stað annars.

Ýmis önnur frásagnarkvæði eru kölluð *þulur* af og til, þ.á m. eitt *fornkvæði* (sagnadans) umfram önnur, Þorkelsdætrakvæði, eða Kvæði af vallara systrabana.³²⁰ Það virðist þó ekki skera sig frá öðrum fornkvæðum sem finnast nálægt þulum í handritum (t.d. Ásu kvæði eða Tófu kvæði). Hitt er víst að mikil tengsl eru á milli þulna og dansa, en ekki er ólíklegt að megnið af norrænum kveðskap, sem er skyldur íslenskum þulum síðari alda, hafi flust hingað frá meginlandinu á svipuðum tíma og sagnadansar (sjá kafla 2.4). Í þulum virðist enn fremur vera meira lánsefni frá sagnadönsum (m.a. formúlur) en frá öðrum munnmenntageinum.³²¹ Sumar þulur fjalla beinlínis um dans og/eða gleði (t.d. þuluflokkurinn *Stapadans*),³²² og enn fleiri enduróma hvort tveggja.³²³ Tiltölulega sjaldgæft er þó að sagnadansar kallist *þulur*; hitt er algengara að þulur kallist *dansar*.³²⁴

Kvæði eftir nafngreinda höfundu. Lundúna kvæði eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld er stundum kallað „Lundúna þula“;³²⁵ *Áður en beygði elli* eftir Hallgrím Pétursson á það einnig til að

³¹⁶ Þorlákur Þórarinnsson, *Ljóðmæli*, 170–171. Fyrirsögnin, „Danslilja“, er stundum höfð með í handritum. Kvæðið er eigi að síður kallað *þula* í Lbs 587 4to II, bls. 64, Lbs 936 4to, bls. 518 (textinn er á bls. 519) og víðar.

³¹⁷ Skrifað sem *Fjórða þula* í Lbs 587 4to IX, 49r.

³¹⁸ *Fór eg eitt sinn ferða minna á Skaga* er ýmist kallað *langloka* (JS 510 8vo, bls. 33; Lbs 2166 8vo, bls. 221), *samhenda/samhendur* (þ.e. langlokur sem ríma út í gegn, sbr. Jón Samsonarson, „Þula“, 311; sjá Lbs 366 8vo, 113v og ÍB 165 8vo, 96r), *samstæður* (JS 228 8vo, bls. 75), eða þá *vísa/vísur*, t.d. í Lbs 683 4to, bls. 133.

³¹⁹ T.d. þulurnar *Sat ég undir fiskahlaða föður míns* og *Karl tók til orða* (Lbs 418 8vo, 29v–30v, fyrirsagnir: „Langloka“), *Karl fór yfir á, Draum dreymdi mig* og *Þegar kýr okkar koma af fjalli* (Lbs 424 8vo, 17r: „Langloka-korn“, 32v–33r: „Langloka (alkunn)“ og 27r: „Langloka eða kúþula“).

³²⁰ Kvæðið er t.d. kallað *þula* í SÁM 30b (150r–151r, með spurningarmerki þó; uppskrift Málfríðar Einarsdóttur) og á sumum hljóðupptökum: SÁM 85/288 EF (2571) eða SÁM 84/3 EF (43). Um kvæðið sjá: Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland: Historical Studies*, 179–182.

³²¹ Sbr. m.a.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 51–55; sama, „Formulae across the North Atlantic“, 135–154.

³²² Þetta heiti yfir þuluna sem hefst að jafnaði *Dansinn var á Stapa í gær* (eða á svipaðan veg; sjá nánar Viðauka Ia.2) er fengið úr vikivakaritgerð Jóns Árnasonar í DFS 67, 142r–143r.

³²³ Sbr. Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur“, m.a. clxxxiii, ccx–ccxi, ccxvii; Jón Samsonarson, *Kvæði og dansleikir*, 2: 285–288 og 305–314.

³²⁴ Svo var allt frá 18. öld, þegar Grundavíkur-Jón skrifar um *Heyrði ég í hamrinum sem Svæfidans* í orðabók sinni (sjá hér að framan), og a.m.k. fram á 19. öld þegar tvær þulur eru einkum tengdar gleði og dansleikjum: *Dansað var á Stapa í gær*, með fyrirsögninni „gömul þula, líklega dans leikur“ í bréfi Össurar Össurarsonar til Jóns Árnasonar frá 13. febrúar 1864 (NKS 3010 4to (37), nr. 1, 1v), og *Þetta er stillta stúlkan mín* með fyrirsögninni „Danskvæði“ í Lbs 421 8vo, 35v–36r.

³²⁵ Lbs 1911 8vo, bls. 36–37. *Nú er lokið Lundúnakvæði* (eða þess háttar) er nokkuð algeng ending á þulum, einkum þeim sem hafa blokkirnar *Sat ég undir fiskihlaða, Konan mín í kofanum, Sofa, sofa hjónakornin bæði* o.þ.h. (sjá Viðauka Ic.2, Ic.7 og dæmi (Ic2-h)). Það kann að hafa haft áhrif á það að kvæði Bjarna Jónssonar fékk þulufyrirsögnina.

fá þulufyrirsögn.³²⁶ Þekktust af höfundarkvæðum sem eru kölluð *þulur* er vafalítið svokölluð Gilsbakkapula (*Kátt er um jólin*) eftir Kolbein Þorsteinsson.³²⁷ Kvæðið er ort undir endurtekningarhætti þar sem endarím bindur saman vísuorð 1 og 2, 3 og 4 o.s.frv. en endurtekningar í fyrri hluta vísuorða, á undan braghvöld, binda saman vísuorð 2 og 3, 4 og 5 o.s.frv., þannig að úr verður runa án erindaskila (sbr. langlokur – og kafla 7.5.2). Þetta runuform með miklum endurtekningum, ásamt óreglulegri stuðlasetningu, hefur trúlega haft áhrif á það að þuluheitið hefur tengst kvæðinu óvenju fast – þrátt fyrir það að kvæðið geti ekki talist til þulna, ekki síst sökum þess að bragform þess er svo reglulegt og það er eftir þekkt skáld (sbr. kafla 2.1). Grýlukvæði, sum hver í svipuðu formi og Gilsbakkapula, eru einnig kölluð *þulur* – en Grýluþulur *kvæði*.³²⁸

Leikkvæði, bæði lengri og styttri, eru sum hver skyld þulum eða a.m.k. svipuð að formi til, enda tala safnendur og útgefendur á 19. öld oft um þulur og leiki í sömu andrá.³²⁹ Þó er ekki beinlínis algengt að leikkvæði kallist *þulur* með beinum hætti í frumheimildum. Það sýnir að bein tenging á þulum og leikjum sé ekki sterk, en á móti kemur að leikir tengjast þulum óbeint, m.a. í gegnum dans (sjá framar í þessum kafla) og barnakveðskap (sjá aftar í þessum kafla). Meðal lengri leikkvæða, sem stundum eru kölluð *þulur*, eru einkum þau sem hafa verið höfð við vikivakaleiki,³³⁰ t.d. við hindarleik, og eru í tiltölulega frjálsum formi, líkt og þulur.³³¹ Þá má nefna kvæði við Hoffinsleik³³² og nokkur önnur leikkvæði,³³³ sér í lagi þau sem byggjast á endurtekningum; endurtekningarnar eru þó of reglubundnar til þess að slík kvæði geti talist þulur í skilningi þessarar ritgerðar.

Af styttri leikvísnum gengur *Fagur fiskur í sjó* (eða *Fallegur fiskur er flyðran í sjónum*) stundum undir fyrirsögninni (*leik*)þula og/eða stendur nálægt þulum í handritum.³³⁴ Tungubrjótar og lotu-

³²⁶ Kvæðið er skrifað í Lbs 587 4to XI, 34r undir fyrirsögninni *Þula*, en það gengur reyndar þvert á upprunalega uppskrift Jóns Árnasonar í Lbs 587 4to I, bls. 106 (nr. 114, og er vísun í 587 4to XI í þetta númer), þar sem fyrirsögnin er „Upptalning leikja“, en á eftir textanum er þessi athugasemd: „(Upptalning leikja, úr Gestu Vestfirðinga. 5 ár. útvegað af Sigurði málara)“. Forrit Jóns er hugsanlega í Lbs 587 4to III, 4v. Ljóst þykir að einmitt upptalningin kann að hafa haft áhrif á afritara kvæðisins í Lbs 587 4to XI sem hefur sett þulufyrirsögnina framan við kvæðið.

³²⁷ Sbr. Lbs 587 4to I, bls. 43, Lbs 587 4to IV, 18r og Lbs 587 4to VIII, 19r og 21r; sbr. SÁM 30a, 228r og 231r eða SÁM 30b, 77r. Sbr. og *Huld*, 2: 137–141, en Pálmi Pálsson studdist þar við níu handrit.

³²⁸ T.d. kvæðin *Ekki linnir umferð um Fljótsdalinn enn* (SÁM 32, 276r–277r, fyrirsögn: „Grílu þula“); *Hér er komin Grýla, gægist úr hól* og *Hér er komin Grýla, hvergi nærri fríð* (SÁM 30a, 120r–122v) með athugasemd skrifara (122v): „Báðar þessar þulur lærðar af móðir minni“. Í Lbs 421 8vo, 22r–22v eru hins vegar þrjár þulur með fyrirsögn: „Grílukvæði“.

³²⁹ Jón Árnason nefnir t.d. í fyrri útgáfu Hugvekju sinnar „d, þulur og fyriræli (formálar) við leiki og tafltegundir alls konar [...]“ ([Jón Árnason] (J. J. Borgfirðingur), „Hugvekja um alþýðlega fornfræði“, 56) en í seinni útgáfu, í kafla XI, „[...] öll þau kvæði og kvæðabrot (leik[-]kvæði), þulur og formála, sem hverjum leik heyra fyrir sig [...]“ (Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðleg fornfræði“ 91–93). Sbr. einnig Boðsbréf Fornfræðafélagsins: „Þá eru leikar, og öll aðferð og þulur eða formálar sem þar eru hafðir við, bæði meðal barna og fullorðinna“ („Boðsbréf til Íslendinga um fornritaskýrslur og fornsögur“, vj).

³³⁰ Sbr. kafla „Vikivakaleikir“ í *ÍGSP*, 3: 95–146 og „Leikkvæði“ í: *Kvæði og dansleiki*, 2: 299–333.

³³¹ Benedikt Þórarinnsson á Ási í Fellum kallar t.a.m. texta við hindarleik: „Vikivaka- eður Dansþula á undan dansi“ (DFS 67, 251r). Á hinn bóginn hefur þessi kveðskapur fyrirsögnina „Hindarkvæði. (haft í vikivökum.)“ í uppskrift Jóns Eyjólfssonar á Stað í Aðalvík (DFS 67, 357r), „Vikivaka kvæði“ hjá Þórnari Jónssyni frá Valþjófsstað (Lbs 531 4to, 108v) og víðar. Sbr. *Kvæði og dansleiki*, 2: 299–304.

³³² Sbr.: „Hoffins þula“ („Her er kominn Hoffinn“, Lbs 1911 8vo, bls. 37–39).

³³³ Kvæðið sem Ólafur Davíðsson kallar „Giptingahjal“ (*ÍGSP*, 3: 115–121) er með fyrirsögninni „Giptingar þula“ í Lbs 1911 8vo, bls. 40–43; sbr. SÁM 32, 311r–313r (þ.á m. athugasemd á 313r). Annað kvæði, „Hamborgarkaupin“ hjá Ólafi Davíðssyni (*ÍGSP*, 3: 113–115), er undir fyrirsögninni „Torg þula“ í Lbs 1911 8vo, bls. 39–40.

³³⁴ *Fagur fiskur í sjó* hefur fyrirsögnina „Þula. (. Lófaleikur)“ í Lbs 1914 8vo, [86r] (greinarmerki þannig í handriti) og er kallað *leikþula* í SÁM 32, 45r. Hjá Jóni Árnasyni virðist textinn aðeins skrifaður upp í Lbs 587 4to I, bls. 160, en þó ekki með eiginlegum þulum í skilningi þessarar ritgerðar heldur með andartaks- og margföldunarþulum (sem eru í raun

lengdarkapp af ýmsu tagi hlýtur stundum þuluheiti, vafalítið vegna þess hversu hratt á að bera textana fram (það getur virkjað tengingu við sögnina *þylja*) sem og vegna endurtekninga í sumum þeirra. Gott úrval slíkra texta er t.d. í Lbs 587 4to II (bls. 12–13), en skrifarinn, Björn Jóhannesson,³³⁵ kallar úrvalið *Nokkrar smáþulur*. Af svipuðum toga virðist vera kveðskapur þar sem hermt er eftir prestum, kallaður m.a. „Þulur þeirra sem tóna eptir prestinn“ í heimildum.³³⁶ Í leikjum barna eru einnig algengar *úrtalningarþulur*, einnig kallaðar *talningaþulur*, *úrtíningsþulur* eða *úrtölupulur* – en nefnast einnig nöfnum sem vísa ekki til þulna, t.d. *leikjarvísur* [svo], *leikvísur*, *talningsleikur*.³³⁷ Þulutengingin í þessum nöfnum stafar líklega einnig af flutningsmáta úrtalningarkveðskapar, en hann er þó of stuttur og formfastur til þess að hann gæti talist til þulna í skilningi þessarar ritgerðar. Þröngu hugtökin eins og *úrtalningarþulur* og *tónþulur* eru ekki heldur notuð um venjulegar þulur í frumheimildum (ekki frekar en hugtök eins og *keðjukvæði*).

Hins vegar er ekki óalgengt að sjá breiðari hugtök líkt og *kvæði* og *vísa* (*vísur*) notuð um þulur – bæði ein og sér³³⁸ og með öðrum orðum sem lýsa kveðskapnum nánar. Grýluþulur eru þá kallaðar *Grýlukvæði*, stúlkuþula *Hofmanns-kvæði* o.s.frv.³³⁹ „Tæfra gleipti tuttugu hafra“ (sjá Viðauka Ia.10) hefur fyrirsögnina „Gaman Vísa“, en fyrirsögnin við „Hvar varstu í vetur“ (tilbrigði við blokkina *Drengurinn Dóli*, sjá Viðauka Ic.6) er „Baggalúta Vísur“.³⁴⁰ Það er þó varla ástæða til að tala um samloðun hugtakanna *þulur* og *kvæði* (og jafnframt *vísur*, þótt orðið sé ekki jafn útbreitt um þulur) á svipaðan hátt og um samloðun hugtakanna *þulur* og *langlokur*, þar sem breiðu hugtökin, eins og *vísur* og *kvæði*, tákna ekki aðeins samsvarandi bókmenntagreinar heldur geta enn fremur verið notuð sem yfirhugtak, svipað og orðin *kveðskapur* og *bundið mál*. Notkun orðanna *vísur* og *kvæði* um þulur þrengir því lítt notkunarsvið hugtaksins *þula*.

Þá er þó nokkrum barnakveðskap af margvíslegu tagi iðulega slegið saman við þulur. Í handritum eru bæði dæmi um það að þula (í skilningi þessarar ritgerðar) sé kölluð *barnagæla* – t.a.m. er *Stígum við stórum nefnd* „Barnagæla alkunn“³⁴¹ – og öfugt, þ.e. að barnagælur séu kallaðar *þulur*.³⁴² Hið síðarnefnda virðist vera talsvert sjaldgæfara, en af því má merkja að hér sé ekki útvíkkun

einnig leikvísur). Athygli vekur að leikvísan fór í deildina „Leikþulur“ í 59. spurningaskrá ásamt textunum *Flyttu mig yfir brú, brú breiða* og *Í grænni lautu*, en af þessum tveimur virðist aðeins sá fyrrnefndi hafa verið skrifaður sem þula og ekki nema örsjaldan (Lbs 587 4to I, bls. 23 með hliðsjón af Lbs 587 4to VII, [34v]; sjá umræðu í kafla 6.2).

³³⁵ Sjá: Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2, kafli 34 (bls. [1]).

³³⁶ Lbs 1911 8vo, bls. 18. Á *Ísmús* er svipað efni kallað *tónþulur* (<http://www.ismus.is/i/stanza-type/id-219>, athugað 17. nóvember 2019).

³³⁷ Öll þessi heiti nefnir Ólöf Margrét Snorradóttir í greininni „úllen dúllen doff ...“ (september 2002).

³³⁸ Sjá t.d. Lbs 414 8vo, 17v þar sem orðið *kvæði* er haft um brot úr stúlkuþulu („Bláklædd og rauðklædd // geingur hún útum teigana“) eða Lbs 418 8vo, 35r þar sem *Gott er að ríða sandana mjúka* hefur fyrirsögnina „Vísar“.

³³⁹ Þulan *Grýla reið í garðshorn, og hafði hala fimmtán* er kölluð „Grílu kvæði haft við Eldri börn er hrædd voru til þægðar“ (JS 511 8vo, bls. 96) og *Grýla kallar á börnin sín* „2ad“ (s.st.), þ.e. annað slíkt kvæði. Sjá og um þulur í Lbs 421 8vo, 22r–22v hér að framan. Önnur þula, *Við skulum ríða okkur upp á land* er kölluð „Hofmanns-kvæði“ (handrit Jóns Árnasonar af Hofmannskvæði m.m., skráð eftir Ingigerði Zoëga, í safni Páls Pálmasonar, 1r; sbr. Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2, kafli [4], bls. [12]). Fleiri dæmi má tína til.

³⁴⁰ Lbs 936 4to, bls. 863 og 377.

³⁴¹ Lbs 424 8vo, 24v. Kúaþulan með upphafið *Ég skal gefa barni mínu mjólksopa að drekka* er kölluð „Barnagæla“ í Lbs 2856 4to, 137r og sömuleiðis þulan *Karl óð yfir um á*, s.hdr., 139r og svo má áfram telja. Á 20. öld má t.d. sjá eitt kvæði og nokkrar þulur undir fyrirsögninni „Gamlar barnagælur“ í SÁM 30b (288r–292r).

³⁴² Vísan *Bíum bíum bamba* er ásamt tveimur öðrum barnavísunum skrifuð undir fyrirsögninni „Enn þula“ í Lbs 587 4to II, bls. 13 og með fyrirsögninni „Litlar barnaþulur“ í Lbs 1911 8vo, bls. 58–60. Fleiri dæmi eru auðfundin.

hugtaksins *þula* á ferð, heldur sé þvert á móti þrengt að þuluhugtakinu. Af þessum dæmum má enn fremur sjá að mörkin milli þulna og barnagælna eru nokkuð óljós í frumheimildum – á svipaðan hátt og mörkin á milli þulna og langlokna.

Sumar þulur eru kallaðar *gátur* í heimildum, einkum þulur eins og *Tafra gleypiti tuttugu hafra* eða *Karl fór yfir á*, þ.e. þulur þar sem persónur éta ótrúlega mikið eða bera ótrúlega mikið á baki sér. Stundum fylgir sú athugasemd að allt þetta ótrúverðuga magn sem var étið eða borið yfir á hafi verið skrifað á blað (eða roð) sem tíkin að nafni Tafra hafi étið – eða karlinn borið yfir ána.³⁴³ Þulan *Draum dreymdi mig* fær stundum svipaða meðferð,³⁴⁴ en þó er minna um skýringar eða ráðningar; textinn virðist ekki ganga upp sem gáta. Einn af elstu textunum sem hefur verið talið til þulna, *Kona gekk til vatns*,³⁴⁵ er skrifaður meðal gátna og líkist gátu en virðist ekki heldur ganga upp sem slík.³⁴⁶ Annar af elstu þulutextunum sem varðveist hafa, niðurlag Þórnaldarþulu (*Hestur er mér horfinn ...*), er kallaður *Ænigma* (,gáta‘ á latínu) í prentaðri bók frá 17. öld,³⁴⁷ án þess að ráðning komi til, en hennar er enn leitað – m.a. fyrir Þórnaldarþulu í heild – á 20. öld.³⁴⁸ Sjaldgæft er hins vegar að gátur kallist *þulur*. Gátur þrengja því notkunarsvið þuluhugtaksins, en þó ekki mjög.

Athugavert er að þrátt fyrir almenna útbreiðslu orðanna *særinga(r)þula* og einkum *töfraþula* eru þessi orð alls ekki áberandi í fyrirsögnum handrita, þótt orðið *þula* eigi vel við særingar, m.a. vegna þess að þar eru upptalningar og endurtekningar nokkuð algengar (*þylja* í merkingunni ,tauta‘ ætti einnig að hæfa þeim vel). Þá eru orðin *bænaþula* og *þulubæn* frekar sjaldgæf í fyrirsögnum handrita, þótt þau séu notuð í fræðilegri umræðu um þulur síðari alda og alþýðubænir.³⁴⁹

6.1.3. Niðurlag

Af kveðskapargreinum, sem oftast öðlast þuluheiti í handritum og sem ljá oftast þulum heiti sín, þrengir aðeins ein notkunarsvið þuluhugtaksins að ráði, þ.e. barnavísur (barnagælur), en danskvæði þrengja í mun minna mæli að þulum. Barnavísur og danskvæði eiga það sameiginlegt að vera þjóðkvæði sem eru aðallega skilgreind út frá hlutverki en síður út frá formi; textar beggja þessara greina geta verið bæði lengri og styttri, undir mismunandi bragarháttum o.s.frv. Svo virðist vera að einmitt vegna þess, hversu víðtæk þessi hugtök eru og hversu litlar kröfur um eitthvert ákveðið bragform eru gerðar til barnavísna og danskvæða, geti þessar vísur og kvæði verið meðal annars í svipuðu brag-

³⁴³ Nefna má *Tafra gleypiti tuttugu hafra* í Lbs 414 8vo, 104v–105r ásamt athugasemd: „Þessi Tafra var tók; hún at roð sem þetta allt var ritid á“ eða „Kall vóð yfirumm á“ í sama handriti, 105r–105v, með skýringunni: „Þetta allt dregid upp a blad“ (sbr. og síðarnefndu þuluna í Lbs 587 4to III, 19r; Lbs 587 4to II, bls. 5, nr. 5, með fyrirsögninni: „5. Gáta“ og svipaðri skýringu).

³⁴⁴ Í JS 578 4to, 137r er þulan með fyrirsögninni: „Ein myrk Gata“.

³⁴⁵ AM 687 b 4to, 1r, líklega frá fyrri hluta 16. aldar að mati Ólafs Halldórssonar („Því flýgur kráka víða,“ 236, 249). Sjá kafla 5.2.1.

³⁴⁶ Ólafur Halldórsson, munnlegar upplýsingar (í samtali þeirrar er hér ritar við Ólaf) frá 3. september 2008.

³⁴⁷ Verelius, *Index lingvæ veteris scytho-scandicæ sive Gothicæ*, 126.


³⁴⁸ Sbr. samtal Þórarins Helga Þórarinssonar Fjeldsted við Hallfreð Örn Eiríksson á upptökunni SÁM 93/3712 EF (1907). Í handriti Þórnaldarþulu úr safni Jóns Árnasonar, en síðar í safni Páls Pálmasonar (sbr. Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ xc–xci) kemur einnig fram að lögmaður hafi lagt út þuluna en útlekkingin sé týnd; sbr. ljósmyndir af handritinu á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (mynd 5 í möppu 13 í myndaöskjunni).

³⁴⁹ Sbr. annars vegar: Ögmundur Helgason, „Þulur,“ 406; hins vegar Jón Samsonarson, „Særingar og forneskjubænir,“ 44–48. Um særingar er oft talað sem *vísur* og *vers*, en bænir virðast oftast vera kallaðar *bænir*. Þó nefnir Jón Árnason *særingaþulur* í Hugvekju sinni 1861 („Hugvekja um alþýðleg fornfræði,“ 92).

formi og þulur. Því má segja að hér fari innihald sem stafar af ákveðnu hlutverki og fyllir formið. Eigi að ganga út frá þessari hugtakanotkun frumheimilda verður helst að skilgreina þulur út frá bragformi (líkt og Jón Samsonarson gerir, sbr. kafla 1.1 og 4.2) án þess að gera ráð fyrir þáttum sem lúti að byggingu eða innihaldi. Slíkt leiðir þó til þess að skilgreining á þulum verður of víð (sjá kafla 4.1–4.2).

Langlokur eru önnur grein sem þrengir talsvert notkunarvið þuluheitisins, þó með öðru móti en barnagælur og af annarri ástæðu. Ólíkt barnavísnum (og danskvæðum) eru langlokur bæði nefndar og skilgreindar út frá formi sínu. Það er afar frábrugðið bragformi þulna þar sem langlokur eru undir föstum bragarháttum. Þó virðist bragform langloku eigi að síður þykja áþekkt formi þulna, en það getur verið ástæða þess að hugtökin *langloka* og *þula* geta að hluta til leyst hvort annað af. Þá eiga allar þessar þrjár kveðskapargreinar sem þrengja að þuluheitinu – þ.e danskvæði, en einkum þó barnavísur og langlokur – það sameiginlegt að mörk þeirra eru óskýr og textasöfn þeirra (*corpora*) eru ekki nægilega vel afmörkuð. Það gildir bæði um frumheimildir og fræðilega umræðu (sbr. kafla 4.1–4.2).

Mynd 1a: Hugtakið *þula* og skörun við heiti annarra kvæðagreina



Mynd 1a sýnir notkun á hugtakinu *þula* um þulur í skilningi þessarar ritgerðar og um skyldar eða svipaðar kvæðagreinar annars vegar og notkun annarra greinaheita um þulur hins vegar.

Orðið *þula* nær í skilningi heimildarmanna yfir þulurnar sjálfar, eins og þær eru skilgreindar í þessari ritgerð, en einnig yfir mörg keðjukvæði og langlokur, sem og sumar barnagælur og danskvæði ásamt stökum kvæðum úr öðrum kvæðagreinum. Þulufyrirsagnir eru þó oftast ritaðar við tiltölulega afmarkaðan hóp kvæða af fyrrnefndum greinum, og er hópurinn svipaður á 19. og 20. öld.³⁵⁰ Skilningur heimildarmanna á þulum virðist því hafa lítt breyst á þessu tímabili. Flest kvæð-

³⁵⁰ Keðjukvæði virðast reyndar sjaldnar kölluð *þulur* í handritum á 20. öld; hugsanlega hefur almenn fækkun lengri kvæða í nánasta umhverfi þulna (sbr. 6.2) haft hér sitt að segja. Grýlukvæði virðast aftur á móti vera oftast kölluð *þulur* á 20. öld.

anna eru með miklum endurtekningum í bragformi (t.d. mikið og/eða samfelld rím) og/eða í byggingu (t.d. keðjukvæði). Í þulum síðari alda er hins vegar hvorki reglubundið rím né reglubundnar endurtekningar af því tagi sem bygging keðjukvæða grundvallast t.d. á.³⁵¹

Í forníslensku hefur orðið *þulur* tengst einföldum og einhæfum kveðskap (í byggingu, bragformi og flutningsmáta), oft upptalningakenndum og/eða endurtekningagjöörnum; orðið hafði einnig ákveðin tengsl við fræði og visku og jafnframt óbein tengsl við galdur (sjá kafla 2.2). Í tilfalli keðjukvæða og langlokna er líklegt að einhæft bragform og bygging hafi stuðlað að því að orðið *þulur* hefur verið látið ná yfir þessar tvær kveðskapargreinar, þar sem langlokur eru með einföldu rími (oftast samrími) en án erindaskila, en keðjukvæði hafa einfalda byggingarformúlu og endurtekningar sem af henni stafa. Þessi orðnotkun er í samræmi við líklega merkingu orðsins *þulur* í forn málinu. Erfiðara er að svara því hvers vegna þuluheitið hefur verið talið hentugt fyrir danskvæði, en gæti þó sömuleiðis skýrst af endurtekningum (sem eru margar í dönsum, rétt eins og í keðjukvæðum). Uppskrift Málfríðar Einarsdóttur í SÁM 30b (150r–151r) á Þorkelsþulu – þ.e. Þorkelsdætrakvæði sem rætt var hér að framan – getur varpað skýrara ljósi á notkun þuluorðsins í fyrirsögn. Kvæðið er þar skrifað án viðlags, þ.e. aðeins tvær rímaðar línur standa eftir af hverju erindi. Þegar þessi línupör eru skrifuð í runu, án erindaskila, lítur kvæðið út eins og langloka – en hugtökin *langloka* og *þula* geta leyst hvort annað af að hluta til.

Orðið *þula* hefur einnig verið látið ná yfir barnakveðskap á síðari öldum. Á því kunna að vera margar skýringar; fleiri en aðeins sú að þulur hafi orðið að kveðskap sem er hafður við börn. Nefna mætti að barnakveðskapur er oft einfaldur í formi, líkt og þulur, og oft er farið með hann – eða a.m.k. með þann hluta hans sem er til þess ætlaður að róa eða svæfa börn – með lágum rómi og einhæfu, róandi hljómfalli, en það virkjar tengingu við sögnina *þylja*. Margar barnavísur eru fræðsluvísur (t.d. fingravísur, vikudagavísur o.s.frv.), og segja má að tengingu við fræði og miðlun þeirra, sem er sannanlega til staðar í fornþulum (sjá kafla 2.2), megi einnig finna í barnakveðskap. Þessir þættir samanlagðir hafa leitt til þess að farið var að nota þuluheiti um annan barnakveðskap en þulur (sem hafa þá sjálfar stefnt í að verða barnaefni, a.m.k. margar hverjar), en orðnotkunin hefur með tímanum leitt til þess að tengingin „þulur – börn“ hefur orðið sterkari en ella (þ.e. sterkari en hún hefði væntanlega orðið ef þuluheiti væri aðeins notað á þulur í skilningi þessarar ritgerðar). Það endurspeglast síðar í 19. og 20. aldar skilgreiningum á þulum (eins og sjá má í kafla 4.2). Hins vegar styrkir staða þulna innan um annan kveðskap í handritum ekki þessa tengingu þulna við barnaefni (sjá kafla 6.2).

Helsta nýnæmið í notkun þuluhugtaksins á síðari öldum er því tengingin við barnakveðskap, en í forn máli hefur skilningurinn ekki verið sá. Að öðru leyti svipar merkingu þuluhugtaksins, eins og það hefur verið notað á síðari öldum, til inntaks þess í forn máli, þ.e. orðið *þula* virðist ná yfir einfaldan og einhæfan kveðskap að bragformi til (ólíkt t.d. rímna- eða vikivakaháttum) og/eða byggingu (grundvallast á upptalningum og/eða endurtekningum). Þó virðist vera ákveðinn munur í orðnotkun á fyrri og síðari öldum. Hann er fólgin í því að allir textar, sem eru kallaðir *þulur* í forn máli-

³⁵¹ Sjá kafla 7 og 8. Þessar miklu endurtekningar eru meðal þess sem þululjóðaskáld 20. aldar horfa til, sbr.: Yelena Yershova, „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur,“ einkum 128–131.

inu og sem við getum dæmt um (sjá hér að framan, kafla 2.2), eru *hvort tveggja* undir einföldum háttum (edduháttum) og með einfalda byggingu. Hins vegar virðist einhver *einn* mælikvarði nægja til þess að texti sé kallaður *pula* á síðari öldum: einfalt bragform (m.a. er hægt að kalla hvert brot eða kviðling *pulu*) og/eða einföld bygging (endurtekningakvæði og keðjukvæði eru t.d. reglulega kölluð *pulur* þótt sum þeirra séu afar regluleg, sbr. Gilsbakkaþulu). Jafnvel það að kvæði hafi tengsl við fróðleik (og galdur) eða börn nægir oft eitt og sér til þess að það sé kallað *pula*. Litlu máli virðist skipta hvar þululeg einkenni birtast; í formi, byggingu eða innihaldi vísna eða kvæða. Aðalatriðið er að þau séu einfaldlega til staðar. Af þessu leiðir að lítið samræmi verður í notkun þuluhugtaksins á síðari öldum, en af því stafa talsverðar erfiðleikar við að skilgreina þulur á því tímabili.

6.2. Samhengi þulna í frumheimildum

Staða þulna í handritum og samhengi þeirra – þ.e. hvaða þjóðfræði og annað efni stendur nærri þulum – gefur einnig sterkar vísbendingar um það hvernig skrifarar og aðrir aðstandendur handrita – og jafnframt lesendur – upplifðu þulur. Að vísu er oft erfitt að dæma um upprunalegt samhengi þulna í safnhandritum, þar sem margir safnendur – þ.á m. Jón Árnason og Jón Sigurðsson – tóku aðsendar uppskriftir í sundur og flokkuðu efni þeirra, m.a. eftir því í hvaða flokki þjóðfræða það átti heima (sbr. 5.2.1 og 3.1). Bæði í Hugvekju Jóns Árnasonar og Boðsbréfi Fornfræðafélagsins voru þulur flokkaðar með barnaefni og leikjum. Því kæmi ekki á óvart að einmitt barnaefni og leikir hefðu orðið nánasta samhengi þulna í handritum, a.m.k. á 19. öld.

Sú er þó ekki raunin. Samhengi þulna er afar svipað í safnhandritum, bæði hjá Fornfræðafélaginu og Jóni Árnasyni, sem og í uppskriftum einstakra þulusafnara á 19. öld, og eru þulur þar oftast í návist ýmissa kvæða, einkum fornkvæða (sagnadansa) og langlokna ásamt keðjukvæðum.³⁵² Hins vegar eru þulur talsvert sjaldnar í félagskap barnavísna og leikja, þótt það teljist vart til fádæma.³⁵³ Þetta fer saman við þær upplýsingar sem lesa má úr fyrirsögnum þulna og annarra þjóðkvæða í handritum (sjá kafla 6.1). Fyrirsagnir handritshluta í Lbs 587 4to koma líka heim og saman við það sem lesa má úr fyrirsögnum einstakra texta: *Pulur og Langlokur* (III), *Pulur og kvæði* (VIII) og *Fornkvæði og þulur* (X; nánar í kafla 5.2.1). Sama er uppi á teningnum þegar athuguð eru bréf þeirra sem senda efni til Jóns Árnasonar og Fornfræðafélagsins. Þar er einkum talað um kvæði og þulur,³⁵⁴ jafnvel sögur og þulur (þótt þulur séu oftast í samhengi annars kveðskapar en óbundins máls),³⁵⁵ eða þulur og gátur³⁵⁶ – en sjaldnar um þulur og barnagælur eða þulur og leiki.³⁵⁷ Því má

³⁵² Einkum í uppskriftum Þórðar Árnasonar í Lbs 414 8vo, 123r–125v (afrit Jóns Árnasonar í Lbs 587 4to I, bls. 86–90); Guðmundar Einarssonar í Lbs 587 4to II, bls. 89–112; Magnúsar Bjarnasonar í Lbs 587 4to IV, 15r–30v; Brands Tómassonar í Lbs 587 4to VIII, 2r–11v; Magnúsar Grímssonar í Lbs 587 4to X. Sama má sjá í DFS 67, sendingar: Arch. C (237r–244v) frá Brynjólfi Árnasyni; Arch. D (245r–251v) frá Benedikt Þórarinssyni; Arch. E (252r–261v), hugsanlega frá Daníel Halldórssyni; Arch. L (321r–441v) frá Jóni Eyjólfssyni.

³⁵³ Sbr. t.d. Lbs 587 4to II, bls. 1–14 (sending frá Birni Jóhannessyni), bls. 21–32 úr sendingu Sigmundar Long. Hafa ber í huga að þulur og barnagælur voru í sama flokki í Hugvekju og voru því oft skrifaðar á sömu blöðin.

³⁵⁴ Sbr. til dæmis bréf frá Brynjólfi Árnasyni í AM 960 XIX 4to, 2r (merkt „Ad 19“, frá 21. júní 1847) og frá Jóni Þórðarsyni í NKS 3010 4to (33), nr. 16, 2r (frá 4. janúar 1859).

³⁵⁵ Sbr. ýmis gögn frá Guðmundi Gísla Sigurðssyni, m.a. athugasemd í Lbs 424 8vo (fremra saurblið 6v) og bréf frá 4. september 1873 þar sem segir: „Einkennilegar þjóðsögur þulur eða kreddur hef eg heldur ekki getað fengið [...]“ (NKS 3010 4to (26), nr. 8, 2r). Enn fremur bréf Páls Jónssonar í Hvammi frá 11. febrúar 1862, þ.á m.: „Þó sendi eg þér enn hérmeð fáeinar sögur, kvæði og þulur, [...] Eg hefi sett flokksnúmerið við hverja sögu og þulu [...]“ (NKS 3010 4to (20), nr. 4, 1r); sömleiðis bréf alnafna hans á Myrká frá 9. janúar 1883, þ.á m.: „[...] eg áleit, að það lytti mig látin, að

álykta að bæði einstakir safnarar og þeir sem flokkuðu framlög þeirra og skipulögðu safnhandrit – þar með Jón Árnason og Jón Sigurðsson – hafi fremur álitid þulur vera skyldar lengri kvæðum ætluðum fullorðnum (að minnsta kosti ekki síður en börnum), þrátt fyrir það sem stendur í Hugvekju og Boðsbréfi.

Samhengi þulna í handritum er að mestu svipað á 20. öld; það er einkum kveðskapur, en óbundið mál er enn sjaldnar nærri þulum í handritum en á 19. öld.³⁵⁸ Næsta samhengi þulna mynda aðallega vísur, barnagælur, Grylukvæði og gátur – ekki ólíkt því sem finna má í Þjóðfræðasöfnum 19. aldar. Munurinn er einkum sá að í nánasta umhverfi þulna er heldur minna um sagnadansa og önnur lengri kvæði (einkum í SÁM 32) en meira um styttri barnavísur af ýmsu tagi. Tenging á milli þulna og barnaefnis, m.a. barnagælna, leikja og gátna, sem er ekki mikil í handritum 19. aldar, eflist þar með nokkuð á 20. öld, samhliða því að lengri kvæðum fækkar nokkuð í handritum; styttri vísur, þ.m.t. barnavísur, verða þar algengari, m.a. í kringum þulur. Nokkrar ástæður kunna að vera fyrir þessari tilfærslu, m.a. minnkandi kunnátta heimildarmanna á lengri kvæðum og talsvert meiri áhugi á stuttum þjóðlegum kveðskap (í samanburði t.d. við upphaf þjóðfræðasöfnunar á 19. öld, þegar mörg lengri kvæði, sem hætt þótti við að myndu senn falla í gleymsku, biðu enn uppskriftar). Eins færðust uppskriftir á þjóðlegum kveðskap – jafnvel stuttum þjóðkvæðum – í vöxt við aukinn aðgang að pappír og skriffærum. Sömuleiðis kann aukinn áhugi á barnaefni í þjóðfræðilegri umræðu að hafa skipt máli. Vera kann að kveðskapur og/eða ummæli Theodóru eða Huldu³⁵⁹ hafi haft áhrif á afstöðu landsmanna til þulna og átt sinn stað í að færa þulur nær barnamenningu.

Sú munnmennta- og bókmenntagrein, sem stendur oftast nærri þulum á hljóðupptökum 20. aldar (sjá 5.2.2), eru vísur af ýmsu tagi, og eru barnavísur og gælur tæplega þriðjungur þeirra. Næstoftast mynda ýmis lengri kvæði – m.a. þululeg kvæði – næsta samhengi þulna (en þó í þriðjungi færri tilvikum en vísurnar), þá ýmiss konar sögur og sagnir. Þetta síðastnefnda er nýjung miðað við samhengi þulna í handritum þar sem óbundið mál er sjaldnast í nánasta umhverfi þulna.³⁶⁰ Þá koma

hafa safnað hégilju- og hjátruar sögnum og þulum [...]“ (s.hdr., nr. 23, 2r), Finns Þorsteinssonar í Þönglafirði frá 24. desember 1860 sem nefnir „smásögur og þuluskrípi“ (NKS 3010 4to (36), nr. 2, 1r) o.fl. (Sbr.: Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2, kafli 23, bls. [1] og [4]; kafli 30, bls. [4]; kafli 31, bls. [2] og kafli 32, bls. [2]).

³⁵⁶ Sjá bréf frá Gunnari Gunnarssyni frá 13. febrúar 1861 (NKS 3010 4to (14), nr. 1, 1v). Sigurður Gunnarsson (Desjar-mýri) nefnir þulur og gátur í sömu andrá í bréfi frá 18. mars 1861 (s.hdr., nr. 22, 2v) – en síðar sögur og þulur í bréfi frá 9. október 1867: „Með fyrra bréfi mínu sendi eg þér sögur og þulur frá Sigmundi [...]“ (s.hdr., nr. 39, 2r). (Sbr.: Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2, kafli [33], bls. [3] og kafli 36, bls. [3] og [5].)

³⁵⁷ Það er einkum Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi sem tengir þulur við barnagælur og leiki, en hann segist ætla að skrifa í eina bókina, er hann fékk frá Jóni Árnasyni, „Leiki og Þulur og Barnagælur“ en í aðra bókina safna „Gátum og Kvæðum“ (bréf frá 1. febrúar 1863; sbr. NKS 3010 4to (19), nr. 7, 1r). Áður skrifar hann þó um þulur, gátur og kvæði (2. nóvember 1861; s.hdr., nr. 1, 1v), síðar um leiki og þulur (annan jóladag 1862; s.hdr., nr. 5, 1v) og loks um leiki, þulur og barnagælur eins og fyrr greinir – en þær síðastnefndu reynast svo frekar fáar í safninu Lbs 1911 8vo. (Sbr.: Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2, kafli 48, bls. [4] og [6–7].)

³⁵⁸ Slíkt kemur eigi að síður fyrir; þulan „Stúlkurnar ganga sunnan með sjá“ (SÁM 30b, 16r) fylgir t.d. tveimur dulrænum sögnum frá Guðnýju Jónsdóttur í Geithellum. Sbr. einnig uppskrift Jónasar Kristjánssonar handritafræðings á þulum eftir móður sinni Rósu Guðlaugsdóttur í SÁM 32 (132r–139r), ásamt Búkollusögu (140r–144r).

³⁵⁹ Sjá t.d.: Theodóra Thoroddsen, „Þulur“, 415–417.

³⁶⁰ Viðtöl við heimildarmenn eru oft hljóðrituð óslitið, og í næsta umhverfi þulna – og margvíslegra annarra texta á upp-tökunum – eru oft samtöl um málefni af ýmsum toga. Samtöl um ætt, uppeldi og ævi heimildarmanna sjálfra og þeirra sem höfðu kennt þeim þjóðfræði eru algeng, svo og samtöl um texta sem heimildarmenn flytja og einstök atriði úr textunum.

ýmsir leikir og bænir (ásamt ýmsum andlegum versum), en þessir hópar eru frekar sjaldgæfir í nærumhverfi þulna. Gátur eru helmingi færri en leikir.

Athugun á nánasta samhengi þulna á hljóðupptökum gefur tilefni til að ætla að í hópi heimildarfólks hafi karlar ekki haft sömu hugmyndir og konur um stöðu þulna meðal annarra munnmennta- og bókmenntagreina. Vísur eru t.d. u.þ.b. jafnalgengar þar hjá báðum kynjunum, en barnavísur og barnagælur eru nær einvörðungu í nærumhverfi þulna hjá heimildarkonunum. Sama á við um leiki, það er nær eingöngu hjá konum sem þeir standa nærri þulum. Konur virðast m.ö.o. tengja þulur við barnaefni annars vegar og lengri kvæði hins vegar, svo og við andleg vers, gátur og ævintýri í meira mæli en karlar, en hjá þeim síðarnefndu er samhengi þulna tilviljanakenndari og óbundið mál meira áberandi við hliðina á þulum (nokkuð sem er varla til í handritum á 20. öld).

Út frá þessum samanburði á samhengi þulna á hljóðupptökum og í handritum má spyrja hvort sú staðreynd, að vísur og jafnframt lengri kvæði – frekar en barnaefni – umkringdu þulur í handritum fram að 20. öld, kunni að tengjast því að hlutfall *karla* sem heimildarmanna að þulum í handritum var hærra á þeim tíma, en karlar virðast vera almennt líklegri til þess að flytja lengri texta sem tengjast ekki barnauppleði. Þó var þetta hlutfall ekki algilt því að í sumum handritum var hlutur kvenna meiri. Heimildarmenn Jóns Eyjólfssonar að þulum í DFS 67 (E, Arch. L) eru t.d. 12 konur (vs. 4 karlar). Lengri kvæði – þá í flutningi kvennanna³⁶¹ – eru eigi að síður meira áberandi en barnaefni í næsta samhengi þulna í DFS 67 E, Arch. L. Út frá fyrirsögnum og samhengi þulna í handritum þykir því líklegra að þulur hafi ekki færst í heim barnakveðskapar þegar Jón Árnason skrifaði m.a.: „Þulur hafa lengi verið allmenn barnagleði á Íslandi“.³⁶² Reyndar er óvíst að sú færsla hafi verið um garð gengin jafnvel á 20. öld (sjá umfjöllun í kafla 9).

6.3. Niðurlag


Notkun þuluhugtaksins er margvísleg og stundum misvísandi, enda eru þuluheimildir margar og mismunandi. Hún gerir okkur þó kleift að afmarka breiðara – en í þessari ritgerð – notkunar svið þuluhugtaksins sem nær til helstu þjóðkvæðagreina sem eru skyldar þulum síðari alda. Helstu slíkar greinar eru keðjukvæði, langlokur og barnagælur (sjá mynd 1b). Langlokur og barnagælur koma oft inn á notkunar svið þuluhugtaksins og þrengja það, en þulur fara minna inn á helstu notkunar svið þessara hugtaka. Þulur ná hins vegar nokkuð oft inn á svið keðjukvæða. Þær hafa einnig sterk tengsl við danskvæði (og danstengd leikkvæði). Grundvöllur skyldleikans er jafnan form, ytra sem innra (engin erindaskil og/eða endurtekningar í byggingu), en sjaldnar hlutverk;³⁶³ heimildir fyrir því að þulur hafi verið notaðar í dansi eru t.d. svo fáar að varla er hægt að fullyrða neitt um það.

³⁶¹ Fyrstu þrjú textarnir eru t.d. á þessa leið: 12 erinda kvæði, upphaf: *Kristín átti syni þrjá* (heimildarmaður: „Ketilríður Bjarnadóttir, 28 ára, gipt kona í Þverdal“; 322r–323r). 9 erinda kvæði, upphaf: *Hvert hefur þú gengið, // snör mín hin snarpa?* (heimildarmaður: „Guðrún Þorkelsdóttir, 62 ára, ekkja á Sléttu“; 324r–325r). 22 erinda kvæði, upphaf: *Ólafur reið með björgum fram* (heimildarmaður: „Guðrún Finnbjarnadóttir, 62 ára, gipt kona á Sæbóli“; 326r–329r) og svo mætti áfram telja.

³⁶² Lbs 587 4to VII, [38r]. Kommur á undan og á eftir „verið allmenn barnagleði“ í handritinu eiga við textann eins og hann hafði verið fyrir leiðréttingar skrifara.

³⁶³ Jón Árnason skrifaði reyndar að sumar langlokur væru „\víða/ notaðar og hafðar yfir einsog þulur“ (Lbs 587 4to VII, [39v]). Jón Samsonarson („Þula“, 311) segir að langlokur hafi verið hafðar við börn á svipaðan hátt og þulur.


Mynd 1b: Hugtakið *þulur* (í þrengri og breðari merkingu) og heiti annarra kvæðagreina



Notkun þuluhugtaksins á síðari öldum er að mestu í samræmi við notkun þess á miðöldum að því leyti að orðið *þula* hefur svipuð tengsl við kveðskap í einföldu og/eða einhæfu formi, upptalningar og/eða endurtekningar (þær síðarnefndu virðast einkum vera í skyldum kvæðagreinum sem breiðari merking orðsins nær yfir) og fræði og/eða fræðslu. Helsta nýjungin í merkingartengslum þuluhugtaksins á síðari öldum er tenging við barnaefni. Þó þykir líklegt að sú tenging hafi ekki verið sterk, a.m.k. ekki á 19. öld, en bæði notkun þuluhugtaksins í fyrirsögnum og samhengi þulna í handritum gefur til kynna að skrifarar og safnarar hafi upplifað þulur fremur sem (lengri) (frásagnar)kvæði en kveðskap handa börnum.

Í tengslum við rannsóknarspurningu 5(ii) þarf að gæta þess að þulur og barnagælur virðast ekki vera alveg sambærileg hugtök. Í kafla 4.1–4.2 kom fram að hugtakið *barnagæla* felur í sér einkum ákveðið hlutverk sem slíkur kveðskapur gegnir, en annað getur verið mismunandi frá einu kvæði (vísu, kveðlingi o.s.frv.) til annars, þ.á m. bragform, innihald og flutningsmáti. Hugtakið *þula* – einkum í breiðum skilningi – tengist hins vegar fyrst og fremst formi, en síður flutningsmáta, stemmingu o.s.frv. (sbr. mynd 2). Þessi sýn á hugtökin finnur sér stoð bæði í frumheimildum (þar sem runu- og endurtekningahættir flokkast vissulega oft líka sem þuluform) og í skilgreiningum fræðimanna. Ef þessi víði skilningur er notaður getur kvæði eða vísa, sem lýtur ekki öllum reglum viðtekinnar bragfræði og er flutt við barn því til skemmtunar eða huggunar, verið *bæði* þula og barnagæla – án þess að hægt sé að setja samasemmerki á milli þessara hugtaka þar sem þau nálgast kvæðið/vísuna úr ólíkum áttum. Þetta nægir eitt og sér til að geta fullyrt að þulur séu ekki sama kvæðagrein og barnagælur.

Mynd 2: Hugtökin *þulur* (víðari merking) og *barnagætur*



Aðalatriðið er þó fólgið í því að fyrir utan breiða skilninginn á þuluhugtakinu er einnig til þrengri skilningur. Þrátt fyrir talsvert los á notkun þuluhugtaksins – einkum á síðari öldum – og greinilegan skilgreiningarvanda sem af því leiðir, virðist vera til ákveðinn textabálgur sem samkomulag sýnist ríkja um, bæði í handritum og meðal fræðimanna sem fjallað hafa um þulur síðari alda, að megi með nokkru öryggi kalla *þulur*. Þann bálg hefur Jón Samsonarson lagt til grundvallar við undirbúning þuluútgáfu sinnar. Langlokur, keðjukvæði, danskvæði, Grýlukvæði og þess háttar er ekki inni í þessari þrengri merkingu orðsins *þulur*. Í næstu köflum (7–10) verða þulur skilgreindar í þessari þrengri merkingu.

7. Þuluform (bragform)

Hér að framan var þess getið hversu mikil áhersla er lögð á bragform við skilgreiningu á þulum síðari alda (kafla 4.2–4.3 og víðar). Þessi áhersla er ekki að ástæðulausu, en frjálst bragform er eitt af hinum mikilvægu sérkennum þulna sem þjóðkvæðagreinar. Í skilgreiningu Jóns Samsonarsonar á þulum – en hún er notuð sem vinnuskilgreining hér – er þessi stutta lýsing á bragformi þulna:

Pula er ljóð í frjálssu formi án erindaskila. Ljóðlínur eru mjög oft mislangar. Stuðlasetning er óbundin, stundum er hún óregluleg, stundum engin. Oft er ekkert endarím eða einfalt samrím (aabb..). Innrím er ekki.³⁶⁴

Í þessum kafla er bragform þulna greint nánar með hliðsjón af því hvort og að hversu miklu leyti það geti nýst til að skilgreina og afmarka þulur síðari alda sem kvæðagrein. Fyrst verður freistað þess að komast að því hvers konar bragkerfi þulur tilheyra, en fyrirfinnist slíkt bragkerfi ekki – líkt og tilvitnaðar línur Jóns Samsonarsonar gefa til kynna – verður athugað hversu langt bragfrelsi í þulum nær og á hvaða þáttum bragform þulna er helst byggt. Gengið er út frá því textasafni sem samkomulag virðist ríkja um að megi kalla þulur með skynsamlegu öryggi – og sem Jón Samsonarson byggir útgáfudrög sín á³⁶⁵ – en markatilfelli skoðuð síðar (sbr. Viðauka IIa). Leitast er við að svara m.a. þessum spurningum:

1. Að hvaða leyti lýsir bragform sérstöðu íslenskra þulna síðari alda? Getur bragform verið afgerandi mælikvarði á það hvaða textar tilheyra þessari kvæðagrein? (Sbr. rannsóknarspurningu 1 í kafla 1.1.)
2. Er til sérstakt *þuluform* og í hverju er það þá fólgið? Eða sérstakur *þuluháttur*?³⁶⁶ (Sbr. rannsóknarspurningu 2.)
3. Eru formúlur mikilvægar fyrir bragkerfi þulna? (Sbr. rannsóknarspurningu 3.) Um það verður eiknum rætt í kafla 7.6.2.

Í kafla 7.1 verður rætt um helstu stærri bragfræðilegar einingar sem kveðskapartexti skiptist venjulega í, þ.e. erindi og ljóðlínur, og hvernig (og hvort) sú skipting er í þulum. Í framhaldi verður snúið að bragfræðilegum grunneiningum og grunnþáttum, þ.e. atkvæðum, áherslum, bragstöðum og liðum, og reynt að meta stöðu þeirra og hlutverk í hrynjandi þulna og skera úr því hvaða bragkerfi þulur tilheyra (kafla 7.2). Þá verður rætt um tvo helstu bragþætti íslensks kveðskapar aðra en hrynjandi, þ.e. stuðlasetningu og rím, sem og samspil þeirra í þulum (7.3–7.5). Utanbragfræðilegir þættir verða metnir í kafla 7.6, en niðurstöður teknar saman í kafla 7.7.

³⁶⁴ Jón Samsonarson, „Þula,“ 310.

³⁶⁵ Einkum er miðað við álit Jóns Samsonarsonar (í útgáfudrögum hans og skrifum) og Hallfreðar Arnar Eiríkssonar, auk Rósu Þorsteinsdóttur sem hefur fengist við flokkunarfræði munnmæla í tengslum við *Ísmús*-gagnagrunninn. Einnig er horft til fyrri þuluútgefenda. Flestar athuganir í þessum kafla eru gerðar á grundvelli rúmlega 1200 þulutexta úr handritum frá 19.–20. öld, útgáfudrögum Jóns Samsonarsonar og af hljóðupptökum – nema annað sé tekið fram.

³⁶⁶ Bæði hugtökin hafa verið notuð í umræðu um þulur, sbr. Ögmundur Helgason, „Þulur,“ 409 og Helgi Skúli Kjartansson, „Vísan um Föenix,“ 281; jafnframt G. F. [Guðmundur Finnbogason], „Olöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði,“ 102 og Silja Aðalsteinsdóttir, „Ný öld – önnur rómantik,“ 920.

7.1. Helstu bragfræðilegar textaeyningar

Hér verða rædd sérkenni þulna sem tengjast skiptingu kveðskapartexta í stærri brageiningar. Í háttbundnum kveðskap eru það einkum vísuorð og erindi. Í umræðu um þulur síðari alda hér er hins vegar reynt að sneiða hjá því að nota hugtakið *vísuorð* um þululínur þar sem þulur síðari alda eru einmitt ekki háttbundinn kveðskapur, eins og skilgreining Jóns Samsonarsonar gefur strax til kynna og verða færð frekari rök fyrir í þessum kafla um bragform þulna. Jón notar orðið *ljóðlína*,³⁶⁷ og er því stundum fylgt hér, en oftast eru notuð orðin *þululína* eða *lína*. Hugtakið *vísuorð* er þó áfram notað um fornþulur. Línuskípting í þulum verður rædd í kafla 7.1.1 og línufjöldi í þulutexta í kafla 7.1.2. Regluleg erindaskípting er ekki fyrir hendi í þulum, eins og kemur einnig fram í skilgreiningu Jóns; frekar má tala um nokkurs konar kaflaskíptingu (7.1.3), en frá sjónarmiði byggingar um blokka-skiptingu (sjá kafla 8.3). Stutt samantekt er í kafla 7.1.4.

7.1.1. Þululínur: afmörkun

Fornþulum má oftast skipta vandræðalaust í vísuorð, líkt og flestum öðrum kveðskap undir edduháttum. Að vísu er línuskíptingin ekki endilega merkt inn í elstu fornþuluhandrit þar sem bundið mál var skrifað í bóklínu líkt og óbundið mál; en það sést þegar í handriti frá 18. öld, AM 744 4to (um 1700–1725), að fornþulur eru settar upp í ljóðlínur. Í þulum síðari alda er línuskípting hins vegar vandasöm. Þululínur eru mislangar, þannig að ekki er alltaf hægt að reiða sig á vitnisburð hrynjandinnar, og þá ekki á ljóðstafi eða rím, en allt þetta þrennt er óreglulegt í þulum síðari alda (sjá nánar kafla 7.3–7.5). Einnig er vandasamt að styðjast við vitnisburð handrita, en heimildum ber ekki alltaf saman um línuskipting, sbr. dæmi (7-1a,b) þar sem rím er *skáletrað*:

(7-1a) [...] Koma myndu *gestirnir*,
prestarnir
með sína *máfana* (*mágana?*),
páfana [...]

(7-1b) [...] Koma skyldu *prestarnir gestarnir*
með sína *mágana tágana* [...]³⁶⁸

Í dæmi (7-1a) er lítið á þulubrotið sem fjórar þululínur með endarími, en í (7-1b) sem tvær línur – með innrími. Fleiri dæmi má tína til, og ná sum yfir heila þulutexta.³⁶⁹

Mismunandi línuskípting er ekki eina vandamálið þegar reynt er að styðjast við vitnisburð handrita um línuskíptingu þulutexta síðari alda. Framan af tímabilinu var pappír meira fágæti en síðar varð og algengt var að skrifa kveðskapartexta á sama hátt og óbundið mál í sparnaðarskyni, líkt og að fornu, frekar en setja hann upp í ljóðlínur. Í slíkum tilfellum eru greinarmerki – kommur, punktar, skástrik o.fl. – ósjaldan notuð til þess að vísa á ljóðlínuskíptingu.³⁷⁰ Hins vegar er oft lítið samræmi í

³⁶⁷ Jón Samsonarson, „Þula,“ 310.

³⁶⁸ DFS 67, 430r; Lbs 587 4to I, bls. 35 (línuskípt þannig í handritunum).

³⁶⁹ Textinn *Draum dreyndi mig* er t.d. skrifaður í langlínunum í Lbs 513 4to, 126v (sbr. dæmi (7-40a)), Thott 489 8vo I, 15r–15v (línuskípt einkum með greinarmerkjum), JS 578 4to, 137r o.fl. handritum en í stuttlínunum í handriti Sigurðar G. Thorarensen í safni Páls Pálmasonar, [1va] (nr. 10), AM 960 IX 4to, 9r (dæmi (7-40b)), DFS 67, 403r–403v og víðar.

³⁷⁰ T.d. er Grettisfærslu, sem er nokkurs konar formóðir þulna síðari alda (sjá nánar kafla 2.3), að hluta skipt upp í ljóðlínur með greinarmerkjum í AM 556 a 4to, 52r–53r. Elstu Þórnaldarþulu sem vitað er um er sömuleiðis skipt í línur með greinarmerkjum í Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo, 253r–254v skv. blaðmerkingu handritsins), svo og nokkrum öðrum elstu þulum, m.a. textanum „Eg Sat under Fiskahlada faudur mýnz“ í Holm. Papp. 64 fol., 99v.

slíkri notkun greinarmerkja. Auk þess er stundum erfitt að segja hvort greinarmerkjum er ætlað að skipta þulum í ljóðlínur eða gegna setningafræðilegu hlutverki. Þá eru tvær ljóðlínur oft skrifaðar í hverri bóklínu og stundum jafnvel fleiri,³⁷¹ en þá er oft erfitt að dæma um hvort skrifari upplifir þululínur sem langlínur eða skrifar þannig til að spara pappír (eða hvort tveggja). Því þykir ljóst að ekki er hægt að reiða sig á línuskiptingar handrita, og á það jafnt við um uppsetningu í línur og um línuskiptingu með greinarmerkjum. Mikilvægt er þó að allt frá upphafi síðari alda gætir stöðugar viðleitni að setja þulur upp líkt og annan kveðskap (m.a. fornþulur í uppskriftum frá sama tíma), þótt þær séu á mörkum þess að teljast til kveðskapar yfirleitt. Það að þulur eru oftast en ekki settar upp í ljóðlínur³⁷² er sterk vísbending um að meirihluti heimildarmanna og skrifara hafi upplifað þulur sem bundið mál, en eitt sterkasta einkenni bundins máls er einmitt sjónræn (grafísk) línuskipting.³⁷³

Með sama hætti er ekki hægt að reiða sig á málhvöldir á hljóðupptökum vegna þess að lengd þeirra er afstæð og því erfitt að segja til um hvort málhvöld er til merkis um línuskil eða t.d. aðeins braghvöld (e. *caesura*), eða hik heimildarmanns. Í þessari rannsókn þurfti því að búa til reglur um samræmda línuskiptingu, en þær eru á þessa leið: Ef engar vísbendingar er að finna um línuskiptingar á stöku línu(m) í heimildum fyrir þulutexta er reynt að skera úr um línuskiptingu út frá samhengi, þ.e. bragfræðilegum forsendum í aðliggjandi þululínum: línulengd, ljóðstöfum og/ eða rími. Sé fengist við heilan texta, þar sem línuskipting er óljós, er reynt að skipta honum í styttri línur frekar en lengri, eða 2–3 áhersluatkvæði að meðaltali ásamt veikum atkvæðum sem þeim fylgja (sjá kafla 7.1.3 um grunneiningar í línulengdarmælingum og meðallínur í þulum). Einnig er gáð að því að ekki séu fleiri en tveir ljóðstafir í línu að jafnaði og að ekki sé mikið um innrím. Bæði þrír ljóðstafir (og jafnvel fleiri) og innrím koma vissulega fyrir í þulum síðari alda,³⁷⁴ en hvort tveggja er til-
tölulega sjaldgæft og er því metið sem ábending um að textanum þyrfti að skipta í styttri línur.

7.1.2. Línufjöldi í þulutextum

Þegar farið hefur verið í afmörkun þululína er hægt að skoða lengd þulutexta, en línufjöldi er sá mælikvarði á þulutextum sem er ekki nefndur í skilgreiningu Jóns Samsonarsonar á þulum. Sögnin

³⁷¹ Sbr. t.d. uppskriftir eftir Björn Jónsson á Kóngsbakka SÁM 32, 17r–20r og SÁM 30b, 432r–434r.

³⁷² Textinn *Draum dreymdi mig* er jafnvel settur upp í línur – langlínur – í Lbs 513 4to, 126v (sbr. hér að framan). Sömualeiðis er „Heyrda eg í hamarinn“ sett upp í línur í Lbs 852 4to II, bls. 93–94; hins vegar er kúapulu í Lbs 852 4to III, bls. 69 aðeins skipt í línur að vissu marki með greinarmerkjum. Á sama tíma finnast þó einnig þulur sem er alls ekki skipt í línur, t.d. „Bukonann dillade“ í ÍB 816 8vo, 109r–109v. Hún sker sig jafnframt úr að því leyti að kveðskapnum í kringum hana er ýmist skipað í línur eða skipt í línur með greinarmerkjum, en henni þó ekki; það getur verið vísbending um þá afstöðu skrifara að þulan sé í óbundnu máli frekar en bundnu. Á móti má t.d. nefna að í Lbs 513 4to er kveðskapur almennt settur upp í línur, þ.á m. draumþulan.

³⁷³ Sbr. Гаспаров [Gasparov], „«Теснота стихового ряда»“ [„Merkingarþéttni í braglínur“], 85–86: Mikilvægasta sérkenni kveðskapartexta er skipting í vísuorð (braglínur [orðrétt: „kveðskaparraðir“]) sem er komið á framfæri með myndrænum [„grafískum“] hætti („Главный признак стихотворного текста — деление на строки («стиховые ряды»), выраженное графически“). Um mikilvægi grafískrar uppsetningar við aðgreiningu kveðskapar og prósa sjá t.d. Лотман [Lotman], „Анализ поэтического текста“ [Greining á kveðskapartexta], 35–44 (undir „Поэзия и проза“ [Kveðskapur og lausamál]).

³⁷⁴ Það er vissulega á skjön við þá fullyrðingu í skilgreiningu Jóns Samsonarsonar að innrím sé ekki í þulum síðari alda („Þula“ 310); sjá nánar kafla 7.4.3.

þylja ásamt nafnorðunum *romsa* og *runa*, sem stundum eru notuð sem samheiti fyrir *þulu*,³⁷⁵ bendir þó til þess að um sé að ræða langa texta frekar en stutta.³⁷⁶

Sú er hér ritar hefur reifað skiptingu í styttri og lengri kveðskapartexta á öðrum vettvangi, m.a. í tengslum við skilgreiningu á lausavísu.³⁷⁷ Þar var gengið út frá því að á síðari öldum væru íslenskar lausavísur oftast en ekki tvö til fjögur vísuorð að lengd, líkt og erindi í rímnaháttum – sem þá voru ráðandi í veraldarlegum kveðskap, m.a. í lausavísu – og sömuleiðis algengum háttum sagnadansa. Þó eimdi eitthvað eftir af fornri lausavísnalengd fram eftir síðari öldum, en hún var oftast átta vísuorð undir dróttkvæðum eða hrynhendum hætti eða þá undir fornryðislagi.³⁷⁸ Auk þess er ekki loka fyrir það skotið að lausavísa á síðari öldum hafi getað verið fimm vísuorð að lengd ef hún væri undir rímnahætti en með e.k. „draugalínu(m)“.³⁷⁹ Sex vísuorða vísur eða lengri eru hins vegar oftast en ekki settar saman úr smærri einingum sem geta einnig staðið sjálfstætt (t.d. af fjögurra vísuorða vísu og tveggja vísuorða kviðlingi) og er heildin þá síður kölluð lausavísa – að frátöldum átta vísuorða vísu undir ofangreindum fornháttum.

Þulur eru um margt eins og andhverfa lausavísa. Eitt er það að lausavísur teljast til styttri texta, en þulur til hinna lengri. Þá virðast þulur hneigjast til samloðunar, þ.e. einstakar einingar þeirra leitast oft við að renna saman við aðrar, sér líkar, og mynda langa heild þar sem hinar upprunalegu einingar eru ekki endilega afmarkaðar með skýrum hætti.³⁸⁰ Lausavísur eru aftur á móti stakar í eðli sínu, sbr. stofninn *laus-* og enn fremur að orðið *staka* er oft haft um lausavísur undir rímnaháttum.³⁸¹ Þulur virðast þannig taka við þar sem lausavísu sleppir, eða við u.þ.b. sjö lína lengd á síðari öldum.³⁸² Lausbundið mál, tvö til sex vísuorð að lengd, er vissulega oft einnig kallað *þula* í frumheimildum,³⁸³ en hér verður lítið á það sem vísur (bögur) eða samsetningar af kviðlingum og/eða

³⁷⁵ Ögmundur Helgason, „Þula“, 401.

³⁷⁶ Þessi skoðun stangast reyndar á við álit Ögmundar Helgasonar (s.st.), en hann túlkar bæði orðin, *romsa* og *runa*, sem „fremur einfalt bundið mál“ en leggur að jöfnu „fácinar línur“ og „heillanga bálka“ þegar um þulur er að ræða.

³⁷⁷ Sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, inngangur að: *Lausavísur frá svartadauða til siðaskipta*, 16–17; nánar í: Yelena Yershova, „Rýnt í myrkrið í leit að litlum stjörnum“, 21–36 (kaflar 1.1–1.3).

³⁷⁸ Lausavísur undir öðrum edduháttum en fornryðislagi hafa jafnan verið sjaldgæfar.

³⁷⁹ Átt er við vísu þar sem síðasta vísuorð (eða hluti þess; stundum fleiri vísuorð) er endurtekið – sbr. galdralag – líkt og oft í drauga- og draumavísu bæði í fornbókmenntum og í bók- og munnmenntum síðari alda. Sem dæmi má taka vísu úr Njáls sögu: „Ek reið hesti // helvg barða“ (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A 1: 431; *reið* er leiðrétt í *rið* í B 1: 401) þar sem vísuorðin „*sva er vm flosa rað // sem fari kefli*“ eru endurtekin. Á síðari öldum má benda t.d. á vísuna *Held ég mér í hurðarhring* (Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur“, lxxxix; sbr. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, 4: 51), með endurtekningunni *kemur til kasta, // kemur til minna kasta*.

³⁸⁰ Svo virðist að þulueiningar renni saman á þennan hátt bæði í vitund flytjanda og áheyranda, þótt það sé ekki endilega með sama hætti. Þessu til stuðnings má nefna að flytjandi reynir oft að tiltaka allt sem hann getur tengt þeirri þulu sem hann byrjar á (önnur upphöf, niðurlög og fleiri tilbrigði). Áheyrandi virðist vænta þess fyrirfram að upptalningin – þulan – verði löng og er því líklegur til að leiða hjá sér skil á milli þulueininga. Þótt flytjandi stökkvi úr því sem hann þekkir sem eina þuluheild yfir í það sem hann þekkir sem aðra þuluheild er óvíst að þessi mörk milli þuluheildanna (eða þuluflokkanna) skili sér til áheyranda – nema hann hafi fyrirfram mótaða skoðun á því hvað eigi að tilheyra hvaða þuluheild.

³⁸¹ Þess eru að vísu dæmi að lausavísur séu teknar upp í stærri verk eða nokkrar lausavísur fylgist að í heimildum og myndi e.k. samsteypu eða syrpu.

³⁸² Þ.e. ef miðað er einkum við 2–4 vísuorða lausavísur (og 5–6 lína samsetningar lausavísa og/eða kviðlinga sem voru einnig algengar). Ef meira tillit er tekið til lausavísnalengdar að fornu (átta vísuorð) gæti verið rökrétt að tala um lágmarkslínufjöldann í þulum sem níu línur (sjá: Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova), „Að braggreina þulu – að skilgreina bragleysi?“, 111–112).

³⁸³ Sbr. sex vísuorða langa krummavísu í Lbs 587 4to II, bls. 23, fyrirsögn: „8^{da}“, þ.e. 8. þula (sbr. „1^a þula“ á bls. 17). Einnig *Fuglinn í fjörinni* (4 línur) í Lbs 587 4to XI, 28r og *Krummi krunkar úti* (5 línur) á 30r, fyrirsagnir: „Þula“.

vísunum eftir því sem betur á við hverju sinni. Finnist slíkt stutt lausbundið mál einnig í fullgildum þulutexta mætti tala um það sem þulubrot, en það kemur fyrir að þulubrot standa utan við þulu sem sjálfstæðar kveðskapareiningar.

Efri mörk hafa ekki verið sett á lengd þulutexta, en aðeins örfáir textar eru lengri en um 120 línur. Meðallengd þulu síðari alda er um 20–25 línur.³⁸⁴ Þess má geta að fornþulur – bæði í eddukvæðum og Snorra-Eddu – voru einnig meðal lengri texta frekar en styttri, flestar þeirra voru tvö eða fleiri erindi undir edduháttum (með þeim fyrirvara að erindaskil voru oft óregluleg). Meðallengd fornþulna er u.þ.b. þrjú erindi, eða um 24 vísuorð, en það er mjög nálægt meðallengd þulna síðari alda.

7.1.3. Erindaskil vs. kaflaskil

Hefð er fyrir því að skipta fornþulum í erindi, en það á sér stoð í handritum líkt og línuskipting. Í þulum síðari alda er hins vegar ekki endilega gert ráð fyrir reglulegu metrísku mynstri og þar með ekki heldur fyrir erindaskiptingu. Ef nokkur skipting í hluta er yfirleitt í síðari alda þulum þá er það frekar kaflaskipting; hún fer að nokkru leyti saman við skiptingu þulutexta í blokkir (sjá kafla 8.2) og byggist þá á merkingu í þulutexta frekar en á bragreglum.³⁸⁵ Slík kaflaskil eru stundum merkt í handritum síðari alda með auknu orðabili inni í línu, með greinarskilum (og stundum inndreginni línu til viðbótar) og/eða með strikum,³⁸⁶ þ.e.a.s. með svipuðum hætti og erindi voru afmörkuð í kveðskap frá sama tíma. Hægt er að styðjast við þær, en þær eru þó varla áreiðanlegri mælikvarði en línuskiptingar í handritum (sbr. kafla 7.1.1).

Á hljóðupptökum sjást ekki greina- eða kaflaskil, en tíðni og lengd málhvilda segir oft til um kaflaskiptingu. Málhvildir gefa til kynna að í munnlegum flutningi skiptist þulur oft ekki aðeins í blokkir heldur enn fremur í styttri kafla sem eru hins vegar sjaldnast aðgreindir í uppskriftum heimildarmanna á þulum. Þessir styttri kaflar eru frekar jafnir að lengd ef mældur er tíminn sem þeir taka í flutningi, en lengd þeirra ræðst að hluta til af talhraða og öndun flytjanda, en einnig af setningaskipan þulu og merkingu. Þeir eru nokkurn veginn fullgerðir setningafræðilega og merkingarfræðilega, þ.e. skilin á milli enininganna fara jafnan saman við setningaskil, eða þá við þá staði í setningum, upptalningum o.s.frv. þar sem málhvöld er eðlileg. Hrynjandi er einnig einn af þáttunum sem móta þessa styttri kafla; kaflarnir ná jafnan yfir nokkrar línur (oftast eina til sex), en oftast en ekki eru þeir u.þ.b. fjórar línur.³⁸⁷ Þeir eru jafnframt nokkuð fullgerðir bragfræðilega, þ.e. sjaldgæft er að

³⁸⁴ Textar Þórnaldarþulu eru oft lengri en aðrir, eða um 80–85 línur að meðaltali, en Þórnaldarþula er um margt sérstæð meðal þulna (sjá um hana kafla 2.3 og Viðauka Id.6). Um þriðjungur texta Þórnaldarþulu (eða um þrjátíu textar) nær yfir 100 línur, en það gera aðeins fáeinir aðrir þulutextar; flestir textar Þórnaldarþulu eru lengri en 50 línur – en það eru aðeins um 5% annarra þulutexta. Að sama skapi eru aðeins fáeinir textar Þórnaldarþulu styttri en 20 línur, en rúmlega helmingur annarra þulna liggur einmitt á bilinu 7–20 línur.

³⁸⁵ Við slíka kaflaskiptingu verða ósjaldan breytingar í hrynjandi þulu, rímmynstri hennar eða öðrum bragfræðilegum þætti eða þáttum (sbr. dæmi (Id4-a), (Id6-a), (Id7-a) í Viðauka I), en það gerir þó ekki að verkum að tala mætti um erindaskiptingu í þulum síðari alda. Hvorki eru bragbreytingarnar helsta ástæðan fyrir skiptingu þulu í blokkir né hún ástæðan fyrir breytingunum.

³⁸⁶ Sbr. t.d. Þórnaldarþulu í AM 154 8vo XIII (1r–1v), þar sem þulunni er skipt í ellefu hluta með greinaskilum, og hefst hver kafla með inndreginni línu, og í Lbs 587 4to IX, 5r–7r, en þar er þulunni skipt í fimm hluta með striki þvert yfir síðu í tvö fyrstu skiptin, en síðar með greinarskilum.

³⁸⁷ Sjá t.d.: Kristján Árnason, „The Rise of the Quatrain in Germanic,“ 151–169 og „Ferhend hrynjandi í fornryðislagi og ljóðahætti,“ 33–60.

kaflaskil slíti í sundur stuðlasetningu – sé hún yfirleitt til staðar – eða rím; m.ö.o. er höfuðstafur sjaldan slitinn frá stuðlum, síðara rímorð frá því fyrra o.s.frv. Tilhneiging íslensks kveðskapar til ferhendufoms – og almennt til ferskipts forms³⁸⁸ – er svo rík að fjórar línur eru ósjaldan sjálfstæð eining, jafnvel í þulum, þótt engin bindandi regla sé þar um slíkt. Eigi að síður er ástæða til að ítreka að þessi skipting í undirkafla er fjarri því að vera svo regluleg að tala mætti um erindaskiptingu í þulum síðari alda.

7.1.4. Niðurlag

Í þessum kafla var rætt um nokkur einkenni þulufoms sem afmarka þulur frá ýmsum öðrum þjóðkvæðum. Lengd þulutexta (sjö línur eða fleiri) greinir á milli þulna annars vegar og stakra vísna og kveðlinga, þ.á m. margvíslegs barnakveðskapar, hins vegar. Í þulum eru ekki erindaskil heldur grundvallast kaflaskipting þeirra – ef hún er nokkur – á skiptingu í byggingareiningar. Það aðgreinir þulur frá ýmsum háttbundnum þjóðkvæðum, m.a. sagnadönsum, vikivakavæðum, sagnakvæðum og ýmsum öðrum kvæðagreinum – en þó ekki frá langlokum og sumum öðrum kveðskap í svipuðu formi. Mislangar línur eru hins vegar eitt af því sem aðgreinir þulur frá langlokum og ýmsum öðrum háttbundnum kveðskap – en þó ekki endilega frá barnagælum sem eru sumar hverjar einnig með mislangar línur, auk þess sem þær geta einnig verið lengri en sjö línur og án erindaskila. Af þessu leiðir nauðsyn frekari greiningar á hrynjandi þulna, bæði til þess að átta sig á sérkennum hennar og á því hvaða bragþættir gera þulur að bundnu máli og með hvaða móti (en ýmislegt, þ.á m. framsetning í handritum, bendir til þess að skrifarar og flytjendur upplifi þulur sem bundið mál frekar en óbundið, sbr. kafla 7.1.1). Slík athugun fer fram í kafla 7.2.

7.2. Hrynjandi – ljóðlínugerð

Í þessum kafla er þess freistað að finna þann mælikvarða eða bragþátt, tengdan hrynjandi (takti), sem er sameiginlegur fyrir þululínur og gerir þær sambærilegar í huga og upplifun flytjenda og áheyrenda, skrifara og lesenda; m.ö.o. að svara þeirri spurningu hvers konar bragkerfi þulur tilheyra, eða á hvaða bragþáttum hrynjandi þeirra byggir. Helstu slíkir þættir í evrópskum kveðskap eru:

- Atkvæðafjöldi í ljóðlínu (án þess að greinarmunur sé gerður á sterkum og veikum stöðum), en á honum byggir svokölluð samstöfubundin hrynjandi (e. *syllabic verse*).
- Atkvæðalengd, en dvalarbundin hrynjandi byggir á skiptingu langra og stuttra atkvæða (e. *quantitative verse*).
- Áhersla, en áherslubundin hrynjandi byggir á fjölda áhersluatkvæða í ljóðlínu (sbr. e. *accentual verse*) og bragliðahrynjandi á fjölda og staðsetningu atkvæða (e. *accentual-syllabic* og *syllabic-accentual verse*).³⁸⁹

³⁸⁸ Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova), „Íslenskar lausavísur og bragfræðilegar breytingar á 14.–16. öld,“ 19–21; Kristján Árnason, „Ferhend hrynjandi í fornryðislagi og ljóðahætti,“ 33–60; sbr. kafla 7.2.5.

³⁸⁹ Sbr. t.d. Kristján Árnason, *The Rhythms of Dróttkvætt and Other Old Icelandic Metres*, 28–29 og 30–36 (nánari umfjöllun). – Bæði hugtökin *accentual-syllabic* og *syllabic-accentual* (og sömuleiðis *quantitative-syllabic* og *syllabic-quantitative*) eru notuð í bragfræðilegri umræðu, en ekki er alltaf samræmi í því hvor liður þessara samsettu hugtaka – fyrri eða seinni liðurinn – táknar grunnþáttinn, þ.e. hrynjandi sem liggur til grundvallar (sbr. „constant (compulsory principle)“ hjá Levý, „A Contribution to the Typology of Accentual-Syllabic Versification,“ 13), og hvor táknar þá hrynjandi sem

Gengið er út frá því að þulur síðari alda tilheyri engu ofangreindra bragkerfa í hreinni mynd, en hvorki atkvæðafjöldi né áherslufjöldi í þululínum er kerfisbundinn. Hér verður því rýnt í alla ofangreinda þætti í hrynjandi þulna – atkvæðafjölda, atkvæðalengd og áherslufjölda, staðsetningu áherslna og fáeina aðra þætti – með tilliti til þess hvað (ef nokkuð) er ákvarðandi fyrir þuluhrynjandi á síðari öldum, þ.e. hvað það er sem myndar sterkar og veikar stöður í þululínu, hversu margar og hvar þær eru og hvernig þær eru útfærðar. Þá verður einnig litið til þess hvaða hlutverki hver bragþáttur getur gegnt í lýsingu á þuluhrynjandi þótt bragþátturinn sé ekki ráðandi í þuluhrynjandi. Þessi athugun³⁹⁰ var gerð með náinni hliðsjón af þar til gerðum aðferðum M. L. Gasparovs, sem T. V. Skulacheva þróaði og útfærði,³⁹¹ og að sjálfsögðu með hliðsjón af bragsögu.

7.2.1. Atkvæðafjöldi og atkvæðalengd

Atkvæðafjöldi í þululínum er misjafn eins og fram hefur komið. Athugun leiddi ekki í ljós neitt mynstur í staðsetningu mislangra lína, þ.e. mislangar línur dreifast ekki þannig að þær myndi mynstur á borð við 77557755, 86868686, 345345345 o.þ.h. (hver tölustafur táknar línu með samsvarendi atkvæðafjölda). Það var viðbúið, en hrein samstöfubundin hrynjandi hefur hvorki einkennt kveðskap Íslendinga né nágrannapjóða. Atkvæðafjöldi sem slíkur er því ekki ráðandi þáttur í þuluhrynjandi. Fjöldi atkvæða er eigi að síður lýsandi þáttur fyrir hrynjandi í þulum. Þululínur eru venjulega á bilinu þrjú til ellefu atkvæði að lengd, sjaldan lengri eða styttri, en meðallengd er um sex atkvæði. Efri mörk línulengdar eru í samræmi við athuganir sem sýna að mannsheilinn geti að hámarki meðtekið tólf atkvæði í einu (sjá kafla 7.2.5 um svokallaða náttúruhrynjandi, e. *Natural versification*).³⁹² Þululínur sem eru tvöföld meðallengd – þ.e. einmitt tólf atkvæði – eða lengri eiga því það til að detta í sundur, t.d. við það að í þeim myndast löng braghvöld sem líta má á sem jafngildi línuskila.³⁹³ Línur, sem eru aðeins helmingur meðallengdar eða styttri, eru léttvægar og renna því oft saman við línurnar öðrum hvorum megin. Segja má að náttúrulegar hömlur séu á lengd þululína. Nánari athugun á atkvæðafjölda í þululínum sýnir að línulengd hefur aukist nokkuð frá elstu skráðum þulum til þulna á 20. öld.³⁹⁴

ber með sér breytingu, tilbrigði frá grundvallarhrynjandi, eða breytiþáttinn (sbr. „variant (optional principle)“ hjá Levý (s.st.)). Hér verður fylgt Roman Jakobson („Linguistics and poetics,“ 18–51), M. L. Gasparov (Гаспаров [Gasparov], *Очерк истории европейского стиха* [Ágríp evrópskrar bragsögu], 9–10 og víðar), J. Levý („A Contribution to the Typology of Accentual-Syllabic Versification“), Edward Stankiewicz („Slavic Prosody,“ 771–774) og fleiri fræðimönnum sem gefa fyrri liðnum meira vægi og láta hann tákna grunnþáttinn (hrynjandi sem liggur til grundvallar).

³⁹⁰ Allar tölur og niðurstöður fyrir kafla 7.2 (nema annað sé tekið fram) eru fengnar úr braggreiningu á rúmlega 2000 lína úrtaki algengustu þulutexta frá 17.–18., 19. og 20. öld (18, 68 og 70 textar). Frá 17.–18. öld voru teknir flestallir varðveittir textar (þó ekki textabrot þar sem fyllri textar eru fyrir hendi), en frá 19. og 20. öld eru valdir 3–4 textar úr hverjum af algengustu þuluflokkunum. Gætt var þess að í úrtaki væru textar frá mismunandi heimildarmönnum úr sem flestum landshlutum. Við braggreiningu var valin sú stefna að túlka vafaatriði bragnum í hag (hrynjandinni, ríminu, ljóðstöfunum o.s.frv.).

³⁹¹ Sjá: Скулачева [Skulacheva], „Методы определения метра в неклассическом стихе“ [Aðferðir til þess að greina hrynjandi í kveðskap með ódæmigerðu bragkerfi], og Скулачева [Skulacheva] „Методы анализа стиха при неизвестной системе стихосложения“ [Braggreiningaraðferðir fyrir kveðskap með óþekktu bragkerfi], 41–46.

³⁹² Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes,“ 256.

³⁹³ Undantekningar frá því eru gjarna í lok þulublokkar; þar haldast langar línur oftar óskiptar, t.d.: „með sínu kynduga, krókotta, bannsetta Kellingar eyra“ (Lbs 528 4to, 98r).


³⁹⁴ Í þulutextum í 17.–18. aldar heimildum eru fjögurra til sex atkvæða línur ráðandi (um þrjár fjórðu allra lína, og eru fimm atkvæða línur þar algengastar); á 19.–20. öld fækkar hins vegar fjögurra atkvæða línum hlutfallslega og á 20. öld

Atkvæðalengd var hins vegar einn af þáttunum í íslenskri hrynjandi að fornu,³⁹⁵ þ.á m. í fornþulum. Því var athugað hvort atkvæðalengd og staða langra og stuttra atkvæða kynni að vera meðal bragþátta í hrynjandi í þulum síðari alda – þótt lengdin sé ekki lengur aðgreinandi þáttur í íslensku nútímamáli (fyrir elstu þulutexta var athuguð lengd samkvæmt hljóðdvöl bæði nútímamáls og forn-máls). Athugun leiddi þó ekki í ljós neitt marktækt mynstur tengt stöðu langra og stuttra atkvæða eða samspili atkvæðalengdar og áherslu í þulum síðari alda.

Einnig var athugað hvort þululínur eru jafnlangar í tíma (e. *isochronous*) eða eitthvert mynstur er finnanlegt í lengd þeirra. Könnunartalning á *mórufjölda* í u.þ.b. 100 línur (fyrir elstu texta bæði miðað við atkvæðalengd í nútímaíslensku og forníslensku) sýndi að samanlagður mórufjöldi í línu er einnig afar mismunandi, eða allt frá fjórum upp í fimmtán (en um átta að meðaltali), en leiddi ekki í ljós neitt mynstur tengt mórufjölda í línur. Ljóst þykir því að *samanlögð lengd atkvæða* er sá mælikvarði sem gerir þululínur sambærilegar í upplifun manna. Síðast en ekki síst var gerð könnunarmæling á *línulengd í sekúndum* (á svipuðum línufjölda), en ástæða fyrir henni var sú að þulur í munnlegum flutningi virðast oft vera metrískari, taktfastari og ríkari að hrynjandi en þær líta út fyrir að vera á bók.³⁹⁶ Mælingin var gerð annars vegar á svipuðum þulutextum í flutningi mismunandi heimildarmanna og hins vegar á mismunandi þulutextum í flutningi eins og sama heimildarmanns. Hún leiddi sömuleiðis í ljós að þululínur eru hvorki jafnlangar né lengri og styttri á víxl, þannig að ekkert afgerandi mynstur kemur í ljós, þótt stundum megi sjá ákveðinn vísi að nokkurs konar bylgjumynstri (sbr. mynd 3).³⁹⁷

Mynd 3: Lengd þululína

Dagný Pálsdóttir, *Sat ég undir fiskihlaða*, Ísmús-nr. 226



fjölgar sjö atkvæða línur á móti. Á 20. öld verða því fimm til sjö atkvæða línur ráðandi; sex atkvæða línur eru algengastar. Sömu tilhneigingu má sjá í áherslufjölda (sjá kafla 7.2.2). Þegar talað er um þulur frá 17., 18., 19. eða 20. öld í þessari ritgerð er átt við þulur sem voru skráðar á viðkomandi öld og gengið út frá því að skráðir textar endurspeglu munnlega hefð á hinum eða þessum tíma.

³⁹⁵ Sjá t.d.: Kristján Árnason, *The Rhythms of Dróttkvætt and Other Old Icelandic Metres*, 128–130.

³⁹⁶ Sbr. í þessu sambandi umræðu um sögnina *þylja* í kafla 2.2 og um taktfastan flutning í kafla 9.1.

³⁹⁷ Graf á mynd 3 er unnið úr línulengdarmælingum á *Sat ég undir fiskihlaða* í flutningu Dagnýjar Pálsdóttur, SÁM 84/13 EF (226); ljósbláa línun sýnir handunnin drög að bylgjumynstri, en sú dökkbláa sýnir tölvugreiningu á mynstri grafsins.

Hins vegar staðfesti mælingin þá tilgátu að oft jafni flytjendur línulengd út í munnlegum flutningi, t.d. láti lengri línur hljóma tiltölulega stutt, þ.e. beri þær hraðar fram, en teygi hins vegar á styttri línunum. Það leiðir til þess að línur innan þulutexta verði jafnari að lengd; tölurnar sem tákna þululínulengd eru jafnan nálægt hver annarri. Miklu lengri eða miklu styttri línur heyra til undantekninga en ekki reglu. Með öðrum orðum nálgast flestar línur innan texta meðallengd allra þululína í textanum, en hún í var um 1,5 sek. þeim textum sem voru til athugunar (þó mismunandi á milli texta og með tilliti til flytjanda, allt frá rúmlega 1 sek. til rúmlega 2 sek.). Ýmsir aðrir mælanlegir bragþættir þulna eiga það einnig til að sækja í átt að meðalgildi (meðaltali; sbr. kafla 7.3–7.5); hér verður þessi tilhneiging kölluð *miðjusækni*. Miðjusækni birtist m.a. í atkvæðafjölda, en 4–7 atkvæða línur eru algengari bæði í öllu textasafninu og í hverjum þulutexta fyrir sig – en línur með mikil frávik frá meðalfjölda atkvæða í tilteknum texta eru í minnihluta. Þá eru þeir þulutextar í minnihluta þar sem tvenns konar línur eru ríkjandi – afar stuttar og afar langar – en meðallangar línur eru fáar. Meðaltal atkvæða (sem og áherslna, móra eða annarra mælieininga, en niðurstöðum mismunandi mælinga ber jafnan saman) er því að miklu leyti lýsandi fyrir þululínulengd tiltekins texta og jafnframt textasafnsins í heild. Hvorki fjöldi né lengd atkvæða í línunum er þó afgerandi þáttur í þuluhrynjandi á síðari öldum.

7.2.2. Áherslufjöldi og fjöldi rísa

Fornþulur voru flestar undir edduháttum, en þar skipti fjöldi áherslna í ljóðlínu höfuðmáli og að nokkru leyti staðsetning þeirra og atkvæðagerð (auk stuðlasetningar sem tengdi stök vísuorð í pör og gerði þau að *bundnu* máli – og auk annarra þátta s.s. hliðstæða í setningagerð, formúlna o.fl.). Ætla mætti að þulur síðari alda hafi farið í sama eða svipaðan farveg. Það væri þeim mun líklegra að í flestöllum löndum Norður-Evrópu hafa þjóðkvæði oftast áherslubundna hrynjandi, en skandínavísk þjóðkvæði hafa vafalítið haft áhrif á þau íslensku á síðari öldum, einkum við mótun bragarháttar síðari alda kveðskapar.³⁹⁸

Þó sýna þulur síðari alda ekki jafnan áherslufjölda í línunum heldur aðeins þá tilhneigingu að í einum og sama texta séu þær línur, sem nálgast meðaltal áherslna per línu fyrir hvern texta, talsvert fleiri en línurnar þar sem fjöldi áherslna er lengra frá meðaltalinu. Að þessu leyti hagar áherslufjöldi sér líkt og atkvæðafjöldi (sbr. kafla 7.2.1). Fjöldi áhersluatkvæða í þululínunum sveiflast frá einum upp í sjö (og fleiri í ofurlöngum línunum), en línur með færri en tvær áherslur eða fleiri en fjórar eru þó afar fátíðar. Tveggja áherslna línur eru algengastar, eða rúmlega helmingur allra þululína sem hér eru til athugunar; þriggja áherslna línur eru um þriðjungur þululína, en fjögurra áherslna línur eru mun færri.³⁹⁹ Ugglaut er fyrir hendi ákveðin tilhneiging til að hafa 2–3 áherslur í þululínu, og má sjá í því ákveðna miðjusækni (meðalfjöldi áhersluatkvæða í þululínu er rúmlega 2,5) en ekkert virðist þó banna að áherslurnar séu mun fleiri. Áherslufjöldi í sjálfu sér virðist því ekki vera sá mælikvarði sem gerir þululínur sambærilegar í upplifun manna, né afgerandi við skilgreiningu á lengd þululínu.

³⁹⁸ Sbr. einkum: Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, 35–51; sami, „Drottkvætt og rímur,“ 175–209; Vésteinn Ólason, „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld,“ 68–87 og fleiri rit; Hughes, „Report on *Rímur* 1980,“ 490–491 og einkum 493–497 og rit sem þar er vitnað í.

³⁹⁹ Væg tilhneiging til línulengingar á 20. öld er einnig sýnileg hér, m.a. lítillæg fækkun tveggja áherslna lína og fjölgun þriggja og fjögurra áherslna lína.

Í edduháttum er áhersla oft álitin vera setningar(liða)áhersla (e. *syntagmatic stress*) frekar en orðáhersla.⁴⁰⁰ Sé setningaráhersla skoðuð í þulum síðari alda – og aðeins þær áherslur taldar sem falla á orð með sterkari merkingu og meiri rómhæð⁴⁰¹ – kemur enn skýrar í ljós sú tilhneiging að hafa tvær slíkar áherslur í þululínu. Með öðrum orðum hafa rúmlega 75% allra þululína sem hér eru til athugunar tvö ris, en það er eitt og sér nóg til að greina þuluhrynjandi sem tóníska hrynjandi⁴⁰² ef gengið er út frá því að viðtekið viðmiðunarhlutfall ljóðlína af sama tagi, sem er talið nægja til að segja til um hvers konar bragkerfi kvæði tilheyrir, sé 75%.⁴⁰³ Um 15–20% þululína hafa þrjú ris, og þar með hafa um eða rúmlega níu af hverjum tíu línur í þulum síðari alda tvö til þrjú ris (eitt eða fjögur ris eru enn sjaldgæfari, en fleiri eru aðeins í algjörum undantekningartilfellum). Meðalfjöldi rísa í þululínu er svo um 2,1 fyrir 19. öld en um 2,25 á 20. öld,⁴⁰⁴ þ.e. afar nálægt tveimur risum (nær en þegar orðáherslur eru taldar). Út frá þessum tölum mætti ætla að óhætt væri að segja hrynjandi þulna síðari alda byggða á fjölda setningaráherslna í þululínu og sé þar með tónísk (ef tvö ris eru talin vera regla en allt annað, þ.m.t. þrjú ris, flokkað sem frávik) eða a.m.k. áherslubundin í þrengri merkingu hugtaksins.

Á móti kemur þó að við braggreiningu þarf stundum að túlka orð nokkuð stíft sem áherslulaus eða áherslulítill – þ.e. ekki sem ris – til þess að greiningin „tvö ris í þululínu“ eða jafnvel „tvö til þrjú ris í þululínu“ nái að ganga upp. Við það vex rými á milli rísa, hvort sem það er mælt sem tímalengd (t.d. í sekúndum) eða í fjölda áherslulítilla atkvæða, en sá fjöldi fer stundum upp í fjögur eða jafnvel fimm. Þegar áherslunetið verður svo gisið fá sum áherslulitlu atkvæðanna meiri styrk til að veita á móti göpum í áherslunetinu, en það leiðir til þess að áherslumynstrið verður óskýrt. Annar ókostur á þessari greiningu er sá að fáar eða jafnvel engar reglur virðast stjórna því hvenær þrjú ris eigi að vera í þululínu frekar en tvö.

Niðurstaðan verður sú að þótt það sé hægt að túlka flestar línur í þulum síðari alda sem tveggja (til þriggja) rísa línur með áherslubundinni hrynjandi (á grundvelli setningaráherslu) lýsir sú greining varla hrynjandi þulna með fullnægjandi hætti. Þá er vart hægt að beita greiningarkerfum, sem eru almennt notuð til nánari lýsingar á hrynjandi þegar eddukvæði eiga í hlut (kerfi E. Sievers,

⁴⁰⁰ Sbr. t.d. Kristján Árnason, *The Rhythms of Dróttkvætt*, 45; *Stíll og bragur*, 219; „The Rise of the Quatrain in Germanic: Musicality and Word Based Rhythm in Eddic Meters,“ 157–159 (og víðar í verkum Kristjáns).

⁴⁰¹ I.–II. og að hluta III. flokkur skv. Sigurði Kristófer Péturssyni en 1. og að hluta 2. flokkur skv. Seiichi Suzuki. Sjá: Sigurður Kristófer Pétursson, *Hrynjandi íslenzkrar tungu*, 47–48 (neðanmáls) og 133–134 (sbr. Kristján Árnason, *Íslensk tunga*, 1: 430–431, 436–437, sbr. 446–449); Suzuki, *The Meters of Old Norse Eddic poetry*, 12. Athugað var einnig hvort rómhæð ein og sér lægi til grundvallar þuluhrynjandi, þ.e. hvort rómhá og rómlág orð kynnu að skiptast á og mynda mynstur sem gæti skýrt hrynjandi þulna síðari alda, en svo virðist ekki vera.

⁴⁰² Hugtökin *tónískur* kveðskapur og *áherslubundinn* kveðskapur eru sjaldan aðgreind með skýrum hætti, en hér er hið fyrrnefnda notað um kveðskap með jöfnum áherslufjölda í línur en hið síðarnefnda um annan áherslubundinn kveðskap, sbr. Скулачева [Skulacheva], „Методы определения метра в неклассическом стихе“ [Aðferðir til þess að greina hrynjandi í kveðskap með ódæmigerðu bragkerfi], 6–7. Sbr.: Aizlewood, *Verse Form and Meaning in the Poetry of Vladimir Maiakovskii*, ix–x.

⁴⁰³ Sbr.: Скулачева [Skulacheva], „Методы определения метра в неклассическом стихе“ [Aðferðir til þess að greina hrynjandi í kveðskap með ódæmigerðu bragkerfi], 16.

⁴⁰⁴ Þegar línulengd er mæld í setningarliðaáherslum sjást einnig merki um lengingu lína frá því fyrir 19. öld til 20. aldar. Línur með aðeins eitt ris fækkar marksvært frá 17.–18. öld og fram á 20. öld, en línur með tvö og síðar þrjú ris fjölga á móti. Tilhneiging til línulengingar er því einnig sýnileg í fjölda rísa í þululínur.

Seiichi Suzuki o.fl.),⁴⁰⁵ á þulur síðari alda með góðu móti vegna þess hvað hrynjandi þulna síðari alda er frábrugðin hrynjandi fornþulna og annars kveðskapar undir edduháttum, m.a. í því að fjöldi rísa getur verið afar mismunandi milli þululína. Fjöldi rísa getur því verið einn af þeim mælikvörðum sem gerir þululínur sambærilegar í upplifun manna – en er hins vegar varla afgerandi við skilgreiningu eða lýsingu á lengd þululínu.

7.2.3. Áherslur: fjöldi og staðsetning

Staðsetning áhersluatkvæða er sömuleiðis afar mismunandi milli þululína, enda eru þulur augljóslega ekki hefðbundinn bragliðakveðskapur, ólíkt meginþorra íslensks kveðskapar á síðari öldum. Eigi að síður virðist samspil áherslufjölda og staðsetningar áhersluatkvæða skipta máli fyrir þuluhrynjandi, vegna þess að línur af ákveðnum gerðum, sem svara að meira eða minna leyti bragliðagreiningu, koma fyrir oft en aðrar í ýmsum þulutextum. Helstu línugerðir, sem koma oftast fyrir í þulum, falla í tvo stóra flokka:

1. Algengustu línugerðirnar eru þær sem byggjast á tvíliðum, enda er rétt tvíliðahrynjandi eiginleg íslenskri tungu,⁴⁰⁶ undir þessar gerðir falla um 45% af öllum þululínum. Tvær einföldustu línugerðirnar í þessum flokki eru meðal allra algengustu línugerða í þulum, hvor er rúmlega 10% af heildarfjölda þululína í úrtakinu. Þær eru á þessa leið (*S* tákna áhersluatkvæði en *v* áherslulítil eða áherslulaus atkvæði):
 - SvSv, þ.e. tvífætt með réttum tvíliðum (e. *dichoree*, eða *ditrochee*), t.d. „búrs og barna“ eða „svins og sauðar“ og
 - SvSvSv, þ.e. þrífætt með réttum tvíliðum: „uxin tók at vaxa“.⁴⁰⁷

Í sama flokki en talsvert sjaldgæfari eru nokkrar aðrar línugerðir, m.a. SvSvS (stýft afbrigði af SvSvSv); lengri línur: SvSvSvSv (óstýfð) og SvSvSvS (stýfð) og línur með forlið,⁴⁰⁸ vSvSv og vSvSvSv (óstýfðar) og vSvS, vSvSvS og vSvSvSvS (stýfðar).

2. Næststærsti flokkur línugerða í þulum byggist á tvíliðum⁴⁰⁹ sem skiptast á við þríliði; þessi flokkur er næstum jafn algengur og hinn fyrrnefndi, eða rúmlega 40% af heildarfjölda þululína í úrtakinu. Línugerð sem liggur þessum flokki til grundvallar er fimm atkvæði sem skiptast milli tvíliðar og þríliðar á tvo helstu vegu:

⁴⁰⁵ Sbr. einkum Sievers, *Altgermanische Metrik*, einkum 22–36 (kafla 1, „Rhythmische Grundlagen“) og 50–119 (þriðji hluti, „Altnordische metrik“) og Suzuki, *The Meters of Old Norse Eddic poetry*, 4–14 (einkum 9–11).

⁴⁰⁶ Anton Karl Ingason, „Rhythmic Preferences in Morphosyntactic Variation,“ 241–247, „Tvíliðahneigð,“ 2–8, „Hrynkerfi íslensku í bestunarkenningu,“ 48–60. Sbr.: Sigurður Kristófer Pétursson, *Hrynjandi íslenzkrar tungu*, 57.

⁴⁰⁷ JS 289 8vo I, 27v (öll þrjú dæmin).

⁴⁰⁸ Á tvíliðalínur með forlið má einnig líta sem línur byggðar á öfugum (stígandi, eða jambískum) tvíliðum, sbr. t.d. Brogan, „Trochaic,“ 1309). Hér er eigi að síður fylgt fyrrnefndri greiningu, en mun meiri hefð er fyrir henni þegar íslenskur kveðskapur er annars vegar.

⁴⁰⁹ Hér er átt bæði við hnígandi og stígandi tvíliði. Þó er einnig hægt að líta á tvíliði hér sem eingöngu hnígandi; þá verður að skilgreina stúf sem stýfðan tvílið, rétt eins og í flokki 1.

- SvSv er langalgengasta staka línugerðin í þulum (tæplega 15% af öllum þululínum í úrtakinu), t.d.: „börnunum báðum“.⁴¹⁰ Hún er einnig til með forlið (vSvSv) en er þá talsvert sjaldgæfari, sbr. „hjá Eiríki Sveini“.⁴¹¹
- SvSv er nokkuð sjaldgæf, t.d.: „Kambur Skæringsson“.⁴¹²

Línugerðir í þessum flokki eru annars margbreytilegar, þótt hver gerð sé tiltölulega sjaldgæf. Nefna má styttri gerðina SvS, t.d. „*sunnan* með sjá“⁴¹³ (einnig til með forlið: vSvS), og síðar lengri gerðir úr báðum undirflokkunum (auknar áherslulitlum atkvæðum eða tvíliðum og jafnvel þríliðum að framan eða aftan): SvSvS, SvSvSv og SvSvSvS; SvSvS, SvSvSv, SvSvSvS og SvSvSv; SvSvSv, SvSvSvSv o.fl.⁴¹⁴

Þetta tveggja flokka kerfi nær yfir um 85% allra þululína og er því yfir greiningarmörkum fyrir einhvers konar bragliðahrynjandi, eða hrynbundinn kveðskap (*accentual-syllabic verse*). Það virðist reyndar vera í mótsögn við mikla fjölbreytni í línugerðum, jafnvel innan þessara tveggja flokka – hvað þá utan þeirra. Um línurnar sem falla í hvorugan flokkinn má eigi að síður segja að þær byggist á bragliðum, en þó eru bæði bragliðirnir og samsetningar þeirra mun óreglulegri.⁴¹⁵ Í slíkum línum eru því ekki aðeins tví- og þríliðir heldur nokkuð um einliði annars vegar og hins vegar um atkvæðasamsetningar eins og SvSv sem mætti greina sem e.k. fjórlið (sem samanstendur af venjulegum tvílið og veikum tvílið – eða sem ósamsetta einingu).⁴¹⁶ Við alla þessa margbreytni bætist að engar reglur virðast vera um staðsetningu mismunandi línugerða í línurununni sem myndar þulutexta.

Þrátt fyrir þessa óreglu benda bæði bragliða- og línugerðatalningar til þess að hrynjandi íslenskra þulna síðari alda sé sambærileg við *dolník*, en það er millstig bragliðakveðskapar og áherslukveðskapar. Séð frá sjónarhorni bragliðahrynjandi er *dolník* háttur þar sem tvíliðir og þríliðir blandast saman (eða, sjaldnar, einliðir og tvíliðir), en sé mið tekið af áherslukveðskap er það háttur þar sem hverju áhersluatkvæði fylgir eitt til tvö atkvæði (eða þá eitt atkvæði eða ekkert). Með tilliti til misjafns bragliða- og áherslufjölda og til þess að endarím er sömuleiðis óreglulegt í þulum mætti greina þuluhrynjandi sem órímað *dolník* með mislangar línur.⁴¹⁷ Það er nokkuð lausbundið mál á

⁴¹⁰ DFS 67, 250v; orðið „uxin“ í næstu línu er leiðrétt úr „uksin“.

⁴¹¹ SÁM 30a, 463r.

⁴¹² DFS 67, 184r.

⁴¹³ AM 277 8vo, 68v.

⁴¹⁴ Þá má finna þululínur sem samanstanda að öllu leyti af réttum þríliðum, t.d.: „búkonan dillaðe“ og „Asunne, Dísunne // Viggunne Siggunne // Íngunne Kingunne // Jórunne Þórunne“ (Lbs 852 4to II, bls. 93) eða „þrjár á eg Þorunnar“ og „þrjátíu Þuríðar“ í þulunni *Táta, Táta* (DFS 67, 250v). Væru þær ekki svo sjaldgæfar hefðu þær með réttu átt að mynda þriðja flokk, til viðbótar við (1) tvíliðaflokkinn og (2) flokk tvíliða sem skiptast á við þríliði.

⁴¹⁵ Meðal stærri hópa af slíkum línum eru: SSv („kyr baulaði“, Lbs 416 8vo, 9v), SSvSv („Sveinn strángalikkja“, Lbs 414 8vo, 120v), SSvSv („alt niður á Belti“, 969 4to, 48r), SvSSv („nu er velsungid“, AM 960 XX 4to, 2r) o.s.frv. Enn meiri fjölbreytni er í lengri línum, sbr. SvS(v)vSv(v)Sv fyrir „gjarnan vildi hann gott fá að smakka“ (Lbs 422 8vo, 56r).

⁴¹⁶ Slík greining er t.d. ekki óalgeng í rússneskum kveðskap á 19. öld, en þar eru veikir tvíliðir stundum álitnir hliðstæða af tvístuttra tvíliða (e. *pyrrhic*, þ.e. tvíliða í forngrískum kveðskap þar sem bæði atkvæðin eru stutt). Við yfirfærslu í rússneskan bragliðakveðskap, sem er áherslu- og samstöfubundinn (e. *accentual-syllabic verse*) – en ekki dvalarbundinn eða dvalar- og samstöfubundinn (e. *quantitative* eða *syllabic-quantitative verse*), líkt og forngrískur kveðskapur – er litið þannig á að í tvístuttum bragliðum séu bæði atkvæðin áherslulaus. Um fjórliði í íslenskum kveðskap sjá: Helgi Skúli Kjartansson, „Fjórliðir“, 155–166.

⁴¹⁷ Sbr.: Скулачева [Skulacheva] „Методы определения метра в неклассическом стихе“ [Aðferðir til þess að greina hrynjandi í kveðskap með ódæmigerðu bragkerfi], 16. Óreglulegri línur utan tveggja helstu línugerðaflokkanna (sbr.

íslenskan mælikvarða, en þó ekki jafn lausbundið og tónísk hrynjandi með lítt takmörkuðum fjölda áherslulausra atkvæða – og jafnvel orða – á milli risa (sjá kafla 7.2.2). Frá sjónarmiði bókmennta-sögunnar eru þuluhrynjandi og *dolník* þó ekki fullkomlega sambærileg fyrirbæri⁴¹⁸ og með tilliti til þess þykir varasamt að greina þuluhrynjandi sem *dolník* afdráttarlaust.⁴¹⁹ Með þessum fyrirvara virðist hins vegar vera hægt að bragliðagreina þulur á ómótsagnakenndan hátt.⁴²⁰

Það mælir einnig með greiningu á þuluhrynjandi sem *accentual-syllabic verse* – þótt hún sé ekki bragliðahrynjandi í hefðbundnum skilningi – að þuluhrynjandi virðist lúta ákveðnum hömlum sem taka til fjölda og staðsetningar áhersluatkvæða og áherslulítilla atkvæða. Við athugun á þuluhrynjandi kom m.a. fram að þrjú sterk eða þrjú veik atkvæði í röð væru leyfileg þótt fágæt væru (sbr. t.d. línugerðirnar SSSv og SvVVsv),⁴²¹ en að fjögur eins atkvæði væru það ekki (*SSSS eða *VVVV). Þegar stefnir t.d. í fjögur veik atkvæði í röð virðist aukaáhersla laumast fram í einhverju þeirra og atkvæðin skiptast þá í tvo bragliði. Á svipaðan hátt veikist áherslan í einhverjum atkvæðum þegar stefnir í fjögur sterk atkvæði í röð. Hér er á ferðinni bragfræðileg takmörkun sem virðist vera skyldari bragliðahrynjandi en áhersluhrynjandi, en fjöldi og staðsetning áherslulítilla atkvæða getur verið ótakmörkuð í þeirri síðarnefndu.

Fjöldi bragliða í þululínunum – hvort sem litið er á þuluhrynjandi sem *dolník* eða út frá tveggja flokka kerfinu – er oftast á bilinu tveir til fjórir, eða tveir bragliðir í rúmlega helmingi af öllum þululínunum braggreindum hér, þrír í tæplega þriðjungi lína og fjórir í um sjötta hluta.⁴²² Þessi hlutföll eru nokkuð stöðug í þululínunum í gegnum aldirnar; helsta breytingin er lenging þululína með rétri tvíliðahrynjandi úr tveimur bragliðum á 17.–18. öld í þrjá á 20. öld (tveggja bragliða línunum fækkaði á móti). Línugerðir í þulum tóku einnig breytingum frá elstu varðveittum textum til 20. aldar. Tvíliðaflokkurinn (1), sem náði yfir rúmlega helming allra þululína, dregst saman á 19. öld; einkum fækkar óstýfðu línunum innan hans. Tvíliða- og þríliðaflokkurinn (2), sem náði fyrst yfir einn þriðja

neðanmálsumfjöllun fyrr í þessum kafla), sem og ein- og fjórliðir, eru undir greiningarmörkum og koma ekki í veg fyrir *dolník*-greininguna.

⁴¹⁸ *Dolník* kemur upp í rússneskum höfundakveðskap í kringum aldamótin 1900 þegar ljóðskáld táknaessstefunnar (symbolistar) færðu sig frá bragliðahrynjandi í átt að fjálsari áhersluhrynjandi (sbr. t.d.: Гаспаров [Gasparov], *Русский стих начала XX века в комментариях* [Rússneskur kveðskapur frá því í upphafi 20. aldar, með skýringum], 141; um (e.) *logaoedic verses* í forngrískum og latneskum kveðskap sem mætti einnig bera þuluhrynjandi saman við, og tengsl þeirra við *dolník* sjá s.st. og bls. 131 í s.r.). Þuluhrynjandi er mun eldri og er afrakstur kveðskaparþróunar í munnlegri geymd en ekki meðvitaðrar vinnu skálda sem tilheyrðu ákveðinni bókmenntastefnu.

⁴¹⁹ Þess mætti geta að Paul Kiparsky studdi þessa greiningu þeirrar er hér ritar í athugasemdum sínum um erindi hennar „Formulae across the North Atlantic: From Continental Scandinavia to Iceland“ (Formula: Units of Speech – ‘Words’ of Verbal Art. A multidisciplinary seminar-workshop. Helsinki, 18. maí 2017).

⁴²⁰ Þess ber þó að geta að í einstökum þuluflokkum ríkja mun strangari bragreglur. *Draum dreymdi mig* er t.d. oft hægt að greina sem rétta tvíliði, en svokallaðar *Kúapulur II* (*Sól skín á fossa*) eru greinanlegar sem *accentual-syllabic polymetry* á grundvelli lína í réttum tvíliðum (e. *trochaic lines*) og annarra í réttum þríliðum (e. *dactylic lines*). Hins vegar ná einstakir þuluflokkar ekki greiningarviðmiðum fyrir *dolník* og greinast því aðeins með áherslubundna hrynjandi, t.d. sumir textar í flokknum *Kúapulur I* (sbr. „Hér koma kýr mínar“ í AM 960 IX 4to, 2r).

⁴²¹ Dæmi: „þrjár mjöl mala“, SSSv (DFS 67, 416v) og „upp erlokid *olbogonumm* öllum“, SvSvSvVVsv (AM 960 XX 4to, 2r; reyndar er ekki útilokað að ljóðlínuskil – en ekki braghvöld – séu á eftir *lokið*, en það breytir því ekki að þetta er dæmi um þululínu með þremur veikum atkvæðum í röð). Fjórar veigar bragstöður í röð geta vissulega komið fyrir við greiningu á fjölda risa sem byggir á setningaáherslu, en fjórar sterkar bragstöður í röð hafa hins vegar ekki heldur fundist við slíka greiningu.

⁴²² Tölunum ber ekki saman við kafla 7.2.2 vegna þess að þar var fjöldi risa greindur með hliðsjón af setningar(liða)-áherslu en í þessum kafla með hliðsjón af hugsanlegri bragliðagreiningu.

hluta þululína, eflist á móti þannig að hvor flokkur er um 40% allra þululína á 19. og 20. öld. Einkum eflist SvSv-gerðin, en línur af SvSv-gerð fækkar hins vegar enn frekar. Óreglulegum línur fækkar einnig talsvert á 19.–20. öld, og að þessu leyti má segja að þuluhrynjandi sé komin í fastari skorður en í upphafi. Engin ein línugerð eða einn línuflokkur hefur þó enn orðið svo fyrirferðarmikill(l) að aðrar gerðir hafi lagst af.

Hrynjandi sem leyfir bæði einliði og fjórliði er vissulega óregluleg, en þó virðist unnt að lýsa henni með hugtökum sem eiga við bragliði (frekar en við áherslukveðskap). Með þessum fyrirvara má segja að hrynjandi þulna síðari alda mætti greina sem bragliðahrynjandi með álíka eða jafnvel betri árangri en næst með greiningu hennar sem áhersluhrynjandi.

7.2.4. Tilraun til skýringar á þuluhrynjandi: Bestunarkenningin og náttúruhrynjandi

Þegar er komið fram að þulur síðari alda er hægt að greina bæði sem áherslubundinn kveðskap (kafla 7.2.2) og frá sjónarhorni bragliðakveðskapar (kafla 7.2.3), en enginn bragþáttanna, sem hrynjandi bundins máls byggist oftast á í evrópskum kveðskap og sem voru ræddir hér að framan, gefur samt sem áður skarpa og ótvíræða mynd af þuluhrynjandi.⁴²³ Því verða hér ræddar tvær kenningar sem kynnu að skýra þuluhrynjandi út frá öðrum forsendum en rannsóknin hefur beinst að hingað til. Báðar kenningarnar stafa af viðleitni fræðimanna til þess að finna og skilgreina nokkurs konar grunnhrynjandi kveðskapar um allan heim; hina einföldu (jafnvel einföldustu), náttúrulegu og altæku (e. *universal*) hrynjandi munnlegs kveðskapar. Báðar kenningarnar hafa einkum verið nefndar í tengslum við barnagælur, en barnagælur eiga einmitt að vera undir hvað einfaldastri og náttúrulegastri hrynjandi, eðli sínu samkvæmt. Önnur þeirra hagnýtir sér bestunarkenninguna í málvísindum sem hún yfirfærir á bragfræði (e. *optimality-theoretic metrics*) en hin er byggð á hugmyndum um náttúruleg bragkerfi (e. *natural metrics*).⁴²⁴ Sú fyrnefnda gerir ráð fyrir því að einfaldasta og altækasta bragmynstrið grundvallist á tvískiptum takti á hinum ýmsu stigum bragkerfisins. Með hæfilegri einföldun má segja, einkum um evrópska braghefð, að tvö atkvæði myndi braglið, og tveir tvíliðir (hákveða og lágkveða)⁴²⁵ myndi saman einingu sem samsvari hálfínu í kveðskap á germönskum tungum (sbr. þ. *Halbvers*).⁴²⁶ Tvö vísuorð myndi þá víshelming, en útkoman sé ferkvæð vísa með fjórar sterkar bragstöður í hverju vísuorði. Slík ferhenda sé hið altæka ómarkaða form.⁴²⁷ Það fari síðar eftir eðli tungumála hvaða þættir hafa áhrif á það hvernig skipað er í sterkar stöður; t.d. hvort þær eru skipaðar áhersluatkvæðum eða/og löngum atkvæðum. Hvert frávik frá þessu grunnformi er hins vegar talið mynda nýjan bragarhátt skv. bestunarkenningunni, eins og hún er notuð í

⁴²³ Um fleiri þætti sem skipta máli í tengslum við hrynjandi þulna, þar á meðal setningafræðilegar hliðstæður, formúlur o.fl., verður fjallað í kafla 7.6.

⁴²⁴ Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes,“ 241–268.

⁴²⁵ Sbr. hið forngríska *διποδία* (e.: *dipody*, eða ‚two-footedness‘), en það var ein af grundvallareiningum klassískrar bragfræði.

⁴²⁶ Þ.m.t. í íslenskum kveðskap nú á dögum – en í forníslenskum kveðskap samsvarar þessi eining frekar stuttlínu. Tvær stuttlínur mynduðu langlínu í edduháttum, en í tengslum við dróttkvæðan kveðskap er þá oft talað um vísuþjórdung.

⁴²⁷ Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes,“ 245–246. Sbr. Kristján Árnason, „Ferhend hrynjandi í fornryðislagi og ljóðahætti,“ 38–40 (og víðar í ritum Kristjáns).

bragfræði,⁴²⁸ en það gerir kenninguna illa nothæfa til að greina munnlegan kveðskap, sem einkennist af tilbrigðum og miklum breytileika,⁴²⁹ þar á meðal þulur síðari alda.

Kenningin um náttúruhrynjandi gerir aftur á móti ráð fyrir breytileika og leggur mikla áherslu á hvers kyns tilbrigði (á milli tungumála, innan sama tungumáls, í þjóðkvæðum o.s.frv.) og breytingar, m.a. málsögulegar breytingar með tilheyrandi breytingum á bragkerfum. Í náttúrulegu kenningunni er gengið út frá því að bragkerfi hvers tungumáls endurspegli helstu aðgreiningar innan tungumálsins hverju sinni, virði þær og byggist á þeim.⁴³⁰ Náttúrulega kenningin heldur því fram, líkt og bestunarkenningin, að ferhenda með fjórum sterkum stöðum í hverju vísuorði sé nokkurs konar grunnform en nálgast þetta form út frá hugfræðilegum (e. *cognitive*) forsendum, eða út frá því hvaða form hentar best til skilnings á bundnu máli.⁴³¹ Einkum er unnið með línulengd, eða með það hversu langt vísuorð getur orðið án þess að glata þeim eiginleika að vera auðskilið og auðveldlega lagt á minnið, en það viðmið er allt að tíu til tólf atkvæði (en ellefu atkvæða línur eru einmitt með þeim lengstu í þulum ef frá eru taldar algjörar undantekningar, sbr. kafla 7.2.1). Athuganir á barnagælum í ýmsum tungumálum – þvert á ættartré tungumála⁴³² – með hliðsjón af miðaldaballöðum hafa sýnt fram á gagnsemi beggja kenninganna við bragfræðilega lýsingu á barnagælum og, að því er virðist, fleiri þjóðkvæðum. Náttúrulega kenningin reyndist þó einkar gagnleg þar sem rannsóknar efnið (barnagælur) bar vitni um mikinn breytileika ekki aðeins á milli mismunandi tungumála heldur einnig innan tungumálanna.⁴³³

Bragform þulna síðari alda stendur vissulega nokkuð langt frá hinu altæka ómarkaða formi – ferkvæðri vísu með fjórar sterkar stöður í vísuorði – þrátt fyrir það að þulur séu þjóðkvæði með ákveðinn skyldleika við barnagælur. Fyrst og fremst skiptast þulur ekki í erindi. Að vísu var þess getið í kafla 7.1.3 („Erindaskil – kaflaskil“) að íslenskur kveðskapur hneigist til ferhendufurms og jafnvel í þulum séu fjórar línur því oft sjálfstæð eining, nokkurn veginn fullgerð setningafræðilega og merkingarfræðilega. Einnig var þó tekið fram að þetta væri aðeins tilhneiging en ekki regla eða lögmál. Í öðru lagi eru línur með fjórar sterkar bragstöður ekki algengastar í þulum heldur ná þær aðeins yfir um 15%, en algengust er línugerðin með tveimur sterkum stöðum (tæplega helmingur af öllum braggreindum þululínur)⁴³⁴ og næstalgengust er línugerðin með þremur sterkum stöðum (tæplega þriðjungur). Það verður því örðugt að skýra hrynjandi þulna með tilstuðlan bestunarkenningar.

⁴²⁸ Þetta kom m.a. skýrt fram í fyrirlestri Pauls Kiparsky, „On the Functional Differentiation of Metrical Forms“.

⁴²⁹ Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes,“ 246–248.

⁴³⁰ Sé helsta aðgreiningin innan atkvæðakerfis tiltekins tungumáls t.d. lengd þá má gera ráð fyrir því að lengd verði sömu leiðis sterkasti aðgreinandi þátturinn í bragkerfi þessa tungumáls, sem verður þá dvalarbundið (e. *quantitative verse*), en sé sterkasti aðgreinandi þátturinn áhersla þá verður bragkerfi að byggjast á áherslu (e. *accentual verse*) o.s.frv.

⁴³¹ Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes,“ 256.

⁴³² S.r., 256 og 261.

⁴³³ Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes,“ 261. Sbr. einnig Dufter og Noel Aziz Hanna, „Natural Versification in French and German Counting-Out Rhymes,“ einkum 117–118, en þar er m.a. lagt til að nota bestunarkenninguna til greiningar á efri lögum eða stigum í hrynjandi barnagælum, þ.e. vísnum og vísuorðum (þar sem hið altæka í hrynjandinni á einkum að vera sýnilegt), en kenninguna um náttúruhrynjandi þegar kemur að neðri lögum, þ.e. bragliðum, en þar er breytileiki á milli tungumála einkar mikill.

⁴³⁴ Að vísu má oft halda því fram að tvær stuttar þululínur með tveimur sterkum stöðum hvor séu ein langlína; þá verða slögin fjögur og þar með fullnægir þululínan a.m.k. einu skilyrði hins altæka og ómarkaða forms.

Á hinn bóginn getur kenningin um hið náttúrulega bragform líklega skýrt t.d. það að tvíliðir og þríliðir skiptast svo auðveldlega á í þululínunum. Skýringin mun vera svipuð og í tilfelli þríliða í þýskum barnagælum (nánar til tekið úrtalningarvísunum, en slíkar vísur eru einnig kallaðar *úrtalningarþulur* á íslensku, sbr. kafla 6.1). Þar eru þríliðir skýrðir sem hluti af venjulegu (óbundnu, daglegu) máli og þar af leiðandi eðlilegur hlutur í bundnu máli og jafnframt ómarkaður valkostur, líkt og tvíliðir (en ólíkt einliðum).⁴³⁵ Slík skýring er þó ekki óumdeild fyrir þýsku,⁴³⁶ og það kann sömuleiðis að vera umdeilanlegt að þríliðir séu ómarkaðir í íslensku (bæði í bundnu máli og óbundnu), einkum með tilliti til þess að íslenska er talin vera tungumál þar sem tvíliðahrynjandi er ríkjandi.⁴³⁷ Þríliðir eru þó ekki sjaldgæfir í íslensku.⁴³⁸ Tíðni þríliða í þulum er býsna há, eða um 20% allra áhersluliða í úrtakinu sem hér var braggreint; um 40% af braggreindum þululínunum (varlega áætlað) eru með þríliði innanborðs – en sú niðurstaða að tæplega þriðjungur af ferkvæðum barnagælum væri með þríliði innanborðs þótti nægja til að draga þá ályktun að þríliðir séu ómarkaðir í þýskum barnagælum.⁴³⁹ Þetta bendir til þess að þríliðir séu einnig ómarkaður valkostur í íslenskum þulum síðari alda, líkt og tvíliðir, ef þeir (þ.e. þríliðir) eru ekki of tíðir eða reglulegir, þ.e. raska ekki ríkjandi stöðu tvíliða. Séu þríliðir ómarkaður valkostur skýrir það frekar frjálstlega notkun þeirra til skiptis við tvíliði í íslenskum þulum.⁴⁴⁰ Kenningin um náttúruhrynjandi skýrir því þuluhrynjandi með því að sýna hvernig bragliðir af mismunandi gerð, þ.e. tvíliðir og þríliðir, geta orðið sambærilegir og jafnframt útskiptanlegir í upplifun flytjenda og áheyrenda.

7.2.5. Nokkur lokaorð um hrynjandi

Fram hefur komið í þessum kafla að erfitt sé – ef ekki ógerlegt – að lýsa og greina hrynjandi þulna síðari alda með bragfræðilegum verkfærum sem mega heita hefðbundin í greiningu á íslenskum kveðskap. Þulur falla – svo vel sé – hvorki í flokk með kveðskap þar sem hrynjandi byggist á áherslu eða fjölda rísa í vísuorði (líkt og í eddukvæðum) né með kveðskap sem byggist á bragliða-

⁴³⁵ „What counts as natural in German versification? Standard German has a trochaic-dactylic stress system, with left-headed binary and ternary feet predominating not only in simplex words but also in complex and inflected word forms and in sentence prosody [...] Both binary and ternary feet are therefore to be expected in German poetry as a natural way of versification.“ (Dufter og Noel Aziz Hanna, „Natural Versification in French and German Counting-Out Rhymes,“ 111.)

⁴³⁶ Greinarhöfundar taka það sjálfir fram, sjá Dufter og Noel Aziz Hanna, „Natural Versification in French and German Counting-Out Rhymes,“ 103, 111–113.

⁴³⁷ Anton Karl Ingason, „Rhythmic Preferences in Morphosyntactic Variation,“ 241–247, „Tvíliðahneigð,“ 2–8, „Hrynkerfi íslensku í bestunarkenningu,“ 48–60; sbr. Sigurður Kristófer Pétursson, *Hrynjandi íslenzkrar tungu*, 57.

⁴³⁸ Anton Karl Ingason („Tvíliðahneigð,“ 8) tekur að vísu fram að þríliður sé ekki aðeins markaðri en tvíliður heldur er hann einnig markaðri en einliður („stúfur“). Rannsókn hans er um aukafallsfrumlög, og óvíst er að þessi staðhæfing gildi í bragfræðilegu samhengi. A.m.k. er hlutfall þríliða í þulum þrisvar sinnum herra en einliða.

⁴³⁹ Dufter og Noel Aziz Hanna, „Natural Versification in French and German Counting-Out Rhymes,“ 111.

⁴⁴⁰ Þessi skýring á sér einnig stöð í nýlegum rannsóknum í skyldum fræðigreinum, m.a. í tónfræði og tónlistarsögu (sögu þjóðlaga). T. G. Kazantseva talar t.d. fyrir þeirri hugmynd V. Belyayevs að hrynjandi tiltekinna (rússneskra) þjóðlaga byggist á skiptingu liða, eða fóta, sem samanstanda af tveimur lengdareiningum annars vegar og þremur hins vegar; enn fremur að þrepi ofar í lagabyggingu grundvallist hrynjandi á skiptingu mismunandi para af slíkum liðum. T. G. Kazantseva getur sér einnig þess til að þessi sömu lögmál gildi einnig á efri stigum byggingar laganna. (Sjá Kazantseva [Kazantseva] „К вопросу о ритмических структурах в знаменном распеве“ [Enn um rytmískrar formgerðir í Znamennyj-kirkjusöng], 43–58. Með vísan í grein: Беляев [Belyayev], „Происхождение знаменного распева“ [Uppruni Znamennyj-kirkjusöngs], 17–22, m.a. 20.) Þessar niðurstöður er varla hægt að heimfæra beint upp á þulur síðari alda, en þær eru eigi að síður lóð á vogaskál þess möguleika að hrynjandi þjóðkvæða og þjóðlaga byggist jafnt á tví- og þrískiptum einingum.

hrynjandi, þ.e. fjölda og staðsetningu áhersluatkvæða og áherslulítilla atkvæða; og þá ekki með þeim kveðskap þar sem hrynjandi byggist á fjölda og/eða lengd atkvæða.

Ýmsir ofangreindir þættir gefa þó ákveðna hugmynd um lengd og gerð þululínu. Hún er oftast á bilinu þrjú til ellefu atkvæði og með tveimur til þremur orðáherslum (en ris eru oftast tvö), flutningur á þululínu virðist taka um 1,5 sek. að meðaltali, og svo mætti lengi telja. Atkvæði, áherslur og ris geta þó verið fleiri eða færri, en flutningur lengri eða skemmri. Enginn þessara þátta ákvarðar því hvernig þululína er; enginn þeirra er hluti af forskrift eða reglu. Bragfræðilegar hömlur eru að vísu fyrir hendi, en þó fáar. Þær helstu eru takmarkanir á atkvæðafjölda í línu og bann við því að fjórar (eða fleiri) eins bragstöður – sterkar eða veikar – standi í röð (regla sem reynir sjaldan á þar sem fjögur áhersluatkvæði í röð eða fjögur áherslulaus atkvæði í röð eru tiltölulega sjaldgæf).

Þá einkennir miðjusækni lengd þululína (sbr. 7.2.1). Engar strangari hömlur virðast vera á línu-lengd í þulum en þær sem takmarka línurnar við þrjú til ellefu atkvæði – en þó virðast línur, sem eru styttri en fjögur atkvæði og lengri en níu atkvæði, vera afar sjaldgæfar. Fimm til sjö atkvæða línur eru algengastar. Meðallínan er um sex atkvæði eða tvö áhersluorð (sjaldnar þrjú), en algengt er að íslensk orð og orðhlutar í samsettum orðum séu tvö eða þrjú atkvæði. Miðjusækni í þessu sem öðru er helsta takmörkun bragfrelsis í þulum, þótt hún hafi lítið gildi í braggreiningu.

Við braggreiningu er hægt að túlka flestar ljóðlínur í þulum síðari alda annaðhvort sem tveggja (til þriggja) rísa línur með áherslubundinni hrynjandi (e. *accentual verse*) eða sem tveggja til fjögurra bragliða línur með eiginlegri bragliðahrynjandi; hvor kosturinn hefur sína galla. Til þess að bragliðagreina þulur þarf svo annaðhvort að gera ráð fyrir tveimur helstu gerðum bragliða, hnígandi tvílið og hnígandi þrílið (og þar af leiðandi fyrir nokkrum helstu tegundum hrynjandi sem byggjast á þessum bragliðagerðum),⁴⁴¹ eða þá að fallast á röksemdir kenningarinnar um náttúruhrynjandi og gera ráð fyrir því að þríliður sé jafngildur tvílið og að þessar tvær gerðir séu nær fullkomlega útskiptanlegar. Óháð því hvor leiðin yrði fyrir valinu þyrfti að taka tillit til þess að þululínur hafa mismarga bragliði (með svipuðum hætti og risin eru mismörg). Almennur fjöldi bragliða í línunum, sem hafa verið greindar hér, er 2–4 (oftast 2, í rúmlega helmingi þululína), og nægir þessi vitneskja til að greina þulur samkvæmt kenningunni um náttúruhrynjandi sem 2–3 bragliða línur (lengri línur eru þá álitnar yfirmetrískar, e. *hypermetrical*). Þulur má m.ö.o. greina bæði sem form áherslubundins ljóðs og sem einhvers konar bragliðahrynjandi – og einnig sem millistig þessa tvenns, t.d. *dolník*.

Af þessu má einnig sjá að enginn ofangreindra bragþátta – þ.e. atkvæðafjöldi, atkvæðalengd eða áherslufjöldi – er ráðandi í þuluhrynjandi, heldur er hún afleiðing ákveðinna tilhneiginga í fjölda atkvæða og fjölda og staðsetningu áherslna.

Til að skilgreina þuluhrynjandi nánar virðist vera einna árangursríkast að lýsa helstu gerðum þululína og fylgjast með þróun þeirra. Hún felst annars vegar í lengingu þululína og hins vegar í því að einföldustu línugerðunum (líkt og SvSv) fækkar smám saman samhliða því að línunum með þrílið-

⁴⁴¹ Þetta þykir betri kostur en að nota hið klassíska bragliðakerfi og gera ráð almennt fyrir tvíliðum annars vegar (hnígandi, eða réttum; stígandi, eða öfugum; tvílöngum (e. *spondee*) og tvístuttum (e. *pyrrhic*)) og þríliðum hins vegar (réttum (e. *dactyl*), öfugum (e. *anapest*), vSv (e. *amphibrach*), vvv (e. *tribrach*) o.fl.). Klassíska bragliðakerfið hækkar talsvert flækjustig í greiningunni en skilar ekki miklu, auk þess sem órökrétt virðist að vinna með bragliði með áherslu á 2. eða 3. atkvæði miðað við áherslu í íslensku.

um, sem eru taldar markaðri og þar af leiðandi flóknari, fjölgar. Samsetning þululínu verður flóknari eftir því sem aldir líða. Þá hneigjast mismunandi línugerðir í átt að því að hafa mismunandi bragliðafjölda; í línugerðum með þyngra upphafi (t.d. SvSv) er t.a.m. langalgengast að bragliðir séu tveir, en í öðr línugerðum um með léttu upphafi og áherslu aftar (t.d. vSvS) eru bragliðir oft fjórir.

Þar sem hrynjandi (taktur) í þulum síðari alda er fjarri því að vera í föstum skorðum þarf aðra bragfræðilega – og jafnframt utanbragfræðilega – þætti til að þessi kveðskapur, sem stendur svo nærri talmálsljóði (þ. *Sprechvers*), leysist ekki upp í óbundið talmál. Um þessa þætti, einkum stuðlasetningu og rím, verður fjallað í kafla 7.3–7.5.

7.3. Stuðlasetning

Stuðlasetning og rím eru einkanlega mikilvægir bragþættir til þess að binda saman línur í kveðskap með jafn lausbundinni hrynjandi og þulur síðari alda hafa (sbr. kafla 7.2). Hins vegar er stuðlasetning einnig óregluleg, eða „óbundin“, eins og fram kemur í þuluskilgreiningu Jóns Samsonarsonar (sbr. kafla 1.1). Í þessum kafla verður því fyrst athugað hversu óregluleg stuðlasetning er í þulum og í hverju óreglan er fólgin (7.3.1) en síðar hvort, og þá með hvaða hætti, bætt er úr óreglunni (7.3.2).⁴⁴² Niðurlag er í kafla 7.3.3.

7.3.1. Viðtekin stuðlasetning og veik stuðlasetning

Stuðlasetning er mikilvægt sérkenni og stoð íslensks kveðskapar a.m.k. frá landnámi og fram á 20. öld⁴⁴³ þótt til sé einnig kveðskapur sem er minna stuðlaður en hefðbundnar bragreglur segja til um eða jafnvel alls ekki stuðlaður – en það tíðkast einkum í þjóðkvæðum. Viðurkennt er t.d. að sagnadansar séu slík frávik frá stuðlahefðinni, enda eru þeir kvæðagrein frá Norður-Evrópu, en þegar ballöður þaðan fóru að berast til Íslands var reglubundin stuðlun aflögð þar ytra.⁴⁴⁴ Sagnadansar standa einmitt nærri þulum (kafla 2.4). Um stuðlasetningu í öðrum þjóðkvæðum hefur þó minna verið fjallað⁴⁴⁵ en ljóst er t.d. að í keðjukvæðum eru einnig mikil frávik frá stuðlun samkvæmt braghefð.

Stuðlasetning er einnig mikilvæg í þulum síðari alda þar sem hrynjandi (taktur) þeirra er óregluleg og þær þurfa því á öðrum bragþáttum að halda sem gætu haldið kveðandi uppi. Stuðlasetning í þulum er eigi að síður óregluleg, en aðeins rétt rúmlega 60% þululína stuðla þannig að þær uppfylli samtímakröfur til stuðlasetningar. Þululínum sem stuðla samkvæmt braghefð hefur jafnframt fækkað, bæði á 19. og 20. öld.

⁴⁴² Fyrir athugun á stuðlasetningu og rími var stærra úrtak braggreint en fyrir hrynjandi, eða rúmlega 3000 þululínur. Við braggreiningu var fylgt þeirri stefnu að túlka vafaatriði bragnum í hag, þ.á m. ljóðstöfunum. Finnist ekki viðurkenndir stuðlar í þululínu en ákveðinn samhljómur eigi að síður fyrir hendi er athugað hvort veik stuðlun er til staðar (sjá m.a. kafla 7.3.2). Þegar veik stuðlasetning er greind í þulutextum er tekið tillit til allra hljóða sem geta mögulega stuðlað – þótt þau standi í lágkveðu, of langt sé á milli stuðla miðað við viðtekna stuðlasetningu (sjá 7.3.1), eða aðeins einn stuðull sé í frumlínu þótt bragliðir séu fleiri en tveir o.s.frv.

⁴⁴³ Um stuðlasetningu í íslenskum kveðskap og helstu reglur hennar má að vísa í nýlega doktorsritgerð Ragnars Inga Aðalsteinssonar (*Tólf alda tryggð*, 37–57). Nokkuð frábrugðið viðhorf má þó finna í: Atli Ingólfsson, „Að syngja á íslensku,“ 426; sbr. Kristján Árnason, „Gegn oftrú á stuðlana,“ 103–117.

⁴⁴⁴ Nánar um tímasetningu þess sjá: Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland*: 105–109.

⁴⁴⁵ Sbr. þó: Haukur Þorgeirsson, „Poetic Formulas in Late Medieval Icelandic Folk Poetry: The Case of *Vambarljóð*,“ 181–196 (í mörgum öðrum verkum Hauks er frekari umfjöllun um stuðlasetningu almennt).

Athugun á því hvað stendur venjulega í vegi fyrir því að þululínur stuðli samkvæmt braghefð sýnir að oftast virðist verið brotin sú regla að tvo stuðla þarf í ljóðlínu sem er lengri en tveir bragliðir (eða tvö ris),⁴⁴⁶ en aðeins einn er fyrir hendi. Sbr. dæmi (7-2a) og (7-2b):

(7-2a) [...] Ingiríður, Herdís píka.
Allar gráta líka [...]

(7-2b) [...] lögdu eld í Bónða hlada,
hladin tók ad Brenna [...]⁴⁴⁷

Önnur algeng ástæða fyrir óreglulegri stuðlun er ofstuðlun, sbr. dæmi (7-3a) og (7-3b):

(7-3a) [...] yfir um ána ætlar hann [...]

(7-3b) [...] skó og skalfaskeifu [...]⁴⁴⁸

Einnig kemur fyrir að orð sem gætu stuðlað standa í lágkveðum og/eða eru merkingarfræðilega veik – og eru þar af leiðandi ekki fullgild í stuðlun. Eins er sú regla stundum brotin að seinni stuðullinn má hvorki vera of langt frá höfuðstafnum né fyrri stuðlinum, sbr. dæmi (7-4a) þar sem of langt eru á milli *s*-stuðlanna (tveir bragliðir), en *m*-stuðlar samræmast ekki reglunum vegna þess að fornafnið *mér* er bæði tiltölulega áherslulítið og ekki sterkt merkingarfræðilega.⁴⁴⁹ Í dæmi (7-4b) er höfuðstafur á röngum stað (ekki í fyrstu sterku bragstöðu):

(7-4a) [...] Sante Mária gaf mér sauð [...]

(7-4b) [...] hafði í hægri kló
litol horn og mjó [...]⁴⁵⁰

Reglurnar sem eru brotnar í stuðlasetningu í þulum eru m.ö.o. þær sem snúa að fjölda og staðsetningu stuðlanna (frekar en t.d. að jafngildisflokkum í stuðlasetningu). Séu þessar reglur brotnar er ákveðinn samhljómur eigi að síður einatt fyrir hendi, þótt hann sé veikari en við eiginlega stuðlasetningu. Þessi samhljómur á sinn þátt í því að halda kveðandi uppi í fjarveru hinna eiginlegu ljóðstafa og er að þessu leyti ígildi stuðlasetningar; hér verður hann nefndur *veik stuðlasetning*.⁴⁵¹ Séu þululínur með veikri stuðlasetningu taldar með þeim sem stuðla eftir braghefð má segja að a.m.k. 75% af öllum þululínum stuðli á einhvern hátt, þ.e. drjúgur meirihluti allra þululína.

Samt sem áður er talsverð óregla í stuðlasetningu í þulum, jafnvel þótt veik stuðlasetning sé talin með. Hún er m.a. fólgin í því að mismunandi er í ýmsum flokkum þulutexta hvort stuðlun er yfirleitt til staðar í þululínum (sjá kafla 1.2.1 um hugtakið *þuluflokkur* og umræðu um viðkomandi þulublokkir í Viðauka I). Meirihluti algengustu þuluflokka er með hátt hlutfall þululína sem stuðla ef bæði viðtekin og veik stuðlun er talin með, eða yfir 80% lína í *Stígum við stórum* og *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* og jafnvel yfir 90% í flokkunum *Grýla er að vísu*, *Draum dreymdi*

⁴⁴⁶ Ragnar Ingi Aðalsteinsson, *Íslensk bragfræði*, 44; sbr.: sami, *Tólf alda tryggð*, 49, 101–102, m.a. um að fleiri ljóðstafi þarf almennt í 6 bragliða línu eða lengri.

⁴⁴⁷ AM 247 8vo, 7v; AM 960 XX 4to, 3r. Til samanburðar er hér dæmi þar sem einn stuðull í hvorri línu nægir (aðeins tvær sterkar bragstöður eru í hvorri línu): „fyrst tók hún Þora // Þorgérdr stóra“ (Lbs 2856 4to, 425r).

⁴⁴⁸ Lbs 2856 4to, 425r; SÁM 30c, 27r („skalfaskeifu“: þannig í handriti).

⁴⁴⁹ Fornöfn eru í 3. flokki skv. Sigurði Kristófer Péturssyni, *Hrynjandi íslenzkrar tungu*, 47 (neðanmáls) og 134, þ.e. í næstlægsta flokknum.

⁴⁵⁰ Lbs 587 4to II, bls. 174; Lbs 587 4to II, bls. 155 („hafði“ er í handritinu leiðrétt úr „höfðu“).

⁴⁵¹ Sbr. umfjöllun fremst í kafla 7.3, neðanmáls.

mig og *Táta, Táta*.⁴⁵² Í minnihluta eru flokkar þulutexta þar sem aðeins um helmingur til tveggja þriðju hluta þululína stuðla; t.d. *Drengurinn Dóli, Stúlkan í steininum, Grýla kallar á börnin sín* og *Lambið beit í fingur minn* annars vegar og *Bokki sat í brunni, Sól skín á fossa* og *Stúlkurnar ganga* hins vegar. Í flokkum, þar sem hlutfall þululína sem stuðla er hátt, hefur það ríka tilhneigingu til að lækka í fyllingu tímans – en í flokkum, þar sem hlutfallið er lágt, hefur það nokkra tilhneigingu til að hækka. Þetta virðist vera enn ein birtingarmynd þeirrar miðjusækni og jafnvægisleitar sem ein-kennir almennt hrynjandi þulna og sem þegar hefur verið getið í tengslum við línulengd og áherslu-fjölda í þululínum (sjá kafla 7.2.1 og 7.2.2). Textaflokkar með hátt hlutfall þululína sem stuðla eru sömuleiðis með hátt hlutfall stuðlunar samkvæmt braghefð; það nálgast oft 100% af stuðluðum línum og fer sjaldan undir 60%.⁴⁵³ Ekki virðast hins vegar vera neinar reglur eða lögmál um það hvernig þululínur sem stuðla dreifast um þulutexta.

Annar óreiðuþáttur er dreifing þriggja helstu tegunda stuðlasetningar í íslenskum kveðskap um þulutexta, en þær eru:

- tveir stuðlar í frumlínu og höfuðstafur í síðlínu (hér táknuð „2+1“),
- tveir ljóðstafir, hvor í sinni línu (táknuð hér „1+1“),
- sérstuðlun, þ.e. tveir stuðlar í sömu línu (sbr. 3. og 6. línu í reglulegum ljóðahætti).

Stuðlun „2+1“ – sem er algengust í íslenskum kveðskap síðari alda – nær aðeins yfir rúmlega 25% allra lína í þulum; hún virðist reyndar verða algengari með tímanum og jafnvel ráðandi í sumum þuluflokkum.⁴⁵⁴ Í þuluflokkum þar sem hlutfall lína, sem taka þátt í „2+1“ stuðlun, er hátt má oft sjá það lækka með tímanum (t.d. í flokkunum *Táta, Táta* eða *Heyrði ég í hamrinum*)⁴⁵⁵ – og öfugt, þ.e. ef hlutfall slíkra lína er lágt í þuluflokki þá má oft sjá það hækka (sbr. t.d. flokkana *Sat ég undir fiskihlaða* eða *Drengurinn Dóli*). Hér má því sjá enn eina birtingarmynd miðjusækni. Langflestar „2+1“-línur stuðla samkvæmt braghefð,⁴⁵⁶ en hlutfall veikrar stuðlunar er lágt. Stuðlun „1+1“ er talsvert algengari í þulum síðari alda og nær yfir rúmlega þriðjung af öllum þululínum; henni fækk-

⁴⁵² Í sumum flokkum er hlutfall þululína sem stuðla 80–90% í elstu textunum en fer svo niður í um 75%, t.d. í *Sat ég undir fiskihlaða, Heyrði ég í hamrinum* og *Grýla reið fyrir ofan garð*. Í kúapulunni *Hér koma kýr mínar* snýst dæmið við. Þar er hlutfallið um 75% í elstu textum en hækkar svo upp í rúmlega 90%. Þetta er einn fárra flokka með svo óreglulega hrynjandi að hann nær ekki viðmiðum fyrir *dolnik*, en stuðlasetning vegur á móti því og tengir þululínur betur saman.

⁴⁵³ Til undantekninga heyra aftur flokkarnir *Sat ég undir fiskihlaða* og *Lambið beit í fingur minn* þar sem hlutfall lína, sem stuðla eftir braghefð, er aðeins um þriðjung á tímabilinu fyrir 19. öld en hækkar síðar upp í tæplega 75% (*Sat ég ...*) og rúmlega 50% (*Lambið beit í fingur minn*), og sömuleiðis *Sól skín á fossa* þar sem aðeins tæplega þriðjungur þululína stuðla skv. braghefð á 19. öld, en síðar hækkar hlutfallið upp í tvo þriðju. Þar sem síðastnefnda þulan er einnig með lágt hlutfall lína sem stuðla er hún með einstaklega lágt hlutfall þeirra lína sem stuðla samkvæmt braghefð (af heildarfjölda þululína þar).

⁴⁵⁴ Í þuluflokkum þar sem hlutfall lína sem stuðla er (óvenjulega) hátt getur „2+1“-stuðlun náð yfir um tvo þriðju af öllum línum (t.d. í flokkunum *Grýla er að vísu* og *Táta, Táta*), en þar sem hlutfall lína sem stuðla er (óvenjulega) lágt eru til textar þar sem engin lína stuðlar „2+1“ (t.a.m. *Sól skín á fossa*).

⁴⁵⁵ Undantekningar eru sumar Grýluþulur; í textahópnum *Grýla reið með garði* (sem er á mörkum þess að heita þula) er hlutfall lína sem stuðla „2+1“ hátt en hækkar enn – og í flokknum *Grýla kallar á börnin sín* er það lágt og lækkar áfram.

⁴⁵⁶ Helstu orsök þess að línur af þessari gerð stuðla ekki samkvæmt braghefð eru annars vegar stuðull í lágkveðu (og orðið merkingarfræðilega veikt) og hins vegar of langt bil á milli seinni stuðulsins og annaðhvort höfuðstafs eða fyrri stuðulsins (sbr. hér að framan); en þetta eru annars ekki algengt í þulum síðari alda.

ar þó talsvert með tímanum.⁴⁵⁷ Í þessari tegund stuðlasetningar er hlutfall lína með veika stuðlun talsvert hærra en í „2+1“ eða í sérstuðlun, nemur allt að helmingi, en viðtekin stuðlasetning af tegundinni „1+1“ er tiltölulega sjaldgæf.⁴⁵⁸ Þá er sérstuðlun sjaldgæf í þulum síðari alda (aðeins ein af hverjum 7–8 línur); sérstuðlun nær samt rúmlega fjórðungshlut í sumum þuluflokkum.⁴⁵⁹ Flestar sérstuðlunarlínur samræmast braghefð.

Þessar þrjár tegundir stuðlasetningar dreifast því misjafnt yfir þuluflokka, þótt hver þeirra sé í einhverjum mæli í þeim flestum. Engin regla virðist þó stjórna dreifingu tegundanna innan þulutextanna.

7.3.2. Uppbótarstuðlun

Af ofangreindu má glögg sjá að þótt flestar þululínur stuðli þá er mikil óregla, ekki aðeins á því hvort tiltekna þululínur stuðla yfirleitt, heldur einnig hvort þær stuðla samkvæmt braghefð – og enn fremur á því hvort nágrannalínur stuðla og þá hvernig. Í samliggjandi línur má oft finna svo mismunandi tegundir stuðlasetningar að væntingar hlustanda (eða lesanda) um stuðlasetningu í næstu línur ná ekki einu sinni að mótast – og nái þær að mótast, bregðast þær iðulega. Ýmis stílbrögð (e.: *literary devices*) hafa því þróast í þulum síðari alda sem nokkurs konar staðgenglar hinnar eiginlegu stuðlasetningar í þulum – til að vinna á móti óreiðunni.

Þegar í fornþulum má finna aukna stuðlasetningu sem spannar víshelminga eða jafnvel heilar vísur, auk margvíslegra aukasamhljóma.⁴⁶⁰ Hér nægir að skoða fyrstu vísu með heitum sækonunga⁴⁶¹ þar sem ekki er aðeins regluleg stuðlasetning – og stundum einnig óregluleg viðbótarstuðlun – heldur eru flestallir vísufjórðungar tengdir saman með viðbótarstuðlun (regluleg stuðlasetning er auðkennd með einfaldri undirstrikun en aukasamhljómar með tvöfaldri):

(7-5) Atli, Fróði,
Áli, Glammi,
Beiti, Áti
ok Beimuni,

Auðmundr, Guðmundr,
Atall ok Gestill,
Geitir, Gauti,
Gylfi, Sveiði.

Í þulum síðari alda eru þessi og önnur svipuð stílbrögð notuð til þess að bæta upp skort á reglulegri stuðlasetningu eða öðrum bragþáttum. Oft nær stuðlun t.d. yfir fleiri en tvær línur, eins og í dæmum

⁴⁵⁷ Hlutfall lína sem taka þátt í „1+1“-stuðlun nær upp í rúmlega 80% í sumum þuluflokkum, t.d. í *Draum dreymdi mig* og *Sat ég undir fiskihlaða* (á tímabilinu fyrir 19. öld), en í báðum þulum lækkar hlutfall slíkra lína nokkuð hratt og fer t.d. niður í 40% í síðarnefndu þulunni á 20. öld. Hlutfall „1+1“-lína hækkar sjaldan í þuluflokkum þar sem það var upphaflega lágt; því birtist miðjusækni lítt í þessari stuðlasetningu.

⁴⁵⁸ Þetta kemur heim og saman við þá algengu orsök veikrar stuðlunar að aðeins einn stuðull er í línu sem er lengri en tveir bragliðir (eða tvö ris), eins og fram hefur komið.

⁴⁵⁹ *Stúlkan í steininum* og *Bokki sat í brunni*. Aðrar þulur þar sem hlutfall lína, sem stuðla sér, nær um 20% eru sumar kúapulur, *Lambið beit í fingur minn* (á tímabilinu fyrir 19. öld) og *Drengurinn Dóli*.

⁴⁶⁰ Elena Gurevich vakti réttilega athygli á þessu: Гуревич [Gurevich], „Древнеисландская поэтическая синонимика“ [Heiti í forníslenskum kveðskap], 19–20; Gurevič, „Zur Genealogie der þula“, 69; Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu heitisins „þula“ í forníslensku], 195–196. Skv. Eleni Gurevich eiga aukasamhljómar í fornþulum m.a. að undirstrika háa félagslega stöðu þuls og þulna, en hér verður áhersla lögð á annað hlutverk aukasamhljómannanna, nánar til tekið á það að þeir bæta upp skort á öðrum formþáttum kveðskapar, sem á að hafa háa stöðu, t.d. skort á stefjum (en sá skortur er nefndur sem einhvers konar formgalli, a.m.k. miðað við drápu, bæði í lausavísu Sneglu-Halla og í Málsháttakvæði, sjá kafla 2.2).

⁴⁶¹ „Þulur“, 678 (Sækonunga heiti, 1. erindi).

(7-6a) og (7-6b). Sérstuðlaðar línur og samliggjandi þeim línur sem hafa tvo stuðla og höfuðstaf geta t.a.m. tengst sín á milli, sbr. (7-6a), og/eða aukastuðlar geta bæst við í seinni sterkri stöðu, líkt og í línunum 4–5 í (7-6b) (stuðlasetning er undirstrikuð):

(7-6a) [...] Aðalvarði, Ormagarði
Eiríki og Sveini.
Ekki heiti eg Eiríkur
[...]
sem bar mig undan bylgju;
bylgjan og báran
brut[u] mínar árar [...]

(7-6b) Gríla reid i gardshorn,
hafdi hala 15,
en i hvorium halanum
100 belgi,
en i hvorium belgnum,
børn 20 [...] ⁴⁶²

E.k. aukastuðlar geta einnig staðið fyrir framan vísuorðið sem stuðlar; í dæmum (7-7a,b) er það eini stuðullinn í sinni línu (stuðlar eru undirstrikaðir með einfaldri línu en aukastuðull með tvöfaldri):

(7-7a) [...] búkonan dillaði
börnunum báðum [...]

(7-7b) [...] Allar voru í skógi,
utan kellingin eina. ⁴⁶³

Hér er varla um að ræða eiginleg línupör þar sem línur stuðla saman. Í hefðbundinni íslenskri stuðlasetningu með tveimur stuðlum og höfuðstaf eru stuðlarnir í frumlínu en höfuðstafurinn fremst í síðlínu. Í þulum síðari alda snýst þetta hins vegar oft við, þannig að aðeins einn stuðul er í frumlínu en tveir í síðlínu. Frá sjónarhorni viðtekinnar bragfræði stuðlar fyrri línar væntanlega ekki en sú seinni er sérstuðluð (frekar en að þær stuðli saman „1+1“, því að þá er ofstuðlun í seinni línunni). Samt sem áður er ákveðinn og oft afar áberandi samhljómur til staðar milli fyrri og seinni línunnar, og þá má spyrja hvort ekki sé viðbótarstuðull í frumlínu, einhvers konar for-stuðull.

Aukasamhljómar eru einnig fólgnir í því að önnur hljóð mynda fleiri stuðlapör í sömu línunum – líkt og í dæmi (7-6b) hér að framan eða (7-8):

(7-8) [...] Nípa, Típa,
Næa (eða Næin) Tæa [...] ⁴⁶⁴

Aukastuðlar geta ekki aðeins verið hvor í sinni þululínu heldur báðir í sömu línu, en hún stuðlar þá bæði sér og svo saman við aðra línu á undan eða á eftir, sbr. (7-9a,b):

(7-9a) [...] hundrað á húsabaki
og hálft er talið Tátulið [...]

(7-9b) [...] ég skal éta sjálfur
segir litli Kálfur. ⁴⁶⁵

⁴⁶² Lbs 587 4to VIII, 2r; DFS 67, 240v. Stuðlasetningu í (7-6b) má greina á tvo helstu vegu. Í báðum tilfellum stuðlar 1. lína sér og 2. lína sér; ef 3. lína stuðlar einnig sér þá stuðla 4.–5. línur saman, en 6. lína tengist þeirri 5. með aukasamhljóm (*b*). Ef 3. lína stuðlar saman við 4. línu (tveir stuðlar og höfuðstafur), þá má líta á *hv* í 5. línu sem aukasamhljóm – en á 5.–6. línur sem línupar með tvo *b*-stuðla.

⁴⁶³ Lbs 587 4to II, bls. 155; AM 247 8vo, 7v.

⁴⁶⁴ DFS 67, 243r (þannig í handriti).

⁴⁶⁵ SÁM 85/291 EF (2602); SÁM 86/661 EF (25830), sbr. SÁM 30a, 81r. Í (7-9b) myndast því aðeins sérstuðlun í fyrri línunni að *ég* og *éta* hefjist á sama hljóðinu (annaðhvort *eg ... eta* eða *ég/jeg ... éta/jeta*).

Í þulum kemur jafnvel fyrir að í sömu línu stendur bæði höfuðstafur fyrir línuna á undan og stuðull (eða jafnvel tveir) fyrir línuna á eftir, líkt og í annarri línu í dæmi (7-10):

(7-10) Táta, Táta! teldu dætur þínar.

tvær mat mala

þjár mél gjöra [...] ⁴⁶⁶

Þessi stuðlunaraðferð er almennt ekki viðurkennd í íslenskum kveðskap síðari alda (en heldur ekki beinlínis bönnuð); ⁴⁶⁷ hún er hins vegar talsvert notuð í þulum. Aðferðin verður hér kölluð *keðjustuðlun* og skilgreind sem stuðlun þar sem tveir jafngildisflokkar (eða fleiri) eru að verki í sömu þululínu og stuðlar hvor (hver) í sínu lagi við næstu línu(r) á undan eða á eftir. Keðjustuðlun er þulum eðlislæg þar sem þulur eru runur lína (en ekki endilega línupara). Hún tengir saman ekki aðeins tvær línur – sem væru þá frumlína og síðlína – heldur er hver síðlína á sama tíma frumlína gagnvart næstu þululínu á eftir. Stuðlunin er þá í raun tvöföld í línunum sem taka þátt í keðjustuðlun – og þessi samþjappaða stuðlun tengir þululínur saman mjög sterkum böndum þótt stuðlunin sjálf kundi að vera veik í sumum línunum. Þannig er skortur á kerfisbundinni, reglulegri stuðlasetningu í þulum bættur upp á skilvirkan hátt. Keðjustuðlun er einkum algeng í þuluhlutum sem eru byggðir á endurtekningum, t.d. í *Draum dreymdi mig* og í blokkinni *Ættartala* (sem oft er í þuluflokknum *Heyrði ég í hamrinum*; sjá Viðauka Ia.3 og Id.2), sbr. dæmi (7-11a,b):

(7-11a) [...] Heyrða eg á fjöllum

haður helja,

af þeim heljum

hrunnu seljar,

af þeim seljum

sátu rekkar [...]

(7-11b) [...] Kambur Skæringsson

Skæringur Brandsson

Brandur Björgólfsson

Björgólfur Hringsson

Hringur Hreiðarðsson

Hreiðarður Garðsson [...]

Í öðrum þulum – með færri beinum endurtekningum – er keðjustuðlun ekki jafn áberandi en er samt til staðar (í rúmlega helmingi textaflokka) og getur náð yfir fjórðung eða jafnvel þriðjung þululína, t.d. í þuluflokkunum *Sat ég undir fiskihlaða*, *Táta, Táta* og *Stígum við stórum* (Viðauki Ic.2, Ib.8, Id.3). Hlutfall lína, sem keðjustuðlun nær yfir, lækkar með tímanum; frá 17.–18. öld til 19. aldar er hreyfing í flestöllum flokkunum í áttina að því sem verður meðalhlutfall þululína með keðjustuðlun á 19. öld ⁴⁶⁹ – en frá 19. öld til 20. aldar er fækkun slíkra lína meira áberandi en miðjusækni. Hugsanlega er hægt að tengja það almennri fækkun stuðla í íslenskum kveðskap á 20. öld, en einnig er hægt að setja það í samhengi við fráhrarf frá öðrum tegundum stuðlunar sem hafa ekki öðlast

⁴⁶⁶ Lbs 587 4to VIII, 2v. Í fyrstu línu er aðeins fyrra Tátunafnið látið stuðla vegna þess að í greiningunni er tekið tillit til reglunnar um að endurtekning skapi ekki ofstuðlun (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, *Tólf alda tryggð*, 56–57). Án reglunnar væri um ofstuðlun að ræða. Í þriðju línu er stuðlunin veik, þar sem deila má um hvort höfuðstafur er í fyrstu eða annarri sterkri stöðu, og fer það m.a. eftir skanderingu.

⁴⁶⁷ Sbr. umfjöllunagnars Inga Aðalsteinssonar um tilraunir með nýjungar í stuðlun (*Tólf alda tryggð*, 69–74).

⁴⁶⁸ AM 960 IX 4to, 9r; Lbs 587 4to VIII, 2r. Í (7-11b) eru stuðlarnir, sem standa í sömu línunum og höfuðstafir fyrir línurnar á undan (þ.e. í nöfnunum *Brandsson*, *Hringsson*, *Garðsson* o.s.frv.), e.k. aukastuðlar á undan línunum sem stuðla á reglubundinn hátt „2+1“ (sbr. hér að framan).

⁴⁶⁹ Nánar til tekið lækkar hlutfall slíkra lína í þuluflokkum þar sem það var hátt (t.d. *Heyrði ég í hamrinum* og *Gryla reið fyrir ofan garð*) og hækkar þar sem það var lágt (t.d. *Hér koma kýr mínar* og *Lambið beit í fingur minn*).

viðurkenningu (t.a.m. stuðlun með sínum stuðli í hvorri línu, sbr. kafla 7.3.1), en þá virðist gæta þeirrar tilhneigingar að stuðla á hefðbundinn hátt – einnig í þulum (sé yfirleitt stuðlað).⁴⁷⁰

Í flestum dæmum um keðjustuðlun hér að framan – að undanteknu (7-6b) – hófst stuðlun með nýju hljóði þegar stuðlun með næsta hljóði á undan var að ljúka, þ.e. í sömu línu. Stundum kemur þó fyrir að stuðlun með fyrra hljóðinu heldur áfram og þá er stuðlað með báðum hljóðunum í umræddri línu og/eða næstu línu(m), sbr. (7-12a,b):

(7-12a) — — þrjár mjöl mala,
fjórar mjöd drekka,
fimm eru í búri
borð að reisa, o. s. fr. v.

(7-12b) [...] enn kýrinn tók at mjólka,
sánkta María gaf mer sauþ,
han varð mer at miklu[m] auþ,
annann gaf mér freya [...]⁴⁷¹

Þetta afbrigði keðjustuðlunar er hér kallað *fléttustuðlun*, eftir því hvernig stuðlun með fyrra og seinna hljóði fléttast saman; segja má að fléttustuðlun sé keðjustuðlun þar sem ljóðstafir fara á víxl. Í báðum þessum dæmum er stuðlasetning alls ekki gallalaus frá sjónarhorni hefðbundinnar bragfræði (t.d. stuðlar fornafnið *mér* í (7-12b) alltaf veikt), en þrátt fyrir það er stuðlanetið svo þétt að segja má að magnið bæti upp að einhverju leyti skort á gæðum í stuðlasetningu.

7.3.3. Niðurlag

Stuðlasetning í þulum er talsverð en notkun hennar er ekki kerfisbundin miðað við íslenskt stuðlasetningarkerfi (rétt rúmlega 60% þululína stuðla samkvæmt braghefð) og er á greiningarmörkum þess að vera kerfisbundin þótt veik stuðlun og uppbótarstuðlun sé talin með. Úr þessum skorti á reglubundinni stuðlasetningu er bætt með margvíslegum ráðum, þ.á m. með *veikri stuðlun* af ýmsu tagi (með færri ljóðstöfum en þarf skv. stuðlasetningarreglum, með ranglega staðsettum ljóðstöfum o.s.frv.) og með *uppbótarstuðlun*, þ.e. stuðlun sem nær yfir fleiri en tvær þululínur, for-stuðlun (aukastuðli að framan), aukastuðlapörum í þululínunum (viðbótar-sérstuðlun annars vegar og viðbótarstuðlun með sínum stuðli í hvorri línunni hins vegar), keðjustuðlun og fléttustuðlun.⁴⁷² Þessum margvíslegu stílbrogðum er dreift yfir þulutexta, oftast en ekki án sýnilegrar reglu, með þeim tilgangi helst að vefja sem flestar þululínur inn í þann hljómræna vef sem búinn er til með aðstoð allra bragþátta. Þar með líkist stuðlasetning í þulum fremur frjálsri stuðlun í erlendum kveðskap. Hún gegnir samt enn ákveðnu burðarhlutverki þegar kemur að því að tengja þululínur saman þótt

⁴⁷⁰ Þess ber að geta að við greiningu á úrtakinu var keðjustuðlun ekki flokkuð sem valkostur á borð við „2+1“-stuðlun, „1+1“-stuðlun og sérstuðlun – enda er keðjustuðlun gjörólík þessum tegundum stuðlasetningar að því leyti að hún snýst um stuðla í *mismunandi* jafngildisflokkum. Keðjustuðlun var talin á eftir hinum og sömuleiðis á eftir stuðlun samkvæmt braghefð – og ekki sett í andstöðu við þá síðastnefndu.

⁴⁷¹ DFS 67, 416v; JS 289 8vo I, 27v (sérnöfn eru unditstrikud í handritinu, sjá (8-55b), en hér eru leturbreytingar mínar – *YSH*; „kýrinn“ (eða „kijrinn“, en með einum depli eða broddi yfir *ij*) virðist vera leiðrétt úr „kirinn“ eða „kírinn“).

⁴⁷² Stundum er jafnvel stuðlað yfir kaflaskil – nánar til tekið skil á svokölluðum (undir)blokkum, sjá kafla 8.3 – til þess að þetta heildarbyggingu þulutexta. Slík stuðlun grundvallast hins vegar oft á endurtekningum í orðalagi, og er því óvíst hvort frumorsök hennar liggja á hjóðfræðilegu eða merkingarfræðilegu plani. Sem dæmi má nefna „[...] utumm löndinn // Biskups ströndinn, /// Biskup átti valid bu [...]“ í *Sat ég undir fiskihlaða* (AM 960 XX 4to, 3r) og „[...] eg vil upptil hóla // að hitta konu honda — /// Bonda kona gekk til brunns [...]“ (Lbs 587 4to II, bls. 174) þar sem kaflaskil eru merkt með þreföldu skástriki.

stuðlasetning sé ekki eins mikill burðarás í þulum síðari alda og í flestu öðru bundnu máli á íslensku. Notkun veikrar stuðlunar og uppbótarstuðlunar er sterkt sérkenni bragforms þulna.

7.4. Rím

Komið er fram að í þulum síðari alda er stuðlasetning ekki miklu reglulegri en hrynjandi og að kerfi veikrar stuðlunar og uppbótarstuðlunar gegnir því hlutverki að tengja saman línur sem viðtekin stuðlasetning nær ekki til; og þó stuðlar u.þ.b. fjórðungur þululína alls ekki (kafla 7.3). Í þessum kafla verður rím – sem gegnir svipuðu hlutverki og stuðlar við að tengja þululínur saman – skoðað með svipuðum hætti; fyrst verður athugað hversu reglulegt rím er í þulum (7.4.1) og hversu skilvirkar mismunandi tegundir endaríms (7.4.2) og innríms (7.4.3) eru. Síðar verður skoðað hvað kann að valda óreglu í ríminu og hvort og með hvaða hætti er bætt úr henni (7.4.4).⁴⁷³ Stutt samantekt er í kafla 7.4.5.

7.4.1. Viðtekið rím

Rím hefur borist í íslenskan kveðskap seinna en stuðlasetning, eða með innrími í dróttkvæðum hætti (og öðrum skyldum háttum) og endarími í runhendum háttum. Íslenskur kveðskapur er því í allmiklum mæli aðeins stuðlaður en ekki rímaður, einkum hluti þjóðkvæða,⁴⁷⁴ fyrst og fremst undir edduháttum að fornu – m.a. hinar fornu þulur, en þar er ekki kerfisbundið rím – og að nýju, þ.á m. svokölluð sagnakvæði: Snjáskvæði, Kötuldraumur o.fl.⁴⁷⁵ Þá tengjast hættir, þar sem rím er eitt af höfuðeinkennum, utanaðkomandi áhrifum frá meginlandi Evrópu, lærðum að meira leyti (runhent) eða minna (ballöðuhættir) – ólíkt stuðlasetningu sem er eitt helsta sérkenni íslensks kveðskapar.

Hlutfall þeirra þululína sem ríma er í samræmi við bragsögulega stöðu ríms, þ.e. aðeins lægra en þeirra lína sem stuðla, eða tæplega 60% (bæði endarím og innrím eru talin með), en tæplega 70% sé tekið tillit til veiks ríms (sjá 7.4.4). Til samanburðar stuðla rúmlega 60% þululína rétt, en 75% ef veik stuðlun er talin með, þannig að munurinn er ekki mikill, einkum þegar tillit er tekið til þess að rím eykst frá 17. til 20. öld í þulum en stuðlasetning minnkar (sjá kafla 7.3).

⁴⁷³ Eins og í stuðlagreiningu er þeirri stefnu fylgt við rímgreiningu að túlka vafaatriði bragnum (ríminu) í hag. Til viðtekis endaríms telst fullrím með aðalhendingu í áhersluatkvæði, en „[f]ullrím má kalla þegar kveður (bragliðir), sem fleiri eru en eitt atkvæði (tvíliðir eða þríliðir), ríma alveg“ (sjá „Hugtakasafn“ á óðfræðivefnum *Braga*, undir „Fullrím“). Í þessari rannsókn á þulum er þó einnig merkt sem endarím ef áhersluatkvæði ríma – þótt atkvæðin á eftir rími strangt til tekið ekki (svo fremi sem þau eru ekki mjög ólík; *nándarrím*). Til viðtekis innríms flokkast bæði aðalhendingar og skothendingar, og þarf rímið ekki að vera fullrím. Innrím er merkt bæði innan sömu línu og á milli lína ef rímorð eru á sama/svipuðum stað í línu, en þó að öllu jöfnu aðeins þegar rímið myndar aðalhendingu. (Skothendingar eru talsvert sjaldgæfari í þjóðkvæðum og gera má því ráð fyrir því að áheyrendur hlusti síður eftir skothendingum í innrími á milli lína. Orðið *skothending* er einnig notað í þessari ritgerð í merkingunni *sníðrím* (sjá „Hugtakasafn“ á óðfræðivefnum *Braga*, undir „Hálfrím (Sníðrím)“). Finnist ekki viðtekið rím í þululínu en sé ákveðinn samhljómur eigi að síður fyrir hendi er athugað hvort veikt rím sé til staðar (sjá m.a. kafla 7.4.4). Greining á veiku rími er með svipuðu móti og á veikum ljóðstöfum, en til veiks ríms er hér talið sérhljóðarím (endarím), skothendingar (í endarími og innrími þversetis) og áherslulítið kvenrím (endarím, aðeins aðalhendingar); einnig áherslulítið karlrím ef sérstaklega stendur á. Bæði endarím og innrím er merkt – en innrím er þó ekki tekið með í tilfærðum tölulegum upplýsingum ef línan er einnig með endarím (og rímar því hvort eð er).

⁴⁷⁴ Sú íþrótt að búa til flókin og fjölbreytileg mynstur og form, sem tengist hugmyndinni um skáld (höfund), er fólgin einmitt í beitingu ríms – miklu frekar en stuðlasetningar sem er undirstaða bundins máls en ekki skraut.

⁴⁷⁵ Um sagnakvæði og aldur þeirra sjá m.a.: Gísli Sigurðsson, „Kötuldraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“, 189–217 og Haukur Þorgeirsson, „Poetic Formulas in Late Medieval Icelandic Folk Poetry“, 181–196.

Rím í þulum síðari alda líkist stuðlasetningu í þeim að því leyti að það er ekki notað kerfisbundið og rímnotkun fer mikið eftir þuluflokkum. Hlutfall þululína sem ríma er mjög misjafnt milli textaflokka, eða allt frá því að textar rími alls ekki og upp í það að flestallar þululínur rími. Aðeins í fáeinum þuluflokkum ríma yfir 80% af öllum þululínum, en rímhlutfallið eykst enn á 19.–20. öld í þessum flokkum⁴⁷⁶ (eins og í þulum yfirleitt). Þuluflokkar þar sem u.þ.b. helmingur til tveggja þriðju hluta allra lína taka þátt í rími eru talsvert fleiri; þar gætir þvert á móti tilhneigingar til lækkunar rímhlutfalls, í átt að meðalgildi þess (í samræmi við miðjusækni í þulum, sjá kafla 7.2–7.3).⁴⁷⁷ Í u.þ.b. jafnmörgum þuluflokkum nær rímhlutfall svo aðeins allt að helmingi þululína; hlutfallið hækkar þar með tímanum í fleiri þuluflokkum en ella, sem er aftur rökrétt miðað við tilhneingingu til miðjusækni.⁴⁷⁸ Þá virðist varla nokkur þululína ríma í flokknum *Grýla reið fyrir ofan garð* fyrir 19. öld – en tæplega helmingur línanna rímar þar á 19. öld og rúmlega helmingur á 20. öld.⁴⁷⁹

Rím er skilvirk aðferð til að binda línur saman í þulum; þó er rímið margvíslegt og þar með misskilvirkt. Í þulum er bæði endarím og innrím og samspil þessa tvenns, aðalhendingar og skot-hendingar (sniðrím) og samspil þeirra, rím sem nær yfir mismörg atkvæði og atkvæðahluta; einnig missterkt rím (sbr. kafla 7.3.2 um veika stuðla). Tegundir ríms og hlutverk þeirra í bragkerfi þulna eru til umfjöllunar í næstu undirköflum.

7.4.2. Endarím í þulum

Endarím er mikill meirihluti ríms í þulum síðari alda, eða rúmlega 90% þeirra þululína sem ríma á annað borð (þ.e. rúmlega 50% allra þululína), en innrím er í nokkuð innan við 10% af þeim línum sem ríma. Í þessum kafla er að mestu fjallað um endarím, en kafla 7.4.3 er helgaður innrími.

Samrím er útbreiddasta rímtegundin í þulum, það nær yfir rúmlega 80% lína sem ríma (þ.á m. allt innrím þversetis, sjá kafla 7.4.3). Rúmlega þrír fjórðu af samrímuðum línum ríma í þörum (aa eða AA); aðeins um fjórðungur línanna mynda *runurím* sem er þó stundum talið með helstu sérkennum í þuluhrynjandi.⁴⁸⁰ Slíkar rímrunur eru heldur aldrei langar, oftast aðeins 3–5 línur, sbr. dæmi (7-13) (rímorð eða orðhlutar eru undirstrikuð hér og víðar í dæmum í þessum kafla):

⁴⁷⁶ Hér er einkum átt við þulurnar *Grýla kallar á börnin sín* og *Stúlkan í steininum*, þar sem um 90% og um 80% lína ríma, en hlutfallið hækkar enn í báðum þulum í gegnum tíðina. Í kúaþulunni *Sól skín á fossa* ríma flestallar línur og því ekki svigrúm til frekari hækkunar rímhlutfalls.

⁴⁷⁷ Þulan *Draum dreymdi mig* er fremst í þessum hóp, svo *Bokki sat í bruni* og *Sat ég undir fiskihlaða* (en þar lækkar rímhlutfallið aftur síðar), *Drengurinn Dóli* og *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*. Aðeins þuluflokkurinn *Stúlkurnar ganga* (með um 2/3 lína sem ríma) sýnir ákveðinn vöxt rímhlutfalls.

⁴⁷⁸ Í þessum hóp eru m.a. *Lambið beit í fingur minn* og *Heyrði ég í hamrinum*, þar sem rímhlutfall hækkar skarpt (úr 20% upp í tæplega 50%) og *Grýla er að vísu* með sambærilega hækkun; *Táta, Táta* og *Stígum við stórum* með stöðugu rími, og kúaþulan *Hér koma kýr mínar* en þar lækkar rímhlutfallið aftur á 20. öld.

⁴⁷⁹ Þetta skýrist að hluta af mismunandi orðaröð í þululínum og að hluta af því að þulan hefur verið aukin ýmsum línum sem taka þátt í rími. Einnig ber að gæta þess að fáir textar eru í úrtaki fyrir 17.–18. öld og því er varhugavert að draga afdráttarlausar ályktanir af þeim.

⁴⁸⁰ Það má m.a. glögg sjá í þululjóðum nýrómantískra skálda, sbr. t.d.: Theodóra Thoroddsen, „Þulur,“ 417–419 (þegar í fyrsta ljóðinu, *Tunglið, tunglið taktu mig*, er runurím sem nær oft yfir fimm línur) eða: Sigurður Nordal, „Þula,“ 241–244 (með enn lengri rímrunum). Jón Samsonarson („Þula,“ 311) og Ögmundur Helgason („Þulur,“ 408) tala þó um að runurím sé fremur einkenni á langlokum en þulum.

(7-13) [...] og þá gekk af alin,
hana fekk smalin,
datt hann ofan í dalín,
þá varð hann galín,
óhræsis smalín<.>⁴⁸¹

Þar sem runurím er hvorki algengt né runurnar langar virðist hlutverk þess í þuluhrynjandi hafa verið orðum aukið.

Aðrar rímtegundir en samrím eru talsvert sjaldgæfari í þulum. *Víxlrím* (abab), sem er talið hafa þróast úr samrími (og vera því formgerðarfræðilega flóknara en samrím eða runurím),⁴⁸² er aðeins í rúmlega 10% af þululínunum sem ríma; þar af er svokallað *síðlínurím* (xaxa; algengt í sagnadönsum) tæplega þriðjungur. Bæði eiginlegt víxlrím og síðlínurím virðist vera sjaldgæft í þulum á tímabilinu fyrir 19. öld, en á 19.–20. öld finnst það í sumum þuluflokkum, t.d. *Stúlkurnar gánga* og *Gryla kall-ar á börnin sín* (eiginlegt víxlrím) eða *Táta, Táta* og *Bokki sat í brunni* (síðlínurím), sbr. (7-14a):

(7-14a) Stúlkurnar gánga
sunnan með á,
með línsvuntur langar
og lereptir blá [...]

(7-14b) [...] nú eru í nesi
nautin að geyma;
tú eru í túni;
tuttugu eru heima [...]⁴⁸³

Víxlrím er aldrei í mörgum línupörum í röð, oftast en ekki eru aðeins fjögur vísuorð með víxlrími í þulutexta innan um annars konar rím (oftast samrím).⁴⁸⁴ Í sumum tilfellum eiga þululínur með víxlrím uppruna í öðrum kveðskapargreinum.⁴⁸⁵ Rímtegundin *klofarím* (abba) finnst varla í þulum síðari alda. Hins vegar er nokkuð um rím af gerðinni axa, einkum í sumum þuluflokkum (*Stúlkan mín í steininum*, *Stapadans*, *Sat ég undir fiskihlaða* o.fl.), sbr. (7-15a). Í þulum eru einnig dæmi um e.k. ferhendur þar sem þrjár af fjórum línunum ríma; þá vantar rím í þriðju línu (7-15b) en sjaldnar í aðra línu (líkt og í rímnahættinum stikluviki):⁴⁸⁶

(7-15a) [...] telur hun ekki steina.
Allar voru í skógi,
utan kellingin eina.

(7-15b) Drengurinn hann Dólinn
hvar var hann um Jólin?
hann var uppá Helgafelli
að hrísta sínn kjólinn [...]⁴⁸⁷

⁴⁸¹ Lbs 587 4to IV, 28r (línuskipting mín – YSH).

⁴⁸² Sjá t.d. Гаспаров [Gasparov], *Русский стих начала XX века в комментариях* [Rússneskur kveðskapur frá því í upphafi 20. aldar, með skýringum], 165–167.

⁴⁸³ Lbs 587 4to II, bls. 5 (eiginlegt víxlrím); DFS 67, 416r (síðlínurím; í frumlínunum má greina sérhljóðarím (sjá aftar í kaflanum), táknað með punktalínu, en það er afar veikt). Nokkur dæmi eru einnig um *frumlínurím*, en í flestum þeirra er rímið í frumlínunum endurtekningarrím, en í síðlínunum er rímið veikt.

⁴⁸⁴ Undantekningin er t.d. þuluflokkurinn *Tíkin hennar Leifu* sem er sérstaklega ríkur af hvers kyns rími, en þar er algengt að sjá átta vísuorð í röð með hinu eiginlega víxlrími (sjá nánar Viðauka Ia.10).

⁴⁸⁵ Sbr. Jón Samsonarson, „Barnagælar“, 78–82.

⁴⁸⁶ Sbr. upphaf á *Stúlkan í steininum* í SÁM 32, 320r.

⁴⁸⁷ (7-15a): AM 247 8vo, 7v. Slíkt rím má hugsanlega einnig túlka sem ófullkomið víxlrím eða samrím í línupari með innskotslínu sem rímar ekki. (7-15b): Lbs 1911 8vo, bls. 56.

Flóknari rímmynstur eru sjaldgæf í þulum, þótt þau komi fyrir,⁴⁸⁸ en þau eru líkleg til að bera vott um frumsamið efni og/eða efni sem er hugsanlega fengið að láni úr annarri kveðskapargrein. Þau hafa ekki náð mikilli útbreiðslu og eru því varla upplifuð sem skilvirk.

Fyrirfram mætti ætla að *kvenrím* – þar sem tvö atkvæði taka þátt í rími, þ.e. áhersluatkvæði og næsta atkvæði á eftir – væri sú rímtegunnd sem væri skilvirkust til að binda saman þululínur, en kvenrím (og almennt tvíliðir í línulok) virðist tryggja best flæði í bundnu máli á íslensku, tungumáli þar sem hnígandi tvíliðir eru ríkjandi (sbr. kafla 7.2.3–7.2.4). Á eftir einlið eða þrílið í línulok myndast hins vegar þagnir sem færa má rök fyrir að myndi rof í hrynjandi og flæði. Kvenrím er augljóslega algengast í þulum, eða um 70% þululína sem ríma; bæði eru tvíliðir algengir í línulok (rúmlega 60% af öllum línur) og hlutfall tvíliða sem ríma er hátt (um 60% tvíliða í línulokum). Tíðni kvenríms hækkar þó ekki frá 17.–18. öld og fram að 20. öld; það má hugsanlega rekja til þess að tvíliðum í línulok fækkar á þessum tíma, en þeir bera uppi kvenrím. *Karlrími* (eins atkvæðis rími) fjölgar hins vegar mest í þulum frá upphafi þuluskráninga og fram á 20. öld (úr tæplega 20% í rúmlega 30% af línur sem ríma), þótt það verði aldrei eins algengt og kvenrím. Bæði fjölgar einliðum í línulok (úr rúmlega 10% í rúmlega 20% af öllum þululínur) og hlutfall einliða sem ríma hækkar úr 80% í tæplega 90%, en þetta hlutfall er langhæst einmitt í einliðum (sbr. um 60% í tvíliðum en um 30% í þríliðum) og sýnir hversu virkt karlrím er. *Þríliðarími* – þriggja atkvæða rími, þ.e. áhersluatkvæðis og tveggja áherslulítilla atkvæða á eftir – fækkar hins vegar um helming á sama tímabili, og hafði þó verið aðeins í tæplega 10% lína sem ríma. Það gerist þrátt fyrir hækkun á hlutfalli þríliða í línulokum sem ríma, úr 20% upp í rúmlega 30% á sama tímabili.

Kvenrím er því ríkjandi í flestöllum þuluflokkum og er oftar en ekki um 80% og allt að 100% af öllu rími þar; m.a. í öllum þuluflokkum sem verða fyrst algengir á 19.–20. öld⁴⁸⁹ og enn fremur í mörgum eldri flokkum.⁴⁹⁰ Aðeins í um helmingi þuluflokka frá 17.–18. öld ríkir karlrím – og þá er hlutfall þess meira en 75%, t.d. í *Sat ég undir fiskihlaða* og *Lambið beit í fingur mér* – eða jafnvel þríliðarím, reyndar aðeins með tæplega 60% hlutfall (t.d. í *Heyrði ég í hamrinum*). Í flestum þessum þuluflokkum verður kvenrím þó í meirihluta þegar á 19. öld, þrátt fyrir ofanefnda stöðnun á kvenrími í þulum og vöxt í karlrími.⁴⁹¹ Karlrím verður áfram næstalgengast en er á víð og dreif í öllum þuluflokkum, í bland við kvenrím og stundum þríliðarím (líkt og í *Heyrði ég í hamrinum* og *Stúlkan í steininum*). Engar sýnilegar reglur virðast gilda um dreifingu rímtegunndanna inni í þulutextum, en það leiðir til þess að áheyrendur gera sér ekki væntingar um eitthvert tiltekið rímmynstur.

⁴⁸⁸ Sbr. einkum þuluflokkinn *Tíkin hennar Leifu*, t.d. í SÁM 32, 281r.

⁴⁸⁹ T.d. *Táta, Táta, Stígum við stórum*, *Bokki sat í brunni*, *Drengurinn Dóli* o.fl.

⁴⁹⁰ T.d. í flokkunum *Draum dreymdi mig*, *Stúlkan í steininum* og í *Kúapulur I*.

⁴⁹¹ Æskilegt væri að bera þessar upplýsingar saman við tíðni ýmiss konar ríms í öðrum íslenskum kveðskap, en sambærilegar lýsingar á honum eru af skornum skammti. Þó má nefna að karlrím kemur við sögu í flestum rímnaháttum, þ.m.t. gömlum og algengum eins og ferskeyttu og gagaraljóðum, ásamt samhentu og stafhentu þar sem það er í hverri línu; því má búast við herra hlutfalli karlríms í rímum en þulum.

7.4.3. Innrím í þulum

Þrátt fyrir að innrím sé eina rímið í innan við 10% rímaðra þululína er það nokkuð margbrotið; um það vitnar m.a. hugtakanotkun. Nauðsynlegt er t.a.m. að gera fyrirvara um hugtökin *innrím langsetis* (sem merkir hér innrím innan einnar og sömu línu) og *innrím þversetis* (merkir hér innrím á milli lína).⁴⁹² Meirihluti innríms er langsetis (um 70%; sbr. (7-16a)); línur með innrími þversetis eru afar sjaldgæfar, einkum fram að 20. öld (7-16b):

(7-16a) [...] [vagaði kjagaði —
lét hún ganga hettuna smettuna
róuna tóuna [...]

(7-16b) [...] skír og efnileg,
hír og hofmannleg [...]⁴⁹³

Innrím þversetis er aðeins til í þulum sem samrím í línupörum eða í afar stuttum runum; ekkert víxl-rím eða klofarím í innrími finnst í þeim dæmum sem voru braggreind fyrir þessa athugun. Rímorðin eru oftast á svipuðum stað í línunum,⁴⁹⁴ en þó eru dæmi þess að rímað sé á milli mismunandi staða í línunni; rímorð eru þá oftast í lok frumlínu og upphafi síðlínu, sbr. (7-17):

(7-17) [...] Haukadal og hundrað presta,
hesta tólf og Þórólf.⁴⁹⁵

Þess konar rím er ekki óþekkt í íslenskum kveðskap, en sambærilegt rím mátti finna bæði í fornum háttum (t.d. í sumum afbrigðum dróttkvæðs háttar) og nýjum.⁴⁹⁶ Rímorðin standa svo þétt saman að samhljómurinn er nægilega sterkur og áberandi til þess að teljast til ríms.

Þá má finna ýmiss konar samsetningar á innrími (oftast langsetis) og endarími, sbr. (7-18a,b) sem eru bæði með endarím (samrím) í línunum og innrím (langsetis) í einhverri þululínunni:

(7-18a) [...] Háaspaung, Hnikarsspöng,
bolla gjörir Dannlaung,
Sigga, Viggja, Tóa, Taung [...]

(7-18b) [...] dúfa og hún dalla,
drinja þær allar,
ekki eru taldar Kýr Kallsins allar [...]⁴⁹⁷

Í stöku þulum má finna rímmynstur með blönduðu innrími og endarími sem ná yfir fleiri línur og geta sum hver verið býsna flókin, sbr. (7-19):

⁴⁹² Sjá Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 58; sbr. „Hugtakasafn“ á óðfræðivefnum *Braga*, undir „Rím langsetis“ og „Rím þversetis“. Hugtökin *langsetis* og *þversetis* hafa þó iðulega haft endaskipti í umræðu um innrím.

⁴⁹³ Lbs 587 4to II, bls. 174; AM 969 4to, 48r. Í báðum dæmunum er einnig til staðar áherslulaust eða áherslulítið endarím (*smettuna : tóuna, efnileg : hofmannleg*), en í fyrra dæminu sömuleiðis áherslulítið innrím þversetis (*hettuna : róuna*). Um áherslulítið rím og annað veikt rím sjá kafla 7.4.4 hér að aftan.

⁴⁹⁴ *Staður* samsvarar hér nokkurn veginn *bragstöðu* eða *braglið* í öðrum kveðskapargreinum, en þau hugtök eru ekki endilega heppileg í umfjöllun um þulur þar sem varla er regluleg skipting í bragstöður eða bragliði (sjá kafla 7.2 hér að framan).

⁴⁹⁵ SÁM 30c, 27r. Oftar eru þó orðin *hesta* og *presta* höfð í sömu línu og mynda innrím langsetis (í fyrri línu getur þá verið skothending), t.d.: „Haukadal og hundrað stráka // hesta tólf og átján presta“ (SÁM 32, 281r).

⁴⁹⁶ Sbr. t.d. liðhent, iðurmælt eða klifað, þ.e. 41., 47. og 48. vísur í Háttatali Snorra-Eddu (Snorri Sturluson, *Edda: Háttatal*, 20 og 22–23); sbr. Sveinbjörn Beinteinsson, *Bragfræði og háttatal*, 31, 47 (vísur 169–170 og 257), 9 og 47 (vísur 9 og 259, með síðlínurími í 2. braglið) o.fl. Þessir hættir eru þó nokkuð frábrugðnir dæmi (7-17) í því að umrætt rím er þar vibót við venjulega rímskipan í dróttkvæðum hætti (skot- og aðalhendingar) og rímum (endarím). Sbr. þó enn fremur vísu 23 á bls. 5 hjá Sveinbirni; þar ríma frumlínur ekki sín á milli og vægi innríms þversetis, sem tengir saman frumlínu og síðlínu, hækkar fyrir vikið.

⁴⁹⁷ AM 247 8vo, 7v; AM 969 4to, 48r.

(7-19) [...] Kambur Skæríngsson
Skæríngur Brandsson
Brandur Björgólfsson
Björgólfur Hríngsson

Hríngur Hreiðarðsson
Hreiðarður Garðsson
Garður Gunnarðsson [...] ⁴⁹⁸

Sumir textar í þuluflokknum *Tíkin hennar Leifu* hafa innbyrt stutt erindi undir e.k. hnepptum hætti og annað undir e.k. hrynhendum hætti, með miklu og fjölbreyttu innrími, sbr. dæmi (7-20):

(7-20) [...] Át hún flot og feitt ket,
fangalega sér lét,
Kapalinn og kaupskip,
kálfa 12 og Þórólf.

Svelgdi hún í sig Svartárvelli
svellin öll úr Bjarnárvelli
Haukadal og hundrað stráka
hesta tólf og átján presta.⁴⁹⁹

Meðal sérkenna innrims í þulum er hlutfallslega meira þríliðarím en í endarími, eða um 25% af öllu innrími. Það tengist trúlega bæði því, að þríliðir eru nokkuð algengir í þululínunum (sbr. kafla 7.2.3–7.2.4), og tiltölulega hárrí tíðni lína á borð við „Ingunni, Kíngunni, // Jórinni, Þórunni“ og „hettuna // smettuna grettuna brettuna“.⁵⁰⁰ Á móti kemur að aðeins helmingur af öllu innrími er kvenrím, þ.e. talsvert minna en hlutfall kvenrims í endarími.

Ef treysta má úrtaki, sem braggreint var fyrir þessa athugun, hafa flestallir þuluflokkar sem höfðu innrím á 19. öld haldið því á 20. öld og nokkrir hafa bæst við á 20. öld, þótt innrímið, sem bættist við, hafi ekki endilega verið ríkulegt (t.d. *Stúlkurnar ganga* og *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*). Flestir þeirra textaflokka, sem eru ekki með innrím, eru þó almennt býsna ríkir að endarími (m.a. *Sól skín á fossa* og *Táta, Táta* þar sem nær allar línur eru rímaðar); tíðni innrims er frekar meiri í þuluflokkum þar sem endarím er ekki mjög útbreitt (*Hér koma kýr mínar, Lambið beit í fingur minn*). Þetta er enn ein birtingarmynd miðjusækni og jafnvægisleitar í þulum; svo er að sjá að í þuluhrynjandi megi hvorki vera of fáir bragþættir né of margir. Hlutfall innrims í flestum þuluflokkum, þar sem það er tiltölulega hátt, virðist lækka með tímanum,⁵⁰¹ og er það einnig í samræmi við miðjusækni í þulum þar sem það vegur á móti fjölgun í endarími.

7.4.4. Veikt rím og uppþótarrím

Hingað til hefur einkum verið rætt viðtekið rím í þulum, en þar má einnig oft sjá fjölbreyttar gerðir af rími sem þykir ófullkomið í íslenskri braghefð en er vel þekkt og notað í öðrum Evrópulöndum. Slíkt rím verður rætt hér. Nefnd verða m.a. ýmis atriði (ágallar) í rími sem veikja samhljóm á milli orða og gera rímið vafasamt. Veikt og vafasamt rím er þó einnig notað í þulum sem ein af leiðum til að bæta upp skort á samhljómi, bæði innan þululína og þeirra á milli, en þessi skortur stafar af hinu óreglulega rími sem einkennir þulur.

⁴⁹⁸ Lbs 587 4to VIII, 2r.

⁴⁹⁹ SÁM 32, 281r.

⁵⁰⁰ DFS 67, 250v og SÁM 30a, 54r ásamt mun fleiri dæmum.

⁵⁰¹ Í flokknum *Gryla kallar á börnin sín* tók allt að þriðjungi lína í textum þátt í innrími á 19. öld en aðeins um fimmtungur á 20. öld. Svipað má segja um *Lambið beit í fingur minn* og *Heyrði ég í hamrinum*, en í báðum þessum flokkum lækkaði hlutfall lína, sem tóku þátt í innrími, úr 1/5 og 1/6 allra lína í tæplega 1/10 og 1/15 milli 17.–18. aldar og 19. aldar. Af þessu leiðir að almenn aukning innrims, sem virðist hafa orðið frá 19. öld til hinnar 20., hefur stafað af fjölgun þuluflokka með innrími fremur en af auknu hlutfalli innrims innan þuluflokkanna.

Nokkuð algengt er að endarím í þulum sé *ekki fullrím*, eins og annars er oftast krafist í íslenskum kveðskap (þ.á m. munnlegum),⁵⁰² þ.e. að atkvæðin á eftir áhersluatkvæðinu – rímatkvæðinu – rími ekki að fullu saman í tvíliða- og þríliðarími (einkum í tvíliðarími, þ.e. kvenrími). Á móti kemur að atkvæði eða atkvæðahlutar, sem ríma ekki, eru að mestu endingar og viðskeyttur greinir og eru áherslu-
lítill; þau hljóma auk þess oft svipað og samsvarandi atkvæði eða atkvæðishluti hins rímorðsins, sbr. dæmi (7-21a,b) (rímorð eru undirstrikuð en hljóð, sem ríma ekki saman, undirstrikuð tvöfalt):

(7-21a) [...] með gullspöng um ennið,
og það sómir henni [...]

(7-21b) [...] 100 belgi,
en i hv[o]rium belgnum,
börn 20 [...] ⁵⁰³

Við þessa ágalla missir rímið þó ekki mikið af samhljómi í aðalhendingunni á milli rímorða, þannig að í þessari athugun – þar sem vafaatriði eru túlkuð ríminu í hag – var slíkt rím talið með fullgildu rími. Á sama hátt var séð í gegnum fingur og rímið talið fullgilt þótt orð og/eða orðhlutar sem bera *aukaáherslu* séu látin ríma, sbr. (7-22a), eða jafnvel orð og/eða orðhlutar sem bera aðaláherslu annars vegar og aukaáherslu hins vegar séu látin ríma (7-22b):

(7-22a) [...] Grætur Gunnhildur,
dansar Dómhildur,
ríkir Ráðhildur.
Teitur og Guðfinna,
Teigin, Loðinkinna [...]

(7-22b) [...] þar sitja systur
og skafa gullkystur
þar Sitja Nunnur
og skafa Gulltunnur [...] ⁵⁰⁴

Hins vegar verður *áherslulítið kvenrím*, þ.e. tvíliðarím þar sem aðeins meira eða minna áherslulétt viðskeyti (og endingar) eru látin ríma, að flokkast sem *veikt rím*, sbr. 3. línu í (7-23) (í sama dæmi er sérhljóðarímið *e : e* ([ε] : [ε]) í „kэфjadi : beljadi“, þar sem eftirfylgjandi samhljóð ríma ekki, auðkennt með punktalínu):

(7-23) [...] kyr kэфjadi,
Kálfur beljadi,
Hundur Hoppadi [...] ⁵⁰⁵

Veikt rím myndast einnig ef *hnig* er látið ríma við ris, líkt og í línunni „Titlingur toginfingur!“⁵⁰⁶ eða ef tveimur (eða jafnvel fleiri) *áherslulitlum atkvæðum munar* á milli orða sem eru hugsanlega látin mynda endarím, líkt og í línunum „það var fullgoður dans, // þar var í dansinum“.⁵⁰⁷ *Skothendingar* (sniðrím), sem eru reyndar býsna sjaldgæfar í þulum síðari alda, mynda veikt endarím þar sem þeir eru aðeins eðlilegar í íslenskum kveðskap í innrími (langsetis); slíkt veikt endarím er í

⁵⁰² Sagnadansar eru viðurkennd undantekning; frávik má einnig finna í öðrum kveðskap, þ.á m. munnlegum.

⁵⁰³ Lbs 587 4to II, bls. 6; DFS 67, 240v.

⁵⁰⁴ AM 247 8vo, 7v; Lbs 414 8vo, 92r. Rímstaða nafnsins *Loðinkinna* í (7-22a) er aðeins sterkari það sem aukaáhersla fellur á annað atkvæði á eftir aðaláherslu, þannig að áherslulétt atkvæði kemur á milli áherslna og aukaáherslan verður sterkari í samanburði við þetta atkvæði. Orðið fellur fyrir vikið betur í trókíska hrynjandi sem er talin eðlislæg fyrir íslensku (sjá kafla 7.2.3–7.2.4).

⁵⁰⁵ DFS 67, 258r (ð er aðeins sjaldan aðgreint frá *d* í stafsetningu).

⁵⁰⁶ DFS 67, 430r. (Leturbreyting mín – *YSH*.)

⁵⁰⁷ Lbs 414 8vo, 120v. (Leturbreyting mín – *YSH*.)

dæmi (7-24) (þar eru orð eða orðhlutar með skothendingar í endarími undirstrikaðir með einfaldri línu en skothendingar í innrími þversetis með tvöfaldri línu):

(7-24) [...] Grágæsa móðir !
ljáðu mer vængi þína
svo eg geti flogið
upp til föðurs túna
[...]

Hægt og lengi
harpan mín sýngi [...] ⁵⁰⁸

Skothendingar eru samhljóðarím í eðli sínu; þær eru mikið notaðar í íslenskum kveðskap en eru ekki eins algengar í kveðskap annarra Evrópuþjóða þar sem sérhljóðarím er meira notað. *Sérhljóðarím* er hins vegar sjaldgæft í íslenskum kveðskap – en er þó talsvert notað í þulum (meðvitað eða ekki) til að bæta úr skorti á reglulegu rími, sjá (7-25):

(7-25) [...] hún ber gull og festi,
alt niður á Belti,
[...]

stúlkuna mína,
víst brakar í bý,
þá búmenn ríða [...] ⁵⁰⁹

Þá hefur *endurtekningarrím* ekki verið að fullu viðurkennt í íslenskum kveðskap, en heilir textakaflar og jafnvel textar byggja á þeim í íslenskum þulum, þ.á m. *Draum dreymdi mig* (7-11a), *Ættartala í Heyrði ég í hamrinum* (7-19), ásamt línunum úr nokkrum öðrum þulum: „Leysi sá, sem leysa kann“ ásamt „Háaspaung, Hnikarsspöng“⁵¹⁰ o.fl.; sbr. og (7-26):

(7-26) [...] vaknaðu Gígur,
ei vill Gígur vakna —
[...]
hvað vill Björn?

biðja um nálar —
hvað vill hann með nálar?
sauma að segli,
hvað er að segli? [...] ⁵¹¹

Veikt rím gegnir svipuðu hlutverki í þulum og veikt stuðlasetning þ.e. tengir þululínur saman og vegur þannig á móti skorti á reglubundnu rími (og/eða öðrum bragþáttum) í þulum. Af dæmi (7-5) er ljóst að þessi þróun er þegar hafin í fornþulum. Veikt rím getur komið fram í ýmsum samsetningum – þ.á m. með viðteknu rími – sem uppbótarrím, þar sem það bætir upp skort á reglufestu í viðteknu rími. Veikt rím getur t.d. tengt þululínu betur við undanfarandi eða eftirfarandi línu(r), sbr. (7-27a) (uppbótarrím undirstrikað með strikallínu) eða styrkt annað veikt rím, líkt og í (7-27b) þar sem bæði er skothent endarím („þína : tuna“) og sérhljóðarím („fljuga : tuna“), að viðbættu innrími þversetis (skothendingu) í fyrri helmingnum:

(7-27a) [...] Íla og hún Ála,
ofan frá Skála,
Geit og hún Grána [...]

(7-27b) [...] Grágása modir
Ljáðu mér vængína þína
að ég mætti fljuga
upp til fagratuna [...] ⁵¹²

⁵⁰⁸ Lbs 1911 8vo, bls. 57–58.

⁵⁰⁹ AM 969 4to, 48r–48v.

⁵¹⁰ AM 247 8vo, 7v. (Leturbreyting mín – YSH.)

⁵¹¹ DFS 67, 250r; í fyrstu tveimur línunum má greina einhvers konar krossrím. Í DFS 67, 430v er dæmi um endurtekningarrím sem innrím: „Dönsum og dönsum“ (leturbreyting mín – YSH).

Jafnvel mjög veikt rím, t.d. það sem verður til þegar áherslulitlar endingar mynda aðalhendingu, getur hjálpað að tengja þululínur saman ef ekki er til sterkara rímmeðal til þess, sbr. (7-28):

(7-28) [...] Gunnar piltur,
Gróar strákur

og Sigurður Surtur
og Sveinn Drangarlykkja [...] ⁵¹³

Hér tengir veikt runurím – ásamt setningaskipan o.fl. – tvö línupör í runu af þululínunum og vinnur þannig að því að gefa þulutextanum óerindaskipt runuform sem er einkennandi fyrir þulur.

7.4.5. Niðurlag

Notkun ríms í þulum er ekki kerfisbundin (ekki frekar en stuðlasetning) og er nokkuð frábrugðin rímnotkun í háttbundnum íslenskum kveðskap. Algengt er m.a. að endarím í þulum sé ekki fullrím (þ.e. að atkvæði og/eða atkvæðahlutar á eftir rímatkvæðinu rími ekki saman í tvíliða- og þríliðarími), orð og/eða orðhlutar sem bera aukaáherslu séu látin ríma, kvenrím sé áherslulítið, hnig sé látið ríma við ris o.s.frv. Skortur á reglulegu fullrími er bættur upp með ýmsum ráðum, þ.á m. með skothenningum í endarími og með sérhljóðarími (þar sem samhljóð á eftir rímsérhljóðinu ríma ekki), en hið síðastnefna hefur verið nokkuð algengt í Evrópu – einkum Suður-Evrópu – allt frá miðöldum og slæðst til Íslands með ballöðum. Endurtekningarrím og ýmsar samsetningar mismunandi rímtegunda nýtist einnig sem uppbótarrím. Notkun á veiku rími – þ.á m. rími sem er talið veikt í íslenski bragkerfi en er það ekki endilega í evrópskum meginlandskveðskap – er því enn eitt sterkt sérkenni á bragformi þulna, með svipuðu móti og óreiða í stuðlasetningu og uppbótarstuðlun.

7.5. Samspil ríms og stuðlasetningar

Samspil ríms og stuðlasetningar í þulum síðari alda er bæði flókið og mikilvægt sakir þess að hvor tveggja bragþátturinn er óreglulegur og oft af skornum skammti í þulutextum. Í kafla 7.3.2 og 7.4.4 var sýnt hvernig veik stuðlasetning er oft notuð til að bæta upp skort á reglulegri stuðlasetningu og veikt rím til að bæta úr skorti á reglulegu og fullgildu rími. Í þessum kafla verður sýnt hvernig bragþættirnir stuðlasetning og rím geta hvor um sig haldið bragnum uppi þegar hinn þáttinn (eða aðra bragþætti) er(u) veikur (veikir) eða ekki til staðar. Þetta getur átt sér stað á fleiri en einn veg.

7.5.1. Fyllidreifing ríms og stuðla

Í allnokkrum textum koma fyrir einingar þar sem rím og stuðlar standi í fyllidreifingu, eða því sem næst; þ.e. þululínur hafa annaðhvort ljóðstafi eða rím (þær línur stuðla sem ríma ekki – eða ríma mjög veikt – og öfugt). Dæmi um slíkt er (7-29) („₃“ auðkennir þríliðarím), en þar virðist engin lína vera með bæði rím og stuðlasetningu af viðurkenndri gerð: ⁵¹⁴

⁵¹² AM 969 4to, 48r; Lbs 414 8vo, 92r.

⁵¹³ AM 247 8vo, 7v.

⁵¹⁴ Ljóðstafi innan sviga í (7-29) má túlka sem hluta keðjustuðlunar eða sem uppbótarstuðlun (en aðeins í fyrstu fjórum línunum er regluleg stuðlasetning). Samkvæmt viðteknum stuðlasetningarreglum er þessu ljóðstafapari ofaukið.

	Rím (þríliða innrím)	Stuðlar
(7-29) Heyrda eg í hamarinn		h h
hátt var látið,		h
búkonan dillaðe	(a) ⁵¹⁵	b
þornunum ǫllum	(ee) [-um : -um]	b (ö)
Asunne, Dísunne	A ₃ A ₃ (a)	(á)
Viggunne Siggunne	B ₃ B ₃ (a)	
Ingunne Kingunne	C ₃ C ₃ (a)	
Jórunne Þórunne [...] ⁵¹⁶	D ₃ D ₃ (a)	

Með slíkri dreifingu á stuðlasetningu og rími næst það að í hverri línu þessa brots er a.m.k. einn bragþáttur sem gefur til kynna að um bundið mál sé að ræða. Annað dæmi er *Lambið beit í fingur minn*,⁵¹⁷ en þar er fyllidreifing ríms og stuðla í rúmlega helmingi *allra* lína, þ.e. línur, sem eru með annaðhvort rím eða stuðla, eru fleiri en þululínur sem hafa bæði rím og stuðla – og sömuleiðis fleiri en þululínur sem hafa hvorki rím né stuðla. Svipað fyrirkomulag má finna í fleiri þulutextum – eiginlega í öllum textaflokkum, í meira eða minna mæli. Fyllidreifing ríms og stuðla er svo útbreidd að allt að tæplega helmingur þululína tekur þátt í henni að meðaltali (hlutfallið er mishátt eftir þuluflokkum),⁵¹⁸ og allt að 90% af þululínum í einstökum flokkum þulutexta (t.d. *Grýla er að vísu*).⁵¹⁹

Hlutfall þululína sem bera bæði stuðlasetningu og rím er rétt aðeins minna en þeirra sem taka þátt í fyllidreifingu ef talið er þvert á þuluflokka. Í einstökum flokkum með lítinn fjölda lína sem taka þátt í fyllidreifingu getur fjöldi þululína sem bæði stuðla og ríma náð fast að 80% allra þululína, t.d. í þuluflokknum *Draum dreymdi mig*, en í öðrum þuluflokkum getur þessi fjöldi farið niður í 10%, sbr. þuluflokkinn *Grýla er að vísu*. Línur sem hvorki stuðla né ríma sjást vart, nema í fáeinum þuluflokkum.⁵²⁰

7.5.2. Rímað þvert yfir stuðla – stuðlað þvert yfir rím

Önnur og ekki ósvipuð tækni, sem er notuð í þulum til að þetta bragvefinn og tengja þululínur betur saman, er það að ríma þvert yfir stuðlasetningu (og stuðla þvert yfir rímið). Þá ríma þær línur saman sem stuðla ekki saman, og öfugt; þululínur mynda stuðlapör og rímpör á víxl (þótt stuðlasetning sé ekki alltaf af viðtekinni gerð), og útkoman er runa, sbr. dæmi (7-30):

⁵¹⁵ Átt er við veika rímið „dillaðe“ : „Asunne, Dísunne // Viggunne Siggunne“ o.s.frv.

⁵¹⁶ Lbs 852 4to II, bls. 93.

⁵¹⁷ AM 960 XX 4to, 2r.

⁵¹⁸ Í talningu þululína sem stuðla og/eða ríma í tengslum við fyllidreifingu og stuðlun þvert yfir rím var tekið fullt tillit til flestra tegunda veiks ríms og veikrar stuðlunar, þ.e. hvort tveggja var tekið með í þessa talningu.

⁵¹⁹ Færri línur, en þó rúmlega tvær af hverjum þremur, virðast taka þátt í fyllidreifingunni í flokknum *Bokki sat í brunn*. Fleiri þuluflokkar, þar sem rúmlega helmingur þululína tekur þátt í fyllidreifingu ríms og stuðla, eru *Lambið beit í fingur minn*, *Táta, Táta, Stígum við stórum* og *Grýla reið fyrir ofan garð*. Í sumum þuluflokkum er fyllidreifing ríms og stuðla þó aðeins til staðar að litlu leyti, t.d. *Draum dreymdi mig*, *Stúlkurnar ganga* og *Stúlkan í steininum*.

⁵²⁰ T.d. *Stúlkurnar ganga*, en þar er fast að þriðjungi þululína hvorki með rím né stuðla, *Lambið beit í fingur minn*, *Stígum við stórum* og *Drengurinn Dóli*, en þar er hlutfall slíkra lína aðeins um einn tífundi af öllum þululínum.

(7-30) Sateg undir Fiska hlada Fodur míns,
 Menn komu ad mier,
 giördu mér so mikinn skada,
 lögdu eld í Bónða hlada,
 hladdinn tók ad Brenna,
 enn eg tók ad renna
 utumm löndinn
 Biskups ströndinn,
 Biskup átti valid bu,
 hann gaf mér uxa og ku [...] ⁵²¹

Rím	Stuðlar
	ff
A	mm
A	(h) (b)
B	(h) (b)
B	e
C	ú
C	(b)
d	bb
d	u

Stundum er þessum tveimur aðferðum, fyllidreifingu ljóðstafa og ríms annars vegar og stuðlun þvert yfir rím hins vegar, beitt í sama þulutexta, sbr. (7-31):

(7-31) Gríla kallar á börnin sín,
 þegar hún fer ad síóða,
 komid þíd hínad öll til mín
 eg vil ykkur bióða;
 Nútur Knútur,
 Næa Tæa,
 Leppur Skreppur
 Lángleggur
 og Leidindaskióða [—] ⁵²²

Rím	Stuðlar
a	
B	
a	(ö)
B	e y
CC	n
DD	n
EE	l
	l (l)
B	l

Rím þvert yfir stuðlun er einkum að verki í þulum þar sem fyllidreifing ríms og stuðla er lítil, sbr. (7-31), en þar er fyllidreifing stuðla og ríms aðeins í fyrstu tveimur línur og í þeirri næstsíðustu. Víxlrímið tengir vissulega ekki línur 1 og 2 saman heldur 1:3 og 2:4 en er það sterkt að rím er eftir sem áður helsti tengikrafturinn í línur 1:2 – og jafnframt 3:4 (en stuðlasætning myndar aðeins veik línutengsl í þeim síðarnefndu).⁵²³ Línur 5–6 ríma hvor í sínu lagi en stuðlasætning tengir þær betur saman. Þá tengir stuðlasætning sömuleiðis saman síðustu þrjár línur sem ríma ekki hver við aðra(r) (nema síðasta lína við línur 2 og 4).

Af þessu má sjá að rím þvert á stuðlun tengir þululínur saman í runu og gerir þær ríkari að bragþáttum og braggæðum ekki síður en rím samhliða stuðlun, sbr. (7-32):

⁵²¹ AM 960 XX 4to, 3r.

⁵²² DFS 67, 240v.

⁵²³ Línupör með einum stuðli í frumlínu en tveimur í síðlínu eru oft túlkuð sem óstuðluð frumlína og síðlína sem stuðli sér, en í kafla 7.3.2 var sýnt fram á að þess háttar stuðlun virðist vera markvisst beitt í þulum.

(7-32) [...] þar kvað undir Vali,
Vigdís og Sali,
Gunnhildur Gedda,
Gunnfríður Bredda,
Ingiríður, Herdís píka.
Allar gráta líka [...] ⁵²⁴

Rím	Stuðlar
B	v
B	v
C	gg
C	g
D	í
D	a

Þululínur með rími þvert á stuðlun virðast vera álíka margar þeim sem ríma samhliða stuðlun, eða um fjórðungur allra þululína hvor hópur. Í flestum þuluflokkum eru bæði textar þar sem oftast er rímað þvert á stuðlun og aðrir þar sem oftast er rímað samhliða stuðlun. ⁵²⁵

7.5.3. Þróun stuðlasetningar og ríms í þulum

Samspil ríms og stuðla einkennir alla þuluflokka en birtist með ólíkum hætti í hverjum þeirra; m.a. er tíðni þessara bragþátta mismunandi eftir þuluflokkum og sömuleiðis hlutföll þeirra. Þessi hlutföll og breytingar á þeim í tímans rás sýna vægi bragþáttanna tveggja í hverjum flokku fyrir sig og hvort jafnvægi er milli stuðla og ríms – þ.e. sýna samspil bragþáttanna tveggja í stærra samhengi. Með til-liti til þessa samspils ríms og ljóðstafa skiptast algengustu textaflokkar í þulum í fjóra ójafna hópa.

1. Þuluflokkar í stærsta hópnum eru *ríkir að stuðlum* en frekar *fátækir að rími*; þ.e. um eða yfir tveir þriðju af þululínunum stuðla, en aðeins um helmingur þululína, eða þaðan af færri, rímar. Hér eru flokkarnir *Heyrði ég í hamrinum*, *Kúapulur I*, *Gekk ég upp á hólinn*, *horfði ég ofan í dalinn*, sumar Grýluþulur, *Táta, Táta, Stígum við stórum*, *Drengurinn Dóli* o.fl. Í hópnum eru m.a. flestar yngri þulur, þ.e. þuluflokkar sem eru ekki áberandi í heimildum fram að 19. öld (t.a.m. þrjú síðast-nefndu). Í eldri textum eykst rímið heldur en hitt – en stuðlum fækkar hins vegar oftast en ekki. Þetta er í samræmi við tilhneigingu til miðjusækni (og við það að stuðlasetning minnkar almennt í kveðskap á 20. öld). Í yngri þulum er erfiðara að dæma um þróun, en almennt virðist bragþáttum þó beitt í minna mæli.
2. Þuluflokkar í öðrum, smærri hóp eru þvert á móti *ríkir að rími* en fremur *fátækir að stuðlum*; um eða yfir tveir þriðju af þululínunum ríma, en aðeins u.þ.b. helmingur stuðlar. Hér eru bæði þulur með gamlar rætur (*Stúlkurnar ganga*, *Sól skín á fossa*) og yngri þulur (*Bokki sat í brunni*). Notkun bragþætta virðist ekki breytast mikið í þessum þuluflokkum í aldanna rás (stuðlasetningin stendur t.d. í stað).
3. Lítil hópur eldri og rótgróinna þulna er *einkum ríkur að rími* en ekki eins ríkur að stuðlum, þ.e. um 80–90% af þululínunum ríma en aðeins um tveir þriðju af þululínunum stuðla. Í hópnum eru fáeinar stúlkupulur (einkum *Stúlkun í steininum*) og stakar Grýluþulur (einkum *Grýla kallar á börnin sín*). Bragþróun í þessum hóp kemur á óvart; rímið, sem er mjög ríkt, virðist aukast enn meira í gegnum tíðina (í andstöðu við miðjusækni), en stuðlasetningin stendur í stað.

⁵²⁴ AM 247 8vo, 7v.

⁵²⁵ Meðal undantekninga eru þuluflokkarnir *Sat ég undir fiskihlaða*, *Lambið beit í fingur minn*, *Grýla kallar á börnin sín* og *Drengurinn Dóli*, þar sem oftast er stuðlað þvert yfir rím, og hins vegar kúapulan *Settu þig niður sonur minn* og *Bokki sat í brunni*, en þar er oftast stuðlað samhliða rími.

4. Annar lítill hópur eldri þulna er *einkum ríkur að stuðlum* en einnig ríkur að rími; um eða yfir þrjár af hverjum fjórum þululínum stuðla og um eða yfir tvær af hverjum þremur ríma. Í hópnum eru aðallega *Sat ég undir fiskihlaða* og *Draum dreymdi mig*. Með tímanum fækkar bæði stuðlum og rími í báðum þuluflokkunum, en það kemur ekki endilega niður á bragskipulagi þulutextanna, því hlutfall bæði stuðla og ríms er hátt og af nógu er að taka. Þessi fækkun er hins vegar enn ein birtingarmynd miðjusækni og jafnvægisleitar í þulum.⁵²⁶

Af þessu yfirliti má sjá að varla kemur fyrir að miklu minna en helmingur þululína stuðli í textum hvers þuluflokks,⁵²⁷ þótt talsverður munur sé á einstökum þuluflokkum að þessu leyti. Hlutfall ríms er hins vegar nokkuð lægra í þulum almennt og sömuleiðis í flestum einstökum þuluflokkum, einkum í hinum gömlu og rótgrónu Grýluþulum (*Grýla reið fyrir ofan garð, Grýla er að vísu*) þar sem línur sem ríma eru aðeins um fjórðungur af öllum línum – og iðulega er ekkert rím í þulutextum. Þrátt fyrir þessi hlutföll, sem sýna ríkjandi stöðu stuðlasetningar í þulum síðari alda samanborið við rím, gegnir stuðlasetning ekki sama grundvallarhlutverki í þulum og í flestum íslenskum hefðbundnum kveðskap heldur er notkun hennar talsvert óreglulegri og jafnvel líkari því sem má sjá í kveðskap erlendis. Þá sýnir yfirlitið hér að framan einnig þróun sem vekur efasemdir um ríkjandi hlutverk stuðlasetningar í þulum, en línum sem stuðla fækkar með tímanum, bæði í fyrsta og stærsta hóp þuluflokka sem eru ríkir að ljóðstöfum og almennt í þulum. Línum sem ríma fjölgar þvert á móti bæði í þessum stærsta hóp þuluflokka og jafnvel í þuluflokkum sem voru ríkir að rími þegar í upphafi skrásetningar; rími fjölgar einnig í þulum almennt. Þetta kann að gefa til kynna að þuluflytjendur hafi fundið á sér mikilvægi ríms umfram stuðla fyrir framvindu þulna á nýrri tímum, þ.e. á 20. og jafnvel 19. öld, þ.e. áður en formbylting 20. aldar kom til.

Almenn erlend áhrif á íslenskan kveðskap á seinni tímum geta að einhverju leyti skýrt fækkun stuðla og aukningu ríms í þulum, en í flestum Evrópulöndum er mun meiri gaumur gefinn rími – einkum endarími – en stuðlum (sem þar eru aðeins stílbragð, ekki hluti bragkerfis). Formbylting í íslenskum kveðskap 20. aldar – sem erlend áhrif stuðluðu talsvert að – skýrir einnig að hluta fækkun stuðla í þulum.⁵²⁸ Á hitt ber þó einnig að líta að í ýmsum öðrum greinum munnlegs kveðskapar á Íslandi á síðari öldum, einkum þeim sem hafa mótast undir áhrifum frá evrópskum kveðskap (þ.á m. ýmsum kveðskap sem tengist dansleikum),⁵²⁹ gegna stuðlar minna hlutverki en í bóklegri kveðskap (t.d. rímum) eða í þjóðkvæðum með eldri rætur, t.d. sagnakvæðum (einnig kölluð fornkvæði) sem eru rímlaus og stuðluð. Fækkun stuðla og aukning á rími kann því að vera niðurstaða eðlilegrar þróunar þulna (sem munnlegs kveðskapar síðari alda) í langri munnlegri geymd sem skerpir á því mikilvægasta fyrir varðveislu hvernar þjóðkvæðagreinar, en þegar þulur eiga í hlut virðist rímið vera mikilvægast, ekki síður – og jafnvel enn fremur – en stuðlasetning.

⁵²⁶ Einn þuluflokkur, *Lambið beit í fingur minn* (sem er líka með elstu þulum), er tiltölulega fátækur að báðum bragþáttunum; aðeins um helmingur lína stuðlar þar og um helmingur rímar.

⁵²⁷ Slíkt kemur vissulega fyrir í stökum textum, einkum í flokkunum *Stúlkurnar ganga* og *Sól skín á fossa* sem eru með lágt hlutfall lína sem stuðla.

⁵²⁸ Um formbyltinguna, forsendur hennar og áhrif sjá Carleton, *Tradition and Innovation in Twentieth Century Icelandic Poetry*.

⁵²⁹ Sbr. t.d. Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ einkum cliv; Vésteinn Ólason, „Sagnadansar“ og „Vikivakvæði,“ 372 og 390–391.

7.5.4. Nokkur lokaorð um stuðlasetningu og rím

Í þessum kafla hefur verið sýnt fram á virkt samspil ríms og ljóðstafa, bæði í einstökum þulutextum og í þuluflokkum. Báðir bragþættirnir eru nýttir, saman eða hvor í sínu lagi, með viðteknum hætti og ekki, til að þetta bragvefning og festa inn í hann einstakar þululínur. Notkun ljóðstafa og ríms í fyllidreifingu á löngum köflum, þ.e. dreifing bragþátta yfir þulutexta og notkun a.m.k. eins bragþátta hverju sinni til að vefa einstakar línur inn í óreglulegt mynstur mismunandi samhljómategunda – og tryggja þar með að þulutexti leysist ekki upp í óbundið mál – er vafalítið enn eitt sterkt sérkenni bragforms í þulum síðari alda. Fyllidreifing ljóðstafa og ríms er notuð meðfram reglulegri beitingu hvors tveggja, þ.á m. samhliða notkun á ljóðstöfum og rími. Einnig er rímað þvert yfir stuðlun til þess að þetta bragvefning enn frekar, en þessi tækni er annað sterkt sérkenni bragforms þulna. Bragþættirnir tveir eru háðir hvor öðrum þannig að ef fækkun verður í öðrum þættinum í þulutextum þá má búast við fjölgun í hinum, hvort sem litið er á einstakan texta (sem má ekki leysast upp í óbundið mál) eða þuluflokk, eða þulur í heild sinni. Þetta samspil er tvímálalaust sérkenni bragforms í þulum.

7.6. Utanbragfræðilegir þættir (e. *para-metrical parameters*)

Fram kom í kafla 7.2–7.5 að enginn af helstu bragþáttum íslensks kveðskapar (hrynjandi, stuðlasetning og rím) er nægilega reglulegur í þulum til þess að gera þær að bundnu máli einn og sér; samanlagðir rétt nægja þeir til þess að þula leysist ekki upp í óbundið mál. Þegar svo er komið í þjóðkvæðum verða helstu þættir, sem eru strangt til tekið ekki bragfræðilegir en hafa talsverð áhrif á hrynjandi, mikilvægari en ella; þeir tengjast m.a. setningaskipan (7.6.1), formúlubyggingu (7.6.2) og hljómfalli (7.6.3). Stutt niðurlag er í kafla 7.6.4.

7.6.1. Setningaskipan

Hér verður farin svipuð leið og í undanfarandi köflum, þ.e. fyrst athugað að hve miklu leyti setningaskipan kynni að geta verið sjálfstæður mælikvarði sem geri þululínur sambærilegar í upplifun manna og skýri þannig á hvaða grundvelli þuluhrynjandi byggist. Síðar verður kannað hvaða stuðning setningaskipan getur veitt öðrum bragþáttum.

Setningaskipan stenst oftast en ekki á við hrynjandi í þjóðkvæðum og vinnur með henni frekar en á móti, en það felst m.a. í því að skil setninga og/eða setningarliða fara oftast saman við ljóðlínuskil (og erindaskil þar sem það á við). Það er oft ólíkt því sem má sjá í höfundakveðskap, en þar er setningaskipan ósjaldan teft á móti hrynjandi, einkum á síðustu öldum.⁵³⁰ Þulur eru engin undantekning meðal þjóðkvæða, línuskil og setningaskil/setningarliðaskil fara þar jafnan saman. Flestar þululínur eru fullkláraðar setningar eða málsgreinar – þótt margar þeirra séu stuttar – þar sem línu-

⁵³⁰ Línuskil og erindaskil eru þá látin fara þvert yfir setningaskil og/eða setningarliðaskil þannig að úr verður ákveðið upp-brot á hrynjandi (e. *enjambement*; stundum þýtt *línuþræðing*, sbr.: Ragnar Ingi Aðalsteinsson, *Íslensk bragfræði*, 76–77). Það er svo notfært til að kalla fram ýmis hughrif, beina athygli að þeim orðum sem staðsett eru við brotalínuna o.s.frv. Um samspil hrynjandi og setningaskipanar í höfundakveðskap, m.a. *enjambement*, sjá m.a. Гаспаров [Gasparov], *Русский стих начала XX века в комментариях* [Rússneskur kveðskapur frá því í upphafi 20. aldar, með skýringum], 14–15.

skil í rúmlega helmingi þululína fara saman við skil á milli málsgreina eða við setningaskil innan málsgreinar, sbr. (7-33):⁵³¹

(7-33) Heyrði eg í hamar inn
hátt var látið
sárt var grátið [...]⁵³²

Stakir setningarliðir, jafnan tiltölulega stuttir og frekar skýrt afmarkaðir, mynda enn um fjórðung þululína, en þar fara línuskil saman við setningarliðaskil, sbr. (7-34):

(7-34) [...] bylgjurnar baðar
brutu mínar árar
lángt út á sjó [...]⁵³³

Ekki er útilokað að í lengri línun sé tvær (eða jafnvel fleiri) stuttar setningar – eða að einn setningarliður dreifist eða skiptist á tvær stuttar línur, þótt hvort tveggja sé sjaldgæft. Hins vegar gerist það aðeins í fáum tilfellum að þululínuskil fari hvorki saman við setningaskil (eða málsgreinaskil) né við setningarliðaskil heldur skeri setningarliði í sundur, þ.e. að setningaskipan vinni á móti hrynjandi. Oftast er þá sagnliður skorinn í sundur, einkum sagnliður með hjálparsögn eða andlagi sem hefur úrslitaáhrif á merkingu sagnorðsins en stendur samt í annarri þululínu (og þá línupar einingin sem geymir setningarliðinn í heild). Fyrri línurnar í (7-35a,b) eru þannig ófullkomnar án línanna á eftir:

(7-35a) [...] hafði í hægri kló
fjögur horn og mjó [...]

(7-35b) [...] ól hún í ellí
enn Tvíbura [...]⁵³⁴

Dæmi um tiltölulega sterk tengsl⁵³⁵ sem verða ekki oft rofin eru hins vegar einkunnartengsl í nafnlið, þ.e. tengsl stofnorðs og einkunnarorðs/einkunnarliðar.⁵³⁶ Einnig er frekar sjaldgæft að línuskil slíti tengsl frumlags og sagnar – en þó algengara en í tilfelli einkunnartengsla, sbr. „bylgjurnar baðar // brutu mínar árar“ í (7-34).

⁵³¹ Fyrir setningafræðilega athugun var valið takmarkað úrtak, eða um 400 línur úr 19. aldar textum. Hvorki er hægt að greina með fullri vissu á milli málsgreinaskila og setningaskila innan málsgreinar í handritum né á upptökum, einkum ef málsgrein er samsett úr nokkrum aðalsetningum. Því var gripið til þess að meta öll skil á milli setninga sem málsgreinaskil nema samtenging segi skýrt til um annað. Þá er oft örðugt að greina á milli sjálfstæðra setninga og setningarliða, einkum í upptalningum; þessi aðgreining þarf hins vegar ekki að vera svo nákvæm þar sem hrynjandi gefur vísbendingar um að slíkir setningarliðir geti staðið sjálfstætt (sbr. (7-34)).

⁵³² DFS 67, 250v.

⁵³³ DFS 67, 250v. Hlutfall slíkra lína getur þó verið nokkuð mismunandi á milli þuluflokka. Sums staðar fara nokkurn veginn öll línuskil saman við setningarliðaskil (t.a.m. í þuluflokkunum *Hvar á að tjalda (Kúaþulum II)* og *Bokki sat í brunni*; enn fremur *Stúlkurnar ganga* og *Stígum við stórum*) en í öðrum flokkum fer allt að því helmingur línuskila á skjön við setningarliðaskil (hér má nefna sumar Grýluþulur, *Kúaþulur I*, *Stapadans*, *Heyrði ég í hamrinum* o.fl. þuluflokka).

⁵³⁴ DFS 67, 250v og 260r.

⁵³⁵ Setningafræðileg tengsl voru metin með hliðsjón af aðferð M. L. Gasparovs o.fl., sbr. Гаспаров, Скулачева [Gasparov, Skulacheva], „Ритм и синтаксис в свободном стихе“ [Hrynjandi og setningaskipan í óbundnum kveðskap], 20–40. Enn fremur: Семенов, В. [Semenov, V.] „Ритм и синтаксис позднего неклассического шестистишного стиха Бродского“ [Hrynjandi og setningaskipan í óhefðbundnum sex áherslna braglínunum í kveðskap frá efri árum Jósefs Brodsky], 69–72 (einkum 69–70).

⁵³⁶ Sbr.: „með línsvuntur langar // og læreptir blá“ (Lbs 587 4to II, bls. 5); einkunnarorð eru undirstrikuð, en orðin sem þau eiga við eru auðkennd með strikalínu.

Af framangreindu má sjá að talsverð reglufesta er í miklum meirihluta þululína þar sem gildir reglan „1 ljóðlína ≈ 1 setning eða málsgrein“ eða reglan „1 ljóðlína ≈ 1 setningarliður“; styrkleiki tengsla á milli setningarliða innan setningar (og setninga innan málsgreina) stjórnar að miklu leyti dreifingu setninga og setningarliða á þululínur. Setningaskipan í þulum er þar með tiltölulega regluleg – en þá vakna spurningar; t.d. hvort hægt er að nota þessa reglufestu sem mælistiku á þuluhrynjandi og hvort setningafræðilegar einingar geta orðið að mælieiningum.

Allt frá 19. öld hefur verið reynt að líta á setningafræðilegar einingar sem mælistiku á hrynjandi ljóða í meira eða minna frjálssu formi, einkum fyrir hrynjandi þjóðkvæða. Meðal annars hefur verið rætt um (e.) *prosodical period*, en átt er við áhersluorð ásamt þeim áherslulitlu orðum sem mynda með því eina sameiginlega hugsun (A. Kh. Vostokov),⁵³⁷ og um (e.) *syntactical foot* eða e.k. setningafræðilega (brag)liði (A. A. Potebnja).⁵³⁸ Síðarnefnda hugtakið var notað í svipaðri merkingu og það fyrrnefnda, en þó með meiri áherslu á setningafræði heldur en á hljómræna og merkingafræðilega þætti. Síðar meir var talað um (e.) *syntagma*, eða setningarlið (R. Jakobson, M. L. Gasparov o.fl.)⁵³⁹ sem grunneiningu kveðskapar í frjálssu formi, þ.e. grunneiningu ekki aðeins í setningaskipan heldur einnig í byggingu – þ.á m. í hrynjandi, sbr. þessar niðurstöður V. Zhirmunsky annars vegar og M. G. Kharlaps hins vegar:

Það að koma reglu á setningafræðilega byggingu myndar [...] grundvöll fyrir [almenna] byggingu í óbundnu ljóði. En ákveðin röðun rytmitíðs [svo – YSH] efnis í samsvarandi rytmískar raðir stendur í beinum tengslum við það að koma reglu á setningafræði.⁵⁴⁰

Á öndverðum þróunarstigum ljóðagerðar (algjörlega munnlegrar, fyrir tíma bókmennningar) er rytmið skipt viðfangsefni fólgið í því að velja samsvarandi setningagerðir [...]⁵⁴¹

Til svipaðs hugtaks vísa orðin (e.) *prosodic words* (sem eiga að mynda lauslega samsvörun við braglið) og *phonological phrases* (eiga að samsvara *metra*, eða bragliðapörum) sem Chris Golston og Tomas Riad nota í braggreiningu sinni á grundvelli bestunarkenningar (sjá 7.2.4).

Þeir sem gefa hljómfalli meira vægi í hrynjandi og byggingu ljóða en hugtakið *syntagma* gerir ráð fyrir (allt frá B. M. Eikhenbaum og B. V. Tomashevsky til M. G. Kharlaps og Je. V. Nevzgljadovu)⁵⁴²

⁵³⁷ Востоковъ [Vostokov], *Опытъ о Русскомъ стихосложеніи* [Tilraun til rússneskrar bragfræði], 99–106. Áherslulitlu orðin myndu vera e.k. sniklar (e. *clitics*) í nútímahugtakakerfi málvísinda. Með svipuðu móti hefur m.a. edduháttum verið lýst, sbr. t.d. Sievers, *Altgermanische Metrik*, 62–70 (§§40–46).

⁵³⁸ Потебня, А. [Potebnja, A.], „Обзор поэтических мотивов колядок и щедровок“ [Yfirlit yfir kveðskaparmótíf í jóla- og nýárssöngvum], 17–21.

⁵³⁹ Акимова [Akimova], „Традиции изучения русского стихотворного синтаксиса: Б. И. Ярхо и М. Л. Гаспаров“ [Hefðir í gannsóknum á setningaskipun í rússneskum kveðskap: B. I. Yarkho og M. L. Gasparov], 89–112. Einnig Гаспаров [Gasparov], „«Теснота стихового ряда»: Семантика и синтаксис“ [„Merkingarþéttni í braglínu“: Merkingafræði og setningafræði], 94.

⁵⁴⁰ Жирмунский [Zhirmunsky], *Композиция лирических стихотворений* [Bygging lýrískra ljóða], 90. („Упорядочение синтаксического строения составляет [...] основу композиционного членения свободного стиха. Однако с упорядочением синтаксиса непосредственно связано некоторое построение ритмического [svo – YSH] материала в соответственные ритмические ряды.“)

⁵⁴¹ Харлап [Kharlap], „Тактовая система музыкальной ритмики“ [Taktakerfi í tónlistarhrynjandi], kafli 2; sbr.: sami, „Народно-русская музыкальная система и проблема происхождения музыки“ [Tónkerfi í rússneskri þjóðlagatónlist og urruni tónlistar], 232–233. („На ранних стадиях развития стиха (долитературных, чисто фольклорных) ритмическое задание выражается в выборе соответствующих этому заданию синтаксических конструкций [...].“) Sbr. Харлап [Kharlap], „Стих и музыка“ [Ljóð og tónlist], 76–86.

hafa hins vegar einkum talað um *kolon* (þ.e. orðasambönd sem hafa ákveðna – en þó afmarkaða – merkingu og hægt er að mæla fram án þess að draga andann) eða um „takta talaðs máls“.⁵⁴³ Þá skoðar O. M. Brik ljóðlínu sem helstu einingu ljóðforms og helstu mælieiningu í athugunum sínum á samspili hrynjandi og setningaskipunar.⁵⁴⁴ Í takt við þessar hugmyndir um samsvörun setningarliða, tónfalls og byggingar ljóða með meira eða minna frjálst bragform varð til hugtakið *фразовик* (*frazovík*), eða (e.) *intonational-phasal verse*, þar sem hrynjandi byggist á tónfalli og setningarliðum, þ.e. lok ,tónfallsöldu“⁵⁴⁵ segir til um ljóðlínulok, auk þess sem ýmsar hliðstæður og endurtekningar í setningaskipan stuðla að því að áheyrandi (og seinna lesandi) skynji ljóðahrynjandi í texta og upplifi hann sem bundið mál. Ekki er útilokað að hrynjandi þulna megi einnig greina sem *frazovík*, a.m.k. þeirra fáu þulutexta sem falla ekki undir strangari greiningu sem einhvers konar bragliðaháttur, t.a.m. *dolník* (eins og flestir þuluflokkar, sjá 7.2.3), eða sem *taktovík* (þ.e. áherslubundið ljóð, eins og t.d. sumar *Kúapulur I*), hvort tveggja með mismunandi fjölda áherslna í línu. Slíkir textar eru þó sjaldgæfir, og er setningaskipan því ekki mjög gagnleg sem sjálfstæður mælikvarði fyrir hrynjandi þululína.

Hins vegar er vel þekkt að í setningaskipan ýmissa þjóðkvæða eru *setningafræðilegar hliðstæður* og önnur mynstur sem styrkja hrynjandi þeirra. Hliðstæður í setningaskipan finnast í þulum í miklum mæli þar sem upptalningarform býður upp á fjölda setningafræðilegra endurtekninga, allt frá einföldustu upptalningu (7-36a,b). Algengara er þó að það sem talið er upp skiptist í pör áður en það fer inn á lista (*paraupptalning*), með samtengingunni *og* á milli orðanna sem raða sér saman⁵⁴⁶ eða eftir öðrum leiðum, t.d. með stuðlum og/eða rími – eða allt þetta notað til skiptis í einum og sama texta (eins og í kúapulunni lengst til hægri), sbr. (7-36c):

(7-36a) [...] Hún hét Finna,
góðsinna,
loðinkinna [...]

(7-36b) [...] koma mundu fleyri
géstirnir prestirnir lestirnir [...]

(7-36c) [...] Aldinskiallda,
Æsentoppa,
og hún Lángspena,
Brók og Brynia
og Biarnareiður [...]⁵⁴⁷

⁵⁴² Sbr. Эйхенбаум [Eikhenbaum] *Мелодика русского лирического стиха* [Lagfræði lýrísks kveðskapar á rússnesku], 6–10, 15–26 og víðar; Томашевский [Tomashhevsky], „Ритм прозы“ [Hrynjandi lausamáls], m.a. 293–296; sami, „Проблема стихотворного ритма“ [Um braghrynjandi], 37; sami, „Стих и ритм: Методологические замечания“ [Ljóð og hrynjandi: Aðferðafræðilegar athugasemdir], einkum 60–61; sjá einnig nýlega bók: Невзглядова [Nevzglyadova], *Интонационная теория стиха* [Hljómfallsfræði ljóða]; um nýja strauma sem grundvallast á aldargömlum rannsóknum sjá einnig: Акимова [Akimova], „Традиции изучения русского стихотворного синтаксиса“ [Hefðbundnar leiðir til rannsókna á setningaskipun í kveðskap], 89–90.

⁵⁴³ Харлап [Kharlap], „Стих и музыка“ [Ljóð og tónlist], 81; og Харлап [Kharlap], „Тактовая система музыкальной римики“ [Taktakerfi í tónlistarhrynjandi], kafli 2, þar sem höfundur vísar m.a. í E. Sievers um „takta talaðs máls“, eða *Sprechtakte* („Grundzuge der Phonetik, Aufl. Lpz., 1901, S. 623“, þ.e. Sievers, *Grundzüge der Phonetik*, 233–234, §623).

⁵⁴⁴ Брик [Brik], „Ритм и синтаксис“ [Hrynjandi og setningaskipan], 5: 32–33.

⁵⁴⁵ Квятковский [Kvyatkovsky], „Фразовик“ [Frazovík], 323. Sbr. Golston og Riad, „The phonology of Classical Greek meter“, 104 og víðar, en „they assume a strict parallelism of phonological and metrical constituency, with prosodic words corresponding to verse feet, phonological phrases to metra, and intonational phrases to verse lines“ (sbr. Noel Aziz Hanna, Lindner og Dufter, „The Meter of Nursery Rhymes“, 246). Einnig: Чашина [Chaschina], „«Свободный» или «интонационный» ритм: К проблеме методологических подходов в современном музыкознании“ [„Frjálshrynjandi“ eða „hljómfallshrynjandi“: Um aðferðafræðilegar nálganir í tónlistarfræði nútímans], 45.

⁵⁴⁶ Sbr. t.d. Acker, *Revising Oral Theory*, 4–34.

⁵⁴⁷ (7-36a): DFS 67, 430v; (7-36b): Lbs 2856 4to, 425r; (7-36c): Lbs 852 4to III, bls. 69.

Slíkar paraupptalningar urðu algengar þegar í elstu þulum, sbr. (7-5) í kafla 7.3.2. Aðrar orðatvenndir virðast líka vera taldar upp greiðlega, bæði innan sömu setningar og í mismunandi en hliðstæðum setningum, sbr. dæmi (7-22a–7-23) í kafla 7.4.4 og (7-37):

(7-37) [...] Bonda kona gekk til brunns	
<u>[v]lagaði kjagaði</u> —	<sögn>
lét hún ganga <u>hettuna smettuna</u>	<andlag (beint)>
<u>[róu]na tóuna</u> [...] ⁵⁴⁸	<andlag (beint)>

Frá hliðstæðum setningapörum og setningalistum, líkt og í þessum dæmum, er stutt í enn flóknari og fjölbreytilegri hliðstæður sem má flokka margar hverjar sem setningafræðilegar formúlur,⁵⁴⁹ en þær er reyndar þegar að finna í elstu varðveittu þulutextum síðari alda (7-38):

(7-38) Eg Sat under Fiskahlada faudur mýnz, menn komu að mier, räku staf í hnacka mier[,] Hladinn tók að brenna, eg fieck að renna uppa biskupz land, Biskup átti Gott bv, gaf mier vxa og kv, Vxinn tók að vaxa, Kyrinn tók að miölka, Sancti Maria gaf mier saud, það vard mier að miklumm aud, etc. ⁵⁵⁰	<i>menn</i> + sagnliður[(árásargjörn) nálgun] + <i>mér</i> [<i>menn</i> +] sagnliður[(árásargjörn nálgun] + <i>mér</i> no. + hjálparsögn[byrjun] + so.(nh.) fn. + hjálparsögn[byrjun] + so.(nh.) A(no.) + <i>gaf mér</i> + búsképnur X1+X2 X1 + <i>tók að</i> + so.(nh.)[gera gagn] X2 + <i>tók að</i> + so.(nh.)[gera gagn] B(nafnliður) + <i>gaf mér</i> + búsképnu Y Y + sagnliður [gera gagn]
---	---

Hér má glögg sjá bæði fjölbreytileika hliðstæðna í setningaskipan og að þær ná yfir þorra lína í þulutextanum, eða tíu af tólf. Línurnar tvær, sem virðast lausar við setningafræðilegar endurtekningar, eru inngangslínan – en inngangslínur hafa færri setningafræðilegar hliðstæður en margar aðrar línur í þulum⁵⁵¹ – og línan „uppa biskupz land“ sem hefur reyndar setningafræðilegar hliðstæður í sumum öðrum þulutextum úr sama flokki.⁵⁵²

Annað dæmi um gamlan þulutexta er þessi Grýluþula – sem er einnig einhvers konar paraupptalning þar sem þululínur eru talin upp, með setningafræðilegum formúlum, sbr. (7-39):

⁵⁴⁸ Lbs 587 4to II, bls. 174.

⁵⁴⁹ Sbr. um *syntactic*, eða *structural formulas*: Kiparsky, „Formulas and Themes,“ 156; einnig Bozzone, „Homeric Formulas,“ 164–165; Saarinen, „Formula and Structure,“ 209–213.

⁵⁵⁰ Holm. Papp. 64 fol., 99v. (Sbr. neðanmálsathugasemd í kafla 6.1.1.)

⁵⁵¹ Má t.d. nefna inngangslínur eins og *Draum dreymdi mig* eða *Heyrði ég í hamrinum* sem eru stakar þótt þeim fylgi fjölform (sjá kafla 8.3.2.3) með miklum endurtekningum.

⁵⁵² Sbr. t.d. „alt út unðir lönd, // alt út undir biskupslönd“ í JS 289 8vo I, 27v.

(7-39) Grýla reyð í gard ofan
hafði hala xv-
enn í huorum hala-
hundrad belgi
enn í Belg huorum
bórn: 20 [...] ⁵⁵³

Grýla + sagnliður [reið + staður]
[Grýla] + sagnliður [hafði + X(no.) + tala]
(en +) í hverjum + X + ...
... + tala + Y(no.)
(en +) í hverjum + Y + ...
... + Z(no.) + tala

Hér eru línupörin einnig tengd í stutta keðju, þ.e. það sem seinni lína í línupari endar á (líkt og orðin *hala* og *belg(i)*) kemur fram í næstu línu á eftir, eða fyrri línu næsta línupars. Þessi aðferð er mikið notuð í þulum, bæði á línupör og stakar þululínur, enda er oft erfitt að segja til um það hvort tiltekinn texti skiptist í langlínur eða stuttar línur, líkt og *Draum dreymdi mig* (orð sem tengja saman línur (7-40a) eða línupör (7-40b) eru undirstrikuð):

(7-40a) [...] Ædur þötte mier af upphæðum belia,
af þeim belium brunnu seliar,
ä þeim selium sátu Reckar,
af þeim Reckum runnu dreirar,
af þeim dreirum drucku Rafnar,
af þeim [R]ófnum [‘]reitte vinde,
af þeim vinde vedur ä skijum,
af þeim skijum skein einn Mäne,
af þeim Mäna mióg lijste umm heim,
af þeim Heime heidar stiórnur ,
hiä þeim stiórnum stödu Lundar,
hiä þeim Lundum lieku meýar [...]

(7-40b) [...] sátu rekkar,
af þeim rekum
runnu dreyrar,
af þeim dreyrum
drucku hrafnar,
af þeim hröfnum
hriktir í vindi,
af þeim vindi
vedur á skýum,
af þeim skýum
skall einn máni,
af þeim mána [...] ⁵⁵⁴

Fleiri þulur notfæra sér hliðstæður í setningaskipan, sem er styrkt með keðjutengingu, og jafnvel byggja heila kafla á þessu samsetta stílbragði; meðal annars *Heyrði ég í hamrinum* (þannig er ættartölukaflinn byggður, sjá dæmi (7-19)) og *Stígum við stórum*, sjá (7-11b), sbr. kafla (8.3.2.3).

Einnig má benda á tvær tegundir af klifun sem eru gegnumgangandi í setningaskipan í þessum textum: anafóru (e. *anaphora*) og epifóru (e. *epiphora*). Dæmi um anafóru eru orðin *af þeim* í *Draum dreymdi mig* (í hverri línu eða línupari) og *hvað (er að)* í *Stígum við stórum* (í hverju línupari), en dæmi um epifóru er stofninn *-son* í ættartölukafla *Heyrði ég í hamrinum* (sbr. (7-19)). Í þessum tilfellum eru anafóra og epifóra aðeins í óbeinum tengslum við keðjumynstrið í setningaskipan (en ekki hluti af mynstrinu); þær styðja hins vegar og treysta keðjumynstrið.

Niðurstaðan er sú að hugsanlega er hægt að grundvalla braggreiningu þulna á setningafræðilegum einingum, þar sem setningaskipan er með reglulegustu þáttunum í þulum. Hins vegar virðist ekki þurfa að grípa til þess oft, þar sem eiginlegir bragþættir nægja að mestu til að lýsa bragformi þulu: fyrst og fremst hrynjandi (hún fellur betur undir hefðbundnari greiningu en svo að setningafræði þurfi að koma til), en einnig stuðlasetning og rím. Setningaskipan – þar á meðal afstaða setninga- og málsgreinaskila til þululínuskila og ýmiss komar hliðstæður í setningaskipan – styrkir hins vegar bragfræðilegu þættina til muna; þetta einkennir þulur e.t.v. í enn meira mæli en önnur þjóðkvæði.

⁵⁵³ Holm. Papp. 25 8vo, 126v.

⁵⁵⁴ Lbs 513 4to, 126v (ekki er víst hvort og þá hvaða merkingu táknin á undan „reitte“ hafa); AM 960 IX 4to, 9r.

7.6.2. Formúlur

Formúlur hafa bæði bragfræðilegan flöt, sem verður fjallað um í þessum kafla, og hlutverk sem byggingareiningar (sjá kafla 8.2.3).⁵⁵⁵ Formúluhugtakið í upprunalegri merkingu sinni á varla við í eins lausbundnu máli og þulur eru, en upprunaleg skilgreining Milmans Parry og Alberts Lord er „[...] a group of words which is regularly employed *under the same metrical conditions* to express a given essential idea“.⁵⁵⁶ Ljóst má vera að hrynjandi þulna er svo fjölbreytt að þar er enginn bragþáttur svo fastbundinn að hann gæti tryggt „sömu bragfræðilegar forsendur“ fyrir formúlur. Hins vegar hefur formúluhugtakið verið aðlagð að ýmsum greinum þjóðfræða og bókmennta mismunandi þjóða á undanförunum áratugum, m.a. hefur verið sýnt fram á formúlunotkun í kveðskap án fasts bragarháttar (þ.á m. forníslenskum kviðlingum)⁵⁵⁷ – og í óbundnu máli, þ.á m. í íslenskum fornsögum.⁵⁵⁸ Sú sem hér ritar hefur fjallað um formúlur í þulum síðari alda og skilgreinir þar formúlu þá sem orðaeiningu (orðasamsetningu eða samsett orð) í kveðskap, fastmótaða eða sveigjanlega, sem hefur ákveðin þekkjanleg bragfræðileg sérkenni⁵⁵⁹ og ber með sér greinanlega hefðbundna merkingu eða merkingartengsl.⁵⁶⁰

Formúlur í þulum síðari alda virka og þróast eigi að síður sem einingar ekki aðeins í merkingarfræðilegum skilningi heldur einnig í þeim bragfræðilega, eins og sýnt var við sama tækifæri.⁵⁶¹ Lánsformúlur þróast í þulum – jafnvel rétt eins og þær stæðu enn í kveðskap undir tiltölulega föstum bragarháttum (t.d. í ballöðum, en þaðan virðast flestar lánsformúlur í þulum vera fengnar), þrátt fyrir það að þulur síðari alda virðist ekki gera neinar formkröfur til formúlna. Flestar formúlur, sem þulur fá að láni hjá öðrum greinum munnmennta og bókmennta, væri því hægt – að því er virðist – að nota óbreyttar í þulum. Nánari athugun á lánsformúlum sýnir eigi að síður að aðeins lítill hluti þeirra ratar bragfræðilega óbreyttur í þulur, því að meirihlutinn tekur breytingum – rétt eins og formúlurnar þurfi að laga sig að nýju og krefjandi bragfræðilegu umhverfi. Af formúlunum, sem taka breytingum, varð aðeins tiltölulega lítill hluti (eða um fjórðungur) bragfræðilega fátæklegri af

⁵⁵⁵ Sbr. enn fremur: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 49–61.

⁵⁵⁶ Lord, *The Singer of Tales*, 4 (leturbreyting mín – YSH). Sbr. Parry, *L'épithète traditionnelle dans Homère*, 16.

⁵⁵⁷ Um formúlunotkun í kviðlingum sjá nánar: Свердлов [Sverdlov], „Парадигматика и синтагматика древнеисландских квидлингов как формы речевой деятельности“ [Hið staðkvæma og hið raðkvæma í forníslenskum kviðlingum sem tegund talathafna]. Sjá annars: Frog og Stepanova, „Alliteration in (Balto-) Finnic Languages“, einkum 204–205, sbr. Stepanova, „Registers of Seesjärvi Karelian Lamenters“, einkum 139–140; sama, „The Register of Karelian Lamenters“, 258–274.

⁵⁵⁸ Sjá t.d. um formúlunotkun í íslenskum fornsögum: Scholes og Kellogg, *The Nature of Narrative*, 43–51; sbr. Lamb, „Verbal Formulas in Gaelic Traditional Narrative“, 225–246; Sävborg, „The Formula in the Icelandic Family Saga“, 219–240.

⁵⁵⁹ Sbr. að John C. Ford nálgast formúlu sem „a metrically useful structure“ (eða „construction“), án þess að mæla hana í vísuorðum og hálfum vísuorðum eða fasttengja hana ákveðnum bragstöðum eða öðrum bragþáttum (Ford, „Towards a New Understanding of Formulae“, 225).

⁵⁶⁰ Sbr.: „[...] *formula* will be understood as a fixed or flexible verbal unit in poetic composition that has identifiable metrical features and carries distinguishable traditional meanings or associations“ (Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 51). Sbr. einnig nýlega skilgreiningu á formúlu eftir John Miles Foley og Peter Ramey sem „an integer of traditional meaning“ (Foley og Ramey, „Oral Theory and Medieval Studies“, 80) og sömuleiðis nálgun á formúlu sem „a morpheme-equivalent unit“ (Frog, „*Alvíssmál* and Orality I“, 28–34 og 62, með vísun í Wray, *Formulaic Language and the Lexicon*, 130–132).

⁵⁶¹ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 57–58.

breytingunum. Eins þversagnarkennt og það kann að hljóma verður meirihluti formúlna annaðhvort *bragfræðilega ríkari* í þulum síðari alda en í greinunum þaðan sem formúlurnar eru ættaðar (þótt upprunagreinar formúlnanna geri meiri bragfræðilegar kröfur til þeirra en þulur) eða þá nokkurn veginn jafnríkar að bragþáttum. Bragþættir í lánsformúlum í þulum eru ekki endilega þeir sömu og í formúlunum í upprunagreinum þeirra; sumir bragþættir kunna að hafa horfið en aðrir komið í staðinn, líkt og dæmi (7-41a) af formúlunni ‚Til orða tók X‘ í sagnadönsum og (7-41b) ‚X tók til orða‘ í þulum sýna (rím er merkt með einfaldri undirstrikun en ljóðstafir með tvöfaldri):

(7-41a) Til orða tók hún svarta Ísodd
í annað sinn [...]

(7-41b) Kall tók til orða
sagði mál að borða [...]⁵⁶²

Í sagnadönsum tekur formúlan bæði þátt í veikri stuðlasetningu og (óbeint) í rími: *sinn : inn* (í 4. línu); hvorugt tilheyrir þó formúlunni að öllu leyti. Endarím er líka í þuluformúlunni, reyndar annað en í ballöðunni – en ballöðurímið hlýtur að hafa týnst sökum þess að það tilheyrði ekki formúlunni að fullu (því að annars ratar rímið yfirleitt í þuluformúluna). Í þuluformúlunni eflist rímið hins vegar og er fullgildur hluti hennar þar sem oftast er ekki er *tekið til orða* í þulum til að tilkynna að kominn sé tími til *að borða*. Stuðlar hverfa aftur á móti úr formúlunni. Þá eru þululínur styttri en ballöðulínur, en það tengist því m.a. að engin einkunn er með frumlaginu *Kall* (sbr. *svarta Ísodd* í sagnadönsinum); það kemur fyrir sitt leyti heim við það að einkunnir eru yfirleitt tiltölulega sjaldgæfar í þulum (sbr. einnig kafla 8.1.2). Þrátt fyrir þessar og fleiri breytingar er formúlan í góðu bragfræðilegu jafnvægi; hefur tapað einum bragþætti (veikri stuðlun) en annar hefur þróast í staðinn (stöðugt endarím).⁵⁶³

Þegar þulur síðari alda fá formúlur að láni úr öðrum kveðskapargreinum hefur það í för með sér ýmsar breytingar sem snerta bragþætti, einkum þessar: stuðlasetning verður meiri í um tveimur þriðju af lánsformúlum sem taka breytingum á leið sinni í þulur; rím dregst hins vegar saman í u.þ.b. helmingi tilfella⁵⁶⁴ og ljóðlínur styttest einnig í u.þ.b. helmingi tilfella, þ.á m. í dæmi (7-41a,b). Þessa þróun er ekki hægt að skýra með formkröfum, sem þulur geri til formúlna, enda er enginn þessara bragþátta notaður í þulum kerfisbundið. Skýringin kann frekar að liggja í því að bróðurparturinn af lánsformúlum í þulum er fenginn úr sagnadönsum. Stuðlasetning er ekki skyldubundin í sagnadönsum frekar en í þulum (sbr. 7.3.1), þannig að það er svigrúm til að auka formúluna stuðlum þegar hún er komin í þulur.⁵⁶⁵ Rím er hins vegar einkenni sagnadansa og er oft uppistaða í formúlum þar, þannig að það rýrnar tiltölulega sjaldan þótt formúlurnar flytjist yfir í þulur – nema helst ef rímað er út fyrir formúlur í ballöðum, sbr. (7-41a,b). Rím eykst þó sjaldan í sagnadansaformúlum á leiðinni

⁵⁶² (7-41a): *Íslensk fornkvæði*, 4: 224. (7-41b): Lbs 587 4to III, 65v; sbr. t.d. SÁM 32, 136r.

⁵⁶³ Önnur og sjaldgæf þróun sömu formúlunnar er á þessa leið: *Gollur geispaði*, // *Guðni skáld til orða tók* (SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen, þuluuppskriftir (I) frá 1920–1930, í ljósriti, [7r] miðað við blaðatal í frumriti (endurgert út frá ljósritinu) og (II) frá 1970–1971, græn stílabók, [9v]). Ólíkt algengari þróun (sbr. dæmið í meginmáli) er hér rímleysi – en stuðlun eftir öllum reglum braghefðarinnar. Línustytting er heldur minni og áfram er einkunn með frumlagi (þótt önnur sé: *Guðni skáld*; leturbreyting mín – YSH).

⁵⁶⁴ Hvort tveggja má sjá í dæmum (2a,b) í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic,“ 137; þar eru einnig fleiri dæmi um lánsformúlur í þulum.

⁵⁶⁵ Fleiri dæmi um það eru formúlurnar *kom ég þar að kveldi* (s.r., 146–148) og *gaman–saman* (Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*,“ 53–54 (Case 2)).

yfir í þulur því þar er yfirleitt ekki svigrúm til aukningar á rími; slíkt gerist helst í dæmum eins og (7-41a,b) þar sem sagnadansarímið tapast á leiðinni. Línustyttingin stafar af því að ljóðlínur í sagnadönsum eru að jafnaði lengri en í þulum síðari alda; formúlulínur styttest stundum þrátt fyrir það að á áfangastað formúlunnar í þulum séu nærliggjandi línur jafnlangar og ballöðulínur. Því má segja að formúlur úr sagnadönsum aðlagist bragfræðilega þulum síðari alda í þeirri merkingu að þær fái bragfræðileg einkenni sem þulur hafa almennt umfram sagnadansa (einkum stuðlasetningu) en losi sig frekar við bragþætti sem eru ekki að sama skapi í hávegum hafðir í þulum (t.d. við hluta ríms), þótt þulur geri eiginlega engar formkröfur til formúlna í hverju einstöku tilfalli. Hér er bæði stuðlaaukning og rímryrnun jafnframt í samræmi við svokallaða miðjusækni í þulum (sjá kafla 7.2.1 og víðar).

Aðeins tiltölulega fáar formúlur verða bragfræðilega fátækari í þulum en þær voru í kvæðagreinum sem þær voru fengnar að láni frá – þrátt fyrir það að þulur gera ekki bragfræðilegar kröfur til formúlna. Því er hægt að álykta að það séu ekki þulurnar sem stýra því hversu mikið eða lítið rím eða stuðlasetning er í þuluformúlum heldur formúlurnar. Það eru m.ö.o. *formúlurnar sjálfar* sem þarfnast þess að hafa ákveðin bragfræðileg einkenni og geta verið „bragfræðilega gagnlegar“⁵⁶⁶ óháð því hvert samhengi þeirra kann að vera. Formúlur sem rata inn í þulur síðari alda lenda oft í samhengi sem er bragfræðilega fátæklega en þær sjálfar, þannig að bragfræðilegir eiginleikar þeirra koma að góðum notum til að *halda uppi hrynjandi í þulu*.

Algengast virðist að engir árekstrar verði á milli merkingar og bragþátta(r) í formúlum heldur tryggi þetta tvennt saman stöðugleika bæði formúlna og þulutexta. Í sumum textum koma þó upp breytingar í bragþáttum eða merkingu. Komi upp merkingarbreyting í formúlunni sjálfri eða umhverfi hennar virðist hún hafa svigrúm til þess að verða einhverjum bragþætti fátækari án þess að lenda á mörkum þess að verða að óbundnu máli, því þuluform er sveigjanlegt og bragkröfur litlar – en formúlur eru oft ríkari að bragþáttum en textinn í kringum þær. Aðeins tæplega helmingur breytinga á formúlum í þulum virðist því stríða gegn bragfræðilegum stöðugleika. Verði formúlan bragfræðilega fátækari við merkingarbreytingu er það oft á kostnað stuðlunar, sbr. formúluna ‚X tók til orða‘. Þar er X breytilegt í sagnadönsum og tekur af og til þátt í stuðlun, sbr. „Til orða tók hún svarta Ísodd“ (7-41a); en X verður oftast *karl* í þulum og stuðlar þá ekki lengur – auk þess sem línun styttest.⁵⁶⁷

Hitt er harla sjaldgæft að slíkar merkingartengdar breytingar eða tilbrigði í formúlum leiði til þess að *rím* víki úr formúlum eða verði fátæklega. Rímið hverfur stundum þar sem formúla rímar út fyrir sig í ballöðum, sbr. (7-41a). Þegar formúlan fer í annað samhengi verður rímorð sem stóð utan hennar

⁵⁶⁶ Sbr. Ford, „Towards a New Understanding of Formulae,“ 225 (og umræðu hér að framan).

⁵⁶⁷ Annað dæmi um formúlu sem gæti stuðlað með smávægilegri breytingu en gerir það þó ekki er formúlan *diskur-fiskur*. Hún er til í margvíslegum tilbrigðum í þulum, m.a.: „þar kom innar diskur —, // var á smér og fiskur“ (DFS 67, 428r) eða „þar kom fram diskur // var á blautur fiskur“ (Lbs 587 4to III, 65v). Þó kemur aðeins einu sinni tilbrigðið „þar var á feitur fiskur“ (Lbs 587 4to IV, 15r), þótt það virðist vera a.m.k. jafngott merkingarfræðilega og hefur þann augljósa umframkost að stuðla. Slík dæmi eru fleiri, og ekki aðeins í þulum. Ballöðulínan „Til orða tók hún svarta Ísodd“ (*Íslensk fornkvæði*, 4: 224) stuðlar en þó ekki samkvæmt braghefð því að of langt er á milli stuðlanna. Stuðlun í þessari línu getur jafnframt einfaldlega verið fyrir tilviljun. Línan hefði eigi að síður getað stuðlað fullkomlega ef aðeins tveimur orðum hefði verið víxlað: *Til orða tók hún Ísodd svarta. Þetta er hugsanlega tilefni til athugunar á því hvort þessar tvær munnenntagreinar – og hugsanlega fleiri – forðist stuðlun um eitthvert skeið (um breytt hlutverk stuðla við hljóðdvalarbreytinguna sbr.: Atli Ingólfsson, „Að syngja á íslensku,“ 426 (og víðar) og Kristján Árnason, „Gegn oftrú á stuðlana,“ 103–117).

eftir og tengslin við það rofna. Slíkt gerist hins vegar ekki þegar formúlan nær yfir bæði rímorðin. Af þessu leiðir að merkingartengd tilbrigði í formúlu geta breytt stuðlum og hrynjandi í henni en eru þess ekki megnug að minnka rímið í formúlunni. Þetta er enn eitt lóð á vogarskál ríms og segir til um sérstakt mikilvægi þess fyrir þulur – jafnvel umfram stuðla (sbr. umræðu í 7.5.3).

Vissulega eru einnig dæmi þess að breytingar og/eða tilbrigði, sem líklega hafa bragfræðilegan uppruna, stingi í stúf við merkingu textans. Hér að framan var m.a. nefnt að formúlan *hest–mest* missir stuðla í frumlínu við yfirfærslu úr ballöðum í þulur. Vitneskja um stuðlun í frumlínu hefur þó varðveist og ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að fá stuðlunina fram, m.a.: „Eg átti mér haltan hest, // reið ég allra manna mest“.⁵⁶⁸ Þar eru stuðlarnir í frumlínu vissulega endurheimtir – en þá er erfitt að koma því að ríða *manna mest* heim og saman við það að hesturinn er *haltur*. Af þessu má sjá að stundum getur bragþáttur haft áhrif á merkingu (í þulum) og jafnvel orðið henni yfirsterkari. Slíkt er þó enn sjaldgæfara en merkingartengdar breytingar og/eða tilbrigði sem hafa neikvæð áhrif á bragfræðilegu hliðina í þulum; almennt verður ekki vart árekstra bragfræði og merkingar í þulum.

Eftir stendur að formúlur í þulum síðari alda eru bragfræðilegar einingar og þróun þeirra sýnir að þær halda uppi sinni eigin hrynjandi – og taki einnig þátt í því að halda uppi hrynjandi þulutexta. Þessi niðurstaða er í takt við það að frá upphafi formúluumræðu hefur verið litið á formúlur sem samspil tungumáls, merkingar og hrynjandi,⁵⁶⁹ þótt hlutur hrynjandi sé ekki eins augljós í þulum og í flestum öðrum kveðskapargreinum þar sem meiri bragfræðilegar kröfur eru gerðar til formúlna. Lausbundið mál þulna nálgast að vera á mörkum óbundins máls, en til að feta þá markalínu eru ekki aðeins notaðar aðferðir bundins máls heldur utanbragfræðilegir þættir líkt og setningaskipan og formúlur, og þessu tvennu er reynt að halda í jafnvægi. Um jafnvægið hverfist margumrædd miðjusækni í þulum, en í formúlum birtist hún m.a. í því að reynt er að forðast – að því er virðist – bæði skort á bragfræðilegum þáttum í formúlum og ofgnótt þeirra; það sýnir m.a. stuðlaleyssið í dæmi (7-41b) og einkum í formúlunni *diskur–fiskur*.⁵⁷⁰ Þessu tengist líka jafnvægi stuðlasetningar og ríms við breytingar á formúlum, þ.á m. við tilfærslu þeirra úr sagnadönsum og öðrum kvæðagreinum í þulur, en algengt er að við hvarf annars þáttarins úr formúlu komi hinn inn í hana í staðinn. Þessi jafnvægisleikur sýnir mikilvægi bragfræðlegra þátta fyrir formúlur – og sömuleiðis formúlna fyrir hrynjandi þulutexta.

7.6.3. Þáttur hins tónræna

Þulur eru að öllu jöfnu mæltar fram eða raulaðar (sjá nánar kafla 9.1); stundum er jafnvel hægt að segja að þær séu sungnar. Það gefur augaleið að hið tónræna sé snar þáttur í þuluflutningi þótt hann sé ekki óaðskiljanlegur, en aðeins minnihluti þulna er raulaður, þótt drjúgur sé (eða um þriðjungur; sjá nánar kafla 9.1). Um tónræna þáttinn verður hér þó sagt minnst af öllum utanbragfræðilegum þáttum, en frá sjónarhóli bragfræðinnar virðist tónlist vera undirskipuð hrynjandi í talmálsljóði (þ. *Sprechvers*) eins og þulum síðari alda og getur aðeins veitt stuðning við hrynjandi (en ekki ráðið

⁵⁶⁸ Lbs 587 4to I, bls. 135.

⁵⁶⁹ Sbr. Lord, *The Singer of Tales*, 4.

⁵⁷⁰ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic,“ 140.

henni). Sigríður Pálmadóttir, sem hefur einmitt fjallað um hið tónræna í þulum og barnagælum, hefur svipaða nálgun þótt hún sé frá sjónarhorni tónlistarfræði:

Það er alkunna að í alþýðusöng, þar sem farið er með stökur og þulur, er laginu oft fyrst og fremst ætlað það hlutverk að þjóna orðinu. Margir telja að ekki sé um eiginleg sönglög að ræða, þetta sé ómarkvisst raul, eða söngl, einhvers konar hreimur til að lyfta upp textanum.⁵⁷¹

Athugun á þuluupptökum í *Ísmús*-gagnagrunninum sýnir að ekkert dæmi virðist vera um þuluflokk sem aðeins sé raulaður en ekki mæltur fram, þótt nokkur fjöldi dæma sé um þulutexta sem eru bæði mæltir fram og raulaðir, þ.á m. á sömu upptöku.⁵⁷² Það bendir sömuleiðis til þess að tónefni sé undirskipað ljóðahrynjandi – þótt mikilvægt sé – og sé henni aðeins til stuðnings, með sama hætti og setningaskipan og formúlur, en skiptir ekki höfuðmáli í þuluhrynjandi. Hér verður því látið nægja að vísa í greinar Sigríðar Pálmadóttur um þululög⁵⁷³ og enn fremur í verk tónlistarfræðinga sem voru rædd í kafla 7.2.5 í tengslum við þuluhrynjandi.⁵⁷⁴

7.6.4. Niðurlag

Þulur standa svo nærri talmálsljóðum að tónræni þátturinn skiptir ekki höfuðmáli í þuluhrynjandi, þótt hann sé mikilvægur í flutningi. Setningaskipan er hins vegar tiltölulega regluleg þar sem þululína samsvarar oftast setningarlið, setningu eða málsgrein. Hugsanlega væri jafnvel hægt að grundvalla braggreiningu þulna á setningafræðilegum einingum (sbr. *frazovík*, eða (e.) *intonational-phrasal verse*), einkum í þeim hlutum þulutexta þar sem formúlur eru einnig að verki (sbr. kafla 8.3.2.3 um fjölform). Formúlur eru ekki svo útbreiddar í þulum að hægt væri að grundvalla á þeim braggreiningu þulna, en þær virka í þulum sem bragfræðilegar einingar og styrkja, ásamt setningaskipan, bragfræðilegu þættina til muna; hlutverk þeirra er hugsanlega jafnvel meira en í mörgum öðrum þjóðkvæðum sökum þess hversu brothætt bragfræðileg bygging þulna er.

7.7. Niðurstaða um þuluform

Þulur síðari alda falla ekki slétt að neinu greiningarkerfi eins og undanfarandi kaflar hafa sýnt (sjá einkum 7.2). Þær hafa einkenni ýmissa bragkerfa en ekkert bragkerfi virðist þó skýra hrynjandi þeirra til fulls. Hægt er t.d. að greina hrynjandi þeirra sem áherslubundna, með tveimur (til þremur) risum í línu (kafla 7.2.2), eða sem bragliðahrynjandi (kafla 7.2.3), en hvorugur kosturinn er gallalaus. Til þess að bragliðagreina þulur þarf t.d. að gera ráð fyrir tveimur helstu gerðum bragliða, hnígandi tvílið og hnígandi þrílið, og þar með fyrir nokkrum helstu tegundum hrynjandi sem byggjast á þessum bragliðagerðum – nema hrynjandinn sé greind sem *dolník* (kafla 7.2.3); eða þá

⁵⁷¹ Sigríður Pálmadóttir, „Barnagælur og þulur,“ kafla „Tónmál og hugtök“.

⁵⁷² Þulan *Nú koma kýr mínar ofan af fjalli* er bæði mælt fram og raulað á SÁM 85/371 EF (21591 og 21593). Mun fleiri dæmi mætti tína til.

⁵⁷³ Sigríður Pálmadóttir, „Barnagælur og þulur“ og „Tónlist í munnlegri geymd: Rannsókn á stemmum og þululögum frá Ytra-Fjalli í Aðaldal“; þess ber að gæta að þulur í skilningi Sigríðar Pálmadóttur fara ekki alltaf saman við þulur í skilningi þessarar ritgerðar.

⁵⁷⁴ Einkum Казанцева [Kazantseva], „К вопросу о ритмических структурах в знаменном распеве“ [Enn um rytmískrar formgerðir í Znamennyj-kirkjusöng], 43–58. Með vísan í Беляев [Belyayev], „Происхождение знаменного распева“ [Uppruni Znamennyj-kirkjusöngs], 20. Sbr. og rit sem þar er vísað í. Sjá kafla 7.2.4.

fyrir því að þríliður jafngildi tvílið og að þessir tveir bragliðir séu útskiptanlegir (sbr. kenninguna um náttúruhrynjandi, kafla 7.2.4). Þá er hægt að fara nokkrar leiðir til að greina frekar og túlka bragkerfi þulna og stöðu þeirra á mörkum bundins og óbundins máls. Ein leið var farin í kafla 7.2–7.5: bragþáttgreining ásamt því að sýna helstu mynstur í bragformi. Önnur er sú að líta á hrynjandi þulna eins og á bútasam: kaflar og línuhópar koma hver á eftir öðrum, oft hver með sinn takt og sitt rím, og stundum er takti, stuðlum og rími ábótavant inni í þessum köflum og línuhópum. Heildin er eigi að síður auðþekkjanleg sem þula, og það er það sem skiptir máli í umfjöllun um hrynjandi þulna. (Sbr. mynd 4 í lok kafla.) Þriðja leið er fólgin í því að líta á þuluhrynjandi eins og – tæknilega séð – óbundið mál sem er þannig skipulagt með aðstoð utanbragfræðilegra stílbragða að þeir breyta hinu tæknilega séð óbundna máli í kveðskap.⁵⁷⁵ Líkt og kom fram hér að framan er þó varla nauðsynlegt að grípa til þessarar nálgunar þar sem hér hefur verið sýnt fram á að hægt sé að gera grein fyrir þuluhrynjandi með aðstoð bragþátta (7.2.5). Eigi að síður styðja og styrkja utanbragfræðilegir þættir þuluhrynjandi, einkum þeir sem tengjast setningaskipan og hljómfalli (7.6.1) og stílbrögðum sem eru algengir í þjóðkvæðum, þ.á m. formúlubyggingu (7.6.2).

Af ofangreindu má sjá að erfitt hefur reynst að finna eitthvert ráðandi sérkenni (t.d. ráðandi bragþátt) í þulum sem myndi benda til einhvers ákveðins bragkerfis og skýra flest eða allt annað í þuluhrynjandi. Því var hver bragþáttur greindur fyrir sig og komist að þeirri niðurstöðu að þeir séu allir til reiðu í þulum en þó hvergi nærri alltaf notaðir og þá sjaldnast kerfisbundið, hvort heldur er í þulutexta eða þuluflokki. Þó er jafnan til staðar a.m.k. einhver einn bragþáttur, sem tengir þululínu við nærliggjandi línur, enda eru þululínur, sem tengjast ekki næstu línunum bragfræðilega á nokkurn hátt, innan við 1%. Notkunarmöguleikar bragþáttanna eru hins vegar margvíslegir og braghömlur fáar, en ýmsar reglur, sem tengjast stuðlasetningu eða rími í íslenskum kveðskap, virðast aðeins gilda að hluta í þulum (sjá 7.3.1 um reglulega stuðlun gagnvart veikri í þulum en 7.4.1 og 7.4.4 um reglulegt rím gagnvart veikri). Þá virðast engar sýnilegar reglur vera um það hvort tiltekinn bragþáttur er notaður í ákveðnum þuluflokki eða þulutexta, eða um dreifingu hans um þuluflokkinn eða þulutextann. Í því er fólgin talsverð óreiða sem snertir alla helstu bragþætti í íslenskum kveðskap. Ein birtingarmynd óreiðunnar er sú að í sumum flokkum þulutexta (og jafnvel í stuttum þulublokkum, sjá kafla 8.3) er aðeins einn bragþáttur notaður, en í öðrum köflum er bragþáttum hlaðið saman þótt almennt sé reynt að forðast ofgnótt bragþátta. Hver textakafla getur því hæglega haft sitt eigið bragmynstur (spunnið úr einum bragþætti eða fleirum), en bragmynstrið er sjaldnast það sama í gegnum þulutexta í heild (nema í mjög stuttum þulutexta eða þulubroti). Á þennan hátt stuðlar hið brotakennda í byggingu þulna síðari alda að margbreytileika í notkun bragþátta og bragmynstra í þulum. Sjaldgæft er hins vegar að einn bragþáttur haldist kerfisbundið út þulutexta, og þá varla fleiri en einn. Þetta gildir bæði um viðurkennda bragþætti í íslensku bundnu máli og um stílbrögð sem hefur verið gripið til til þess að vega upp á móti skorti á slíkum bragþáttum, t.a.m. um fléttu-stuðlun (7.3.2) eða um fyllidreifingu ríms og stuðla (7.5.1), en þessi stílbrögð eru ekki notuð kerfis-

⁵⁷⁵ Sbr. Fabb, *Language and Literary Structure*, m.a. 68–69, 85–86, 100–101. Sbr. einnig: Frog og Stepanova, „Alliteration in (Balto-) Finnic Languages,“ 204–210.

bundið frekar en hefðbundnu bragþættirnir. Bragkerfi þulna í heild sinni virðist þannig vera fólgið í því að hafa ekkert fast eða gegnumgangandi kerfi.

Eigi að síður er ekki nóg að láta staðar numið við það að notkun hrynjandi, stuðla og ríms í þulum sé óregluleg. Á móti óreiðunni vegur það að helstu bragþættir í íslenskum kveðskap, þ.e. hrynjandi, stuðlasetning og rím, eru notaðir með einum eða öðrum *reglulegum* hætti í a.m.k. um 60% af þululínunum hver, þ.e. í meirihluta þululína hver. Þar að auki eru sömu þættirnir notaðir óreglulega til þess að vega upp á móti skorti á reglulegri notkun á viðkomandi bragþætti eða öðrum bragþáttum í þululínunum. Á þennan hátt er til að mynda áherslulítið sérhljóðarím notað í þulum – eða stuðlað þannig að ljóðstafir ná vart að mynda fullgilt burðarvirki bundins máls en tengja þó þululínur saman. Eitt af sterkustu sérkennum bragforms í þulum er því ekki aðeins fólgið í *óreglu* í notkun stuðlasetningar og ríms heldur í því að *bæta úr óreglunni* með veikri stuðlun og uppbótarstuðlun, veiku rími og uppbótarrími og/eða samspili stuðla og ríms (fyllidreifingu þeirra í þulutexta eða rími þvert á ljóðstafi, sbr. m.a 7.5.1–7.5.2). Þulur virðast þannig iðka stöðugan línudans á mörkum bundins máls og óbundins og virðast halda jafnvægi þar.

Jafnvægisleikurinn stendur í nánnum tengslum við *miðjusækni* sem undirstöðureglu í ytri byggingu þulna, en hana má víða greina, eins og nefnt var hér að framan.⁵⁷⁶ Hún birtist í því að margir þættir í þulum sækja í áttina að meðalgildi sínu eða meðaltali, en færri í hina áttina. Í því felst að þrátt fyrir margvíslegar undantekningar eru ákveðnar tilhneigingar ríkjandi. Þær koma fram í meirihluta þululína og eru sýnilegar í flestum einstökum þulutextum og í heilum þuluflokkum.⁵⁷⁷ Þannig fá meðaltöl og meðalgildi talsverða þýðingu í þuluhrynjandi. Í kringum þessi meðaltöl myndast *mildar, eða sveigjanlegar bragreglur* um notkun hvers bragþáttar fyrir sig – sem vega sömuleiðis á móti óreiðu í bragþáttanotkun. Mildar reglur stjórna hrynjandi þulna með því að gefa hverjum bragþætti talsvert rými í kringum meðalgildi – þar sem bragliður getur t.d. verið tvíliður *eða* þríliður, og í þululínu geta verið tveir *eða* þrír bragliðir. Mildar reglur leyfa jafnframt frávik út fyrir þetta rými (t.d. fimm eða sex bragliði í línu). Mildar reglur skýra líka það að leyfð er ekki aðeins notkun fullgildra bragþátta, líkt og fullrím og hefðbundnir ljóðstafir, heldur ýmissa veikari gerða af samhljómunum, þar á meðal þeirra gerða sem eru ekki almennt viðurkenndar hér á landi en teljast t.d. til hefðbundinna bragþátta í Evrópu (sjá 7.3.1–7.3.2 um ljóðstafi og 7.4.4 um rím).

Lýsing dæmigerðrar þululínu samkvæmt mildum reglum sem miða við meðalgildi gæti verið á þessa leið: Þululína er um sex atkvæði að lengd (e.t.v. einu til tveimur atkvæðum fleiri eða færri), eða tvö til þrjú áhersluorð; hún er helst af gerðinni SvSvSv eða þá SvSv, með einn ljóðstaf eða tvo, og stuðlar og/eða rímar við næstu línu á undan og/eða á eftir. Auk þess er líklegt að hún beri einhverja veikari stuðla og/eða rím, og að rímið sé þá endarím (og þá helst kvenrím). Miklu lengri eða miklu styttri línur, einkum í upphafi og enda þulutexta, eru þó einnig bæði leyfilegar og einkennandi

⁵⁷⁶ Sjá kafla um lengd þululína (7.2.1) og áherslufjölda í þululínunum (7.2.2), um viðtekna stuðlasetningu (7.3.1) og rím, þ.á m. innrím (7.4 og 7.4.3), um almenn hlutföll ríms og stuðla (7.4.5.3) og um formúlur (7.6.2).

⁵⁷⁷ Á plani einstakra texta birtist miðjusækni t.d. í því að í einum og sama texta eru línur, sem nálgast meðtalt atkvæða, áherslna eða móra í línu fyrir umræddan texta, talsvert fleiri en línurnar þar sem fjöldi atkvæða, áherslna eða móra er lengra frá meðtaltinu (7.4). Á plani heilla þuluflokka má sjá miðjusækni í því að há hlutföll lína af ákveðinni gerð lækka oft með tímanum – en lág hlutföll hækka (7.5.3).

fyrir þulur. Þá er dæmigerð þululína annaðhvort fullkláruð setning eða a.m.k. afmarkaður setningarliður, og líklegt að í henni sé fólgin setningafræðileg hliðstæða við næstu línu(r), en sterk samsvörun bragfræðilegra og setningafræðilegra eininga er enn eitt sterkt einkenni bragforms í þulum.

Því er hægt – þrátt fyrir óreglu í notkun bragþátta – að leggja til póstíva skilgreiningu á bragkerfi þulna. Hún er fólgin í því að þulur eru textar (sjö eða fleiri línur að lengd) sem eru kaflaskiptir í samræmi við innri byggingu þulna frekar en erindaskiptir (kaflarnir samsvara að mestu leyti þulublokkum, eða helstu byggingareiningum þulna, sjá kafla 8.3) og í þessum textum gilda *mildar (sveigjanlegar) reglur* um línulengd, skiptingu á sterkum og veikum stöðum í línunum, stuðlasetningu og rím, reglur sem grundvallast á ríkjandi tilhneigingum í bragformi þulna og meðalgildum fyrir hvern bragþátt en leyfa þó ákveðið svigrúm í kringum meðalgildin. Þessar mildu reglur marka sérstöðu þulna ásamt nokkrum öðrum sterkum sérkennum bragforms þeirra, einkum notkun veikrar stuðlasetningar ásamt uppbótastuðlum og veiks ríms ásamt uppbótarrími (meðfram viðtekinni stuðlasetningu og viðteknu rími) og sterku hlutverki setningaskipanar.

Út frá þessari almennu lýsingu á bragkerfi þulna er hægt að svara spurningum sem settar voru fram í upphafi kafla 7:

1. Bragform markar skýrt sérstöðu íslenskra þulna síðari alda, en það er mun óreglulegra en í flestum öðrum munnlegum kveðskap, og bragkerfi þulna mun torgreinilegra fyrir vikið. Talsvert af munnlegum kveðskap er háttbundið, þótt bragarhættirnir séu ekki endilega eins bundnur og rímnahættir; en þulur eru gjörólíkar þeim kveðskap. Flestur munnlegur kveðskapur er erindaskiptur, jafnvel sum kvæði sem eru ekki endilega háttbundin – þ.á m. keðjukvæði og sum leikkvæði í svipuðu formi, en þau eru einmitt meðal kvæðagreinanna sem oft eru nefndar *þulur* í frumheimildum (eða þulur nefndar nöfnum þessara kvæðagreina). Þá greina mildar reglur – um línulengd og notkun ljóðstafa og ríms – þulur frá annarri slíkri kvæðagrein, þ.e. langlokum (sem eru ekki erindaskiptar en lúta að öðru leyti venjulegum bragreglum). Bragform getur þó ekki eitt og sér aðgreint þulur síðari alda frá barnagælum, gátum og sumum öðrum leikkvæðum sem eru í svipuðu formi og þulur. Af þessum ástæðum getur bragform ekki verið *afgerandi* mælikvarði á það hvaða textar tilheyra þulum sem kvæðagrein – en er *ómissandi* mælikvarði þrátt fyrir það.
2. Varla er hægt að segja að til sé sérstakur *þuluháttur*, en bragform þulna getur verið mjög mismunandi, eins og fram hefur komið. Hins vegar virðist skilgreining á bragformi þulna síðari alda geta í senn verið skilgreining á formi sumra annarra kvæða (og jafnframt stakra kvæðagreina), þ.á m. sumra barnagæla, særinga, leikformála, gátna o.fl. (Þetta er þó sett fram með þeim fyrirvara að bragform margra þessara kvæðagreina hefur lítt verið rannsakað.) Bragform þetta hefur verið kallað *þuluform*,⁵⁷⁸ og þetta hugtak á sér fullan tilverurétt.
3. Formúlur í þulum síðari alda virka og þróast sem bragfræðilegar einingar þrátt fyrir það að þulur virðast ekki gera bragfræðilegar kröfur til þeirra; formúlur þurfa að hafa ákveðin bragfræðileg

⁵⁷⁸ Ögmundur Helgason, „Þulur,“ 409 og Helgi Skúli Kjartansson, „Vísan um Fönix,“ 281; einnig Sigfús Sigfússon: *Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*, 15: 9 (sbr. kafla 4.1). Ólafur Davíðsson getur þessa í sambandi við svokallað Hrómundarbréf: „[...] jeg hika mjær ekki við að taka það upp í þetta safn [þ.e. þulusafnið – *YSH*] og láta prenta það í þuluformi“ (Lbs 587 4to V, [52r]); þó er hugsanlegt að hann eigi við uppsetningu í fyrirhugaðri útgáfu frekar en bragform.

einkenni, eðlis síns vegna, og styrkja þar með bragform þulna. Þær eru því mikilvægar fyrir bragkerfi þulna en eru varla nógu útbreiddar í þulum til að hafa afgerandi áhrif á skilgreiningu þess.

Mynd 4: Þuluhrynjandi



8. Þulubygging

Mikil áhersla er lögð á bragform í skilgreiningum á þulum síðari alda, eins og sjá mátti í kafla 4 og 7; en það verður ekki sagt um byggingu á þulum. Það sjaldan þulubyggingu er lýst í ritum, sem leggja sig fram um að skilgreina þulur, er það gert í almennum orðum, í gegnum samanburð eða með vísun í önnur fyrirbæri. Theodóra Thoroddsen segir í frægu greininni sinni um þulur að þær séu „sundurleitar [...] að efni og framsetningu, engri hugsun sé haldið fastri, þotið úr einu í annað stefnu og fyrirhyggjulaust“⁵⁷⁹ og dregur upp þessu til skýringar mynd af „barnakonu“ sem þarf að halda nokkrum börnum á mismunandi aldri þægum og hljóðum þótt sagnasjóður hennar sé uppurinn:

Hún gerir sér hægt um hönd, tekur miðpartinn úr einni þulunni og skeytir framan við upphafið á annari, og svo koll af kolli eftir því sem henni hugkvæmist, bætir svo í skörðin frá eigin brjósti. Af þessu leiðir það eðlilega, að einn hefir þessa þuluna á alt annan veg en hinn, þó auðsætt sé að stofninn er einn og samur og alt sama tóbakið.⁵⁸⁰

Lýsing Jóns Samsonarsonar er bæði fræðilegri og ýtarlegri en grunnhugmyndin er sú sama:

Þ. eru margbreyttar og er einkenni þeirra að þær geta fléttast saman á mismunandi hátt. Oft gerist það með því móti að einstakar þ. eða hlutar úr þ. tengjast saman á mismunandi vegu, svo að sífelld koma fram nýjar og nýjar þuluheildir, þrátt fyrir það að einstakir hlutar séu gamalkunnir. Einn þuluhlutinn tekur við af öðrum í langri röð, án þess að texti hvers um sig breytist að marki. Hitt getur þó einnig gerst að þ. séu rifnar sundur í smátætlur og komi þannig fram nýjar þ. gerðar úr brotum héðan og handan. [...] Stundum eru nafnaraðir uppistaðan, eins og var í gömlum þ. [...] Stundum er öllu blandað saman og hlaupið úr einu í annað. Einstaka þ. eru ruglingslegar, svo að varla er í þeim heil brú.⁵⁸¹

Bæði Theodóra og Jón fjalla mest um stærri byggingareiningar þulu (*parta* eða *hluta*) en ræða ekki kerfisbundið úr hvaða smærri einingum og á hvaða hátt þessar stærri einingar eru saman settar. Jón nefnir að vísu að stundum séu nafnaraðir uppistaðan í þulu – eða þuluhluta, má bæta við; þá eru væntanlega nöfnin þessar smærri byggingareiningar. Hann getur þess hins vegar ekki hvaða byggingareiningar mynda þær þulur – og þuluhluta – sem samanstanda ekki af nöfnum. Jón getur þess einnig að stundum séu þulur „rifnar sundur í smátætlur“, sem er vissulega rétt, en skilgreinir ekki heldur nánar hvers konar einingar þessar „smátætlur“ eru. Þá líkti Davíðs Erlingsson⁵⁸² byggingu þulna síðari alda við perlufestar sem dregnar væru úr skartgripaskríni; hendi væri stungið ofan í það og togað í einhverja perlu af handahófi, og þá kæmu fleiri og fleiri af ýmsum stærðum og gerðum og megnið af öllum perlunum í skrininu fyrir rest – ef líking Davíðs var rétt skilin. Sé rýnt í myndina og samlíkingin útfærð aðeins nánar kemur fleira en perlur upp úr slíku skríni: heilar hálsfestar úr ýmsu efni (trékúlum, málmhlekkjum, glerperlum, slípuðum náttúrusteinum, grófum hraunmolum og kannski

⁵⁷⁹ Theodóra Thoroddsen, „Þulur,“ 415 (leturbreyting greinarhöfundar). Sjá umfjöllun um greinina í kafla 4.1.

⁵⁸⁰ S.r., 416.

⁵⁸¹ Jón Samsonarson, „Þula,“ 311–312. Ögmundur Helgason hefur enn færri orð um þetta („Þulur,“ 404): „Það er hvort tveggja að einn þuluhluti taki við af öðrum, jafnvel í langri röð, án þess að texta hvers brots sé breytt svo nokkru nemi, þótt einnig sé stundum skotið inn á milli viðbótarefni, eða eldri samsetning sé slitin í sundur og brotum raðað saman úr ýmsum áttum í nýjar þulur.“

⁵⁸² Þetta kom fram í samtölum þeirrar er hér ritar við Davíð sumarið 2000, en Davíð var umsjónarmaður hennar í verkefni um íslenskar þulur „Heimur og hlutverk þulna“ sem var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

plasti inni á milli) þar sem mismikið er lagt í hönnun og stundum misvandað til verks; líka slitnar festar þar sem aðeins sumt hangir saman; sumar hálsfestarnar koma samanvafðar eftir langa geymslu þannig að endir einnar kemur út úr miðju á annarri, stakt armband hefur flækst inn í þá þriðju og ósamstæðir eyrnalokkar inn í þá fjórðu, og svo má lengi telja. Séu festarnar aftur settar inn í skrínið (án þess að búið sé að greiða úr flækjunum og raða kerfisbundið aftur ofan í, en slíks er ekki endilega að vænta í munnlegri geymd) er ekki víst að þær komi aftur upp í sömu röð, þótt líklegt sé að nokkuð margar einingar haldist að mestu óbreyttar. Í þessari útfærslu á samlíkingin ekki aðeins að snúast um stærri byggingareiningar þulu (líkt og þær sem fyrr var getið) heldur á hún að endurspeglar tilvist margvíslegra smærri byggingareininga í þulum og þráða sem tengja þær. Út frá þessari mynd má t.a.m. spyrja hvers konar einingar þessar „perlur“ eru sem hálsfestar eða bútar þeirra samanstanda af, eftir hvaða lögmálum er þessum einingum skeytt saman o.s.frv. Við byggingargreiningu í þessum kafla var því byrjað á því að sundurgreina og skilgreina byggingareiningar í þulum, stórar sem smáar, og freista svo að koma auga á tengsl á milli byggingareininganna og þau lögmál sem þulubygging fylgir.

Þörf á nýrri greiningu á byggingu þulna síðari alda skýrist m.a. af því að þulur eru hvorki heilleg frásagnarkvæði né lýrísk kvæði, þótt í þeim megi finna bæði misskýr frásagnarbrot og lýríska þætti, og jafnframt samtalsþætti. Flestar hefðbundnar greiningaraðferðir eru fyrir vikið varla nothæfar fyrir byggingu þulna, líkt og hefðbundin bragkerfi ná ekki utan um hrynjandi þulna. Meðal slíkra hefðbundinna greininga er hin klassíska almenna skipting frásagnar í upphaf, flækju, framvindu og lyktir; enn fremur greiningarkerfi Propps – sem má nota á ýmis frásagnarbrot í þulum (sbr. kafla 8.3.3.3) en skýrir ekki alla þulubyggingu⁵⁸³ – og sömuleiðis greiningarlíkan Greimas o.fl. (með gefanda, sendanda, hjálpara, hetju og þorpara).⁵⁸⁴ Vegna þess að hefðbundin greiningarkerfi ná ekki yfir alla þulubyggingu er hún greind hér út frá einstökum byggingareiningum; annars vegar grunneiningum, þ.e. heitum (sérnöfnum og samnöfnum, sjá kafla 8.1) og minnum (mótífum, sjá 8.2), hins vegar stærri einingum, svokölluðum blokkum, sem eru settar saman úr grunneiningum (8.3). Um tengsl þessara eininga og þulutexta er kafla 8.4; niðurstöður eru í 8.5. Með þessari greiningu er leitast við að finna svör við þessum spurningum:

1. Hver eru helstu sérkenni í byggingu íslenskra þulna síðari alda?
2. Að hvaða leyti lýsir bygging sérstöðu íslenskra þulna síðari alda? Getur bygging verið afgerandi mælikvarði á það hvaða textar tilheyra þessari kvæðagrein? (Sbr. rannsóknarspurningu 1 í kafla 1.1.)
3. Eru þulur formúlukveðskapur, þ.e. grundvallast bygging hans á formúlum? (Sbr. rannsóknarspurningu 3.) Um það verður eiknum rætt í kafla 8.2.3 (sbr. 8.3.2.3).

⁵⁸³ Sjá fyrst og fremst: Propp, *Morphology of the Folktale*, einkum 19–24.

⁵⁸⁴ Sjá Греймас [Greimas], *Структурная семантика* [Sémantique structurale], 248–307; sbr. Barthes, „An Introduction to the Structural Analysis of Narrative,“ 237–272.

8.1. Heiti

Heiti eru minnsta grundvallareining í þulubyggingu, hvort sem um fornþulur er að ræða (sjá kafla 2) eða þulur síðari alda. Fornþulur voru nær einvörðungu settar saman úr heitum, en í þulum síðari alda er bygging fjölbreyttari og flóknari, og heiti eru aðeins ein af helstu byggingareiningum. Upp-
talingar á heitum eru eftir sem áður eitt af augljósustu sérkennum þulna síðari alda, þótt heiti þar séu nokkuð frábrugðnar heitum í fornþulum. Heiti í þulum síðari alda eru skilgreind í kafla 8.1.1 og bygging þeirra athuguð með hliðsjón af skilgreiningu á fornum heitum og byggingu þeirra (8.1.2). Í kafla 8.1.3 er greint frá helstu aðferðum við að setja saman nafnalista í þulum að fornu og nýju. Þá er sagt frá helstu heitauptalningum í þulum síðari alda og frá sérkennum heitasafna þeirra (8.1.4). Helstu einkenni heita eru dregin saman í 8.1.5.

8.1.1. Hugtakið *heiti* í þulum síðari alda

Skilgreining á heitum í þulum síðari alda er að nokkru frábrugðin skilgreiningunni á heitum í fornum kveðskap, enda háttar öðruvísi til í síðari alda þulum en í fornþulum. Heiti í fornum kveðskap voru aðallega samheiti yfir það helsta í myndmáli skálda,⁵⁸⁵ þau voru notuð bæði stök (sér) og þó einkum í kenningum. Hér er með *heitum í þulum síðari alda* hins vegar átt við bæði sérnöfn (mannanöfn, viðurnefni og önnur auknefni, kúanöfn og fleiri húsdýra, bæjarheiti o.fl. þess háttar) og samnöfn (einkum almenn orð um menn og konur, tegundir húsdýra, tól og tæki o.fl.) sem koma ítrekað fyrir í þulum, einkum í upptalningahlutum þeirra – en oft er erfitt að greina á milli samnafna og sérnafna í þulutextum. Jafnframt geta talist til heita staknöfn (bæði *hapax legomena* og orð sem eru ekki endilega sjaldgæf í íslensku en koma varla oftar en einu sinni fyrir í þulum síðari alda) sem standa í röð sambærilegra nafna. Orðið *röð* ber hér að skilja í beinni sem og óbeinni merkingu, m.a. sem merkingarröð eða merkingarsvið; sum nöfn kunna því að vera nefnd aðeins einu sinni í þeim þulutextum sem hér eru til athugunar en eru þó flokkuð sem heiti, séu þau innan um önnur heiti eða á sama merkingarsviði, með sama málsniði⁵⁸⁶ og notuð á sama eða svipaðan hátt og önnur heiti.⁵⁸⁷ Það eitt að nafn (samnafn eða sérnafn) er gert hluti upptalningar á heitum, eða sett inn á sama merkingarsvið og í sama notkunarmynstur og önnur heiti, gerir umrætt nafn að heiti þótt upprunaleg

⁵⁸⁵ Heitum í fornum kveðskap er víða lýst sem *poetic synonyms*, þ.á m. í *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, 1: cxxxix, en þar segir að heiti sé „poetic synonym, an alternative and often descriptive term or name for a frequently-occurring object or person“ (hér er vísað í hugtakalista, og eru sams konar listar einnig í öðrum bindum útgáfunnar). Sbr. skilgreiningu E. A. Gurevich á heitum sem „poetic terms (*heiti*) for the main subjects of skaldic verse“ (Gurevich, inngangur að: „Þulur,“ 649) og „скальдических синонимов-хейти“ („heiti – samheiti í dróttkvæðum kveðskap“ (Gurevich [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu heitisins „þula“ í forníslensku], 184)). Sbr. einnig skýringu K. E. Gade á orðinu *þula* í 7. lausavísu Sneglu-Halla, *Ortak eina // of jarl þulu*, sem „A list of poetic synonyms“ (Sneglu-Halli, „Lausavísur,“ 328 (7²), skýringin er á bls. 329).

⁵⁸⁶ Orðið *málsnið* er hér notað í tengslum við hugtakið *register*, sem hér er þó notað í nokkuð þröngri merkingu, eða í anda Dells Hymes („Ways of Speaking,“ 440). Gott yfirlit um notkun hugtaksins í þjóðfræðum er í: Frog, „Registers of Oral Poetry,“ 77–104.

⁵⁸⁷ Nafnið *Rúintá* stendur t.d. í runu afar skríttinna nafna – eða öllu heldur ónefna – meyjarinnar „sem dauð var 10 árum áður enn Faðirinn og móðirinn voru fædd“ (Lbs 421 8vo, 38v) og virðist vera einsdæmi (sbr. þó *Rúinbrá* í Lbs 416 8vo, 301r, sbr. og DFS 67, 241v). Annað ónefni sem kemur reyndar nokkrum sinnum í Þórnaldarþulu er *Slefugerður* (t.d. Lbs 1057 4to, 158v; sbr. Lbs 587 4to IX, 27v, 33v og 59r). Ólíkt við ónefnið *Rúintá* stendur það ekki í runu annarra nafna, en hins vegar koma nöfnin *Arngerður*, *Þorgerður* (AM 148 8vo, 254r), *Hallgerður* (AM 154 8vo XII, 1v) o.fl. þess háttar oft fyrir í Þórnaldarþulu og mynda þar með röð sem nýja ónefnið gengur inn í.

merking eða aðalmerking þess sé önnur – eða að heitið sé allt að því merkingarlaust.⁵⁸⁸ Heiti er þar með inntaks-/innihaldseining (e. *content unit*) frekar en hlutverk í frásögn (e. *function*), einkum með tilliti til þess að frásögn – sérstaklega með atburðarás – er ekki endilega til staðar í þulum.

Samkvæmt fornri skáldskaparfræði voru heiti aðallega notuð í kenningum,⁵⁸⁹ en kenningar eru ekki við lýði í þulum síðari alda. Eigi að síður hafa heiti í þulum síðari alda haldið því undirstöðuhlutverki sem þau gegndu í fornþulum (í byggingu þeirra), þ.e. að halda uppi upptalningu, fylla inn í vísuorð og erindi og vera helsta byggingarefni þulu. Heiti í þulum síðari alda hafa því tvenns konar hlutverk, líkt og forn heiti, en þó með öðrum hætti. Annars vegar eru þau notuð sem hluti af öðrum einingum (minnum – frekar en kenningum) en hins vegar á eigin vegum, einkum í upptalningum þar sem stök heiti eru oft aðalatriði. Heiti eru afar margbreytileg og geta því táknað bæði gerendur og þolendur, svo og hluti sem athafnir beinast að eða sem eru einfaldlega taldir upp. Þar með gegna heiti – eða a.m.k. geta gegnt – flestum eða öllum hlutverkum í umsagnarlið, en umsagnarliður er fyrir sitt leyti víða talinn vera kjarninn í minnum, annarri mikilvægri byggingareiningu þulna (sjá kafla 8.2.2 um minni).

Algengust eru heiti í kúaþulum, Grýluþulum (þar sem nöfn Grýlubarna eru talin upp) og dansþulum eða öðrum upptalningum nafna manna í gleðinni eða fylgdarmanna einhvers (t.d. kóngsdóttur eða kerlingar),⁵⁹⁰ sjá kafla 8.1.4. Í slíkum upptalningum eru oft tvö nöfn í hverri línu, eða um 1,5 heiti í línu þegar tillit er tekið til inngangs- og niðurlagskafla þar sem geta verið fá eða engin heiti. Að meðaltali er eitt eða fleiri heiti í u.þ.b. tveimur þriðju af þululínu í hverjum þuluflokki, en meðalfjöldi heita í þulum nálgast eitt heiti á þululínu. Af þessu er auðséð að heiti eru með mikilvægustu grunneiningum í þulubyggingu. Áður en kemur að umfjöllun um byggingu þulu verður því bygging heitanna sjálfra rædd nánar.

8.1.2. Myndun heita

Sú er hér ritar hefur sýnt fram á það að í þulum síðari alda séu notaðar svipaðar aðferðir til þess að mynda heiti og í fornþulum,⁵⁹¹ en E. A. Gurevich hafði greint uppruna og formgerð fornþuluheita og sýnt fram á að mörg heitanna hafi verið búin til sérstaklega fyrir þulur (einkum fyrir þulur í Snorra-Eddu) eftir nokkrum helstu aðferðum, eða líkönum, þ.á m.:⁵⁹²

⁵⁸⁸ Sbr. Gurevich, „*Þulur in Skáldskaparmál: An Attempt at Scaldic Lexicology*,“ 39–44, einkum 41. Dæmi um orð sem verður að heiti við það eitt að koma inn í þulu – í þessu tilfelli jafnvel fæðast inn í hana – er *tafar*, en það hefur varla eigin merkingu (aðra en óskýra tengingu við orðin *töf* og *tefja*) og er nokkuð augljóslega búíð til til þess að kallast á við *nafar* og fylla þannig upp í þululínu. Sbr. „*nafarin tafarin*“ (JS 289 8vo I, 29r; sbr. Lbs 587 4to I, bls. 133 og Lbs 423 8vo, 109r), „*Nafar minn tafar minn*“ (Lbs 414 8vo, 107v–108v), „*Nafar Tafar*“ (JS 511 8vo, bls. 15) o.fl.

⁵⁸⁹ Athuganir E. A. Gurevich („*Þulur in Skáldskaparmál: An Attempt at Scaldic Lexicology*,“ 37, 40) sýna reyndar að aðeins um 15% fornra þuluheita hafi verið notað í kenningum í kveðskap sem hefur varðveist.

⁵⁹⁰ Sbr. „*kóngsdóttir*“: AM 960 XIII 4to, 1v (sbr. og Lbs 414 8vo, 108v); „*kerling*“: Lbs 587 4to VIII, 14v.

⁵⁹¹ Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmennta-greinar], 158–178; sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmárole-Verses from the North Atlantic,“ einkum 104–107.

⁵⁹² Gurevich, „*Þulur in Skáldskaparmál: An Attempt at Skaldic Lexicology*,“ 35–41, einkum 39. Sbr. og Gurevich, inn-gangur að: „*Þulur*,“ 654.

1. Almenn merking orðs – eða jafnvel önnur merking sama orðs – er dregin fram til að víkka þar með merkingarviðið þangað sem hægt er að sækja orð og nota þau sem heiti.⁵⁹³ Dæmi þess í þul- um síðari alda má líta í nöfnum Grýlubarna. Tröllkonuheitid *Flaska*, sem kemur fyrir í Allra flagða þulu (þá hugsanlega í merkingunni ‚flása‘),⁵⁹⁴ hefur væntanlega síðar verið endurhugsað – í gamni eða alvöru – sem ílát undir vökva og gert að heiti barns Grýlu. Síðar dregur þetta heiti á eftir sér inn í þulu heilan flokk nafna með svipaðri merkingu (‚ílát‘, ‚áhald‘): *Ausa* og *Askur*, *Koppur* o.s.frv.⁵⁹⁵ Á svipaðan hátt kemur karlmannsnafnið *Bolli* (í annarri Grýlubarnaþulu) nokkrum öðr- um nöfnum yfir heimilisílát: *Strokkur* og *Strympa*, *Dallur* o.s.frv.⁵⁹⁶ Þannig er m.a. viðhaldið sam- hengi við fornar tröllanafnaþulur sem er einkar mikilvægt í ljósi þess að í fornþulum er *Grýla* tröll- konuheitid og Grýlubörn eru einnig tröll í þjóðfræðahefð síðari alda.⁵⁹⁷ Meðal heita eru því bæði þau sem eru almennt notuð um táknið heitisins, eins og *Sláni* eða *píka* eru notuð um mann- fólk,⁵⁹⁸ og þau sem tákna upprunalega aðra hluti en táknið heitisins en eru yfirfærð á tákniðið, líkt og *Gedda* eða öll heiti á pottum, döllum o.fl. ílátum sem eru notuð til að nefna börn Grýlu.⁵⁹⁹
2. Sérnöfn geta verið notuð sem samnöfn (algengt í fornþulum),⁶⁰⁰ en samnöfn eru jafnframt notuð sem sérnöfn (hugsanlega jafnvel í meira mæli í þulum síðari alda), sbr. orðin *Ausa* og *Askur*, *Koppur* og *Kippa* hér að framan. Slík notkun leiðir til þess að mörk á milli samnafna og sér- nafna, sem eru oft óljós, mást enn frekar út og erfitt er að segja til um hvort tiltekið orð er notað sem samnafn eða sérnafn, einkum með tilliti til þess að notkun hástafa og lágstafa í mörgum handritum er ekki endilega kerfisbundin. Stundum getur aðeins samhengi – ef þá nokkuð – skor- ið úr því hvort t.d. orðið *skjalda* er notað í merkingunni ‚skjöldótt kýr‘ eða sem nafn á kú, hvort *kolla* í tilteknum texta er ‚kollótt ær, kollótt kýr‘ eða kýrnafn o.s.frv. Þulutexti í dæmi (8-1), þar sem venjulegum samnöfnum er þröngvað í eina röð með nöfnum sem eru sett fram sem sérnöfn kúa (og eru á sama tíma lýsandi heiti, sjá 4. lið), er einnig dæmi um vandasama aðgreiningu sérnafna og samnafna:

(8-1) Hvar á að tjalda segir Skjalda
 Suð<ur> við ána segir hún Grána.
 Sól skín á fossa segir hún Krossa.
 Þar er lítil þúfa segir hún Húfa.
 Eg skal snjónum spyrna seg<ir> hún Hyrna
 Eg skal fjósið finna segir hún Kinna.
 Eg skal é[t]a í mína hit segir hún Hvít.

⁵⁹³ Til að tákna t.d. jörð í fornþulum mátti nota ekki aðeins samheiti við *jörð* heldur einnig ýmis landslagsfyrirbæri, t.a.m. *holt*, *hlíð*, *tunga*, *sandur* o.fl. („Þulur“, 879: Jarðar heiti, 2^{1-3,6,8}).

⁵⁹⁴ Jiriczek, „Zur Mittelländischen Volkskunde“, 8 (6⁵). Sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, „flása“ og „flása“.

⁵⁹⁵ DFS 67, 260r.

⁵⁹⁶ AM 960 IX 4to, 1r.

⁵⁹⁷ Sjá t.d.: Árni Björnsson, „Hjátrú á jólum“, 113–114, 123.

⁵⁹⁸ *Sláni*: AM 960 IX 4to, 1r; þululínan „Ingírídur Herdís píka“ er í NKS 3010 4to (37) (Össur Össurason, nr. 1, 1v), en reyndar er óvíst hvort *píka* á að gegna hlutverki nafns eða auknefnis í þessum texta.

⁵⁹⁹ Kúuheiti eru sérstakur hópur að þessu leyti því að flest orð sem eru notuð sem kúanöfn tengjast kúm, þótt tengslin séu í sumum tilfellum nokkuð langsótt.

⁶⁰⁰ T.a.m. árnöfnin *Rín*, *Saxelfr*, *Tifr*, *Eufrátes*, *Nepr*, *Ganges*, *Jorðán* o.fl., jafnan skrifuð með litlum staf í eldri handrit- um nema í upphafi vísu („Þulur“, 840, 843, 845, 847 og 850: Á heiti, 2^{1,8}, 3^{1,6}, 4⁷, 5² og 6⁸).

Eg skal éta sem eg þoli segir hann boli
Eg skal éta sjálfur segir hann litli Kálfur.⁶⁰¹

Lokaorð í fyrstu sjö þululínunum eru algeng kúanöfn, en lokaorð tveggja síðustu þululína eru samnöfn með tiltölulega þrönga merkingu, þ.e. tákna aðeins nautgrip af ákveðnu kyni og/eða á ákveðnum aldri. Það helsta sem sameinar þessi samnöfn við sérnöfnin í undanfarandi línunum er að hvor tveggja tákna nautgrip með eitthvert ákveðið einkenni: skjöldotta kú, gráa kú, húfotta kú o.s.frv., tarf og loks ungvíði (sbr. *kvíga, kvígr, öldungr, tíðungr, tarfr* o.fl. í fornþulum). Öll nöfnin hafa því sameiginlega almenna merkingu: „nautgripur“ (sbr. hér að framan). Slík blanda sérnafna og samnafna er algeng í þulum; hvor tveggja nöfnin verða að heitum fyrir áhrif frá formgerð upptalningar, en upptalning tekur inn nöfn af mismunandi uppruna og byggingu og þurrkar upp muninn á milli þeirra að því leyti að aðalhlutverk þeirra allra í upptalningu er einfaldlega það að vera atriði sem eru talin upp. Þess háttar gangvirki er mjög einkennandi bæði fyrir fornþulur og þulur síðari alda. Hvort nöfnin eru upprunalega samnöfn eða sérnöfn, íslensk eða af erlendum uppruna o.s.frv. fellur í skuggann af þessu aðalhlutverki.

3. Bæði almenn orð í tungumálinu og orð úr öðrum bókmenntum og munnmenntum, sem og erlend orð, eru notuð til að mynda heiti. Þulur síðari alda eru vissulega ekki lærð grein (ólíkt fornþulum), þannig að erlend eða lærð orð eru talsvert sjaldgæfari þar meðal heita.⁶⁰² Af erlendum örnefnum – sem eru svo algeng í fornþulum – má helst nefna Róm og Lundúnir, það fyrrnefnda aðallega í sambandi við hinn vinnusama Gretti úr Grettisfærslu (og er sennilega fengið að láni þaðan),⁶⁰³ en það síðarnefnda einkum í samsetningunni *Lundúnakvæði* og talsvert sjaldnar *Lundúnastræti*, sbr. dæmi (8-2):

(8-2) [...] Lundúna stræta, dansar enginn dansinn með læti;
Gott lætur hann sjer með sóma,
Hann svæfir páfann í Róma [...] ⁶⁰⁴

Fyrir koma einnig erlend mannanöfn, stundum afskræmd eða afbökuð, t.d. „Marteinn lúti“,⁶⁰⁵ m.a. mannanöfn sem voru vinsæl annars staðar á Norðurlöndum en síður hér á landi, t.d. *Lúsía*.⁶⁰⁶ Á hinn bóginn er talsvert um nöfn af samnorrænum uppruna, t.d. nöfnum Grýlubarna og kúanöfnum⁶⁰⁷ og sömuleiðis nokkuð um orð af erlendum uppruna sem hafa þó samlagast íslenskunni

⁶⁰¹ SÁM 30a, 81r.

⁶⁰² Í fornþulum eru það einkum nöfn úr goða- og hetjukvæðum annars vegar en hins vegar erlend örnefni (sbr. árnöfnin hér að framan) og erlend nöfn á hinum aðskiljanlegustu fyrirbærum, t.d. orð eins og *scorpion* í Orma heitum, 3⁷ („Þulur“, 931).

⁶⁰³ Um tengsl Grettisfærslu og þulna síðari alda sjá: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla“, 32–37; Jónas Kristjánsson, „Poki fór til Hnaua“, 23–27; sbr. kafla 2.3 hér að framan.

⁶⁰⁴ Lbs 587 4to III, 42r. *Lundúnakvæði* (t.d. „svo er lokið lundúnakvæði“), sjá JS 289 8vo I, 28r, sbr. Lbs 587 4to III, 8v („Lundúnar kvæði“), Lbs 587 4to II, bls. 163 („Lundúnakvæð[i]“) og talsvert víðar.

⁶⁰⁵ Lbs 936 4to, bls. 790.

⁶⁰⁶ Lbs 421 8vo, 34v og víðar.

⁶⁰⁷ Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn“, 150–154 og 157–159; sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen“, 193–210; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmorle-Verses from the North Atlantic“, 102–107).

fyrir löngu, t.d. *biskup*.⁶⁰⁸ Einhver orð komu efalítið úr öðrum munnmennta- og bókmenntagreinum, m.a. fornþulum (sjá her að aftan, einkum kafla 8.1.4.4), en einnig þjóðsögum, ævintýrum og öðrum kvæðum. Nafnið *Loppa* kemur t.d. fyrir í þulum,⁶⁰⁹ en það kann m.a. að koma úr álfasögu þar sem (álf)kona er látin kveða línurnar í dæmi (8-3a), en í (8-3b) er þulubrot, og er nafnið þar auðsjáanlega af sama meiði:

(8-3a) það var á einu kveldi,
að Lobba kom með loðna skó
úr Lundúna veldi,
úr Lundúna veldi.

(8-3b) Það var á einu kveldi
að hann stuttfótur
stökk fram að eldi.
Lonza kom með loðna skó
úr Lundúna veldi.⁶¹⁰

4. Eiginleikar þeirra manna, hluta o.s.frv., sem heiti er búið til um, eru notaðir ásamt nokkrum virkum líkönum til þess að mynda lýsandi heiti um menn og hluti, eða (e.) *characterising heiti* skv. hugtakanotkun E. A. Gurevich, en hún heldur því fram að mikil gnótt slíkra heita sé eitt helsta einkenni þulna í Snorra-Eddu.⁶¹¹ Í fornþulum er t.d. orðið *eitrungr* haft um snák, eða *glit*, *Rennandi* og *Nið* um ár⁶¹² o.s.frv. Heiti eins og *eitrungr* standa í nánú sambandi við það fyrirbæri sem þau tákna – en heiti líkt og *nið* og *glit* eru laustengdari og geta táknað fleiri fyrirbæri og verið þar með í fleiri þulum.⁶¹³ Notkun á eiginleikum hluta, sem heiti eru búið til um, til þess að mynda lýsandi heiti, er einnig í miklum blóma í þulum síðari alda, einkum í nafnaþulum, þ.e. listum með nöfnum kúa, Grýlubarna eða gleðifólks. Slík heiti eru einkum af nokkrum gerðum:

- Lýsingarorð sem eru notuð sem nöfn, t.d. *Musull* (sbr. t.a.m. nautaheitið *Rauðr* í fornþulum),⁶¹⁴ eru ekki mjög algeng í fornum þulum og enn síður í þulum síðari alda. Meðal auknefna eru lýsingarorð þó talsvert algengari en meðal heita, einkum í aftursettum auknefnum („Kolbeirn hinn stóri“ og „Valg[j]erður stóra“, „Magnús langkalinn“ o.fl.)⁶¹⁵
- Nafnorð, sem mynduð eru út frá lýsingarorðum, eru talsvert algengari; sbr. t.d. nauta- og kúaheitin *Grána* og *Gráni*.⁶¹⁶
- Eiginleg nafnorð – bæði einföld og samsett – sem endurspeglu útlits-, eðlis- og/eða skapgerðar-einkenni eða félagslega stöðu,⁶¹⁷ eru notuð bæði sér í lagi og sem auknefni með öðrum nöfnum – eða hvort tveggja, líkt og *Gedda* (sbr. „Gunnhild<u>r gjedda“ annars vegar en „Gunnfríður

⁶⁰⁸ Sbr. Holm. Papp. 64 fol., 99v og víðar.

⁶⁰⁹ „L[o]ppudóttir Mánga“ (Lbs 1124 8vo I, bls. 41) er (eru?) t.d. meðal fólks í dansi.

⁶¹⁰ (8-3a): *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, 1: 52. Sbr. einnig tröllasögu um Loppu og Jón Loppufóstra, s.r., 191–192. (8-3b): Þulubrotið er í *ÍGSVP*, 4: 260.

⁶¹¹ Gurevich, „*Þulur* in *Skáldskaparmál*: An Attempt at Skaldic Lexicology“, einkum 36–40; sbr. Gurevich, inngangur að: „*Þulur*“, 652–654 og 653.

⁶¹² „*Þulur*“, 929 (Orma heiti, 2⁶) og 838, 840 (Á heiti, 1^{1,8} og 2¹); notkun upphafsstafa er þannig í útgáfunni. *Nið* er skýrt sem á í Þrándheimi („*Þulur*“, 839), en heitið getur einnig tengst vatnsklið eða því að áin streymir fram.

⁶¹³ *Nið* er t.d. einnig tunglsheiti, *Níði* heiti dvergs – en *niðr* heiti orms „*Þulur*“, 912 (Tungls heiti, 1⁸), 695 (Dverga heiti, 2¹) og 931 (Orma heiti, 3²).

⁶¹⁴ *Musull* er í Lbs 416 8vo, 295v en *Rauðr* í: „*Þulur*“, 885 (Øxna heiti, 1⁷).

⁶¹⁵ Fyrstu tvö dæmi eru í AM 969 4to, 246v–247r en það þriðja er í DFS 67, 360r.

⁶¹⁶ AM 960 IX 4to, 2r (í báðum kúaþulublokkunum); DFS 67, 243r (hér er *Gráni* nafn Grýlubarns).

⁶¹⁷ T.d. *Helgi húsmáður* og *Gróa griðkona*, sjá t.a.m. AM 969 4to, 247r.

og Gjedda“ hins vegar).⁶¹⁸ Einföld nafnorð eru annaðhvort notuð óbreytt eða þeim er breytt í sérnöfn með orðmyndunarviðskeytum eða endingum, sbr. *Lykla, Geita, Krossa, Skjalda* o.s.frv.⁶¹⁹ Meðal samsettra nafna eru allnokkur sem hafa að fyrri stofni lýsingarorð („Loðin kinna“; „Lángleggur“; „Lángspena“; „aldinskjalda“, „Æsintoppa“; „gaungulhryggja“ o.fl.)⁶²⁰ eða nafnorðseinkunn (t.d. „Gaunguhryggja“).⁶²¹ Fá heiti hafa hins vegar lýsingarorð sem seinni stofn.⁶²²

- Fáein nöfn og auknefni eru mynduð nokkurn veginn beint⁶²³ út frá sagnorðum eða orðasamböndum með sagnorðum, einkum meðal kúanafna, t.d. „Horninskella“ og e.t.v. „hrísbítandi“,⁶²⁴ „[Re]iður beljandi“;⁶²⁵ nautsheitið *Velbrokkandi*⁶²⁶ o.fl.

Allar þær helstu aðferðir, sem eru notaðar í fornþulum til þess að mynda heiti, eru því einnig talsvert notaðar í þulum síðari alda. Í fornþulum er heitum raðað upp og þau búin til þannig að þau uppfylli kröfur bragarháttarins, en æskilegt er að þau auki enn fremur á stuðlasetningu og rím í þulum og geri þulutextann dýrari, þótt ekki sé endilega á reglulegum grundvelli. Þetta gildir í stórum dráttum líka um þulur síðari alda, þótt þar sé sjaldnast nokkur ákveðinn bragarháttur.

Líkt og í fornþulum geta heiti í þulum síðari alda verið einföld (einstofna) og samsett, eða þá samanstæði af nokkrum orðum.⁶²⁷ Stundum þarf einnig að reikna með þeim möguleika að um geti verið að ræða nafn sem samanstendur af nokkrum orðum. Dæmi um slíkt er „Oddur í Ásum“,⁶²⁸ en löng hefð er fyrir því að kenna fólk við bæi. Annað dæmi er línan „Amra móðir í spítandi“; hér er engin sögn á borð við *ganga* sem „í spítandi“ gæti fylgt,⁶²⁹ og því er „í spítandi“ væntanlega hluti af nafninu (e.k. auknefni sem lýsir atferli kýrinnar) eða hugsanlega jafnvel sjálfstætt nafn. Að slíkum nöfnum frá-töldum er hvert nafn talið vera samsett – þótt það sé skrifað í tveimur orðum í handriti – svo framarlega sem nafnið myndar eitt málfræðilega rétt orð. Það á bæði við um kúanöfn (sbr. „Bjarna Reiður“ eða „Gullinn hirna“) og önnur nöfn, t.d. dansara: „Borða gæja“⁶³⁰ → *Borðagægja*. Samsett nöfn eru mismörg í þuluflokkum; fæst slík nöfn eru í Grýluþulum og á lista yfir börnin í hamrinum í flokknum *Heyrði ég í hamrinum*, eða um einn tíundi hluti af öllum nöfnum á hvorum lista, en flest í nöfnum

⁶¹⁸ Lbs 414 8vo, 120v og NKS 3010 4to (37) (Össur Össurarson, nr. 1, 1v).

⁶¹⁹ AM 960 IX 4to, 2r (og mun víðar).

⁶²⁰ Lbs 1201 4to 1-I, [6v]; DFS 67, 240v; AM 960 IX 4to, 2r; Lbs 587 4to III, 10r; JS 289 8vo I, 27r (ý – eða *ij* með einum depli – virðist vera leiðrétting úr *i*).

⁶²¹ Lbs 587 4to II, bls. 146.

⁶²² Sbr. hið óskýra „Gatílaung“ (AM 277 8vo, 32v).

⁶²³ Sbr. hins vegar nöfn mynduð út frá t.d. lýsingarhætti, eins og *Eysintoppa* (DFS 67, 417r, líklega af *ausa*), en þau haga sér að mestu eins og nöfn mynduð út frá lýsingarorðum og eru því flokkuð með þeim hér.

⁶²⁴ AM 960 IX 4to, 2r. Oft er þó óvíst hvort þetta síðarnefnda er sjálfstætt kúanafn, auknefni með nafninu á undan eða einfaldlega einkunn með nafninu á undan eða á eftir.

⁶²⁵ AM 277 8vo, 33r. Staða orðsins *beljandi* er reyndar jafn óviss og *hrísbítandi*.

⁶²⁶ DFS 67, 418r. *Beygill* (s.st.) getur einnig hafa verið myndað af sagnorði (*beygja*: ‚sigra, kúga‘) – eða þá af no. *beygur*.

⁶²⁷ Erfitt getur verið að draga mörk milli slíkra heita og samsettra heita. Mörg kúanöfn eru t.d. skrifuð ýmist í einu eða tveimur orðum í handritum, alveg eins og önnur samsett orð, t.a.m. „Bjarna Reiður“ (AM 277 8vo, 33r) og „Bjarnareiður“ (AM 960 IX 4to, 2r).

⁶²⁸ Lbs 587 4to III, 4ra; sbr. Lbs 587 4to IX 60r (án upphafsstafa).

⁶²⁹ AM 969 4to, 48r; sbr. „gánga drinjandi, // dropa og hún Hriggja“ aftar í sama þulutextanum.

⁶³⁰ AM 277 8vo, 33r („Bjarna Reiður, // Gullinn hirna“, e.k. deplar eru yfir *u* í „Gullinn“); Lbs 421 8vo, 36v („Borða gæja“).

dansara og í ættartölunni í *Heyrði ég í hamrinum* (u.þ.b. helmingur af öllum nöfnum). Almennt er ekki mikill munur á því hvernig merkingu og hlutverk einstofna og fjölstofna nöfn hafa, en í nokkrum þuluflokkum eru þó undantekningar sem sagt verður frá hér á eftir (sjá t.d. 8.1.4.4).

Talsverður hluti heita eru viðurkennd mannanöfn,⁶³¹ sérstandandi eða með viðurnefni; þau eru samtals rúmlega 50% af nöfnum mannglegra vera í þuluflokkum sem ræddir eru í kafla 8.1.4.1–8.1.4.3. Notkun mannanafna er þó mjög mismunandi í ýmsum þuluflokkunum (sjá 8.1.4). Notkun viðurnefna er einnig mismunandi, þótt minna verði fjallað um þau. Viðurnefni geta verið af margvíslegu tagi; oftast eru það einföld nafnorð, sbr. „Ólafur bredda“, „Ingigerður sledda“, „Sigurður sultur“, en einnig eru þó nokkur dæmi um samsett nafnorð, sbr. „Sveinn drangalykkja“ eða samsett orð úr öðrum orðflokkum, t.d. „Magnús langkalinn“.⁶³²

8.1.3. Bygging nafnalista og sérkenni heita sem hluta nafnalista

Í fornþulum voru heiti tínd saman á lista – og búin til þegar fleiri vantaði til að ljúka erindi – í samræmi við innra form þeirra, merkingu og hljóm, líkt og E. A. Gurevich hefur sýnt fram á.⁶³³ Til að sýna það hér er hægt að nota dæmi (7-5) úr kafla 7.3.2:⁶³⁴

(7-5(1)) Atli, Fróði,
Áli, Glammi,
Beiti, Áti
ok Beimuni,

Auðmundr, Guðmundr,
Atall ok Gestill,
Geitir, Gauti,
Gylfi, Sveiði.

Auk stuðlunar (sem er merkt með undirstrikun, hefðbundin stuðlun með einfaldri línu en uppbótarstuðlun með tvöfaldri) og ríms, sem er ekki kerfisbundið í þessu erindi en er eigi að síður notað í ákveðnum mæli,⁶³⁵ skipta endurtekningar í orðmyndun (skáletraðar) talsverðu máli:

- *Auðmundr* og *Guðmundr*: seinni orðstofninn er sá sami í báðum nöfnunum, fyrri orðstofninn endar á -ð á eftir sérhljóði (reyndar mismunandi): ,(C)Vð+mundr‘;
- *Atall* og *Gestill* fylgja svipuðu orðmyndunarmódeli þótt líkindin séu ekki eins mikil; athygli vekur að *Atall* stuðlar við *Auðmundr* en *Gestill* við *Guðmundr*;
- öll nöfn í fyrri helmingi í (7-5(1)) enda á -i, og sömuleiðis flest nöfn í síðasta fjórðungi sömu vísunnar, en önnur á -(i)r;

⁶³¹ Með *viðurkenndum mannanöfnum* er átt við nöfn sem hefð er fyrir og eru á skrá mannanafnanefndar, eða í: Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, eða í öðrum fræðilegum heimildum (þ.á m. manntölum).

⁶³² Öll þessi dæmi eru úr DFS 67, 360r. Það að auknefni fylgi nafni (þ.e. séu aftursett) er talsvert algengara, þótt stundum fari auknefni á undan nafni, en úr slíku koma oftast en ekki ankannaleg orðasambönd líkt og „Lambanna Jóra“ (stundum „Launbarna Þóra“) eða „pilsara gríma“, en í síðastnefnda tilfellinu er ekki einu sinni fullvíst hvort seinna nafnorðið er sérnafn eða samnafn. Fyrsta dæmi er í Lbs 587 4to I, bls. 128 og NKS 3010 4to (37) (Össur Össurarson, nr. 1, 1v), en seinni tvö dæmin úr AM 969 4to, 247r.

⁶³³ Гуревич [Gurevich], „Эволюция жанра тулы в средневековой исландской литературе“ [Þróun bókmenntagrein- arinnar „þula“ í íslenskum miðaldabókmenntum], 142–150; sbr. Gurevič, „Zur Genealogie der þula,“ 69–73 og 98; Gurevich, „Þulur in *Skáldskaparmál*: An Attempt at Scaldic Lexicology,“ einkum 36–41; einnig Gurevich, inngangur að: „Þulur,“ 652.

⁶³⁴ „Þulur,“ 678 (Sækonunga heiti, 1. erindi).

⁶³⁵ Sbr. *Beiti* : *Áti*, *Auðmundr* : *Guðmundr* (langt *au* er látið ríma við stutt *u*); *Atall* : *Gestill* (veikt viðskeytarím), *Geitir* : *Gauti*.

- Þá eru ýmsir samhljómar í innra formi nafnanna ekki tilviljun, t.d. Áli og Áti (,áCi‘; jafnframt Atli ,aCCi‘); Beiti og Beimuni (,beiXi‘), en það er miklu meira en form fornþulunnar krefur (það krefst aðeins stuðlunar, og samhljóðið *b* fullnægir þeirri þörf eitt og sér), o.s.frv.

Svipuð lögmál gilda um þulur síðari alda. Þar eru heiti (nöfn og auknefni) líka tínd til í þör sem mynda þululínur (eða í þrennur, en sjaldan eru fleiri nöfn í einni línu þar sem þululínur rúma þau varla; sbr. þó línuna „Sigga, Vigga, Tóa, Taung“ í (8-4)); þululínur mynda síðar oft línupör eða stærri hópa, en línupörin ásamt staklínnum og stærri línuhópum mynda síðar saman keðju sem margvíslegir samhljómar og endurtekningar – stuðlar, rím, líkindi í orðmyndun, merkingu og setningaskipan o.s.frv. – ganga í gegnum og tengja stakar einingar innan keðjunnar saman, sbr. dæmi (8-4) (ljóðstafir eru auðkenndir með einfaldri línu, rím með tvöfaldri línu, skyld orð og orðhlutar með skáletri en orð með líkt setningafræðilegt hlutverk með punktalínu):

(8-4) Dansinn var á Stapa í gær,

það var fullgóður dans.

Þar var í dansi

Gunnar piltur,

Gróar strákur

og Sigurður Surtur

og Sveinn Drangarlykkja,

þar kvað undir Vali,

Vigdís og Sali,

Gunnhildur Gedda,

Gunnfríður Bredda,

Ingiríður, Herdís píka.

Allar gráta líka.

Grætur Gunnhildur,

dansar Dómhildur,

ríkir Ráðhildur.

Teitur og Guðfinna,

Teigin, Loðinkinna,

Lambanna lóra,

Þorbjörg hin stóra,

Pilsara gríma.

Bráðt er úti ríma.

Háaspaung, Hnikarsspöng,

bolla gjörir Dannlaung,

Sigga, Vigga, Tóa, Taung,

telur hun ekki steina.

Allar voru í skógi,

utan kellingin eina.⁶³⁶

- Gunnar piltur og Gróar [svo] strákur:⁶³⁷ lítill vafi leikur á því að Gróar strákur sé hér tilkominn til að passa sem best saman við Gunnar pilt. Línurnar tvær eru afar líkar í heild. Hvor um sig samanstendur af eiginnaftni (tvö atkvæði, *g* fremst, *-ar* aftast) og nafnorði sömu/svipaðrar merkingar og í hinni línunni (einnig tveggja atkvæða), eða samtals: ‚eiginnaftn (2 atkv., *g* fremst, *-ar* aftast) + no. (2 atkv., svipuð/sama merking)‘.⁶³⁸
- Nöfnin í næsta línupari bera uppi reglubundna stuðlun, þ.e. tvo stuðla í frumlínu og höfuðstaf í síðlínu, en það merkir að Sigurði hafi líklega verið fundið auknefni sem hefst líka á *s* (Surtur

⁶³⁶ AM 247 8vo, 7v.

⁶³⁷ Reyndar er ekki víst hvort Gróar eigi að vera karlmannsnafn (hugsanlega hliðstætt Hróar) eða eignarfall af kvenmannsnafninu Gró (þ.e. strákur hennar Gróar), sbr. „Gudrunar piltur // Groudrengur“ (Lbs 1201 4to 1-I, [6v]); eða e.t.v. skrifaravilla. Nafnið gæti einnig vera myndað af konunafni Gróa líkt og t.d. Annar, Huldar o.fl., en slík orðmyndun (með viðskeytinu *-ar*) virðist reyndar sjaldgæf fram á 20. öld (sbr. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, Nöfn Íslendinga, „Aldar“, „Annar“, „Ásar“, „Elisar“, „Elvar“, „Erlar“, „Fjólar“, „Grétar“ (o.fl.)). Því er þessi nafnamyndun of ung fyrir þennan þulutexta.

⁶³⁸ Textinn er skrifaður eins og óbundið mál í handriti; helsta viðmiðun við línuskiptingu hér – fyrir utan bragfræði – er greinarmerkjasetning handritsins (einnig er stuðst við línuskiptingu Jón Samsonarsonar, Prófarkir 1), og er samkvæmt henni um tvær línur að ræða hér. Þær eru reyndar svo stuttar að það mætti hafa bæði orðapörin í einni línu. Það myndi lítt breyta röksemdafærslu hér, að því frátöldu að talað væri um líkindi á milli háflína frekar en sjálfstæðra lína (framsetningaratriði sem er að einhverju leyti sambærilegt við spurningu hvort prenta á fornþulur í stuttalínnum eða langlínnum). Með öðrum orðum væri sama formgerðin – í meginatriðum tvískipt í gegn – til umræðu.

eða *sultur*)⁶³⁹ og fyrir næsta mann á listanum hafi verið valið eiginnafröfn sem hefst á sama stafnum. Hliðstæður í byggingu og merkingu eru ekki jafn miklar og í fyrsta línupari, en þó samanstendur hvor línan líklega af eiginnafröfn og auknefni og línurnar eru jafnlangar (þótt einstök nöfn séu það ekki og hrynjandi sé þar með mismunandi). Viðurnefnið(?) *Drangarlykkja* virðist hafa lítil tengsl við umhverfi sitt en fylgja þó *Sveins*-nafninu í þessu samhengi.⁶⁴⁰

- Þrjú nöfn eru í næsta línupari, það fyrsta er hugsanlega stytting af nafni sem hefst á *Val*-, hin tvö geta verið góð og gild mannanöfn.⁶⁴¹ Öll nöfnin eru tvíkvæð; *Vali* og *Vigdís* stuðla, *Vali* og *Sali* ríma, þannig að segja má að *Vali* kalli fram tvö nöfn sem séu samhljóma sér að einhverju leyti. Auk þess er fyrri línan jafn löng og línan á undan en sú seinni jafn löng og línan á eftir, þannig að línuparið tengist nærumhverfi sínu í báðar áttir.
- Heiti og línubygging í næsta línupari er(u) næstum því eins rík af hliðstæðum og endurtekningum og í fyrsta línupari. Hvor línan samanstendur af kvenmannsnafni og auknefni; nafnið er þrjú atkvæði, fyrri liðurinn er *Gunn*-, sá seinni endar á *-ur*, en auknefnið (tvö atkvæði, sama stofnsérhljóð, munurinn er aðeins í samhljóðum í upphafi orðanna: ,(C)*Cedda*). Annað auknefnið tekur þátt í reglulegri stuðlun (tveir stuðlar í frumlínu og höfuðstafur í síðlínu), auk þess sem þau ríma saman – og línurnar virðast móta hvor aðra. Ákveðið samræmi er einnig í merkingu auknefnanna; annað er fiskheiti en hitt merkir ‚fiskhnífur‘.⁶⁴²

Þessari greiningu mætti halda áfram, en hún á nú þegar að hafa lýst hvernig listinn er byggður upp; þ.e. að *nöfn eru tínd til á lista – eða búin til – eftir*:

- hljómlíkingum (stuðlar og rím skipta hér mestu máli);
- líkingum í merkingu (sbr. t.d. Óðinsheitin í línunni „Háaspaung, Hnikarsspöng“) og
- innra formi orða (sbr. sömu línu og sömuleiðis nafnaparið *Gunnhildur* : *Gunnfríður*, þrennuna *Gunnhildur* : *Dómhildur* : *Ráðhildur* og margt fleira);
- líkingum í línubyggingu (sbr. t.d. hrynjandi í *Lambanna lóra*, // *Þorbjörg hin stóra* // *Pilsara gríma*: Sv v Sv // Sv v Sv // Sv v Sv);
- setningafræðilegum hlutverkum orðanna (*Grætur Gunnhildur*, // *dansar Dómhildur*, // *ríkir Ráðhildur*: ‚sögn (2 atkv.) + frumlag (3 atkv.)‘) o.s.frv.

Ef nafn, sem á að fullnægja ákveðnum bragfræðilegum, setninga- og merkingarfræðilegum o.fl. skilyrðum, skyldi ekki fyrirfinnast í fljótu bragði, þá virðist oft gripið til þess að búa til nýtt nafn eða auknefni (líkt og t.d. *Töng* eða *Drangarlykkja*). Á listunum eru ekki aðeins heiti heldur einnig – í einhverjum mæli – minni (*Grætur Gunnhildur* o.fl.) sem eru tínd til eftir svipuðum mælikvarða.

⁶³⁹ Þetta síðarnefndi er t.d. í Lbs 414 8vo, 120v og DFS 67, 360r.

⁶⁴⁰ Fjórdi nafnið í línuparinu er oftast skrifað án *-r*: „Drangalikkja“ (Lbs 1201 4to 1-I, [6v]; *a* er reyndar svo líkt *u* að e.t.v. má lesa „Drungulikkja“ eða „Drungalikkja“) eða „drangalykkja“ (DFS 67, 360r); stundum þó „strángalikkja“ (Lbs 414 8vo, 120v). Reyndar hjálpar enginn af þessum ritháttum að skilja merkingu nafnsins til hlítar.

⁶⁴¹ *Sali* – sem er talið vera stytting út frá nöfnum á *Sal*- – er þó langt frá því algengt nafn (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, „Sali“).

⁶⁴² Það kemur annars fyrir að a.m.k. *Gedda* eigi að gegna hlutverki eiginnafröfn, sbr. „Gunnfríður og Gedda“ (Lbs 1201 4to 1-I, [6v]).

Sömu lögmál gilda fyrir lista í öðrum þuluflokkum. Sú er hér ritar hefur áður sýnt fram á svipaða byggingu lista yfir nöfn Grýlubarna (stuðlun er undirstrikuð, rím skáletrað):⁶⁴³

(8-5) Gríla er að vísu
gömul herkélling,
bæði á hún bondann[,]
og börnin 20^u
1 Skreppur
2 Skjóða
3 Þröstur
og Þrándur hinn fjórði
Botni, Brinki
Böðvar, hö[tt]ur,

Stuttur, Stefnír
Stíkíll Flaska,
Ausa Askur,
Koppur Kippa,
Musull, Mukka,
ól hun í elli,
en tvíbura
Sighvat og Surlu,
sem Sofnuðu bæði [...] ⁶⁴⁴

Í þessu dæmi er enn auðveldara að fylgjast með því hvernig eitt nafn í keðjunni, sem samanstendur af línupörum, dregur annað á eftir sér:

- *Skreppur* kallar fram *Skjóðu* (annað hefðbundið Grýlubarnanafn með *sk*-stuðli);
- *Þröstur* kallar á *Þránd* (annað viðurkennt mannsnafn; hljómræn líkindi eru aukin af því að ekki aðeins fremstu samhljóðin (*þ*) eru eins heldur einnig samhljóð númer tvö (*r*), svo úr verður e.k. samhljóðaframrím);
- þrjú *b*-nöfn í næsta línupari og þrjú *st*-nöfn í því þarnæsta þyrpast saman til að mynda stuðlun sem fullnægir kröfum hefðbundins íslensks kveðskapar;
- fjórðu nöfnin í hvoru línuparinu, *Höttur* og *Flaska*, virðast vera uppfyllingarorð sem gripið hefur verið til í því augnamiði að fullkomna línuparið; *Höttur* hefur sama stofnsérhljóð og fyrra nafnið í línunni, *Böðvar*, og myndar þannig einhvers konar veikan samhljóm, en *Flaska* rímar við næstu línu á eftir;
- *Ausa* dregur *Ask* á eftir sér (búsgögn tengd matarneyslu), *Askur* stuðlar við *Ausu* og rímar þar að auki við heitið í línunni á undan, *Flaska*;
- *Koppur* (ílát, eins og *Flaska* og *Askur* og fleira í línunum á undan) framkallar *Kippu* sem stuðlar og rímar við hann;
- *Musull* helst í hendur við hið sérkennilega „Mukka“ (og myndar þar með framrím – nema seinna orðið tengist fuglsheitinu *múkki* og *u*-ið í handritinu eigi að lesa sem *ú*);
- með *Sighvati* og *Surtlu* (stafsett þannig m.a. í dæmi (Ia1-a)), sem stuðla hvort við annað (og við sagnorðið í setningunni) eru nöfnin orðin tuttugu og listinn er fullkomnaður.

Orðin, sem eru á þessum lista notuð sem nöfn Grýlubarna, koma úr mismunandi áttum; hefðbundin mannanöfn standa stundum í einni línu með fornum tröllaheitum (sbr. „Sighvat og Surlu“) og blandast saman við samnöfn úr bóndabúi. Það helsta sem þau eiga sameiginlegt er að þau eru á þessum lista í

⁶⁴³ Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmennta-greinar], 158–178. Hér verður það endurtekið í stuttu máli þar sem greinin er á rússnesku og því ekki aðgengileg íslenskum (og mörgum öðrum) lesendum.

⁶⁴⁴ Lbs 416 8vo, 295v.

þulu Grýlubarnanafna og eru notuð þar á jafnræðisgrundvelli, mannanöfnum er t.d. ekki gert hærra undir höfði en heitum á eldhúsáhöldum. Það eitt að þau eru á þessum lista gerir þau að nöfnum Grýlubarna. Samnöfn verða þar með að sérnöfnum, en ferlið sem nefnist (e.) *mythological nomination* – og ætti að eiga vel við þar sem nöfn handa yfirnáttúrulegum verum, arftökum fornra trölla, eiga í hlut – þetta ferli á aðeins við að takmörkuðu leyti. Helsta ástæða þess kann að vera sú að Grýlubörn eru hópur, og hópurinn sem slíkur einstætt fyrirbæri – en hvert og eitt Grýlubarn er þó ekki einstætt. Grýlubörn í þulum eru ekki einstaklingar með skýr persónusérkenni, þar sem hver dregur nafn af sérkennum sínum, heldur nokkuð óljós og breytilegur fjöldi;⁶⁴⁵ hvert nafn sem Grýlubörn eru nefnd er þar af leiðandi ekki einstakt nafn á einstaka veru heldur aðeins *enn eitt* nafn á nafnalista. Þegar nafn er komið á lista er það framvegis hluti listans í þuluheimum, og notkun orðsins sem nafns Grýlubarns verður ákveðinn hluti af merkingar-áru þess í þulum. Ofangreint gildir einnig um nöfn á öðrum listum, en sá hæfileiki heita að geta gengið inn í upptalningarformúlu og orðið hluti af heild, þ.e. orðið eitt í röð annarra heita, er sérkenni heita sem gerir upptalningu í þulum yfirleitt mögulega.

8.1.4. Einkenni heita í nafnalistum mismunandi þuluflokka

Í kafla 8.1.1–8.1.3 er komið fram að dreifing heita er mismunandi í ýmsum þuluflokkum, t.d. að mannanöfn eru notuð í mismiklum mæli. Samanburður á helstu nafnalistum í þulum sýnir að uppruni, merkingarsvið og tíðni heita þar er afar mismunandi, og sömuleiðis tengsl heita og heitasafna í mismunandi þuluflokkum hvers við annað, við rauveruleikaheiminn og við heim fornþulna. Þessir eiginleikar heita og heitasafna verða athugaðir í þessum kafla, en helstu nafnalistar í þulum – sem verða skoðaðir hér – er þessir:

1. Nöfn Grýlubarna í þuluflokknum *Grýla er að vísu* (nefnd *Grýlubörn I*) og í þuluflokknum *Grýla kallar á börnin sín* (nefnd *Grýlubörn II*). Sjá kafla 8.1.4.1; sbr. umfjöllun um blokkirnar í Viðauka Ia.1.
2. Nöfn þeirra sem voru í dansinum (gleðinni) í þuluflokknum *Stapadans* (hér eftir nefndir *dansarar* til hægðarauka) og þeirra sem fylgja einhverjum (hér eftir *fyldarmenn*): kóngsdóttur eða karlmanni sem á hana (oftast í þuluflokknum *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*), kerlingunni með krókstaf í hendi (þuluflokkurinn *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*), Jóni nokkrum með auknefnið *skjá(r)* eða *smá(r)* (í samnefndum þuluflokki) eða fleirum. Listarnir eru í nokkrum gerðum, sbr. kafla 8.1.4.2 (og Viðauka Ia.2 ásamt Ib.3–4).
3. Nöfn frænda í þuluflokknum *Heyrði ég í hamrinum* (hér eftir nefndir *frændur*). Um blokkina *Ættartala* og nöfn barna, sem búkonan dillar í hamrinum, fremst í sama þuluflokki, sjá kafla 8.1.4.3 (og Viðauka Ia.3).
4. Kúanöfn úr þuluflokkunum *Hér koma kýr okkar* og *Sól skín á fossa* (sem hér eru nefndir *Kúapulur I, II*), sbr. kafla 8.1.4.4 (og Viðauka Ib.2).

⁶⁴⁵ Sjá: Árni Björnsson, „Hjátrú á jólum,“ 119–125; sami, „Nöfn Jólasveina“. Að þessu leyti eru Grýlubörn í þulum ólík þeim sem eru kallaðir *jólasveinar* og öðlast nöfn í samræmi við ætluð persónusérkenni (eða a.m.k. hlutverk), t.d. *Pottasleikir*, *Hurðaskellir* o.s.frv. (þótt Grýlubörn og jólasveinar séu tengdir hópar, sbr. kafla 8.1.4.1).

5. Stuttir listar yfir ýmsa gripi sem hafðir eru með við eitt og annað tækifæri, einkum í þuluflokkn-um *Lambið beit í fingur minn*; sá nafnahópur er nokkuð sér á báti, sjá 8.1.4.5 (og Viðauka Ia.8).

Hver þessara nafnalista er með sitt eigið safn af heitum sem skarast mismikið – sum hver aðeins lítillega. Kúanöfnin skera sig nokkuð úr, en þar eru nöfnin á styttri listanum (*Kúapulum II*) að mestu einnig til á lengri listanum (*Kúapulum I*; sjá nánar kafla 8.1.4.4); þessir tveir listar eiga þó fátt sameiginlegt með öðrum listum hér. Listarnir tveir yfir nöfn Grýlubarna hafa annars flest nöfn sameiginleg, eða um fimmtung samanlagðs nafnaforða síns. Sameiginlegu nöfnin eru að öllu jöfnu einföld og algeng mannanöfn eins og *Einar, Steinn, Sveinn, Gunnar, Sæmundur, Þórður* og *Margrét* (eða kúanöfn eins og *Hyrna, Kinna* eða *Skjalda*)⁶⁴⁶ frekar en samsett nöfn eða auknefni.⁶⁴⁷ Örfá nöfn fyrirfinnast á nokkrum listum í senn, og eru þá algengust og einföldust mannanöfn: *Vigga* og *Sigga* (sem fara oftast saman) ásamt *Sigurði* eru á þremur listum: yfir nöfn dansara, nöfn fylgdarmanna og nöfn barnanna í hamrinum; einnig *Þóra* sem er jafnframt á listanum *Grýlubörn II*.⁶⁴⁸ Þá hafa nöfn Grýlubarna sína sérstöðu, en þau eru oft mynduð út frá heitum á hversdagslegum búsáhöldum eins og fyrr greinir (sbr. kafla 8.1.3). Grýlubarnanöfnin eru þó ekki alveg einangruð frá hinum, en hvor Grýlubarnahópur á eitt og eitt nafn sameiginlegt við nöfn dansara annars vegar og frænda hins vegar; þessi nöfn eru sitt á hvað venjuleg mannanöfn sem hafa ratað á lista yfir nöfn Grýlubarna (eins og nafnið *Helgi*) eða heiti að hætti Grýlubarnapulna (líkt og *Ausa*). Sameiginlegu nöfnin eru þannig aðeins lítil hluti nafnaforða á hverjum lista; hver listi hefur sína sérstöðu.

8.1.4.1. Nöfn Grýlubarna

Nokkur sérkenni nafnalista Grýlubarna hafa þegar verið nefnd í tengslum við byggingu heita og byggingu þululista (sjá kafla 8.1.1–8.1.3); m.a. að meðal nafna Grýlubarna eru mannanöfn, orð sem tákna búsáhöld o.þ.h. og gömul tröllaheiti. Hefðbundin og viðurkennd mannanöfn í dæmi (8-5) eru t.a.m. *Pröstur, Prándur, Brynki* (stuttnefni), *Böðvar, Stefnir*, og *Sighvatur*;⁶⁴⁹ eða um þriðjungur allra nafna í þuluflokknunum *Grýla er að vísu* (listi *Grýlubörn I*). Slík nöfn eru enn færri í þuluflokknunum *Grýla kallar á börnin sín* (*Grýlubörn II*). Þetta er óvenju lágt hlutfall mannanafna, en meðaltal mannanafna á öllum nafnalistum greindum hér er u.þ.b. helmingur. Í Grýluþulum er hins vegar mikið um orð sem tákna búsáhöld o.þ.h. en eru notuð sem nöfn Grýlubarna, einkum orð fyrir leirtau og önnur áhöld (*Flaska, Ausa, Koppur* o.s.frv.); það er einnig um þriðjungur allra nafna á listanum *Grýlubörn I*. Hér virðist vera um að ræða gamla hefð sem sést þegar í Allra flagða þulu þaðan sem

⁶⁴⁶ *Sveinn* er t.d. á lista yfir börn (m.a. í Lbs 587 4to II, bls. 183; Lbs 424 8vo, 16v), dansara (Lbs 414 8vo, 120v og víðar) og fylgdarfólk (Lbs 587 4to II, bls. 3), en *Skjalda* bæði í *Kúapulum I* (Lbs 587 4to IV, 4r og víðar) og *Kúapulum II* (AM 960 IX 4to, 2r; Lbs 587 4to VIII, 5r), og sömuleiðis *Hyrna* (JS 289 8vo I, 27r – „hýrna“ (eða „hijrna“ með einum depli) er líklega leiðrétt úr „hírna“ – og Lbs 587 4to VIII, 5r).

⁶⁴⁷ *Jón bóndi* er undantekning, en það er algengt nafn með auknefni meðal fylgdarmanna („Jón bóndi sjálfur“ í AM 960 XIII 4to, 1v og Lbs 418 8vo, 33r; „Jón bóndinn sjálfur“ í Lbs 587 4to III, 1r og Lbs 423 8vo, 114r; „Bóndin jón Reglar“ Lbs 421 8vo, 34v) og kemur fyrir í stöku dansþulum („Jón bóndi rella“ í Lbs 421 8vo, 36r).

⁶⁴⁸ Dansmenn: Lbs 414 8vo, 120v („Sigurdr Sulltr“, „Sigga, Vigga“), fylgdarmenn: Lbs 587 4to II, bls. 3 (svipuð nöfn), börnin: Lbs 587 4to IV, 5r („Vigguni, Sigguni“ og „Þóruni“) og Lbs 587 4to IX, 42v–43r („Eiríki Sigurði og Sveini“); loks er *Þóra* meðal dansaranafna í Lbs 587 4to III, 70v og á lista sem svipar mjög til lista fylgdarmanna – þótt sjaldgæft tilbrigði sé í inngangi að listanum – í Lbs 421 8vo, 36r.

⁶⁴⁹ Mannsnafnið *Askur* kemur fyrir í íslenskum fornþekningum; það virðist reyndar fyrst notað aftur á 20. öld eftir langt hlé (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, „Askur“).

nafnið *Flaska* er m.a. komið (sjá 8.1.2), en í sama erindi eru heitin *Tuska*, *Hnyðja* og *Bryðja*; tvö síðastnefndu hafa m.a. haft merkinguna ‚ker‘, ‚ílát‘.⁶⁵⁰ Með þessum hætti tengjast Grýlubarnanöfn bæði raunheimi og fornheitum (þ.á m. tröllum). Á listanum *Grýlubörn I* er einnig nokkuð um samnöfn og sérnöfn sem tengjast beint tröllum og öðrum yfirnáttúrulegum verum (*Surtla* merkir m.a. ‚skessa‘ og einnig *Syrpa*; *Djáangi* er m.a. ‚skrattinn‘ o.s.frv.).⁶⁵¹ Heiti í fornþulum eru hins vegar ekki eins stór uppspretta heita í Grýlubarnþulum og á flestum nafnalistum sem hér eru til umræðu; aðeins nokkur nöfn á listum yfir Grýlubörn eru líka meðal fornheita. *Flaska* og *Syrpa* úr hópnum *Grýlubörn I* eru meðal tröllkonuheita í Allra flagða þulu,⁶⁵² *Askur* er á fornum listum yfir viðar heiti en einnig sverða, skipa og hesta,⁶⁵³ nafnið *Stefnir* er á listum yfir hjálms og skipa heiti.⁶⁵⁴ Á listanum *Grýlubörn I* eru einnig fáein samnöfn sem tengjast útliti (oft með neikvæðum blæ, sbr. *Musull*, *Sláni* eða *Trantur*).⁶⁵⁵ Þá ber orðið „Mukka“ merki þess að hafa verið búíð til til þess að fylla í línuna og tryggja æskilegan nafnafjölda.

Grýlubörn II er oftast en ekki stuttur listi, en þar hafa safnast saman allnokkur nöfn sem eru einkennandi fyrir Grýluþulur og eru nær ómissandi kjarni fyrir *Grýlubörn II* þótt önnur nöfn á listanum séu breytileg: *Langleggur* (stundum „Lánleggur“), *Leppur*, *Skreppur* og *Skjóða*, eða þá *Leiðinidaskjóða*.⁶⁵⁶ Þessi nöfn endurspeglar flest helstu merkingarsvið sem nöfn á umræddum lista eru yfirleitt sótt á: búsaðhöld, föt og aðrir hlutir úr daglegu lífi (*Skjóða*, *Leppur*), líkamleg sérkenni (*Langleggur*) og ýmiss konar undarleg orð, samsetningar og hljóðlíkingar sem ekki endilega hafa merkingu, t.a.m. „Lani“ (rímorð við nafnið *Grani*), „læja Fæja“ eða „Tavar“ (rímorð við „Navar“, þ.e. væntanlega *nafar*).⁶⁵⁷ Sum heitanna í þessum síðastnefnda nafnahóp kunna að virðast vera útkoma afbökunar á öðrum, fullgildum orðum í málinu, en líklegra þykir að þau hafi verið sniðin til þess að tryggja hljómræna hliðstæðu fyrir önnur orð á listanum og styrkja – og lengja – þar með listann í heild. Fornheiti á mismunandi merkingarsviðum eru einnig notuð til þess að fjölga nöfnum á listum yfir nöfn Grýlubarna; *Grani* er t.d. bæði hestsheiti (m.a. í Kálfsvísu) og tröllaheiti í Allra flagða þulu;⁶⁵⁸ *Greppur* er mannsheiti (*Greppa* er einnig tröllkona í Allra flagða þulu),⁶⁵⁹ *Loki* er á

⁶⁵⁰ Jiriczek, „Zur Mittelländischen Volkskunde,“ 8 (6²⁻³); sbr. þýðingu og túlkun í: Гуревич [Gurevich], „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Um merkingu heitisins ‚þula‘ í forníslensku], 192.

⁶⁵¹ Orðið *syrpa* er m.a. í Lbs 424 8vo, 29r og AM 960 IX 4to, 1r („Sirpu“), en „Djáangi“ í AM 960 IX 4to, 1r.

⁶⁵² Jiriczek, „Zur Mittelländischen Volkskunde,“ 8 (6⁵ og 4⁷). Heitið *Flaska* má finna í þulum síðari alda í DFS 67, 260r og 372r; JS 289 8vo I, 12v; Lbs 587 4to IV, 3v; Lbs 416 8vo, 295v og fleiri heimildum. *Syrpa* er í Lbs 424 8vo, 29r og AM 960 IX 4to, 1r („Sirpu“).

⁶⁵³ „Þulur,“ 882 (Viðar heiti, 2⁴), 796 (Sverða heiti, 4⁵, sbr. skýringar á bls. 797), 861 (Skipa heiti, 1⁴, sbr. skýringar á bls. 862) og 939 (Hesta heiti, 4⁴, sbr. skýringar á bls. 940). Hér þarf að vísa að taka tillit til þess að mörg fornheiti – einkum lýsandi (e. *characterising*) heiti, sbr. 8.1.2 – tilheyra í einu nokkrum listum hvert og geta þannig séð talist hafa fjölda merkinga; sbr. Gurevich, „Þulur in Skáldskaparmál: An Attempt at Scaldic Lexicology,“ 43–47 um fjölmerkingu heita (e. *polysemy of heiti*). Í þulum síðari alda fer *Askur* oft saman við heitið *Flaska*, sbr. DFS 67, 260r; JS 289 8vo I, 12v; Lbs 587 4to IV, 3v; Lbs 416 8vo, 295v.

⁶⁵⁴ „Þulur,“ 830 (Hjálms heiti, 2⁴, sbr. skýringar á bls. 831), sbr. s.r., 871 (einkum lesháttur A, B og C; sbr. lesbrigði og skýringar á bls. 872). Sbr. DFS 67, 260r; JS 289 8vo I, 12v („Stefna“); Lbs 416 8vo, 295v.

⁶⁵⁵ Lbs 416 8vo, 295v; AM 960 IX 4to, 1r; Lbs 2856 4to, 427r.

⁶⁵⁶ JS 289 8vo I, 22v („Lánleggur“ er í Lbs 418 8vo, 33v; „leiðindaskjóða“ í Lbs 421 8vo, 22v).

⁶⁵⁷ Lbs 418 8vo, 33v („Lani“); Lbs 421 8vo, 22v („læja Fæja“) og DFS 67, 274r („Tavar“). *F* í *Fæja* líkist nokkuð *T* en þó má með nokkurri vissu segja að um *F* sé að ræða; þannig lesa líka Jón Samsonarson (Prófarkir 1) og Guðvarður M. Gunnlaugsson (12. júlí 2017, samtal).

⁶⁵⁸ „Þulur,“ 668 (Kálfsvísa, 4⁸) og Jiriczek, „Zur Mittelländischen Volkskunde,“ 8 (8¹).

lista ásaheita (Ása heiti II), *Lútur* er mannsheiti (barn Þræls í Rígsþulu), og fleiri má tína til.⁶⁶⁰ Flestöll heitin á báðum listunum, *Grýlubörn I og II*, tengjast þó – eins og við var að búast – bónda-búi og daglegum störfum, og að nokkru leyti líkamlegum sérkennum.

Til er einnig vísir að þriðja þuluflokki (*Grýlubörn III*) með nöfnum þeirra sem safnari, Guðmundur Gísli Sigurðsson, kallar *jólasveina*⁶⁶¹ (en jólasveinar hafa löngum verið öðrum þræði sagðir vera Grýlubörn).⁶⁶² Aðeins virðast vera til fjórir textar af þessum flokki. Tveir eru frá sama skrifara frá 19. öld, Guðmundi Gísla, að vísu eftir mismunandi heimildarmönnum en þó báðir af Vestfjörðum. Af þeim slóðum er einnig þriðji textinn, hljóðupptaka frá 20. öld,⁶⁶³ og sá fjórði þar sem heimildarmaður kallar Grýlubörninn „vestfirsku jólasveinana“.⁶⁶⁴ Jón Samsonarson fjallaði ýtarlega um textana og erlendar hliðstæður þeirra.⁶⁶⁵ Þessi nafnalisti er afar líkur listanum *Grýlubörn II* bæði að lengd og nafnasamsetningu. Á honum eru einkum stutt nöfn, flest ósamsett, þótt samsett nöfn komi líka fyrir (sbr. t.d. *Baggi, Redda, Tútur* vs. *Örvadrumbur* eða *Bjálmansbarnið*). Nöfnin eru að mestu mynduð út frá líkamlegum sérkennum (eins og *Baggi* og *Tútur*) eða búsáhöldum (*Redda* o.fl.), líkt og á öðrum nafnalistum Grýlubarna. Nöfnin á listunum sem hér um ræðir eru hins vegar harla ólík nöfnum jólasveina sem koma á jólaföstudni, en nöfn þeirra síðarnefndu eru gjarnan samsett og eru oft gerandanöfn mynduð út frá iðju viðkomandi jólasveins með viðskeytunum *-ir* og *-ill*. Árni Björnsson flokkar drjúgan meirihluta jólasveina í „matgogga“ (t.d. *Askasleikir*) og „hrekkjalóma“ (t.d. *Bandaleysir, Faldafeykir*), en auk þeirra í „umhverfisfyrirbæri“ (m.a. *Fannafeykir*).⁶⁶⁶ Nöfnin af listanum sem hér um ræðir og sem Árni kallar Strandapulu prentar hann hins vegar í sérstökum dálki, þ.e. utan þessara flokka jólasveinanafna, þar sem þau eru svo mikið sér á báti. Á listanum *Grýlubörn III* er hlutfall mannanafna lágt, svipað og á hinum Grýlubarnalistunum, engin auknefni standa með mannanöfnum, en mörg heiti eru þó þannig að líklegt er að um sé að ræða auknefni (t.d. *Rauður* eða *Baggi*). Hlutfall nafna, sem tengjast fornum heitum, er að vísu hærra á þessum nafnalista en er venjulega í Grýlubarnaþulum, en nöfnin eru þó sótt á sömu svið og í *Grýlubörnum II*, þ.e. í heiti trölla, manna og dýra, og í svipuðu hlutfalli og í *Grýlubörnum II*.

8.1.4.2. Nöfn fólks í gleðinni og þeirra sem fylgja öðrum fram

Líkt og fram kom í 8.1.4 eru listar yfir svokallaða dansara og fylgdarmenn til í nokkrum mismunandi gerðum. Listinn yfir dansara er til í lengri og styttri gerð (sjá Viðauka Ia.2 um blokkina *Stapa-dans*) en listinn yfir fylgdarmenn í enn fleiri gerðum; tvær lengstu eru í þuluflokknum *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*, aðeins styttri í *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*, en sú stysta

⁶⁵⁹ „Þulur“, 775 (Manna heiti, 1³) og Jiriczek, „Zur Mittelisländischen Volkskunde“, 8 (4⁴).

⁶⁶⁰ „Þulur“, 761 (Ása heiti II, 1¹⁰); *Eddukvæði*, 1:451 (12⁹). Sömu nöfnin eru m.a. í heimildum fyrir seinni alda þulum: *Grani* í Lbs 418 8vo, 33v, *Greppr* í DFS 67, 260r, *Loki* í AM 960 IX 4to, 1r og *Lútur* í Lbs 421 8vo, 22v.

⁶⁶¹ Lbs 424 8vo, 81r. Upphaf að öðrum textanum úr fornum hans er „Tífill Tútur“ – en „Tífall og Tútur“ að hinum.

⁶⁶² Jólasveinar, a.m.k. sumir, voru sagðir vera börn Grýlu þegar í Grýlukvæði sem eignað er síra Stefáni Ólafssyni í Vallanesi sem er fyrsta ritaða heimild um orðið *jólasveinar* (Árni Björnsson, „Hjátrú á jolum“, 115).

⁶⁶³ SÁM 85/582 EF (24423 og 24432); þulutextarnir eru næstum samhljóða, sbr. Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn“, 163.

⁶⁶⁴ ÞP 6569, 1r.

⁶⁶⁵ Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn“, 150–154.

⁶⁶⁶ Árni Björnsson, „Nöfn Jólasveina“.

fylgir blokkinni *Jón smár* (sbr. Viðauka Ia.4 um blokkina *Fylgdarmannatala*); þar fyrir utan standa enn nokkrir textar, með færri sérkenni. Ekki er mikill munur á nöfnum dansara í lengri og styttri gerð listans, en nafnalistar fylgdarmanna eru hins vegar ekki eins. Listi yfir fylgdarmenn kóngsdóttur/karlmanns er lengstur og nöfnin á honum fjölbreyttust. Á þessum lista eru flest nöfn sem sameina alla nafnalista dansara og fylgdarmanna (*Úlfur* og *Álfur*, *Vilmundur* og *Vigga*, *Sæmundur* og *Sigga* o.fl.)⁶⁶⁷ og talsvert um venjuleg mannanöfn, en einnig flest skringileg nöfn sem endurspeglanna annaðhvort mikla afbökun eða tilraunastarfsemi flytjenda (*Kálfur* – *Kólfur* – *Kúlfur* – *Ólfur*,⁶⁶⁸ *Lúccía löng*, *Bullustöng* o.fl.).⁶⁶⁹ Listi fylgdarmanna kerlingar er talsvert styttri en þó nokkuð svipaður, enda hefur hann sterk tengsl við lista yfir fylgdarmenn kóngsdóttur. Listi fylgdarmanna Jóns smás, jafn langur lista kerlingar eða styttri, hefur mesta sérstöðu. Annars vegar vantar á hann sum nöfnin sem bæði kóngsdóttir/karlmáður og kerling hafa á sínum listum (þ.á m. nokkur algeng nöfn eins og *Bjarni/Björn poki* og *Þórður/Þórgrímur loki*), hins vegar hefur hann sitthvað sem er ekki á listum fylgdarmanna kóngsdóttur og kerlingar, t.d. nöfn eins og *Sigurbóndi(?)*, *Þorlákur þauti* o.fl. þess háttar.⁶⁷⁰

Listar yfir nöfn dansara og fylgdarmanna eru þrátt fyrir allt ofangreint hverjir öðrum líkir í notkun og gerð heita – en mjög ólíkir nöfnum Grýlubarna. Á þessum listum eru mannanöfn mikið notuð (ólíkt því sem sjá má á listum yfir nöfn Grýlubarna), en hlutfall þeirra er rúmlega tveir þriðju af öllum sjálfstætt standandi nöfnum á listunum, þ.e. af mannanöfnum og öðrum orðum sem gegna hlutverki nafna.⁶⁷¹ Hlutfall mannanafna meðal samsettra nafna er einnig óvenjulega hátt, eða um helmingur á listanum yfir dansarana og jafnvel u.þ.b. tveir þriðju á lista fylgdarmanna.⁶⁷² Mannanöfnin á listunum yfir dansara og fylgdarmenn eru reyndar ekki þau sömu, en listarnir eiga aðeins algengustu nöfnin sameiginleg (sbr. kafla 8.1.4). Sjálfgæfari nöfn eru fastari á öðrum hvorum listanum og flakka síður þeirra á milli; t.d. eru nöfn eins og *Finna*, *Gróa*, *Guðfinna*, *Guðbrandur* og önnur *Guð*-nöfn á ýmsum listum yfir nöfn dansara en síður fylgdarmanna.⁶⁷³ Á sama hátt blandast

⁶⁶⁷ Lbs 418 8vo, 33r; sbr. Lbs 587 4to III, 1r (þar er vissulega „Klanns dóttir“).

⁶⁶⁸ Nafnið *Kálfur* er stundum notað með nafninu *Álfur* til skiptis við parið *Úlfur* og *Álfur*, t.d.: „Honum fylgir úlfur og álfur“ (DFS 67, 425r) og „henni fylgir álfur og kálfur“ (Lbs 414 8vo, 108v). Þessi saklausa samsetning mannanafna breytist svo á ýmsa vegu, sbr.: „hónum filgir ólfur, og kólfur“ (Lbs 587 4to III, 14r–14v) og „honum filgir Úlfur og Kúlfur“ (s.hdr., 11v). Orðið *kólfur* væri hægt að skoða sem nafn myndað út frá líkamlegum sérkennum – t.d. lítill maður, mjór (eins og lítið spjót) eða með kólflaga útlínur – eða út frá skapperð/hegðun manns, t.d. sá sem hreyfir sig hratt og e.t.v. ómarkvisst. Ósamsetta rímorðið „ólfur“ er hins vegar varla merkingarbært nafn, og það er „Kúlfur“ – rímorðið við *Úlfur* – ekki heldur.

⁶⁶⁹ Lbs 421 8vo, 34v.

⁶⁷⁰ „Sigurbóndi“ og „Þorlákur þauti“ í Lbs 587 4to IX, 60v, sbr. „sigur bóndi“ og „þorlákur þauti“ í Lbs 587 4to II, bls. 102.

⁶⁷¹ Auknefni sem standa með mannanöfnum eru hins vegar ekki inni í þessari tölu. (Séu þessi auknefni einnig inni í viðmiðunartölunni – en þó ekki talin sem mannanöfn – er hlutfall mannanafna aðeins í kringum helming allra nafna á listanum vegna þess að viðurnefni með mannanöfnum eru mjög algeng á þessum tveimur listum, þ.e. þau fylgja rúmlega helmingi mannanafna á lista yfir nöfn dansara og tæplega helmingi á lista yfir nöfn fylgdarmanna.) Þessar og aðrar tölur eru tilfærðar hér með fyrirvara um það að oft eru mörk á milli sjálfstætt standandi nafna og auknefna með öðrum nöfnum býsna óskýr, og með sama hætti er stundum erfitt að segja hvort um tvö einstök nöfn eða tvínefni er að ræða, líkt og fram kom í kafla 8.1.2.

⁶⁷² Í ættartölunni í *Heyrði ég í hamrinum* er líkt eftir mannanöfnum, en fæst nöfnin eru til í raun, sjá 8.1.4.3.

⁶⁷³ *Guðfinna*: t.d. Lbs 587 4to I, bls. 128; Lbs 587 4to IX, 44r; Lbs 587 4to III, 10r; Lbs 414 8vo, 120v. *Guðbrandur*: Lbs 587 4to III, 4ra og Lbs 587 4to IX, 60v. Meðal þessara nafna eru jafnvel algeng *Guð*-nöfn eins og *Guðrún* eða *Gunna*. Þar eru einnig *Ingi*-nöfnin, eins og *Ingigerður* (Lbs 587 4to III, 10r) og *Ingiríður*, og *-hildar*-nöfnin *Ráðhildur*, *Dómhildur* o.fl. (Lbs 414 8vo, 120v, ásamt „Yngiríður“) og sum algengari nöfn eins og stuttnefni *Ranka* og *Manga* (t.d. í Lbs 587 4to IX, 60v, 61r).

nöfn á lista yfir fylgdarmenn varla dansaranöfnum, sbr. *Hallgrímur* og *Hjálmur*, *Sigurborg* og *Skeggi*, sum *Þor*-nöfn (t.d. *Þorgrímur*, *Þorlákur* og *Þorsteinn*), *Lúsía* o.s.frv.⁶⁷⁴ Listarnir tveir, yfir dansara og fylgdarmenn, virðast þannig tiltölulega fastmótaðir og nafnaflæði á milli þeirra óverulegt.

Annað sem er ólíkt með nafnalistunum sem hér um ræðir og nafnalistum úr Grýlupulum er notkun fornheita. Hún er talsverð á listum dansaranafna og mikil á listum yfir nöfn fylgdarmanna. Að vísu eru flest heiti, sem koma á þessa lista úr fornþulum, sótt á sömu merkingarsvið og heiti sem koma á lista yfir nöfn Grýlubarna, þ.e. í nöfn manna og yfirnáttúrulegra vera; helsti munur er sá að á listum dansara og fylgdarmanna eru einnig nöfn sem eru notuð sem heiti Óðins (t.d. *Hnikar*, *Grímur* og *Sigmundur*),⁶⁷⁵ en slík nöfn vantar að jafnaði í Grýlupulum. Ýmislegt á listum yfir dansara og fylgdarmenn er einnig sótt í forn heiti á dýrum og ýmsum landslagsfyrirbærum. Nöfn eins og *Björn*, *Úlfur*, *Hrafn* og *Kálfur* eru dýraheiti í eðli sínu, en að vísu ekki endilega þeirra dýra sem orðin merkja í nútímamáli: *Úlfur* er refsheiti úr Grímnismálum en *Hrafn* getur bæði verið heiti hests – m.a. í Þorgrímsspulu – og fugls. Auk þess er *Íma* vargsheiti, *Gedda* (sem kemur fyrir bæði sem ígildi sjálfstæðs nafns og sem auknefni) er meðal heita fiska; auknefnið „titlíngur“ er m.a. fuglaheiti o.s.frv.⁶⁷⁶

Þegar mannanöfnum og fornheitum sleppir eru einkennilegar orðmyndir, hljóðlíkingar og samsetningar helsta uppspretta nafnaforða á listum yfir dansara og fylgdarmenn, þótt þar sé einnig að finna hluti sem tengjast búskap;⁶⁷⁷ hlutfall hinna síðarnefndu er talsvert lægra í dansþulum en í Grýlupulum (og enn lægra í fylgdarmannalistum), en hlutfall svokallaðra skringilegheita er að sama skapi hærra. Dæmi um skringilegheitin eru margvísleg, en oftast snúast þau þó um tilbrigði við nöfn. Nafnið *Kálfur* hefur þegar komið til tals hér að framan, en í (8-6a–c) eru dæmi um fleiri nafnatilbrigði:

(8-6a) [...] honum filgir úlfur og alfur
og Jón skeggi sjálfur
Sigurðr og sigga
sigur bondi og ragnar
krétó í ási
hunn [svó – YSH] er mágur Bja[r]na
þorlákur þauti
og þórarin stjarna [...]

(8-6b) [...] henni fylgjir Úlfur og Álfur
Erlindur gjálfur,
Jón bóndi sjálfur,
Sigurborgaragna,
senn er mál að þagna [...]

(8-6c) [...] Jón bóndi raglar,
hvað er hann að sagla [...]⁶⁷⁸

⁶⁷⁴ Sbr. Lbs 587 4to IX, 53r (*Hallgrímur*); Lbs 587 4to IV, 29v (*Sigurborg*); Lbs 418 8vo, 33v (*Þórarinn* og *Skeggur*); Lbs 587 4to IX, 60v (*Þórarinn*, *Þorlákur*); Lbs 421 8vo, 34v og AM 969 4to, 46r („Lúsía“).

⁶⁷⁵ „Þulur“, 735, 739 og 746 (Óðins nöfn 2⁶, 3¹ og 6⁵); Lbs 414 8vo, 120v („Hnikars-spaung“); Lbs 587 4to III, 4ra („gríma“; sbr. nöfn sem enda á -grímur hér að framan); Lbs 421 8vo, 36r.

⁶⁷⁶ *Björn*, *Úlfur* og *Kálfur* eru heiti fylgdarmanna, sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 108v („Björn“ og „kálfur“), DFS 67, 425r og AM 960 XIII 4to, 1v („Úlfur“). *Hrafn* (AM 969 4to, 246v) er aftur á móti heiti af nafnalista dansara. Sbr. Lbs 421 8vo, 36r („Íma“), Lbs 587 4to III, 10r („Gedda“) og Lbs 587 4to IX 60v („Þórður titlíngur“).

⁶⁷⁷ *Björn poki* er á mörgum listum fylgdarmanna (t.d. í Lbs 587 4to III, 1r; Lbs 421 8vo, 34v o.fl.), en á dansaralistum eru nöfn og viðurnefni *Ausa* (Lbs 421 8vo, 36v), *Bredda* (Lbs 414 8vo, 120v) og *sledda* (DFS 67, 360r), auk ýmissa dýraheita: lamba, músa o.s.frv. Nöfn og viðurnefni út frá útliti og líkamssérkennum eru hlutfallslega nokkuð færri en búskáöld o.þ.h., en þó eru dæmi um slík bæði á listum fylgdarmanna (t.d. *Jón kraki* í DFS 67, 425r; *Jón skeggi* í Lbs 587 4to II, bls. 102) og dansara (t.d. *Loðinkinna* í AM 969 4to, 246v; sbr. Lbs 587 4to III, 4ra, 10r og víðar).

⁶⁷⁸ (8-6a): Lbs 587 4to II, bls. 102. Bil á milli orða eru óregluleg í handritinu; t.d. stendur eiginlega „hon um“ í 1. línu en „siggasigur“ í línun 3–4 (línuskipting mín – YSH). *Bjarna* – eiginlega „Bja[r]na“ – virðist vera leiðrétt úr „Bjanna“ eða „Bjarma“. (8-6b): Lbs 418 8vo, 33r. (8-6c): Lbs 587 4to III, 11v.

Jón bóndi er nokkuð algengt nafn í þulum (sbr. hér að framan), og það er nafnið *Sigurður* líka; hins vegar er *sigur bóndi* – eða *Sigurbóndi*? – einkennileg samsetning. Það er ekki mannanafn þar sem *Sigurbóndi* er ekki viðurkennt sem slíkt og nafnið *Sigur* er yngra en þulutextinn;⁶⁷⁹ en textinn snýst greinilega ekki um að hafa mannanöfnin rétt, sbr. heitið *Sigurborgaragna* í sambærilegri stöðu (8-6b). Textinn snýst heldur ekki um að hafa merkinguna nákvæma, sbr. dæmi (8-6c) þar sem hinn fullkomlega rökrétti *Jón bóndi* stendur í stað hins óljósa *Sigurbónda* eða *sigurs bónda* – hins vegar fylgja honum orðin *ragla* og *sagla* sem koma ekki miklu oft fyrir í samhengi þessa þuluflokks, og þá varla önnur orð með svipaðri merkingu. Svo virðist sem helsta markmiðið með textanum sé að halda uppi nokkurra lína nafnarunu með nöfnunum og nafnhlutunum *Jón bóndi* (eða *Jón skeggi*, eins og er í (8-6a)), *ragn-* – sem kemur út sem „ragnar“ í (8-6a), „Sigurborgaragna“ í (8-6b) og breytist í *ragl-* í (8-6c) – og e.t.v. einnig *sigur-* (sem er þó ekki í dæmi (8-6c)). Fleiri sérkennilegar samsetningar eru í (8-6a), þ.e. „þorlákur þauti“ og „krétó í ási“. Viðurnefnið *þauti* er hugsanlega myndað af sögninni *þjóta* og merkir þá þann sem þýtur (sbr. þó samhljóm við orðið *fauti* sem kann að hafa verið til hliðsjónar); „krétó“ er líklega afbökun á lat. *credo*. Slíkar afbakanir eru fleiri á nafnalistum í þulum, t.d. á nafni Marteins Lúthers sem er í frekar óræðum félagsskap í (8-7):

(8-7) [...] þar kom bæði Ival Túti,
Marteinn lúti,
Lamparape
og Fóta me [...] ⁶⁸⁰

Einkennilegheitin stafa þó líka af öðru en tilbrigðum (þ.á m. afbökun) við nöfn og auknefni; t.d. af óvæntum merkingarbærum orðum á nafnalistum: „honum fylgir Úlfur og Álfur // og Osómin sjálfur“.⁶⁸¹ Hluti af því hvað orðið *Ósóminn* kemur lesanda/hlustanda í opna skjöldu er það að venjulega má eiga von á: „henni fylgir Úlfur og Álfur — // og Jón bondi sjálfur“.⁶⁸² Sum auknefni Jóns þessa koma reyndar einnig á óvart, þó líklega ekki eins mikið og *Ósóminn*: t.a.m. *Jón kraki sjálfur*, *Jón smellir sjálfur*, *Jón krækir sjálfur* eða *Jón skeggi sjálfur*.⁶⁸³

8.1.4.3. *Ættartala* (nöfn frænda) og börnin í hamrinum

Í sumum þuluflokkum má finna fleiri en einn nafnalista; flokkurinn *Heyrði ég í hamrinum* geymir t.d. annars vegar nöfn barnanna sem búkonan dillar í hamrinum en hins vegar nöfn (föður)frænda þulumælanda. Þessir tveir listar eru oft ólíkir innbyrðis og frábrugðnir öðrum listum – stundum saman, stundum hvor í sínu lagi, en helsta sameiginlega sérkenni þeirra er miklu fastmótaðra skipulag heldur en á flestum öðrum nafnalistum.

⁶⁷⁹ Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, „Sigur“.

⁶⁸⁰ Lbs 936 4to, bls. 790. Nafnið (eða nöfnin) „Ival Túti“ gæti skýrst af upphafslínunum á textunum úr þriðja flokki Grýlubarnapúlva (sjá kafla 8.1.4.1), „Tífill Tútur // Baggi Lútur“ og „Tífall og Tútur // Baggi og Hnútur“ (Lbs 424 8vo, 81r) og „Tífill og Tútur, // Baggalútur“ (SÁM 85/582 EF, nr. 24423, sbr. 24432). Nöfnin *Tífall* og *Tútur* kunna að hafa orðið að „Ival Túti“, *Lútur* breyst í „lúti“, sem hefur þá verið skynjað sem afbakað *Lút(h)er*, og *Marteinn* hefur þá komið inn í þuluna í tengslum við þessa upplifun.

⁶⁸¹ Lbs 414 8vo, 124v.

⁶⁸² Lbs 587 4to IX, 53r, sbr. t.d. Lbs 423 8vo, 114r og Lbs 587 4to VIII, 14v.

⁶⁸³ DFS 67, 425r; Lbs 424 8vo, 26v; Lbs 587 4to II, bls. 90; Lbs 587 4to IX, 60v.

Fyrri listinn – yfir börnin í hamrinum – er að öllu jöfnu stuttur, eða 4–5 línur; í hverri línu eru tvö nöfn sem mynda innrím, sbr. (8-8) (listinn er skáletraður, helstu rímorð þar undirstrikuð með einfaldri línu en ljóðstafir með tvöfaldri):

(8-8) Heyrði eg í hamarinn
hátt var þar látið,
búkonan dillaði
börnunum öllum:

Inguni, Kínguni,
Jóruni, Póruni,
Aðalvarði, Ormagarði,
Eiríki, Sveini og Steini [...] ⁶⁸⁴

Nöfnin eru venjulega þríkvæð nema í línunni *Aðalvarði*, *Ormagarði* (eða ígildi hennar), þar sem nöfnin eru fjögur atkvæði hvort, og í línunni á eftir þar sem síðasta nafnið ef oftast en ekki aðeins tvíkvætt en samtengingin *og* bætir það oft upp. Dæmið hér að framan er reyndar óreglulegt að því leyti að í síðustu línu listans eru nöfnin þrjú; ýmis tilbrigði eru við línuna, en algengast er að hún sé á þessa leið: *Eiríki og Sveini*.⁶⁸⁵ Fyrstu línurnar tvær eru hins vegar frekar stöðugar, þótt örsjaldan komi fyrir að þær víxlist.⁶⁸⁶ Fleiri línur, sem eru byggðar á svipaðan hátt, bætast stundum við eða koma í staðinn fyrir aðra hvora þeirra, sbr. (8-9a,b):

(8-9a) [...] Asunne, Dísunne
Viggunne Siggunne
Ingunne Kingunne
Jórunne Pórunne [...]

(8-9b) [...] Jórunni. Pórunni.
Asunni. Dysunni
Völkunni sölkunni [...] ⁶⁸⁷

Af nafnalistanum í algengustu útgáfu hans, t.d. eins og fyrstu línurnar eru í (8-8) („Inguni, Kínguni, // Jóruni, Póruni“), verður varla annað séð en nöfnin séu *Ingunn*, *Jórunn* og *Pórunn* (ásamt tilbúningnum *Kingunn* sem er mótaður eftir nafninu *Ingunn*). Með línur eins og „Asunne, Dísunne“ í nánasta samhengi verður ljóst að það geta eins verið nöfnin *Inga*, *Jóra* og *Póra* með ákveðnum greini (ásamt orðinu *kinga* sem hér er gert að mannsnafni). Slíkt er óvenjulegt fyrir mannanöfn og er því ekki með fyrstu lestrar- og túlkunarmöguleikunum. Tilkoma línanna í (8-9a,b) margfaldar þannig fjölda nafna, sem koma til greina á listanum, langt umfram eigin fjölda nafnanna í viðbótarlínunum.

Í línunni *Aðalvarði*, *Ormagarði* er þvert á móti talsverður breytileiki sem færast stundum einnig yfir á næstu línu, en hann orsakast af erfiðleikum við að túlka orðið *ormagarður* sem mannsnafn. Þegar meðal fyrstu þuluuppskrifta eru ýmis tilbrigði við þessa línu, einkum *Aðalvarði í ormagarði* (eða *í Ormagarði*)⁶⁸⁸ og *Aðalvarði úr ormagarði* (eða *úr Ormagarði*).⁶⁸⁹ Þau lifa einnig á 20. öld

⁶⁸⁴ AM 247 8vo, 7r.

⁶⁸⁵ AM 277 8vo, 32v; AM 960 XX 4to, 3r; Lbs 424 8vo, 16v; DFS 67, 250v, 257r o.fl. handrit. Tilbrigði við línuna eru t.d. með öðrum nöfnum: „Eirike. Geýre“ (Lbs 852 4to II, bls. 93), með fleiri nöfnum: „Eiríki Sigurði og Sveini“ (Lbs 587 4to IX, 42v–43r; þetta er ekki ósvipað línunni í (8-8), en innskotsnafnið er þríkvætt og rímar ekki). Stundum bætast fleiri línur við: „Eyríki og Sveini, // dyllaði hún Steini“ (Lbs 587 4to III, 60v); öðruvísi viðbótarlína er „[M]ús undir steini“ (SÁM 30a, 108v).

⁶⁸⁶ Lbs 587 4to III, 14v.

⁶⁸⁷ Lbs 852 4to II, bls. 93; AM 277 8vo, 32v; fleiri dæmi mætti tína til. Í nafnaparinu *Ásunni*, *Dísunni* er þó skothending í stað aðalhendingar.

⁶⁸⁸ Sbr. DFS 67, 250v (sbr. 275r: „i orma gard“); AM 277 8vo, 32v; Lbs 587 4to II, bls. 155; Lbs 587 4to III, 60v; Lbs 587 4to IV, 5r; Lbs 587 4to IX, 54v; Lbs 418 8vo, 30v o.fl. handrit.

⁶⁸⁹ Sbr. t.d. Lbs 421 8vo, 22v og Lbs 587 4to II, bls. 49.

þótt þeim fækki talsvert. Önnur tilbrigði verða hlutfallslega algengari á 20. öld, en þau snúast um að einhver var í ormagarði/Ormagarði hjá Eiríki sveini/Sveini (8-10a,b):

(8-10a) [...] Adall var í ormagarði
hjá Eiríki Sveini [...]

(8-10b) [...] Jóruni, Þóruni,
er áður var í ormagarði
hjá Eiríki sveini [...]⁶⁹⁰

Langflest orð í þessum þétt skipulögðu línnum eru viðurkennd mannanöfn, þannig að á þessum lista eru þau flest (af öllum nafnalistum sem ræddir eru í kafla 8.1.4).

Ættartölulistinn notar einnig talsvert af mannanöfnum og er eins þétt skipulagður, en þó með öðru móti. Þar er keðja afkomenda í karllegg, svo að í hverri línu er nafn ásamt föðurnafni, í nefnifalli (stundum með hjálparsögn á milli).⁶⁹¹ Nöfnin eru til skiptis tveggja og þriggja atkvæða, hin síðarnefndu eru oftast en ekki samsett, sbr. dæmi (8-11); ríkulegur samhljómur – út frá endurtekningum – er auðkenndur eins og í (8-8) og veikt endarím með punktalínu:

(8-11) [...] telja máttu föður frændur þína:
Kambur Skæringsson,
Skæringur Branzson,
Brandur Björgólfsson,
Björgólfur Hringsson,
Hringur Hreiðólfsson,
Hreiðólfur Garðsson,
Garður Gunnvarðsson,
Gunnvarð[ur] Refsson,
Refur Raðsvinnsson,

Ráðsvinnur Kolsson,
Kolur Kjörvardsson,
Kjörvardur Björsson,
Björ Brettíngsson,
Brettíngur Hakason,
Haki Odínsson,
Odin illi, allra trölla faðirinn
og sá var mestur maðurinn;
og heyrði eg í hamarinn.⁶⁹²

Slíku margþátta skipulagi verður nánar lýst í kafla um fjölform (8.3.2.3).

Hlutfall viðurkenndra mannanafna er nokkuð lægra á ættartölulistanum en á listanum yfir börnin í hamrinum. Ástæða þess er trúlega sú að ýmis tilbrigði við viðurkennd mannanöfn eru einnig notuð sem mannanöfn á listanum – tilbrigðin sem sjálf eru ekki endilega viðurkennd sem mannanöfn. Við hliðina á mannsnafninu *Kolur*, sem er býsna algengt á þessum lista,⁶⁹³ er t.d. *Koli* sem er ekki viðurkennt mannsnafn.⁶⁹⁴ Nafnið *Garðar*, sem er aftur á móti mjög sjaldgæft á listanum yfir nöfn frænda⁶⁹⁵ (og ekki heldur notað sem mannsnafn á Íslandi fyrr en seint á 19. öld svo vitað sé),⁶⁹⁶ hefur einhvers

⁶⁹⁰ Lbs 423 8vo, 109r og DFS 67, 184r; sbr. SÁM 30a, 463r og SÁM 30b, 405v. Forsetningin *hjá* breytir hér hrynjandi og ýtir samtengingunni og út úr línunni. Hvorki greinarmerki né hástafir/lágstafir eru áreiðanleg, þannig að ekki er víst hvort síðustu línu á að túlka sem forsetningu ásamt nöfnum tveggja manna (Eiríks og Sveins) eða ásamt tvínefni (*Eiríki Sveini*), eða þá hvort *sveini* er e.t.v. samnafn og átt sé við svein að nafni Eiríkur.

⁶⁹¹ *Garður* \var/ *Gunnarsson*, // *Gunnar var Refsson* o.s.frv. (Lbs 587 4to IV, 5v).

⁶⁹² AM 247 8vo, 7r. *Kjörvardsson* og *Kjörvardur* er leiðrétt úr *Kjörvaldsson* og *Kjörvaldur*.

⁶⁹³ AM 969 4to, 47v; DFS 67, 275r, 423r; AM 247 8vo, 7r; Lbs 414 8vo, 124v (þó „Kol[a]son“). Nafnið virðist þó ekki hafa verið notað sem mannsnafn frá 17. öld og langt fram á 20. öld (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, „Kolur“).

⁶⁹⁴ Lbs 414 8vo, 117r; sbr. Lbs 587 4to II, bls. 99 og Lbs 587 4to IV, 13r. Það er að vísu ekki hægt að útiloka að nafnið hafi verið notað sem gælunafn þótt þeirri er hér ritar sé ekki kunnugt um slíkt.

⁶⁹⁵ Sbr. þó Lbs 423 8vo, 109r (föðurnafnið næst á undan er þó „Garðsson“).

⁶⁹⁶ Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, „Garðar“, sbr. „Garður“.

konar hliðarmynd *Garður* sem er afskaplega algeng í þulum⁶⁹⁷ en er hins vegar lítið notuð sem mannsnafn. Meðferð á þessum tveimur nöfnum gefur til kynna að í ættartölunni eigi ekki endilega – og ef til vill alls ekki – að vera mannanöfn sem hefð er fyrir (eins og er tilfellið á nafnalista barnanna í hamrinum). Þvert á móti virðist mannanöfnum, sem hefð er fyrir, vera breytt á ýmsa vegu, en það skyldi engan undra þegar tröll eru annars vegar (sjá niðurlag listans í (8-11)).

Þannig stendur nafnið *Gunnar* – eitt af örfáum verulega útbreiddum mannanöfnum á ættartölu-listanum – óbreytt á listanum í aðeins u.þ.b. helmingi tilfella, en annars er stofninum *-(v)arður* skeytt aftan við *Gunn*-stofninn (*Gunn(v)arður*).⁶⁹⁸ Ein helsta ástæða þess er trúlega sú að nafnið *Gunnar* er jafnan í sömu stöðu í þulunni og þriggja atkvæða nöfn með tvo þunga stofna eins og *Björgólfur*, *Ráðfinnur* o.fl. Því grípur flytjandi oft – e.t.v. ómeðvitað – til þess að lengja nafnið upp í þrjú atkvæði. Oft gerist einnig að föðurnafnið er skrifað *Gunnarsson* – en nafnið í næstu línu fær aukastofninn, t.d.: „Garðr Gunnarsson // Gunnarðr Refsson“.⁶⁹⁹ Það kann að stafa af því að *ð* (og *v*) heyrir lítið í framburði í þessum föðurnöfnum og getur því dottið út þegar nafnið er fært í letur, bæði þegar skrifað er eftir heimildarmanni og eftir eigin minni ef þulan var lærð úr munnlegri geymd. Önnur skýring kann að vera sú að heimildarmaður átti sig á því í flutningi – hugsanlega jafnvel þegar hann eða hún er búin(n) að bera fram föðurnafnið *Gunnarsson* – að næsta nafn þyrfti að vera þriggja atkvæða en ekki tveggja og nái að bregðast við með því að lengja nafnið. Reyndar er talsvert bragfrelsi eitt af ein-kennum þulna síðari alda, þannig að það er aðeins valkvætt – ekki skyldubundið – að lengja nafnið *Gunnar* upp í þrjú atkvæði þótt það brjóti upp hrynjandi sé það haft óbreytt (því þulur virðast þola vel slíka óreglu, sbr. kafla 7.2). Sama gildir um og annað svipað nafn, *Hreiðar*, sem er oftast en ekki í sömu stöðu; það fær aðeins að vera óbreytt í tæplega helmingi tilfella – hugsanlega vegna þess að það er ekki eins algengt mannsnafn og *Gunnar*. Hér er nokkuð meiri fjölbreytni í tilbrigðum; meðal nafnstofna, sem skeytt er aftan við *Hreið*-stofninn, eru ekki aðeins *-arður* og *-varður* (*Hreiðarður*, *Hreiðvarður*)⁷⁰⁰ heldur t.d. einnig *-ólfur* (*Hreiðólfur*).⁷⁰¹ Fyrri nafnstofninn er líka breytilegri en *Gunn*-stofninn, en finna má myndir eins og „Hreiðvarður“ og „Hreifvarður“.⁷⁰² Enn fjölbreytilegri tilbrigði eru komin út frá nöfnum sem byrja á *K* nær lokum listans, sbr. „Kjörvarður“ í dæmi (8-11). Tilbrigði eru bæði í fyrri og seinni stofni nafnsins; *Ker*-skiptist á við *Kjal*-, *Kjar*- og *Kjör*-, og á sama tíma skiptist algengasti seinni stofn nafnsins, *-varður*, á við annan algengan stofn, *-valdur*, auk þess sem stöku sinnum koma aðrir stofnar inn, t.d. *-val(ur)*.⁷⁰³

⁶⁹⁷ AM 969 4to, 47v; DFS 67, 257r, 275r, 423r; AM 247 8vo, 7r; Lbs 414 8vo, 124v o.fl. handrit, þ.á m. allnokkur dæmi úr Lbs 587 4to (þar á meðal: I, bls. 18; II, bls. 98; III, 14v; IV, 5v; VIII, 2r; IX, 42v og 61r).

⁶⁹⁸ *Gunnvarður*: AM 247 8vo, 7r; Lbs 414 8vo, 97r, 117r og 124v; Lbs 587 4to IV, 13r; DFS 67, 203v; *Gunnarður*: AM 969 4to, 47v; DFS 67, 204v (leiðrétt úr *Gunnvarður*); Lbs 587 4to (þar á meðal: III, 14v; VIII, 2r og IX, 61r).

⁶⁹⁹ Lbs 852 4to II, bls. 94; sbr. Lbs 587 4to IX, 61r.

⁷⁰⁰ *Hreiðarður* er algengasta útgáfan af nafninu: AM 969 4to, 47v; sbr. Lbs 587 4to VIII, 2r og Lbs 423 8vo, 109r. *Hreiðvarður*: DFS 67, 203r og 275r („hreiðvarður“).

⁷⁰¹ AM 247 8vo, 7r.

⁷⁰² Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 11: Anna Kristjánsdóttir, [5r]; Lbs 587 4to IX, 61r.

⁷⁰³ *Kervaldur*: Lbs 587 4to IX, 43r („Kjervaldur“). *Kjarvarður*: Lbs 587 4to II, bls. 99 og 183; Lbs 587 4to VIII, 2r; DFS 67, 203v (fyrst var þó skrifað „Kjarvarðsson“) og 204v o.fl. *Kjarvarður*: SÁM 30b, 106r. *Kjarvaldur*: DFS 67, 257r; Lbs 587 4to IV, 5v. *Kjörvaldur*: Lbs 587 4to IX, 61r. *Kjörvarður*: Lbs 852 4to II, bls. 94 („Kiorvarðr“); AM 247 8vo, 7r („Kjörvarður“, leiðrétt úr „Kjörvaldur“); Lbs 587 4to III, 14v; SÁM 30a, 108v. „Kjarvalr“ er í Lbs 414 8vo, 119r.

Slík bygging samsettra nafna er talsvert ólík byggingu samsettra mannanafna á listum yfir nöfn dansara og fylgdarmanna, en þar eru að mestu notaðir gamlir hefðbundnir nafnstofnar, líkt og fyrri liðirnir *Guð-*, *Gunn-*, *Ing(i)-* og *Por-/Þór-* og seinni liðirnir *-hildur*, *-gerður* og *-mundur*. Líkindi í byggingu samsettra nafna dansara og fylgdarmanna annars vegar og samsettra nafna í ættartölunni hins vegar eru þó þau að tiltölulega fáa fyrri og seinni liði þarf til að búa til mörg og fjölbreytt nöfn (á ættartölulistanum eru það helst *Hreið-/Hreif-*, *Ker-/Kjar-/Kjör-* og *Kjal-*, *-(v)arður/-val(d)ur*) og ákveðinna tilhneiginga gætir í því hvernig þessi fyrri og seinni liðir veljast saman. Þessar tilhneingar kunna að vera af hljómrænum toga (t.d. velst seinni liður með *l* ekki saman með fyrri liðnum *Kjal-*) eða merkingarfræðilegum, t.d. að hernaðartengdir fyrri liðir veljist saman með liðnum *-dís* í nöfnum dansara (*Vigdís*, *Herdís*) en vald- og mátttengdir fyrri liðir með seinni liðnum *-hildur* (*Dómhildur*, *Ráðhildur*, *Magnhildur*, *Matthildur* o.s.frv.⁷⁰⁴)

Nöfnin í flokknum *Heyrði ég í hamrinum* hafa einnig talsverð tengsl við fornheiti, en þeim tengist rúmlega fjórðungur af öllum nöfnum á listunum. Stuttu listinn yfir börnin í hamrinum tengist reyndar aðeins fáum fornheitum, og eru flest þeirra mannaheiti. Tengsl við fornheiti eru hins vegar einkar mikil á ættartölulistanum, hann sker sig að þessu leyti úr meðal nafnalistanna sem eru rædd í þessum kafla. Meðal nafna frænda eru heiti yfirnáttúrulegra vera (goða, jötna, dvergum o.s.frv.) fleiri en mannaheiti, en samanlagt eru þessar tvær tegundir rúmlega helmingur allra fornheitanna sem ættartölulistinn tengist. Hinn (tæpi) helmingurinn eru sverða- og skipaheiti ásamt fugla- og dýraheitum, en það er ekki ósvipað tengslum sem finna má á nafnalistum dansara og fylgdarmanna. Þá tengjast nokkur merkingarbær nöfn, sem eru þó ekki meðal fornheita, hraustleika (*Brettingur*), orustu (*Gunnar*) og grimmd (*Illugi*); það er óvenjulegt miðað við önnur heiti athuguð hér (Grýlubarna, dansara og fylgdarmanna) og má heita sérkenni *Ættartölu*.

Sérkenni nafnalistanna í þuluflokknum *Heyrði ég í hamrinum* eru einnig fólgin í því að mjög fá heiti eru mynduð út frá nöfnum búsaþalda, dýra o.þ.h.⁷⁰⁵ Heiti á barna- og frændalistunum eru oftar en ekki annaðhvort hefðbundin mannanöfn eða búin til í tengslum við slík, t.d. með því að skipta út viðskeyti eða endingu (*Garðar* : *Garður*, *Kolur* : *Koli* o.s.frv.) eða nota stofna úr hefðbundnum mannanöfnum og spinna ýmis tilbrigði í kringum nöfn (*Kjarvarður* : *Kervarður* : *Kervaldur* o.fl.). Sú hefð var hins vegar a.m.k. byrjuð að mótast, eins og fornþulur jötna og tröllkvenna ásamt Allra flagða þulu endurspegla, að mynda heiti trölla og tröllkvenna út frá nöfnum yfir áhöld, dýraheiti og ýkt og/eða ófrýnileg líkamseinkenni. Grýluþulur virðast halda tryggð við þessa hefð; en listi yfir nöfn frænda gefur annars vegar til kynna að um sé að ræða tröllanafnalista⁷⁰⁶ en fellur hins vegar ekki alveg inn í tröllaþuluhefðina eins og hún birtist í tröllanöfnum Snorra-Eddu og í Allra flagða þulu.

Hins vegar má greina ákveðinn samhljóm á milli nafnalista frænda og ættartölukafla Hyndlu-ljóða, þótt sá kafli sé ekki upptalning tröllanafna (sú sem mælir er þó líklega tröllkona). Líkindi eru í byggingu þessara tveggja nafnaupptalninga enda er hvor tveggja ættartala, þótt miklu meiri frá-

⁷⁰⁴ *Vigdís*, *Herdís*, *Dómhildur* og *Ráðhildur*: dæmi (8-4); *Magnhildur*: dæmi (1a5-c); *Matthildur*: Lbs 587 4to I, bls. 128.

⁷⁰⁵ Nöfn af öðrum merkingarsviðum eru m.a.: *Kambur* (áhald), *Bjór* (dýr – eða e.t.v. drykkur) (hvort tveggja er t.d. í AM 247 8vo, 7r, sbr. dæmi (8-11) hér að framan), *Tjaldur* (líklega fuglsheitið), sbr. DFS 67, 257r (ásamt „Tjaldúlfr“).

⁷⁰⁶ Sá síðasti í röðinni er „Oðin illi, allra trölla faðirinn“, sbr. dæmi (8-8) hér að framan.

sögn sé í ættartölukafla Hyndluljóða en í ættartölulistanum í *Heyrði ég í hamrinum* sem geymir aðeins nöfn sona og fedra í rétttri röð. Auk þess eru hliðstæður í texta ættartölukaflans og ættartölulistans, þótt varla sé hægt að tala um bein textatengsl. Rétt utan við nafnaupptalninguna í báðum textunum er ávarp (í 2. persónu eintölu): annars vegar „telja máttu föður frændur þína“ (dæmi (8-11) hér að framan), hins vegar *allt er þat ætt þín, // Óttarr heimski*.⁷⁰⁷ Í nafnalistanum sjálfum í Hyndluljóðum eru nöfn sem eru mynduð eftir sömu reglum og heiti í þulum, bæði að fornu og nýju; meðal þeirra eru nafnapör eins og *Ísólfur* og *Ásólfur* – og meira að segja *Úlfur* og *Álfur*,⁷⁰⁸ en þessum tveimur nöfnum með ýmsum tilbrigðum bregður oft fyrir í þulum síðari alda, reyndar ekki á nafnalista fylgdarmanna (sjá kafla 8.1.4.2) heldur frænda, en listarnir kunna báðir að eiga rætur sínar að rekja að einhverju leyti til sömu textahefða(r). Sjaldgæfara er að sjá í þulum síðari alda annað fornt nafnapar, *Tindur* og *Tyrfingur*, en það er m.a. í 23. erindi Hyndluljóða og í lausavísu í Örvar-Odds sögu;⁷⁰⁹ nafnaparið kemur þó fyrir í þuluflokknum *Heyrði ég í hamrinum* (t.d. sem „Tindur tirfingsson“).⁷¹⁰ Sama lausavísa í Örvar-Odds sögu – og aðrar tvær í Hervarar sögu og Heiðreks – hefst með nöfnunum *Hervarðr*, *Hjörvarðr*,⁷¹¹ og er hér e.t.v. komin einhvers konar rót mismunandi samsetninga á borð við *Kervarður*, *Kjörvarður*, *Kjörvaldur* o.s.frv. Í 23. erindi Hyndluljóða eru þetta samt sem áður ekki tröllanöfn heldur berserkja sem koma einnig fyrir í Hervarar sögu og Heiðreks og er lýst þar sem köppum af mannaættum, en þeir eru sagðir synir Arngríms sem var *víkingr ágætr* og *mikill höfðingi*, og Eyfuru, dóttur Sigurlama, en svo hét *konungr er réð fyrir Gardaríki*.⁷¹² Þessi tengsl við Hyndluljóð og nafnamyndun þar í – frekar en við Allra flagða þulu og aðferðir hennar til að mynda trölllaheiti – tryggja ættartölulistanum ákveðna sérstöðu miðað við aðra tröllanafnalista (þ.e. lista yfir nöfn Grýlubarna) og sýna fram á tilveru annarrar textahefðar tröllanafna – hvort sem sú hefð, sem virðist í fyrstu ekki tengd tröllum nema óbeint, hafi tengst þeim að fornu eða síðar.

8.1.4.4. Kúanöfn

Kúanafnalistar eru einkum í tveimur þuluflokkum sem eru nokkuð ólíkir innbyrðis. Annars vegar er stór flokkur af upptalningum kúanafna (og athöfnum kúnna) sem hefjast beint á: „Hér koma kýr mínar // ofanaf fjöllum“,⁷¹³ „Kýr mínar koma // ofanaf fjalli“,⁷¹⁴ og því um líkt – eða þá á einhverjum af þessum inngangslínum á undan ofangreindu upphafi:

⁷⁰⁷ *Eddukvæði*, 1: 463 (16⁹⁻¹⁰, 17⁵⁻⁶) og víðar.

⁷⁰⁸ S.r., 463 („Ísólfur ok Ásólfur“, 21¹) og 462 („Alfr var Ulfr“, 12⁵; þ.e. *Alfr var <borinn> Úlfr*).

⁷⁰⁹ S.r., 464 („Tindr ok Tyrfingr“, 23³); einnig í Örvar-Odds sögu, sbr. „Örvar-Odds saga“, 816 (5⁵, eða 1. lausavísa Hjálmars) og 817, en þar er þess getið m.a. að sambærileg nöfn eru hjá Saxa málsþaka og í Hervarar sögu (en þar er *Tyrfingr* sverðsnafn).

⁷¹⁰ Lbs 587 4to VIII, 14r.

⁷¹¹ „Örvar-Odds saga“, 816 (5¹⁻²); „Hervarar saga ok Heiðreks“, 387, 389 (26¹⁻² og 28¹⁻², eða 9. og 11. lausavísur Hervarar). Þessi nöfn eru einnig hjá Saxa. Sjá samanburðarathugun á nöfnunum: von See, La Farge, Picard og Schulz, *Kommentar zu den Liedern der Edda*, 3: 750–761.

⁷¹² *Norrøne skrifter af sagnhistorisk indhold* 3, 299–300 („vikingr agætr“ og „mikill hofþingi“; „konungr, er réð fyrir Gardaríki“). Þessi vísun til austurs kann að gefa í skyn að um tröll eða galdrálfk hafi verið að ræða en er þó ekki örugg vísibending. Í eldri útgáfu sögunnar (í Hauksbók) er Arngrímur þó af ættum bergrisa og álfa, en Eyfura afkomandi Óðins (s.r., 204–206).

⁷¹³ AM 960 IX 4to, 2r, sbr. AM 960 XIII 4to, 1r og Lbs 1911 8vo, bls. 28–29.

- *Settu þig niður sonur minn*⁷¹⁵ (algengasta upphafið);
- *Ég skal gefa mínu barni*⁷¹⁶ (þetta upphaf er sjaldgæfast);
- *Þegiðu, þegiðu sonurinn sæli*;⁷¹⁷
- *Ég skal dilla syni mínum*.⁷¹⁸

Hinn flokkurinn er samtal kúa, nokkuð skipulögð runa af línupörum þar sem hver kýrin leggur fyrri línuna til máls, en seinni línan samanstendur jafnan af orðunum *segir hún* (eða *hann* ef boli tekur til máls) og nafni kýrinnar/bolans sem rímar við fyrri línuna, sbr. dæmi (8-1). Slíkar runur hefjast oftast á línunum *Sól(in) skín á fossa* eða *Hvar á að tjalda*⁷¹⁹ og fylgjast að við fyrri flokkinn af kúapul- um í rúmlega helmingi tilfella þegar seinni flokkurinn er til staðar í þulutexta. Þessi seinni flokkur er hér eftir nefndur *Kúapulur II* til aðgreiningar frá þeim fyrri sem verður vísað til undir nafninu *Kúapulur I*. Þrátt fyrir augljósan mun á byggingu flokkanna eru kúanöfnin í þeim ekki svo ólík; *Kúapulur II* einkennast af minni fjölbreytni en *Kúapulur I* (en það tengist fyrir sitt leyti augljóslega hinni fastmótuðu byggingu *Kúapulna II*), og flest nöfn í *Kúapulur II* koma einnig fyrir í *Kúapulur I*.⁷²⁰ Af þessum ástæðum þykir óhætt að skoða nafnalistana í þessum tveimur þuluflokkum í einu lagi.

Kúapulur hafa ákveðna sérstöðu í samanburði við nafnalistana sem ræddir voru hér að framan, og koma þar nokkur atriði til. Með tilliti til *byggingar listanna* er sérstaða kúapulna t.d. fólgin í því að oft eru þær ekki aðeins nafnalistar heldur listar nafna og minna (sjá kafla 8.2) þar sem lýst er atferli kúnna, sbr. dæmi (8-12) úr *Kúapulur I* (ljóðstafir eru undirstrikaðir með einfaldri línu og líka rím, aðrar hljómrænar endurtekningar með brotalínu, endurtekningar í setningaskipan með bylgjulínu):

(8-12) [...] gánga drinjandi
Dröfn og hún hríngja
íla og hún ála
ofann frá skála
flekka og hún fræna
fylla þær skjólur [...] ⁷²¹

Þessir listar geta verið allt að því jafn skipulagðir og raun ber vitni í kúasamtalinu (*Kúapulur II*). Ákveðinnar tilhneigingar í sömu átt gætir í nafnalistum dansara (sbr. „Grætur Gunnhildur, // dansar

⁷¹⁴ AM 247 8vo, 6v, sbr. Lbs 587 4to IV, 3v–4r. Sbr. einnig: „Kýr minar allar komi ofann af fjöllum [...]“ (Lbs 587 4to IV, 17r), „Kyr kiellíngar // komu af fjalli [...]“ (Lbs 587 4to VIII, 14v), „Kýr mínar koma // ofan eptir fjöllum [...]“ (DFS 67, 205r) eða „Hér koma kýr mí[nar] // ofan eptir fiöllum [...]“ (DFS 67, 184v).

⁷¹⁵ Sbr. „Settu þig niður sonur minn // og súptu úr Ausu // þangað til kýr karls míns // koma af fjalli [...]“ (Lbs 587 4to IX, 61r) eða „Sittu niður sonur minn! // súptu úr ausu, // nú eru kýr okkar // komnar af fjalli [...]“ (DFS 67, 417v).

⁷¹⁶ „Jeg skal gefa mínu barni // mjólk að drekka, // þegar kýr mínar // koma ofanaf fjalli [...]“ (Lbs 418 8vo, 33v).

⁷¹⁷ T.d. „Þegiðu Þeigi[\du/]sonurinn sæli[,] // Þangad tilad kyrnar okkar // koma ofan af fjöllumum [...]“ (Lbs 414 8vo, 90r).

⁷¹⁸ T.d. „Jeg skal dilla syni mín[u]<m>, sælum og góðum, // Þangaðtil kýr kerlíngar koma ofanaf fjöllum [...]“ (Lbs 587 4to IX, 43r). Eða: „Jeg skal dilla syni mínum // sælum og góðum // þangad til ad kír mínar // koma ofann af fjallinu [...]“ (Lbs 414 8vo, 111v).

⁷¹⁹ T.d. „Sólin skín á fossa // segir hún Krossa [...]“ (AM 960 IX 4to, 2r) eða „Hvar á að tjalda // segir hún Skjalda?“ (AM 960 XIII 4to, 1v).

⁷²⁰ Flest nafnanna, sem koma aðeins fyrir í *Kúapulur II*, eru þó afar sjaldgæf, t.d. *Blómakinn* (Lbs 2856 4to, 139r).

⁷²¹ Lbs 414 8vo, 112r.

Dómhildur, // ríkir Ráðhildur“ í dæmi (8-4) hér að framan), en þar kemur hún ekki eins skýrt fram þar sem listar yfir nöfn fylgdarmanna og Grýlubarna eru að mestu nafnalistar.

Kúaþulur hafa einnig sérstöðu í *byggingu nafna* sem talin eru upp, einkum *samsettra nafna*. Slík nöfn eru ekki fleiri hlutfallslega á kúanafnalistum en á öðrum nafnalistum, sem hér hefur verið rætt um (eða um fjórðungur af öllum nöfnum), en byggingarmynstur – og að vissu leyti notkun – samsettra nafna í kúaþulum er frábrugðið byggingu annarra samsettra nafna. Samsett nöfn á öðrum listum sem hér hafa verið til athugunar, einkum samsett nöfn sem eru ekki mannanöfn, virðast oft vera sett saman eftir hljóm frekar en merkingu, sbr. nöfnin af gerðinni *hXspöng/stöng* („Háaspaung, Hnikarsspöng“; „hríka stöng“), *tXtöng* („Tóataung“, „Tóutöng“ og „táatöng“) og *tXtX* (t.d. „táatíka“, „Tófatíka“ og „Tóutöpp“).⁷²² Fyrri og seinni liðir eru sömuleiðis fundnir eða búnir til á hljómrænum grundvelli, sbr. að algengustu seinni liðir, *-böng*, *-spöng*, *-stöng*, *-töng* og *-löng*, eiga meira sameiginlegt í hljóm sínum en merkingu (enda er merkingin óljós í meirihluta slíkra nafna). Í kúanöfnum er aftur á móti oftast fólgin merking, með aðeins örfáum undantekningum; í sumum þeirra er merking e.t.v. til staðar en miður aðgengileg, t.d. sökum afbökunar á nafninu. Merkingarbæri nöfnin vísa jafnan til útlits kúa eða þá atferlis þeirra og skapgerðar.⁷²³

Það er einnig meira skipulag eða *meiri regla í byggingu samsettra kúanafna*, ekki ólíkt nöfnum íslenskra jólasveina (frekar en Grýlubarna) sem eru oft tvístofna gerandnöfn mynduð út frá iðju viðkomandi jólasveins (sjá 8.1.4.1) – frekar en útliti þeirra eða skapgerð, eins þegar kúanöfn eiga í hlut. Sem fyrri liður í samsettum kúanöfnum eru t.d. nafnorð eða lýsingarorð gjaldgeng (eða þá stofnar slíkra orða), sbr. *Geirhyrna*, *Hofmannshyrna* og *Lyndissokka* eða þá *Mjóahyrna*, *Gullinhyrna* og *Rauðakolla*.⁷²⁴ Seinni liður er venjulega nafnorð sem endar á *-a*, þó með fáeinum undantekningum (t.d. nöfn sem enda á *-reyður*, sbr. *Bjarnareyður*).⁷²⁵ Algengasti seinni liður er tvímælalaust *-hyrna*, enda er stærð og lögun horna eitt tíðasta þema í kúanöfnum, sbr. nöfnin *Geirhyrna*, *Mjóahyrna*, *Gullinhyrna* hér að framan og önnur svo sem „Greppilhyrna“, „Greppinhirna“, „kreppil hírna“ og „Kreppinhyrna“;⁷²⁶ sbr. einnig: *Rauðakolla*, þótt nafnið vísi eiginlega ekki til horna heldur til fjarveru þeirra. Aðrir algengir seinni liðir nefna aðra líkamshluta kúa, eins og *-toppa* („Gullintoppa“, „Æsintoppa“),⁷²⁷ og lit og/eða mynstur, t.d. *-skjalda* (*Aldinskjalda*, *Æsiskjalda*), *-stjarna* (*Hildarstjarna* ásamt tilbrigðum),⁷²⁸ o.fl. Meðal fyrri liða eru ekki aðeins útbreiddar vísanir í lögun horna

⁷²² „Háaspaung, Hnikarsspöng“: sjá (8-4); „hríka stöng“: NKS 3010 4to (37) (Össur Össurason, nr. 1, 1v). „Tóat[au]ng“: Lbs 414 8vo, 120v (í handriti er „au“ sérkennilegur límingur sem skrifari virðist annars ekki nota); „Tóutöng“: DFS 67, 360v; „t[á]atöng“ og „táatíka“: Lbs 587 4to III, 4rb; „Tófatíka“: Lbs 587 4to IX, 61r; „Tóutöpp“: Lbs 587 4to III, 43r.

⁷²³ Sbr.: Finnur Jónsson, „Íslandske konavne“, 63.

⁷²⁴ „Geirhirna“: Lbs 587 4to III, 10r; „Hofmannshyrna“: Lbs 587 4to II, bls. 172; *Lyndissokka* („Lyndissokku“): AM 247 8vo, 8v; „Mjóahyrna“, „Gullinhyrna“: Lbs 587 4to III, 56r; „Rauðakolla“: AM 247 8vo, 6v.

⁷²⁵ DFS 67, 417r.

⁷²⁶ „Greppilhyrna“: Lbs 587 4to II, bls. 172; „Greppinhirna“: AM 247 8vo, 6v; „kreppil hírna“: Lbs 414 8vo, 112r; „Kreppinhyrna“: Lbs 587 4to II, bls. 158.

⁷²⁷ DFS 67, 417v; AM 969 4to, 48r (hugsanlega í tveimur orðum: „Æsin toppa“). Sjaldgæfari seinni liðir nefna fleiri líkamshluta: spena (*Langspena*: DFS 67, 417r, 417v og miklu víðar, en nafnið er til staðar í stórum hluta þulutexta), hrygg („gaungulhryggja“ – hugsanlega skrifað með *ij* með einum depli – í JS 289 8vo I, 27r, sbr. „Gaunguhryggja“ í Lbs 587 4to II, bls. 146; „Rauðhryggja“ í SÁM 30a, 108r), höfuð („Gullinhöfðan“, Lbs 587 4to III, 10r) o.fl.

⁷²⁸ *Aldinskjalda*: AM 960 IX 4to, 2r; DFS 67, 417r og víðar. *Æsiskjalda*: Lbs 424 8vo, 28r. *Hildarstjarna*: AM 960 XIII 4to, 1r; sbr. „Hildinstjarna“ (Lbs 587 4to III, 8r), „Hirðinskjalda“ (Lbs 424 8vo, 27r), „Illin stjarna“ (Lbs 587 4to II, bls. 120), „Hirnistjarna“ (Lbs 587 4to II, bls. 56) o.fl.

heldur í lit kúa (bæði horna þeirra og annarra líkamshluta; einkum *Gull(in)*- og *Rauð(a)*-, sbr. nöfnin hér að framan), í atferli þeirra (einkum ef *Æsi(n)*-nöfnin eru túlkuð þannig að um æsta kú sé að ræða)⁷²⁹ og hugsanlega í eiganda kúnna.⁷³⁰

Aðrar útbreiddar samsetningar í kúanöfnum eru nöfn þar sem fyrri liður vísar til atferlis en sá seinni til útlitseinkenna eins og mynstur (t.d. *Æsiskjalda*, *Lyndissokka*) eða báðir liðir vísa til útlits, sá fyrri oftast en ekki til litar en sá seinni til mynsturs eða einhvers líkamshluta, t.d. „Gullinhöfðan“, „Gullhríngia“, „Gullintoppa“ o.s.frv.⁷³¹ Meðal samsettra kúanafna eru einnig sérkennileg nöfn, eins og hið afar algenga nafn *Hamramóðir*,⁷³² en því fylgja oft lýsingar eins og „hrísbitandi“, „þrísþítandi“, „síbitandi“, „heybitandi“ og jafnvel „í spítandi“ o.s.frv.⁷³³ Nafnið sjálft breytist stundum í „Amramóður“ eða jafnvel leysist upp, eins og í línunum „Geit heitir sú Arma móðir“ eða „Geitidir hún amra móðir“.⁷³⁴

Meirihluti ósamsettra nafna tengist reyndar sömuleiðis útliti kúa; einkum eru algeng nöfn sem snúast um lit og mynstur (slíkt virðist vera algengara í einföldum nöfnum en samsettum). Nafnið *Grána* er t.d. mjög títt, þ.á m. í *Kúapulum II*,⁷³⁵ sem og *Hvít*, en aðeins í *Kúapulum II*;⁷³⁶ nöfnin *Rauð* og *Rauðka*⁷³⁷ eru sjaldgæfari. Aðrir litir fyrirfinnast varla; jafn algengur litur og svartur er t.d. hvergi til í einföldum kúanöfnum og reyndar afar sjaldgæfur í samsettum.⁷³⁸ Algenga nafnið *Dúfa* getur að vísu einnig vísað til litar, sem og *Dumba* o.fl. slík nöfn, en þessi nöfn geta líka lýst skapgerð eða líkamlegu atgervi kýrinnar.⁷³⁹ Nöfn sem vísa til litamynsturs á kúm koma enn oftast fyrir í þulum en nöfnin sem vísa aðeins til litar; t.d. *Stjarna*, *Skjalda*, *Dröfn*, *Flekka*, *Fræna*⁷⁴⁰ o.fl. Nær jafn algeng þeim eru nöfn sem vísa til líkamshluta sem eru annaðhvort stórir eða – oftast – öðruvísi á

⁷²⁹ Sbr. einnig „Illin stjarna“ og hugsanlega *Hildarstjarna* í svipaðri merkingu. Af nöfnum með sjaldgæfari fyrri liðum má nefna *Göngulhryggja* (sjá JS 289 8vo I, 27r; sbr. „gaungul hriggja“ í Lbs 587 4to II, bls. 95) og „Dofin-kveisu“ (Lbs 424 8vo, 28r). Sjaldgæfara er að seinni liður vísi í atferli en sá fyrri í útlitseinkenni, sbr. þó nöfn eins og „Hornaskella“ (AM 247 8vo, 6v; sbr. m.a. Lbs 587 4to II, bls. 171 og DFS 67, 184v), „Horninskella“ (AM 960 IX 4to, 2r) eða „Eysintoppa“ (DFS 67, 417r, væntanlega um kú með áberandi topp sem á það til að ausa líkt og hestar).

⁷³⁰ Hér er einkum átt við *Bjarna(r)*-nöfnin (sbr. hér að framan); einnig nöfn líkt og *Ketilrokka* (t.d. í Lbs 418 8vo, 33v).

⁷³¹ „Gullinhöfðan“: Lbs 587 4to III, 10r; „Gullhríngia“: DFS 67, 184v; „Gullintoppa“: DFS 67, 417v, sbr. og „Rauðsmokku“ og „Rauðhriggu“ í SÁM 30a, 108r.

⁷³² Sbr. AM 960 IX 4to, 2r, JS 289 8vo I, 27r og miklu fleiri handrit.

⁷³³ „hrísbitandi“: AM 960 IX 4to, 2r; „þrísþítandi“: JS 289 8vo I, 27r; „síbitandi“: Lbs 587 4to II, bls. 158; „heybitandi“: SÁM 85/279 EF (2299); „í spítandi“: AM 969 4to, 48r.

⁷³⁴ Lbs 587 4to IX, 53v og Lbs 587 4to III, 56r; DFS 67, 285v (nafnið „Geitidir“ er varla hægt að skýra öðruvísi en með afbökun, e.t.v. af *Geit heitir*).

⁷³⁵ Sjá t.d. AM 969 4to, 48r; AM 277 8vo, 33r; DFS 67, 285v og Lbs 414 8vo, 120r (*Kúapulum I*); JS 289 8vo I, 28r (*Kúapulum II*); bæði í *Kúapulum I* og *II*: AM 960 IX 4to, 2r; AM 960 XIII 4to, 1r o.fl. heimildir.

⁷³⁶ Sbr. AM 960 IX 4to, 2r; AM 960 XIII 4to 1v; DFS 67, 206r o.fl.

⁷³⁷ *Rauð*: Lbs 587 4to III, 8r; SÁM 30a, 80r. *Rauðka* („Rauðku“): Lbs 587 4to VIII, 11v. Sbr. einnig *Reyður* (oft skrifað „Reiður“, sbr. t.d. AM 247 8vo, 8v og AM 277 8vo, 33r), oft í samsetningum: „Bjarnareyður“: DFS 67, 417r og 417v; „Bjarnareidur“: AM 960 IX 4to, 2r og AM 969 4to, 48r (hugsanlega í tveimur orðum); „Bjarnarreiður“: AM 247 8vo, 8v.

⁷³⁸ Svartur er eiginlega aðeins til í samsetningunni með liðnum *-mana*, t.d. „gull svart mana“ (DFS 67, 285v).

⁷³⁹ *Dúfa*: AM 969 4to, 48r; AM 247 8vo, 8v; Lbs 414 8vo, 120v o.fl. *Dumba*: Lbs 587 4to IX, 61r; DFS 67, 417r, 418r.

⁷⁴⁰ *Stjarna*: AM 247 8vo, 6v; JS 289 8vo I, 27r; Lbs 414 8vo, 111v og víðar. *Skjalda*: AM 960 IX 4to, 2r; AM 960 XIII 4to, 1r; DFS 67, 206r og víðar. Nafnið er reyndar nær eingöngu í *Kúapulum II*, en annars í samsetningum (*Aldinskjalda*, *Hirðinskjalda* o.fl., sjá dæmin hér að framan); sbr. þó „Skjöldu“ í Lbs 587 4to II, bls. 120. Annað slíkt nafn, sem er aðeins í *Kúapulum II*, er *Krossa* (AM 960 IX 4to, 2r; AM 960 XIII 4to, 1r; JS 289 8vo I, 28r). *Dröfn*: Lbs 414 8vo, 90r; Lbs 414 8vo, 112r; Lbs 424 8vo, 27v og talsvert fleira. *Flekka*: DFS 67, 417r, 417v; AM 960 XIII 4to, 1r; AM 247 8vo, 6v; Lbs 414 8vo, 90v og 112r o.m.fl. *Fræna*: DFS 67, 417r, 417v; Lbs 414 8vo, 90v og 112r; Lbs 424 8vo, 27v.

litinn, sbr. nöfn eins og *Ála*, *Brók*, *Hjálma*, *Sokka*, *Smokka*⁷⁴¹ og mörg fleiri. Talsvert færri nöfn vísa hins vegar til horna eða hornaleysis; helst *Hyrna* og *Kolla*,⁷⁴² og er fyrra nafnið þó miklu algengara sem seinni liður samsettra nafna, en meðal þeirra eru nöfn sem tengjast líkamsbyggingu talsvert útbreiddari en meðal einfaldra nafna. Annar hópur algengra einfaldra (ósamsettra) nafna eru þau sem vísa til atferlis kúa, m.a. hreyfinga (sbr. útbreidd nöfn á borð við *Dokka* og *Rokka* og sjaldgæfara *Brokka*)⁷⁴³ eða skapgerðar, eins og nöfnin *Gála*, *Dára* eða aftur á móti *Lygna*.⁷⁴⁴ Nöfn sem vísa til atferlis og skapgerðar eru þó hvergi nærri jafn stór hópur og nöfn sem tengjast útliti.

Mannanöfn eru einnig tiltölulega fá meðal kúanafna í þulum síðari alda; þau helstu eru *Brynja*, *Dalla*, *Dóra*, *Dröfn*, *Hildur* og *Lína*, en meðal nautanafna – sem eru talsvert færri en kúanöfn – eru þau varla fleiri en *Egill* og *Óskar(?)*.⁷⁴⁵ Hins vegar er hlutfall mannanafna meðal raunverulegra kúanafna í nútímanum um 30%, eða mun hærra en í þulum. Til samanburðar má nefna að hlutfall nautgripanafna, sem einnig voru notuð sem mannanöfn, var sömuleiðis lágt að fornu; þar er ekkert mannsnafn meðal kúatheita og aðeins örfá mannanöfn meðal nautaheita: *Freyr*, *Gellir* og *Jormunrekr*; auk þess virðast orðin *smiðr* og *stúfr* hafa verið notuð sem mannanöfn.⁷⁴⁶ Hins vegar virðist um fjórðungur af fornheitum um ýmsar yfirnáttúrulegar mannlegar verur – æsi, sækonunga o.fl. (þó ekki jötna og tröll) – hafa verið notaður sem mannanöfn að fornu svo að heimildir séu til um.

Rökréttari er reyndar samanburður á kúa- og nautaheitum í þulum síðari alda við kúa- og nautanöfn sem hafa raunverulega verið notuð á síðari öldum (frekar en við mannanöfn, eins og gert var með heiti á mannlegum verum í kafla 8.1.4.2–8.1.4.3 og jafnvel með nöfn á Grylubörnum).⁷⁴⁷ Af kúa- og nautaheitum í þulum síðari alda er það drjúgur meirihluti, eða tæplega tveir þriðju af öllum heitunum, sem eru hliðstæð raunverulegum kúa- eða nautanöfnum; það er hærra hlutfall heldur en hlutfall mannanafna í nöfnum á mannlegum verum. Kúa- og nautaheiti í þulum síðari alda eru þó

⁷⁴¹ *Ála*: AM 969 4to, 48r; AM 277 8vo, 33r; AM 960 XIII 4to, 1r; AM 247 8vo, 6v; JS 289 8vo I, 27r; Lbs 414 8vo, 90r o.m.fl. *Brók*: AM 960 IX 4to, 2r; AM 969 4to, 48r; AM 277 8vo, 33r; DFS 67, 417r, 417v m.m.fl. *Hjálma*: JS 289 8vo I, 27r; Lbs 587 4to II, bls. 4, 146, 158 og 172. *Sokka*: AM 277 8vo, 33r; DFS 67, 418r; JS 289 8vo I, 27r; Lbs 424 8vo, 28r o.m.fl. *Smokka*: DFS 67, 285v; Lbs 418 8vo, 33v; Lbs 587 4to IX, 43r.

⁷⁴² *Hyrna*: JS 289 8vo I, 27r (um ritun sjá athugasemd í kafla 8.1.4, neðanmáls); Lbs 587 4to VIII, 11r; Lbs 587 4to II, bls. 158; Lbs 587 4to IX, 53v o.fl.; einnig í *Kúapulum II* („Ég skal snjónum spyrna seg<ir> hún Hyrna“, SÁM 30a, 81r). *Kolla*: AM 960 IX 4to, 2r; AM 247 8vo, 8v; Lbs 587 4to IX, 43r; Lbs 424 8vo, 28v.

⁷⁴³ *Dokka*: AM 247 8vo, 8v; DFS 67, 285v; Lbs 424 8vo, 28r; Lbs 587 4to II, bls. 95; Lbs 587 4to IX, 43r. *Rokka*: DFS 67, 185r og 285v; Lbs 587 4to VIII, 11r; Lbs 587 4to III, 55v. *Brokka*: Lbs 587 4to IV, 4r; SÁM 85/145 EF (19787). Innan þessa hóps er til annar, lítill, en þar eru nöfn sem hugsanlega tengjast sveifluhreyfingu: fyrir utan *Dokku* og *Rokku* má nefna t.d. *Römlu* (og *Rigilhyrnu*, þótt það sé samsett nafn); *Ramla*: Lbs 587 4to VIII, 4v; *Rigilhyrna*: DFS 67, 418r.

⁷⁴⁴ *Gála*: Lbs 587 4to II, bls. 3 og 179 ásamt SÁM 32, 138r; *Dára*: Lbs 587 4to II, bls. 149; *Lygna*: DFS 67, 417v.

⁷⁴⁵ Sbr. Lbs 587 4to II, bls. 146 (*Brynja*, *Dalla*, *Dröfn*, *Hildur* og *Lína*; þessi nöfn eru einnig víðar); Lbs 587 4to IV, 17r (*Dóra* og *Dalla*); Lbs 587 4to III, 10r (*Egill*) og AM 247 8vo, 8v („Óskar“).

⁷⁴⁶ Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, „Smiður“ og „Stúfur“. Um orðið *smiðr* er þar sagt að slíkt nafn „þekktist til forna og fram á 17. öld. Enginn bar nafnið samkvæmt manntali 1703 og það virðist ekki notað síðar. Að baki liggur nafnorðið *smiður* og hefur nafnið líklega verið víðurnefni í upphafi.“ Um nafnið *Stúfr* kemur fram að það virðist ekki notað síðan „Eldjárn Stúfsson er nefndur í bréfi frá 1416“, auk þess sem „ef til vill er um upphaflegt víðurnefni að ræða“. – Tvö forn nautaheiti til viðbótar verða notuð sem mannanöfn seinna, eða á 20. öld (*Reginn*, sjá „Þulur“, 885 (Øxna heiti, 1⁵)) eða jafnvel í lok hennar (*Gneisti*, s.r., 888 (3¹)).

⁷⁴⁷ Þessi samanburður er aðeins gerður fyrir þulum síðari alda, en heimildir um fornöfn eru mun takmarkaðri, einkum um raunveruleg nöfn nautgripa. Raunveruleg kúa- og nautanöfn eru einkum sótt í nafnaskrár í bókinni: Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson, *Íslenska mjólkurkýrin*, 233–240 (1311 nöfn) og í grein: Aðalsteinn Eyþórsson, „Hvað á bolinn að heita?“, 149–182. Auk þess er tillit tekið til eldra kúanafnasafnsins í: Finnur Jónsson, „Íslandske konavne“, 63–71, en þar er að mestu um svipuð nöfn að ræða.

ekki alveg á sömu merkingarsviðum og raunverulegu nöfnin þar sem ástæður nafngiftar eru nokkuð frábrugðnar kveikju til sköpunar á heiti. Í þuluheitum síðari alda er til að mynda talsvert hærra hlutfall nafna sem tengjast útliti – og einkum líkamsbyggingu – en í kúa- og nautanöfnum í nútímamáli, sbr. öll heitin sem spanna lit og mynstur og lögun horna (sjá hér að framan). Í nútímamáli er fyrir sitt leyti hærra hlutfall nafna sem tengjast auðæfum, þ.e. verðmæti kúa og afurða þeirra fyrir búið, en hvort tveggja er mikilvægt í raunheimi. Sömuleiðis er hlutfall mannanafna hærra á meðal kúanafna í nútímamáli; kýr í raunheimi heita eftir tilteknum mönnum og stöðum sem þær tengjast.⁷⁴⁸ Kýr í huglægum þuluheimi mynda síður þess háttar tengsl og heita því sjaldnar slíkum nöfnum.

* * *

Sérstaða kúaþulna er einnig mikil þegar kemur að *tengslum* þulna síðari alda við *fornar þulur*, en í þeim síðarnefndu er að finna sambærilega nafnalista yfir nauta- og kúanöfn. Munurinn er að vísu sá að í fornþulum eru einkum talin upp naut⁷⁴⁹ en í þulum síðari alda aðallega kýr; aðeins í lok sumra þulna síðari alda eru nokkur nautanöfn. Bein textatengsl kúaþulna síðari alda við hinn forna þuluflokk eru hins vegar harla lítil, einkum ef aðeins er litið til hins stutta lista yfir eiginleg kúaheiti, sbr. (8-13):

(8-13) Kýr heitir skirja,
kvíga ok frenja
ok Auðhumbla;
hon es æzt kúa.

Kvíga er almennt orð um ungdú sem er ekki notað í kúanafnalistum í þulum síðari alda, en aldurstengd kúaheiti eru yfirleitt tiltölulega sjaldgæf þar, a.m.k. ef miðað er við fornþulur.⁷⁵⁰ Heitin *skirja* (ung, óstýrilát kýr) og *frenja* (baulandi, óstýrilát kýr) eru sömuleiðis sjaldan eða aldrei notuð í kúaþulum á síðari öldum,⁷⁵¹ en þar vísa orð eins og *beljandi* til svipaðra skapgerðareinkenna, t.d. „Rauð beljandi“.⁷⁵² Svipað er uppi á teningnum með nautanöfnin í fyrstu erindum *Øxna* heita og í Þorgrímsþulu II, því frekar fá nautaheiti eru sameiginleg með fornþulum og þulum síðari alda. Meðal þeirra má geta nafna eins og *Rauðr*, *stúfr*, *gollinhorni* og *boli*;⁷⁵³ sum þeirra tengjast nautaheitum í þulum síðari alda (*boli* og *stúfr*)⁷⁵⁴ en önnur kúaheitum, eins og *rauðr* : *Rauð*, *Rauðka*, *Reyður* o.fl.

⁷⁴⁸ Sbr.: Aðalsteinn Eyþórsson, „Hvað á bolinn að heita?“, 154–158.

⁷⁴⁹ Þrjú erindi undir fornyrðislagi telja upp nöfn nauta (uxa), *Øxna* heiti (1–3) í Skáldskaparmálum („Þulur“, 885–889). Enn eitt erindi með slíkum nöfnum er undir ljóðahætti, svokölluð Þorgrímsþula II (s.r., 675). Hins vegar er aðeins hálf tál erindi undir fornyrðislagi um kýr aftast í *Øxna* heitum (s.r., 890), sjá dæmi (8-13).

⁷⁵⁰ Meðal kúanafna getur t.d. nafnið *Aldinskjalda* verið túlkað sem aldurstengt en meðal heita á nautum nafnið *Vetrungur* í *Kúaþulum II*. Sbr. t.d. AM 960 IX 4to, 2r og 2v.

⁷⁵¹ Orðið „frenja“ er í 3. þulu í handriti Páls Pálssonar í Árkvörn á Byggðasafni í Skógum, [9v]. Nafnið *Frena* kemur stöku sinnum í þulum síðari alda (sbr. Lbs 418 8vo, 33v; SÁM 30a, 80r; ÞMJ 3 I, Ásmundur Helgason, 11r, en það tengist væntanlega afar útbreidda nafninu *Fræna* sem vísar til litamynsturs á feldi kýrinnar sem ber nafnið (frekar en til hljóða sem hún gefur frá sér eða óhemjuláta).

⁷⁵² Lbs 587 4to III, 8r. Oft er þó erfitt að segja hvort *beljandi* er sjálfstætt kýrnafn eða hluti kýrnafns sem samanstendur af tveimur orðum – eða þá alls ekki nafn heldur lýsingarorð og lýsingarháttur sem táknar hvernig kýrin er eða hvað hún gerir. Sbr. annars vegar línurnar „kémur Drinjandi // [Re]iður beljandi“ (AM 277 8vo, 33r, sbr. „Reidur beljandi“ í Lbs 414 8vo, 111v) en hins vegar „Rauð er beljandi“ (SÁM 30a, 80r) þar sem *beljandi* er greinilega ekki nafn.

⁷⁵³ „Þulur“, 885, 887 og 888 (*Øxna* heiti, 1⁷, 2⁵, 3^{2,7}).

⁷⁵⁴ *Boli* virðist bæði vera notað sem nautanafn og almennt orð um naut, sbr. annars vegar línurnar „Eg skal snjónum spírna // segir hun Hirna. // Eg skal eta í mína hýt // segir hún Hvít. // Eg skal eta sem eg þoli // segir hann Boli“ (AM

svipuð nöfn (sbr. hér að framan)⁷⁵⁵ og *gollinhorni* : *Gullinhyrna* (sjá hér að framan). Með öðrum orðum eru bein textatengsl á milli fornra nautaheita og kúapulna síðari alda ekki heldur mikil.

Hins vegar er í þulum síðari alda nokkur hópur kúanafna sem lýsa skapmiklum kúm með því að vísa til tröllaheita og skapgerðar trölla (og e.t.v. einnig stærðar þeirra), einkum *Gýgja* og samsett nöfn með *gýg*-stofninn sem fyrri lið og *horn* sem seinni lið.⁷⁵⁶ Einnig má geta nafna eins og *Geit*, *Geita* og *Geitir*⁷⁵⁷ sem geta vísað til þess að skepnan, sem ber nafnið, sé lík geit í útliti og/eða atferli en kunna einnig að vísa til jötnaheita á borð við *Geitir* og *Þrígeitir* eða tröllkonuheitisins *Geitla*.⁷⁵⁸ Þá eru tengsl á milli nautanafnanna *Drumbur* og *Skinnbrók*⁷⁵⁹ og tröllkonuheitanna *Drumba* og *Skinnbrók* í Allra flagða þulu.⁷⁶⁰ Fornar kúapulur⁷⁶¹ nota einnig nöfn sem tengjast tröllum og einkum tröllkonum, sbr. *Gneisti* : *Gnissa*, hugsanlega *gríðungur* : *Gríðr*,⁷⁶² *simull* : *Simul*;⁷⁶³ þá er *litr/Litr* heiti nauts, dvergs og hugsanlega jötuns.⁷⁶⁴ Kúapulur að fornu og nýju nota hér svipaðar aðferðir við nafnamyndun, þ.e. heiti sem vísa til trölla og tröllkvenna – væntanlega til stærðar þeirra og óstýri-lætis. Nafnamyndun er oft svipuð víðar en þar sem tröllaöfn eru notuð, sbr. nöfn eins og *öldungur* og *tíðungur* í fornþulum⁷⁶⁵ vs. *Vetrungur* í þulum síðari alda⁷⁶⁶ eða nautsheitið *viggi* – sem er hugsanlega dregið af hestsheitinu *vigg(r)*⁷⁶⁷ – á svipaðan hátt og nöfnin *Geitir* og *Geita*, bæði í fornum þulum og þulum síðari alda, eru mynduð út frá orðinu *geit* (sbr. hér að framan). Myndun nafnsins *Auðhum(b)la*⁷⁶⁸ er ekki ósvipuð myndun *gull*-nafna að fornu og nýju, einkum ef *gull*-liðurinn er skilinn sem vísun til ríkidæmis og glæsibragis (frekar en t.d. til litar); nafnið *Gullinhöfðan*⁷⁶⁹ stendur e.t.v.

960 XIII 4to, 1r–1v; sbr. JS 289 8vo I, 28r), þar sem orðið er notað til jafns við kúanöfnin *Grána* og *Hvít*, en hins vegar „hjer gengur boli minn“ (Lbs 424 8vo, 28r). *Stúfur*: Lbs 414 8vo, 112v, sbr. JS 289 8vo I, 27r.

⁷⁵⁵ Sbr. og „Raudi kusi“ (Lbs 414 8vo, 112r), væntanlega um naut, en ekki er víst hvort *Rauði* sé hluti nafnsins eða einkunn (lýsing) kusa.

⁷⁵⁶ „Gýgja“: Lbs 587 4to IV, 8v; „Gýgilhirna“: Lbs 2856 4to, 137v; „Gíginhyrna“: Lbs 587 4to IV, 4r.

⁷⁵⁷ *Geit*: AM 277 8vo, 33r; AM 960 XIII 4to, 1r. *Geita*: AM 960 IX 4to, 2r; Lbs 587 4to II, bls. 158; *Geitir*: Lbs 587 4to IV, 8r.

⁷⁵⁸ „Þulur“, 710, 709 og 724 (Jötna heiti I, 3³ og 2⁶; Trollkvenna heiti, 1⁵).

⁷⁵⁹ *Drumbur*: Lbs 424 8vo, 28v. *Skinnbrók*: sbr. JS 289 8vo I, 27r; Lbs 587 4to II, bls. 121 og 172; SÁM 30b, 78r; SÁM 32, 138r og 270r. (*Skinnbrók* á frekar heima með kúanöfnum ef litið er til byggingar nafnsins en virðist þó aðeins verið notað ásamt nautanöfnum.)

⁷⁶⁰ Jiriczek, „Zur Mittelisländischen Volkskunde“, 7 (*Skinnbrók*, 2⁵) og 8 (*Drumba*, 4⁵).

⁷⁶¹ Þegar rætt er um fornþulur er orðið *kúapulur* látið ná í þessari ritgerð yfir nafnalista nautgripa af báðum kynjum nema nánari aðgreiningar sé þörf; þ.e. yfir Øxna heiti og Þorgrímspula II.

⁷⁶² Um hugsanlegan skyldleika *gríð*- í *gríðungur* og *gríð*-stofnsins sjá Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, „gríð“ (og „gríð“).

⁷⁶³ „Þulur“, 888 og 887 (Øxna heiti, 3^{1,5} og 2⁴), 724 og 727 (Trollkvenna heiti, 1³ og 3⁶).

⁷⁶⁴ „Þulur“, 887 (Øxna heiti, 2⁵) og 704 (Dverga heiti, 6²), en þaðan vísar Elena Gurevich áfram í dróttkvæðan helming í Snorra-Eddu útgefinn sem: Bragi inn gamli Boddason, „Þórr’s fishing“, 51 (5¹).

⁷⁶⁵ „Þulur“, 888 (Øxna heiti, 3^{3,7}); *öldungur* virðist enn fremur vera refsheiti, sbr. s.r., 966 (Grýlu heiti, 1⁶).

⁷⁶⁶ AM 960 IX 4to, 2r. Nöfn kúa sem eru mynduð á svipaðan hátt eru ekki notuð – og yfirleitt ekki nöfn kúa sem tengjast aldri að frátalinni *Aldinskjöldu*, sbr. hér að framan. – Orðið *vetrungr* er til frá fornöld, bæði í bundnu máli og óbundnu (sbr.: Sveinbjörn Egilsson, Finnur Jónsson, *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis*, „vetrungr“; Cleasby og Gudbrand Vigfusson, *An Icelandic-English dictionary*, „vetrungr“; Fritzner, *Ordbog over det gamle norske Sprog*, „vetrungr“). Það er þó ekki meðal nauta- og kúaheita í þulum.

⁷⁶⁷ „Þulur“, 885 (Øxna heiti, 1⁹, sbr. skýringar á bls. 886–887), 936 (Hesta heiti, 2⁷, sbr. 4⁷ á bls. 939 og skýringu á bls. 940) og 672 (Þorgrímspula I, 2¹).

⁷⁶⁸ „Þulur“, 890 (Øxna heiti, 4³).

⁷⁶⁹ Lbs 587 4to III, 10r.

næst *Auðhum(b)lu* hvort sem litið er til myndunar eða merkingar. Líkindi á kúanafnalistum í fornþulum og í þulum síðari alda liggja því ekki endilega í nöfnunum sjálfum heldur eru frekar fólgin í nafnamyndunaraðferðum.

Sum kúa- og nautanöfnin úr þulum síðari alda, sem eiga sér samsvaranir og hliðstæður í fornþulum, eru að fornu eingöngu í kúaþulum, eins og *boli* og *gollinhorni*. Önnur heiti eru *lýsandi* (e. *characterising*) og henta fleiru(m) en aðeins nautum; *Stúfr* er t.d. líka hestsheiti í fornþulum.⁷⁷⁰ Þá eru talsvert mörg nöfn sem tilheyra nautgripum í þulum síðari alda en öðrum skepnum eða hlutum í fornþulum; hér að framan var rætt um einn þannig nafnahóp, kúaheiti síðari alda sem tengjast fornum tröllanöfnum. Kúaheiti í þulum síðari alda tengjast einnig fornnöfnum á fleiri verum, yfirnáttúrulegum sem og mannlegum. Kýrnafnið *Hildarstjarna*⁷⁷¹ vísar til *Hildar*, sem er bæði meðal valkyrja heita og ásynja,⁷⁷² en *Lína*⁷⁷³ til *Hlínar*, sem er ásynjuheiti og er auk þess meðal kvenna heita.⁷⁷⁴ Í sömu línu þar er konuheitið *líkn* („líkn, Hlín ok Syn“) sem nöfnin *Líkna* og *Líkn* kunna að vísa til.⁷⁷⁵ Heldur langsóttari tengsl leiða til ása, dverga, sækonunga og annarra vera. Hlutfall kúaheita, sem tengjast slíkum verum, mannlegum og yfirnáttúrulegum (þ.á m. hlutfall kúaheita, sem tengjast tröllanöfnum), er eigi að síður í lægri kantinum miðað við aðra lista sem skoðaðir voru hér að framan (þ.e. lista yfir dansara, frændur, fylgdarmenn o.s.frv.).

Nokkuð stór hópur kúaheita í þulum síðari alda tengist hins vegar fornheitum á öðrum skepnum, og þá einkum öðrum búfenaði: hrútum og hestum. Fyrir utan *Stúf* og *Grana* sem búið er að nefna – um *Grana* sjá 8.1.4.1 – tengist t.d. *Hyrna* og öll nöfn sem hafa *-hyrna* sem seinni lið („Geirhirna“, *Hofmannshyrna*, *Mjóahyrna*, *Gullinhyrna* o.s.frv., sbr. hér að framan) hrútsheitinu *ofrhyrningr*,⁷⁷⁶ nöfnin eins „Horninskella“ og „Hornanna-skella“ (og e.t.v. *Hornaskella*)⁷⁷⁷ tengjast einnig öðru hrútsheiti, *hornumskvali*,⁷⁷⁸ en heiti eins og *Gullintoppa* (og jafnframt *Æsintoppa* o.þ.h., sjá hér að framan) eru sambærileg við hestsheitin *Gulltoppr* og *Silfrtoppr*.⁷⁷⁹ Önnur dýr koma líka við sögu, m.a. úlfur, en nöfnin *Kinna* og „kynsvört Mána“ (ef það síðarnefnda er lesið sem „kinnsvört“) eru skyld orðinu *skolkinni* sem er einnig vargsheiti.⁷⁸⁰ Hlutfall heita, sem tengjast fornum dýraheitum, er skiljanlega langhæst í kúaþulum miðað við aðra lista sem skoðaðir voru hér að framan.⁷⁸¹

⁷⁷⁰ „Þulur,“ 935 (Hesta heiti, 1⁸), 672 (Þorgrímsþula I, 2¹); einnig „Þulur,“ 666 (Kálfsvísa, 2²), alls staðar með hástaf (en með lágstaf í Óxna heitum); *stúfr* er auk þess sverðsheiti („Þulur,“ 791: Sverða heiti, 2¹). *Rauðr* virðist þó ekki vera meðal þessara nafna, þ.e. það virðist aðeins vera heiti á nauti. Um fjölmerkingu (e. *polysemy*) í heitum sbr. Gurevich, „Þulur in *Skáldskaparmál*: An Attempt at Scaldic Lexicology,“ 43–47.

⁷⁷¹ AM 960 XIII 4to, 1r.

⁷⁷² „Þulur,“ 970 (Heiti valkyrja, 2³) og 770 (Ásynja heiti, 4³).

⁷⁷³ AM 969 4to, 48r; AM 277 8vo, 33r; DFS 67, 417r, 417v; Lbs 414 8vo, 90r, 112r og víðar.

⁷⁷⁴ „Þulur,“ 765 (Ásynja heiti, 2¹) og 963 (Kvenna heiti ókend, 3⁷).

⁷⁷⁵ Sjá Lbs 587 4to II, bls. 146 og 121.

⁷⁷⁶ „Þulur,“ 891 (Hrúts heiti, 1¹).

⁷⁷⁷ „Horninskella“: AM 960 IX 4to, 2r; „Hornanna-skella“: Lbs 587 4to II, bls. 158. *Hornaskella*: sjá hér að framan.

⁷⁷⁸ „Þulur,“ 891 (Hrúts heiti, 1²).

⁷⁷⁹ Bæði nöfnin eru meðal Hesta heita („Þulur,“ 935: 1^{3,5}), en *Gulltoppr* einnig í Þorgrímsþulu I (s.r., 670, 1⁵) og Grímnismálum (sbr. skýringar á bls. 671).

⁷⁸⁰ „Þulur,“ 903 (Vargs heiti, 1¹⁰).

⁷⁸¹ Með svipuðu móti má greina í þulum síðari alda nokkra minni hópa með tengslum við heiti í fornþulum, t.d. lítinn en sérstakan hóp nafna sem tengjast vatni með einum eða öðrum hætti; þar eru einkum bylgjunöfnin *Dröfn*, *Drafna* og *Dúfa*, *Dúfan* (sbr. *Dröfn* og *Dúfu* í: „Þulur,“ 996: 1^{1,8}). Þessi sömu nöfn geta reyndar einnig vísað til litar skepnunnar og

Þegar á heildina er litið tengjast um 40% allra kúa- og nautaheita í þulum síðari alda fornum heitum; þar af tengist u.þ.b. helmingur skepnum og dýrum, fjórðungur yfirnáttúrulegum verum (jötnum, ásum o.fl.) og mönnum; annað er einkum heiti sem tengjast vopnum, orustum o.fl.⁷⁸² Af þessari athugun á fornheitum, sem heiti í þulum síðari alda eiga rætur til að rekja eða vísa til, má draga þá ályktun að þótt þulur síðari alda noti oft svipaðar aðferðir og fornþulur við myndun kúanafna sækja þær efnivið í kúanöfn sín í aðra merkingarflokka fornþulna (en nýta sér lítt heiti úr fornu öxnaþulunni).

Staða samsettra heita í þulum síðari alda er nokkuð frábrugðin stöðu annarra heita þar, eins og komið var inn á. Samsett heiti hafa t.d. almennt þá tilhneigingu að vísa til fornheita á ákveðnum merkingarsviðum – einkum til heita um lifandi verur, t.d. naut, hesta, hrúta, fiska o.fl. – í meira mæli en einföld heiti gera. Einföld heiti í þulum síðari alda vísa hins vegar venjulega til heita um náttúru-fyrirbæri sem eru ekki lifandi (t.d. sjávarheita og árheita) og jafnvel til heita um manngerða hluti (vopnaheita o.fl.).⁷⁸³ Í fornþulum er hlutfall nauta- og kúaheita, sem tengjast (öðrum) fornheitum, svipað og í þulum síðari alda (þ.e. um 40%); heiti, sem þau tengjast, eru einnig á sömu sviðum og þau fornheiti sem heiti í þulum síðari alda vísa til og eiga sum hver að rekja rætur til. Þó er ekki um sömu heiti að ræða í fornþulum annars vegar og þulum síðari alda hins vegar. Fornar kúaþulur og kúaþulur síðari alda sækja heldur ekki endilega jafnmikinn efnivið í sömu fornheitakaflana, en þó eru nokkrir þulukaflar sem bæði kúa- og nautaheiti – að fornu og nýju – og jafnframt raunveruleg nútíma kúanöfn hafa einkum leitað í: hestaheiti og trölla (og jafnvel heiti á öðrum mannlegum verum, hvort heldur þessa heims eða yfirnáttúrulegum), en síður heiti sverða og annarra vopna,⁷⁸⁴ skipa og dverga.

Kúaþulur líkjast engum öðrum nafnalistum síðari alda, sem voru ræddir hér að framan, í því sem snýr að tengslum við fornheiti. Í þeim er – eðlilega – mjög mikið um tengsl við dýraheiti (sérstaklega klaufdýr; einkum vísa fornar öxnaþulur mikið til hestaheita) en minna um tengsl við heiti yfir menn og verk þeirra handa, t.d. um skip og vopn (þrátt fyrir að vopnaheiti eru tiltölulega fjölbreytt). Tengsl

mynsturs á feldi hennar. *Dröfn*: sbr. Lbs 414 8vo, 90r og Lbs 587 4to II, bls. 146; *Drafn*: DFS 67, 205r; Lbs 587 4to II, bls. 180; *Dúfa*: AM 969 4to, 48r; AM 247 8vo, 8v og víðar, þ.á m. „dúfann“ í Lbs 414 8vo, 112v. Sjaldgæfari eru t.d. *Tjörn* og *Ála*, sjá Lbs 587 4to III, 10r (*tjörn* og *áll* eru sjávarheiti og *Áli* sækonungsnafn, sbr. „þulur“, 836 (Sjóvar heiti, 3^{4,7}) og 678 (Sækonunga heiti, 1⁸). Líklegt er reyndar að nafnið *Ála* í nútímamáli vísi til litamynsturs kýrinnar, en *Tjörn* til býlis þaðan sem kýrin er (líkt og kýrin *Tjarna* frá Tjörn, sjá um hana: Finnur Jónsson, „Íslandske konavne“, 70) í meira mæli heldur en til sjávarheitisins, en ákveðin tengsl nafnsins við vatnið eru eigi að síður til staðar (þótt óbein séu).

⁷⁸² Slík heiti hafa hugsanlega slæðst með í ljósi þess hvað þau eru algeng í fornþulum – þar sem bæði vopn og orrustur skiptu miklu máli við hirðina og í dróttkvæðum kveðskap.

⁷⁸³ Í þeim heitum í þulum síðari alda sem vísa til fornheita um menn og yfirnáttúrlegar verur er hlutfall einfaldra og samsettra heita nokkuð jafnt. (Samsett heiti í fornþulum eru ekki nægilega mörg til þess að gera hliðstæðan samanburð, þ.e. athuga hvort munur er á þeim fornheitum – öðrum en öxnaheitum – sem einföld og samsett öxnaheiti vísa til.)

⁷⁸⁴ Nautaheiti í þulum síðari alda skera sig vissulega talsvert úr, en þar er einkennilega lítið um sverðs heiti (og annarra vopna). Þetta gildir þó ekki um raunveruleg nautanöfn, sbr. þessa athugasemd Aðalsteins Eyþórssonar: „Það sem helst kemur á óvart þegar nautanöfnin eru lesin saman við nafnaþulur *Snorra-Eddu* er hversu mörg sverðsheiti eru til sem nautanöfn“ („Hvað á bolinn að heita?“, 175–176); sbr. og nmgr. 16 á bls. 176: „Kannski hér sé fundin lævisleg skírskotun til frjósemi og kynorku (sbr. 2.5 hér að framan).“ Þess ber þó að gæta að hlutfallslega eru sverðsheiti í raunverulegum nautanöfnum ekki fleiri en í raunverulegum kúanöfnum, en þar má síður búast við að þau vísi í frjósemi. Sverðsheiti eru líka einna efst á listanum yfir fornheiti sem kúanöfnin vísa í, þannig að frjósemistilgátan fær ekki stuðning af því.

kúaheita við heiti yfir ýmsar yfirnáttúrulegar verur (s.s. goð, tröll o.s.frv.) eru í meðallagi miðað við hina nafnalistana, eða u.þ.b. eins mikil og í þulum frænda og fylgdarmanna.⁷⁸⁵

8.1.4.5. Heiti um hluti og gripi

Hér og þar í ýmsum þuluflokkum eru lengri og styttri listar yfir ýmsa hluti og gripi – einkum ýmis áhöld og búnað, mat, húsdýr o.s.frv. Meðal algengustu fulltrúa slíkra lista eru upptalningar þess sem einhver – Narfi, Jón smár, Kolbeinn o.fl. – hefur með sér, eða jafnvel ber á baki sér líkt og karl sem óð yfir á, sbr. dæmi (8-14–8-17):

(8-14a) [...] Að því spurðu hann Narfa,
hvað hann kynni að starfa,
því hann hafði beltið breiðt,
búinn hníf og kálfskinn,
lamsreifi og vettling —
síðan fór hann suð'rá þing
með gullpeninga marga [...]

(8-14b) [...] því tókstu hann Narfa?
hann kunni ekki að starfa,
af því hann var með vettling,
Kálfsskinn og Klipping,
og svo giekk hann uppá land,
með hornhögl og hárband og eístun þrjú,
hvörninn skjemti eg þjer nú? [...]

(8-15) [...] Jón kár smellhár,
reid tryppum sinum upp til fjár,
því hann hafði belltid breitt, búin kníf,
þeiti kamb, og þendi kamb,
ullar kamb og Vetling,
gullkamb og augun þrjú, †⁷⁸⁶
Það er þ[a]rfara[r] þél,
þú hefur sodid Rass af sel,
fímtán merka kjæsirs kær,
og Kolbeinn ætlar sudur í ver. —
breddu hnífin bóndin áttí Lúseyar laungum.

(8-16a) Kall vóð yfir umm á
bar á baki Skir sá
nafar og nýtt ski[p]
árar og Stíri
hauk og héða
vagn og veda
herklædi og Skötubard
hökust[a]ll og S\m/jer dall
og hvar sástu þann kall
Sem meira mátti bera?
Jeg sá hann á Alþingi
hann kastadi gullkambi
kémbdi sér med horn kamb
hann var i þeirri verri brók
enn kastadi þeirri betri
meira bar hann Helgi
Barn bar hann Helgi

(8-16b) Karl fór yfir um á
bar á baki skyrásá
tunnu og tinfat
töngul og öngul
nafar og nýtt skip
naust og hlera
hund og hjera.
([a]ðrir bæta við kött og kera)
Hvar sástu þann mann,
sem meira mundi bera?
austrið og vestrið,
og rauðan fola þrjevetran.

⁷⁸⁵ Tröllaheiti eru þó í lægri kantinum, þrátt fyrir það að ákveðinn hóp kúaheita má rekja aftur til tröllaheita (þau virðast vísa til stærðar tröllanna, (ó)hljóða og (ó)láta í þeim).

⁷⁸⁶ Merking krossins er óviss, hugsanlega er það þankastrik sem hefur verið strikað út. Torlesin merki eru einnig á eftir „sel“.

kú kollotta, konu afgamla [svo – YSH]
hundrað lömbin
alsvartan uxan
og þetta bar hann Helgi [...]

(8-17a) Gleipti hún tafra tuttugu hafra.
torfid allt með ljá og orfi,
Haukadal og 100 stráka
hesta 12 og 18 presta
át hún flot og feitt két,
feikilega sér lét,
kapla 2 og kaupskip
kálfa 12 og Þórolf,
summadi hún í síg 16 Hundum,
og svellín öll af bjarnarfelli,
ruddi hún í síg Rángarvöllum
og Hreppin þann í Holhti heitir
Ingulfjöll og alla Flóa
aldrei vard hún full hún Fóa[,] [...]

(8-17b) Tíkinn hennar Leífu
tók hún frá mér margt
skir og skabla skeifu
skinn og vadmál svart
Níu álna lánngann \nagla/ teín
Nú er það komid í Vísna grein
tíkinn sú var ekki ein
Odinn var með henni
Át hún flot og feitt két
feikilega sér lét
kapalinn og kaup skip
kálfa tólf og Þórolf [...] ⁷⁸⁷

Listinn yfir eigur Narfa (sbr. Viðauka Ia.8) tengist aðallega þuluflokknum *Lambið beit í fingur minn*. Heiti, sem á honum eru, tákna einkum áhöld („búinn hníf“ og „hornhøgld“ (8-14b)), fatnað (sbr. beltið og vettlinginn) og ýmiss konar efni (kálfskinn, „klipping“ – væntanlega í merkingunni ‚nýrökuð gæra‘ – og ullarreifi). Tilbrigði við þessa afar hversdagslegu muni eru m.a. fólgin í því að stundum bætast einhver skringilegheit við, t.d. „eistun þrjú“ (8-14b) eða margir gullpeningar sem stinga jafnmikið í stúf við upptalninguna á undan.

Jón kár (eða Jón smár), sem sömuleiðis tengist einkum þuluflokknum *Lambið beit í fingur minn*, er oft einnig látinn vera með beltið breitt, búinn hníf, vettling og ýmsa kamba „og augun þrjú“, þ.e. upptalningar sem tengjast Narfa og Jóni skarast allnokkuð. Eigi að síður hefur Jón sín sérkenni; hann er t.d. oft með flautakopp í hendi, en auk þess er annar listi nátengdur honum. Það er upptalning á munum sem Kolbeinn nokkur ætlar með „suðurí ver“ eða sem eru í „strokknum þeim, // sem hér fannst á heiði“. Þar eru aðallega áhöld, einkum hnífar og skeflar, margir af einkennilegum gerðum; ⁷⁸⁸ þeim fylgja nöfn eigenda, einkum kvenmannsnöfn, þriggja atkvæða að lengd í eignarfalli, rótgróin á Íslandi og heiðin að uppruna: „Þórnyjar“, „Ragnhildar“, „Signýar“, „Þuríðar“ o.s.frv. Auk þess eru ílát oft með í upptalningunni, t.d. fimmtán marka kæsisker. ⁷⁸⁹ Heitin eru jarðbundin, eins og á listanum yfir eigur Narfa, og ósjaldan grófari og/eða skringilegri en þar.

Listann yfir það sem karl bar yfir á má oftast finna í upphafi þulutexta í flokknum *Karl fór yfir á* (sbr. Viðauka Ia.9), og oft er ekki meira í þulutextanum en þessi listi. Þessi upptalning er talsvert

⁷⁸⁷ (8-14a): DFS 67, 420r. (8-14b): AM 969 4to, 247r. (8-15): DFS 67, 258v; sbr. dæmi (8-34b) í kafla 8.3.1. (8-16a): Lbs 414 8vo, 105r–105v. (8-16b): Lbs 424 8vo, 17r–17v (fyrsti stafur í „[a]ðrir“ virðist vera leiðréttur úr „e“ eða „æ“). (8-17a): DFS 67, 258v–259r. (8-17b): Lbs 414 8vo, 112v.

⁷⁸⁸ Sbr. orðin „þélahnífur“ og „breddu hnífin“ í dæmunum í meginmáli, enn fremur „þjófakippu Þuríðar“ (Lbs 587 4to II, bls. 160), „eishahnífur Ólafs“ (SÁM 30b, 156r) og svo má lengi telja.

⁷⁸⁹ Að kæsiskerið á einnig að hafa fundist í „stokkunum // sem fundust þar á Gljúfrár-eyrunum“ er t.d. ljóst úr G-145/80, [2r] (Héraðskjalasafninu á Akureyri).

fjölbreyttari en fyrri tvær, sbr. (8-16a,b). Þar má einnig líta áhöld (nafar, öngull og „töngul“ (þ.e. töng?)) og ílát (tunnu og tinfat; má einnig nefna „smérdall“ o.fl.), en þar að auki húsdýr (sbr. Helga sem getur borið „kú kollotta // [...] // hundrad lömbin // alsvartan uxan“) og jafnvel mannfólk („Barn bar hann Helgi // [...] // konu afgangla ...“). Eins og til að tryggja að karlinn komist aldrei yfir ána með allt sem upp er talið – ekki einu sinni þótt hann beri það í nokkrum ferðum fremur en allt í einu – er samgöngutækjum og mannvirkjum oft bætt inn í upptalningar, t.d.: nýtt skip, vagn, naust; jafnvel „naustur og klaustur“.⁷⁹⁰ Hér má stundum finna jafnvel óhlutbundin fyrirbæri – sem er örugglega ekki hægt að bera á sér – t.d. „austrið og vestrið“.⁷⁹¹ Hér er því einnig talsvert gert út á fátækleika og skringilegheit – en þó ekki grófleika, stíllinn er frekar hlutlaus. Fátækleiki næst að þessu sinni með því að teflt er saman því sem er talið upp og samhengi upptalningar. Þess ber að geta að upptalningin í *Karl gekk yfir um á* er stundum túlkuð sem einhvers konar gáta; henni fylgja af og til skýringar á borð við „þetta allt dregid upp a blad“⁷⁹² (líkt og á eftir þulunni um Töfru).⁷⁹³

Flest sem hér er sagt um heitin yfir gripina, sem karlinn bar yfir á, gildir einnig um upptalningar á því sem ofanefnd Taфра og sömuleiðis tíkin hennar Leifu gleypa. Þulutextar um þær tvær eru mjög svipaðir þar sem þessir þuluflokkar (eða e.t.v. undirflokkar eins og sama flokks, sjá umræðu í Viðauka Ia.10) nota oft sömu byggingareiningar, auk þess sem *Taфра gleypti ...* kemur oft í framhaldi af *Tíkinni hennar Leifu*, einkum á 20. öld.⁷⁹⁴ Húsdýr eru einkum áberandi meðal þess sem Taфра étur, sbr. „tuttugu hafra“, „hesta 12“, „kapla 2“, „kálfa 12“ og „16 hund[a]“ (8-17a) og sömuleiðis mannfólk (sbr. „100 stráka“, „18 presta“ og „Þórólf“ (8-17a)), en ýmis áhöld og efni meðal þess sem tíkin hennar Leifu innbyrðir (sbr. „skabla skeifu“, „skinn og vadmál svart“, „Níu álna lánngann \nagla/teín“ o.fl. (8-17b)). Farartæki, t.d. skip, eru bæði meðal þess sem karlinn ber yfir á („nafar og nýtt skip“ (8-16b)) og þess sem hverfur í kjafti Töfru eða tíkarinnar hennar Leifu („kapalinn og kaup skip“ (8-17b)). Þær síðarnefndu eru þó enn stórtækari en karlinn því þær láta sér ekki nægja einstök mannvirki heldur skófla upp í sig heilum stöðum og sveitum: „Rágarvöllum“ í (8-17a), „Reikjanesi og Bakkanum öllum, // Ingólfshöfða og öllum Flóa“, „Ingólfs fjalli“ o.s.frv.⁷⁹⁵ Hlutverk fátækleika er því hér enn meira áberandi en í þuluflokknum um karlinn sem gekk yfir á.

Fleiri upptalningar af þessum toga eru í þulum síðari alda, þ.e. mislangar upptalningar af hversdagslegum hlutum með grófleika og fátækleika í ýmsum hlutföllum.⁷⁹⁶ Til eru einnig aðeins

⁷⁹⁰ DFS 67, 404r; JS 289 8vo II, bls. 47; Lbs 414 8vo, 111r.

⁷⁹¹ Lbs 424 8vo, 17v.

⁷⁹² Lbs 414 8vo, 105v, á eftir textanum.

⁷⁹³ Sbr.: Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 1, gormabókin með áprentaðri áletrun: „V/O Prodintorg“, [57r] (Steinþór Þórðarson á Hala): „Fólk var á engjum einhvers staðar<,> borðaði harðfisk, reif af honum roðið, skrifaði framansagt [þulutextann á [56v] – YSH] á það<,> rétti tík sem var með því og hún gleypti. Tíkin hét Taфра.“

⁷⁹⁴ Sbr. t.d.: Lbs 1911 8vo, bls. 35; SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–30 (ljósrit), [4r–4v] og (II) 1970–1971 (græn stílabók), [5r–5v]; SÁM 30 (óskráð gögn), Vísna- og kvæðasafn á 55 lausum blöðum, 8r; Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Hólmfríður Oddsdóttir, [2r].

⁷⁹⁵ AM 960 XIII 4to, 1v; Lbs 1911 8vo, bls. 35. Þær svelgja einnig: „Hreppin þann í Holtti heitir“, „Haukadal“ (dæmi nr. (8-17a) hér að framan); „Ingólfsfell“, „Svellin öll úr Bjarnafelli“ (Lbs 587 4to X, 6r); jafnvel „Borgarfjörð og Brautir margar // bæar sveit“ (Lbs 414 8vo, 104v) og „Ísa fjörð“ (Lbs 414 8vo, 113r).

⁷⁹⁶ Meðal annarra má nefna stutta listann yfir það sem kaupakona nokkur missti í sumum þulum (t.d. „Hnífinn, tífinn, kampinn, skærinn“ í Lbs 587 4to III, 1r). Nokkrir svipaðir listar eru einnig í Þörnaldarþulu, t.d. „Sok er i siodj // siodur er i bandj // band er i kiej [...]“ o.s.frv. (AM 154 8vo XII, 1r), en þessi listi er byggður upp sem fjölform (sjá kafla 8.2.3.2).

öðruvísi upptalningar, e.t.v. jafnfáranlegar en með mildari brag á sér, stundum jafnvel glæsibrag, líkt og í (8-18a,b):

(8-18a) [...] /þar sitia syst[u]r
ad skafa gull kistur.
þar sitia sveinar
ad skafa gull teina\
þar sitia lallar
ad skafa gull palla
þar sitia nunmur
ad skafa gull tunmur
þar sitia Jo[n]ar
ad skafa gullþríóna
þar sitia freyur
ad skafa gulltrejur<.>

(8-18b) [...] það mun vera stúlkan mín,
sem á eptir ríður
hún ber gull og festi
spennsli ofan á belti
laufaprjóna ber hún þrjá,
fögur er hún framan á
með gullspöng um enni,
og það sómir henni<.>⁷⁹⁷

Það sem upp er talið á þessum listum er ekki mjög frábrugðið efni listanna sem rætt var um hingað til – einkum það sem er nefnt í (8-18a): teinar, pallar, tunnur, þrjónar og treyjur, þ.e. einkum áhöld, ílát og fatnaður. Þegar þessir hversdagslegu gripir komast í snertingu við sjaldgæf og dýrmæt fyrirbæri eins og gull – uppi í skýjum í ofanálag – skapar það ákveðin fáránleikahughrif, en hinn margítrekaði fyrri stofn *gull-* hefur textann aðeins upp. Í seinna dæminu liggur það í eðli umfjöllunarefnisins að aðallega er rætt um skart – og rökrétt er að það geti verið úr dýrmálmi. Í þessu dæmi skapast því varla einu sinni fáránleikahughrif heldur samsvara gripirnir, sem taldir eru upp, bæði sjálfu sér og samhengi sínu. Slíkt má í raun varla heita dæmigert fyrir þulur síðari alda eins og sjá má af því sem fram hefur komið í þessum kafla.

Þrátt fyrir nokkuð mismunandi áherslur í upptalningum á gripum, sem hér hefur verið farið yfir, eiga þær sér það sameiginlegt að aðalheimild fyrir heitunum er hversdagslegur veruleiki: áhöld, ílát og ýmis efni á bóndabýli. Tengsl við heiti í fornþulum eru þvert á móti lítil.

8.1.5. Niðurlag

Heiti eru önnur helsta grunneiningin í þulum síðari alda; þau eru mynduð eftir svipuðum aðferðum og notaðar voru í fornþulum (sjá kafla 8.1.2) og tínd til á lista – eða jafnframt búin til sérstaklega fyrir listann – eftir hljómlíkingum, líkingum í merkingu og innra formi orða, í línubyggingu og setningafræðilegum hlutverkum orðanna (sjá kafla 8.1.3). Með þessu móti eru settar saman upptalningar á heitum sem eru notaðar sem stærri byggingareiningar í þulum og gegna svipuðum hlutverkum og heiti og upptalningar þeirra gegndu í fornþulum, þ.á m. að lengja textann og halda honum uppi og stækka innri heim þulna með því að nefna hluti í honum.

Af kafla 8.1.4.1–8.1.4.5 má glöggt sjá hversu mikill munur getur verið á milli heitasafna í mismunandi þuluflokkum. Hvert heitasafnið hefur sínar rætur; rætur margra Grýlubarnanafna eru í nöfnum á búshöldum og tröllaheitum, rætur heita dansara og fylgdarmanna liggja í líkamlegum sérkennum þeirra og skringilegheitum, og sama gildir um heiti Grýlubarna III sem eru í þessu ekki

⁷⁹⁷ JS 289 8vo I, 29r (*systur* er hugsanlega skrifað „syst[ra]r“); Lbs 424 8vo, 26v–27r.

samferða hinum Grýlubarnanöfnunum. Rætur kúaheita eru í líkamlegum sérkennum kúa (lit, mynstri, líkamsbyggingu o.fl.) og atferli þeirra o.s.frv. Notkun mannanafna, sem eru að ákveðnu leyti einnig efniviður í þuluheiti, er einnig mjög mismunandi. Hún er mikil í heitum barnanna í hamrinum (og eins í nöfnum aftast í sumum textum í þuluflokknum *Táta, Táta*) og í heitum fylgdarmanna og dansara, eða um tvo þriðju af heitunum þar, en hins vegar í meðallagi í heitum frænda í *Heyrði ég í hamrinum* þar sem nöfnin eru oft teygð og beygð og mikið snúið út úr þeim. Í nöfnum Grýlubarna eru mannanöfn afar lítið notuð og sömuleiðis í kúaþulum, en á móti kemur að tæplega tveir þriðju af heitum í kúaþulum síðari alda eru hliðstæð raunverulegum kúa- eða nautanöfnum.

Tengsl við fornheiti eru sömuleiðis nokkuð mismikil. Mest eru þau í kúaþulum og á listum yfir frændur og börnin í hamrinum – og í *Grýlubörnum III*, en sá hópur fer hér aftur aðrar leiðir en hin Grýlubörnin. Á listum yfir fylgdarmenn og dansara og *Grýlubörn II* – og einkum yfir *Grýlubörn I* – eru tengslin hins vegar talsvert minni. Að sama skapi eru mjög mismunandi fornheiti notuð við heitamyndun í þulum síðari alda. Í flestum þuluflokkum þar sem heitamyndun er tengd fornheitum eru fornheitin sótt í þulur um goð, tröll og aðrar yfirnáttúrulegar verur. Undantekningar eru einkum listi yfir börnin í hamrinum, en þar er mest sótt í mannaheiti, og listi yfir *Grýlubörn I* sem sækir efnivið í fornheiti um skip, vopn o.þ.h. Mest skera kúaþulur sig þó úr, en þar tengjast heitin mest fornri öxnaþulu og yfirleitt fornþulum um dýr; tengslin eru þó að mestu fólgin í svipuðum nafnamyndunaraðferðum en ekki í beinni samsvörun nafnanna.

Samsett nöfn eru tiltölulega sjaldgæf meðal Grýlubarnanafna en mun algengari í heitum dansara og fylgdarmanna og einkum í kúaþulum. Í *Ættartölu* eru einnig samsett nöfn á listanum, en þau eru mörg hver skringileg og/eða afbökud. Í hverjum þuluflokki eiga samsett nöfn á listunum sér ákveðin sérkenni. Gamlir hefðbundnir nafnstofnar eru t.d. einkennandi fyrir lista yfir nöfn dansara og fylgdarmanna en afbakaðir nafnstofnar fyrir ættartölulistann; í báðum tilfellum er þó ljóst að tiltölulega fáa stofna þarf til þess að búa til fjölda samsettra nafna með hinum ýmsu samsetningum nafnstofna. Í kúaþulum hefur hins vegar nærri hver stofn ákveðna – nokkuð sértæka – merkingu, en stofnarnir eru settir saman eftir ákveðnum reglum. Fyrri liður vísar t.d. í ákveðna lögun eða lit en seinni liður í líkamshluta sem fyrri liður á við, eða: fyrri liður vísar til atferlis en sá seinni til útlits-einkenna eins og mynstur. Þá tengjast einföld og samsett nöfn oft mismunandi merkingarsviðum, bæði í þulum síðari alda og jafnframt í fornum þulum; þetta gildir ekki síst um kúaþulur, en þar eru tengsl við fornþulur hvað sterkust.

Framlag þessara mismunandi upptalninga til heildarmyndar af heiminum sem kemur fram í þulum síðari alda er því mjög margvíslegt; hver listinn birtir mjög afmarkaðan hluta heildarmyndarinnar, en merkingartengsl heita á listunum við önnur heiti, gömul og ný, víkkar sjóndeildarhring áheyranda eða lesenda sem þar skygnast inn.⁷⁹⁸ Listar með nöfnum Grýlubarna veita innsýn í bóndabú en minna á tilvist trölla, kúanöfn sýna inn í fjós og út á tún en minna einnig á önnur dýr og skepnur o.s.frv. Nafnalistar í þulum síðari alda eru þó varla þess megnugir að skapa heimsmynd einir og sér, líkt og hinir alfræðimiðuðu nafnalistar í fornþulum, þótt heitaupptalningar í þulum síðari alda hafi

⁷⁹⁸ Sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar“, 316–317 ásamt samnefndu erindi á 16. alþjóðlega fornsagnaþingi, 10. ágúst 2015. Sjá einnig: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar á tímamótum: Þornaldarþula og Grettisfærsla“, 82–85.

erft frá þeim heimslýsingarhlutverkið og nái langt í að skapa slíka lýsingu. Í þulum síðari alda verður heimsmynd varla fullburða án minna, en um hlutverk þeirra verður rætt í kafla 8.2.4.

Sumir listar eru byggðir með nokkuð skipulögðum hætti, líkt og ættartölulistinn eða *Kúapulur II* (sbr. kafla 8.3.2.3 um fjölform). Bygging annarra upptalninga er talsvert lausari, þar ráða einkum bragfræðilegir þættir för og almennari merkingartengsl (frekar en fjölform), líkt og lýst var í kafla 8.1.4.2. Langflestir listar, sem skoðaðir voru í þessum kafla, geta gegnt því hlutverki að vera uppi- staða í blokk eða í heilan þulutexta, hvort sem bygging þeirra er í fastari skorðum eða lausari. Við það að mynda stærri byggingareiningar komast heiti í snertingu við aðrar grunneiningar í þulum síðari alda, minni; þau verða rædd í næsta kafla.

8.2. Minni

Minni (mótíf) eru hin grunneiningin í þulubyggingu, til jafns við heiti, einkum í þulum síðari alda. Hugtakið *minni* er mikið notað en ekki vel skilgreint, og verður hér byrjað á því að skilgreina það með tilliti til þulna síðari alda (8.2.1). Bygging minna og formgerð verður athuguð í kafla 8.2.2 ásamt ýmsum tegundum minna, sem og afstaða minna og formúlna (8.2.3), en þær eru aðrar byggingarein- ingar sem virka á sama plani og minni. Minni eru – ásamt heitum – eitt helsta verkfæri þuluflytj- enda til að skapa heimsmynd í þulum og koma henni á framfæri; hlutverki þeirra verður lýst nánar í kafla 8.2.4, en samantekt fylgir í 8.2.5.

8.2.1. Hugtakið *minni* og sérkenni minna í þulum síðari alda

Skilningur á hugtakinu *minni* (*mótíf*, sbr. e. *motif*) í þessari rannsókn stendur líklega ekki eins langt frá viðteknum hugmyndum um minni og skilningur á heitum í þulum síðari alda er frábrugðinn skiln- ingi á heitum í fornþulum. Allmismunandi hugmyndir um minni hafa reyndar verið uppi í fræðilegri umræðu, en hugtakið *minni* hefur verið notað á mörgum fræðasviðum (þar á meðal í bókmennta- fræði og í þjóðfræði, og þá oft á nokkuð ólíkan hátt), í mismunandi samhengi og í ýmsum merking- um.⁷⁹⁹ Þetta er ein helsta ástæða þess að örðugt er að henda reiður á fyrirbærinu *minni*, en önnur er sú hvað minni eru fjölbreytileg og fljótandi. Oft er erfitt að afmarka ákveðin minni í textum og setja skýr mörk á milli þeirra eininga sem eru taldar vera mismunandi minni, og sama má segja um af- mörkun og flokkun minna sem eininga þegar minnasjóður munnmennta er til athugunar. Þessir og aðrir afmörkunarerfiðleikar verða ræddir nánar í kafla 8.2.2.

Með *minnum* er í þessari rannsókn átt við einfaldastar (og um leið oftast stýstar) endurteknar⁸⁰⁰ lýsingar á hvers kyns atburðum, gjörðum o.þ.h., ástandi eða jafnvel einkennum þegar við á. Þessi skil-

⁷⁹⁹ Gott yfirlit yfir notkun hugtaksins minni og yfir önnur hugtök á sviðinu má finna í verkum eftir Hedu Jason, S. Yu. Neklyudov og fleiri; sjá: Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,” 85–99. Sbr. Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 236–247. Yfirlit kenninga um minni, m.a. kenninga rússneskra formgerðarsinna (þjóðfræðinga, bókmenntafræðinga o.fl.), þ.á m. ágríp á ensku er í: Силантьев [Silantiev], *Теория мотива в отечественном литературоведении и фольклористике: Очерк историко-графии* [Kenningar um mótíf í rússneskri bókmenntafræði og þjóðfræði: Sögulegt ágríp].

⁸⁰⁰ Mælikvarði á endurtekingar á minnum er svipaður og mælikvarði fyrir þulur, þ.e. endurtekingar með tilbrigðum eða í mismunandi samhengi eru taldar með. (Sbr. Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 242–244.) Endurtekingarskilyrði er hér m.a. sett fram í tengslum við þá hugmynd að minni þurfi að eiga þann hæfileika að lifa (af) í því umhverfi þar sem þau eru notuð (Thompson, *The Folktale*, 415–416).

greining er byggð á skilgreiningu Hedu Jason á hugtakinu *minni*: „A literary motif is the SIMPLEST (not smallest) unit of content which in the work of literature fills a primary formal slot of a literary structure“.⁸⁰¹ Við fyrstu sýn virðist þessi skilgreining miðast við umfangsmeiri frásagnir eða einingar en í þulum síðari alda, þar sem Heda Jason getur m.a. þess að minni eigi að gegna hlutverki frásagnarliða: geranda/pólанда, atburðar, viðfangs o.s.frv. Slíkt er tiltölulega sjaldgæft í þulum síðari alda en algengara í stærri verkum þar sem hlutverk skipulegrar frásagnar er veigameira, en ávallt þarf að hafa í huga að frásögn með atburðarás er ekki endilega til staðar í þulum síðari alda. Hins vegar nýtir Heda Jason samlíkingu og jafnframt samsvörun minna við einstaka orðflokka í anda formgerðarstefnu í umfjöllun sinni um helstu tegundir minna:

- (1) single characters and requisites and their attributes (*nouns* and *adjectives*);
- (2) single deeds and their qualities (*verbs* and *adverbs*);
- (3) spatial (geographic) and temporal marks and their special attributes.⁸⁰²

Heda Jason byggir hér m.a. á svipuðum forsendum og þeir formgerðarsinnar sem líkja minnum við orð eins og þau eru í máli (fr. *langue*), eða orðabókarorð, annars vegar en hins vegar við orð eins og þau eru í tali (fr. *parole*), eða í setningum.⁸⁰³ Setningum er fyrir sitt leyti líkt við atburðarás. Hið fyrrenefnda – minni sem orð í máli – samsvarar þá staðkvæmu (e. *paradigmatic*) sjónarhorni en hið síðarnefnda raðkvæmu (e. *syntagmatic*) sjónarhorni. Fyrir minni eru í senn mikilvægir þeir eiginleikar sem snúa að staðvenslum, eða tengslum við önnur minni í minnasjóði (minnasafni), og þeir sem snúa að raðvenslum, eða tengslum minnis við samhengi sitt í frásögn (m.a. í atburðarás).

Nú eru minni í þulum svo smáar einingar að þau *eru* oftast en ekki einstök orðasambönd (eða setningarliðir ef lítið er á frá raðkvæmu sjónarhorni) og stundum jafnvel orð, t.d. *sitja undir stofu-vegg/fiskihlaða, fara upp á land/lönd, koma/fara trítandi og rítandi; jafnvel kalla, brokka* o.s.frv.⁸⁰⁴ Þessi sýn á minni fær stuðning bæði í dæmum sem Heda Jason tekur⁸⁰⁵ og sömuleiðis í hugleiðingu M. L. Gasparovs er hann ræðir byggingu texta í bundnu máli: hvert nafnorð getur verið (bókmennta/

⁸⁰¹ Framhald skilgreiningarinnar fjallar nánar um ofangreind „primary formal slot of a literary structure: a ‘character’ (being/object [noun] and attribute [adjective]); a ‘deed’ (verb and adverb) fills the slots of ‘narrative role’ and ‘narrative action’, respectively.“ (Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,“ 87 (leturbreyting Hedu Jason)). Orðin „a primary formal slot of a literary structure“ má með tilliti til þulna síðari alda m.a. túlka sem einingu í upptalningu (sjá umfjöllun um minni og upptalningu síðar í þessum kafla). Sú hugmynd að minni ætti að skilgreina sem eifaldasta einingu frekar en smæsta er þegar til staðar hjá A. N. Veselovsky, en hann var meðal elstu formgerðarsinna sem fengust við rannsóknir á minnum, sjá: Веселовский [Veselovsky], *Историческая поэтика* [Söguleg skáldskaparfræði], 494, sbr. 500.

⁸⁰² Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,“ 88 (leturbreyting mín – *YSH*). Sbr. Stith Thompson sem skipti minnum í persónur, atburði og forsendur þeirra (þar á meðal bæði hluti og óhlutbundna fyrirbæri), en hann var gagnrýndur – réttilega að mati þeirrar er hér ritar – m.a. fyrir það hvað flokkarnir voru ósamstæðir. Sjá: Thompson, *The Folktale*, 415–416; sbr. einnig hans *Motif-Index of Folk-Literature*. Sjá einnig: Dundes, „From Etic to Emic Units in the Structural Study of Folktales,“ 97. Einnig: Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], einkum 241.

⁸⁰³ Samlíkingin er m.a. byggð á hinna frægu aðgreiningu F. de Saussure á máli (*langue*) og tali (*parole*); sbr. Путилов, Б. Н. [Putilov, B. N.] „Мотив как сюжетобразующий элемент“ [Mótíf sem frumþættir er mynda söguþráð], 145. Sbr.: Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 241.

⁸⁰⁴ Dæmi um öll þessi minni eru t.d. í Viðauka Ic.1–2 og Id.6 (sbr. *ÍGSVP*, 4: 179–181, 176 og víðar).

⁸⁰⁵ Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,“ 87.

þjóðfræða-)ímynd en *hvert sagnorð getur verið minni*.⁸⁰⁶ Byggingareiningar sem Heda Jason setur í lið (1) flokkast hins vegar sem heiti frekar en minni í þessari rannsókn þar sem þulur eiga í hlut (sjá kafla 8.1). Undantekningar eru gerðar þegar hlutverk slíkra eininga sem minna eða sem hluta annarra minna þykir vera veigameira en hlutverk þeirra sem heita, en nöfn geta gegnt hlutverki geranda, viðfangs o.fl., sjá kafla 8.2.2.⁸⁰⁷ Heiti eru fyrir sitt leyti höfð sér á báti í umfjöllun um byggingu þulna í þessari ritgerð vegna þess mikilvæga sess sem þau skipa í íslenskum þulum frá upphafi. Slík aðgreining gæti þótt órókrétt; þess ber þó að gæta að taka þarf tillit til sérkenna bókmennta- eða munnmenntageinarinnar sem fengist er við hverju sinni, en heiti eru eitt af helstu sérkennum þulna.

Í þulum síðari alda hafa minni sín *sérkenni*, en þau tengjast einkum því að atburðarás er ekki alltaf að finna í þulum. Einhvers konar frásögn er jafnan til staðar, en hún tekur á sig mismunandi myndir; það getur verið nokkuð vel samhangandi atburðarás (eins og oft í þulutextunum *Sat ég undir stofuvegg*, *Sat ég undir fiskihlaða* o.fl., sjá kafla 8.3.1. og 8.3.3), en það geta einnig verið nokkrir frásagnarbútar með stök minni hér og þar á milli bótanna (líkt og oft í *Lambið beit í fingur minn*, sjá lýsingu í Viðauka Id.4). Atburðarás getur einnig vantað með öllu ef þula samanstendur af upptalningum einum saman. Nú er *minni* fyrirbæri sem er nátengt atburðarás; jafnframt er fullyrt að hugtakið *minni* sé gagnslaust nema í tengslum við hugtakið *atburðarás*⁸⁰⁸ þar sem aðeins atburðarás virki dýnamíska eiginleika minna og geri minnum kleift að mynda raðkvæm vensl, m.ö.o. geri minnum sem inntakseiningum kleift að verða hlekkir í frásagnarkeðju. Ef líkingunni við orðabókarorð og orð í tali (sjá hér að framan) er haldið til streitu þá má bera þetta ferli saman við það að orðabókarorð verður virkur hluti setningar þegar það er notað í tali (og þar með hluti samskipta með tilstyrk tungumáls, þar sem setning ber með sér boðskap).

Á hitt ber að líta að frásögn sem grundvallast á atburðarás er ekki eina frásagnarformið heldur eru aðrar leiðir færar til að skipuleggja frásögn, þótt þær séu ekki endilega notaðar oft. *Upptalning* er ein slíkra leiða. Hún hefur m.a. verið notuð í stærri frásagnarverkum í bundnu máli, bæði til þess að skipuleggja ákveðinn hluta frásagnarinnar (sbr. t.d. hina frægu lista yfir skip og hermenn í Illíonskviðu Hómers) og til að skipuleggja frásögn í heild, en upptalning liggur t.d. til grundvallar Ynglingatali þar sem konungar og dauðdagar þeirra eru taldir upp. Margar þulur síðari alda grundvallast á upptaln-

⁸⁰⁶ „[...] потенциально каждое существительное, обозначающее лицо или предмет, – это образ, каждый глагол – мотив [...]“ (Гаспаров [Gasparov], „«Снова тучи надо мною...» Методика анализа“ [„Enn <hafa safnast> ský yfir höfði mínu ...“ Greiningaraðferðafræði], 14. (Leturbreyting mín – *YSH*.) Sbr.: sami, „Фет безглагольный: Композиция пространства, чувства и слова“ [Fet án sagnorða: Samsetning rýmis, tilfinninga og orða], 25.) E. M. Meletinsky leggur til þann skilning að kjarni hvers minnis sé umsögn – eða umsagnarliður, ef formgerðarfræðilegur samamburður á minnum (byggingareiningum frásagnar) og byggingareiningum tungumáls er tekinn á næsta stig og minni er líkt við málfræðilega setningu; hér byggir Meletinsky m.a. á hugmyndum um náinn skyldleika málfræðilegra og mekingarfræðilegra hlutverka. Sbr.: Мелетинский [Meletinsky], *Палеоазиатский мифологический эпос: Цикл Ворона* [Formasískar goðsögur: Hrafnflokkur], 146. Þess skal gætt að Meletinsky virðist hér ekki leggja höfuðáherslu á aðgreiningu á minni sem inntakseiningu (e. *content unit*) annars vegar og sem hlekk í frásagnarkedju hins vegar, eða á aðgreiningu hugtakanna (e.) (*alloy*)*motif* og *motifeme* heldur notar hann sama orðið þegar hann fjallar um minni frá staðkvæmu og raðkvæmu sjónarhorni, og er það ekki óalgengt í fræðaheiminum. Í þessari ritgerð verður einnig notað sama orð, *minni*, yfir bæði hugtökin, *motif* og *motifeme*, nema annað sé tekið fram. Í umfjöllun hér á eftir þarf því ávallt að hafa hliðsjón af því að minni eigi sér bæði staðkvæmar og raðkvæmar hliðar.

⁸⁰⁷ T.d. fyrir kýrnar *Flekkur* og *Frænu* (stundum *Flænu*) sem hafa langoftast það hlutverk að *fylla skjólu(r)* eða *fötu(r)* (sbr. t.d. AM 247 8vo, 6v; Lbs 414 8vo, 90v og 112r; Lbs 424 8vo, 27v; SÁM 30b, 78r og 432r o.fl.).

⁸⁰⁸ Sbr. Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 241.

ingum á nöfnum, sbr. t.d. upptalningar nafna Grýlubarna (kafla 8.1.4.1) eða fólks í gleðinni (kafla 8.1.4.2). Í upptalningum fólks í gleðinni má þó oft sjá eitt og eitt minni (þau eru undirstrikuð í dæmi (8-4(1)), sbr. (8-4) í kafla 8.1.3), en það sýnir að hægt er að telja upp minni ekki síður en heiti:

(8-4(1)) [...] Þar var í dansi
Gunnar piltur,
Gróar strákur
og Sigurður Surtur
og Sveinn Drangarlykkja,
þar kvað undir Vali,
Vigdís og Sali,
Gunnhildur Gedda,

Gunnfríður Bredda,
Ingiríður, Herdís píka.
Allar gráta líka.
Grætur Gunnhildur,
dansar Dómhildur,
ríkir Ráðhildur.
Teitur og Guðfinna,
Teigin, Loðinkinna [...]

Í *Kúapulum I* má einnig finna bæði upptalningar á kúanöfnum, t.d. í (8-19a), og á athöfnum kúnna hins vegar, sbr. (8-19b):

(8-19a) [...] Lína og hún lign
og hún Láng spena
brók og hún brinja
og hún Bjarna Reidur [...]

(8-19b) [...] gánga drinjandi
Dröfn og hún hríngja
íla og hún ála
ofann frá skála
flekka og hún fræna
fylla þær skjólur [...]⁸⁰⁹

Í dæmi (8-19b) má glögg sjá að einhvers konar mynstur hefur myndast, þ.e. hverjum tveimur nöfnum (sem leggja undir sig eina línu saman) tilheyrir önnur lína sem stuðlar við fyrri línuna og segir nánar frá kúnum og einkum hvað þær gera, sbr. að í flestum slíkum línunum er sögn („gánga“, „fylla“; í línu 4 er sagnorðið, t.d. *ganga* eða *koma*, undanskilið). Svipað mynstur er fullþróað í *Kúapulum II* (sjá nánari lýsingu á þeim fremst í kafla 8.1.4.4; sbr. og umfjöllun um formúlur í kafla 8.2.3 og um fjölform í kafla 8.3.2.3), sbr. dæmi (8-20):

(8-20) Sólin skín á fossa
segir hún Krossa.
Við skulum tjalda
segir hún Skjalda.

Niðurvið ána
segir hún Grána
Jeg skal snjónum spirna
segir hún Hirna [...]⁸¹⁰

Hér má oftast en ekki sjá sjálfstætt minni í hverri línu sem lögð er kúnum í munn, auk þess sem það að taka til máls er sjálfstætt og útbreitt minni í þulum síðari alda.⁸¹¹ Sama má segja um aðrar þulur sem eru skipulagðar á svipaðan hátt, t.d. um þuluna *Táta*, *Táta* þar sem talin eru upp mismunandi verk á bóndabæ (sjá (8-52) í kafla 8.3.3) eða *Draum dreymdi mig* (8-21) (sbr. (7-40a) og (7-40b)):

⁸⁰⁹ Lbs 414 8vo, 112r, texti í dæmi (8-19b) er rétt á undan (8-19a) í þulutextanum.

⁸¹⁰ AM 960 IX 4to, 2r.

⁸¹¹ Hér má vísa í *Karl tók til orða* (sjá kafla Ic.5) o.fl.

(8-21) Draum dreyndi mig fyrir degi laungum
 af þeim draumi drjúgt er að segja
 Hvalur heyrðist mér í hafi belja
 Af þeim beljum brunnu seljar
 Á þeim seljum sátu rekkar
 Af þeim rekkum runnu dreirar
 Af þeim dreirum drukku hrafnar
 Af þeim hrofnum hrikti vindur

Af þeim vindi veður í skýjum
 Af þeim skýjum skyggir v: skuggir mána
 Af þeim mána mjög ljós himin
 Af þeim himni heiðar stjörnum
 Af þeim stjörnum stóðu laukar
 Af þeim laukum léku meyar
 löndin og eyjar. [—]⁸¹²

Allar þulur sem hér voru nefndar byggjast á upptalningum á minnum frekar en á atburðarás.

Upptalningu á minnum í bland við nöfn má einnig finna í íslenskum fornþulur, m.a. í Kálfsvísu (sbr. (8-22a)) og Þorgrímsþulur (einkum þeirri fyrri); sömuleiðis í Rígsþulu þar sem öll kunn-átta Þræls, Karls og Jarls er talin upp (sbr. (8-22b)):

(8-22a) Dagr reið Drögli,
 en Dvalinn Móðni,
 [...]
 Ali Hrafni,
 es til íss riðu,
 en annarr austr
 und Aðilsi
 grár hvarfaði,
 geiri undaðr.

(8-22b) Upp óx þar
 Jarl á fletjum,
 lind nam at skelfa,
 leggja strengi,
 [...]
 hestum ríða,
 hundum verpa,
 sverðum bregða,
 sund at fremja.⁸¹³

Upptalning starfa á bóndabæ er einnig í Grettisfærslu og í framhaldi af því í þuluflokki sem hefst oft á *Poki fór til Hnausa*, sbr. (8-23a,b) og Viðauka Ib.9, blokkina *Hvað kanntu að vinna*:

(8-23a) [...] <M>argt kann Grettir vel at vinna.
 <H>ann kann malt mala
 [...]
 drykk at blanda
 00000 eld kynda,
 [...]
 <o>k stre[ptun] kúm skynda,
 lásu<m> at lúka,
 <o>k at lita dúka [...] ⁸¹⁴

(8-23b) [...] því spurði hún Fínna
 hvað þaug kinni að Vínna
 þaug Sögðust ekkert kunna að Vínna,
 nema að moka Fjós,
 kveikja Ljós,
 Skotta fram*m* i Eldhús
 og Vera þar eins og mús,
 færa Börnonum mat [...] ⁸¹⁵

Af þessu má álykta að upptalning á minnum hafi alltaf verið einn af möguleikunum sem bygging þulutexta getur grundvallast á.⁸¹⁶

⁸¹² Lbs 587 4to II, bls. 155–156.

⁸¹³ (8-22a): „Þulur,“ 664 og 667 (Kálfsvísa, 1¹⁻² og 3). (8-22b): *Eddukvæði*, 1: 455 (33^{1-4,9-12}).

⁸¹⁴ Sbr. Heslop, „*Grettisfærsla*: The Handing on of Grettir,“ 80; 0 stendur í uppskrift greinarhöfundar fyrir hvern ólæsilegan bókstaf sem ætlað er að standi í handritinu.

⁸¹⁵ Lbs 587 4to II, bls. 53–54. Athygli vekur í þessum tiltekna texta að flestöll minni eru sagnorð í nafnhætti, þ.e. minnin hafa ákveðin einkenni nafna – og þar með heita (um minni með sögn í nafnhætti sbr. kafla 8.2.2).

⁸¹⁶ Sjá: Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar], 158–178. Seinni athuganir sýna að þessi þrjú stig (nafnalisti, minnalisti, blokkalisti) séu ekki endilega skref í ákveðinni þróun heldur hafi þetta þrennt verið til meira eða minna samhliða bæði í fornþulurmenntum (samtal við Eleni Gurevich í ágúst 2012, Árósum) og á seinni tíma.

Sú staðhæfing að fyrirbærið *minni* sé háð fyrirbærinu *atburðarás* og sé varla til nema sem hluti atburðarásar á því væntanlega ekki við um þulur þar sem upptalning kemur oft í staðinn fyrir atburðarás sem grunnþráður í byggingu þeirra. Textar geta með öðrum orðum grundvallast á upptalningu. Það að minni í þulum eru oft hlekkir í upptalningu – en ekki í frásagnarkeðju – þýðir einnig að syntagmatískir eiginleikar minna í þulum eru frábrugðnir því sem sjá má í eiginlegri frásögn. Ólíkt því sem gerist í frásögn með atburðarás hafa minni ekki endilega sérstök hlutverk, eða funksjón (e. *function*),⁸¹⁷ hvert á sínum ákveðna stað í frásagnarkeðju. Minni sem talin eru upp í þulutextum eru ekki stigskipuð, eins og minni í skipulegri frásögn, heldur nokkurn veginn jafnskipuð. (Þau geta þó haft annars konar funksjón innan blokka, t.d. sem upphafsminni, lokaminni o.þ.h., sjá kafla 8.3.1–8.3.4.) Upptalning kemur í stað funksjónar og tekur á sig hlutverk hennar. Vægi láréttra tengsla á milli minna er þá meira en vægi lóðréttra tengsla; þetta gildir einkum og sér í lagi um nándartengsl þar sem einmitt þau (en ekki lóðrétt tengsl, líkt og í stigskipuðu kerfi) gegna stóru hlutverki í að ákvarða hvar í röðinni tiltekin minni lenda (sjá kafla 8.3.2). Minni í upptalningum í þulum hafa ekki endilega sérstaka funksjón í atburðarás, en einmitt vegna þess að láréttu tengslin eru miklu öflugri í upptalningu er þessi skortur á funksjón ekki til marks um skort á syntagmatískum einkennum í minnum eða skort á tengslum minna við samhengi sitt (sem Heda Jason kallar „‘-emic’ relationship“).⁸¹⁸

Láréttu tengslin eru þvert á móti svo öflug að deila má um það hvort minni í þulum geti verið óháð samhengi sínu, líkt og Heda Jason heldur fram að eigi við um skipulegar frásagnir.⁸¹⁹ Það má einkum sjá á því að þegar eitthvert minni ferðast á milli mismunandi blokka fylgir það ekki endilega einhverri ákveðinni atburðarás (eða hluta slíkrar), líkt og S. Yu. Neklyudov heldur fram (og miðar við skipulega frásögn),⁸²⁰ heldur einhverju öðru minni sem stendur nálægt því. Vegna þess hvað tengsl minna við samhengi sitt eru sterk er það heldur ekki endilega tilfelli í þulum að minni séu óháð munnmennta- eða bókmenntagrein sinni og jafnframt þjóðerni, eins og Heda Jason staðhæfir.⁸²¹ Minni í þulum má oftast finna í fleiri en einni upptalningu eða frásögn – en ekki endilega t.d. utan við þulur (aðeins í innan við helmingi tilfella). Vegna þess hversu háð *samhengi* sínu minni í þulum eru virðist enn fremur ráðlegt að mæla með því að lýsingar á atburðum og gerðum, sem aðeins finnast í einni þulublokk (sjá kafla 8.3) eða á milli slíkra en hafa samt nokkur tilbrigði í þulutextum, flokkist einnig sem minni.⁸²² Hér er þessari nálgun beitt þrátt fyrir þá hættu að ekki verði þá sagt um öll minni í þulum að þau séu altæk (e. *universal*) eða útbreidd langt út fyrir ákveðna texta (eða tiltekinn textaflokk).⁸²³

⁸¹⁷ V. Propp skilgreinir funksjón (aðgerð eða athöfn persónu í frásögn) annars vegar út frá mikilvægi hennar fyrir framvindu máls sem sagt er frá í textanum og hins vegar sem sögn (eða umsagnarlið) í atburðarásinni (Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 242; sjá nánar: Пропп [Propp], *Морфология сказки* [Formfræði ævintýra], 23–25, ensk þýðing: Propp, *Morphology of the Folktale*, 19–21). Eða, að sögn Hedu Jason, „a single action of a single narrative role which ‘functions’ in a certain way in the story“ (Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,“ 92).

⁸¹⁸ Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,“ 94.

⁸¹⁹ S.r., 94.

⁸²⁰ Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 241.

⁸²¹ Jason, „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together,“ 87.

⁸²² Ath. að hér er um óverulegan fjölda að ræða, en langflest minni (a.m.k. þeim sem koma fram í yfirblokkum) eru í fleiri en einni blokk (yfirblokk). Um tilbrigði sjá kafla 2.1 (umfjöllun neðanmáls).

⁸²³ Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 241–244.

Minni þurfa samt sem áður að hafa ákveðna almenna merkingu og/eða merkingu sem skilgreinist og skilyrðist af munnmæla- eða bókmenntahefðinni, eða skírskotun til sammannlegs reynsluheims (eða þá til reynsluheims þjóðarinnar eða ákveðins þjóðfélagshóps, t.d. bænda), eða a.m.k. vísun til annars minnis sem hefur almenna og/eða hefðbundna merkingu og getur verið það samhengi sem minnið, sem er til umræðu, kann að þurfa til þess að merking þess megi einnig heita almenn eða hefðbundin. Lýsingar á atburðum og gerðum, sem eru hluti eða hlutar af einhverjum lista (eða eru á sama plani og minni á slíkum lista), eru einnig flokkuð sem minni, enda hafa þau oftast skírskotun til annarra minna á listanum sínum sem geta sett þau í samhengi. (Þetta er svipuð nálgun og beitt var við skilgreiningu á heitum, sbr. kafla 8.1.)

Af því sem komið hefur fram má sjá að í þessari rannsókn eru minni í þulum síðari alda skilgreind öðruvísi en oft gerist og gengur, t.d. án skírskotunar til atburðarásar en með sterkari skírskotun til samhengis; hugtakið er þannig aðlagð að þulum. Þetta þarf að hafa hugfast við nánari umræðu um minni í þulum síðari alda.

Þá er eitt helsta sérkenni minna í þulum síðari alda fólgið í því að minni eru *tínd til og/eða búin til (sköpuð) í samræmi við önnur minni og heiti* sem eru þegar komin í textann. Um þetta sérkenni, sem minni eiga sameiginlegt með heitum í þulum síðari alda (sjá kafla 8.1.2–8.1.3), verður rætt nánar í kafla 8.2.2 og 8.3.2.

8.2.2. Bygging, formgerð og tegundir minna í þulum síðari alda

Formgerð minna, eða mótífa, er eitt af því sem markar sérstöðu bókmennta- og munnmenntagreina. Eitt helsta sérkenni í byggingu minna í þulum síðari alda er að þau *taka mið af ýmsum hliðstæðum innan minnanna og utan*, þ.e. hliðstæðum við önnur minni og heiti í textanum. Hliðstæður þessar eru hljómlíkingar (einkum stuðlar og rím), líkingar í merkingu og innra formi, í línubyggingu og setningaskipan (líkt og í upptalningum heita) o.fl.⁸²⁴ Þessar hliðstæður eru virkjaðar bæði í byggingu upptalningar – þ.e. hvernig minnum er raðað saman inn á hana (sbr. kafla 8.3.2) – og inn á við, eða í byggingu minna. Dæmi um flestar hliðstæðurnar má finna í kúapulum (8-24a–d) (ljóðstafir eru undirstrikaðir með einfaldri línu, rím með punktalínu, endurtekningar eru skáletraðar):

(8-24a) [...] Flekka og hún Flæna;
fylla þær fötur,
Díla og hún Dalla
drynja saman allar;
Ýla og hún Ála
ofan frá skála;
Geit og hún Grána,
ganga þær til helli.
Hvör er í helli,
hornaskellir[?] [...]

(8-24b) [...] Fræna og hún Flekka
fram til stekka [...]

(8-24c) [...] hún Flekka og hún Fræna
með fulla spena [...]

(8-24d) [...] Flekka og hún Fræna
fara eptir helli [...]⁸²⁵

⁸²⁴ Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar], 158–178.

⁸²⁵ (8-24a): AM 960 XIII 4to, 1r; (8-24b): DFS 67, 417r; (8-24c): Lbs 418 8vo, 33v; (8-24d): DFS 67, 417v.

Hljómlíkingar skipta máli í byggingu allra minnanna í dæmunum hér að ofan. Til að mynda kalla nöfnin *Geit* og *Grána*, sem stuðla sín á milli, á sögnina *ganga (í helli)*, sem stuðlar við þau; nöfnin *Flekka* og *Fræna* kalla á sama hátt á sagnlið sem myndi stuðla, oftast *fylla þær skjólu(r)/fötu(r)* en stundum *með fulla spena, fram til stekka* eða *fara eftir helli* o.s.frv. Tilbrigði eru líka í nöfnunum, t.d. „Frena“, „frenja“, „Flæna“ sem síðara nafn í línu⁸²⁶ en „Frekna“, „Frigg“ o.fl. sem fyrra nafn.⁸²⁷ Þessi tilbrigði í nöfnum fylgja þó ekki endilega einhverjum ákveðnum sagnliðum (nema nafnið *Frena* og umsögnin *með fulla spena* fylgjast oftast en ekki að sökum rímsins).⁸²⁸ Það bendir til þess að samband á milli umsagnarinnar og nafnanna (sem hér má einnig líta á sem minnskjarna og gerendur, sjá nánar aftar í þessum kafla) kynni að vera flóknara en svo að undanfarandi nöfn hafi einhliða áhrif á umsögnina – eða öfugt, sbr. línur þar sem nöfnin fara *á eftir* umsögninni en ekki á undan, t.d.: „ganga drinjandi, // dropa og hún Hriggja“.⁸²⁹

Þá eru nöfnin *Flekka* og *Díla* dæmi þess að minni og hlutar þeirra geta einnig verið búin til (eða tínd til) eftir *merkingarlíkingum*, en bæði nöfnin tengjast litmynstri kúa. Merkingarlíkingar geta – eins og aðrar líkingar – verið bæði út á við, líkt og ofangreind nöfn (sem eru í mismunandi minnum) og inn á við, eins og í línunni „Brók og Brinju“ eða „kémur Drinjandi // [Re]iður beljandi“.⁸³⁰ Síðar-nefnda línan er líka dæmi um líkingar í línubyggingu og setningargerð, en hvort tveggja skiptir einnig máli í flestöllum minnum í dæmum (8-24a–d) hér að framan þar sem þau eru flest af gerðinni „nafn (2 atkv.) + og hún + nafn (2 atkv.) eða setningarliður (þ.á m. valkvæð sögn fremst (2 atkv.))“. Slíkum gegnumgangandi líkingum má oft lýsa með hugtakinu *ffjölför* (sbr. kafla 8.3.2.3). Frekari dæmi þess að minni eru búin til – og tínd saman – með hliðsjón af hljóms- og merkingarlíkingum, línubyggingu og setningaskipan má finna bæði í ýmsum upptalningum⁸³¹ og víða annars staðar í þulum.

Sum nöfnin eru tiltölulega sjálfstæð miðað við umsagnirnar, en það leiðir af sér spurningu hvort slík nöfn eru hluti minnanna eða sjálfstæð heiti sem tengjast minnunum missterkum – en ekki órofa – böndum. Einhliðtt svar við þessu er varla til, en í þessari ritgerð er farið eftir því fyrir hvoru er sterkari hefð í þulum síðari alda í hverju tilfalli. Kúanöfnin eru t.d. frekar föst við sagnliði sína og tilbrigði eru ekki mjög mikil, auk þess sem sagnliðirnir koma sjaldan fram sjálfstætt, þannig að oftast en ekki eru nöfnin talin vera hluti af minnunum. Eigi að síður geta minni verið frumlagslaus eða því sem næst, þ.e. laustengd við frumlag sitt (sbr. umfjöllun um kúanöfn hér að framan). Þá er oftast en ekki um að ræða minni með sögn í nafnhætti sem eru hluti af lengri eða styttri upptalningu. Slík minni hafa þá misst að mestu það hlutverk að lýsa atburðum eða athöfnum, enda er mikil lýsing sjaldan fólgin í stökum nafnhætti; þessi minni *nefna* frekar athafnir eða atburði og öðlast þar með í staðinn

⁸²⁶ Lbs 418 8vo, 33v (sbr. SÁM 30a, 80r); 3. þula í handriti Páls Pálssonar í Árkvörn á Byggðasafni í Skógum, [9v]; AM 247 8vo, 6v o.fl. heimildir.

⁸²⁷ Lbs 587 4to II, bls. 180 (sbr. t.d. Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 5: Péturína B. Jóhannsdóttir, 5v: „Frekna og Fræna“); Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 10: Katrín Dóra Valdimarsdóttir, [2r] (leiðrétt úr „Frygg“; sbr. „frigga“ í Lbs 587 4to VIII, 14v og „Friggja“ á upptöku: SÁM 85/279 EF, nr. 2299).

⁸²⁸ Sjá Lbs 418 8vo, 33v; SÁM 30a, 80r; SÁM 85/371 EF (21594).

⁸²⁹ AM 969 4to, 48r. Sbr. og: „gengur eptir dölunum // hún Dumba og Hringja“ (DFS 67, 417r) eða „heim renna þær // hátt baulandi, // hýrna og hún stjarna“ (JS 289 8vo I, 27r; um ritun á „hýrna“ sjá athugasemd í kafla 8.1.4, neðanmáls).

⁸³⁰ AM 277 8vo, 33r (bæði dæmin).

⁸³¹ Sbr. t.d. *Sólin skín á fossa* og *Draum dreyndi mig* í (8-20, 8-21) hér að framan og *Táta, Táta* í (8-52) í kafla 8.3.3.

svipað hlutverk og heiti. Dæmi um slík minni eru m.a. í Grettisfærslu og þuluflokknum *Poki fór til Hnausa*, sjá (8-23a,b) hér að framan. Í sumum tilfellum af þessu tagi getur jafnvel verið erfitt að skera út um hvort frumlag sé hluti minnis eða minnið sé frumlagslaust en geti tengst nafni sem myndar þá frumlag – og heildin flokkist þá hugsanlega sem annað sjálfstætt minni.

Í þulum síðari alda eru algengust minni sem lýsa atburðum eða athöfnum annars vegar en staðsetningu hins vegar (umfram annars konar eiginleika eða ástand).⁸³² Dæmi um hið fyrrnefnda eru línurnar „tvær malt mala“ eða „Kastaði niður skirinu en át skarnið“⁸³³ en um hið síðarnefnda „tvær eru í helju“ eða „hún er inni baðstofu“.⁸³⁴ Í þulum er þó einnig talsvert um minni þar sem tvennt eða jafnvel fleira af ofangreindu kemur fram, t.d. „átta í eyum // eld að kinda“ (staðsetning og athöfn) eða „Bláklædd og rauðklædd // geingur hún útum teígana“⁸³⁵ (lýsing og athöfn ásamt staðsetningu). Hægt er að líta á þessi minni sem eina samsetta heild eða samsetningu á tveimur eða fleiri sjálfstæðum minnum (t.d. *átta eru í eyjum* + *<átta eru> að kynda eld* og *<hún er> bláklædd og rauðklædd* + *hún gengur (úti) um teígana*). Hér er fyrri kosturinn tekinn nema athugun á þuluhefðinni leiði til gagnstæðrar niðurstöðu, t.d. ef minnin um *átta í eyjum* og/eða um *átta að kynda eld* væru algengari hvort í sínu lagi – eða þá ef annað þeirra væri algengara sér en samsetta minnið. Sama gildir um minni með tvær umsagnir (t.d. minni um *að slá og raka ljá*), fleiri en eitt viðfang (t.d. *gefa lifur og lungu*) o.fl. þess háttar.

Af dæmunum í efnisgreininni hér að framan má m.a. sjá að í þulum síðari alda geta minni verið knöpp og kjarnyr, líkt og minnið um að vera í helju, en geta einnig verið efnismeiri og ríkari af aukaatriðum líkt og stað- og tímasetning(ar), persónulýsing(ar) o.s.frv., sbr. minnið um stúlkuna í litklæðum sem gengur um teígana. Eitt og sama minni getur enn fremur ýmist verið *knappt* eða *dreift* sökum þess hve tilbrigði í minnum geta verið ríkuleg, t.a.m.:

- hnitmiðað: „Saltaði eg net mín“, eða jafnvel knappara tilbrigðið „Saltaði netju“;⁸³⁶
- tilbrigðin „for [e]g so tíl síóar // Saltadi netju“ eða „fór jeg [o]fann ad sjónum // saltadi jeg net mitt“ bæta hreyfingu og staðsetningu við knöppustu tilbrigðin;⁸³⁷
- enn meiri – og öðruvísi – upplýsingar eru í „Svo fór eg með hann suður til vers og saltaði niður“ eða „Fór eg með það suður til sjáfar // saltaði eg í Netju“,⁸³⁸ en hér bætast við upplýsingar um höfuðátt sem þulumælandi fór í, o.fl.

⁸³² „(2) single deeds and their qualities“ og „(3) spatial (geographic) and temporal marks and their special attributes“ skv. Hedú Jason (sjá hér að framan).

⁸³³ AM 247 8vo, 6r og AM 969 4to, 244r.

⁸³⁴ Lbs 587 4to IV, 4v. Dæmi um minni sem lýsir eiginleikum, ástandi eða ásigkomulagi er „fögur er hún framan á“, sjá Lbs 424 8vo, 26v–27r, sbr. t.d. Lbs 587 4to IX, 55r og víðar.

⁸³⁵ AM 247 8vo, 6r og Lbs 414 8vo, 17v.

⁸³⁶ Lbs 587 4to X, 8v og Lbs 587 4to II, bls. 1. Frumlagið í seinna dæminu er líklega *goði* sem kemur fram tveimur línnum ofar; línan „rann hann til sjóar“ (s.st.) kemur reyndar fram – en á eftir *saltaði netju* (ekki á undan eins og oftast).

⁸³⁷ Lbs 414 8vo, 93r (sbr. og JS 289 8vo I, 28v): Lbs 414 8vo, 116r. Hreyfing þessi getur að vísu verið túlkuð sem sjálfstætt minni en hún virðist þó oftast koma fyrir með *til sjávar*, *ofan að sjónum* o.þ.h. í þessu tiltekna samhengi, eða þá t.d. með *suður í ver*, og ætti því varla að teljast sjálfstæð skv. umfjöllun hér að framan.

⁸³⁸ Lbs 587 4to I, bls. 17 (með fornafninu *hann* er líklega átt við bóndann sem slátraði fénu fyrir í þulutextanum) og Lbs 1911 8vo, bls. 25 (*það*: þ.e. „Tönn og tungu // Lifur og lungu, // og alt innanúr“ sem þulumælandi fékk frá karli sem var nefndur nokkrum línnum ofar í dæminu).

Til að ná utan um þennan breytileika og knýja fram betri lýsingu á minni og formgerð þess líkir E. M. Meletinsky minni við stærðfræðihugtakið *fall* (e. *function*; þó ekki sama og í kafla 8.2.1), eða stærð sem er háð gildum einnar eða fleiri breytistærða. Hann lítur á helsta innihald hvers minnis (þ.e. atburð, eiginleika eða ástand sem er einkum lýst í minninu; það allra helsta sem gerist eða á sér stað) sem fastan kjarna í hverju minni en á önnur hlutverk – geranda, þolanda, viðfang, aðstæður o.s.frv. – sem breytistærðir.⁸³⁹ Án breytistærða, þ.e. ef hver breytistærð = 0, er minni stutt eða samþjappað, en ef allar breytistærðir eru til staðar þá getur minni jafnvel umbreytt í stutta atburðarás. Slíkt er í samræmi við það sjónarmið að ekki aðeins mörk á milli tveggja stakra minna geti verið fljóttandi heldur sömuleiðis mörk á milli staks minnis og atburðarásar; að minni og atburðarás séu tveir endar eins og sama priks þar sem mjög knöpp atburðarás sé oft á mörkum þess að geta flokkast sem minni – en dreift og vel útfært minni sé á mörkum þess að mynda heila atburðarás.⁸⁴⁰ Þó skal tekið fram að í þulum síðari alda eru minni svo lítil eining að slíkt er sjaldgæft, en þuluminni taka oft aðeins eina línu eða línupar, hámark nokkrar línur (en stundum aðeins hálfa línu). Oftar þróast frásögn með nokkurn veginn útfærða atburðarás á næsta þrepi í stigveldi þulubyggingar, eða í stuttum blokkum sem oft samanstanda einmitt af nokkrum minnum (sjá kafla 8.3).

Tilbrigði í minnum valda þó m.a. því að oft er það álitamál hvað í þuluminnnum er betra að flokka sem *hluta kjarnans* og hvað sem *breytistærðir*. Sem dæmi má taka minnið um að *sitja undir (stofu)vegg*; útbreiddasta tilbrigðið er trúlega „Sat eg undir stofuvegg“,⁸⁴¹ en önnur helstu tilbrigði eru á þessa leið:

- „Stód jeg undir Stofu vegg“ í Lbs 414 8vo, 115v;
- „Þar sat maður undir vegg“ í Lbs 587 4to I, bls. 20;
- „Kall sat undir vegg“ í Lbs 528 4to, 98r;
- „Karl sat sunnan undir vegg“ í Lbs 587 4to III, 61r;
- „Sat eg sunnanundir vegg“ í Lbs 587 4to II, bls. 163;
- „Stód eg vid stofu vegg“ í Lbs 2856 4to, 137r;
- „Sat eg undir stofuvegg föður míns“ í Lbs 587 4to X, 8v.

Kjarni umrædds minnis virðist þá vera að vera staddur *undir vegg*. Oftast *situr* gerandi, eða í rúmlega tveimur þriðju tilfella, og þykir því vera ástæða til að líta á þessa sögn sem hluta kjarnans. Í tæplega þriðjungi tilfella er sögnin þó *stóð* frekar en *sat*, en það er nokkuð hátt hlutfall og sögnin ætti því hugsanlega að flokkast sem breytistærð en ekki sem hluti kjarnans. Á móti má segja að minni séu oft svo breytileg að ekkert í þeim sé laust við tilbrigði, en þá getur reynst örðugt að finna alveg stöðugan og óbreytilegan kjarna (einkum með tilliti til þess að hugsanlega eiga enn fleiri þulutextar eftir að koma í dagsljósið). Fullkomin stöðugleiki og óbreytileiki getur því varla verið

⁸³⁹ Sbr.: Мелетинский [Meletinsky], *Палеоазиатский мифологический эпос: Цикл Ворона* [Forn-asískar goðsögur: Hrafnflokkur], 146.

⁸⁴⁰ Sbr. E. M. Meletinsky (s.st.) um líkindi á frásagnarbyggingu – bæði byggingu minna og atburðarásar í heild – og setningarbyggingu; Неклюдов [Neklyudov], „Мотив и текст“ [Mótíf og texti], 237–239, 241.

⁸⁴¹ Lbs 424 8vo, 17r; Lbs 587 4to III, 9v og víðar.

skilyrði fyrir kjarna minnis. Jafnvel þegar kjarninn er skilgreindur þröngt, líkt og *undir vegg* í minninu sem hér er til athugunar, eru tilbrigði skammt undan, sbr. „undir Stofu vegg“, „sunnan undir vegg“ og jafnvel „vid stofuvegg“ í dæmunum hér að framan. Breytistærðirnar eru í þessu tilfelli gerandinn (*maður/karl/ég*)⁸⁴² og nánari staðsetning hans: (*sunnan*) *undir (stofu)vegg* (þó aldrei hvort tveggja *sunnan* og *stofu-* að því er virðist)⁸⁴³ – og hugsanlega sögnin.

Þá geta breytistærðir spilað saman við kjarnann og hver(jar) við aðra(r) á margvíslegan hátt og myndað sums staðar sterkari tengsl. Staðsetningin *undir stofuvegg* og *sunnan undir vegg* tengist t.d. frumlagi í fyrstu persónu eintölu (*Sat ég ...*), en staðsetningin *undir vegg* (þröngt skilgreindur kjarni án nokkurra breytistærða) er aðeins notuð með frumlagi í þriðju persónu eintölu (*Par sat maður ...*, *Karl sat ...*).⁸⁴⁴ Að hluta til á þessi dreifing sér líklega bragfræðilega skýringu þar sem *Sat ég* er talsvert léttara en *Par sat maður* eða jafnvel *Karl sat*, og ef *Sat ég* væri haft ásamt hinu stutta *undir vegg* yrði línan of létt og stutt. Það segir þó ekki alla söguna, en eins og kemur fram í kafla 7 eru bragfræðilegar takmarkanir í þulum síðari alda mjög óverulegar og slík lína væri eigi að síður tæk. Einnig eru dæmi um að breytistærðirnar virðist skilyrða hver aðra án þess að bragfræði komi yfirleitt við sögu. Til að mynda er sögnin *sitja* notuð með öllum helstu staðsetningum í minninu: *undir vegg*, *sunnan undir vegg* og *undir stofuvegg*; sú fyrsta tengist fyrir sitt leyti frumlagi í þriðju persónu en tvær síðastnefndu frumlagi í fyrstu persónu. Sögnin *standa* er hins vegar aðeins notuð með staðsetningunni *undir stofuvegg* og þar með aðeins með frumlagi í fyrstu persónu eintölu: „Stóð jeg undir Stofu vegg“.⁸⁴⁵ Flest textadæmi um þetta stutta minni skiptast því í fjóra u.þ.b. jafnstóra hópa eins og sjá má í töflu 1:

Tafla 1

Fyrri línan	Frumlag	Sögn	Staðsetning
<i>Par sat maður undir vegg</i>	3. pers. et.	<i>sitja</i>	<i>undir vegg</i>
<i>Sat ég sunnan undir vegg</i>	1. pers. et.	<i>sitja</i>	<i>sunnan undir vegg</i>
<i>Sat ég undir stofuvegg</i>	1. pers. et.	<i>sitja</i>	<i>undir stofuvegg</i>
<i>Stóð ég undir stofuvegg</i>	1. pers. et.	<i>standa</i>	<i>undir stofuvegg</i>

Með tilliti til þess að ekkert af þessum tilbrigðum af fyrri línunni sker sig úr hópnunum – og að til eru fleiri tilbrigði sem lenda á milli þessara helstu – eru þau öll flokkuð saman hér sem eitt minni. Það er þó ekki fullvíst að sama gildi t.d. um textadæmin „Stóð eg vid stofuvegg“ og einkum „Stóð eg við stoð“⁸⁴⁶ (sjá aftar í þessum kafla). Þetta sýnir hversu fljótandi mörkin eru á milli tilbrigða við minni (þ.e. annarra gerða af sama minni) og sjálfstæðra minna.

⁸⁴² Í umræddu dæmi er sá sem situr lifandi vera og má því heita *gerandi* samkvæmt eftirfarandi rannsókn: Горбов [Gorbov], „Глаголы действия и состояния: Актантная структура и акциональная характеристика“ [Verknaðar-sagnir og ástandssagnir: rökformgerð og merkingarflokkar sagna], 160–164.

⁸⁴³ Staðsetningin getur jafnvel verið *undir stofuvegg föður míns*, en það er augljós samsláttur við minnið *Sat ég undir fiskihlaða* sem hefur vissulega margt sameiginlegt með minninu um að *sitja* undir stofuvegg.

⁸⁴⁴ Jafnvel í „Sá ég mann sitja, sunnan undir vegg“ (Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, vélritaðar uppskriftir, [1r]) er sá sem situr í 3. pers. et. (*maður*). A.m.k. ein undantekning er þó til, „Sat ég undir vegg“ (SÁM 85/123 EF (19453)).

⁸⁴⁵ Lbs 414 8vo, 115v; sbr. Lbs 587 4to IX, 61v og Lbs 2856 4to, 137r.

⁸⁴⁶ Lbs 2856 4to, 137r og DFS 67, 188r.

Það er sömuleiðis oft á gráu svæði hvort ákveðinn textahluti, sem endurtekur sig oft í þulum, er sjálfstætt minni eða hluti af öðru minni. Í beinu framhaldi af minninu um að *sitja(/standa) undir vegg* (sjá hér að framan) er jafnstuttur texti um að *kemba* eða *strjúka rautt* eða *gull(t) skegg*, en textinn er til í tveimur u.þ.b. jafnalgengum útgáfum: „var að kemba rautt skegg“ (eða þá „rubuskegg“) ⁸⁴⁷ og „strauk eg mitt gullskegg“ (eða *gult skegg*). ⁸⁴⁸ Þessar tvær útgáfur dreifast þannig að *var að kemba rautt skegg* kemur jafnan í framhaldi af staðsetningunni (*sunnan) undir vegg* en *strauk ég mitt gullskegg* í framhaldi af *Sat/Stóð ég undir stofuvegg*, sbr. töflu 2:

Tafla 2

Fyrri línan	Frumlag	Sögn	Staðsetning	Seinni línan
<i>Þar sat maður undir vegg</i>	3. pers. et.	<i>sitja</i>	<i>undir vegg</i>	<i>var að kemba rautt skegg</i>
<i>Sat ég sunnan undir vegg</i>	1. pers. et.	<i>sitja</i>	<i>sunnan undir vegg</i>	<i>var að kemba rautt skegg</i>
<i>Sat ég undir stofuvegg</i>	1. pers. et.	<i>sitja</i>	<i>undir stofuvegg</i>	<i>strauk ég mitt gullskegg</i>
<i>Stóð ég undir stofuvegg</i>	1. pers. et.	<i>standa</i>	<i>undir stofuvegg</i>	<i>strauk ég mitt gullskegg</i>

Hvorki það að *strjúka gullt skegg* eða *kemba rautt skegg* virðist koma fyrir í þulum síðari alda öðruvísi en á eftir minninu um að *sitja/standa undir (stofu)vegg* (eða *sunnan undir vegg*). Þar af leiðandi er ekki víst að hægt sé að flokka þessar tvær gerðir af seinni línu sem sjálfstætt minni (eða jafnvel tvö sjálfstæð minni, sbr. aftar í þessum kafla) þótt þær lýsi sjálfstæðri athöfn sem er ekki í sterkum merkingartengslum við það að *sitja* eða *standa undir vegg*. Af öðrum möguleikum þykja einkum tveir nothæfir. Sá fyrri er að halda því fram að hér séu á ferðinni *tvö samsett minni*, annars vegar að *sitja (sunnan) undir vegg* og *kemba rautt skegg* en hins vegar að *sitja/standa undir stofuvegg* og *strjúka gult skegg*. Helstu ókostirnir við þennan möguleika eru að annars vegar er ekki auðvelt að skipta tilbrigðunum í fyrri línunni upp í tvo flokka með afgerandi hætti, eins og komið hefur fram (þar sem *stofuveggur* er ekki eini mælikvarðinn, sögnin – *sitja* eða *standa* – og málfræðileg persóna skiptir einnig máli), en hins vegar að seinni línurnar eru mjög skyldar (báðar er hægt að umrita sem ‚meðhöndlaði + litur + skegg‘). Seinni – og einfaldari – möguleikinn er að flokka allt saman (þ.e. báðar línurnar í báðum útgáfum með öllum tilbrigðum) sem *eitt samsett minni*, eða samstæðuminni, sem sé þá til í tveimur helstu gerðum og talsverðum fjölda tilbrigða.

En jafnvel þótt allt – mismunandi gerðir, tilbrigði o.s.frv. – sé sett saman í eina stóra heild er næstskyldasta minnið sjaldan langt undan; mörk á milli minna sem einhver skyldleiki er á milli eru sjaldan skýr. Sem dæmi má taka þrjú textabrot:

(8-25a) Stóð eg undir Stofu vegg,
studdi míg víð gullskégg [...]

(8-25c) Stóð ég við stoð
studda eg mig við gullvegg [...]⁸⁴⁹

(8-25b) Stóð eg við stofu vegg
studdi eg mig við gullvegg [...]

⁸⁴⁷ Lbs 528 4to, 98r; Lbs 587 4to II, bls. 163; Lbs 587 4to III, 61r; „rubuskegg“: Lbs 587 4to I, bls. 20.

⁸⁴⁸ Lbs 587 4to III, 9v; Lbs 414 8vo, 115v („strauk eg um eitt gullskégg“); Lbs 424 8vo, 17r („strauk jeg mitt gult skegg“). Í eitt handritið vantar þetta tiltekna minni (Lbs 587 4to X, 8v).

⁸⁴⁹ (8-25a): Lbs 1124 8vo I, bls. 26; (8-25b): Lbs 2856 4to, 137r; (8-25c): DFS 67, 188r.

Af þessum þremur textabrotum stendur dæmi (8-25a) næst minninu um að *sitja undir (stofu)vegg*. Forsetningin í fyrri línunni er *undir* (frekar en *við*), en að *styðja sig við gullskegg* er miðja vegu milli *strjúka sitt gullskegg* og *styðja sig við gullvegg* (8-25c). Í næsta dæmi, (8-25b), munar bæði forsetningunni í fyrri línunni og orðinu *gullvegg* í þeirri seinni. Í (8-25c) er loks eitt af helstu lykilordum minnisins um að *sitja undir (stofu)vegg* horfið úr fyrri línunni (*stoð* er komið í staðinn fyrir *stofu-vegg*), og þar með stendur textinn nokkuð langt frá kjarna minnisins, þ.e. frá því að vera *undir vegg* (og *kemba/strjúka rautt/gull(t) skegg* ef þessi seinni lína er talin hluti minnisins). Seinni línan í (8-25c), að *styðja sig við gullvegg*, verður væntanlega að flokkast með *Stóð ég við/undir stoð/stofu-vegg* á sömu forsendum og það að meðhöndla skegg er flokkað sem hluti minnisins um að *sitja undir (stofu)vegg*, þ.e. þar sem það fyrirfinnst ekki sjálfstætt í þulum síðari alda. Með tilliti til þess ætti að vera æskilegt að flokka minnið um að *standa við vegg/stoð* og *styðja sig við gullveg* sem sjálfstætt minni; dæmi (8-25a) er þá einhvers konar millistig þar sem sjá má ákveðinn samruna tveggja minna í báðum línunum.

Þegar næsta samhengi textabrotanna þriggja er skoðað kemur hins vegar í ljós að framhald þeirra allra er hið sama og dæmigert framhald minnisins um að *sitja undir (stofu)vegg*. Öll þessi textabrot tilheyra sömu þulublokkinni (sjá kafla 8.3.1) þar sem þeir gegna hlutverki inngangsminnis. Þá ber þess að geta að öll textabrotin þrjú eiga ýmis einkenni sameiginleg með minninu um að *sitja undir (stofu)vegg*, m.a.:

- hrynjandi og rím: algengast er að í hvorri línu séu fjórir bragliðir: þrír réttir tvíliðir og einliður í fyrri línunni en tveir réttir tvíliðir og tveir einliðir í seinni línunni; endarím (einrím): *-egg (vegg : skegg eða stofuvegg : gullvegg)*, með einni undantekningu í dæmi (8-25c);
- setningagerð í báðum línunum:
 - fyrri línan: (atviksorð), sögn í fyrstu eða þriðju persónu eintölu þátíðar, persónufornafn / karlkyns nafnorð sem frumlag, (atviksorð), forsetning + nafnorð,
 - seinni línan: (persónufornafn sem frumlag) / (samtinging), sögn í fyrstu eða þriðju persónu eintölu þátíðar, (persónufornafn), (eignarforanafn) / (forsetning), lýsingarorð/nafnorðseinkunn, nafnorð í þolfalli eintölu;
- merkingargerð í fyrri línunni er afar svipuð því sem sjá má í minninu um að *sitja undir (stofu)vegg*, jafnvel í (8-25c) þar sem *stoð* er mannvirki líkt og (stofu)veggur.

Með tilliti til þessa alls er athugandi að skoða þessa texta sem enn eina – og fjarskyldari – gerð minnisins um að *sitja undir (stofu)vegg*. Annað svipað dæmi á gráu svæði er „Sat ég undir stofuvegg föður míns“, samruni minnanna um að *sitja undir (stofu)vegg* og *sitja undir fiskihlaða*, en framhald þessarar línu er líkt og venjulegt er hjá fyrnefnda minninu.⁸⁵⁰ Þessi dæmi sýna hversu fljótandi mörk á milli fyrirbæranna *tilbrigði*, *gerð*, *samsett minni* o.fl. eru.

⁸⁵⁰ Lbs 587 4to X, 8v. Framhaldið er: „Sá eg tólf hesta renna“.

8.2.3. Formúlur vs. minni

Ein leið til að greina línurnar í töflum 1–2 í kafla 8.2.2 er að líta á *sitja/standa undir (stofu)vegg* annars vegar en hins vegar *kemba rautt skegg, strjúka gullskegg* og *styðja sig við gullvegg* sem *sjálfstæð minni*; m.ö.o. að fyrri línun og seinni línun samsvari einu sjálfstæðu minni hvor. Þá þyrfti hins vegar að athuga hvað tengir þessi minni og heldur þeim saman. Af greiningunni hér að framan má sjá að hrynjandi, rím og setningargerð eru ekki aðeins sameiginleg fyrir mismunandi tilbrigði fyrri línunnar og seinni línunnar hvorrar í sínu lagi, heldur sameina þessir þættir einnig fyrri línuna og seinni línuna. Rímið tengir nánar til tekið með beinum hætti minnin um að *sitja/standa undir vegg* annars vegar og *kemba/strjúka skegg* eða *styðjast við vegg* hins vegar. Auk þess hafa öll þessi minni svipaða hrynjandi (sjá kafla 8.2.2) og setningarbyggingu (sögn + persónuformafn + nafnorð, með valkvæðum fornöfnum, forsetningum og atviksorðum). Samspil þessara tveggja minna og setningar- og bragfræðilegra þátta mætti því skilgreina sem *formúlu*⁸⁵¹ með breytistærðum, eða „auðum sætum“ (e. *open slot formula*) sem valkvæðu orðin fylla í samræmi við þær hömlur, eða bragfræðileg, setningafræðileg og/eða merkingarfræðileg skilyrði, sem tengjast þessum sætum.

Í kafla 7.6.2 var sýnt að engin bragfræðileg fyrirstaða er fyrir því að nota formúluhugtakið í umræðu um byggingu íslenskra þulna síðari alda. Ekki er heldur fólgin þversögn í því að tefla byggingareiningum eins og minnum og formúlum saman þar sem minni er einkum inntakseining (e. *content unit*) en formúla bæði inntakseining og formseining. Hún styður við miðlun tiltekinnar hefðbundinnar merkingar annars vegar og myndun bragfræðilega gildrar einingar, t.d. línu (e. *metrically well-formed line*), hins vegar, en saman mynda merkingin og línun gilda orðræðueiningu (e. *discourse unit*). Í þulum eru minni sem byggingareiningar einmitt á svipuðu plani og formúlur.⁸⁵² Þessar tvær tegundir af byggingareiningum þurfa ekki að útiloka hvor aðra; þvert á móti vinna þær oft ekki aðeins hlið við hlið heldur beinlínis saman, þ.á m. í dæminu með minnin um að *sitja/standa undir (stofu)vegg* annars vegar en hins vegar *kemba rautt skegg, strjúka gullskegg* og *styðja sig við gullvegg*, en formúlan tengir þau saman.

Formúlur í þulum síðari alda eru af mismunandi uppruna og gerð. Margar þeirra koma úr ballöðu-hefðinni, og þá líklega úr íslenskum sagnadönsum fremur en beint og milliliðalaust úr ballöðum frá meginlandshluta Norðurlanda.⁸⁵³ Þessar formúlur verða oft fyrir ýmsum bragfræðilegum breytingum á leið sinni yfir í íslenskar þulur (sbr. kafla 7.6.2), en efnislega eru þetta þó oftar en ekki sömu

⁸⁵¹ Skilgreining á formúlu eins og hún er notuð í þessari ritgerð var rædd í kafla 7.6.2; stutt skilgreining er sú að formúla í kveðskap er orðaeining (orðasamsetning eða samsett orð), fastmótuð eða sveigjanleg, sem hefur ákveðin þekktanleg bragfræðileg sérkenni og ber með sér greinanlega hefðbundna merkingu eða merkingartengsl.

⁸⁵² Minni hafa vissulega löngum verið túlkuð sem frekar stórar innihaldseiningar á hærra plani, ásamt þeim. Slíks eru meðal annars nýleg dæmi, sbr. Karl Reichl og Paul Kiparsky sem ræða um „comprehensive set of themes, i.e. of typical scenes and motifs“ (Reichl, „Formulas in Oral Epics: The Dynamics of Metre, Memory and Meaning,“ 42) og „themes, or motifs“ (Kiparsky, „Formulas and Themes,“ 157, sbr. 155). Sbr. hins vegar að Daniel Sävborg notar hugtökin *minni* og *formúlur* (sem birtingarmyndir minna í textum) í greiningu á Íslendinga sögum (Sävborg, „The Formula in the Icelandic Family Saga,“ 236). Í þulum eru minni þó ekki stórar eða fyrirferðarmiklar einingar, sbr. rök fyrir því í kafla 8.2.1.

⁸⁵³ Nákvæm athugun á formúlum, sem komu með ballöðuhefðinni frá meginlandshluta Norðurlanda, og formúlum sem hafa hugsanlega orðið til í íslenskum sagnadönsum (eða komu þangað annars staðar frá) hefur ekki verið gerð, þannig að hér verða ekki dregin mörk á milli þessara formúlutegunda. Sbr. umfjöllun í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*,“ 49–61.

formúlurnar.⁸⁵⁴ Aðrar formúlur, sem þulur fá að láni, finnast ekki aðeins í ballöðum heldur einnig í meginlandskveðskap sem er skyldur þulum, þ.e. *rim* og *remser* (*ramsor*); sbr. kafla 2.4.⁸⁵⁵ Slíkar formúlur virðast reyndar vera fremur fáar; einkum er þá um að ræða mjög almennar og opnar formúlur sem leyfa mikinn sveigjanleika og geta því aðlagast allmismunandi samhengi, bæði í ballöðum og skandinavískum romsum – og í íslenskum þulum.⁸⁵⁶ Sem dæmi má nefna formúlu, eða öllu heldur formúlusamstæðu, sem hverfist um rímið *land* : *sand* – ásamt fleiri rímorðum – og tengist ferðalögum í ballöðum (og jafnframt almennt því að vera á mörkum einhvers). Tengslin geta t.d. verið með þeim hætti að ein persóna siglir frá landi en önnur stendur eftir á sandi, eða á hinn veginn: „Rög<n>valdur stóð á sandi, // þar Þiðrik sigldi að landi“.⁸⁵⁷ Í skandinavískum romsum finnast formúlur úr þessari samstæðu í ýmsu samhengi, en sömuleiðis jafnan í tengslum við ferðalög eða við það að vera á mörkum einhvers. Það er einnig tilfellið í þulum þar sem formúlurnar birtast oft í svipuðu samhengi og í romsunum, t.d.: „sex eru á sandi, // sjö eru á landi“;⁸⁵⁸ „enn jeg að renna, // allt uppá land allt uppá Biskups sand“;⁸⁵⁹ en einnig sjálfstætt í öðru samhengi, sbr.: „vid saustum a landi og eckj a landi, // það var a midium Þiörsár sandi“.⁸⁶⁰ Síðastnefndi textinn er eitt af hinum mörgu dæmum um ástand á mörkum einhvers; auk þess eru þeir sem hér talast við báðir á ferðalagi.

Stærsti hópur aðfluttra formúlna eru þó þær sem virðast koma beint úr skandinavískum romskveðskap og eru einkennandi fyrir hann, þótt þær hafi í einhverjum tilfellum orðið fyrir áhrifum frá formúlum úr ballöðum. Sumar af þessum formúlum hafa tekið talsverðum breytingum á leið sinni frá romsum á meginlandshluta Norðurlanda yfir í íslenskar þulur. Breytingarnar geta þá verið bæði bragfræðilegar og efnislegar, einkum ef formúla flyst ein – frekar en innan romsunnar eða romsanna sem hún tilheyrir á meginlandinu – og öðlast nýtt samhengi í þulum síðari alda. Aðrar formúlur koma yfir í þulur nærri óbreyttar, bæði bragfræðilega og efnislega.⁸⁶¹ Dæmi um romsuformúlu sem þurfti að taka talsverðum breytingum er í línunum „So kom eg til ei kjerling // som stod og reidde velling“ (eða sambærilegt).⁸⁶² Þetta er algeng formúla alls staðar á Norðurlöndunum, en í íslenskum þulum varð helsta birtingarmynd hennar á þessa leið: *Kom ég þar að kveldi // sem kerling sat að*

⁸⁵⁴ Nokkrar undantekningar og ástæður fyrir þeim eru ræddar í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 52, m.a. dæmi (1e) og (1f) þar.

⁸⁵⁵ Sjá skilgreiningu og umfjöllun í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the North Atlantic“, 100–101.

⁸⁵⁶ Þessi formúlusamstæða er m.a. til umræðu í væntanlegri grein: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Poetic Formulae in Icelandic Post-Medieval þulur: Transatlantic Migration“.

⁸⁵⁷ Sjá *Íslensk fornkvæði*, 1: 81.

⁸⁵⁸ AM 247 8vo, 6r, sbr. hliðstætt norskt dæmi: „og seks i Sanda, // og sju i Landa“ (*Norske barnerim og leikar*, 16 (nr. 79)).

⁸⁵⁹ Lbs 421 8vo, 36v, sbr. „So strauk eg aat eit anna land, // der mätte meg ein prestemann“ (*Norske barnerim og leikar*, 41 (nr. 275)). Svipuð formúla með rímið *land* : *strand* er í öðrum romsum, t.d.: „Uppe i land // og ned i strand // sto ei liti kann“ (s.r., 18 (nr. 97); sbr. *Svenska barnvisor och barnrim*, 84 (nr. 138)). Á íslensku má tengja við þessi dæmi línurnar: „jeg tók að renna // út um löndin að biskups ströndu[m]“ (Lbs 424 8vo, 16r). Sjá nánari greiningu á þessum formúluhóp í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic“, 141–143; sama, „Poetic Formulae in Icelandic Post-Medieval þulur“.

⁸⁶⁰ AM 148 8vo, 253r skv. blaðmerkingu handritsins.

⁸⁶¹ Sjá nánar kafla 7.6.2; sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic“, 141–151; sama, „Poetic Formulae in Icelandic Post-Medieval þulur“.

⁸⁶² *Norske barnerim og leikar*, 41 (nr. 275), sbr. *Danske Børnerim, Remser og Lege*, 50 (nr. 483), *Svenska barnvisor och barnrim*, 65 (nr. 89B). Sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic“, 145–151.

eldi.⁸⁶³ Líklega kom munur á tungumálum, sem formúlan ferðaðist á milli, í veg fyrir það að upp-runalega rímið væri notað – en nýja rímið hafði í för með sér merkingarbreytingu. Dæmi um formúlu sem kom nærri óbreytt er hins vegar ‚Þar sitja(/situr) N / S gull-O‘ þar sem *N* er nafnorð yfir einhvern mannahóp (*systur*, *nunnur*, *sveinar* o.s.frv.), *S* er tvíkvætt sagnorð í merkingunni ‚þrifa‘ eða ‚smíða‘ (í íslensku formúlunni er *skafa* langalgengast) en *O* er annað 2–3 atkvæða nafnorð sem rímar við *N* og táknar hluti sem hægt er að smíða eða þrifa (sbr. dæmi (8-49) í 8.3.2.3). T.a.m.: ‚þar sitja sveinar // og skafa gullteina‘, sbr. ‚Der sit sveinanne // smidar paa gullteinanne‘.⁸⁶⁴ Helsti munurinn á formúlum úr ballöðum og romsum í tengslum við slíkar breytingar er sá að í ballöduformúlum varðveitist bragfræðileg uppistaða – þ.e. rím – gjarnan óbreytt, jafnvel við flutning milli landa og kvæðagreina, en í romsformúlum er einkum reynt að halda merkingunni óbreyttri, og sömuleiðis tengslum formúlunnar við nærliggjandi texta.

Innlendar formúlur virðast einnig vera til staðar í þulum síðari alda; þær koma einkum úr öðrum kveðskapargreinum, t.d. keðjukvæðum, langlokum og barnagælum, og sömuleiðis úr leikjum, en það sýnir tengsl þessara kvæðagreina í munnlegri geymd (sbr. kafla 6.1). Sem dæmi má nefna formúluna *fisk–disk* sem í þulum hefur birtingarmyndir á borð við: ‚þar kom innar diskur —, // var á smér og fiskur‘.⁸⁶⁵ Slíkar formúlur eru sjaldan í ríkulega bundnu máli og breytast venjulega ekki mikið í þulum, hvorki bragfræðilega né hvað merkingu snertir (minna t.d. en formúlur úr sagnadönsum). Sumar formúlur – reyndar fáar – virðast eiga sér uppruna í þulunum sjálfum, t.d. formúlan ‚St S X₁-gerður E₁, // önnur kona X₂-gerður E₂‘ í *Þórmaldarþulu* (sbr. dæmi (Id6-a) í Viðauka Id.6). Þar er *St* staðsetning (eins til tveggja atkvæða atviksorð, oftast *inn(i)* eða *út(i)*); *S* er eins til tveggja atkvæða sagnorð í nútíð eða þátíð, 3. pers. (*situr*, *ríður* o.s.frv.); *X* er fyrri partur nafna eins og Arngerður, Hallgerður, Valgerður. Loks er *E* viðurnefni konunnar, venjulega tvíkvætt (*E₁* og *E₂* ríma oftast en ekki).

Formúlur í íslenskum þulum eru afar mismunandi. Þær geta verið fremur fastmótaðar (næstum því orðréttar endurtekningar), líkt og *Kom ég þar að kveldi* þar sem helstu tilbrigðin eru fólgin í forsetningu eða orðaröð. Þær geta þó einnig verið lauslegar samsettar og byggst á sterku rími (sjaldnar öðrum bragfræðilegum þáttum) og á hugmynd um merkingu sem getur verið afar almenn, eins og í tilfelli *land–sand* formúlna – en þó ekki svo almenn að bragfræðilegi þátturinn hafi náð yfirhöndinni og formúlan breyst í bragfræðilega formúlu eingöngu.⁸⁶⁶ Parformúlur eru einnig algengar í þulum, einkum í nafnaupptalningum.⁸⁶⁷

⁸⁶³ Sjá dæmi (8-55a) og (Ic1-c); sbr. tilbrigði í (8-46), (Ic3-c) (ásamt Lbs 587 4to II, bls. 164 („[...] bles að eldi“) o.fl.

⁸⁶⁴ Lbs 418 8vo, 31r og *Norske barnerim og leikar*, 38–39 (nr. 264). Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic,“ 143–145.

⁸⁶⁵ DFS 67, 428r, sbr. SÁM 30b, 400v; sbr. samsvarandi formúlur í þulukvæðum: „Eg skal gefa þér einn fisk // og allt upp á einn disk“ (*ÍGSVP*, 4: 298–299, *Komdu til mín fyrsta kvöldið jóla*), barnagælum: „sækja okkur fiskinn, // sjóða hann á diskinn“ (*ÍGSVP*, 4: 263, *Við skulum róa rambinn*) og leikjum: „Legðu saltan laxfisk // upp á biskupsdisk“ (*ÍGSVP*, 2: 195).

⁸⁶⁶ Sbr. t.d. Foley, „A Computer Analysis of Metrical Patterns in *Beowulf*,“ 71 og de Cornulier, „Minimal Chronometric Forms,“ 128–129.

⁸⁶⁷ T.d. *Dúfa og Dalla* í DFS 67, 285v, sbr. s. hdr. 417r (fyrri nafnið er „Dúða“) eða AM 247 8vo, 6v („Dúðra“); *Geita og hún Grána* í AM 960 IX 4to, 2r; sbr. AM 247 8vo, 6v ásamt AM 969 4to, 48r og AM 960 XIII 4to, 1r (*Geit* í öllum þessum þremur handritum), DFS 67, 285v („Géta“); *Ýla og hún Ála* í AM 960 XIII 4to, 1r, sbr. DFS 67, 285v o.fl.

Formúlur eru því útbreiddar í þulum og gagnlegar frá sjónarmiði þulubyggingar þar sem þær verka oft þvert á aðrar byggingareiningar og tengja saman smærri einingar (heiti og/eða minni). Formúlur sem fyrirfram tilbúnar einingar auðvelda flutning og eru því einnig gagnlegar frá sjónarhóli hans. Eigi að síður er varla hægt að kalla þulur formúlukveðskap – í þeirri merkingu að formúlur liggi til grundvallar þulubyggingu – vegna þess að formúlur eru ekki gegnumgangandi í þulum og net þeirra er ekki þétt. Hér þykir það réttara mat að þær myndi hliðskipað kerfi meðfram öðrum byggingareiningum, þ.e. heitum, minnum og blokkum, sem gegna hlutverki megineininga í byggingu þulna.

8.2.4. Útbreiddustu minnin og hlutverk þeirra í heimsmynd í þulum síðari alda

Hópur þeirra minna sem eru útbreiddust og mest endurtekin,⁸⁶⁸ bæði í mismunandi blokkum í þulum síðari alda og utan blokkanna – sem og utan þulna – hefur jafnframt afar almennt innihald. Það er ekki nema eðlilegt þar sem þessi minni eru oft notuð í mismunandi frásögnum um ólík málefni og þurfa jafnframt að geta uppfyllt kröfur mismunandi munnennta- og jafnvel bókmenntagreina. Hér eru fáein dæmi um slík minni, og er hvert og eitt þeirra aðeins tilfært í einu eða örfáum algengustu tilbrigðum (en tilbrigðin eru jafnan talsvert fleiri):

- að sitja úti, t.d. við hús (þulumælandi situr t.a.m. við fiskihlaða eða stofuvegg: „Sat eg undir fiskahlaða föðurs míns“ eða „Sat eg undir stofuvegg“);⁸⁶⁹
- að líta upp til himna – og fylgja svo því sem maður sér á himnum („leit eg upp til himna“);⁸⁷⁰
- hjón sofa, börn leika sér (sbr. „Vel sofa hjónin bæði, // undir bláum veftar þræði“ og „barna kornin leika s[e]r // og það er þeirra æði“),⁸⁷¹ en þessi minni má einnig finna í sagnadönsum og barnavísu;⁸⁷²
- að taka til máls og fara að borða, en þessi tvö minni fara oft en ekki saman í þulum (sbr. „Karl tók til orða, // sagði mál að borða“);⁸⁷³ hvort tveggja er títt í sagnadönsum, sbr. (7-41a);
- að ganga til kirkju (t.d. „konan gekk í kirkju“ eða „kona kom ad kirkiudýrum“),⁸⁷⁴ einnig algengt minni í sagnadönsum;⁸⁷⁵
- að fara upp á fjall; sömuleiðis að vera uppi á fjalli og að koma ofan af fjalli, en þetta eru aðskilin minni í mismunandi blokkum og frásögnum („þar með fór hann uppá fjall“, sbr. „5 á fjalli // fífil

⁸⁶⁸ Hér voru um eitt hundrað slík minni athuguð.

⁸⁶⁹ AM 247 8vo, 6r og Lbs 424 8vo, 17r; sbr. „Úti situr hun Hallgerdur hlúnka“ í Þórnaldarþulu (Lbs 318 8vo, bls. 75). Að sitja úti – og afla sér fróðleiks – er algengt minni í íslenskum fornþóknemntum, m.a. eddukvæðum (sbr. Vqluspá); minnið í þulum síðari alda tengist e.t.v. fornþóknemntamininu eða vísar í það. Um minnið „Sat ég undir stofuvegg“ sjá 8.2.2.

⁸⁷⁰ Lbs 424 8vo, 17r. Að fylgja því sem maður sér á himni – e.t.v. í háflgerðri leiðslu – er ekki óalgengt minni, t.d. í Njálu eða Sturlungu, og tengist ósjaldan bundnu eða lauslega bundnu máli, t.d. kviðlingum eða vísu sem ort (heyrð) eru í draumi eða upp úr draumi, eins og „Ek reið hesti // helvg barða“ (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A 1: 431; sjá samhengi í: *Brennu-Njáls saga*, 321).

⁸⁷¹ Lbs 414 8vo, 125r (allt að því orðabil er á milli sumra stafanna, þannig eiginlega „kor n in“).

⁸⁷² Sbr. t.d. *ÍGSVP*, 3: 98 („Þórhildardans“) og *ÍGSVP*, 4: 261 (*Litlu börnin leika sér*).

⁸⁷³ Lbs 418 8vo, 30r.

⁸⁷⁴ Lbs 587 4to I, bls. 125 (sbr. AM 247 8vo, 5r); JS 289 8vo I, 29r, sbr. Lbs 587 4to I, bls. 35 ásamt Lbs 587 4to IX, 60r („kona gekk fyrir kirkju dyr“) og Lbs 422 8vo, 57v.

⁸⁷⁵ Sbr. *Íslenzk fornkvæði*, 1: 3, 3: 108, 157 og 246, 5: 24, 6: 82 og víðar.

að grafa“ og „Hjer koma kyr ockar karls míns // ofan af fjalli“);⁸⁷⁶ þetta minni og önnur svipuð má finna í ýmsum kvæðum, þ.á m. í Grýlukvæði;⁸⁷⁷

- að ríða á skóg, fjöll, lönd o.s.frv (og eins að vera í skógi o.s.frv.), sbr. „Helga bredda reið í skóg“ (og „allar voru í skógnum nema kerlingin eina“),⁸⁷⁸ en minnið er bæði í viðlögum og kvæðum, t.d. vikivakavæði;⁸⁷⁹ o.s.frv.

Þessi og fleiri minni sýna að innihald hinna útbreiddustu minna í íslenskum þulum síðari alda tengist oft búskaparstörfum og hversdagslegum sveitaveruleika (í um fimmtungi tilfella). Slíkt er íhugunarvert þar sem minni, sem hér eru til umræðu, eru meðal þeirra minna sem hafa mest tengsl við aðrar munnmenntagreinar, þar á meðal útlendar kvæðagreinar. Dagleg (sveita)störf eru vissulega sammannleg reynsla upp að vissu marki en geta þó verið nokkuð mismunandi og fara m.a. eftir loftslagi og nálægð við sjóinn. Athugun á helstu minnum sem tengjast sveitastörfum í íslenskum þulum sýnir hins vegar að í þeim er fátt svo staðbundið að það geti ekki átt við t.d. víðar á Norðurlöndum. Sem dæmi um það má taka þuluna *Táta, Táta*, en þar er einmitt upptalning á störfum með talsverðum tilbrigðum, sbr. dæmi (8-52) og einkum (8-26a–c) þar sem störfín eru undirstrikuð (en staðsetning, sem verður komið að seinna, skáletruð):

(8-26a) [...] tvær malt mala,
tvær mjöl selja,
sex eru á sandi
sjö eru á landi,
átta í eyum
eld að kindu,
nú í nesi
naut að geima,
tú í túni
en tuttugu heima [...]

(8-26b) [...] ein er í búri
borð að reisa,
tvær í helju,
þrjár matseljur,
fjórar korn mala,
fimm á fjalli
fífil að grafa [...]

(8-26c) [...] fjórar í fjöru
fiskinn að slægja;
fimm eru á fjalli
fuglana að veiða [...]⁸⁸⁰

Þessi upptalning virðist endurspeglar íslenskar aðstæður, en þessi sömu eða mjög svipuð störf hafa þó einnig verið unnin víða í Norður-Evrópu. Svipaðir textar og *Táta, Táta* eru sömuleiðis til víðar á Norðurlöndum; íslenska þulan er t.d. skyld norskum og sænskum romsum um dætur eða systur Þóru eða Tátu (*Tora, Tori, Taate*) og færeysku *skjaldri* (sjá kafla 2.4) sem telur upp dætur Tífls (*Tífls*

⁸⁷⁶ Lbs 587 4to II, bls. 180[B] (eða 1v í tvinni sem er skotið inn á milli bls. 180 og 181; hann er merktur *ad pag. 108* – trúlega er átt við bls. 108 í Lbs 587 4to I – en síðar með blýanti 180); Lbs 418 8vo, 32v; Lbs 414 8vo, 120r.

⁸⁷⁷ Sbr. upphaf eins elsta og algengasta Grýlukvæðisins: „Hier er kominn Grýla, hun giæjist vmm hól“ (Parsons, „Grýla in Sléttuhlið“, 219, eftir AM 147 8vo, 118v). Einnig eru ýmsar vísur um Grýlu í fjöllum og hólum, þ.á m.: *Grýla fór á fjöll og bjó* (SÁM 92/3226 EF, nr. 29418) eða *Hún er úti í hólunum* (eða ... *uppi í hólunum*) (ÞP 6833, 1r; ÞP 6598, 1r).

⁸⁷⁸ Lbs 418 8vo, 32r; Lbs 414 8vo, 120v.

⁸⁷⁹ *Kvæði og dansleikir*, 2: 161; *ÍGSVP*, 3: 237, sbr. 319.

⁸⁸⁰ (8-26a): AM 247 8vo, 6r; (8-26b,c): DFS 67, 250v og 416r. Fleiri tilbrigði (störfín eru undirstrikuð, staðsetning skáletruð): „tvær mallt melja // þrjár Salld selja“ (Lbs 414 8vo, 102v); „Fjórar í Fjósi // Flór að moka“ (Lbs 421 8vo, 33v); „4 í fjöru // föru til sölfu“ (DFS 67, 279r); „fjórar í fjósi // fötuna að toga“ (Lbs 587 4to I, bls. 131; sbr. Lbs 587 4to II, bls. 157 og 173 og Lbs 587 4to III, 60r–60v); „5 á fjalli // fífu að taka“ (Lbs 587 4to II, bls. 101); „10 í túni // torf að hlaða“ (s.hdr., bls. 173; sbr.: Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 10: Katrín Dóra Valdimarsdóttir, [1r]: „[...] torf að rista“) o.s.frv.

døtur). Í erlendum hliðstæðum þulunnar *Táta*, *Táta* er reyndar minna um sveitastörf, en þó segir m.a. „tvá i lidre malte mala“ og „tvá locka jettena hejm“ í sænsku romsunni.⁸⁸¹ Þulur virðast hins vegar forðast minni um störf sem eru Íslendingum meira framandi. Minnið um að koma geitum heim (eins og nefnt er í sænsku romsunni) er t.d. ekki í íslenskum þulum og að því er virðist heldur ekki í færeyskum *skjaldrum*, en geitabúskapur hefur verið óverulegur í báðum löndum miðað við meginlandið. Í þulum síðari alda, þar sem vísað er til sveitastarfa, er með öðrum orðum ýmislegt sem bendir til svipaðs veruleika og íslenskir bændur eiga að venjast;⁸⁸² fátt er séríslenskt en lítið sem ekkert bendir til þess að ekki væri um íslenskan veruleika að ræða.

Staðsetningarminni eru einnig mörg í íslensku þulunni *Táta*, *Táta* og eru jafnvel ráðandi í erlendum hliðstæðum hennar,⁸⁸³ en staðsetning er oft ein af mikilvægum breytistærðum í minnum, líkt og nefnt var hér að framan (sjá kafla 8.2.1–8.2.2), eða jafnvel helsta innihald þeirra. Út frá staðsetningum, sem koma fram í útbreiddustu minnunum einum saman, er þegar hægt að draga upp mynd af heimi þar sem atburðirnir sem minnin lýsa eiga sér stað. Í slíkum minnum eru nefnd tún og teigar (sbr. *ríða heim til túna* eða *hlaupa út um teigana*),⁸⁸⁴ berjamór og mýri,⁸⁸⁵ síðan á og dalur (sbr. *fara/ætla yfir um á* og *horfa/líta ofan í dalinn*),⁸⁸⁶ fjall, hlíð og skógur (sbr. *fara upp á fjall/lönd*, *slá og raka ljá* og *ríða á skóg*),⁸⁸⁷ hóll og slakki (sbr. *ganga upp á hólinn* og *ríða út í slakka*);⁸⁸⁸ m.ö.o. algengt landslag til sveita. Ekki er heldur langt til sjávar, en fleiri staðsetningar sem koma fram eru strandir, fjara, vík, sjór og haf (sbr. *koma [...] frá löndunum, ströndunum*; að kalla *milli fjöru og fjalla* o.s.frv.);⁸⁸⁹ þá eru eyjar og önnur lönd (sbr. *fara út í eyjar og telja meyar*; og *leiðir hana á önnur lönd*),⁸⁹⁰ en þessum síðastnefndu er reyndar ekki lýst miklu nánar, þeim bregður aðeins fyrir í minnum um stúlkur (sjá aftar í þessum kafla) en þar renna önnur lönd saman í hálfævintýralega móðu. Þá er bæði himinn og himnaríki til staðar í þessum útbreiddustu þuluminn-um, en sömuleiðis án nánari lýsingar – nema í blokkinni *Draumur*, en þar kemur fram að himinninn

⁸⁸¹ *Finlands svenska folkdiktning*, 8: 13 (nr. 16). Norsku romsurnar: *Norske barnerim og leikar*, 15–16 (nr. 78–79); *Gamalt or Sætesdal*, 3: 231 (nr. 38). Sbr. *skjaldur: Skjaldur, rímur og ramsur*, 172–174 (Skja 102.1–102.5).

⁸⁸² Sjá nánar: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar á tímamótum: *Pornaldarþula* og *Grettisfersla*“, 82–85.

⁸⁸³ T.d. „seks på Lanna, // seks på Stranna, // nie i Nidredal, // toll på Dovrefjodd“ (*Gamalt or Sætesdal*, 3: 231 (nr. 38)).

⁸⁸⁴ T.d. „og reið heim til túna“ (Lbs 587 4to I, bls. 16) og „hleypur hún útum teigana“ í stúlkuþulu (AM 960 IX 4to, 4r; sbr. Lbs 587 4to II, bls. 6).

⁸⁸⁵ Sbr. minnið um dýrin í túni eða í mýri: „úti liggur tikinn i túninu // kirinn i mirinni“ (Lbs 587 4to III, 41v); einnig í þuluflokkunum *Lambið beit í fíngur minn*: „Tutt^a út úr túni // Trít^b eptir mýri“ (Lbs 587 4to III, 9r).

⁸⁸⁶ T.d. „Karl óð yfir á“ (Lbs 418 8vo, 31v; sbr. Lbs 414 8vo, 120r) og „Stód eg upp á hólnum // horfdi ek ofan i dalinn“ (JS 289 8vo I, 28r).

⁸⁸⁷ Sbr. t.d. „þar með fór h[a]nn upp á fjall“ (Lbs 587 4to II, bls. 100) og kýr karls/kerlingar sem „koma ofann af fjallinu“ (Lbs 414 8vo, 111v; sbr. Lbs 424 8vo, 27r og víðar); „Krumminn i hliðinni, // hann er að slá“ (Lbs 587 4to III, 13v); „Helga bredda reið i skóg“ (Lbs 418 8vo, 32r; sbr. Lbs 587 4to III, 12r).

⁸⁸⁸ T.d. „fór jeg uppá hólinn“ (Lbs 414 8vo, 108r, sbr. JS 289 8vo I, 28r); „tók hann þennan blakka, // reið honum út i slakka“ (Lbs 587 4to III, 61r; sbr. JS 289 8vo I, 35v).

⁸⁸⁹ Sbr. „koma af löndunum-söndunum“ (Lbs 587 4to I, bls. 125); „milli fjöru og fjalla“ (Lbs 587 4to III, 1r; Lbs 587 4to II, bls. 89; sbr. Lbs 421 8vo, 34v); „Reið eg hið sprakkasta // Allt ofan að síó“ (Lbs 587 4to X, 8v); „Fór eg ofan til sjávar“ (Lbs 587 4to I, bls. 134); „lángt útá sjó“ (Lbs 587 4to IX, 42v); „Stúlkurnar ganga sunnan með sjó“ (Lbs 587 4to II, bls. 143) o.s.frv.; „heirdi eg i hafi út // að kvalur beljadi“ (Lbs 587 4to III, 41r) o.fl.; *vík* er í SÁM 30b, 401r og víðar.

⁸⁹⁰ T.a.m. „hann fór útum eyjar // að svæfa allar meyar“ (Lbs 418 8vo, 30r); „taka sína brúði i hönd, // og leiða hana á önnur lönd“ (AM 969 4to, 48v) o.fl. þess háttar.

sé „mjög ljós“, á honum séu „heiðar stjórnur“ o.fl.⁸⁹¹ Af ofangreindum lýsingum á landinu, þar sem flest í útbreiddustu þuluminnunum virðist eiga sér stað, má álykta að landslagið sé ekki endilega íslenskt (um það bil það eina sem er áberandi íslenskt í þessum útbreiddustu og almennustu minnum er *alþingi*)⁸⁹² en að það sé líklegt til að vera það, og varla sé nokkuð í lýsingunni sem stingi klárlega í stúf við íslenskan veruleika.

Sama gildir um sérnöfn, einkum staðarnöfn sem koma fram í ýmsum þuluminnum, en stærsti hópur staðarnafna í þulutextum eru þau sem finnast bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum (a.m.k. einu af hinum Norðurlöndunum), eða tæplega helmingur; t.d. *Breiðavað*, *Grindavík*, *Haukadalur* eða *Helgafell*.⁸⁹³ Þau staðarnöfn sem virðast standa nær því að vera séríslensk (t.d. *Rangárvellir* og *Ingólfshöfði*, *Jökull* – um Snæfellsjökul – og *Skagafjörður*)⁸⁹⁴ eru talsvert færri, eða tæplega þriðjungur.⁸⁹⁵ Örfá nöfn vísa til staða í útlöndum (sjá kafla 8.1.2). Þá hefur minnihluti nafna í þulutextunum takmarkaða samsvörun í raunheimi, t.d. *Ormagarður*, *Hvanngarðar* eða *Húnatorg* (þ.e.a.s. ef orðin eru túlkuð sem staðarheiti).⁸⁹⁶

Enn fremur lýsa staðsetningarminni og staðsetningarbreytur í útbreiddustu þuluminnum hífylum manna, þótt þau séu sjaldnar nefnd en landslagið. Meðal þess sem kemur þar fram – beint eða óbeint – eru eldstæði (þar sem kerling situr *að eldi*),⁸⁹⁷ eldhús, hilla, pallur og sæng;⁸⁹⁸ sömuleiðis ýmsir afkimar.⁸⁹⁹ Útihús koma við sögu, t.d. þarf að *moka fjós*,⁹⁰⁰ einhver stendur í bási⁹⁰¹ o.s.frv. Mannabústaðir í heild sinni, ásamt útihúsum, eru táknaðir með hinu almenna orði *hús* (sjaldnar *bær*).⁹⁰² Þá eru kirkjur nefndar nokkrum sinnum (sjá fremst í þessum kafla) og oft bátur og skip⁹⁰³ –

⁸⁹¹ Lbs 587 4to IV, 2r (sbr. nánar í Viðauka Ib.10). Að öðru leyti sjá „og lauk upp Himnaríki“ í lok þulutexta (Lbs 587 4to II, bls. 149) eða „Leit jeg upp til himna“ í upphafi annars (Lbs 414 8vo, 115v).

⁸⁹² Lbs 587 4to III, 42v.

⁸⁹³ *Breiðavað*: Lbs 414 8vo, acc mat 8r (fyrra innskotsblaðið á milli bls. 170 og 171 skv. blaðsíðutali handritsins). *Grindavík*: SÁM 30b, 401r; SÁM 32, 137r. *Haukadalur*: AM 960 XIII 4to, 1v; Lbs 414 8vo, 104v; SÁM 30b, 387v o.fl. *Helgafell*: AM 969 4to, 47r; Lbs 587 4to I, bls. 50; JS 511 8vo, bls. 17; SÁM 30b, 395r o.fl.

⁸⁹⁴ *Rangárvellir*: AM 960 XIII 4to, 1v (*Ingólfshöfði* er einnig hér) og Lbs 414 8vo, 104v; *Jökull*: Lbs 587 4to II, bls. 73 og SÁM 30a, 116v o.fl. heimildir; *Skagafjörður*: DFS 67, 428r, 447r o.fl. heimildir.

⁸⁹⁵ Bæjanöfnin úr *Norðarlega eru Nauthús* eru hér ekki talin með, en þessi textaflokkur er nálægt mörkum þess að vera þulur og bæjanafnavísur (sbr. Viðauka Ib.11). Hefðu nöfnin verið talin með væri hlutfall alíslenskra staðarnafna nokkuð hærra þar sem textaflokkurinn er sagður að vera upptalning á bæjanöfnum undir Eyjafjöllum (sbr. t.d. SÁM 30a, 182r).

⁸⁹⁶ *Ormagarður* er m.a. í AM 277 8vo, 32v, *Hvanngarðar* í AM 969 4to, 46r („um Hvanngarði“), DFS 67, 285v o.fl. heimildum en *Húnatorg* í DFS 67, 408r. Um þessi nöfn sem önnur gildir að oft er erfitt að segja til um hvort um er að ræða samnafn eða staðarnafn, en af stórum eða litlum staf má aðeins hafa takmarkaðan stuðning.

⁸⁹⁷ Sbr. „Kom jeg þar að kvöldi, // sem Kerling sat að eldi“ Lbs 587 4to IX, 40v (sbr. AM 960 IX 4to, 7r o.fl. handrit).

⁸⁹⁸ T.d. „Poki farðu innarí Eldhús“ (Lbs 414 8vo, 124r); „Hvar er hún Matselja þín? // hún er framm í Eldhúsi“ (Lbs 421 8vo, 36r); „skoppa framm í eldhús“ (JS 507 8vo, bls. 35). „Prestur sat á hillu“ (DFS 67, 258r og víðar). „Mum[p]ur situr á palli“ (JS 289 8vo I, 28v), sbr. og minnið um matselju þar sem mun nánari lýsing er gefin: „Hvar er hún Matselja þín? // hún situr inná Baðstofu palli // spennir fót uppí Rót // annan niður á [F]jala mót“ (Lbs 421 8vo, 37v). „Kerling liggur í sinni sæng“ (AM 960 IX 4to, 7r).

⁸⁹⁹ „Loki varð mjög feginn þá // hann skrapp í hverja krá“ (AM 960 IX 4to, 7r); sbr. einnig „Húsbóndin varð svo fegin þá // að hann skrappi hverja skrá“ (Lbs 421 8vo, 36r) og jafnvel „Poki varð svo féyginn þá // að <hann> st[ö]kk í hurðar skrá“ (Lbs 414 8vo, 124r; st[ö]kk er undirstrikað og „skrapp“ skrifað fyrir ofan).

⁹⁰⁰ Sbr. „moka fjós“ (JS 507 8vo, bls. 35); „fara í fjós“ (SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–30 (ljósrit), [7v] og (II) 1970–1971 (græn stílabók), [9v]).

⁹⁰¹ „Sveinn karl í bás // átti hvíta kú“ (DFS 67, 426r); „Jón bóndi stóð í bás // og hjelt í eyra á kú“ (Lbs 418 8vo, 32r).

⁹⁰² Sjá t.d. „hundrad á húsabaki“ (Lbs 414 8vo, 102v; sbr. Lbs 421 8vo, 34r; Lbs 587 4to II, bls. 101 og 173 og víðar); „hún ljest kunna að moka hús“ (Lbs 587 4to I, bls. 12; sbr. Lbs 587 4to II, bls. 89, einnig Lbs 587 4to III, 10v og 61v); „betur kunni Hús að moka“ (Lbs 414 8vo, 124r, sbr. Lbs 587 4to II, bls. 89 og Lbs 587 4to III, 44r); einnig *hesthús*

eins og við má búast í kveðskap þjóðar sem er talsvert háð siglingum. Mynd sem hægt er að draga upp út frá bæði samnöfnum og sérnöfnum rímar því vel við lýsingu á daglegu lífi og sveitastörfum þar sem vísað er til veruleika sem er líkur þeim íslenska en ekki fastbundinn við hann og gæti eins verið annars staðar í Norður-Evrópu.

Þá tengist innihald algengustu minnanna í þulum síðari alda *stúlkum og konum* næstum því jafn oft og sveitastörfum – en samskipti kynjanna eru sammannleg reynsla og minni sem þeim tengjast eru því líklegri til að vera altæk en minni um búskaparstörf. Eftirtektarvert er hins vegar að á stúlkuminnunum er oft framandi blær, nokkuð riddaralegur eða ævintýrlegur, og talað er um heim fjarlæggra og framandi landa, sbr. skáletraðan texta í (8-27):

(8-27) [...] þó braka þeir mest,
sem brúðir hafa sjer nýfest,
taka sína brúði í hönd,
og leiða hana á önnur lönd,
hún vill ekki gánga nema á *gullspaungum*,
hún vill ekki sita nema á *Silfurstóli*,
hún vill ekki liggja nema á *línkodda*,

hún vill ekki drekka nema *vín* væri,
og *Riddarinn* hennar bæri,
Silkis hennar sokkaband,
sjálfur má hann leísa,
leísi sá sem leísa kann,
og það er hann úngi *Hofmann* [...] ⁹⁰⁴

Með öðrum orðum eiga stúlkuminni og minni um sveitastörf sjaldan samleið, en almennt er fátt ævintýrlegt eða framandi við sveitalíf og búskaparstörf eins og þeim er lýst í útbreiddustu minnunum (eða yfirleitt í þulum síðari alda). Slíkt kann að benda til þess að safn minna um fagrar stúlkur með ríkulegt skart, sem eru sumar hverjar á leið til fjarlæggra landa, eigi sér hugsanlega annan uppruna – að öllu leyti eða að hluta til – en minnasafnið í þulum þar sem frekar er lýst hversdagslífinu (sjá nánar um stúlkupulur Viðauka Id.7 og Ie).

Í þulum þar sem hversdagsleikanum er lýst eru hins vegar konur og kerlingar mun meira áberandi og þá jafnan í þröngu rými, t.d. í kofa eða í búri, í dyrum, í sæng o.s.frv.: „konann min i kofanumm // vísadi mier til stofunnar“, „kona gekk í Búr sitt sitt“, „Kerlínig liggur í sinni sæng // hrítur og drítur“ (og „k[onann] mín í klef[a]num“).⁹⁰⁵ Það er engu líkara að við það eitt að gifta sig hætti stúlkur að „gánga sunnann med sjá“,⁹⁰⁶ fara út þrúðbúnar („út gekk hún grænklædd“) ⁹⁰⁷ og ganga fremstar í flokki („það mun vera stúlkann mín // sem á undan gengur“).⁹⁰⁸ Konur og kerlingar séu komnar í þessi þröngu rými – og í stritið, eða hefðbundin sveitastörf, sbr. „kona bónda gékk til brunns, // vagaði, kjagaði“,⁹⁰⁹ „búkonan dilladi // börnonum báðum“,⁹¹⁰ „konur bera mat á borð og breiða nidur

(„jeg kann að moka Hesthús“, Lbs 587 4to III, 11r) og *nauthús* („neðarlega eru nauthús“ í Lbs 423 8vo, 109r), auk þess sem *Nauthús* (sérnafn) er að finna í mörgum textum (AM 969 4to, 43r; Lbs 414 8vo, 101r og víðar).

⁹⁰³ T.d. í minninu um prest sem kallar skip sitt (AM 247 8vo, 5r; DFS 67, 258r; Lbs 587 4to II, bls. 99); sbr. og „Ég átti mjér lítið skip, // og sil[g]ði því útá haf“, tilbrigði við niðurlag blokkarinnar um kerlingu sem sat að eldi (Lbs 587 4to IV, 5r), ásamt „(En) jeg tók mér þá stórann bát“ (JS 289 8vo I, 35v) og „Eg átti mér lítinn bát“ (Lbs 587 4to I, bls. 136).

⁹⁰⁴ AM 969 4to, 48r–48v.

⁹⁰⁵ Lbs 587 4to III, 41r (sbr. DFS 67, 250r); Lbs 421 8vo, 36r; AM 960 IX 4to, 7r (sbr. Lbs 587 4to I, bls. 135 og víðar); Lbs 587 4to IX, 60r.

⁹⁰⁶ AM 277 8vo, 68v.

⁹⁰⁷ Vasabók Sigurðar Guðmundssonar málara 1858–1859 í Þjóðminjasafni Íslands, SG03-2, 112r.

⁹⁰⁸ Lbs 587 4to II, bls. 5–6; sbr. JS 289 8vo I, 28v og víðar.

⁹⁰⁹ DFS 67, 250r, sbr. Lbs 587 4to II, bls. 123; Lbs 587 4to III, 41r–41v; Lbs 587 4to IV, 30r og víðar.

dúka“;⁹¹¹ „kerling sat við eldinn“⁹¹² o.s.frv. Síðastnefnda kerlingin er í ofanálag illskeytt – hún reynir að stinga þulumælanda – og ljót, en víða er nefnt hennar „kíndóttu kolsvarta krókotta“⁹¹³ o.s.frv. kerlingareyra. Hún stendur einnig nærri hinu ævintýralega í þuluheimi en er þó úr allt öðrum ranni en hinar fallegu stúlkur, því kerlingin er líkleg til að vera tröllskessa (eða a.m.k. til að hafa verið það á einhverjum tímamarki í þróun þulunnar).⁹¹⁴ Þulublokkinn sem henni tengist, *Kom ég þar að kvöldi*, fer jafnframt oft í beinu framhaldi af fleiri ævintýralegum eða a.m.k. þjóðsagnakenndum minnum í þuluheimi (eins og útbreiddustu minnin lýsa honum). Má nefna minnið um að hitta tófu sem biður þulumælanda að geta gátu sinnar, en dýr – eða yfirnáttúrulegar skepnur – sem leggja gátur fyrir hetjur eru fornt og algengt minni.⁹¹⁵ Annað þjóðsagnakennt minni er að hitta tröll eða tröllskessu (sjaldnar hunda eða mann með hala) sem stela huppi af þulumælanda, en þessi tvö minni má oft sjá hlið við hlið í sama þuluflokki þar sem hversdagsheimur – heimur bústarfa – er annars ríkjandi.⁹¹⁶

Í útbreiddustu þuluminum gefur því að líta mynd af heimi sem er ekki ólíkur íslenskum veruleika þótt hann hafi fá óumdeilanlega íslensk sérkenni. Honum er lýst í frekar stórum dráttum – þótt stöku smáatriði skari vel fram úr – og á nokkuð hlutlausan hátt, en áberandi er að lýsingarorð, sem eru vel fallin bæði til að undirstrika sérkenni þess sem lýst er og tjá afstöðu framsagnarmanns, eru af skornum skammti í íslenskum þulum.⁹¹⁷ Til hliðar við þennan heim er svo hálfgerður ævintýraheimur framandi landa með fögrum stúlkum og riddurum annars vegar en hins vegar annar hálfgerður ævintýraheimur með talandi tófum, tröllum og skessum (sem er greinilega hægt að komast til ef riðið er hesti sem þulumælandi sér hlaupa er hann lítur til himna; sbr. kaflann um þulublokkina *Sat ég undir stofuvegg* í Viðauka Ic.1). Af þessu má álykta að nokkrar grundvallarandstæður séu gegnumgangandi í þuluheimi, þ.e. *heima – útlönd* og *heima – úti í fjöllum* (hjá tröllum).⁹¹⁸ Hvort tveggja eru birtingarmyndir andstæðunnar *inni – úti* sem er einnig títtnefnd í þulum. Hún birtist m.a. með beinum hætti í umfjöllun um mannabústaði, t.d. í minninu um matardisk sem kemur *inn* eða *innar*⁹¹⁹ eða um tíkina/kýrina sem er *úti*,⁹²⁰ og einnig óbeint, sbr. að *sitja undir fiskihlaða* merkir

⁹¹⁰ JS 289 8vo I, 29r og mun víðar í þuluflokknum *Heyrði ég í hamrinum*.

⁹¹¹ Lbs 587 4to II, bls. 96; sbr. Lbs 587 4to I, bls. 102 og víðar.

⁹¹² AM 960 IX 4to, 7r; sbr. DFS 67, 421v, 424r; JS 289 8vo I, 28v („sat“ leiðrétt í „bles“) og mun víðar.

⁹¹³ Lbs 587 4to I, bls. 136. Í sama texta eru kerlingunni ekki vandaðar kveðjurnar og talað er um „ólukkukerlingu, sem aldrei mátti jeta // nema heftan graut og vellíng, // sú illa kerling“. Þá má benda á að Grýla er ósjaldan sögð vera „gömul herkelling“ (JS 289 8vo I, 12v).

⁹¹⁴ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Meira veit ég ekki um ættina... *hans* Grýlu?“, 81 (þ.á m. neðanmáls); sama, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen“, 200–206; sama, „Formulae across the North Atlantic“, 145–150.

⁹¹⁵ Sbr. H540.1 „Supernatural creatures propound riddles“; einnig H541.1.1 „Sphinx propounds riddle on pain of death“ og G681 „Ogre gives riddle on pain of death“ (Thompson, Stith. *Motif-Index of Folk-Literature*, 3: 325–326 og 273). H541.2 „Riddle propounded on pain of loss of property“ eða H541.2.1 „Fine for failure to solve riddle“ (s.r., 326) kann að eiga við þegar huppur er tekinn frá þulumælanda.

⁹¹⁶ Sbr. t.d. JS 289 8vo I, 28v og 35r; Lbs 587 4to I, bls. 135–136; Lbs 414 8vo, 93r.

⁹¹⁷ Ein af undantekningum eru línurnar „háir eru hólarnir [...] votar eru veiturar [...] brattar eru brekkurnar“ í þuluflokknum *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* (AM 969 4to, 46r o.fl. heimildir) þar sem lýst er erfiðum slætti.

⁹¹⁸ Nánar um síðarnefndu ástæðuna sjá: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Meira veit ég ekki um ættina... *hans* Grýlu?“, 81–83.

⁹¹⁹ „þar kom inn diskur // var á smér og fiskur“ (JS 289 8vo I, 35r; sbr. JS 507 8vo, bls. 32); „hún er inni baðstofu“ (Lbs 587 4to IV, 4v) o.fl.

⁹²⁰ Sbr. „úti liggur tiki í túninu // kýrin í Mýrinni, // hestur úti í haganum“ (Lbs 587 4to IV, 30r; erfitt er að greina á milli brodda og depla yfir *i*); jafnframt Lbs 587 4to I, bls. 12 og bls. 35 (aðeins kýrin í báðum dæmunum) ásamt Lbs 587 4to II, bls. 160–161 (og víðar). Sjá einnig minnin „Arnor stendr úti“ (JS 289 8vo I, 28v og víðar, sbr. t.d. DFS 67,

sömuleiðis að sitja úti þótt sjálft orðið *úti* sé ekki endilega í textanum. Þessar mest áberandi andstæður eru einhvers konar undirstaða sem rými í þuluheimi byggist á, en rými sem maðurinn byggir er afmarkað með enn einni andstæðu: *milli fjöru og fjalla* (sbr. hér að framan).

Tíminn í þulum er einnig nokkuð afstæður (líkt og rýmið), þótt oft sé talað um dag og kvöld, sumar og jól og það sem gerðist *í gær* eða „fyrir tíu vetrum“;⁹²¹ hann er ekki bundinn við ár og aldir sem líða í mannheiminum. Heimsmynd í þulum síðari alda breytist með tímanum, þ.e. ný minni koma fram og einhver minni hverfa, en óvíst er að hversu miklu leyti þessar breytingar endurspeglar breytingar í raunheimi og/eða á orðfæri sem honum lýsir. Ef fylgst er áfram með þulunni *Táta, Táta* (sjá dæmi (8-26a-c)) má líta Tátudætur á 20. öld ekki aðeins *í búri*⁹²² að sýsla við mat heldur eru þær t.d. „Þrjár í eldhúsi, // graut að gera“.⁹²³ Grautargerðin er ný í þulum á 20. öld, en í raunheimi hefur hún tíðkast hér á landi allt frá miðöldum og orðin *grautur* og *brauð* hafa jafnan verið notuð. Hér virðast þulur því ekki endurspeglar neina sérstaka breytingu í raunheimi (hvorki í lífnáðarháttum né orðanotkun). Öðru máli gegnir um orðið *eldhús*; það var einnig talsvert notað að fornu en virðist svo hafa verið notað minna á 16.–19. öld – en aftur meira á þeirri 20.,⁹²⁴ og þessi breyting í orðnotkun í raunheimi endurspeglast í þulum síðari alda. Slík tilfelli eru þó ekki mörg, en á heildina litið er heimsmynd í þulum síðari alda nokkuð stöðug.

8.2.5. Niðurlag

Í kafla 8 hefur verið sýnt að minni (mótíf), helsta grunneiningin í þulum síðari alda á eftir heitum, eru lík þeim síðarnefndu í mörgu, þ.á m. í því að þau geta bæði verið liður í upptalningu og hluti af frásögn (8.2.1) og í því að minni eru einnig oft búin til eftir ákveðnum líkönum til þess að gera upptalninguna lengri og/eða frásögnina fyllri og til þess að tryggja hljómræna hliðstæðu fyrir önnur orð á listanum og styrkja þar með listann í heild – um leið og hann lengist (8.2.2). Minni eru tínd til og/eða búin til (sköpuð) í samræmi við önnur minni og heiti sem eru þegar komin í textann, en þetta sérkenni eiga minni sameiginlegt með heitum í þulum síðari alda (sjá kafla 8.2.1–8.2.2). Bæði heiti og minni eru tínd saman í þulutexta eftir hljómlíkingum (einkum stuðlum og rími), líkingum í merkingu og innra formi, í línubyggingu og setningaskipan, en það virðist einkenna heiti og minni í þulum í meira mæli en í mörgum öðrum munnmenntum. Bæði heiti og minni í þulum síðari alda eru auk þess frekar stutt og spör á orð; ekki er t.d. algengt að lýsingarorð fylgi nafnorðum (8.1.2, 8.2.2 og 8.2.4). Hugsanlega er það að einhverju leyti arfur frá fornþulum, en þar voru línur styttri og hrynjandi fól í sér virka takmörkun á lengd heita og minna þar sem þau lutu reglum um tvö (sjaldnar eitt eða þrjú) heiti í ljóðlínu – eða eina setningu/setningarlið í línu.

258r, Lbs 587 4to III, 42r og Lbs 587 4to IV, 4v), „Úti er komin Kolbeinn hinn stóri“ (Lbs 587 4to II, bls. 180[C] (2r í innskotstvinni á eftir bls. 180); sbr. Lbs 587 4to II, bls. 100 og 161 ásamt Lbs 587 4to IX, 55r) o.fl. texta. Má einnig nefna „Úti situr hun Hallgerður hlúnka“ í Þórnaldarpulu (Lbs 318 8vo, bls. 75 – og víðar, t.d. Lbs 587 4to I, bls. 8; sbr. DFS 67, 241v; Lbs 587 4to IX 41v; Lbs 1057 4to, 159r; Lbs 414 8vo, 95v; Lbs 421 8vo, 39r: „úti riður Hallgerður klúka“, sbr. og ÍB 777 8vo, 62v) og „inn gengur hún Hallgerður huka“ (ÍB 777 8vo, 179v, sbr. Lbs 1057 4to, 164v); líka „út gengur Hallgerður húka“ (Lbs 587 4to IX, 52r) o.s.frv.

⁹²¹ AM 247 8vo, 7v; DFS 67, 186v.

⁹²² Sjá (8-26b) ásamt DFS 67, 279r og 416r, 416v; AM 969 4to, 244r; Lbs 414 8vo, 102v o.fl.

⁹²³ SÁM 30b, 387r; sbr. SÁM 84/93 EF (1429).

⁹²⁴ Um tveir þriðju tiltækra dæma um orðið *eldhús* eru frá 20. öld miðað við: *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*, „eldhús“.

Meðal þess sem er hins vegar frekar ólíkt með heitum og minnum er það að minni eiga sjaldnar rætur í fornum þulum, hvort sem um er að ræða efni þeirra eða byggingu. Efnisleg líkindi eru ekki síst fá vegna þess að minni í fornþulum eru tiltölulega einsleit (a.m.k. þau sem hafa varðveist). Þau snúast einkum um ætt og uppruna, t.d. í Hyndluljóðum eða svokallaðri Brávallaþulu,⁹²⁵ eða um það hver situr hvaða hest, einkum í Þorgrímsþulu og Kálfsvísu, en um hremmingar og hamfarir í Buslubæn o.s.frv.; í Rígsþulu eru þó upptalningar á nokkuð fjölbreyttum minnum um dagleg störf mismunandi stétta. Eigi að síður sækja minni um dagleg störf í þulum síðari alda, hvort sem er í þulunni *Táta, Táta* eða víðar, sjaldan efni í Rígsþulu.⁹²⁶ Í þulum síðari alda er vissulega einnig allnokkuð um minni um ætt og uppruna – sbr. t.d. Hyndluljóð annars vegar og ættartöluna í *Heyrði ég í hamrinum* hins vegar – og nokkur algeng minni tengd því að ríða hesti: *reið ég allra manna mest* (þetta tiltekna minni kemur reyndar líkast til úr sagnadönsum),⁹²⁷ *ríður tryppi sínu grá*,⁹²⁸ jafnvel *Helga bredda reið í skóg*⁹²⁹ o.fl. Ekki er ólíklegt að vinsældir þessara minna í þulum síðari alda tengist því hvað slík minni voru algeng í fornþulum, þótt ekki sé um bein textatengsl að ræða. Þá eru stök minni í þulum síðari alda sem líkjast minnum í öðrum íslenskum fornbókmenntum og kunna að vera skyld þeim; dæmi um slíkt er *Stóð ég við stoð*.⁹³⁰ Slík minni, sem lýsa staðsetningu (umfram annars konar eiginleika eða ástand), eru með þeim algengustu í þulum síðari alda, ásamt minnum sem lýsa atburðum eða athöfnum. Hvað byggingu minna varðar þá eru minni í þulum síðari alda oft nokkurn veginn jafn stutt og í fornþulum og láta þá nægja aðeins frumlag og sögn eða sögn í nafnhætti og andlag,⁹³¹ en þó eru í þulum síðari alda einnig til minni sem eru útfærð með allnokkrum smáatriðum.⁹³² Slík minni voru hins vegar sjaldgæf í fornþulum þar sem minni voru enn knappari. Þá er hægt að líta á minni þar sem tvennt eða jafnvel fleira af ofangreindu kemur fram (t.d. atburður og staðsetning), sem eitt samsett minni – eða nokkur sjálfstæð minni.

Heiti eru öðrum þræði hluti af minnum – sem gerendur/þolendur/viðfang o.s.frv. (sbr. kafla 8.1.1 og 8.2.2), þ.e. gegna hlutverki frumlags, andlags o.fl. (eins og nefnt var hér að framan). Samband heita við umsögn getur þó verið flókið. Umsögnin, þ.e. kjarni minnisins, hefur augljóslega áhrif á það hvaða heiti verða hluti viðkomandi minnis – en heitin geta sömuleiðis haft áhrif á það hvernig umsögnin verður (sjá 8.2.2). Samband heita við umsögn í minnum er einnig missterkt, en heiti getur

⁹²⁵ Sjá: Gurevič, „Zur Genealogie der þula“, 82–89, 98.

⁹²⁶ Í Rígsþulu eru minnin um syni Þræls sem „geita gættu, // grófu torf“ (*Eddukvæði*, 1: 451 (12¹³⁻¹⁴)) og um Karl sem „øxn nam at temja“ (s.r., 452 (20³)), en dætur Tátu eru „nú í nesi // naut að geima“ (8-26a), eða „5 á fjalli fjár að gæta“ (SÁM 30a, 116v), eða þá „torf að hlaða“ (Lbs 587 4to II, bls. 173); þessar (ófullkomnu) samsvaranir heyra þó frekar til undantekninga.

⁹²⁷ Sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 51–53.

⁹²⁸ Lbs 414 8vo, 124v.

⁹²⁹ Lbs 418 8vo, 32r.

⁹³⁰ DFS 67, 188r. Sbr. „Stóð hón und stoð“ í síðasta erindi í Guðrúnarkviðu I (*Eddukvæði*, 2: 333 (33¹)).

⁹³¹ Líkt og t.d. í Rígsþulu annars vegar og þulunni *Táta, Táta* hins vegar. Sömuleiðis má sjá í Rígsþulu – en víðar en í upptalningarhlutum hennar – minni sem nota formúluna „X(flt.) sátu þar, (S+A)“ þar sem S = sögn en A = andlag („hjón sátu þar, // heldu á sýslu“ (*Eddukvæði*, 1: 451 (14⁷⁻⁸)); sbr. „hjón sátu þar // hár af árne“ (s.r., 449 (2⁷⁻⁸)) eða „Sat þar X, S+A“ („Sat þar kona, // sveigði rokk“ (s.r., 452 (16¹)), „Sat húsgumi // ok sneri streng“ (s.r., 453 (26¹⁻²)) o.fl. þess háttar). Kann að vera að hér sé komin fyrirmynd að fjölforminu *Þar sitja* ... (sjá kafla 8.3.2.3; um samnefnda blokk sjá Viðauka Ib.6), en formúlan er reyndar svo einföld og algeng að erfitt er að slá því föstu.

⁹³² Sbr.: „Jón bóndi stóð í bás // og hjelt í eyra á kú“ (Lbs 418 8vo, 32r).

ýmist verið hluti minnskjarna eða breytistærð. Jafnframt eru sum nöfnin svo sjálfstæð að þau eru á mörkum þess að vera yfirleitt hluti af minninu (sem getur þá þjappað sig niður í stuttan sagnlið).

Minni, líkt og heiti og aðrar innihaldstengdar byggingareiningar í þulum síðari alda, taka þátt í því að móta heimsmynd þulna – og eru í góðu samræmi við heiti í þulum að því leyti að þau lýsa fyrst og fremst bændaveruleika, eða öllu heldur þeirri ímynduðu veröld sem hefur sveitalífið að viðmiði eða útgangspunkti (nema hvort tveggja sé), sbr. himnalífið í skýjunum þar sem systur skafa gullkistur, nunnur skafa gulltunnur og freyjur skafa jafnvel gulltrejur.⁹³³ Slík tilfærsla er ein leiðin til að koma fáránleikanum inn í annars tiltölulega jarðbundinn heim þulna; hér eru það tilbrigði með viðfang minnisins sem valda fáránleikaáhrifum. Önnur leið er að blanda inn á milli tiltölulega hefðbundinna lýsinga á frekar hefðbundnum heimi einhverju sláandi óvenjulegu, eins og í þuluflokknum *Draum dreymdi mig* (sjá dæmi (8-21) í kafla 8.2.1). Þar er fáránleiki bæði innan minnanna, líkt og í þulunni þar sem gull er skafað, og í því að heimslýsingin berst út í geim, á stjórnur þar sem standa lundar og leika meyjar. Minni eru því einnig samstíga heitum í því að lauma af og til fáránleika í þuluheiminn (sbr. kafla 8.1.4.5). Það gildir sömuleiðis um blokkir, stærri byggingareiningar sem sameina í sér heiti og minni, en um þær fjallar næsti kafli.

8.3. Blokkir

Blokkir eru grundvallareiningar í byggingu á þulum, líkt og heiti og minni (í þeirri merkingu að á þeim grundvallast hver þulutexti), en þó á hærra þrepi í stigveldi þulubyggingar en bæði heiti og minni. Yfirblokkir eru enn stærri byggingareiningar (þó á sama þrepi og blokkir) og ekki eins ómissandi í þulutextum. Bæði blokkir og yfirblokkir eru fljótandi einingar, líkt og fleiri byggingareiningar í munnlegri hefð (m.a. minni, sjá 8.2.1–8.2.2), og eru ýmsar hliðar á skilgreiningu þeirra og afmörkun ræddar í kafla 8.3.1. Bygging blokka (8.3.2) grundvallast á sömu hliðstæðum og eru virkar á neðra þrepi í stigveldi þulubyggingar (sbr. 8.1.3 og 8.2.2), þ.e. á hljómlíkingum, líkingum í innra formi minna og heita, línubyggingu, setningaskipan o.fl. (sjá 8.3.2.1); merkingartengsl öðlast meira vægi og eru rædd sérstaklega í kafla 8.3.2.2. Fjölförms – formúlumál á efra þrepi – er virkt skipulagsafl í upptalningum, einkum upptalningum minna, sbr. kafla 8.3.2.3. Þá er frásagnarbygging sérstaklega greind í 8.3.3.3, en kafli 8.3.3 lýsir helstu gerðum blokka. Bygging helstu yfirblokka er greind í kafla 8.3.4, skýrt hvernig þulutexti mótast úr blokkum og yfirblokkum og sýndar helstu samsetningar þeirra síðarnefndu. Samantekt um blokkir er í kafla 8.3.5.

8.3.1. Skilgreining, sérkenni og afmörkun

Heiti og minni hneigjast til að loða saman í mismunandi þulutextum og mynda stærri einingar, *blokkir* og *yfirblokkir* (e. *blocks, sequences*).⁹³⁴ Blokkir eru tiltölulega stöðug og heilleg sambönd af ákveðnum heitum og/eða minnum, en yfirblokkir eru *stærstu* frekar stöðugar samhangandi einingar hverju sinni; þær eru jafnan settar saman úr nokkrum blokkum – og jafnvel samsteypum blokka – og standa gjarnan fremst í þulutextum. Blokkir (og yfirblokkir) loða svo saman, bæði hver við aðra og við sjálfstæð heiti

⁹³³ JS 289 8vo I, 29r.

⁹³⁴ Í fáeinum fyrri verkum þeirrar sem hér ritar er orðið *atriði* notað sem samheiti fyrir blokk (sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*: Er allt sama tóbakið?“, en svo er ekki í þessari ritgerð).

og minni, og mynda þulutexta. Orðið *blokk* vísar í það að meðal lykilorða í skilgreiningu á blokk í þulum er *sambönd*, eða *samsteypur* (minna og/eða heita). *Blokk* felur einnig í sér skemmtilega myndlíkingu, þulublokkum má líkja við fjölbýlishús þar sem einstaklingar og fjölskyldur – heiti, minni og jafnvel smærri blokkir – eiga heima. Blokkum má jafnframt líkja við einingahús sem eru sett saman úr einstökum minnum og heitum.⁹³⁵ Orðið *blokk* hefur fest sig í sessi á ýmsum sviðum í íslenskri tungu⁹³⁶ og er því notað áfram í þessari ritgerð líkt og í fyrri verkum þeirrar er hér ritar.

Í stystu og einföldustu blokkum eru a.m.k. þrjú minni, en minnapör eru ekki talin með blokkum í þessari ritgerð þótt þau séu bæði tiltölulega stöðug og heilleg. Sé hins vegar annað minnið í minnapari – eða bæði – samsett þá getur verið um að ræða blokk eins og hún verður styst. Dæmi um afar stutta blokk, með þrjú einföld minni sem einhvers konar grind sem önnur minni bætast stundum við, er blokkinn *Helga bredda*.⁹³⁷ Minnin eru *reið í skóg*, *hafði reipi og reiðing á* og *reið brúnskjóttum klár*, sbr. dæmi (8-28a); fleiri og valkvæð(ari) minni bætast svo við, en eitt slíkt er skáletrað í (8-28b):

(8-28a) [...] Helga brella,
hólaskella
reið á skóg;
hafði reipi og reiðing á;
reið hún brúnum skjóttum^x klár [...]

(8-28b) [...] Helga bredda reið í skóg
reiddi reipi og reiðing á,
reið brúnskjóttum klár
alla dagana þrjá [...] ⁹³⁸

Ef um *heitalista* er að ræða þá eru stystu blokkirnar aðeins fáeinar þululínur með heitum – e.t.v. ásamt stuttu minni eða minnum – eins og t.d. í sumum Grýluþulum (eða í *Stapadansi*):

(8-29) [...] Gríla kallar á börninn sín,
þegar hún fer að síóða,
komid þið hingat öll til mín
Leppur, Skreppur, lánleggur og Skióða. —⁹³⁹

Tiltekið minni/heiti telst tilheyra ákveðinni blokk ef það finnst oftast í þulum í tengslum við umrædda blokk en við aðra(r) blokk(ir) eða sjálfstætt standandi. Sama minni getur tilheyrt fleiri blokkum en einni og finnst þá þó nokkuð oftast í tengslum við þessar blokkir en við aðra(r) blokk(ir) eða sjálfstætt standandi. Heiti og einkum minni þurfa þó ekki endilega að vera hluti af einhverri blokk heldur geta staðið sjálfstætt við hlið annarra minna og blokka. Tiltekið heiti eða minni – og jafnframt smærri blokk – getur líka ýmist verið hluti af ákveðinni blokk eða yfirblokk, eða þá staðið alveg sjálfstætt. Til að mynda er minnið *illt er mér í minni tá* oft að finna í yfirblokkinni *Kýrin bleik*

⁹³⁵ Davíð Erlingsson lagði einnig til að nota orðið *loð* í sömu merkingu (í samtali við þá er hér ritar árið 2000, sbr. umfjöllun neðanmáls fremst í kafla 8), en orðið er heppilegt af tveimur ástæðum a.m.k. Í fyrsta lagi endurspeglar það tengsl milli einstakra minna í blokkinni sem *loða* saman. Í öðru lagi hljómar *loð* ekki ósvipað orðinu *ljóð*, en þar með er lögð aukaáhersla á það að þulur eru kveðskapur, þótt formið sé mjög einfalt. Orðið *blokk* hefur þó þann kost umfram *loð* að vera einstaklega skýrt og gagnsætt.

⁹³⁶ Sbr. t.d. *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*, „blokk“.

⁹³⁷ Blokkir taka hér jafnan nafn af fyrstu línu sinni (eins og hún birtist oftast í þulum). Ef óvíst er um línuskiptingu er styttri kosturinn tekinn, og sömuleiðis ef óhætt er að stytta blokkaheiti án þess að það valdi ruglingi. Stundum er þó stuðst við fyrirsagnir í (eldri) heimildum. Þegar vikið er frá þessum reglum er þess getið sérstaklega. Nánar um einstakar blokkir sjá Viðauka I.


⁹³⁸ DFS 67, 426r (neðanmáls: „x þannig“); Lbs 587 4to III, 56v–57r.

⁹³⁹ JS 289 8vo I, 22v.

(sjá Viðauka Id.5) og blokkinni *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* (Id.1), og svo í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* – allt í mismunandi samhengi.⁹⁴⁰ Þannig getur minnið tilheyrt einni ákveðinni blokk í sumum þulutextum, annarri blokk í öðrum þulutextum og staðið sjálfstætt í enn öðrum.⁹⁴¹ Með sama móti getur ein og sama *blokk* ýmist verið *hluti af þulutexta eða -textum eða myndað þulutexta ein sér*; t.d. getur *Jón smár* verið hluti af *Lambið beit í fingur minn* (sbr. dæmi (8-34a) hér að aftan) og af *Poki fór til Hnausa* (sbr. (8-35)) – og líka staðið sjálfstætt (sjá (8-33a)).

Blokkir – og yfirblokkir í enn meira mæli – eru samsettar einingar, einu þrepi ofar en heiti og minni í stígveldi þulutextans, eins og mynd 5 sýnir. Margar af þessum einingum eru settar saman úr smærri samhangandi einingum svipaðrar gerðar sem koma að jafnaði ekki fram sjálfstætt; þær eru hér stundum nefndar *undirblokkir* til frekari aðgreiningar.⁹⁴²

Mynd 5: Stígveldi í þulubyggingu



Bæði blokkir og yfirblokkir eru afar mismunandi að stærð og gerð og verða hvorki steypar í sama mót né settar á jafn háan stall. Sem dæmi um það – og um örðugleika við að afmarka byggingar-einingar í þulutexta – má taka yfirblokkina *Sat ég undir stofuvegg*. Hér er einn af fyllstu textunum í samnefndum þuluflokki, þar sem finna má sem flestar blokkir og minni sem einkenna þennan þuluflokk; þessar byggingareiningar eru merktar með bókstöfum innan slaufusviga:⁹⁴³

{8-30} {a} Stóð jeg undir stofu vegg
 strauk jeg mitt gult skegg
 {b} I[e]it jeg upp til hæðanna
 og sá tólf hestana renna
 tók jeg þann hinn blakka
 og reið honum til stakka
 {g} Hvað var Gissur að gjöra

hann var að slátra Uxa sínum
 Hvað gaf hann þjer⁹⁴⁴
 lifur og lúngu
 {h} for jeg ofan að sjó og saltaði netin
 {c} þar komu rönur rítandi
 með sínar trönur trítandi
 {e} b[eid]du mig að gjeta gátur sínar

⁹⁴⁰ Lbs 587 4to IX, 60v og Lbs 422 8vo, 58r (*Kýrin bleik*), AM 969 4to, 46r og Lbs 421 8vo, 35r (*Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*) og DFS 67, 430v (yfirblokkin *Lambið beit í fingur minn*). Hvor tveggja yfirblokkir *Kýrin bleik* og blokkir *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* kemur í beinu framhaldi af yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* í öllum ofangreindum heimildum nema AM 969 4to og DFS 67.

⁹⁴¹ Minnið *illt er mér í minni tá stendur* t.d. sjálfstætt í Lbs 1124 8vo I, bls. 24.

⁹⁴² Í samsettum orðum, þar sem *undirblokk* er seinni hlutinn, er *undir* gjarnan sleppt í þessari ritgerð.

⁹⁴³ Í þessu dæmi eru umræddar byggingareiningar auðkenndar með bókstöfum í samræmi við það hvaða samsetningar þeirra eru algengastar (frekar en í einfaldri stafrófsröð, eins og er annars algengara í ritgerðinni).

⁹⁴⁴ Ógreinilegt tákni á eftir „þjer“, e.t.v. spurningarmerki eða annað greinarmerki.

hennar gat jeg illa
 {f} tók jeg minn reið hest
 reið jeg al[d]ra manna \mest/
 rann jeg undan um stund
 og [e]lti strútóttann hund
 {k} kom jeg þar að kvöldi
 sem kerlínig sat að eldí

hún tók [s]inn ^bpíngínn
 og ætlaði mig að stínga
 jeg tók mjer lurkinn langa
 og lagði undir ke[r]línigurvanga
 aldrei skal hún gott orðið heyra
 með sinu krókotta bansetta kerlínig eyra<.>⁹⁴⁵

Meðal þessara byggingareininga eru minni (flest samsett, líkt og {a}) og þör af einföldum minnum (líkt og {e}) en jafnframt flóknari minnasamsetningar sem geta einnig flokkast sem (undir)blokkir, einkum {g} – en einnig {b} og {f} (um blokkina {k} verður rætt síðar). Þá tengjast sumar byggingareiningarnar hver annarri sterkari böndum en aðrar. T.d. kemur {a} aðeins fyrir í þulutextum ásamt {b} og á undan því.⁹⁴⁶ Einingin {b} kemur reyndar fyrir án {a} en aðeins í um fimmtungi af þeim textum þar sem {b} er til staðar á annað borð. Saman mynda {a} og {b} sjálfstæða stærri einingu, mjög algenga í þessum þuluflokki. Þar sem bæði {a} og {b} eru samsettar einingar, og a.m.k. önnur þeirra ({b}) samanstandur úr fleiri minnum en einu, er rökrétt að flokka {ab}⁹⁴⁷ sem blokk (nánar til tekið undirblokk, því sjaldgæft er að hún komi fram sjálfstætt).

Blokkinn {ab} stendur í *Sat ég undir stofuvegg* aðeins fremst – og er því dæmigerð upphafsblokk; hún tengist oft {c} eða {g}, en stundum {f} eða strax næstu blokkinni á eftir, {k}.⁹⁴⁸ Önnur svipuð samsetning er {gh}, einnig tiltölulega sjálfstæð upphafsblokk – en hún getur einnig staðið í textanum miðjum (sjá (8-30)). Þetta ekki eins samheldin blokk og {ab}; bæði getur {g} staðið sér, t.d. í beinu framhaldi af {ab} eða fremst í yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*,⁹⁴⁹ og {h} án {g}, hvort sem fremst í yfirblokkinni eða í henni miðri.⁹⁵⁰ Fleiri sams konar samsetningar eru í miðri yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*, en í þeim flestum segir frá komu óvina(r) aðalpersónu (minnið {c}) og þrautum sem fyrir hana eru lagðar ({d} og {e}). Algengastar eru samsetningarnar {ce} (eins og í (8-30)) og {cd} (sjá (8-31a)); {ced} er talsvert sjaldgæfari en kemur þó fyrir (sjá (8-31b)):

(8-31a) [...] {c} Þá kom tröll
 {d} og tók frá mér huppinn þann feíta.
 eg var ekki maður til að leíta [...]

(8-31b) [...] {c} þar kom krummi trítandi
 með sína rönu rítandi
 {e} og beiddi mig að geta gátu sinnar.
 ekki gat eg hennar.
 {d} Tók hann frá mjer huppinn minn hinn feita
 og fór eg þá að leita [...] ⁹⁵¹

⁹⁴⁵ Lbs 587 4to IX, 61v.

⁹⁴⁶ Út frá þessu mætti í raun spyrja sig hvort {a} væri yfirleitt sjálfstæð byggingareining. Hér er hún eigi að síður talin vera það, ekki síst vegna þess að *standa/sitja við/undir (stofu)vegg/fiskihlaða* o.s.frv. er algengt, allt að því gegnumgangandi minni í þulum síðari alda (og ýmsum öðrum þjóðkvæðum), sbr. umfjöllun í 8.2.2 og 8.2.4.

⁹⁴⁷ Strangt til tekið {(a)b}, þar sem {a} er ekki endilega fastur hluti blokkarinnar.

⁹⁴⁸ Sbr. t.d. SÁM 85/191 EF, nr. 20463 ({ab}+{c}); Lbs 587 4to III, 61r ({ab}+{f}); Lbs 414 8vo, 115v ({ab}+{g}); Lbs 528 4to, 98r ({ab}+{k}).

⁹⁴⁹ Sbr. Lbs 424 8vo, 17r eða Lbs 587 4to III, 9v ({abg}); DFS 67, 421v ({g} fremst).

⁹⁵⁰ T.d. DFS 67, 286r annars vegar en Lbs 587 4to X, 8v hins vegar. Í síðarnefnda dæminu rennur {h} reyndar saman við {ab}: „Tók ég þann hinn blakkasta // Reid eg hid sprakkasta // Allt ofan ad sjó // Saltadi eg net mín“.

⁹⁵¹ Lbs 587 4to I, bls. 135 og 11.

Þessar samstæður minna, einkum {cd} og {ce}, eru svo algengar í *Sat ég undir stofuvegg* að óhætt virðist að flokka þær sem *blokkir* þrátt fyrir það að {d} kemur fyrir sjálfstætt í þessari sömu yfirblokk – eða í tengslum við önnur minni – ekki sjaldnar en í tengslum við {c} eða {e}. Blokkirnar {cd} og {ce} standa því sem næst í fyllidreifingu, því {ce} kemur nær alltaf á eftir upphafsblökkinni {(a)b} en {cd} á eftir {(g)h}; aðeins {ced} virðist geta komið á eftir hvorri upphafsblökkinni sem er. Með tilliti til þessa og með hliðsjón af því að {cd} og {ce} (ásamt {ced}) eru ávallt í svipaðri stöðu í yfirblökkinni *Sat ég undir stofuvegg* og gegna sama hlutverki má hugsanlega einnig flokka þessar einingar sem *mismunandi gerðir einnar og sömu blokkar*.

Þá er {k} lengri samsetning af minnum og minnapörum þar sem minni raðast þannig saman að áherslan í frásögninni er á aðalpersónuna og kerlinguna til skiptis. Samsetningin er fremur stöðug og getur örugglega flokkast sem blokk. Þetta er þar að auki ein af fáum blokkum þar sem nokkuð skipuleg frásögn er til staðar, með upphafi (kynningu á persónum og aðstæðum), atburðarás og endi. Oftar en ekki kemur þessi blokk í kjölfarið á einhverri einingunni í yfirblökkinni *Sat ég undir stofuvegg* – og þá í u.þ.b. helmingi tilfella á eftir {f} – og flokkast því sem blokk inni í þessari yfirblokk. Hins vegar kemur {k} einnig í kjölfarið á öðrum yfirblökkum í ýmsum þulutextum, oftar en ekki *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*⁹⁵² og *Sat ég undir fiskihlaða*.⁹⁵³ Slíkt gerist í u.þ.b. fjórðungi tilfella þegar {k} er til staðar í þulutextum. Þetta hlutfall er varla nógu hátt til þess að breyta því að {k} gegnir oftar en ekki hlutverki blokkar í yfirblökkinni *Sat ég undir stofuvegg*; hins vegar er hlutfallið of hátt til þess að líta megi alveg fram hjá því að {k} kemur einnig fram sem sjálfstæð blokk.⁹⁵⁴ Blokkinn {k} er því ein af minnasamsetningum sem getur gegnt bæði hlutverki *blokkar inni í yfirblokk* og *sjálfstæðrar blokkar*. Annað dæmi um slíkt getur verið blokkinn *Jón smár* (aftar í kaflanum).

Enn eitt dæmi um erfiðleika sem tengjast því að greina á milli byggingareininga á mismunandi þrepum byggingarstigveldis í þulutextum með nákvæmum hætti – og flokka einstakar byggingar-einingar í þaula – er {f}. Einingin samanstandur af 1–2 minnum (venjulega 2–4 línur alls) og fjallar um hest sem persónan á (eða á ekki) og/eða hund sem henni fylgir, t.d.:

(8-32a) [...] {f} gekk eg allra mann[a] mest[;] átti eg alhvítan hest [...]	(8-32c) [...] {f} tók jeg minn reið hest reið jeg al[d]ra manna \mest/ rann jeg undan um stund og [e]lti strútóttan hund [...]
(8-32b) [...] {f} Eg átti mér strútóttan hund, hann hljóp með mér litla stund [...]	

Dæmi (8-32a) og (8-32b) má greina sem samsett minni og minnapar – en (8-32c) annaðhvort sem *par af samsettum minnum* eða *stutta blokk*. Þessar þrjár útgáfur af {f} eru u.þ.b. jafnalgengar fram að 20. öld, og mætti líta svo á að {f} sé blokk í mismunandi útgáfum í fyllidreifingu (líkt og dæmi (8-32a–c) sýna). Á 20. öld gerist útgáfan með hestinn (8-32a) hins vegar talsvert algengari en sú

⁹⁵² Sbr. Lbs 418 8vo, 30v; Lbs 587 4to IV, 29r; Lbs 421 8vo, 72r; SÁM 30a, 465r; SÁM 30b, 157r.

⁹⁵³ Sbr. Lbs 421 8vo, 34r–34v; Lbs 587 4to IX, 40r–40v; SÁM 30b, 433r.

⁹⁵⁴ Þá ber einnig að taka tillit til þess að í nágrannalöndum stendur {k} – eða skyldar samstæður – stundum sjálfstætt í öðru samhengi, sbr. *Gamalt or Sætesdal*, 3: 235 (nr. 11); *Norske barnerim og leikar*, 39 (nr. 264, 266, 267 og víðar); einnig *Skjaldur, rímur og ramsur*, 72, 74 (Skja 23.3, 23.6) og *Nina, nina náí*, 37–38 (nr. 11).

⁹⁵⁵ (8-32a): AM 247 8vo, 6r–6v; (8-32b): Lbs 587 4to II, bls. 164; (8-32c): Lbs 587 4to IX, 61v (sbr. (8-30)).

með hundinn (8-32b), auk þess sem þessi tvö fylgidýr aðalpersónunnar hætta að koma fyrir í sama texta, þannig að dæmi eins og (8-32c) gefur varla að líta á 20. öld. Þá má spyrja hvort heppilegt sé að gera áfram ráð fyrir {f} sem blokk eða hvort réttara sé að greina hlutana tvo hvorn í sínu lagi (og sömuleiðis jafnvel á tímabilinu fyrir 20. öld). Þessir tveir hlutar yrðu þá greindir sem samsett minni eða minnapör – eftir því sem við á hverju sinni – sem sameinast þó stundum í stutta blokk, einkum áður en 20. öldin rennur í garð. Mörk á milli *minnis* og *blokkar* eru hér afar óljós.

Þá má velta því fyrir sér hvort {f} myndar sterkari tengsl við {k} en við undanfarandi blokkirnar {cd} og {ce} (og {ced}). Einingin {f} stendur á undan {k} í u.þ.b. 2/3 þulutexta sem hér eru til skoðunar og gæti því með réttu flokkast sem hluti {k}-blokkar þar sem hún tengist undanfarandi (undir)-blokkum {cd} og {ce} (og {ced}) talsvert sjaldnar, eða aðeins í tæplega helmingi þulutextanna. Efnislega tengist {f} þó þessum undanfarandi undirblokkum ekki síður en {k}-blokkinni; hún getur t.d. verið túlkuð sem lýsing á leitinni á stolna hupnum (sem persónan leggur í í {d}) – á sama tíma og hún getur verið inngangur fyrir {k}. Hlutverk {f} er því m.a. það að vera tengiblokk (eða tengiminni, eftir því hvernig litið er á {f}, sbr. hér að framan). Á 19. öld er ekki óalgengt að {f} sé þar af samsettu minnum – og getur því heitið (undir)blokk – en á sama tíma hugsanlegur hluti {k}, þ.á m. í textum þar sem {k} gegnir ekki hlutverki sjálfstæðrar blokkar heldur er blokk í yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg* en getur eigi að síður *innihaldið aðra (undir)blokk* (t.d. {f}).

Blokkin *Jón smár*⁹⁵⁶ er sömuleiðis dæmi um óskýr, jafnvel þversagnakennd mörk á milli byggingareininga og jafnvel mismunandi tegunda þeirra, en hún er jafnan samsett úr 3–5 minnum af þeim sem eru auðkennd sem {a–e} í (8-33a,b); minnin {cde} koma oftast en ekki saman:⁹⁵⁷

(8-33a) {a} Jón smár
Smellir hár
Ríður tryppi sínu til fjár
{c} Hefur reipi og reiðing á
{d} Ríður brúnskjóttum klár
{e} alla sína æfina til fjár.

(8-33b) [...] {a} Jón smá, sm[e]llir á,
ríður Trippi sínu grá,
{b} lætur skoppa dindil
með flauta kopp í hendi,
{c} hefr reipi og reiðing á,
{d} ríð[ur] Brúnskjóttum klár,
{e} alla sín[a] [...] æfina til fjár [...]⁹⁵⁸

Blokkin *Jón smár* stendur sjálfstætt í sumum tilfellum, líkt og í (8-33a) þar sem hún myndar allan þulutextann (textinn er í þessum tilfellum oft svo stuttur að hann flokkast strangt til tekið sem þulubrot), eða þá við hlið annarra, jafnvel lítt tengdra blokka.⁹⁵⁹ Í öðrum tilfellum stendur *Jón smár* hins vegar í tengslum við stærri yfirblokkir, einkum *Poki fer til Hnausa* (sbr. (8-35) hér að aftan) og *Lambið beit í fingur minn* (sbr. (8-34a), en þá er ekki endilega auðvelt að segja hvort *Jón smár* er *sjálfstæð blokk eða hluti þessara stærri yfirblokka*. Kjarnaminnin úr blokkinni *Jón smár* mynda oft frekar stöðug sambönd með minnum og jafnvel blokkum úr þessum tveimur þuluflokkum, sbr. þessa texta (minnin úr *Lambið beit í fingur minn* eru skáletruð):

⁹⁵⁶ „Jón kár“ í DFS 67, 258v; „Jón skjá“ (og „skellir á“) í DFS 67, 425r o.s.frv.

⁹⁵⁷ Minnin {c} og {d} eru sameiginleg með blokkinni *Helga bredda*, sbr. dæmi (8-28a,b).

⁹⁵⁸ Lbs 587 4to III, 8v og Lbs 414 8vo, 124v.

⁹⁵⁹ Sbr. t.d. Lbs 424 8vo, 26v eða Lbs 587 4to IX, 60v.

(8-34a) [...] Jón kár smellisár
 ríður tryppi sínu til fjár
 lætur skoppa Dindil
 með flautakopp í hendi
af því hann hafði beltið breitt
búinn hníf sinn
ullarreífi og vetlín
þeytikamb gullkamb og augun þrjú.
 (Desunt pauca)
Rauða kippu Rannveigar
Rakari Signýar
Þjófahnífur Þuríðar
og þénari Hallgerðar.

(8-34b) Jón smár smellir á,
 ríður sínu trippi til fjár,
 lætur skaka dindil
 með flauta kopp í hendi,
viltu nokkuð úr strokknum þeim,
sem hjer fannst á heiði,
þar var niðrí
þjelahnífur Þórnýjar,
rekan hennar Ragnhildar,
rassaskefill Signýar
og annar hans Bjarna
og satt er að tarna.⁹⁶⁰

Á undan dæmi (8-34a) inniheldur þulutextinn talsvert af öðrum minnum og blokkum úr *Lambið beit í fingur minn*. Það gefur til kynna að *Jón smár* sé hér í hlutverki blokkar í yfirblokkinni sem hér er einnig nefnd *Lambið beit í fingur minn*. Svo er einnig í fleiri textum þar sem *Jón smár* myndar tengsl við blokkir og minni úr þeirri sömu yfirblokk. Það er þó varla tilfellið í (8-34b) þar sem tvær stuttar blokkir, *Jón smár* og listi yfir hluti (*Rauða kippa Rannveigar*, með innganginum *Viltu nokkuð úr strokknum þeim* í (8-34b), sbr. Viðauka Ia.8), mynda þulutextann allan – enginn annar texti úr *Lambið beit í fingur minn* bætist við.⁹⁶¹ Það sýnir að stuttu blokkirnar tengist einnig innbyrðis, óháð öðrum texta úr *Lambið beit í fingur minn*.

Enn fastari blokkasambönd myndast þó í þuluflokknum *Poki fór til Hnausa*. Á undan blokkinni *Jón smár* kemur löng og samheldin blokk (lokálnur hennar eru skáletraðar hér), en þó án samfelldrar frásagnar. Á eftir blokkinni *Jón smár* koma nokkrar línur með heitum fylgdarmanna, sem eru einnig í *Fylgdarmannatölu* (sbr. Viðauka Ia.4) og eru undirstrikaðar í (8-35):

<p>(8-35) [...] það er hann Sigurður Jónsson hann hann kann vel að velta sér í krókinn og í kringin og í miðjan meiar hríngin Jón smá smellir á ríður brúnskjóttum klár</p>	<p>alla sína æfina til fjár <u>hönum filgir úlfur og álfur</u> <u>og Jón krækir sjalfur</u> <u>Sigurður og Sigga</u> <u>og sam bornar ærnar [...]</u>⁹⁶²</p>
--	---

Í slíkum textum kemur blokkinn *Jón smár* jafnan í beinu framhaldi af minnum um Sigurð (eða Jón) Jónsson,⁹⁶³ en líklegt þykir að hún raðist við hlið minnanna á undan m.a. fyrir áhrif samhljóms í nöfnum persónanna aftast í annarri blokkinni og fremst í hinni.⁹⁶⁴ Stundum virðast persónurnar tvær

⁹⁶⁰ Lbs 587 4to II, bls. 180[D] (2v í innskotstvinni á eftir bls. 180; „þeyti-“ – eða „þejiti-“, með *ij* með einum depli – er líklega leiðrétt úr „þeiti-“) og Lbs 418 8vo, 32r–32v.

⁹⁶¹ Svipaður texti og (8-34b) er í Lbs 587 4to II, bls. 137–139; þar eru þó mörg fleiri minni og jafnframt blokkir úr *Lambið beit í fingur minn* aftar í þulutextanum.

⁹⁶² Lbs 587 4to II, bls. 90.

⁹⁶³ *Sigurður* í flestum textum, *Jón* t.d. í Lbs 587 4to II, bls. 102.

⁹⁶⁴ Jónsnafnið er meðal þess sem gengur í gegnum fleiri einingar í (8-35) og tengir þær saman, sbr. *Jón á Bjargarsteini* í {f}, *Sigurður Jónsson* í {h}, síðar *Jón smár* í samnefndu blokkinni og *Jón krækir* í *Fylgdarmannatölu*. Önnur atriði eru staðbundin, t.d. hljóðlíkingar (óreglulegt rím og óregluleg stuðlun, ekki gegnumgangandi) og stöku líkindi í setninga-gerð. Þá gegna náðartengsl líkast til stóru hlutverki í þessum texta.

renna jafnvel svo mikið saman að sjálft minnið um Jón smá ({a}) skreppur saman; Jónsnafnið vantar í dæmi (8-36a), öll fyrri línan í minninu {a} er horfin í (8-36b) og loks hverfur allt minnið {a} í (8-36c) þar sem blokkinn *Jón smár* hefst með minninu {b} „lætur hann skoppa dindilinn“ (upphafs-línurnar í blokkinni eru skáletraðar í öllum þremur dæmum):

(8-36a) [...] það er hann Sigurdr Jónss.
hann kann að velta sér í krókinn
og í krínginn
og í miðjan hringinn,
smá smá smellir á,
rídur sínu tripp[a] til Fjár
lætur skoppa dindil
og Flaúta kopp í hendi [...]

(8-36b) [...] það er hann Jón Jóns son
hann getur varið sig í krók og kríng
og í miðjan hring
riður fola sín til fjár
lætur skoppa rindilinn dindilin
flauta kopp [í] hendi [...]

(8-36c) [...] það er hann Sigurdur Jónsson,
hann kann að velta sér um krókinn og í
krínginn,
og í meýahrínginn,
lætur hann skoppa dindilinn
og Flaúta kopp í hendi [...]⁹⁶⁵

Í ljósi þess mikla samruna sem sjá má á blokkinni *Jón smár* og blokkinni á undan henni væri rökrétt að gera ráð fyrir því að þessar blokkir mynduðu eina heild – a.m.k. í þessu samhengi – og gegndu þar af leiðandi hlutverki undirblokka í þessari stærri blokk. Meðal þess sem mælir eigi að síður gegn þeirri ályktun er það að jafnvel í þessu samhengi getur *Jón smár* stundum staðið án blokkarinnar á undan,⁹⁶⁶ að ógleymdum þeim tilfellum þegar *Jón smár* stendur í öðru umhverfi og tengist allt öðrum blokkum, t.d. úr *Lambið beit í fingur minn* eins og lýst er hér að framan. Af þessu má sjá að í sumum þulutextum er óljóst hvort betra er að flokka blokkina *Jón smár* – og sömuleiðis textann á undan – sem sjálfstæða blokk í yfirblokk eða sem undirblokk í annarri blokk, þ.e. mörkin á milli *sjálfstæðrar blokkar* og *undirblokka* mást út.

Greining á blokkinni *Jón smár* stuðlar sömuleiðis að þeirri ályktun að *mörk á milli blokka og minna eru ekki alltaf skýr*, einkum á milli stuttra blokka og samsettra minna, sbr. (8-32a–c) hér að framan. Dæmi þess er m.a. það að oft aðeins nokkrar línur eftir af fylgdarmannalistanum á eftir blokkinni *Jón smár*, stundum aðeins tvær, t.d. „honum fylgir Úlfur og Álfur // og Osómin sjálfur“.⁹⁶⁷ Listinn skreppur þá saman og flokkast væntanlega sem minni (ef línurnar eru aðeins tvær) eða undirblokk, en það máir enn frekar út mörk milli minna og blokka – og sömuleiðis milli minna sem hluta blokka og sjálfstæðra minna. Annað dæmi er enn ein samsetning tengd blokkinni *Jón smár*, en þar eru fyrstu tvö minni úr blokkinni *Jón smár* eiginlega notuð í staðinn fyrir hið venjubundnara minni

⁹⁶⁵ (8-36a): Lbs 936 4to, bls. 542; (8-36b): Lbs 587 4to II, bls. 102; (8-36c): Lbs 936 4to, bls. 317. Í Lbs 2856 4to, 428r er síðar dæmi um það að öll minnin {a–e} vantar en blokkinn um *Þórarinn stjörnu* (aftast í (8-35)) kemur beint á eftir minninu um *Sigurð Jónsson*.


⁹⁶⁶ Sbr. að textinn í DFS 67, 425r hefst beint á „Jón skjá“; sömuleiðis í Lbs 587 4to IX, 60v. Þá hefst textinn á *Poki fór til Hnausa* í Lbs 587 4to IX, 29r–29v og heldur áfram með blokkinni um orminn langa, pottana og Sigurð Jónsson, svo lýkur þulutextanum á blokkinni *Jón smár* (öll minnin {a–e}), en það er enginn samruni.

⁹⁶⁷ Lbs 414 8vo, 124v; sbr. Lbs 424 8vo, 26v („honum fylgir úlfur og álfur // og Jón smellir. sjálfur“ [svo]).

„Því tókstu hann Narfa? // hann kunni ekki að starfa“⁹⁶⁸ sem er algengt í upphafi blokkarinnar um Narfa. Ekki er gott að segja með fullri vissu hvort minnin tvö úr blokkinni *Jón smár* gegna hlutverki minna í blokkinni um Narfa eða hvort á að líta á þau sem fullgilda fulltrúa blokkarinnar *Jón smár* sem stendur þá við hlið blokkarinnar um Narfa – ófullkomin en sjálfstæð (frekar en flokkast sem undirblokk í Narfa-blokkinni). Þetta er enn eitt af dæmum þess að *minni getur dreift úr sér og orðið að blokk, en blokk getur þjappað sér saman í (fáein) minni* (sbr. umfjöllun í kafla 8.2.2).

Þessi óskýru og fljótandi mörk á milli blokka, undirblokka, minna og fleiri byggingareininga á mismunandi þrepum í þulustigveldi má líta á mynd 6:

Mynd 6: Byggingareiningar þulna og bygging þulutexta



8.3.2. Bygging blokka í þulum síðari alda

Bygging blokka og yfirblokka grundvallast að miklu leyti á sömu hliðstæðum og sjá má á lægri stigum þulubyggingar (sjá t.d. kafla 8.1.3 og 8.2.2, sem og 8.2.1). Jafnvel á svo háu þrepi í stigveldi byggingareininga í þulutextum skipta hljómlíkingar ákveðnu máli, en líkingar í merkingu og innra formi, í línubyggingu og setningaskipan, öðlast enn meira vægi en á neðri stigum stigveldisins.

8.3.2.1. Hliðstæður sem bygging blokka grundvallast á

Blokkin um mann(?) nokkurn sem er kallaður *Þórarinn stjarna* sýnir mikilvægi *hljómlíkinga* í byggingu blokka, en hún kemur m.a. í framhaldi af texta í (8-35) í kafla 8.3.1, sjá (8-37):

(8-37) [...] þú[er] \ert/ kominn þa[rn]a
 Þórarín stjarna
 förum við ofan i fjöruna
 og fáum okkur kjarna

⁹⁶⁸ DFS 67, 258v; Lbs 587 4to II, bls. 180[D] (2v í innskotsvinni á eftir bls. 180) (samsetningin með *Jón smár*); hins vegar er minnið um Narfa tilfært eftir Lbs 587 4to II, 180[B], sbr. Lbs 422 8vo, 56r; Lbs 587 4to II, bls. 127, 159.

opt hefur hún kona þín
ként á því arna. —⁹⁶⁹

Nafnvalið á Þórarni kann að tengjast stuðlasetningunni; *þ* er höfuðstafur og miðast við *þarna* í undanfarandi línu – en *þarna* tengist fyrir sitt leyti ríminu *stjarna* og síðar *kjarna*, *arna*, *Bjarna*⁹⁷⁰ o.s.frv. Á þennan hátt eru minni tínd saman í blokk, eins og tæpt var á í kafla 8.2.2. Hljóðlíkingar hljóta að hafa ráðið hér för að miklu leyti – ef ekki að mestu – þar sem í þessum þululínnum er ekki endilega samfelld merking eða sameiginleg setningabygging.

Setningafræðilegur þáttur kemur annars sterkar fram en sá hljóðfræðilegi þegar um samsetningu minna og einkum blokka er að ræða (samanborið við heiti), þótt hljóðlíkingarreglan gildi sem fyrr, eins og sýnt var í (8-37). Setningafræðileg líkindi skipta máli bæði í því að búa til mörg stök minni eftir einu líkani (sbr. 8.2.2) og tengja þau saman í blokk, enda standa minni með svipaðri setningargerð oft saman, sbr. (8-38) (líkar setningagerðir undirstrikaðar, hljóðlíkingar skáletraðar) sem getur einnig verið dæmi um byggingu þar sem fjölform er áberandi, en þar eru setningafræðileg líkindi oft mikilvægur þáttur (sbr. kafla 8.3.2.3, þ.á m. um *Kúaþulur I, II*):

(8-38) [...] *kýr okkar koma ofan af fjalli*
heimgángandi Híldur og Stjarna
gánga drynjandi Dröfn og Hríngja
Flekka og Fræna fylla þær skjólur
*Geit og Grana gánga til hellis [...]*⁹⁷¹

Mikil líkindi í setningagerð, ásamt hljómlíkingum, eru einnig í dæmi (8-32) (kafla 8.3.1) og tengja þar m.a. tvö minnapör saman í stutta blokk, líkt og í (8-32c) (merkingin er ekki endilega ráðandi í þessum tengslum).⁹⁷²

Merkingarlíkindi skipta þó talsvert meira máli í mörgum öðrum tilfellum, ekki síst í byggingu kúaþulublokkarinnar í (8-38), en þar virðist hávaði, sem kýrnar gefa frá sér, og vísun í lit og mynstur í kúanöfnum vera meðal ástæðna fyrir því að þessi minni standa hlið við hlið í blokkinni. Merkingarlíkindi skipta sömuleiðis miklu máli þar sem skeytt er saman blokkunum *Poki fór til Hnausa* og *Fylgdarmannatala*, sbr. dæmi (8-35) í 8.3.1, en minnið um „aungvann kvenna poka“⁹⁷³ framarlega í textanum, sem dæmið er komið úr, tengir textann tilfærðan í dæmi (8-35) við blokkina um Poka fremst í þulunni (hvort sem sami poki/Poki sé hér til umræðu eða ekki). Í samsetningum blokkanna *Poki fór til Hnausa* og *Jón smár* eru það sömuleiðis helst merkingarlíkindi sem færa blokkinar tvær saman, m.a. líkindin í nöfnum helstu persónanna: *Jón/Sigurður Jónsson vs. Jón smár* (hugsanlega ásamt ákveðnum líkindum í framferði nafnberanna). Aðrir þættir sem skipta máli við það hvernig minnum er raðað saman í blokk eru innra form þeirra og línubygging, sbr. kafla 8.2.1.

⁹⁶⁹ Lbs 587 4to II, bls. 90. Bil á milli orða er óreglulegt í handritinu, eiginlega stendur „fá um“. Broddar yfir *i* eru sömuleiðis óreglulegir og er þeim sleppt í uppskriftinni nema sterk rök séu fyrir öðru.

⁹⁷⁰ Bjarni þessi er t.d. í DFS 67, 425r („Ekki er minn' enn átján vættir // undir honum Bjarna“).

⁹⁷¹ Lbs 587 4to II, bls. 146. Að vísu er það aðeins *d* sem stuðlar í 3. línu (ekki *r*); eigi að síður er *r* hluti hljóðlíkingar. Jafnframt tekur *r* þátt í því að skapa hljómmynd eða tilfinningu fyrir gangandi kúahóp.

⁹⁷² Sbr. t.d. ákveðna þversögn í (8-32a) þar sem persónan á hest en virðist nota tvo jafnskjóta fyrir sinn helsta ferðamáta.

⁹⁷³ Lbs 587 4to II, bls. 89 („sá eg aungvann kvenna poka // betur kunna hús að moka“).

Líkindi sem tengja blokkir (og yfirblokkir) saman þegar þær mynda þulutexta eru af svipuðu tagi og þau sem tengja einstök minni í blokkir og svo blokkir í stærri yfirblokkir. Augljóst dæmi um merkingartengsl er það að blokkir, sem fjalla um svipað efni, fara oftast en ekki saman, t.a.m. *Jónsblokkirnar* í dæmi (8-35), eða blokkirnar *Konan mín í kofanum* og *Kona bónda gekk til brunns*,⁹⁷⁴ eða blokkirnar um gimbil, þ.e. *Gimbillinn mælti* og *Gimbill eftir götu rann*.⁹⁷⁵ Líkindi í setningargerð sjást þegar í upphafi blokkanna í síðustu tveimur þörunum. Svipað má segja um blokkirnar *Karl og kerling ridu á alþing* og *Karl tók til orða* og fleiri blokkir um karl (sjá Viðauka Ic.4–5), eða um Grýlublokkir: *Grýla reið fyrir ofan garð* og *Grýla er að vísu* (eða *Grýla reið með garði*); *Grýla reið í garðshorn* og *Grýla kallar á börnin sín* (en í þannig samsetningum virðast Grýlublokkirnar helst notaðar, sbr. Viðauka Ia.1 og Ib.1). Enn eitt dæmi er það að blokkin *Ekki heiti ég Eiríkur* (sbr. Viðauka Ic.7) kemur oft í beinu framhaldi af listanum yfir nöfn barna sem búkonan dillaði í upphafi þuluflokksins *Heyrði ég í hamrinum*, en Eiríknsnafnið er einmitt jafnan í síðustu línu nafnalistans.⁹⁷⁶ Fleiri dæmi um merkingar- og setningafræðileg tengsl á milli blokka og yfirblokka má tína til.

Hljóðlíkingar hjálpa sömuleiðis til að tengja blokkir og yfirblokkir saman í þulutexta, þótt tengimáttur þeirra virðist minnka þegar komið er svo hátt í byggingarstigveldi þulna. Oft verka hljóðlíkingar samsíða hliðstæðum í setningargerð og merkingu, t.d. í blokkunum *Tíkin hennar Leifu* og *Taфра gleypiti tuttugu hafra* (báðar blokkirnar fjalla um það sem óseðjandi hundur getur étið).⁹⁷⁷ Endurtekningum á Grýlunafninu og orðunum *karl, kona, gimbill* o.þ.h. í fyrstu línunum blokkanna fylgja einnig hljóðlíkingar. Stundum virðast hljóðlíkingar þó vera meðal þess helsta – ef ekki það eina – sem tengir blokkir í þulutexta. Dæmi um það eru blokkirnar *For ég ofan að sjó og saltaði netju* og *Lambið beit í fingur minn*; sú fyrri endar í Lbs 587 4to I, bls. 11–12 á línunum „Hljóp eg allra manna mest // átti eg þá aungvan hest“ en sú síðari hefst þar á „Hrafn flaug að austan // með egg í nefi“. Ekki virðist ólíklegt að hljóðlíkingin – þótt ófullkomin sé⁹⁷⁸ – hafi átt sinn hlut í því að einmitt þessi blokk og þetta afbrigði af upphafsminni hennar (frekar en t.d. „Valur flýgur vestan að“)⁹⁷⁹ varð fyrir valinu í framhaldi af „[...] átti ég þá aungvan hest“. Slíkar hljóðlíkingar eru þó ekki nauðsynlegt skilyrði þess að blokkir standi saman í þulutexta, ekki frekar – og e.t.v. jafnvel enn síður – en merkingartengsl eða líkindi í setningargerð. Í blokkunum *Stúlkan mín í steininum* og *Grænklædd og rauðklædd* eru hljóðlíkingar stundum meiri og stundum minni (8-39a,b) – en stundum ekki til staðar, eins og í (8-39c):

⁹⁷⁴ Þessar undirblokkir eru svo samgrónar að litið er á þær sem eina blokk við greiningu á yfirblokkinni *Sat ég undir fiskihlaða* í Viðauka Ic.2. Sbr. t.d. DFS 67, 250r; Lbs 418 8vo, 29v–30r; Lbs 421 8vo, 36r, 36v–37r; Lbs 587 4to II, bls. 2–3, 123, 174–175; Lbs 587 4to III, 41r–41v og 54v; Lbs 587 4to IX, 54r o.fl.

⁹⁷⁵ JS 289 8vo I, 29v–30r; Lbs 936 4to, bls. 370; Lbs 2184 b 8vo [I], [3v]; SÁM 85/347 EF (21289); SÁM 85/163 EF (20017); SÁM 85/124 EF (19470; sbr. 19479) o.fl. upptökur. Blokkirnar um gimbil eru vissulega ekki alltaf í sömu röð; röðin þar sem *Gimbill eftir götu rann* fer á undan *Gimbillinn mælti* var þó nærri horfin á 20. öld þótt hún hafi verið jafnalgeng hinni á 19. öld. Sbr. DFS 67, 435r; Lbs 587 4to II, bls. 176; Lbs 587 4to III, 56r–56v; Lbs 1124 8vo I, bls. 4–5.

⁹⁷⁶ DFS 67, 250v, 275r; AM 247 8vo, 7r; AM 960 XX 4to, 3r; AM 969 4to, 47v og svo mætti enn telja.

⁹⁷⁷ Sbr. umfjöllun í 6.1.2 og 8.1.4.5.

⁹⁷⁸ Orðið *hest* er í lágkveðu – ef hægt er að nota hugtakið *kveða* þegar þulur eiga í hlut, annars má segja að það sé til-tölulega áherslulítið.

⁹⁷⁹ Lbs 587 4to I, bls. 125.

(8-39a) Stúlkan min í Steininum
hún kemur ekki heim í kvöld
að borða fyrir Sveininum
blaklædd, grænlædd
vappar út um teigana [...]

(8-39b) Stúlkan í steininum
kemur eigi heim í kvöld
að borða fyrir sveinunum
hún er bæði grænlædd og rauðklædd
hleypur hún út um teygana
allir piltarnir vilja eiga hana [...]

(8-39c) Stúlkann í steininum,
kemur ekki heim í kvöld,
að borða fyrir sveininum,
stúlkan í steininum.
Rauðklædd og grænlædd,
gengur hún út um teigana [...]⁹⁸⁰

Stúlkublokkirnar koma þó reglulega fram saman, jafnvel þær sem hafa ekki hljóðlíkingu, sjá Viðauka Id.7.

8.3.2.2. Tengsl smærri byggingareininga í blokkum: Merkingarfræðilegur flötur

Merkingarfræðileg tengsl milli einstakra minna í blokk geta verið með ýmsu móti, en þau algengustu eru hliðstæðu-, andstæðu-, viðauka-, frásagnar-, samtals- og nándartengsl.

Hliðstæðutengsl (e. *parallelism*) eru með algengustu tengslunum, en svo kallast merkingarlíkindi með byggingareiningum sem standa nærri hver/hvor annari. Dæmi um slík tengsl eru í (8-38) – þar sem í a.m.k. tveimur minnum eru kýr sem koma og láta í sér heyrast – eða í runu minna í blokkinni *Par sitja ...* (sbr. (8-49) eða Viðauka Ib.6) eða í (8-32c) þar sem lýst er tveimur möguleikum til að fara leiða sinna á ferðalagi og virðist hvort tveggja gerast í sama eða svipuðu vetfangi.

Andstæðutengsl (mótsögn, þversögn; e. *opposition, contrast*) eru einnig algeng í þulum; hér nægir að benda á dæmi (8-32a)⁹⁸¹ eða rifja upp niðurlag *Þórnaldarþulu* með þessum öfugmælalínunum (8-40):

(8-40) [...] Hestur er mier horfenn,
Hómottur umm brannar,
baksär a bogum,
bundenn kiafftur i öl,

Halltur a Hægra auga,
Hryngeygður a vynstra fæte
fötur ur fitleyka,
falled Hófud ur tónn.⁹⁸²

Þessar línur eru ekki aðeins fjarstæðukenndar, í þeim gætir fáránleika. Eitt af hlutverkum þulna á síðari öldum var að skemmta, og slík *vitleysa* – eins og þulur hafa stundum verið kallaðar bæði í þulutextum og ummælum um þær⁹⁸³ – virðist hafa haft talsvert skemmtigildi.

Það er erfitt að draga skýr mörk á milli hliðstæðutengsla og svokallaðra *viðaukatengsla* (sbr. enska hugtakið *adding style*).⁹⁸⁴ Þau eiga sér stað þegar næsta minni eða undirblokk bætist við

⁹⁸⁰ (8-39a): Handrit Sigurðar G. Thorarensen í safni Páls Pálmasonar, [1rb] (nr. 5) (sbr. Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 2, kafli [1], bls. 1); (8-39b): Lbs 1911 8vo, laust blað fremst ([r]); (8-39c): Lbs 587 4to II, bls. 6 o.fl. handrit.

⁹⁸¹ Sbr. (8-32a); einnig: „Hljóp eg allra manna mest, // átti eg mér alhvítan hest“ (*ÍGSVP*, 4: 179, þ.á m. neðanmáls).

⁹⁸² AM 148 8vo, 254v (skv. blaðmerkingu handritsins).

⁹⁸³ ... og búin vitleysan er (*Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, 10: 367).

⁹⁸⁴ Lord, *The Singer of Tales*, 54.

augljóslega í framhaldi af minninu eða undirblokkinni á undan en þó án þess að skýr merkingarfræðileg ástæða fyrir þessari viðbót komi fram í málinu á umræddum minnum/blokkum eða liggi á annan hátt á yfirborðinu, eða ef þessi ástæða er veikari en þau tengsl sem samtengingin og skapar (eða komma í hennar stað). Viðaukatengsl eiga sér einnig stað þegar einhvers konar griporð tengja minni eða blokkir. Segja mætti t.d. að í (8-40) séu fáein minni bundin saman með viðaukatengslum fyrir tilstilli slíkra griporða (þau eru skáletruð hér); „fötur ur fitleyka“ kemur t.d. í framhaldi af orðunum „hryngeygdur a vynstra fæte“. Viðaukatengsl eru afar algeng í upptalningum, líkt og hliðstæðutengsl.

Önnur tengsl sem er stundum erfitt að greina frá viðaukatengslum eru *frásagnartengsl* (e. *narrative connections*), einkum veik, en frásagnartengsl myndast þegar minni eða undirblokkir gegna hlutverki ákveðinna atburðarásareininga (þ.e. flækja, framvinda, lausnir o.s.frv.) og mynda sem slíkar röktengsl sín á milli. Frásagnartengsl geta einnig verið til staðar milli einstakra minna í (samsettum) atburðarásareiningum. Frásagnartengsl geta jafnframt myndast þótt það sé erfitt að tala um atburðarás í frásögn, t.d. ef frásögn er stutt eða brotakennd en ákveðin röktengsl myndast þó milli eininga hennar (sbr. t.d. skýringartengsl á milli fyrstu tveggja línuparanna í *Gríla er að vísu*).⁹⁸⁵ Þessum tengslum er oft komið til skila með samtengingum. Ástæðu-, afleiðingar- og skýringartengsl eru algengust (en næstalgengust líklega tíðar- og staðarvísanir), sbr. afleiðingartengsl í dæmi (8-41a,b):

(8-41a) [...] Og tók frá mér hestinn minn bleika <u>Svo</u> eg átti' ekki nema strútóttann hund [...]	(8-41b) [...] þar kom <i>tröll</i> trítandi med Sinn hala rítandi og Stal frá mier hupnum mínum feita for eg aftur ein Sam all ad leita [...] ⁹⁸⁶
--	---

Í (8-41b) eru afleiðingartengsl í 4. línu augljós en engin samtenging er þó til staðar. Þegar samtenging er engin og tengslin eru þar að auki ekki eins augljós er erfitt að greina á milli frásagnartengsla og viðaukatengsla, eins og í dæmi (8-56b).

Enn önnur leið til að tengja byggingareiningar í þulu eru *samtöl* (e. *dialogues*), en frásögn í þulum er annars í 1. eða 3. persónu; þessi leið er þó tiltölulega sjaldgæf í þulutextum. Að því marki sem hægt er að dæma um fjölda þeirra sem tala – en frá þeim er sjaldnast mikið sagt í þulutextum – eru samtöl oftast en ekki tveggja persóna tal (tvítal). Samtölin gegna m.a. því hlutverki að tengja saman minni og stuttar blokkir og geta jafnvel staðið undir heilum þulutexta, sbr. (8-42):

(8-42) Drengurinn dóli hvar varstu um jólin Eg var uppá Helgafelli að hrista minn kjólinn Hvað fekkstu í kaupíð það var meir enn raupið fjórar álnir vaðmáls	hvað sneiðstú þér úr því ? b[o]nda mínum stakk og stutthempu mer pils og hempu möttul handa músinni kjálkhúu handa kettinum [...] ⁹⁸⁷
--	--

⁹⁸⁵ Þ.e. síðara línuparið má túlka sem skýringu á því að Gríla er kölluð *gömul herkerling* í 2. línu, sbr. (8-5).

⁹⁸⁶ Lbs 587 4to X, 8v; Lbs 587 4to VIII, 15r–15v.

⁹⁸⁷ JS 511 8vo, bls. 17. Þetta tvítal er í beinni ræðu, en þau geta einnig verið í óbeinni ræðu, sbr. (8-56a).

Sérstæðust fyrir þulur eru trúlega svokölluð *nándartengsl* (e. *proximity connections*); þau eru einnig einna mikilvægust fyrir þulubyggingu. Nándartengsl eru fólgin í því að minni og jafnframt blokkir loða saman án þess að standa í beinum merkingarfræðilegum tengslum, heldur einfaldlega vegna þess að þau eru í nástöðu í öðrum þulutextum. Dæmi um það geta verið blokkirnar *Jón smár* (sjá 8.3.1) og blokkinn *Rauða kippa Rannveigar* (með innganginum *Viltu nokkuð úr stroknum þeim* í (8-34b)). Þær geta báðar verið hluti yfirblokkarinnar *Lambið beit í fingur minn* – en geta einnig staðið tvær saman (og jafnvel haldið uppi heilum þulutexta) þótt enginn annar texti úr *Lambið beit í fingur minn* bætist við.⁹⁸⁸ Það sýnir að þessar blokkir hafi innbyrðis tengsl óháð öðrum texta úr *Lambið beit í fingur minn*; tengslin hafa líklega myndast í textum þar sem bæði þessar tvær blokkir og annað efni úr *Lambið beit í fingur minn* er með.⁹⁸⁹ Annað dæmi um nándartengsl er í (8-43):

(8-43) [...] Þorkell hét maðurinn, kirkjusmiðurinn. Hann spurði mig hvað eg ætti að færa? Tínurnar vænar — Hundur hoppaði,	kálfur beljaði, bað mig að geta gátu sinnar. Ekki gat eg hennar. Brennd[u] mig í lifur og lungu, brenndu mig í tungu [...] ⁹⁹⁰
--	---

Svo virðist að engin merkingartengsl séu á milli minnisins um gátu og orðanna „Brenndu mig í lifur og lungu“. Minnið um gátu er venjulega hluti af blokkinni *Sat ég undir stofuvegg* eða annarri útgáfu hennar sem hefst venjulega með *Hvað gerði goði* eða, enn oftast, *Fór ég til sjávar*. Minnið um að fá lifur og lungu og brenna sig í tungu (en minnið er venjulega þannig) er oftast hluti af blokkinni *Hvað gerði goði* (og þá venjulega á undan minninu um gátuna). Í ýmsum öðrum þulum standa þó minnin um gátu annars vegar og um lifur og lungu hins vegar saman og eru hluti af fremur eðlilegri frásögn, sjá (8-44a,b) (umrædd minni eru skáletruð):

(8-44a) [...] {g} hvað gerði goði? goði slátraði bekra sínum hvað gaf hann þér? <i>lifrina og lúngu</i> <i>og stakk í mig túngu,</i> {e} <i>bað mig að geta gátu sinnar</i> <i>illa gat eg hennar [...]</i>	(8-44b) [...] {g} þar var kominn góði, hann var að slátra Blíka (Bekra) sínum, <i>hann gaf mér Lifur og Lúngu</i> <i>brendi eg mig í Túngu,</i> {h} fór eg þá til sjáfar og saltaði netju, {c} þar kom maður með sinn trítandi Trana, <i>bað mig að géta gátu sinnar,</i> {e} <i>eg gat ekki gátunnar gétid [...]</i> ⁹⁹¹
---	--

Þetta leiðir til þess að minnin úr blokkum {g} og {e} geta staðið saman í þulutexta þótt ýmsir hlutar af frásögninni séu þar ekki fyrir hendi. Ástæður þess geta verið mismunandi. Það getur einfaldlega verið afbökun í munnlegri geymd.⁹⁹² Það getur þó einnig verið að stök minni hafi loðað saman án

⁹⁸⁸ Sbr. svipaðan texta í Lbs 587 4to II, bls. 137–139, en þar eru reyndar fleiri minni og jafnframt blokkir úr *Lambið beit í fingur minn* aftar í þulutextanum.

⁹⁸⁹ Slíkir textar eru t.d. í DFS 67, 258r–258v eða Lbs 587 4to II, 180[D] (2v í innskotstvistinni á eftir bls. 180).

⁹⁹⁰ DFS 67, 430v; sbr. AM 960 XX 4to, 2r.

⁹⁹¹ DFS 67, 188r; Lbs 1124 8vo I, bls. 26 (sbr. s.hdr., bls. 25). Sbr. einnig fleiri texta þar sem þessi minni standa jafnlangt (eða lengra) hvort frá öðru, t.d. Lbs 587 4to I, bls. 16; Lbs 587 4to IX, 61v; Lbs 2856 4to, 137r.

⁹⁹² Í samtali við ritgerðarhöfund tók Jón Samsonarson undir þessa skoðun.

Þess að standa í neinum áþreifanlegum tengslum vegna þess að þau fólu í sér vísanir í sögurnar sem allir þekktu einhvern tíma – hugsanlega (frásagnar)blokkirnar sem minnin voru fulltrúar fyrir. Þegar eitt minni úr slíkri sögu var nefnt hefur öll sagan runnið upp fyrir hlustendum, og þá var hægt að fara út í aðra sögu án þess að staldra lengi við, en þannig opnaðist möguleiki til að segja margar sögur í senn. Slíkt er þekkt frá hinum fornu þulum.⁹⁹³

Ýmislegt annað í (8-43) getur skýrst með nándartengslum; t.d. að minnaparið *Hundur hoppaði, // kálfur beljaði* skuli hafa lent við hliðina á gátuminninu – en slíkt er sjaldséð í öðrum textum. Minnaparið er hluti af blokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*, en hún stendur oft við hlið ýmissa hluta yfirblokkarinnar *Sat ég undir stofuvegg*, t.d. blokkanna *Kom ég þar að kvöldi* og *Hvað gerði goði*. Gátuminnið er fyrir sitt leyti líka hluti af *Sat ég undir stofuvegg*, eins og fram kom í umfjöllun hér að framan og í dæmi (8-31b) í kafla 8.3.1, og tengist ýmsum öðrum blokkum og minnum í þeirri yfirblokk – og í blokkinni *Gekk ég upp á hólinn* – missterkum nándartengslum. Það eru líklega þau sem gera gátuminninu kleift að tengjast minnaparinu *Hundur hoppaði, // kálfur beljaði* í (8-43).

Þá eru fyrstu fjórar línur í þulutextanum í (8-43) hluti af enn annarri blokk, *Sástu hvergi vorar meyjar* (sbr. Viðauka Id.1). Hún er hluti af yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, en hún tengist ekki *Sat ég undir stofuvegg* að fáeinum textum frátöldum, og það eru ekki heldur mikil tengsl á milli *Sástu hvergi vorar meyjar* og *Sat ég undir stofuvegg*. Textinn í (8-43) er á meðal þessara fáeinu texta, og skýring á byggingu þess er að hluta til einnig fólgin í nándartengslum. Yfirblokkinn *Lambið beit í fingur minn* stendur nefnilega nokkrum sinnum í tengslum við blokkina *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*, líkt og í dæmum (8-45) þar sem upphafslínur þessara blokka eru undirstrikaðar, en línur sem samsvara (8-43) skáletraðar:

(8-45) Lambið beit í fingur minn
spóinn datt í árgil.
[...]
Sástu hvorgi vora menn
framan undan fjöllum? —
Ég sá í fyrragær
fimm saman í flokki.
Einn var hann Þorkell kirkjusmiðurinn,
hann spurði mig að, hvort ég hefði
klæðanna dynurnar vænar bornar undir bláskel.

Kom eg uppá hól,
leit eg ofan í dal
sá eg hvar lánghala
ljek sjer við sauðinn,
kiði kiðivaði,⁹⁹⁴
kálfur baulaði,
hestur hneggjaði,
hundur hoppaði,
haninn gól,
það var um miðja morgunsól,
og þá kallaði hann Arnór<.>⁹⁹⁵

Nándartengsl geta verið svo sterk að blokkir og/eða minni standa stundum saman þótt blokk eða minni, sem hefur tengt þessar einingar, sé ekki í tilteknum texta,⁹⁹⁶ sbr. (8-46):

⁹⁹³ Гуревич [Gurevich], „Эволюция жанра тулы в средневековой исландской литературе“ [Þróun bókmennta grein-arinnar „þula“ í íslenskum miðaldabókmenntum], 140.

⁹⁹⁴ Í handritinu er línan undirstrikuð og merkt aftast með stöfunum NB.

⁹⁹⁵ Lbs 587 4to I, bls. 35–36.

⁹⁹⁶ Hér er ekki endilega átt við beint samhengi í tíma, þótt textinn í (8-46) standi í framhaldi af textanum í (8-43); það að textarnir standa í einni og sömu uppskrift tryggir hins vegar að þeir séu a.m.k. samtímis í umferð.

(8-46) [...] Sástu hvergi vora menn
fimmtán í flokki?
Þorkell biður þenna, kirkjusmiður.
Hann spyr mig, hverju eg eigi að klæðast?
Dýnurnar vænar,
dregnar undir bláskinn.
Þar kom maður rítandi^x

með sinn trana títandi;
bað mig að geta gátu sinnar.
Gat eg ekki getið —
H<l>jóp eg aptur um stund —
átt' eg mér strútóttan hund —
kom eg þar um kveldið,
er kerling sat við eldinn [...] ⁹⁹⁷

Í þessu dæmi er ekki að finna minnið um hundinn sem hoppaði og kálfinn sem beljaði (úr blokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*). Hugmyndin um þetta minni á þessum stað virðist eigi að síður vera við lýði, því að blokkirnar og minnin sitt hvorum megin við minnið í (8-43), þ.e. blokkin *Sástu hvergi vorar meyjjar* og minnið um gátuna, haldast hér saman. Í staðinn fyrir kálfinn er jafnframt kominn *maður* sem biður um að geta gátu sinnar, en slíkur maður er býsna algengur fyrir gátuminnið í yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg* (kálfurinn er það hins vegar ekki, hann tilheyrir annarri blokk). Yfirblokkirnar *Lambið beit í fingur minn* og *Sat ég undir stofuvegg* standa þar með hlið við hlið, milliliðalaust, sem er sjaldgæft eins og hér hefur þegar komið fram; nándartengsl virðast þó hafa komið þessu í gegn, og ber það styrkleik þeirra vitni.

8.3.2.3. Fjölform

Hér að framan var oftast en einu sinni minnst á fjölform (e. *multiform*), og þá einkum í tengslum við byggingu upptalningarblokka annars vegar og hins vegar við byggingu stakra eininga – heita og minna – sem talin eru upp, en fjölform hefur áhrif á hvorar tveggja einingarnar (þ.e. bæði upp á við og niður á við í byggingarstigveldi þulna). Hugtakið *fjölform* er hér notað í þeirri merkingu sem Frog leggur upp með, en hann byggir einkum á verkum eftir Lauri og Anneli Honko og Alison Wray:⁹⁹⁸

(Linguistic) multiform: a collocative system, established in the mind of an individual, of ‘words’ and potentially also elements of syntax, morphology, or equivalence sets of alternate ‘words’, that operates at the level of verbal texture.⁹⁹⁹

sbr.:

[...] a collocative system made up of specific verbal units (lexemes, formulae) and/or sets of these within function-specific (semantically, syntactically and/or metrically conditioned) equivalence classes that together form a coherent indexical system in the memory of an individual.¹⁰⁰⁰

Þegar þjóðkvæði eiga í hlut má segja, með hæfilegri einföldun, að fjölform sé kerfisbundið samspil formúlna og annarra þátta, m.a. bragfræðilegra og setningafræðilegra, í stærri textaeiningu en formúla

⁹⁹⁷ DFS 67, 432r–432v (neðanmál: „x sumir: „tröll rítandi““; í handritinu er x í meginmáli reyndar í svipaðri hæð og aðrir stafir, hér er það hækkað lesendum til hægðarauka).

⁹⁹⁸ M.a.: Honko og Honko, „Multiforms in Epic Composition,“ 31–79; Wray, *Formulaic Language and the Lexicon*.

⁹⁹⁹ Frog, „Formulaic Language and Linguistic Multiforms: Questions of Complexity and Variation,“ 256. Skilgreining á hugtakinu ‘word’ er á þessa leið: „*Vernacular/registral ‘word’* (in quotes): a simplex word or a formula – a basic integer of language that can be considered to have an exclusive entry in the mental lexicon.“ (S.r., 255.) Í þessari grein er gott yfirlit yfir sögu og notkun hugtaksins.

¹⁰⁰⁰ Frog, „Linguistic Multiforms in Kalevalaic Epic: Toward a Typology,“ 62–63.

nær yfir. Þetta samspil skipuleggur texta (gefur honum skýrari formgerð) og auðveldar flytjanda að breyta til, ekki aðeins innan smærri eininga, t.d. innan minna, heldur einnig að skipta út heilum minnum og minnapörum innan upptalningar.¹⁰⁰¹ Þannig myndast stærri og flóknari einingar í kvæðabyggingu sem má líkja við eins konar yfirformúlur, eða formúlur í öðru veldi. Þessar flóknari einingar verða jafnframt einhvers konar millistig eða brú á milli formúlna og talsvert stærri inntakseininga sem frásögn kvæðisins samanstendur af (eða þá annars konar kvæðatexti), þar sem formúlur eru tiltölulega litlar form- og inntakseiningar sem verka á svipuðu stigi í þulubyggingu og tungumálflutnings, þ.e. á grunnstigi, líkt og minni og heiti. Fjölform má því líta á sem form- og inntakseiningar á svipaðan hátt og formúlur; áhersla á formhliðina er hugsanlega jafnvel meiri í fjölformum þar sem fjölform ganga einkum út á samspil bragformsins og annarra formþátta við endurteknar formúlur og tilbrigði í þeim.

Fjölform skerpa formgerð byggingareininga og eru fyrir vikið mest áberandi í upptalningum á nöfnum og einkum minnum í blokkum með tiltölulega reglulega byggingu, t.d. í ættartölulistanum í *Heyrði ég í hamrinum, Kúaþulum II*, blokkunum *Þar sitja ...* (í flokknum *Bokki sat í brunni*), *Draum dreymdi mig, Táta, Táta, Nefjatala, Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* og fleiri.

Ættartölulistinn er í stuttu máli niðjatala – oftast Óðins – í karllegg, þannig að hver lína hefst á því nafni sem föðurnafn í næstu línu á undan var myndað út frá. Nöfnin eru til skiptis tveggja og þriggja atkvæða, hin síðarnefndu eru oftast en ekki samsett; í nafnapörum sem hefjast á ósamsettu (og óviðskeyttu) nafni stuðla nöfnin saman, sjá oddalínur í (8-47):

(8-47) [...] Skambur Skjæríngsson, Skjæríngur Brandsson, Brandur Björgólfsson, Björgólfur Hríngsson, [...]	Refur Ráðfinnsson, Ráðfinnur Kolsson, Kolur Kjervarðsson, Kjervarður Bjórsson [...] ¹⁰⁰²
--	--

Þessi formúla nær yfir tvær línur: ,(1) N2₁[NF] + N3₁[EF]-son, (2) N3₁[NF], + N2₂[EF]-son':¹⁰⁰³

- tvíkvætt nafn í nefnifalli + þríkvætt nafn sem stuðlar við fyrra nafnið, í eignarfalli, -son;
- þríkvæða nafnið í nefnifalli + næsta tvíkvæða nafn, í eignarfalli, -son.

Formúlan er svo endurtekin eins oft og nafnapörin verða mörg, sbr. (8-11), með tilbrigðum í nöfnum – og með tilheyrandi og endurtekningum í setningaskipan sem er eins í (flest)öllum línunum. Línupörin tengjast þar sem nafnið N2₂ (þ.e. *Brandur* í línu 2 í (8-47)) tekur sæti nafnsins N2₁ við endurtekningu

¹⁰⁰¹ Í blokkinni *Draum dreymdi mig* sitja stundum rekkar á seljum, af rekkunum renna dreyrar, en hrafnar drekka af dreyrunum, sbr. dæmi (8-21); en stundum sitja hrafnar aftur á móti á selju og dreyrar renna af hröfnum – enginn virðist drekka af dreyrunum heldur „vokir“ af þeim „á skýum“ (JS 289 8vo I, 30r) o.s.frv.

¹⁰⁰² AM 969 4to, 47v.

¹⁰⁰³ Stöku línur ganga reyndar ekki alveg upp í almenna hrynjandi miðað við lengdarreglur í íslensku nútímamáli, einkum *Bjór Brettingsson* nær lokum listans, t.d. í (8-11), með aðeins eitt atkvæði í fyrra nafninu (þótt þungt sé). Sé listinn hins vegar greindur út frá hinum endurgerða forna framburði þá eru nöfnin til skiptis eitt þungt atkvæði (t.d. *Ref(u)r*; stundum ofurþungt (*Bjór(r)*) eða með þungum samhljóðaklasa (*Kamb(u)r*), þá einkum í upphafi eða undir lok listans) – og tvö atkvæði sem bæði þurfa að vera þung (sbr. *Skæring(u)r*). Línur eins og *Bjór Brettingsson* ganga ágætlega upp í þetta mynstur, og getur það verið vísbending um háan aldur listans (eða hluta hans). Formúlan er þá þessi: (1) N1₁[NF] + N2₁[EF]-son, (2) N2₁[NF], + N1₂[EF]-son, og má eina atkvæðið í nafninu ekki vera létt.

formúlunnar (í línu 3). Slík uppbygging ein og sér tryggir mikinn samhljóm í línunum, m.a. keðju-
 stuðlun, keðjurím (innrím á ská á milli línanna: „Skjæríngur *Brandsson*, // *Brandur Björgólfsson*“;
 rímið er skáletrað), veikt endarím (-son) o.fl. Allir þessir bragþættir byggja að vísu á endurtekningum
 (sem dregur úr bragfræðilegu gildi þeirra), en þeir stuðla eigi að síður að samhljómi í þulunni. Kerfis-
 bundin skipting tveggja og þriggja atkvæða nafna í rununni leggur aukahömlur á nafnagerð og á þá
 staði sem hvert nafn getur skipað í þululínu – og skerpir enn á skipulagi textans. Innan hvers nafna- og
 línupars eru formúlur að verki, en það að hver formúla er endurtekin nokkrum sinnum (misoft í ýms-
 um textum) virkjar tengingar á milli formúlna og gerir formúlurnar að hluta flóknara kerfis sem nær
 yfir stærri textaeyningu – (mest)allan listann, en hann er stærsti hlutinn í sinni blokk.

Fáeinir nafnaupptalningar til viðbótar eru af svipuðu tagi, einkum nokkrir hlutar *Stapadans*,
 sbr. dæmi (8-48) (ljóðstafir eru skáletraðir en veikt rím undirstrikað með punktalínu):

(8-48) [...] Gunnar prestur,
 Gróinn strákur,
 Magnús maðkur,
 Sigurður sultur [...] ¹⁰⁰⁴

Hver lína samanstendur af eigin nafni (oftar en ekki tveggja eða þriggja atkvæða) og öðru tveggja
 eða þriggja atkvæða orði sem getur verið niðrandi viðurnefni (*maðkur*, *sultur*) eða táknað starf eða
 stétt mannanna (*prestur*), og mynda þessir tveir möguleikar saman „equivalence sets“ sem minnst
 var á í skilgreiningu á fjölformi hér að framan. Orðin í línunni stuðla oft saman, en þegar svo er
 ekki bætir jafnan annar bragþáttur það upp (t.d. stuðlun við næstu línu eða rím). Missterkt endarím
 er oft aukapáttur í þessu fjölformi. ¹⁰⁰⁵

Fleiri nafnalistar í þulum eru þó með þeim hætti að nöfn eru tínd til – eða búin til – og línur eru
 byggðar eftir ákveðnu skapalóni sem nær þó varla að flokkast sem formúla í þeirri merkingu sem
 hugtakið er notað hér, enda er merkingarþáttur, sem jafnan á að vera í formúlu, ekki endilega til
 staðar. Þetta eru listar eins og nöfn barnanna í hamrinum: „Ínguni, Kínguni, // Jóruni, Þóruni [...]“
 (dæmi (8-8) í kafla 8.1.4.3). Einnig virðist mögulegt að beita hugtakinu *fjölform* á slíka lista, sbr.
 seinni skilgreininguna á fjölformi sem er tilfærð hér að framan eða stuttu lýsinguna á fjölformi sem
 „clusters of language comprised of formulae and/or simple lexical items – i.e. multiforms“. ¹⁰⁰⁶ Þar er
 gert ráð fyrir því að ekki þurfi merkingarbæra formúlu til að mynda fjölform heldur geti les (e. *lex-*
eme) einnig myndað fjölform ásamt einhverjum af hinum þáttunum (bragfræðilegu, setningafræði-
 legu, merkingafræðilegu o.s.frv.). ¹⁰⁰⁷ Það er þó ekki víst að hugtakið *fjölform* í þessum skilningi

¹⁰⁰⁴ DFS 67, 360r. Fyrsta lína er vissulega skrifuð „þar var í gleðinni Gunnar prestur“ í handritinu, en líklegt þykir að
 hér séu í raun tvær línur ritaðar saman sem ein.

¹⁰⁰⁵ Svipaðar nafnaformúlur má oft sjá í Þórnaldarþulu, sbr. umfjöllun í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic
 Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“, 55–57.

¹⁰⁰⁶ Frog, „Formulaic Language and Linguistic Multiforms: Questions of Complexity and Variation“, 253.

¹⁰⁰⁷ Annar möguleiki til þess að túlka hugtakið *fjölform* þannig að það nái yfir eins og nöfn barnanna í hamrinum er sá
 að taka það gilt að táknið formúlu geti verið autt (s.r., 252, nmgr. 1). Þá getur t.d. bragfræðileg formúla, einnig verið
 uppistaða fjölforms, þar sem hún er „a morpheme-equivalent unit“ (Wray, *Formulaic Language: Pushing the Boundaries*,
 11–12) sem „has its own entry in a competent user’s mental lexicon“ (Frog, „Formulaic Language and Linguistic
 Multiforms: Questions of Complexity and Variation“, 255) – en er þó ekki endilega „an integer of traditional meaning“
 (Foley og Ramey, „Oral Theory and Medieval Studies“, 80).

lýsi byggingu slíkra lista en summa þátta á borð við bragfræðileg og orðmyndunarfræðileg líkindi. Hugtakið *kristöllun* (e. *crystallization*) kann jafnframt að lýsa slíkum listum betur, og reyndar fleiri einingum í þulum síðari alda.¹⁰⁰⁸ Hugtakið lýsir myndun fastari tengsla milli ákveðinna eininga tungumáls frásagnarinnar (frekar en innihaldseininga hennar) sem leiða til þess að í textum myndast fasttengdri klasar¹⁰⁰⁹ – t.d. línuklasar – sem formúlur og sambærilegar einingar taka ekki endilega þátt í. Slíkir klasar verða hins vegar sjálfir að einingum sem hjálpa flytjanda að koma innihaldseiningum frásagnarinnar á framfæri og brúa bilið á milli tungumáls og inntakseininga frásagnar, þ.e. gegna svipuðu hlutverki og fjölform en með sínum hætti.¹⁰¹⁰

Fjölform virðast því hafa meira gildi við lýsingu á byggingu upptalninga á minnum en nöfnum. Stutt upptalning minna úr *Stapadansi* – en blokkinn er blönduð upptalning á nöfnum og minnum (sbr. 8.3.1 og umfjöllun um blokkina í Viðauka Ia.2) – sýnir einfalt fjölform í verki, sjá línur úr (8-4) í kafla 8.1.3 (stuðlar eru skáletraðir en sameiginlegi stofninn í nöfnunum undirstrikaður):

(8-4(2)) [...] Grætur Gunnhildur,
dansar Dómhildur,
ríkir Ráðhildur [...] ¹⁰¹¹

Í hverri línu er minni sem samanstendur af sagnorði í nútíð, 3. pers. et. (tvö atkvæði; S), og þríkvæðu samsettu kvenmannsnafni með *-hildur* sem seinni stofninn, en fyrri stofninn (N) stuðlar við sagnorðið sem lýsir því sem konan hefst að. Formúlan er því: ‚S2[NT.3PERS.ET] N-hildur‘. Hvert minni er byggt eftir sömu formúlu, en með endurtekningu hennar og öllum hliðstæðum sem myndast við það á milli lína verður fjölform til.

Annað afar skýrt dæmi um fjölform er blokkinn *Þar sitja ...*, sjá dæmi (8-49), en þaðan eru línurnar (orðhlutar sem ríma eru undirstrikaðir en tilfallandi ljóðstafir skáletraðir):

(8-49) [...] þar sitja <u>Sistur</u> og skafa <u>Gullkistur</u> , þar sitja <u>sveinar</u> og skafa <u>Gullteina</u> ,	þar sitja <u>mágar</u> og skafa <u>Gulltágar</u> , þar sitja <u>kallar</u> og skafa <u>Gullpalla</u> [...] ¹⁰¹²
---	---

Hvert línupar hér er samansett með aðstoð þessarar samsettu formúlu með breytistærðum: ‚þar sitja N2[NF.FL] að/og skafa gull-O2[PF.FL]‘ þar sem N er tvíkvætt nafnorð í fleirtölu sem táknar ákveðinn hóp manna (stuðlar við *sitja* í fyrstu línupörum) en O er annað tvíkvætt nafnorð í fleirtölu sem

¹⁰⁰⁸ Hugsanlega getur kristöllun gert grein fyrir samsteypum mjög laustengdra minna sem hanga eigi að síður saman, eins og t.d. fremst í blokkinni um Sigurð Jónsson á þingi (sjá dæmi (8-35) í kafla 8.3.1, einkum einingarnar {f,g} og framan af {h}) eða *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* (sjá umfjöllun í Viðauka Id.1).

¹⁰⁰⁹ Sjá: Siikala, *Interpreting Oral Narrative*, 80–86) og Frog, „Formulaic Language and Linguistic Multiforms: Questions of Complexity and Variation,“ 255; sami, „*Alvíssmál* and Orality I,“ 51–55. Orðið *frásögn* eins og það er notað hér gerir ekki endilega ráð fyrir atburðarás.

¹⁰¹⁰ Sbr. Frog, „Formulaic Language and Linguistic Multiforms: Questions of Complexity and Variation,“ 253, m.a. nmgr. 4.

¹⁰¹¹ Línurnar minna óneitanlega á „Gunnríður gjedda // Ketilríður bredda // Ingiríður kúra“ í Lbs 1151 8vo [KV], bls. 47, enda eru viðurnefni hálfgerð minni í eðli sínu.

¹⁰¹² Lbs 587 4to II, bls. 46.

rímar við X og tákna þá hluti sem N eru að skafa. Rímið er vissulega ekki alltaf nákvæmt (t.d. ef N og/eða O er karlkynsorð).

Sams konar fjölform má sjá í *Kúapulum II*, en það er runa af línupörum þar sem formúla stýrir byggingu seinni línunnar og nafni kýrinnar sem þar er nefnd; nafnið er jafnan tvö atkvæði og myndar endarím við fyrri línuna. Seinni línan samanstendur af orðunum *segir hún* (eða *hann* ef boli tekur til máls) og nafni kýrinnar/bolans. Fyrri línan er hins vegar tiltölulega frjáls, en í henni tekur hver kýr/boli til máls; sbr. (8-20(1)) þar sem ljóðstafir eru skáletraðir en rím undirstrikað:

(8-20(1)) *Sólin skín á fossa*
segir hún Krossa.
Við skulum tjalda
segir hún Skjalda.

Niðurvið *ána*
segir hún Grána.
Jeg skal snjónum spirna
segir hún Hirna [...]¹⁰¹³

Kúapulum II eru dæmi um tiltölulega lauslega skipulagt fjölform, þótt í því séu flestir vanalegir þættir virkir (bragform, setningaskipan og orðmyndun).

Dæmi um talsvert flóknara skipulag á fjölformi er hins vegar blokkinn *Draum dreymdi mig*, sbr. upptalningu í (8-50), ljóðstafir eru skáletraðir en rím undirstrikað (veikt rím með punktálínu):

(8-50) [...] af þeim beljum
brunnu seljar;
á þeim seljum
sátu rekkar,

af þeim rekkum
runnu dreyrar;
af þeim dreyrum
drukku hrafnar [...]¹⁰¹⁴

Í hverju stuttlínuþari – eða langlínu, þegar blokkinn er skrifuð svo í heimildum, sbr. (8-21) – eru tvö tvíkvæð nafnorð. Hið fyrra er jafnan í þágufalli¹⁰¹⁵ og stjórnast af forsetningunni *af* fremst í fyrri stuttlínunni,¹⁰¹⁶ en síðara nafnorðið – í seinni stuttlínunni – er oftast í nefnifalli; oft eru bæði orðin í fleirtölu. Fyrra nafnorðið endurómar seinna nafnorðið í stuttlínuþarinu á undan, þ.e. um er að ræða keðjubyggingu (sbr. t.d. *Ættartölu* í kafla 8.1.4.3). Fremst í seinni stuttlínunni er svo oftast tvíkvætt sagnorð í þátíð, 3. persónu, fleirtölu (og með fá tilbrigði) sem stuðlar við nafnorðið í fyrri stuttlínunni. Formúlan er þá í stórum dráttum þessi: ‚af þeim N₂[PGF.(FL)] // S₂[(PT).3PERS.(FL)] + N₂[NF.(FL)]‘; hún er endurtekin eftir þörfum, og er næsta línupar þá ‚af þeim N₂[PF.(FL)] // S₂[(PT).3PERS.(FL)] + N₃[NF.(FL)]‘ o.s.frv. Slík keðjubygging, þar sem hver lína endurómar línuna á undan, með fastmótað línuupphaf og orðaröð í hverri línu og fastan atkvæðafjöldi í hverju orði styður við textann. Þá tryggir þetta fyrirkomulag tiltölulega reglulega stuðlasetningu með stuðlapar í hverri langlínu eða stuttlínuþari, auk keðjustuðlunar þar sem seinna nafnorðið í formúlunni (N₂) er svo fyrra orðið í næsta stuðlapari (sjá kafla 7.3.2). Í fjölforminu í þessari blokk eru þannig bragfræðilegur, setninga-

¹⁰¹³ AM 960 IX 4to, 2r.

¹⁰¹⁴ DFS 67, 403r; sbr. AM 960 IX 4to, 9r (dæmi (7-40b)) og DFS 67, 258r.

¹⁰¹⁵ Orðið getur verið í eintölu en þá helst karlkyns til að passa við *þeim*, t.d. *af þeim mána* (AM 960 IX 4to, 9r).

¹⁰¹⁶ Sjaldnar er forsetningin *að* eða *á*, og þá oftast í orðasamböndum á borð við *að þeim seljum* og *að þeim laukum*, sbr.: Lbs 587 4to II, bls. 76–77; Lbs 587 4to III, 1va (virðist í báðum tilfellum leiðrétt úr *af*); Lbs 414 8vo, 123r o.s.frv.; einnig *á þeim seljum* (DFS 67, 403r, Lbs 587 4to IV, 2r og víðar), *á þeim laukum* (Lbs 424 8vo, 33r og víðar), *á þeim himni* og *á þeim stjörnum* (Lbs 587 4to IV, 2r) o.s.frv.

fræðilegur og jafnvel formfræðilegur þáttur – nánar til tekið form- og myndanfræðilegur – þar sem takmarkanir eru á gerð orða, t.d. hvað snertir atkvæðafjölda, fall o.s.frv. Slíkt tryggir blokkinni afar stöðuga byggingu.

Dæmin hér að framan eru af óslitnum fjölformum, en fjölform í þulum getur einnig birst sem stakar línur eða línupör á stangli í þulutexta, eins og í *Stapadansi* eða *Kúapulum I* sem er einnig blönduð upptalning á minnum og nöfnum, sbr. dæmi (8-51) (ljóðstafir er skáletraðir en orð sem ríma undirstrikuð (hálfím undirstrikað með punktalínu)):

(8-51) [...] lla og Hún Ala
Ofanaf Skála
Geít og hún Gála
Gánga þær í h[e]llir
[...]

Dúfa og hún Dalla
Drynja þær allar.
[...]
Frekna og hún Fræna
Fylla þær skjólu [...] ¹⁰¹⁷

Í fyrri línu hvers línupars eru tvö nöfn sem stuðla, að viðbætti samtengingunni *og* og fylliorðinu *hún*. Í seinni línunum er lýsing á því hvað kýrnar gera þar sem fremst er sagnorð (nútið, 3. pers. fleirtala) með höfuðstaf (S), svo fornafnið *þær* (sbr. þó 2. línu í (8-51)) og loks breytistærð sem getur t.d. verið andlag, atviksliður o.fl.; samtals ,N2₁ og hún N2₂ // S2[NT.3PERS.FL] þær X'. ¹⁰¹⁸


Hugtakið *fjölform* er afar lýsandi fyrir byggingu allnokkurra upptalningarblokka; líkt og hugtakið *formúla*, sem það stendur í nánnum tengslum við, tilheyrir fjölform ekki kerfi inntakseininga (líkt og heiti og einkum minni og blokkir) heldur form- og inntakseininga. Bæði formúla og fjölform virka því ekki síst á sviði tengsla á milli kveðskaparforms og inntakseininga kveðskapar og á sviði tengsla á milli smærri inntakseininga innan þeirra stærri. Í þulum hjálpa formúlur að skýra formgerð minna (og jafnframt sumra heita) en fjölform skýra og treysta tengsl á milli minna og heita innan undirblokka og blokka og undir ákveðnum kringumstæðum tengsl undirblokka í blokkum (t.d. í brotakenndum blokkum líkt og *Stapadans* eða *Kúapulum I*). Fjölform og formúlur mynda á þennan hátt kerfi sem má kalla hliðstætt kerfi inntakseininga (og formseininga í tilfelli fjölforms) og sem er gagnlegt að nota samhliða því, sbr. mynd 7: ¹⁰¹⁹

¹⁰¹⁷ Lbs 587 4to II, bls. 179–180.

¹⁰¹⁸ Önnur línan í (8-51) er vissulega undantekning. Þar er hvort tveggja sagnorð og fornafn undanskilið en atviksliður er þó til staðar og merkingin skilar sér með svipuðum hætti og t.d. í næsta línupari.

¹⁰¹⁹ „Classic OFT was not well suited to approaching shorter poetic forms [...], whereas multiform theory offers a framework for addressing mechanisms behind such poetries' more stable sequences of text“ (Frog, „Formulaic Language and Linguistic Multiforms: Questions of Complexity and Variation,“ 254).

Mynd 7: Kerfi inntakseininga og hliðskipað kerfi form- og inntakseininga



8.3.3. Gerðir blokka

Blokkir í þulum eru af mismunandi gerðum, líkt og komið hefur fram í fyrri verkum þeirrar er hér ritar¹⁰²⁰ og hér að framan, einkum í kafla 8.1.3 og 8.3.1–8.3.2. Algengustu gerðirnar eru í fyrsta lagi upptalningar á heitum (samnöfnum sem sérnöfnum, sbr. kafla 8.1), í öðru lagi upptalningar á minnum (sbr. 8.2) og í þriðja lagi blokkir með ákveðna þætti frásagnarbyggingar, eða með nokkurs konar atburðarás (hér eftir kallaðar *frásagnarblokkir*). Hér verður sagt nánar frá hverri gerð blokka fyrir sig – einkum frásagnarblokkum sem hafa lítt verið ræddar hér – og nefndir helstu fulltrúar hvernar gerðar miðað við þuluhefðina á 17.–20. öld, sér í lagi blokkir sem standa sjálfstætt í þulutextum.

8.3.3.1. Upptalningar á heitum

Blokkir, sem eru óblandaðar upptalningar á heitum að stofni til, eru ekki margar. Þeirra á meðal eru upptalningar á nöfnum Grýlubarna (dæmi (8-29) og (8-5); Viðauki Ia.1), nöfnum barna í hamrinum ((8-8), (8-9a,b); Ia.3) og frænda í yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* ((8-11) og víðar; Ia.3) eða dætra á eftir blokkinni *Táta, Táta* (Ia.5). Einnig má nefna upptalningar á hlutum í tengslum við *Jón smár* og *Lambið beit í fingur minn* (m.a. *Rauða kippa Rannveigar* í (8-34b), *Súrsaður rass af sel* o.fl.; Ia.8), *Karl fór yfir á* í (8-16a) og *Ríðum og ríðum til Logalanda* (Ia.7 og Ia.9). Aðrar blokkir eru hins vegar blandaðar upptalningar á heitum og minnum; t.d. *Stapadans* (dæmi (8-4); Viðauki Ia.2), kúapulur ((8-24a–d) og (8-38); Ib.2), *Bárður á Jökli* (Ia.6), *Tafra gleypiti tuttugu hafra* og *Tíkin hennar Leifu* ((8-17a,b); (Ia.10)) o.fl. Sumum af þessum blönduðu upptalningum er lýst á sama stað (í Viðauka Ia), t.d. blokkum þar sem heiti virðast vega þyngra og/eða þar sem tengsl eru á milli umræddra blokka og annarra sem fjallað er um í þessum tiltekna kafla (sbr. tengsl *Stapadans* við *Fylgdarmannatölu*). Öðrum blokkum, þar sem minni virðast veigameiri og/eða tengsl eru við blokkir sem byggjast á upptalningum á minnum (líkt og *Kúapulur I* tengjast *Kúapulurum II*), er lýst í Viðauka

¹⁰²⁰ Sbr.: Ершова [Yershova] „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar], 158–178; Yelena Sesselja Helgadóttir, „Tilbrigði í byggingu færeyskra *skjaldrá* og íslenskra þulna,“ 65–89.

Ib. Heiti eru jafnframt talin upp – oft á afar kerfisbundinn hátt – í blokkum sem eru fyrst og fremst upptalningar á minnum. Sem dæmi má nefna blokkina *Táta, Táta* (Ib.8) þar sem taldar eru upp ýmsar staðsetningar og störf sem dætur Tátu fást við, en í hverri staðsetningu og í hverju starfi er fólgið heiti, eitt eða fleiri, sbr. „nú í nesi // naut að geima“ í (8-52) (leturbreyting mín – YSH).

Blokkir, sem eru upptalningar á heitum að stofni til, skiptast enn fremur í upptalningar þar sem sérnöfn eru ríkjandi og svokallaðar öfugmælablokkir;¹⁰²¹ þær síðarnefndu eru einkum *Karl fór yfir á, Tíkin hennar Leifu* og *Taфра gleypti tuttugu hafra, Bárður á Jökli, Ríðum og ríðum til Logalanda* og upptalningar á kynlegum hlutum í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*. Öfugmælablokkir hafa heldur stöðugri lengd og byggingu, og fleiri af þeim eru nokkuð reglulegri bragfræðilega en upptalningarblokkir, a.m.k. að hluta. Þessu tengist trúlega það að fjölform eru oft þáttur í byggingu slíkra blokka, en fjölform finnast reyndar líka ósjaldan í sérnafnablokkum, t.d. í *Ættartölu* þar sem sjálft nafnakerfið er þáttur í fjölformi. Slíkar reglulegri öfugmælablokkir virðast eiga erfiðara með að tengjast öðrum þulublokkum, en aðeins fáar þeirra mynda sterk tengsl við aðrar þulublokkir, t.d. *Tíkin hennar Leifu* og *Taфра gleypti tuttugu hafra* sem eru svo nátengdar að túlka mætti þær jafnframt sem eina blokk með tvenns konar inngangi, eða upptalningar á kynlegum hlutum sem tengjast jafnan yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* og/eða blokkinni *Jón smár*. Aðrar blokkir í öfugmælahópnum, sem eru ekki eins reglulegar bragfræðilega, ná hins vegar að mynda tengsl við aðrar þulublokkir, hvort sem öfugmælablokkirnar eru sjálfstæðar, eins og *Karl fór yfir á*, eða ekki, eins og *Rauða kippa Rannveigar*. Það greinir þær skýrt frá ekki aðeins öfugmælablokkum með reglulegra bragform heldur einnig sérnafnablokkunum sem eru nokkuð lokaðar og ná ekki að mynda sterk tengsl við aðrar þulublokkir (ekki frekar en bragfræðilega reglulegar öfugmælablokkir). Þetta sýnir að það er ákveðið neikvætt samband milli reglulegra bragforms og hæfileika blokka til þess að mynda tengsl við aðrar þulublokkir; m.ö.o. að bragform skiptir meira máli en það hvort blokkin er sjálfstæð eða ekki og tilheyrir sérnafnablokkahópnum eða öfugmælahópnum. Þá virðast öfugmælablokkir vera svo að segja opnar aðeins í aðra áttina, þ.e. taka við efni frá öðrum blokkum¹⁰²² en deila síður eigin efni með öðrum þulum.

Bygging heitalista var rædd nokkuð ýtarlega í kafla 8.1.3. Upptalningar á heitum eru oft með inngangi og/eða niðurlagi, líkt og sjá má þegar í mörgum fornþulum¹⁰²³ og títt er t.d. í Grýluþulum og kúaðulum, sjá dæmi (8-29) og (8-5). Upptalningar án inngangs eða niðurlags eru sjaldgæfari (t.d. á sumum listum yfir dansfólk, fylgdarfólk eða ýmsa hluti).

¹⁰²¹ Jón Samsonarson („Barnagælar“, t.d. 98–99) kallar þess háttar þulutexta *ólíkindaþulur*.

¹⁰²² Hér má vísa til blokkanna *Bárður á Jökli*, sem fékk lánaðar línurnar „tú stíkur vaðmáls // konu þinni í pils“ (Lbs 587 4to I, bls. 103) úr blokkinni *Drengurinn Dóli*, og *Ríðum og ríðum til Logalanda* með línurnar „Ríðum ríðum hart í skóginn. // long er leiðin löt eru trippinn“ (SÁM 30a, 161r) fengnar að láni úr vísu eða annarri þulublokk – en slíkar línur má einnig finna á eftir blokkinni *Við skulum ríða sandana mjúka* (SÁM 30a, 472r, sbr. SÁM 30b, 83r) og skyldar línur, *Týnt hef ég knífi, // troðið hef ég skó* o.áfr., í blokkinni *Lambið beit í fingur minn* (DFS 67, 433r–433v), á eftir *Stígum við stórum* (Lbs 587 4to II, bls. 134) og víðar.

¹⁰²³ Dæmi um inngang er í Þorgrímsþulu II, 1¹⁻²: „Gamalla øxna nofn // hefk gørla fregit“ („Þulur“, 675); Konunga heiti eru bæði með inngang („Mank haukstalda // heiti segja“) og niðurlag („eru nú talið // hofuðskjöldunga // heiti nokkur“; „Þulur“, 687 og 690 (1¹⁻², 3⁷⁻⁸)). Með þeim lengstu eru bæði inngangur og niðurlag Allra flagða þulu: eitt og tvö erindi.

8.3.3.2. Upptalningar á minnum

Upptalningar á minnum eru flestar með augljósu upptalningarsniði og oft einnig með inngangi og niðurlagi, líkt og heitalistar, sbr. dæmi (8-52) (hvort tveggja inngangur og niðurlag er skáletrað). Hópurinn einkennist af því að fjölform er snar þáttur í byggingu margra blokkanna (sjá 8.3.2.3). Einstökum blokkum er lýst í Viðauka Ib.

Blokkirnar, sem að stofni til eru upptalningar á minnum, skiptast í tvo hópa, þótt þeir séu ekki skýrt afmarkaðir. Annars vegar eru blokkir með sveigjanlegri byggingu, fleiri tilbrigði, minna vægi frásagnar og sterkari tengsl við aðrar þulublokkir. Í þessum stærri hóp eru kúapulur, *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn, Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* (Viðauki Ib.3–4), *Þar sitja ...* (dæmi (8-18a), (8-49), (8-54); Ib.6), *Nefjatala* (Ib.5; einkum *Ekki vildi eirnef*) og að vissu leyti *Ég sá hann á alþingi* (Ib.7). Hins vegar eru blokkir sem hafa fastmótaðri byggingu, þ.e. ákveðna og síður sveigjanlega röð þeirra eininga sem taldar eru upp, stöðugri lengd og aðeins færri tilbrigði, sbr. *Grýla reið fyrir ofan garð* (Ib.1), *Ræ ég á róður þinn* (Ib.5), *Bokki sat í brunni* ((8-54); Ib.6), *Hvað kanntu að vinna* ((8-23b), (8-56a); Ib.9) og síðast en ekki síst *Draum dreymdi mig* ((8-21), (8-50); Ib.10) ásamt *Norðarlega eru Nauthús* (Ib.11) og *Táta, Táta* (Ib.8; þrátt fyrir mikil tilbrigði í blokkinni). Í sumum af þessum upptalningum er ákveðin framvinda, sbr. dæmi (8-52):

(8-52) Táta! Táta!
teldu dætur þínar[.]
Hægt er að telja:
tvær eru í helju,
tvær malt mala,
tvær mjöl selja,
sex eru á sandi
sjö eru á landi,

átta í eyum
eld að kinda,
nú í nesi
naut að geima,
tú í túni
en tuttugu heima
hundrað á húsabaki
og sextú í hellrinum[.]
*Þá er nú hálf talið Ta[u]tulið.*¹⁰²⁴

Í blokkinni *Táta, Táta* (8-52) eru til dæmis fyrstu dæturnar, sem Táta nefnir, vissulega „í helju“ og þær næstu (línur 4–5) á ótilgreindum stað eða stöðum, en í línunum 6–7 eru nefndar nokkrar staðsetningar (*á sandi, á landi, í eyjum, í nesi*) sem gera má ráð fyrir að séu nokkurn veginn í kringum bóndabæ (enda fást dæturnar við búskaparstörf), svo nálgast staðsetningarnar bæinn (*tú í túni*) þangað til komið er heim (*tuttugu heima*). Í allnokkrum þulum um Táta er stefnan enn skýrari. Oft er byrjað á því að tvær *mat selja* eða *malt melja*,¹⁰²⁵ svo berst leikurinn inn í búr en þaðan út á víðan völl áður en komið er aftur heim, sbr. (8-53):

(8-53) [...] 3 i buri
bord ad reisa
4 i fiöru
fóru til sölfu

5 a fialli
fibla ad tina [...] ¹⁰²⁶

¹⁰²⁴ AM 247 8vo, 6r; „Táta“ í fremstu línu er í bæði skiptin leiðrétt úr „Ta[u]ta“ (sbr. síðustu línu).

¹⁰²⁵ Sbr. SÁM 30b, 387r eða Lbs 414 8vo, 102v.

¹⁰²⁶ DFS 67, 279r.

Þulan endar stundum einhvers staðar úti í helli¹⁰²⁷ en oft heima, „á húsabaki“ (8-52), þannig að mynstrið *heima – að heiman – heim* verður mjög skýrt.

Svipað mynstur í rýminu er í blokkinni *Draum dreymdi mig*, að því frátöldu að þar er ekki snúið aftur heim. Fyrstu skref í (8-21) eru nokkuð óljós og stefnulaus, líkt og oft í fyrstu línunum í þulunni um Tátu, og fyrstu staðsetningarnar eru afar misvísandi: „á hæðum“, „á heidum“, „á fjöllum“, en jafnframt „í hafid ut“;¹⁰²⁸ rekkar sitja svo *á/að seljum*.¹⁰²⁹ En þaðan berst frásögnin fljótlega með hröfnum og vindi beint upp í skýin, upp í himininn og til stjarnanna þar sem dvalið er það sem eftir er þulutextans, sbr. (8-21) og lýsingu á blokkinni í Viðauka Ib.10.

Í þulublokkinni *Bokki sat í brunni* má sömuleiðis greina ákveðna framvindu, þótt hún leiði ekki heldur til skýrrar atburðarásar, sbr. fyrstu fjórar línurnar í (8-54):

(8-54) [...] <u>Bokki</u> sat í brunni,	svo jeg megi fljúga
hafði blað í munni,	\upp/ til föðurs túna,
hristi sína hringa,	þar sitja Nunnur
bað fugla syngja,	og skafa gulltunnur,
grágæsamóðirin	þar sitja systur
ljáðu mjer nú vængina þína,	og skafa gullkystur [...] ¹⁰³⁰

Bokki/bokki situr fyrst kyrr með blaðið í munni en tekur sig svo til, hristir sína hringa og biður fugl(a) að syngja. Næstu línur leiða hlustendur/lesendur þulunnar til himins, líkt og blokkinn *Draum dreymdi mig*; nánar til tekið, til tungla eða til skýja. Upptalningin sem fylgir, af öllum þeim sem sitja þar og skafa ýmsa gripi úr gulli, virðist hins vegar ekki hafa markvissa stefnu.

Slík framvinda er ákveðinn vísir að frásagnarþætti í umræddum blokkum; hann dregur þó aðeins lítillega úr vægi fjölforms í byggingu blokkanna. Sterkari þætti frásagnar í blokkunum fylgja oft minni tengsl við aðrar þulublokkir (einkum af öðrum tegundum). Blokkir með frásagnarþætti virðast einnig vera brothættari, en þeim hættir meira til að verða einfaldari og styttri eða jafnvel til að hverfa á 20. öld. Það kann að tengjast því að varðveisla slíkra blokka í munnlegri geymd byggist fremur á minni flytjenda en varðveisla blokka með sveigjanlegri byggingu sem hefur formúlumál (þ.á m. fjölform) að undirstöðu í heldur meira mæli.¹⁰³¹

8.3.3.3. Frásagnarblokkir

Það getur verið álitamál hvenær má segja að þættir frásagnarbyggingar fari að vega svo þungt í tilteknum blokkum eða yfirblokkum að orðið *frásagnarblokkir* lýsi þeim betur. Það er nokkurn veginn auðséð í þuluflokkum eins og *Sat ég undir stofuvegg* og *Sat ég undir fiskihlaða* ((8-55a,b); Ic.1–2),

¹⁰²⁷ AM 247 8vo, 6r („hundrað á húsabaki // og sextíu í hellrinum“), sbr. Lbs 414 8vo, 102v.

¹⁰²⁸ DFS 67, 403r; DFS 67, 267r; AM 960 IX 4to, 9r; JS 578 4to, 137r o.s.frv.

¹⁰²⁹ Sbr. annars vegar (8-21) (og DFS 67, 403r), hins vegar Lbs 414 8vo, 123r.

¹⁰³⁰ Lbs 418 8vo, 31r (fremsta orðið er undirstrikað í handritinu); sbr. t.d. JS 289 8vo I, 29r.

¹⁰³¹ Blokkirnar *Bokki sat í brunni* og *Par sitja ...* kunna að vera undantekningar frá þessari reglu. Sú fyrrnefnda – og fastmótaðri – verður vissulega oft styttri á 20. öld en fram til þess, en breytingarnar eru þó miklu meiri á síðarnefndu blokkinni, hún bæði styttest og verður sjaldgæfari – þrátt fyrir sveigjanlegri og formúlukenndari byggingu. Skýring – eða hluti hennar – kann þó að felast í því að vinsældir fyrri blokkarinnar jukust í upphafi 20. aldar í tengslum við birtingu fyrstu þululjóða Huldu, en í einu þeirra voru m.a. línurnar: „Grágæsa móðir! //ljáðu mér vængi“ (Hulda, *Ljóð og laust mál: Úrval*, 101).

Poki fór til Hnausa ((8-56a); Ic.3) og nokkrum fleiri sem eru með tiltölulega sterkan frásagnarþráð – en ekki eins augljóst t.d. í yfirbökkinni *Kýrin bleik* (sbr. (8-56b); Id.5). Fyrri tvær blokkirnar af þeim fjórum, sem eru nefndar hér að framan, eru nokkuð rökréttar ferðasögur með upphafi, endi og atburðarás. Þetta má glöggt sjá í (8-55a,b) þar sem {A} er kynning á persónum og aðstæðum, {B} er flækja og framvinda hennar – {B1} er t.d. oft brottför persónunnar að heiman, {B2}, {B3} o.s.frv. árekstrar við andstæðinga. Í {C} er lausn og niðurlag, stundum einhvers konar boðskapur eða aftur á móti mergjaðar lokálínur, sbr. (8-55a):

(8-55a) {A} Sat eg undir stofuvegg föður míns

{B1} Sá eg tólf hesta renna

Tók ég þann hinn blakkasta

Reið eg hið sprakkasta

Allt ofan að sjó

Saltaði ég net mín

{B2} Þar kom úlfr rítandi

Með sinn trana trítandi

Og tók frá mér hestinn minn bleika

Svo eg átti' ekki nema strútóttann hund

Honum reið eg lánga stund

{B3} Þar kom eg að kveldi

Sem kelling sat að eldi

Hún tók sína þýnga

Hugði mig að stýnga

{C} Eg tók þá lurkinn minn lánga

Og lagði undir kerringar vanga

Svo allrei skyldi hún neitt gott /orðið heyra\

Með sínu kindótta krókotta kerringar /eyra.\

(8-55b) {A} Sat ek unðir fiska hlaða föðr míns,
átta ek g[æ]ta búrs og barna

svins og sauðar[.]

{B1} Þar komu at mér menn,

(ráku) keýrðu staf í hnakka mér,

gjörðu mer svo mikinn skada,

let[o] elð í bonðahlaða,

hlaðinn tók at brenna

ek tók at renna,

alt út unðir lönd,

alt út undir biskupslönd

{B2} biskup bætti vel í bú,

han gaf mér bæði uxa ok ku,

uxin tók at vaxa,

enn kýrinn tók at mjólka,

sánkta Mária gaf mer sauþ,

han varð mer at miklu[m] auþ,

annann gaf mér freya,

hann kunni ekki at deya

{C} gott þókti mer út at líta

á skinninu hvíta

og skikkjuní grænni [...] ¹⁰³²

Sumar lengri yfirblokkir hafa jafnframt ákveðin *formgerðareinkenni ævintýra*. Í báðum frásögnum í (8-55a,b) hér að framan má m.a. greina sumar *persónugerðir* (e. *actants*) og sum *frásagnarhlutverkin* (e. *narrative functions*) úr greiningum A. J. Greimas og V. Propps.¹⁰³³ Persónan sem hefur orðið er augljóslega hetjan, þótt ævintýri séu sjaldan frásögn í fyrstu persónu, líkt og hér. Úlfurinn sem tekur af hetjunni hestinn í (8-55a) og kerlingin í sama dæmi eru andstæðingar hetjunnar, eða illvirkjar (e. *villain*); sömuleiðis mennirnir sem koma að hetjunni og berja hana í hnakkann í (8-55b). Oft eru enn ævintýralegrir persónur í hlutverki illvirkja, t.d. tröll, sbr. (8-57a) hér að aftan. Biskupinn, María mey og Freyja (öll í (8-55b)) eru hins vegar hjálparhellur – eða gefendur (e. *donors*) í kerfi Propps – og gefa m.a. töfragripi eins og sannir ævintýragefendur; Freyja gefur hetjunni t.d. sauðinn sem kunni ekki að deya, og María annan sauð sem verður hetjunni líka oft gæfuríkur. Tófan sem biður

¹⁰³² Lbs 587 4to X, 8v; JS 289 8vo I, 27v–28r (nöfnin eru undirstrikuð í handritinu; „keýrðu“ – eða „keijrðu“ með einum depli – virðist vera leiðrétting úr „keirðu“; g[æ]ta virðist vera skrifað með broddi: „g[æ]ta“).

¹⁰³³ Греймас [Greimas], *Структурная семантика* [Sémantique structurale], einkum 175–178, 184–194, 223–226 og 248–319. Propp, *Morphology of the Folktale*, einkum 19–65.

hetjuna að geta gátu sinnar¹⁰³⁴ kann að vera enn einn andstæðingur hetjunnar en getur einnig verið persónugerðin sem reynir hetjuna, en það er – samkvæmt Propp – hlutverk gefanda, eða tilvonandi gefanda, því fyrst verður að reyna hvort hetjan er gjafanna verð. Reyndar skýrist aldrei hvort tófan er andstæðingur eða gefandi þar sem hetjan í þulunni getur aldrei gátunnar. Í framhaldi af því gerist í besta falli ekkert,¹⁰³⁵ en annars missir hetjan feitan hupp¹⁰³⁶ eða hest sinn, þótt ekki sé fullvíst að það tengist gátunni; sbr. að í (8-55a) missir hetjan hestinn þótt engin gáta hafi verið lögð fyrir hana. Í sumum frásögnum er goðinn líka gefandi, þótt gjafir hans, lifur og lungu, séu ekki töfragripir eða töfraverur, en í öðrum er hann hins vegar andstæðingur sem brennir jafnvel hetjuna í tungu.¹⁰³⁷

Frásagnir í þulum eru vissulega sjaldan – ef nokkurn tíma – eins ýtarlega útfærðar og greining Propps gerir ráð fyrir, en þar má þó greina sum frásagnarhlutverkin, oftast en ekki í réttari röð, eins og Propp lagði áherslu á.¹⁰³⁸ Upphafsstaða (e. *initial situation*)¹⁰³⁹ í báðum frásögnum hér að framan (8-55a,b) er sú að hetjan situr undir vegg eða fiskihlaða. Minni um hetjuna sem situr eða liggur aðgerðalaus eru ekki óalgeng í upphafi ævintýra. Hetjan í (8-55b) er hins vegar ekki aðgerðarlaus þar sem hún er með verkefni (á að gæta bús og barna, svíns og sauða), en það er fyrir sitt leyti ein af birtingarmyndum frásagnarhlutverks nr. II (eitthvað er bannað hetjunni – eða skipað, eins og í þessu tilfelli).¹⁰⁴⁰ Einnig vekur athygli að enginn annar virðist vera á sögusviðinu; það gefur til kynna að hetjan sé ein heima, en það getur bent til frásagnarhlutverks nr. I í kerfi Propps (fjölskyldumeðlimir – einn eða fleiri – bregða sér af bæ).¹⁰⁴¹ Frásagnarhlutverk nr. VIII, sem felur í sér það að andstæðingur – einn eða fleiri – veldur hetjunni skaða (eða fjölskyldumeðlim hennar, eigum þeirra o.s.frv.) er mjög greinilegt í (8-55b), sbr. {B1}.¹⁰⁴² Frásagnarhlutverk nr. XI, brottför hetjunnar að heiman, er mjög skýrt bæði í (8-55a) og (8-55b). Næsta mikilvæga frásagnarhlutverk er að öðlast töfragrip eða töfraveru (nr. XIV). Hlutverkið er mjög skýrt í (8-55b) eins og þegar hefur verið getið, en í (8-55a) eru aðeins til staðar frumdrög þess, þ.e. tófan biður hetjuna að geta gátu sinnar – en hetjan getur hennar

¹⁰³⁴ Lbs 587 4to II, bls. 164.

¹⁰³⁵ S.st.

¹⁰³⁶ Lbs 2856 4to, 137r.

¹⁰³⁷ JS 289 8vo I, 35r annars vegar en Lbs 424 8vo, 17r hins vegar. Til eru líka dæmi þar sem enginn brenndist, sbr. „bæði lifur lúngu // og lakastykki neðan af // og heilan hleif af túngu“ (Lbs 587 4to III, 9v); líka dæmi þar sem goðinn leggur fyrir hetjuna gátu, sem verður ekki getið, og er því í óræðu hlutverki (AM 247 8vo, 6r–6v).

¹⁰³⁸ Propp, *Morphology of the Folktale*, 22.

¹⁰³⁹ S.r., 25–26.

¹⁰⁴⁰ E. *interdiction*, eða II. *An interdiction is addressed to the hero* (s.r., 26–27). Þetta frásagnarhlutverk spilar reyndar ekki inni í atburðarás þulufrásagnarinnar þar sem engar vísbendingar eru um að bannið sé brotið og ófarir hetjunnar sé því að kenna.

¹⁰⁴¹ E. *absentation*, eða I. *One of the members of a family absents himself from home*. Það að fjölskyldumeðlimirnir geta verið fleiri kemur fram í nánari umfjöllun Propps um frásagnarhlutverkið (s.r., 26).

¹⁰⁴² E. *villainy*, eða VIII. *The villain causes harm or injury to a member of a family* (s.r., 30, nánar 31–36). Í þulutextanum í (8-55a) er þetta frásagnarhlutverk hins vegar ekki eins augljóst – og verið getur að þar sé það einfaldlega ekki til staðar. Í mörgum textum þuluflokksins *Sat ég undir stofuvegg* er línan *leit ég upp til himna á undan sá ég tólf hestana renna* (sbr. Lbs 414 8vo, 115v). Hún kann að gefa til kynna að hestarnir séu töfraverur (ef ráð er gert fyrir því að hetjan sér hestana renna *um himininn*), en það opnar fyrir sitt leyti á þann möguleika að hetjan sé brottnumin til töfraveraldar þar sem hún hittir tröll, tófur sem leggja fyrir hana gátur o.s.frv. – og er hér þá komið frásagnarhlutverk nr. VIII (og hugsanlega að einhverju leyti nr. XV þar sem hetja er færð á milli tveggja veralda eða ríkja, sbr. e. *spatial transference between two kingdoms* (Propp, *Morphology of the Folktale*, 50–51)). Önnur hugsanleg túlkun er sú að hetjan sé blekkt til þess að fara með hestunum, sbr. frásagnarhlutverk nr. VI (e. *trickery*) og VII (e. *complicity*) (s.r., 29–30). Hvorugur túlkunarmöguleikinn byggist þó á nægilega traustum grunni.

ekki og öðlast þar með ekki töfrana. Í (8-55a) eru hins vegar andstæðingar hetjunnar fleiri og frásagnarhlutverk nr. VIII (andstæðingur veldur hetjunni skaða) virðist koma inn – jafnvel endurtekið – á seinni stigum frásagnarinnar.¹⁰⁴³ Frásagnarhlutverk nr. XVI og nr. XVIII, barátta hetjunnar við andstæðing sinn og sigur hetjunnar,¹⁰⁴⁴ eru af sömu ástæðum augljósari í (8-55a) þar sem hetjan sigrar kerlinguna, sbr. {C}. Svipaður lokabardagi er ekki fyrir hendi í (8-55b) – en í allnokkrum textum með blokkinni *Sat ég undir fiskihlaða* fylgir henni blokkinn *Sat ég undir stofuvegg og/eða Kom ég þar að kvöldi*, þannig að í þeim textum er lokabardaginn til staðar í heildarfrásögninni.¹⁰⁴⁵ En jafnvel í þeim þulutextum þar sem *Sat ég undir fiskihlaða* er aðalatriði og framhald vantar (eða framhald er allt öðruvísi) lýkur frásögninni í þessari tilteknu blokk með einhvers konar (áfanga)sigri; hetjan er komin á góðan stað eftir manna-raunir og ferðalag, hefur dregið björg í bú og er sátt við lífið. Hér mætti því tala um nokkurs konar útfærslu frásagnarhlutverks nr. XXXI, lokahlutverksins í kerfi Propps þar sem hetjan gengur að eiga kóngsdótturina og/eða fær ríkið.

Enn fremur eiga þessar (og fáeinar aðrar, svipaðar) frásagnarblokkir í þulum ýmis almenn einkenni sameiginleg með ævintýrum. Meðal þeirra eru þrítækingar – formseinkenni sem gildir reyndar í fleiri munnmenntagreinum – t.d. eru andstæðingar hetjunnar í (8-55a) oft einmitt þrír (t.d. tófa/goðinn, tröll og kerlingin), og það eru einnig gefendur í (8-55b) (biskupinn, María mey og Freyja). Þá er almenn stefna í frásögnunum *heima – að heiman* – og vissulega ekki *aftur heim* en a.m.k. á betri stað,¹⁰⁴⁶ atburðarásin mótast í kringum þetta ferðalag. Um hetjuna segir ekki mikið en gera má ráð fyrir að hún sé af lægri samfélagsstéttum og/eða á ungum aldri, líkt og ævintýrahetja er oft (sbr. að verkefni hennar er að gæta bús og fjár). Átökunum í þessum þulufrásögnum er lýst sem baráttu góðs og ills þar sem menn og aðrar verur sem eru hetjunni yfirsterkari beita eða reyna að beita hana ranglæti en hún svarar fyrir sig (eða reynir það a.m.k.). Réttlætið sigrar að lokum og hetjan fær verðskulduð laun fyrir það að sigra illu öflin (vöndu kerlinguna) og fyrir það að þurfa – og kunna – að þola óréttlæti, t.d. barsmíðar frá óvinveittum mönnum í (8-55b). Þrátt fyrir öll þessi líkindi verður að sjálfsgöðu ekki sagt að þulur séu ævintýri í (laus)bundnu máli, en þó þykir vera ástæða til að vekja á líkindunum athygli.

Frásagnir sem líkjast ævintýrum svo mikið eru þó í minnihluta í þulum. Fleiri eru eins og *Poki fór til Hnausa*, þ.e. með mun styttri frásögn, en þó einnig nokkuð rökrétta og heillega. Hún snýst að því er virðist um mann(?) sem falast eftir vinnu á bæ og fær einhverja, sbr. dæmi (8-56a). Blokkina *Kýrin bleik* er hins vegar erfitt að lesa sem rökrétta eða heillega frásögn (8-56b):

¹⁰⁴³ Það þarf ekki að stríða gegn þeirri reglu að frásagnarhlutverkin þurfi að vera í réttri röð heldur má túlka slíkar endurtekningar sem nýjar umferðir (e. *move*, sbr.: Propp, *Morphology of the Folktale*, 58–59).

¹⁰⁴⁴ S.r., 51–53.

¹⁰⁴⁵ Sbr. m.a. AM 247 8vo, 6r–6v; Lbs 587 4to I, bls. 16–17; Lbs 587 4to III, 14r; Lbs 587 4to IV, 12r; Lbs 587 4to VIII, 15r–15v; Lbs 587 4to IX, 48r–48v; Lbs 414 8vo, 92v–93v; Lbs 421 8vo, 34r–34v. Textar með báðum þessum blokkum í þessari röð eru enn algengari í Færejum, en þar þróast frásögnin oftast en ekki þannig að ekki er um nein lokaátök að ræða (sbr. t.d. Hylín, „Skjaldur,“ 62; *Skjaldur, rímur og ramsur*, 70–77, Skja 23.1, 23.4, 23.7–23.10).

¹⁰⁴⁶ Í þeim tiltölulega fáu blokkum þar sem persónan snýr heim er heimkoman gleðisnauð, eins og í blokkinni *Karl og kerling* þar sem persónurnar tapa öllu og fá ekkert í staðinn.

(8-56a) Poki kom til Hnausa
 kunni margt að rausa
 að, því spurði hún Finna
 hvað hann kynni að vinna,
 h[a]nn kvaðst kunna að moka hus
 var þó ekki stærri en Lús,
 Poki farðu innarí Eldhús
 fá þér Skir og mjólk í Bolla,
 Poki varð svo feýgin þá
 að <hann> st[ö]kk í hurðar skrá
 veit jeg aungvan kvenna Poka
 að betur kunni Hús að moka,
 Eyriki og Gjálfi
 Sumarliði Sjálfi [...]

(8-56b) [...] Kyrín bleik brá á leik
 brá á leik fjell hún frá
 fjósi hjá huggin hart
 kveður margt
 það er sem hann
 \Loki dró/
 lakan eptir klakanum
 til vakarinnar þó
 það sem báran ber
 á land
 silfurbelti og búníng ný [...] ¹⁰⁴⁷

Frásagnarblokkum má því einnig skipta í tvo helstu hópa; annars vegar eru skýrustu dæmin um frásögn með fullmótaðri atburðarás (*Sat ég undir stofuvegg*, *Sat ég undir fiskihlaða*, *Poki fór til Hnausa*; *Karl og kerling*, *Karl tók til orða* (Ic.4–5) og fáeinar fleiri), en slíkar blokkir eru fáar í þulum síðari alda. Hins vegar eru blokkir sem geyma ekki fullmótaða frásögn vegna þess að atburðirnir eru ekki nógu skýrir (blokkin *Kýrin bleik*) eða blokkirnar rúma ekki fullmótaða frásögn sökum þess hve stuttar þær eru. Síðarnefndu blokkirnar þurfa sumar hverjar einhvers konar uppbót til þess að frásögnin verði fullburða; uppbótin þarf ekki endilega að vera mikil, það getur t.d. verið stutt niðurlag eða návist við aðra blokk sem einnig hefur ákveðinn frásagnarþátt (ekki endilega fullmótaða atburðarás); sjá nánar umfjöllun um blokkina *Kona gekk fyrir kirkjudyr* í Viðauka Ic.7. Meðal slíkra blokka eru einnig *Sofa, sofa hjónakornin bæði*, *Konan mín í kofanum*, *Karl fór á skóginn* og *Gott er að ríða sandana mjúka*, *Selur spurði sel*, *Lóa, lóa lítil tá*, *Helga bredda*, *Ekki heiti ég Eiríkur*, *Ofan eftir tröðunum rindillinn fló*, *Gimbill eftir götu rann* og *Gimbillinn mælti* o.fl.

Meðal sameiginlegra einkenna frásagnarblokka – og yfirblokka – er m.a. það að þær eru tiltölulega skýrt afmarkaðar, þ.e. ekki leikur jafnmikill vafi um hvort ákveðið textabrot, ákveðin blokk eða minni tilheyrir ákveðinni frásagnaryfirblokk, líkt og tilfellið er með yfirblokkir af blandaðri gerð (sbr. Viðauka Id). Frásagnarblokkir eru tiltölulega stöðugar; í þeim er m.a. sama/svipuð röð blokka og minna í textum þar sem frásögnin þarf að vera frekar rökrétt. Þá hafa þær mikil tengsl við aðrar frásagnarblokkir og mynda þannig nokkurs konar eigin textaheim – líkt og Grýluþulur eða kúaþulur sem eru tengdar sterkum böndum sín á milli en tengjast lítt öðrum þulublokkum. Frásagnarblokkir eru þó ekki eins einangraðar. Samanburður á byggingu mismunandi blokka sýnir enn fremur að inngangsminni og niðurlagsminni eru einnig til í frásagnarblokkum – þ.e. eru ekki aðeins einkennandi fyrir upptalningarblokkir – og sum minnin veljast í þessi hlutverk frekar en önnur. Samsteypan {ab} í (yfir)blokkinni *Sat ég undir stofuvegg* (sjá dæmi (8-30) í kafla 8.1) getur nær einvörðungu staðið fremst í blokkinni; annað minni/minnappar {g} og undirblokk {h} geta staðið bæði fremst og í blokkinni miðri, og enn aðrar einingar standa aldrei fremst. Svipað er uppi á teningnum í öðrum blokkum. Upphafsminni er jafnan stutt og laggott en nær þó að nefna helstu atriði sem kynna á fyrir

¹⁰⁴⁷ Lbs 414 8vo, 124r („st[ö]kk“ er undirstrikað og „skrapp“ skrifað fyrir ofan; greinarmerki, þ.á m. komman á eftir „að“ í þriðju línu, er á þessa leið í handriti); Lbs 587 4to III, 44r (línuskipt þannig í handritinu).

áheyrendum: persónu(r) og það sem gert er, þ.e. sögn og viðfang, stað eða tíma: *Sat – ég – undir fiskihlaða; Sofa, sofa – hjónakornin bæði; Karl – tók til orða; Kóngur – tér – við Signýju; Kona – gekk – í kirkju; Helga bredda – reið – í skóg* o.s.frv. Niðurlagsminni bera bæði með sér að einhverju sé lokið og oft líka tímaáþendingu: *nú er lokið Lundúnakvæði; Nú er dauður Egill og Kegill í skógi; hún* [þ.e. Helga bredda – *YSH*] *kemur ekki/aldrei nú* o.s.frv. Þá virðast einhver minni gegna föstu hlutverki tengiminna, sbr. tengiminnin á milli *Sat ég undir fiskihlaða* og *Sofa, sofa hjónakornin bæði* eða *Konan mín í kofanum* (sjá umfjöllun í Viðauka Ic.2).

Þess ber þó að gæta að upptalningarþáttur vegur einnig þungt, jafnvel í þulublokkum með tiltölu-lega sterkum frásagnarþætti, vegna þess að almenn þululögmál gilda ekki síður í frásagnarblokkum, þ.á m. sú grundvallarregla sem má heita *viðaukaregla* og felst í því að bæta við upptalningareiningum til að lengja þululista. Hún stýrir ekki aðeins byggingu lista¹⁰⁴⁸ heldur smærri blokka og því hvernig þau tengjast saman í stærri blokkir (og yfirblokkir). Sökum viðaukareglunnar bætast minni oft í blokk þótt þau séu ekki hluti frásagnar í blokkinni og ekki sé hægt að tengja þau frásögninni nema með samtengingunni *og – sjaldnar en –* eða kommu; en einmitt samtenginguna *og* er oftast hægt að nota á milli minna jafnvel í blokkum með sterkum frásagnarþætti, sbr. útfærslu á (8-55a,b) (innskot mín innan oddklofa – *YSH*):

(8-55a(1)) Sat eg undir stofuvegg föður
míns <og>

Sá eg tólf hesta renna <og>
Tók ég þann hinn blakkasta <og>
Reið eg hið sprakkasta
Allt ofan að sjó <og>
Saltaði ég net mín <og/en>
Þar kom úlfr rítandi [...]

(8-55b(1)) Sat ek undir fiska hlaða föðr
míns, <og>

átta ek gæta búrs og barna
svins og sauðar[,] <og/en>
þar komu at mér menn, <og>
(ráku) keyrðu staf í hnakka mér, <og>
gjörðu mer svo mikinn skada, <og>
let[o] elð í bonðahlaða, <og> [...]

Aðaltengingar eru almennt algengar í frásögnum, enda er söguþráður í eðli sínu röð (runa) atburða sem oft er unnt að setja fram sem upptalningu með einfaldar aðaltengingar eða með tímaatviksorð á borð við *svo* og *síðar* í hlutverki tenginga, nema flækjustig sögufléttunnar sé þeim mun hærra. Fleira en samtengingar skiptir þó máli í umræðu um upptalningu vs. frásögn, þ.á m. hversu vel afmörkuð og sjálfstæð minnin eru með tilliti til bragforms og setningaskipan. Hér – og víðar – eru þau venjulega ein til tvær línur, oft með tengingu á milli línanna (t.d. rími); þetta eru einfaldar stuttar setningar af svipaðri gerð: frumlag, sögn og andlag, sjaldnar einkunn eða vísun í tíma, rúm o.þ.h. Allt á þetta sinn þátt í því hversu auðveldlega útskiptanlegir margir frásagnarhlutar eru og hversu lítil áhrif útskiptingin hefur á framvindu frásagnarinnar. Slíkt er ekki óeðlilegt í upptalningu en væri það í frásögn þar sem helsti drifkrafturinn væri atburðarás; sbr. texta (8-55a) vs. (8-57a,b) (útskipt orð og minni eru skáletruð):

¹⁰⁴⁸ Í fornþulum birtist þessi grundvallarregla einkum með þeim hætti að æ fleiri heiti bætast við þangað til vísuorði og síðar erindi er lokið (sbr.: Gurevich, „*Þulur* in *Skáldskaparmál: An Attempt at Scaldic Lexicology*,” 40, þ.á m. neðanmáls).

(8-57a) [...] for eg onad Sio
og Saltadi netinn
þar kom *tröll* trítandi
med Sinn hala rítandi
og Stal frá mier hupnum mínum feita
for eg aftur ein Sam all ad leita —
þar kom eg ad kvöldi
Sem kelling Sat vid Eldinn [...]

(8-57b) [...] fór eg ofan til sjóar,
ad Salta nidur Net,
þar kom *tóa* trítandi,
med Sinn hala hrítandi,
hún tók frá mér huppinn minn feita,
svo ég var ecki madur til ad Leita,
Kom eg þar ad qvöldi,
Kérlíng sat vid eld [...] ¹⁰⁴⁹

Í (8-57a) kemur tröll og stelur hupnum af hetjunni, og hún fer að leita huppsins. Í (8-57b) kemur annar óboðinn gestur (tóa) og tekur einnig huppinn – en hetjan fer þó *ekki* að leita að hupnum. Það hefur hins vegar engin áhrif á beint framhald þulunnar, því hetjan kemur eigi að síður til kerlingarinnar sem situr við eld. Í sumum textum er enginn stuldur heldur, hetjan fær aðeins gátu, en samt sem áður kemur hún til kerlingarinnar að kvöldi,¹⁰⁵⁰ alveg eins og bæði hetjan sem fór að leita að stolna hupnum og sú sem fór ekki að leita. Í öðrum þulutextum fær hetjan gátu og hupnum er stolið af henni – og enn kemst hún til kerlingarinnar að kvöldi.¹⁰⁵¹ Sömuleiðis skiptir litlu máli hvort hetjan á hest eða hund (eða bæði hest og hund); hún getur farið ríðandi á hestbaki (sjá t.d. (8-30)), á hunds-baki (8-55a) eða gangandi, hvort sem hún á hest (8-32c) eða ekki.¹⁰⁵² Hvort minni er yfirleitt til staðar í þulutexta, hvernig minnið er og í hvaða átt það á að taka frásögnina – ekkert af þessu virðist skipta máli fyrir heildina (þulutextann); útkoman breytist ekki, blokkinni lýkur á svipaðan hátt.

Af ofangreindu má álykta að innihald hvers minnis fyrir sig skiptir ekki endilega miklu máli fyrir atburðarás og framvindu þulutexta. Óvenjulegt er að minni og jafnvel stærri frásagnareiningar hafi svo takmarkað vægi í frásögnum með atburðarás, og er það vísbending um að upptalning – frekar en atburðarás – ráði samsetningu blokkarinnar. Minni virðist vera í þulum einkum upptalningareining – jafnvel í blokkum og yfirblokkum með tiltölulega sterkan frásagnarþráð. Hlutverk upptalninga í frásögnum í þulum og í byggingu þulna yfirleitt er því mun meira en í flestum öðrum greinum í íslenskum munnmenntum.

8.3.3.4. Blokkir og yfirblokkir af blandaðri gerð

Allnokkrar blokkir og jafnframt yfirblokkir eru ekki af einhverri einni gerð heldur hafa einkenni mismunandi gerða, og þá annaðhvort á þann hátt að í þessum einingum er hvort tveggja, frásögn og upptalning (t.d. upptalning ásamt frásagnartexta sem er stærri en svo að hann myndi hæfa henni sem inngangur), eða hvorki markviss/áberandi upptalning né fullmótuð frásögn. Í báðum tilfellum er vísuð til slíkra byggingareininga sem eininga af blandaðri gerð, eða *blandaðra* eininga. Helstu blönduðu blokkirnar sem sameina bæði frásagnarþátt og upptalningu eru *Kýrin í mýrinni* (Viðauki Id.5) og *Heyrði ég í hamrinum* (Id.2; og *Því tókstu hann Narfa* sem er þó einnig hægt að skoða sem upptalningarblokk), en þær sem falla hvorki undir frásagnargerð né upptalningargerð eru einkum *Sástu hvergi vorar meyjjar* og *Allt vil ég gjöra sem mér er bannað* (sbr. nánar Viðauka Id.1).

¹⁰⁴⁹ Lbs 587 4to VIII, 15r–15v; Lbs 587 4to IV, 12r.

¹⁰⁵⁰ Lbs 414 8vo, 116r.

¹⁰⁵¹ Sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 93r.

¹⁰⁵² DFS 67, 190r.

Yfirblokkir eru almennt samsettar úr blokkum af mismunandi gerð, og þannig séð eru yfirblokkirnar flestallar af blandaðri gerð. Sumar þeirra hneigjast þó talsvert meira að frásögn og voru skoðaðar í kafla 8.3.3.3 sem frásagnarblokkir: *Sat ég undir stofuvegg*, *Sat ég undir fiskihlaða* og *Poki fór til Hnausa*. Aðrar eru einkum upptalningar, sbr. kafla 8.3.3.2 um upptalningar á minnum; t.d. *Gekk ég upp á hólinn*, *horfði ég ofan í dalinn*, *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* og *Bokki sat í brunni*. Augljóslega blandaðar eru yfirblokkirnar *Heyrði ég í hamrinum*, *Stígum við stórum*, *Lambið beit í fingur minn*, *Kýrin bleik*, *Þórnaldarþula* o.fl. ásamt svokölluðum stúlkuþulum¹⁰⁵³ (Id.2–7).

Bæði blokkir og yfirblokkir sem sameina frásögn og upptalningu, líkt og blokkirnar *Því tókstu hann Narfa*, *Kýrin í mýrinni*, *Heyrði ég í hamrinum* og yfirblokkirnar *Heyrði ég í hamrinum* og *Stígum við stórum*, eru tiltölulega einfaldar byggingareiningar með nokkuð skýr merkingartengsl. Þær blokkir og yfirblokkir sem falla hvorki undir frásagnargerð né upptalningargerð eru þvert á móti flóknar einingar sem iðulega eru til í nokkrum gerðum, líkt og blokkirnar *Sástu hvergi vorar meyjjar* og *Allt vil ég gjöra sem mér er bannað* og yfirblokkirnar *Lambið beit í fingur minn* og *Kýrin bleik* (sjá Viðauka Id). Slíkar einingar eru einnig óstöðugri, röð minnanna innan blokkanna og röð blokkanna innan yfirblokkanna er ekki endilega sú sama og merkingartengsl eru talsvert óljósari; nándartengsl eru oft ríkjandi en önnur merkingartengsl lítt áberandi.

Athyglisvert er að blokkir af blandaðri gerð virðast ekki vera eins sjálfstæðar og blokkir af öðrum gerðum, þ.e. mynda sjaldnar texta einar og sér, heldur eru gjarnan hluti af yfirblokkum af blandaðri gerð; þær tengjast einkum við aðrar blandaðar blokkir og yfirblokkir, en einnig bæði við frásagnareiningar og upptalningareiningar í þulum. Á hinn bóginn eru dæmi þess að yfirblokkir af blandaðri gerð myndi afar fá tengsl við aðrar þulueiningar, og þá einkum *Þórnaldarþula* og stúlkuþulur. Yfirblokkir af blandaðri gerð eru nokkuð brothættari, einkum þær sem hafa hvorki nógu sterk einkenni upptalningar né sterkan frásagnarþráð. Þannig er blokkin *Lambið beit í fingur minn* eiginlega horfin á 20. öld, blokkin *Kýrin bleik* hefur einnig stórfækkað, og sama má jafnvel segja um *Þórnaldarþula* þótt í henni séu bæði allnokkrar upptalningar og nokkuð sterkir frásagnarkaflar.

8.3.4. Helstu yfirblokkir í þulum síðari alda, bygging þeirra og tengsl

Hér að framan var nefnt að helstu yfirblokkir í þulutextum eru af sömu gerðum og blokkir, þ.e. af frásagnar-, upptalningar- og blandaðri gerð – þótt yfirblokkir séu almennt samsettar úr blokkum af mismunandi gerð og séu því tæknilega séð flestallar af blandaðri gerð (kafla 8.3.3.4). Með ákveðinni einföldun má segja að gerð upphafsblokka segi til um hvaða gerð yfirblokkinn í heild tilheyrir. Þannig eru helstu upphafsblokkir frásagnaryfirblokkarinnar *Sat ég undir stofuvegg* – {ab(ce)} og {gh(cd)} í (8-30) – frásagnarblokkir; sama gildir um yfirblokkirnar *Sat ég undir fiskihlaða* og *Poki fór til Hnausa* (sjá Viðauka Ic.1–3). Helsta upphafsblokkinn í *Gekk ég upp á hólinn*, *horfði ég ofan í dalinn* er upptalningarblokk (með inngangi), og hið sama gildir um yfirblokkirnar *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* og *Bokki sat í brunni* (sjá Viðauka Ib.3–4, Ib.6). Loks eru helstu upphafsblokkir yfirblokkanna *Heyrði ég í hamrinum* og *Kýrin bleik* – og sömuleiðis hinna yfirblokkanna af

¹⁰⁵³ Reyndar er umdeilanlegt að stúlkuþulur myndi einhverja eina yfirblokk, en meðal þeirra eru blandaðar blokkir einnig ráðandi.

blandaðri gerð – blandaðar blokkir (sjá Viðauka Id.2, Id.5). Upphafsblokkinn í yfirblokkinni *Poki fór til Hnausa* hefur tvær gerðir, A þar sem er meiri frásögn og B þar sem frásögnin er ekki eins skýr, og eins er með A-gerð og B-gerð samnefndrar yfirblokkar (sjá Viðauka Ic.3).

Yfirblokkir eru byggðar úr blokkum – og smærri einingum – á svipaðan hátt og blokkir úr minnum og heitum og samsteypum þeirra, þ.á m. undirblokkum. Líkt og margar blokkir hafa stöðug upphafsminni (eða upphafs-undirblokkir) hafa margar yfirblokkir sínar eigin samstæður af blokkum og/eða minnum sem gegna hlutverki upphafsblokka og lokablokka – en ákveðin hlutverk eða staða virðast vera eiginleg ýmsum blokkum (og minnum). Sumar blokkir eru t.d. jafnan framarlega í yfirblokk sinni; oftast eru það blokkirnar sem yfirblokkirnar heita eftir (sbr. umfjöllun um hverja (yfir)blokk í Viðauka I):

- *Sat ég undir stofuvegg* {ab(ce)} eða þá *Hvað gerði goði* {gh(cd)} (Ic.1);
- *Sat ég undir fiskihlaða* {abc} (Ic.2);
- *Poki fór til Hnausa* {abc} (Ic.3);
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði ofan í dalinn* (Ib.3);
- *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* (Ib.4);
- *Bokki sat í brunni* (Ib.6);
- *Heyrði ég í hamrinum* (Id.2);
- *Stígum við stórum* {ab} (Id.4);
- *Lambið beit í fingur minn* {a}/{á}/{ia} (Id.4);
- *Kýrin bleik* {k}; eða þá *Dimmt er yfir dý* {c} eða *Hér kom hún Skána* {a} (Id.5);
- *Hlýði menn fræði mínu* {a} og/eða *Það var fyrir sann faðir minn bjó* {b} í Þórnaldarþulu (Id.6).

Aðrar blokkir eru oftast lokablokkir, t.a.m. (sjá umfjöllun um einstakar blokkir í Viðauka I):

- *Kom ég þar að kvöldi* í *Sat ég undir stofuvegg* og jafnframt í *Sat ég undir fiskihlaða* og fleiri yfirblokkum (Ic.1, Ic.2 og Id);
- *Sofa, sofa hjónakornin bæði / Konan mín í kofanum / Kveiktu upp eldinn, Vigga* í *Sat ég undir fiskihlaða* (Ic.2);
- *Kóngur tér við Signýju* er algeng lokablokk í A-gerð yfirblokkarinnar *Poki fór til Hnausa* en *Fylgdarmannatala* eða *Þú ert komin þarna, Þórarinn stjarna* í B-gerð yfirblokkarinnar (sbr. dæmi (8-35) og (8-37) og umfjöllun í (Ic.3));
- *Fylgdarmannatala* er einnig algengasta lokablokkinn í *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* (Ia.4, Ib.4);
- *Fylgdarmannatala* er sömuleiðis ein lokablokkanna í *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* (Ib.3); aðrar eru *Upp á stól stendur mín kanna* og *Hvað kanntu að vinna* (í sérstakri gerð yfirblokkarinnar; Ib.9);
- yfirblokkinni *Bokki sat í brunni* lýkur venjulega á blokkinni *Par sitja ...* (eða einhverri endingu sem henni tengist; Ib.6);

- *Ættartala* (eða einhver ending sem henni tengist) er algeng lokablokk í *Heyrði ég í hamrinum*, en að öðrum kosti blokkinn *Ekki heiti ég Eiríkur* (með eða án viðbótarendinga(r)) (Ia3, Id.2);
- og svo mætti áfram telja.¹⁰⁵⁴

Meginmálsblokkir – þ.e. aðrar blokkir en upphaf og niðurlag – eru meirihluti textans í sumum yfirblokkum (sbr. t.d. *Lambið beit í fingur minn*) en eru varla til í öðrum.¹⁰⁵⁵ Þá raðast meginmálsblokkir á ólíka vegu í yfirblokkum með frásagnarbyggingu og öðrum yfirblokkum. Í frásagnaryfirblokkum er hlutdeild frásagnartengsla eðlilega meiri en í öðrum yfirblokkum, þótt jafnvel í þeim fyrrnefndu sé frásögn langt frá því allsráðandi og önnur tengsl séu einnig algeng, einkum hliðstæðutengsl og viðaukatengsl (sbr. 8.3.3.3). Í yfirblokkum sem grundvallast á upptalningum og yfirblokkum af blandaðri gerð er hlutverk nándartengsla stærra og hlutur þeirra meira, þótt aðrar tegundir merkingartengsla, þ.á m. frásagnartengsl, séu einnig til staðar.¹⁰⁵⁶

Blokkir og yfirblokkir mynda þulutexta, en fremst í kafla 8.3 var þess þó getið að yfirblokkir eru ekki ómissandi í þulutextum. Algengt er að í þulutexta sé aðeins ein frístandandi blokk¹⁰⁵⁷ eða jafnvel aðeins hluti slíkrar blokkar. Þegar yfirblokkir eru til staðar mynda þær þulutextann oft ekki einar heldur ásamt sjálfstæðum blokkum og minnum, og stundum einnig ásamt textabrotum úr öðrum munnmennta- og jafnvel bókmenntagreinum.¹⁰⁵⁸ Flestir þulutextar samanstanda af frístandandi blokk(um) – oft ásamt smærri byggingareiningum – eða þá blokk(um) sem tilheyra aðeins einni yfirblokk. Algengustu yfirblokkirnar í þulutextum samsvara nokkurn veginn algengustu blokkunum: *Sat ég undir fiskihlaða*, *Sat ég undir stofuvegg*, *Heyrði ég í hamrinum* og *Gekk ég upp á hólinn*, *horfði niður í dalinn*. Enn fremur eru blokkahópar eins og Grýluþulur, kúaþulur og stúlkuþulur afar algengir. Fram að 20. öld voru einnig *Lambið beit í fingur minn* og *Draumur* meðal algengustu blokka og yfirblokka, en þeim fækkar snarlega á 20. öld. Á móti kemur að talsvert algengari verða *Karl og kerling ryðu á alþingi* og *Karl tók til orða* sem mynda þar að auki alloft samsteypu.¹⁰⁵⁹ *Bokki sat í brunni* virðist sömuleiðis algeng yfirblokk á 20. öld.

Sumir þulutextar, eða um fimmtungur, samanstanda hins vegar af fleiri en einni yfirblokk eða af blokkum í fleiri en einni yfirblokk. Yfirblokkir sem hafa meiri tilhneigingu til að mynda sambönd

¹⁰⁵⁴ Blokkapörin *Stúlkurnar ganga + Það mun vera stúlkan mín* {ab} og *Stúlkan í steininum + Rauðklædd og grænklædd* {fg} eru algengust fremst í stúlkuþulum. Í samsteypum blokka sem eru á mörkum þess að vera yfirblokkir en eru þó ekki nógu stöðugar og/eða algengar til að standa saman sem slíkar eru einnig blokkir sem hafa tilhneigingu til að standa fremst og aftast. *Karl og kerling* er venjulega fremst í samsteypu með *Karl tók til orða*, en aftast er *Margt kann hann Grettir vel að vinna*. *Karl fór yfir á* er fremst í samsteypu með *Ég sá hann á alþingi*, *Tíkin hennar Leifu*, *Ættartölu* og *Norðarlega eru Nauthús*, en tvær hinar síðastnefndu eru oft aftastar. Sbr. nánari umfjöllun í Viðauka Ic–Id.

¹⁰⁵⁵ Sbr. t.d. *Sat ég undir stofuvegg* í DFS 67, 193r og 424r eða JS 289 8vo I, 35v.

¹⁰⁵⁶ Sbr. umfjöllun um yfirblokkirnar *Lambið beit í fingur minn* og *Kýrin bleik* í Viðauka Id.4–5, ásamt umfjöllun um blokkir sem mynda fullkomna(ri) frásögn ásamt öðrum blokkum í undirkaflanum *Kona gekk fyrir kirkjudyrr* í Ic.7.

¹⁰⁵⁷ T.d. „Gleypti hún Tafra tuttugu hafra“ (Lbs 587 4to X, 6r), „Þeigiðu, þeigiðu sonrinn sæli“ (*Kúaþulur I*) í JS 289 8vo I, 27r (sbr. Lbs 414 8vo, 90r–90v) eða „Karl og kerling ryðu á alþingi“ (Lbs 414 8vo, 100v). Blokk er hér sögð vera frístandandi ef hún er ekki hluti yfirblokkar í tilteknum texta. Blokkir sem mynda alls ekki yfirblokkir (eða a.m.k. samsteypur, þótt þær séu ekki nógu stöðugar til að kallast yfirblokkir) með öðrum eru ekki algengar; nefna má þó *Draum dreymdi mig*, *Drengurinn Dóli*, *Bárður á Jökli*, *Ríðum og ríðum til Logalanda* og fáeinir fleiri.

¹⁰⁵⁸ Sbr. t.d. línur úr kvæðinu *Ég vildi ég ætti mér* og erindið „blóðrautt pilzið brúðrin á“ í DFS 67, 207r (og Lbs 414 8vo, 98r).

¹⁰⁵⁹ *Karl fór yfir á* er sérstæð meðal karla-blokkanna; hún tekur sjaldnast þátt í samsteypum við aðrar og henni fækkar – frekar en fjölgar – á 20. öld.

við aðrar eru venjulega þær algengustu í þulutextum (e.t.v. einmitt vegna þess að með því að standa í slíkum samböndum taka þær þátt í fleiri þulutextum). Aðrar yfirblokkir, þ.á m. sumar hinna útbreiddustu (t.d. *Stígum við stórum* eða *Þórnaldarþula*), mynda þó ekki samsetta texta heldur standa oftast sér. Helstu samböndum yfirblokka í þulutextum er lýst í Viðauka Ie (sbr. dæmi og heimildir þar), en þau eru:

- *Sat ég undir fiskihlaða* + *Sat ég undir stofuvegg*, tvær helstu frásagnaryfirblokkir;
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* + *Sat ég undir stofuvegg*, stundum með fleiri blokkum;
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* og kúaþulur, einkum *Kúaþulur I*;
- *Lambið beit í fingur minn* + B-gerð yfirblokkarinnar *Kýrin bleik* (sjá um hana Viðauka Id.5 en Viðauka Ie um þetta yfirblokkasamband);
- *Lambið beit í fingur minn* + *Sat ég undir stofuvegg* eða *Heyrði ég í hamrinum*, eða þá *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*; þessi sambönd eru þó ekki eins fastmótuð;
- blokkinn *Poki fór til Hnausa* (einkum A-gerð) + *Sat ég undir stofuvegg*, stöðug samsteypa;
- blokkinn *Poki fór til Hnausa* (B-gerð) + *Karl tók til orða* + *Kóngur tér við Signýju*, stundum með {fk}-blokkirnar úr yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*.

Auk þessara – frekar stöðugu – sambanda mynda algengustu yfirblokkir önnur og lausari sambönd sín á milli sem sýna eigi að síður að talsverður samgangur eftir ákveðnum brautum er á milli yfirblokkanna. Hér má einkum nefna tengsl á milli *Sat ég undir fiskihlaða* og *Heyrði ég í hamrinum*¹⁰⁶⁰ annars vegar og *Sat ég undir fiskihlaða* og *Gekk ég upp á hólinn*¹⁰⁶¹ hins vegar, og sömuleiðis *Heyrði ég í hamrinum* og *Sat ég undir stofuvegg*.¹⁰⁶²

Með sama hætti og ákveðnar blokkir standa á ákveðnum stöðum í yfirblokkum (eins og lýst var fyrr í þessum kafla) hafa sumar yfirblokkir tilhneigingu til að vera á ákveðnum stöðum í samböndum yfirblokka (og þar af leiðandi í þulutextum). Þannig er *Sat ég undir fiskihlaða* jafnan fremri hluti sambanda yfirblokka, t.d. í þörunum með *Sat ég undir stofuvegg*, eða *Heyrði ég í hamrinum*, eða *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*. Síðastnefnda yfirblokkinn hefur annars sömu tilhneigingu til þess að vera sú fremri, t.d. í þörum með *Sat ég undir stofuvegg* eða *Kúaþulum I*. Blokkinn *Poki fór til Hnausa* hefur þessa sömu tilhneigingu til að vera fremst, t.d. í samsteypunni með *Karl tók til orða* o.fl. eða í sambandi við *Sat ég undir stofuvegg*. Þessi síðastnefnda yfirblokk hefur hins vegar sterka tilhneigingu til þess að vera seinni hluti í ýmsum samböndum, t.d. við *Sat ég undir fiskihlaða*, *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*, *Poki fór til Hnausa* og *Heyrði ég í*

¹⁰⁶⁰ Sjá Lbs 587 4to VIII, 12v; Lbs 587 4to IV, 29v–30r; SÁM 30b, 157r; sbr. Lbs 423 8vo, 108v–109r og Lbs 587 4to II, bls. 123–124.

¹⁰⁶¹ Lbs 421 8vo, 36v–37v; Lbs 1911 8vo, bls. 23–24; sbr. SÁM 85/180 EF (20330) og SÁM 85/289 EF (2572).

¹⁰⁶² Lbs 587 4to I, bls. 20; SÁM 32, 132r–133r; SÁM 85/167 EF (20103) og SÁM 85/189 EF (20443) (sbr. SÁM 85/191 EF (20463) með sama flytjanda). Þessi tengsl eru jafnframt stöðugri en samböndin með *Sat ég undir fiskihlaða* sem voru nefnd á undan. Röð yfirblokka er alltaf sama hér og samskeytin á svipuðum stað í *Heyrði ég í hamrinum* í öllum dæmum frá 20. öld, aftast á eftir blokkinni *Ekki heiti ég Eiríkur* og viðlaginu sem endar á *hallast ég á hestinum // en ríða verð ég þó*. Yfirblokkinn *Sat ég undir stofuvegg* hefst ýmist á {a}, {b} eða {k}.

hamrinum. Þetta sýnir enn og aftur samræmi í þulubyggingu, á öllum þrepum stigveldisins, hvort sem um ræðir minni og heiti sem mynda blokkir, blokkir (og smærri einingar) sem mynda yfirblokkir eða blokkir ásamt yfirblokkum (og smærri einingum) sem mynda þulutexta.

8.3.5. Niðurlag

Blokkir sem helstu samsettu byggingareiningar eru óneitanlega einkennandi fyrir þulur, en blokkir eru afar ólíkar bæði erindum í bundnu máli og köflum í bundnu eða óbundnu máli. Fornþulur skiptust t.d. í kafla eftir efni, þ.e. eftir því hvers konar heiti – og minni ef því var að skipta – voru talin upp, en blokkir í þulum síðari alda eru mjög ólíkar þessum köflum. Aðeins nánari hliðstæða við blokkir eru þemu sem Parry og Lord nota í greiningu á epískum þjóðkvæðum og eru skilgreind sem „repeated incidents and descriptive passages in the songs.“¹⁰⁶³ Þemu eru samsettar byggingareiningar á hærra stigi en grunneiningar (formúlur) á svipaðan hátt og blokkir eru á hærra þrepi en minni og heiti; þemu eru jafnframt tiltölulega stöðugar og heillegar einingar sem leyfa þó ákveðinn breytileika, líkt og blokkir. Þemu eru þó ekki sambærileg við blokkir sakir þess hve þulur eru ólíkar frásagnarkvæðum.

Blokkir standa hins vegar nærri öðrum byggingareiningum þulna, einkum minnum, og eru rök-rétt framhald af minnum þótt þær standi þrepi hærra. Mörkin á milli fyrirbæranna *blokk* og *minni* eru jafnvel óljós í sumum tilfellum, einkum ef dreift og samsett minni er borið saman við stutta blokk. Þá eru ákveðin líkindi í því að ein og sama blokk (t.d. *Kom ég þar að kvöldi*) getur ýmist verið hluti af yfirblokk eða af þulutexta, eða þá myndað þulutexta ein sér – með sama hætti og minni (og jafnvel heiti) þurfa ekki endilega að vera hluti af blokk heldur geta staðið sjálfstætt við hlið annarra minna og blokka; til eru minni, heiti og jafnframt smærri blokkir sem ýmist eru hluti af ákveðinni blokk (eða yfirblokk) eða standa sjálfstætt. Blokkir og yfirblokkir geta haft nokkrar mismunandi gerðir, líkt og minni,¹⁰⁶⁴ og eru mörkin á milli tveggja sjálfstæðra blokka og mismunandi gerða sömu blokkarinnar oft fljótandi, líkt og mörkin á milli tilbrigða við minni og sjálfstæðra minna (sbr. 8.2.1 og 8.2.2). Það á einnig við um mörkin milli sjálfstæðra blokka eða hluta stærri yfirblokka (sbr. kafla 8.3.1).¹⁰⁶⁵ Þetta er ein birtingarmynd mikils sveigjanleika í þulubyggingu.

Bygging blokka og yfirblokka grundvallast að miklu leyti á sömu hliðstæðum og sjá má á lægri stigum þulubyggingar: líkingum í merkingu og innra formi, í línubyggingu og setningaskipan – sem öðlast enn meira vægi en neðar í stigveldinu – ásamt hljómlíkingum sem gegna sínu hlutverki jafnvel á svo háu þrepi í stigveldi byggingareininga í þulutextum (kafla 8.3.2 og 8.3.4). Merkingarfræðileg tengsl milli einstakra minna í blokk geta verið með ýmsu móti; hliðstæðutengsl, andstæðutengsl og viðaukatengsl eru með þeim algengustu í þulum en frásagnartengsl aðeins sjaldgæfari, þótt ekki þurfi endilega fullmótaða atburðarás í texta til þess að frásagnartengsl geti myndast. Einkennandi fyrir þulur og mikilvæg fyrir þulubyggingu eru nándartengsl, en þau eru oft ástæða þess að blokkir eða minni, sem virðast ekki standa í neinum merkingartengslum, eiga samleið.

¹⁰⁶³ Lord, *The Singer of Tales*, 4.

¹⁰⁶⁴ Sbr. *Sat ég undir fiskihlaða*, gerð með blokkinni *Konan mín í kofanum* vs. með blokkinni *Sofa, sofa hjónakornin bæði*. Meðal fleiri dæma er *Poki fór til Hnausa* (A- og B-gerð eru svo mismunandi að þær eru alveg á mörkum þess að vera sjálfstæðar yfirblokkir) og *Lambið beit í fingur mér* (líka afar mismunandi gerðir).

¹⁰⁶⁵ Sbr. blokkina *Jón smár* vs. yfirblokkirnar *Poki fer til Hnausa* og *Lambið beit í fingur minn*.

Algengustu byggingargerðir blokka eru upptalningar á heitum, upptalningar á minnum og svokallaðar frásagnarblokkir, þ.e. blokkir sem byggðar eru að nokkru leyti sem frásagnir með meira eða minna fullmótaða atburðarás. Eigi að síður er líka hægt að skoða hinar síðastnefndu sem upptalningar á minnum, þótt upptalningarformið sé ekki jafnskýrt og í eiginlegum upptalningum á heitum og minnum (kafla 8.3.3). Upptalningar á heitum skiptast í svokallaðar sérnafnablokkir og öfugmælablokkir; hinar síðarnefndu hafa nokkuð stöðugri lengd og byggingu, fleiri blokkir meðal þeirra eru með reglulegra bragform, og fjölform finnst oftast í byggingu slíkra blokka (kafla 8.3.3.1). Upptalningar á minnum skiptast í blokkir sem hafa sveigjanlegri og fastmótaðri byggingu. Í sveigjanlegu blokkunum eru fleiri tilbrigði, bæði innan minnanna sem talin eru upp og í því hvaða minni eru talin upp og í hvaða röð; frásagnarþáttur hefur þar minna vægi, en fjölform eru þvert á móti nokkuð áberandi, og tengsl við aðrar þulublokkir eru sterkari. Blokkir með fastmótaðri byggingu hafa ákveðna og síður sveigjanlega röð eininga sem taldar eru upp, færri tilbrigði og stöðugri lengd; þáttur frásagnar í slíkum blokkum er sterkari, en á hinn bóginn dregur heldur úr vægi fjölforma í byggingu blokkanna. Þessu fylgja oft minni tengsl við aðrar þulublokkir. M.ö.o. eru annars vegar blokkir þar sem byggingin grundvallast frekar á forsendum ytra forms en hins vegar blokkir þar sem efnið hefur meiri áhrif á byggingu (sbr. kafla 8.3.3.2).

Meðal frásagnarblokka í þulum síðari alda (kafla 8.3.3.3) eru annars vegar fá en skýr dæmi um frásögn með fullmótaðri atburðarás en hins vegar dæmi um blokkir sem geyma ekki fullmótaða frásögn, þ.e. atburðirnir eru ekki nógu skýrir eða blokkirnar hafa ekki rúm fyrir slíka frásögn. Síðarnefndu blokkirnar þurfa sumar hverjar einhvers konar uppbót til þess að frásögnin verði fullburða, t.d. návist við aðra blokk sem einnig hefur ákveðinn frásagnarþátt. Atburðarás í skýrum dæmum um frásagnarblokkir myndast venjulega í kringum ferðalag, en einkennandi fyrir þulur er að ferðalagið endar sjaldan heima. Að þessu leyti er frásögn í þulum ólík ævintýrafrásögnum (en virðist standa nær frásögnum í sagnadönsu); annars hafa sumar lengri frásagnarblokkir og einkum yfirblokkir ákveðin formgerðareinkenni ævintýra (sbr. kafla 8.3.3.3). Frásagnarblokkir eru frekar skýrt afmarkaðar og tiltölulega stöðugar, hafa m.a. sömu eða svipaða röð blokka og minna. Þær hafa mikil tengsl við aðrar frásagnarblokkir og mynda þannig nokkurs konar eigin textaheim en eru þó ekki eins einangraðar og Grýluþulur, kúapulur eða stúlkuþulur sem tengjast sín á milli sterkum böndum en aðeins lítillega öðrum þulublokkum. Meðal blokka og yfirblokka af blandaðri gerð eru hins vegar dæmi um einingar sem mynda afar fá tengsl við aðrar þulueiningar, en slíkar (yfir)blokkir sameina í sér frásögn og upptalningu – eða falla þvert á móti hvorki undir frásagnargerð né upptalningargerð (sjá kafla 8.3.3.4). Hinar fyrrnefndu eru tiltölulega einfaldar byggingareiningar með nokkuð skýr merkingartengsl, en hinar síðarnefndu eru jafnan flóknari einingar, oft í nokkrum gerðum, óstöðugri og með óljósari merkingartengsl.

Jafnvel í þulublokkum með tiltölulega sterkan frásagnarþátt vegur upptalningarþátturinn þungt, en viðaukareglan gildir í frásagnarblokkum eins og önnur almenn þululögmál – og stjórnar að einhverju leyti einnig byggingu frásagnarblokka (kafla 8.3.3.3). Minni eru vel afmarkaðar einingar með tilliti til bragforms og setningaskipanar, þau eru oft af svipaðri gerð og því auðveldlega útskiptanleg þar sem innihald hvers minnis fyrir sig skiptir harla litlu máli fyrir atburðarás og framvindu þulutexta. Atburðarás er því varla helsti drifkrafturinn í textanum; hins vegar stendur upptalning miklu

nær því að vera það. Þuluminni virðast fyrst og fremst vera upptalningareining, líka í blokkum með sterkan frásagnarþráð (kafla 8.3.3.3). Hlutverk upptalninga í frásögnum í þulum og almennt í byggingu þulna er því mun umfangsmeira en í flestum öðrum greinum íslenskra munnmennta.

Flestum blokkum – bæði af upptalningar- og frásagnargerð – virðist vera eiginlegt að hafa inn- og niðurlag, þótt þessar einingar gegni ekki endilega nákvæmlega sama hlutverki í blokkum af mismunandi gerðum. Í upptalningarblokkum má búast við formálsorðum sem leiða inn í listann, t.d. kynningu eins og *Telja máttu föðurfrændur þína* í inngangi *Ættartölu* (sbr. (8-11)), en í frásagnarblokkum frekar við kynningu á persónum og ástæðum ásamt flækju, allt í mjög knöppu máli, líkt og í *Sat ég undir stofuvegg* o.fl. blokkum og yfirblokkum. Í einstökum blokkum eru oft ákveðin minni sem veljast frekar í inngang eða niðurlag eða til þess að gegna t.d. hlutverki tengiminna. Svipað gildir um yfirblokkir (kafla 8.3.4), en ýmsum blokkum virðast ákveðin hlutverk eða staða í yfirblokkinni vera eiginleg. Gerð upphafsblokka – þ.e. hvort það er upptalning, frásögn eða blönduð blokk – segir jafnframt til um hvaða byggingargerð yfirblokkinn í heild tilheyrir. Meginmálsblokkir raðast svo á nokkuð ólíka vegu í frásagnaryfirblokkum og öðrum yfirblokkum; í þeim fyrrnefndu ráða frásagnartengsl að nokkru leyti því í hvaða röð meginmálsblokkirnar koma, en í öðrum yfirblokkum, þ.e. bæði upptalningum og yfirblokkum af blandaðri gerð, ráða nándartengsl meiru, þótt önnur merkingartengsl séu einnig til staðar. Þá samanstanda sumir þulutextar af fleiri en einni yfirblokk (eða af hlutum tveggja yfirblokka eða fleiri), venjulega algengustu yfirblokkunum í þulutextum. Um slík sambönd gildir líka að sumar yfirblokkir – eða hlutar þeirra – hafa þá tilhneigingu að vera framarlega í þulutextum en aðrar aftarlega. Hér eru samsetningarmöguleikar þó fáir og erfitt er að draga af þeim almennar ályktanir aðrar en þær að vinsælar lokablokkir, t.d. *Kom ég þar að kvöldi* eða *Ættartala*, eru sömuleiðis algengar lokablokkir í samsetningum mismunandi yfirblokka og geta þá staðið með öðrum yfirblokkum en þeim sem þær tilheyra oftar.

8.4. Textatengsl og þulusjóður

Hér að framan hafa verið nefnd ýmis dæmi þess að sama byggingareining þulna – með tilbrigðum – finnist í margvíslegum þulutextum, oft í afar ólíku umhverfi. Það á við bæði um heiti og minni annars vegar og um blokkir hins vegar. Í kafla 8.1.4 komu t.d. fram nöfn sem ferðast á milli nafnalista, en í kafla 8.2.4 og 8.2.5 var m.a. fjallað um svipuð minni í mismunandi samhengi; sbr. kafla 8.3.2.2 um svipuð minni í mismunandi blokkum. Til frekari glöggvunar má taka dæmi um slíkt minni, *kýrin í mýrinni*, sem er bæði til sem stakt minni¹⁰⁶⁶ og sem hluti af mismunandi blokkum í yfirblokkunum *Lambið beit í fingur minn* og í *Sat ég undir fiskihlaða*, sjá dæmi (8-58a) og (8-58b) þar sem minnið er skáletrað ásamt minninu um *tíkina í túninu* sem minnið um *kýrina í mýrinni* myndar þar með í báðum þessum tilfellum:

¹⁰⁶⁶ M.a. í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, t.d.: „Úti býr kýrin í mýrinni. // Hún hafði sinn skó á hvorjum fót“ (Lbs 587 4to I, bls. 35), og annars staðar í óákveðnu samhengi: „kýrin í Myrinni // keyfar hún uppa hnöttóttan stein // vildi eg að hann smali minn // væri komin h[e]im“ (JS 289 8vo I, 28v). Í báðum tilfellum getur reyndar verið um samslátt við önnur minni að ræða, annars vegar við „sumum gefur hann eyrbót, // sinn sló á hvorn fót“ (Lbs 587 4to I, bls. 133, trúlega átt við *skó*; sbr. „sumum gaf hann eirbót, // sinn skóg á hvorn fót“ í Lbs 423 8vo, 109r), hins vegar við „fór jeg upp á hnöttóttan stein, // að vita hvert að smalinn minn kæmi ekki heim“ (Lbs 587 4to II, bls. 161, en þar er m.a. minnið um *tíkina í túninu* skammt á undan).

(8-58a) [...] úti stendur tikin þar í túnni
inn er dottin kirin þar í miri
s[æ]kið heim mennina
margir eiga h[e]nni að bjarga
ut er komin kolbeirn hin stóri
og keisaranir fjorir
Jon auðunar son
og strakurinn þar í kvammi [...]

(8-58b) [...] úti liggur tikinn í túnínu
kirinn í mirinni
hvadann ertu boli minn
þú ert heim kominn
raudur af leir[í]
rótar upp moldu
berst víd bakka
bandkollóttur [...] ¹⁰⁶⁷

Í kafla 8.3.1–8.3.3 hefur einnig komið fram að fleiri blokkir tengdust sín á milli með svipuðu móti og sumar þeirra tóku jafnframt þátt í mismunandi yfirblokkum, líkt og *Jón smár* (eða *Sástu hvergi vorar meyjar*, sjá Viðauka Id.1).¹⁰⁶⁸ Öll slík tilfelli stuðla að því að tengsl myndist á milli þulutexta – fyrst og fremst á milli þulutextanna sem geyma byggingareiningarnar sem koma fram í mismunandi samhengi, en jafnframt á milli textanna sem standa nærri þeim textum sem geyma umræddar byggingareiningar (síðarnefndu tengslin geta verið ýmist í gegnum sömu eða aðrar byggingareiningar). Þessi textatengsl¹⁰⁶⁹ eru ekki öll jafnnáin eða jafnstærk, en þegar allt er tekið saman kemur í ljós fremur þétt tengslanet milli þulutexta. Óhætt er að segja að þetta tengslanet nái yfir flestalla þulutexta á Íslandi – og jafnframt til ýmissa texta í nágrannalöndum.¹⁰⁷⁰

Öll heiti, minni og blokkir sem þulutextarnir tengjast í gegnum – ásamt öðrum einingum sem þessar fyrrnefndu tengjast innan þulutexta, og sem eru hvorar tveggja endurteknar frá texta til texta bæði óbreyttar og með mismiklum tilbrigðum – mynda fyrir sitt leyti nokkurs konar *sjóð* byggingareininga sem flytjandi sækir efni í þegar farið er með þulu. Þessi sjóður er safn þeirra minna og annarra byggingareininga sem koma fram í þulum oftast en einu sinni eða tvisvar og eru uppistaðan í þulutexta. Að mörgu leyti eru þessar einingar einkennandi fyrir þulur og mega þess vegna heita þuluminni, þulublokkir o.s.frv. Samhliða þessu þarf þó að taka fram að minni sem eru einkennandi *eingöngu* fyrir þulur síðari alda eru tiltölulega fá, ef þá nokkur, en þulusjóður er safn af minnum og öðrum byggingareiningum sem koma úr öllum áttum. Annars vegar koma minnin úr ýmsum munnmennta- og bókmenntagreinum, einkum sagnadönsum, leikjum og kvæðum (m.a. kveðskap sem tengist börnum, þ.á m. Grýlukvæðum), en einnig úr rímum, þjóðsögum o.þ.h.; hins vegar úr daglegu lífi. Í þulum aðlagast minnin og aðrar einingar hvert að öðru og að þuluförminu á svipaðan hátt og minni úr öllum áttum aðlagast ævintýrum í athugunum Max Lüthi.¹⁰⁷¹

¹⁰⁶⁷ Lbs 587 4to II, bls. 100 (broddastærð yfir *i* er mjög óregluleg í handritinu og er því broddunum sleppt í uppskriftinni hér nema sterk rök séu til annars); Lbs 587 4to III, 41v.

¹⁰⁶⁸ Fleiri dæmi má finna í fyrri verkum þeirrar er hér ritar, m.a. í greininni: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*: er allt sama tóbakið?“, 178–190.

¹⁰⁶⁹ Hugtakið *textatengsl* er hér notað í svipaðri merkingu og í bókmenntafræðilegri umræðu (sbr. t.d. Alfaro, „Intertextuality“, 268–285), þótt hér séu að sjálfsögðu ekki sams konar textatengsl og myndast milli fastra ritaðra texta, t.d. þegar í skáldsögu er vísað – meðvitað eða ómeðvitað – í önnur bókmenntaverk. Tengsl sem myndast milli þulutexta snúast frekar um byggingareiningar þulna og ýmsar leiðir til að setja þau saman í þulutexta.

¹⁰⁷⁰ Það hefur verið rætt frá ýmsum hliðum í greinunum: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*: Er allt sama tóbakið?“, 175–199, sbr.: sama, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen“, 191–230; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmorale-Verses from the North Atlantic“, 98–119; sama, „Formulae across the North Atlantic“, 135–154.

¹⁰⁷¹ „The motifs of which the folktale consists do not originate in the folktale itself. Many are realistic motifs drawn from the sphere of social life [...] Aside from these everyday motifs, the folktale makes use of supernatural and magical ones

Margar eininganna sem þulusjóðurinn geymir geta bæði komið fram í þulutextum sjálfstætt (sem stök minni, stakar blokkir o.s.frv.) eða innan stærri eininga. Á þessu geta verið tvær skýringar. Önnur er sú að sjóðurinn geymi smærri einingar annars vegar og hins vegar hugmyndir flytjenda og viðtakenda um tengsl sem einingarnar geta myndað á öllum stigum þulubyggingar. Stærri einingar myndist svo í flutningi; heiti og/eða minni tengist saman í blokkir, blokkir – ásamt smærri einingum – geta tengst saman í yfirblokkir. Þulutexti samanstendur svo af sumum eða öllum þessum tegundum byggingareininga (oft ásamt efni sem er ekki í þulusjóðnum). Tiltekin eining, t.d. minni, getur þá verið inni í blokk í einum flutningi en staðið sjálfstætt í öðrum. Hin skýringin er sú að stærri einingarnar séu aðeins að einhverjum hluta myndaðar við hvern þuluflytning, t.d. þegar einhverju minni er stöku sinnum skeytt saman við annað minni eða blokk (sem skýrir fyrir sitt leyti tilbrigði innan þulueininga og margbreytileikann í þulum almennt). Að öðru leyti geymast stærri einingar – blokkir og jafnframt smærri og fastmótaðri yfirblokkir – í þulusjóðnum meira eða minna fyrirfram tilbúnar (e. *pre-fabricated*),¹⁰⁷² eða samansettar, við hlið smærri eininganna. Tengsl á milli blokka innan lausbyggðari yfirblokka, sem og tengsl blokka við aðrar sjálfstæðar blokkir og yfirblokkir og jafnframt tengsl á milli yfirblokka í þulutextum (sbr. kafla 8.3.4) virka þá sem brautir. Eftir þessum brautum geta textar farið þegar komið er út fyrir einingarnar, sem geymast fyrirfram tilbúnar í þulusjóðnum, t.d. þegar byggingareiningar verða of stórar og/eða flóknar til þess að geta geymst samansettar í sjóðnum. Með öðrum orðum fara fyrirfram tilbúnar stærri þulubyggingareiningar, sem sóttar eru í sjóðinn, að einhverju leyti eftir fyrirfram tilbúnum brautum.¹⁰⁷³ Fyrri skýringin hefur þann kost að meiri samkvæmni er í meðferð byggingareininga á hærri og lægri stigum þulubyggingar; þessi skýring er samfelldari og hefur heildaryfirbragð. Hins vegar er keðjumyndun byggingareininga á nokkrum stigum gagnert í flutningi – heiti og/eða minni > blokkir > (yfirblokkir) > texti – nokkuð flóknara ferli einmitt frá sjónarmiði flutnings heldur en notkun fyrirfram tilbúinna stærri eininga í flutningi (og eftir atvikum aðlögun þeirra að flutningi). Auk þess þarf mun meira magn tengsla (á milli eininga) að vera virkt í minni flytjanda skv. fyrri skýringunni en við notkun fyrirfram tilbúinna eininga – líklega meira en þarf fyrir flutning þó ekki lengri texta en þulur eru. Frá þessu sjónarhorni, og með tilliti til hagkvæmnislögmáls (e. *economy principle*), virðist seinni skýringin vera betri valkostur.

Ólíklegt þykir reyndar að þulusjóður sé ein samfelld heild. Hér að framan var þess getið nokkrum sinnum að tiltekin blokk eða yfirblokk væri sér á báti og tengdist öðrum þulum tiltölulega lítið;

[...] The folktale assimilates them just as it assimilates the subjects of everyday life. Both are given a form appropriate to the folktale, and only thereby do they become ‘folktale motifs’.” (Lüthi, *The European Folktale: Form and Nature*, 66).

¹⁰⁷² Um *pre-fabricatedness* sjá m.a.: Wray, „Memorisation as a Regulator of Fluency under Cognitive Pressure: Pre-fabricated Language in the Service of Creative Practice,” 26–27; sama, „Identifying Formulaic Language: Persistent Challenges and New Opportunities,” 29–34 (ásamt heimildum sem þar er vísað í).

¹⁰⁷³ Ef nota ætti myndlíkingu mætti rifja það upp að Davíð Erlingsson líkti sjóðnum og tengslaneti í þulutextum við skartgripaskrín (í samtali við þá er hér ritar árið 2000, sbr. upphaf kafla 8). Misstórar, mislitar og misfínar perlur væru í perlufesti en hvar sem hendi væri stungið í skrínið og togað í eina perlu kæmu fleiri og fleiri af ýmsum stærðum og gerðum og megnið af öllum perlunum í skríninu fyrir rest. Sú er hér ritar myndi frekar orða það svo að í skríninu væru, til jafns við stakar perlur, einnig perlur sem búið væri að þræða eða draga upp á keðjur (sem samsvara þá blokkum) og sömuleiðis lásar, hlekkir og aðrar festingar til þess að tengja saman ákveðnar blokkir, minni o.s.frv.; enn fremur að festingarnar væru ekki þær sömu fyrir allar keðjur heldur gætu aðeins ákveðnar keðjur tengst saman, á sama hátt og að sumar einingarnar tengjast saman en aðrar ekki, eða á svipaðan hátt og sumar einingarnar eru oft í ákveðinni stöðu (t.d. fremst í stærri einingu eða texta) en aðrar ekki.

Þetta á við um blokkirnar *Draumur*, *Táta*, *Táta*, *teldu dætur þínar*, *Bárður á Jökli*, *Drengurinn Dóli*, yfirblokkina *Þórnaldarþula* og um nokkra stærri hópa þulublokka – Grýluþulur, kúaþulur og stúlkuþulur. Í því er m.a. fólgið að minni tengsl eru milli einstakra byggingareininga texta úr slíkum þuluflokkum og einstakra byggingareininga annarra þulna, og eins milli þulutextanna sjálfra. Af þessu leiðir að sjóður þessara sérstöku þuluflokka fer aðeins að nokkru – mismiklu – leyti saman við hinn almenna þulusjóð. Sé þulusjóður borinn saman við stórt stöðuvatn er hver slíkur þuluflokkur á við vík þar sem vatnið blandast aðeins að litlu leyti við aðalvatnsmassa stöðuvatnsins.

Af þessu þykir nokkuð ljóst að ákveðnar hömlur séu á blöndun texta úr ofangreindum sérflokkum þulna, bæði á milli sérflokkanna og við meginþorra þulna, en þó er ekki fullvíst hvers eðlis þessar hömlur eru eða hvað sameinar þulutextana sem þær ná til. Textarnir í sérflokkunum eru ekki einnar tegundar heldur eru meðal þeirra fulltrúar allra gerða blokka og yfirblokka. Meðal Grýluþulna og kúaþulna eru bæði upptalningar heita og minna; *Bárður á Jökli* er heitaupptalning en *Táta*, *Táta* og *Draumur* upptalningar á minnum. *Drengurinn Dóli* flokkast sem frásagnarblokk frekar en upptalning á minnum. Stúlkuþulur og *Þórnaldarþula* samanstanda bæði af upptalningar- og frásagnarblokkum. Þessir sérflokkar þulna eru því ekki frábrugðnir öðrum þulum í því sem snýr að byggingu, en það dregur úr líkum á því að hömlur á blöndun texta úr þessum sérflokkum við aðra þulutexta tengist byggingunni. Sama gildir um bragform umræddra þulutexta, en það er einnig nokkuð mismunandi (jafnvel innan einnar og sömu yfirblokkar líkt og *Þórnaldarþulu*). Hlutur fjölforma í byggingu þessara blokka og yfirblokka er að sama skapi mismunandi og skýrir ekki einangrun þeirra.

Textarnir í sérflokkunum virðast hafa að mestu leyti varðveist innan sömu hefðar og meginþorri þulna. Þuluflokkar eins og stúlkuþulur, kúaþulur, *Þórnaldarþula* o.s.frv. hafa varðveist í sömu heimildum og meginþorri þulna og eru á efnisskrá (e. *repertoire*) sömu flytjenda og fara með hinar þulurnar sem eru ekki í sérflokkum. Það dregur fyrir sitt leyti úr líkum á því að ástæðan fyrir hömlunum sé sú að flytjendur hafi haft mismikið vald á þulusjóðunum, t.d. að þeir hafi ekki haft jafngreiðan aðgang að sérsjóðunum og að almenna þulusjóðnum og hafi því átt í erfiðleikum með að nota þá samhliða almenna sjóðnum við þuluflytning. Samt sem áður virðist ekki ólíklegt að a.m.k. sumir flytjendur hafi af einhverjum ástæðum tileinkað sér þulusjóði sumra sérflokkanna sér, en það gæti skýrt það að sumir sérflokkarnir hafa nokkra sérstöðu meðal þulna – ef dæma má af þeim þulusendingum sem voru ekki teknar í sundur af Jóni Árnasyni, Jóni Sigurðssyni og samstarfsfólki þeirra (sbr. kafla 5.1). *Þórnaldarþula* og *Draumur* standa þar oft sér, t.d. fremst í slíkum sendingum,¹⁰⁷⁴ og Grýluþulur standa venjulega saman og afsíðis frá öðru efni, framarlega eða aftarlega¹⁰⁷⁵ – eða jafnvel innan um annað efni tengt Grýlu, utan við þuluuppskriftir.¹⁰⁷⁶ Kúaþulur og stúlkuþulur halda venju-

¹⁰⁷⁴ Sjá t.d. AM 960 XX 4to, 1r, 2r (báðar þessar þulur eru fremst); *Þórnaldarþula* er fremst af þulum í kaflanum „Nokkrar þulur“ í AM 969 4to, 45r–45v (og fremst í þulukverri aftar í s.hdr., 246r–246v); *Draumur* er á mörkum þulna og annars efnis hjá Jóni Eyjólfssyni (DFS 67, 403r–403v) en aftast í efninu frá Jóni Þórðarsyni (AM 960 IX 4to, 9r). *Þórnaldarþula* („Þórnaddarþula“) er þó í efninu miðju hjá Jóni Eyjólfssyni (DFS 67, 412r–414v), en *Draumur* er í DFS 67, 258r í miðri sendingunni sem er trúlega frá Daníel Halldórssyni (Jón Samsonarson, Heimildalýsingar 1, kafli [10], bls. [2–3]).

¹⁰⁷⁵ T.d. aftarlega í meintri sendingu Daníels Halldórssonar (DFS 67, 260r) og í efni Helga Sigurðssonar á Jörfa (DFS 67, 447r–447v, aftast þulna), en fremst hjá Jóni Þórðarsyni (AM 960 IX 4to, 1r–4r, ásamt kúaþulum og stúlkuþulu). Grýluþulur sem standa ekki saman heyra frekar til undantekninga, t.d. hjá Jóni Eyjólfssyni í DFS 67, 372r (ásamt Grýluvísunum (370r–371r) og öðru efni um Grýlu).

¹⁰⁷⁶ Sbr. AM 969 4to, 40v.

lega hópinn – stundum hvorar sinn hópinn, stundum standa þessir tveir flokkar saman – en geta hins vegar staðið hvort heldur nær jöðrum þuluuppskrifta eða í efninu miðju.¹⁰⁷⁷ Staða þessara sérflokka í sendingum kemur m.ö.o. heim og saman við jaðarstöðu þeirra í þulusjóðnum og við skort á sterkum tengslum við aðra þulutexta (að því frátöldu að *Kúaþulur I* tengjast þó nokkrum, sbr. umfjöllun um kúaþulur í Viðauka Ib.2). Stakar blokkir eins og *Táta, Táta, Drengurinn Dóli* og *Ríðum og ríðum til Logalanda* standa hins vegar oftar en ekki innan um aðrar þulur;¹⁰⁷⁸ þær virðast enga sérstöðu hafa í þulusendingum og ættu að blandast öðrum þulum vel – en hafa eigi að síður fá eða engin stöðug tengsl við þær. Varðveisla nær því varla að útskýra þennan tengslaskort – ekki frekar en form og bygging textanna ná því.

Aldur og uppruni umræddra textaflokka gæti verið þáttur sem skýrir nokkra einangrun þulna í sérflokkunum frá öðrum þulum, en ljóst er að a.m.k. nokkrir þeirra eru með þeim elstu. Meðal þeirra eru Grýluþulur og kúaþulur sem má að nokkru leyti rekja aftur til miðaldaheimilda.¹⁰⁷⁹ *Táta, Táta* er trúlega sömuleiðis gömul ef dæma má af útbreiðslu hennar á Norðurlöndum og sumum orðmyndum í hjaltlenskri gerð hennar.¹⁰⁸⁰ Það er Þórnaldarþula trúlega líka, bæði miðað við háan aldur fyrstu uppskriftanna (sjá 5.2.1) og hugsanleg tengsl hennar við Grettisfærslu.¹⁰⁸¹ Fyrstu uppskriftir af stúlkuþulum virðast aðeins vera frá 19. öld, en stúlkuþulur virðast hins vegar hafa ákveðin tengsl við kvæði sem notuð voru við svokallaða vígsluleiki, hindarleik og Þórhildarleik, sem eru fyrir sitt leyti til í jafngömlum uppskriftum og elstu uppskriftir Þórnaldarþulu.¹⁰⁸² Þá eru stúlkuþulur nær jafnútbreiddar á Norðurlöndum og Grýluþulur og kúaþulur, en hliðstæður stúlkuþulna finnast t.d. í *skjaldrum* í Færeyjum¹⁰⁸³ – og í vígsluleikjum á meginlandshluta Norðurlanda, eða hindarleik og svipuðum leikjum.¹⁰⁸⁴ Á hinn bóginn er engin haldbær vitneskja um það að hinar þulublokkirnar í sérflokkunum, þ.e. *Draumur*¹⁰⁸⁵ og þó einkum *Drengurinn Dóli* eða *Bárður á Jökli*, eigi sér eldri uppruna eða sýni áberandi tengsl við sambærilegan kveðskap á meginlandshluta Norðurlanda.

Þá kunna þulurnar í sérflokkunum að hafa varðveist ekki aðeins sem hluti íslenskrar þuluhefðar (þ.e. með öðrum þuluflokkum), heldur ekki síður sem hluti annarra kvæðagreina sem höfðu áhrif á

¹⁰⁷⁷ Hvorar tveggja stúlkuþulur og kúaþulur standa t.d. saman í miðju efninu hjá Jóni Eyjólfssyni (DFS 67, 407r–408v og 417r–418r). Ein kúaþula og ein stúlkuþula standa saman í miðju efninu (aftarlega) í AM 969 4to, 48r–48v. Tvær kúaþulur eru hvor á sínum staðnum hjá Helga Sigurðssyni á Jörfa, önnur í miðju þuluefninu en hin aftast (AM 247 8vo, 6v og 8v). Bæði kúa- og stúlkuþulur geta þó einnig staðið í hóp – jafnvel einum hóp – nær jöðrum þuluefnis, t.d. framarlega hjá Jóni Þórðarsyni (AM 960 IX 4to, 2r–4r) eða aftarlega hjá Jóni Sigurðssyni (DFS 67, 205r–207r).

¹⁰⁷⁸ *Táta, Táta* hjá Jóni Eyjólfssyni (DFS 67, 416r–416v) eða Helga Sigurðssyni á Jörfa (AM 247 8vo, 6r), *Drengurinn Dóli* í AM 969 4to, 47r og *Ríðum og ríðum til Logalanda* hjá Jóni Sigurðssyni (DFS 67, 194r).

¹⁰⁷⁹ Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn,“ 155 (sbr. 157–173); Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 191–230; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmarole-Verses from the North Atlantic,“ 98–119.

¹⁰⁸⁰ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 224–227.

¹⁰⁸¹ Sett m.a. fram í: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Lagamál sem verður að ljóðmáli?“. Enn fremur: sama, „*Þuluheimar*: The Worlds of Old Icelandic and Postmedieval Icelandic *þulur*,“ og „*Þuluheimar* á tímamótum: *Þórnaldarþula* og *Grettisfærsla*,“ 82–85. Sjá og kafla 2.3.

¹⁰⁸² Sjá Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ cxciii–ccxii; og *Kvæði og dansleikir*, 2: 299–304.

¹⁰⁸³ Sbr. *Uppi í eini eikilund*, m.a. línurnar „ikki vil hon ganga // uttan á gullspranga“ m.m. og „silki til sokkabond, // sjálf skal hon loysa og binda“ m.m. (*Skjaldur, rímur og ramsur*, 178 (Skja 105.4), sbr. 175–180 (Skja 105.1–105.6)); sbr. einnig dæmi (Id7-a) í Viðauka Id.7).

¹⁰⁸⁴ Sbr. t.d. *Norske barnerim og leikar*, 119, 121 (nr. 170, 171).

¹⁰⁸⁵ *Draumur* er reyndar til í uppskriftum frá 18. öld (sbr. t.d. Lbs 513 4to, 126v), en það eru einnig ýmsar aðrar þulur.

þuluhefðina (þ.e. með öðrum kvæðum – e.t.v. í sínu upprunalega samhengi, þaðan sem þulurnar í sér-flokkum komu inn í þuluhefðina). Það gæti þá skýrt einangrun umræddra þuluflokka. Þulur í sérhóp-unum virðast aðallega eiga sér uppruna í einhvers konar leikjum – stúlkuþulur og sömuleiðis Grýlu-þulur – eða í smalaþulum og hugsanlega öðrum vinnutengdum þulum: kúaþulur, *Bárður á Jökli* og að nokkru leyti *Táta, Táta*¹⁰⁸⁶ og jafnframt *Drengurinn Dóli* (sem snýst um saumaskap). Varðveisla þessara þulna í handritum (eða seinna á hljóðupptökum) virðist þó ekki sýna fram á það að þær hafi verið í sterkum tengslum við samsvarandi leikkvæði. Það eru einkum Grýluþulur sem má finna í handritum utan þuluuppskrifta en það er þá meðal Grýlukvæða nafngreindra skálda og annars kveð-skapar sem er tengdur Grýlu¹⁰⁸⁷ en flokkast samt varla sem leikkveðskapur. Þá þarf að taka tillit til þess að fleiri þulublokkir eiga sér greinilega uppruna í leikkvæðum án þess þó að vera jafn einangrað-ar fyrir vikið; t.d. blokkinn um Sigurð Jónsson á þingi (blokk {h} í dæmi (8-35) í kafla 8.3.1).¹⁰⁸⁸

Ekkert af ofangreindu skýrir til fulls líklegar hömlur á tengslamyndun ákveðinna þulublokka og yfirblokka við aðrar þulur og á blöndun texta úr sérflokkum þulna, sem hér voru til umræðu, við aðra þulutexta. Eigi að síður er ljóst að í sérflokkunum eru einmitt margir af elstu þulutextunum sem eiga sér þar að auki sumir hverjir uppruna í öðrum munnmenntagreinum í meira mæli en aðrar þulur. Sérhóparnir sem hér um ræðir eru einkum kúaþulur, Grýluþulur, stúlkuþulur, *Táta, Táta* og Þórnaldarþula (og hugsanlega *Draum dreymdi mig*). Því þykir líklegt að hömlurnar tengist samt sem áður aldri og uppruna þeirra, að minnsta kosti að einhverju leyti, þótt ekki liggi fyrir með hvaða ná-kvæmlega hætti það sé. Hömlur þessar eru samt sem áður ekki svo verulegar að þær dragi úr vægi þulusjóðsins í byggingu þulna og þuluflutningi.

8.5. Niðurstaða um þulubyggingu

Í undanfarandi köflum (8.1–8.4) var byggingu þulna síðari alda lýst með aðstoð greiningarkerfis sem virðist henta þessari munnmenntagrein best, en nauðsynlegt þótti að ráðast í smíði á slíku vegna þess að hefðbundin greiningarkerfi eru jafnan ætluð til greiningar á frásögn eða þá á lýrískum kveðskap, en þulur eru hvorugt. Kerfið samanstendur af:

- tvenns konar grunneiningum, heitum og minnum (lægra stig þulubyggingar);
- tengileiðum á milli þeirra;
- tvenns konar einingum, samsettum úr grunneiningunum, blokkum og yfirblokkum (hærra stig þulubyggingar), og tengibrautum á milli þeirra;
- tilbrigðum á öllum stigum þulubyggingar;
- þulusjóðnum (sem geymir umræddar byggingareiningar);
- hliðskipuðum einingum eins og formúlum og fjölformum.

¹⁰⁸⁶ Sbr. m.a. sams konar texta: „Till tall gick i vall // med sina döttrar alla“ (*Finlands svenska folkdiktning*, 8: 13 (nr. 16)).

¹⁰⁸⁷ Sbr. umfjöllun um Grýluþulur og Grýlukvæði í kafla 8.2.4.

¹⁰⁸⁸ Sjá Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ ccxv–ccxvii. Þetta tiltekna tilfelli kann þó að skýrast af því að samsvarandi kvæði virðist ekki hafa varðveist hér á landi. Íslenska þulublokkinn hefur þá verið laus úr tengslum við kvæðið þaðan sem hún er upprunin og hrærst inni í íslenskri þuluhefð.

Upptalningar á heitum eru nokkuð áberandi í þulum síðari alda og sambærilegar við upptalningar í hinum fornu þulum í því sem varðar bæði sjálf heitin og tengsl á milli þeirra, þótt heiti í þulum síðari alda séu skilgreind svolítið öðruvísi en í fornþulum, þ.e. tekin úr tengslum við samheiti í (fornum) kveðskap. Heiti í þulum síðari alda eiga sér sömu eða svipaðar myndunarleiðir og í fornþulum, þótt sjálf heitin í þulum síðari alda skarist ekki endilega á við fornheitin. Um tengileiðir gilda einnig svipuð lögmál í þulum síðari alda og í fornþulum; heitum er raðað saman í pör (eða stærri hópa) sem mynda þululínur, en þær mynda oft línupör eða lengri samsteypur. Þessi línupör og samsteypur ásamt staklínunum mynda síðar saman keðju sem margvíslegir samhljómar, líkindi og endurtekningar ganga í gegnum og tengja stakar einingar innan keðjunnar saman: stuðlar, rím, líkindi í orðmyndun, merkingu og setningaskipan o.s.frv. Listarnir geta svo gegnt því hlutverki að vera uppistaða í blokk, og stundum í heilan þulutexta (sbr. kafla 8.1.1–8.1.3). Heitin sjálf sem grunneining þulubyggingar, myndunarleiðir þeirra og einkum listar þeirra, þ.e. upptalning nafna í kveðskap – án þess þó að farið sé eftir öllum kröfum bundins máls – eru eitt af helstu sérkennum þulna síðari alda.

Aðrar grundvallareiningar í þulubyggingu, þ.e. minni¹⁰⁸⁹ og blokkir, eru sömuleiðis einkennandi fyrir þulur sem munnmenntagrein. Minni eru, líkt og heiti, tínd til og/eða sköpuð í samræmi við önnur minni og heiti á listanum, og er þá tekið mið af ýmsum hliðstæðum í textanum: hljómlíkingum (einkum stuðlum og rími), líkingum í merkingu og innra formi, í línubyggingu og setningaskipan. Þessar hliðstæður eru virkjaðar bæði inn á við, eða við myndun heita og minna, og út á við, þ.e. við það hvernig upptalning á þessum einingum er sett saman og minni og heiti tínd til í hana – m.ö.o., í byggingu þulublokka (kafla 8.3.2.1) og jafnvel yfirblokka (8.3.4). Þar með ganga þessar hliðstæður eins og rauður þráður í gegnum allt byggingarstigveldi þulna. Tilbrigði eru annar slíkur þráður, en þau skipta sköpum á öllum stigum þulubyggingar: innan heita og minna (við myndun þeirra og notkun) og innan blokka – og yfirblokka – þegar stöku heiti og/eða minni er skipt út, við myndun sérstakra gerða blokka eða yfirblokka o.s.frv.

Minni eiga einnig margt sameiginlegt með næstu einingu fyrir ofan í byggingarstigveldi þulna, þ.e. með blokkum, en það eru tiltölulega stöðug og heilleg sambönd af ákveðnum heitum og/eða minnum. Bæði blokkir og (oftast) minni eru samsettar einingar, ólíkt heitum sem eru oft einföld; en þetta samsetta eðli, ásamt tilbrigðum sem eru virk á öllum stigum þulubyggingar, veldur því að mörk á milli einstakra byggingaeininga og jafnvel mismunandi tegunda byggingaeininga eru oft óskýr. Mörk á milli tilbrigða við minni (eða annarrar gerðar af sama minninu) og sjálfstæðs minnis eru t.a.m. fljótandi; oft er erfitt að greina á milli tveggja gerða eins minnis og tveggja sjálfstæðra minna. Sömuleiðis er oft á gráu svæði hvort ákveðinn textahluti, sem endurtekur sig oft í þulum, er sjálfstætt minni eða hluti af öðru minni. Hvort tveggja gildir einnig um blokkir. Tilbrigði í minnum valda enn fremur því að oft er það álitamál hvað í þuluminnum er hluti kjarnans og hvað breytistærðir. Þá getur eitt og sama minni ýmist verið knappt eða dreift; það er samþjappað án breytistærðanna, en ef allar breytistærðir eru til staðar getur minni jafnvel umbreytt í blokk með stuttri atburðarás. Venjulega verður það undirblokk (sem er hluti annarrar blokka og kemur sjaldan fram

¹⁰⁸⁹ Í þessari ritgerð er merking hugtaksins þessi: einföldustu endurteknar lýsingar á hvers kyns atburðum, gjörðum o.þ.h. (sbr. kafla 8.2.1).

sjálfstætt), en þó eru til einingar sem halda jafnvægi á mörkum þess að vera minni og sjálfstæð blokk. Þannig geta mörkin á milli minna og blokka máðst út. Blokkir geta fyrir sitt leyti myndað sambönd við aðrar blokkir og/eða minni, en séu slík sambönd föst breytist blokk í yfirblokk. Það að byggingareiningar geta auðveldlega umbreytt í aðrar og flakkað á milli þrepanna í stigveldi þulubyggingar er eitt af því sem tryggir mikinn sveigjanleika í þulubyggingu.

Minni og blokkir hafa sín sérkenni í þulum síðari alda sem tengjast einkum því að í þulum er ekki alltaf að finna atburðarás. Helsti skipulagskraftur textans sem kemur í hennar stað er *upptalning*, en fornþulur sýna að upptalning á minnum – sem og heitum – hafi verið einn af möguleikum sem bygging þulutexta gat þegar grundvallast á í forníslenskum bókmenntum. Af þessu leiðir m.a. að fyrirbærið *minni* er ekki undantekningalaust háð fyrirbærinu *atburðarás* (sbr. kafla 8.2.1); upptalning – ekki aðeins á heitum heldur á minnum – getur verið grunnþráðurinn sem stærri byggingareiningar og sjálfur textinn byggist á. Minni sem eru hluti upptalningar – frekar en frásagnarkeðju – gegna fyrir sitt leyti ekki sama hlutverki og minni í frásögn og eru því á öðrum forsendum í þulutextum en minni í frásagnarkveðskap; það eru lárétt tengsl og nándartengsl á milli minna (og heita), en ekki frásagnarlögmál, sem ráða því í hvaða blokk og hvar í blokkinni minni lenda. Minni í þulum eru þar með óháð frásögn en ekki óháð samhengi sínu (sbr. kafla 8.2.1), en blokkir eru upptalningar í eðli sínu – jafnvel þær sem hafa sterkan frásagnarþráð (kafla 8.3.3.3).

Formúlur og fjölform mynda kerfi forms- og innihaldseininga í þulubyggingu við hlið kerfis innihaldseininga sem var lýst hér að framan (kafla 8.2.3 og 8.3.2.3). Virkni formúlna er á svipuðu plani og virkni minna, en hún er nokkuð öðruvísi þar sem formúlur samþætta ákveðin einkenni bragforms við innihald – einkum innihald minnanna – og styrkja þar með bæði innra form minna og tengsl sem þau mynda við önnur minni (og aðrar einingar). Formúlur í þulum virðast oftast vera fengnar að láni; þær eru bæði innlendar og erlendar og koma einkum úr ballöðuhefðinni og úr romsum frá meginlandshluta Norðurlanda (sbr. kafla 2.4 og 8.2.3). Formúlur eru nokkuð útbreiddar í þulum og gagnlegar bæði fyrir þulubyggingu, þar sem þær virka oft þvert á aðrar byggingareiningar og tengja t.d. heiti eða minni í pör, og frá sjónarhóli flutnings, en formúlur eru fyrirfram tilbúnar einingar sem auðvelda flutning. Fjölform, sem er formúlukennd eining á hærra stigi en formúlur, með virkni í stærri textaeiningum, tekur oft þátt í því að skipuleggja þessar textaeiningar – einkum upptalningar í blokkum (kafla 8.3.2.3). Til eru dæmi þess að fjölform hafi komið í íslenskar þulur frá romsum á meginlandshluta Norðurlanda með slíkum textaeiningum, sbr. t.a.m. blokkina *Þar sitja ...* (Viðauki Ib.6). Bæði formúla og fjölform virka því í senn á sviði tengsla á milli kveðskaparforms og inntakseininga kveðskapar og á sviði tengsla á milli smærri inntakseininga innan hinna stærri. Eigi að síður er varla hægt að kalla þulur formúlukeðskap, og þá fyrst og fremst vegna þess að formúlur liggja ekki til grundvallar þulubyggingu heldur gegna aðrar byggingareiningar, þ.e. heiti, minni og blokkir, hlutverki megineininga í byggingu þulna (kafla 8.2.3).

Hin mörgu og margvíslegu tengsl á milli mismunandi þulutexta og byggingareininga þulna mynda textatengslanet sem virðist ná yfir flestalla þulutexta á Íslandi og marga texta í nágrennlöndum. Þær byggingareiningar þulutexta sem eru undir í þessu tengslaneti mynda einhvers konar sjóð sem þuluflytjandi sækir efni í (sjá nánar í kafla 8.4). Athugun á helstu blokkum og yfirblokkum

í þulum (í Viðauka Ia–d) sýnir þó að þulueiningar koma oftast en ekki eftir tengslaleiðum sem geymast væntanlega sömuleiðis í sjóðnum við hlið á byggingareiningum þulna, frekar en í einni bendu,¹⁰⁹⁰ þótt slíkt komi eflaust líka ósjaldan fyrir. Þá þykir líklegt að stærri þulueiningar, a.m.k. sumar, geymist einnig fyrirfram tilbúnar / fyrirfram mótaðar í þessum þulusjóði. Þulusjóðurinn er hins vegar trúlega ekki ein alveg samfelld heild, en nokkuð ljóst þykir að ákveðnar hömlur séu á blöndun texta og byggingareininga úr nokkrum þuluflokkum sem eru sér á báti, hvort heldur er á milli sérflokkanna eða við meginþorra þulna.

Niðurstaðan er sú að þulubygging grundvallast á upptalningu – frekar en á frásögn – og ein-kennist á öllum stigum af upptalningu á smærri einingum sem mynda stærri einingar í hóflegu samspili við bragfræðilega þætti. Upptalning á heitum og/eða minnum (með frásagnarþætti eða ekki) myndar blokk, en upptalning á blokkum, oft ásamt smærri einingum, myndar þulutexta – eða þá yfirblokkir sem mynda fyrir sitt leyti þulutexta, einar og sér eða ásamt öðrum yfirblokkum og/eða smærri einingum. Upptalning þessi byggist á hliðstæðum sem tengjast frekar formi (stuðlun, rími, orðmyndun o.fl.) og setningaskipan á lægri stigum þulubyggingar – en merkingu (og setningaskipan) á hærri stigum byggingarinnar. Á öllum stigum vinna þessar hliðstæður bæði upp á við, til að styrkja byggingu stærri eininga, og niður á við, þ.e. skipta einnig máli fyrir myndun og formgerð heita, minna og formúla sem eiga í hlut.

Svör við rannsóknarspurningum, sem settar voru fram í upphafi kafla 8, eru þá á þessa leið:

1. Helstu sérkenni í byggingu íslenskra þulna síðari alda eru fólgin í fyrsta lagi í því að byggingarkerfi þeirra grundvallast á upptalningu frekar en á frásögn með atburðarás eða annars konar rök-ræðu eða tilfinningatjáningu í bundnu máli, og í öðru lagi í sérhverri byggingareiningu, þ.e. í heitum, minnum og blokkum. Hver þessara eininga er á sinn hátt sérstæð fyrir þulur og greinir þær frá öðrum munnmenntagreinum.
 - a. Heiti eru varla sjálfstæð byggingareining í nokkurri annarri kvæðagrein en þulum (að fornu og nýju), en myndun heita í þulum síðari alda sýnir skýrt að þau eru beinir arftakar hinna fornu heita. Þau hafa einnig erfð að ákveðnu leyti efnislega fjölbreytni sem tengist viðleitni þulna til að skapa heimslýsingu (sbr. kafla 2., 8.1.5 og 8.2.5).
 - b. Minni eru þvert á móti byggingareining sem nýtist vel við greiningu á ýmiss konar munnmenntum. Hins vegar eru þau oft skilin á ýmsa vegu í mismunandi greinum munnmennta og eru því í vissum skilningi margar mismunandi byggingareiningar; sama gildir um formúlur. Sérkenni þuluminna eru fólgin í því að þau eru m.a. upptalningareining og eru mynduð sem slík (eftir svipuðum leiðum og heiti); þuluminni eru síður háð frásögn, þ.e. standa ekki endilega í tengslum við hana heldur tengjast fremur hvert öðru og tilheyra svokölluðum þulusjóði (sjá kafla 8.4). Vægi láréttra tengsla er því meira í þulum en í mörgum öðrum munnmenntum. Efnisleg fjölbreytni, sem er eiginleg heitum, einkennir einnig þuluminni. Þulur síðari alda hafa mótast í bændasamfélagi, þannig að helsta innihald minna og heita tengist daglegu lífi

¹⁰⁹⁰ Eins og t.d. Theodóra Thoroddsen virðist gefa í skyn í sinni frægu grein í *Skírni* („Þulur“, 416) og samlíking Davíðs Erlingssonar á þulusjóði og skartgrípaskríni virðist einnig gera ráð fyrir.

og sveitastörfum en takmarkast þó ekki af þeim (og tengist ekki endilega Íslandi, sbr. kafla 8.2.4) heldur nær einnig til himintungla og í ævintýraveröld, og er þetta mikla yfirgrip einnig eitt af sérkennum þuluminna.

- c. Blokkir eru svo byggingareining sem er sérstæð fyrir íslenskar þulur síðari alda og á sér ekki einu sinni fordæmi í fornþulum. Svipaðar einingar finnast stundum í kveðskap sem er skyldur þulum (helst í særingum o.þ.h.) en eru þá efnislega ólíkar þulublokkum og ekki tengdar inn í þulusjóðinn. Vissulega er erfitt að slá því föstu að önnur munnleg kvæði, sem hafa hvorki frásagnarbyggingu né byggingu sem einkennir lýriskan kveðskap, nýti sér ekki svipaðar byggingareiningar. Hins vegar má segja með nokkurri vissu að blokkir liggi ekki til grundvallar byggingu þeirra kvæða sem annars standa þulum næst, þ.e. keðjukvæðum, langlokum og leikkvæðum (sjá kafla 6). Þulublokkir greina því þulur frá öðrum munnmenntum.
 - d. Enn eru ýmsir aðrir hlutar byggingakerfisins einkennandi fyrir þulur, t.d. myndunaraðferðir heita og minna (sem eiga sér fyrirmynd í fornþulum, einkum hvað varðar heiti), en sumar hliðstæður og líkindi sem liggja m.a. til grundvallar þessum aðferðum eru einnig gegnumgangandi við myndun tengsla milli einstakra eininga sem eru taldar upp hverju sinni. Þetta eru m.a. grunnhliðstæður í bragformi og innra formi (formgerð) eininganna, setningaskipan í þeim og í kringum þær o.fl. (sjá einkum kafla 8.1.2–8.1.3, 8.2.2 og 8.3.2). Þétt textatengslanet og þulusjóður (kafla 8.4) eru einnig vafalítið sérkenni þulna.
2. Af ofangreindu má skilja að bygging lýsi sérstöðu íslenskra þulna síðari alda að verulegu leyti. Upptalning sem grundvallarregla þulubyggingar, byggingareiningar þulu og aðferðir til þess að mynda þessar einingar og tengja saman eru sérkenni þulna sem munnmenntagreinar og greina þær frá öðrum munnmenntum – og hafa þar með gildi fyrir skilgreiningu á þulu. Svipaða byggingu er þó ekki útilokað að finna í öðrum munnlegum kveðskap, þannig að ekki þykir öruggt að nota byggingarsérkenni ein og sér til skilgreiningar á þulu heldur aðeins ásamt öðrum þáttum, þ.e. bragformi o.fl.
 3. Formúlur eru útbreiddar í þulum og afar gagnlegar frá sjónarmiði þulubyggingar þar sem þær virka oft þvert á aðrar byggingareiningar og tengja saman smærri einingar (heiti og/eða minni). Formúlur sem fyrirfram tilbúnar einingar sem auðvelda flutning eru einnig gagnlegar frá sjónarhóli flutnings. Ofangreint gildir líka um fjölform (sbr. kafla 8.2.3.2). Eigi að síður er varla hægt að kalla þulur formúlukveðskap í þeirri merkingu að formúlur liggi til grundvallar þulubyggingu, en formúlur eru ekki gegnumgangandi í þulum og net þeirra er ekki þétt. Formúlur og fjölform mynda hins vegar hliðskipað kerfi meðfram öðrum byggingareiningum, þ.e. heitum, minnum og blokkum, sem gegna hlutverki helstu eininga í byggingu þulna (kafla 8.2.3).

9. Flutningur og hlutverk þulna

Þulur lifa í flutningi, hann er forsendan fyrir tilveru þeirra sem munnlegrar hefðar. Um flutning þulna á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar er ekki mikla vitneskju að finna í frumheimildum – nema þá helst um flytjendur sem þulur eru skráðar eftir, kynjahlutfall í röðum þeirra, sjaldnar aldur o.þ.h. Stundum bera handrit einnig með sér einhverjar upplýsingar um efnisskrá flytjenda o.fl., síst þó handritin þar sem safnarar hafa flokkað efnið og endurraðað (sbr. kafla 5.1 og 5.2.1). Hvorki hafa safnarar á vegum Jóns Árnasonar né Fornfræðafélagsins þó spurt heimildarmenn sína um flutningsmáta eða lög með þulum þar sem áherslan var einkum lögð á þjóðfræðatexta; oft er aðeins spurt um nafn og heimili flytjanda.¹⁰⁹¹

Þegar í þulusafni og skrifum Jóns Árnasonar koma þó fram vissar upplýsingar um flutningsmáta þulna, þ.e. að þulur hafi verið *raulaðar*; sömuleiðis hver raular þulur og við hvaða aðstæður, og hver áheyrendahópurinn er. Jón skrifar:

[...] móðirin raular þulur, smáværs og barna[g]ælur við börnin sín til þess <að> hugga þau þegar eitthv. gengur að þeim[.] [...] eru sumar ætlaðar til að skemta börnunum, sumar til þess að svæfa þau[,] /sumar til þess að siða þau,\ sumar ætlaðar til að vekja eptirtekt þeirra og minni, sumar \eru/ um daglega lífið á sveitabæjum, sumar nokkursk. leikir o.s.frv.¹⁰⁹²

Jón dregur hér upp svipaða mynd og verður síðar einhvers konar staðalmynd af þuluflutningi: móðir – eða önnur eldri frændkona – raular þulur við börn í ýmsum tilgangi, einkum þó til að róa þau. Þannig sér líka Theodóra Thoroddsen þuluflutning nokkrum áratugum síðar.¹⁰⁹³ Þessi mynd stingur þó nokkuð í stúf við þær ályktanir sem mætti draga af niðurröðun efnis í handritum – þar á meðal söfnunarhandritum Jóns sjálfs, – en í handritum sem geyma þulur eru þær oftast í návist ýmissa kvæða en talsvert sjaldnar í félagsskap barnavísna og leikja; einkum má nefna fornkvæði (sagnadansa) og langlokur ásamt keðjukvæðum (sjá kafla 6.2).

Nokkurt magn upplýsinga, sem snúa að flutningi, er einnig í bréfum heimildarmanna Jóns Árnasonar og Fornfræðafélagsins; enn fremur í fyrirsögnum þeirra við þulutexta, sem þeir skrifa upp og senda, og athugasemdum við textana. Þessar upplýsingar eru þó oft brotakenndar,¹⁰⁹⁴ auk þess sem þær snúast einkum um heimildarmenn. Af þeim má m.a. ráða að konur fara sannarlega með þulur mun oft en karlar, og styður það vissulega þá mynd sem Jón Árnason dregur upp.¹⁰⁹⁵ Upplýsingar

¹⁰⁹¹ Í Boðsbræfi Fornfræðafélagsins var þó mælt með því að skrá lögin, helst með nótum; einnig „höfn, aldr og heimili“ flytjenda („Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur,“ vij). Í tillögu Stephens („Forslag til Islændernes uudgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring,“ 191–192) segir líka að skrá ætti stöðu/starf viðmælenda. Það er þó ekki nefnt í Boðsbræfi, en margir safnarar gerðu það eigi að síður. Nótur að fáeinum lögum við þulutexta, ásamt mismiklum upplýsingum, eru í t.d. þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar: *Íslensk þjóðlög*, 561–562 (*Stúlkurnar ganga*), 564 (*Gimbill eftir götu rann*), 607–609 (*Stúlkurnar ganga* og *Táta, Táta*), 658–659 (*Gimbillinn mælti*), 671 (*Kúuþulur I*).

¹⁰⁹² Lbs 587 4to VII, [38r] og [39r].

¹⁰⁹³ Theodóra Thoroddsen, „Þulur,“ 415–416.

¹⁰⁹⁴ *Brotakenndar* á að sjálfsgöðu ekki við um upplýsingar, sem Jón Eyjólfsson lét fylgja uppskriftum sínum í DFS 67 E, Arch. L, eða um heimildarmannaskrár Guðmundar G. Sigurðssonar: „Heimildarmenn sagnanna og þulnanna“ (Lbs 424 8vo, 61r–61v) og „Athugasemdir um þá er styrkt hafa fornfræðasamtýning minn 1861–62“ (Lbs 420 8vo, 128r–129v).

¹⁰⁹⁵ Sbr. þó þulur skrifaðar upp „(eptir gömlum manni)“ og „(eptir rjettorðum manni)“ í sendingu frá Guðmundi G. Sigurðssyni (Lbs 587 4to III, 9r–9v) og svipaðar merkingar í uppskriftum sjálfs Jóns Árnasonar, sbr. t.d. Lbs 587 4to I, bls. 18: „S á Eyvst S í Lk &“ (sbr. bls. 108 og 117–118). Skv. Jóni Samsonarsyni (Heimildalýsingar 2, kafli [4], bls. [5]) á fyrri

um aldur þeirra sem flytja, sem tína má til úr bréfum heimildarmanna Jóns Árnasonar o.fl., eru hins vegar ekki eins samræmdar. Ósjaldan er t.d. skrifað um kveðskap „af munnum gamalla kvenna“, eða að „einstaka aldraðir menn kunni nokkuð í fornkvæðum“¹⁰⁹⁶ – en meðalaldur heimildarmanna Jóns Eyjólfssonar í DFS 67 (E, Arch. L) er þó undir fertugu. Eigi að síður má draga þá ályktun af skrifum heimildarmanna Jóns Árnasonar og Fornfræðafélagsins að í huga þeirra tengist þulur miklu fremur eldra fólki en börnum – hugsanlega þó vegna þess að þeir hugsuðu fyrst og fremst um þá sem fóru með þulutexta en síður um áheyrendur þeirra.

Í þessum kafla verður þuluflutningur athugaður nánar með tilliti til áheyrendahóps og flytjenda, kringumstæðna og flutningsmáta með hliðsjón af staðalímyndum sem koma fram þegar í skrifum Jóns Árnasonar.¹⁰⁹⁷ Til slíkrar athugunar er efni frá 20. öld betur fallið, en það má einkum finna á hljóðupptökum (sjá kafla 5.2.3) og í skriflegum svörum við 59. spurningaskrá Þjóðháttadeildar (nú þjóðháttasafns) Þjóðminjasafns Íslands, Þulur og gátur, sem var send út í maí 1984 sem liður í þjóðháttasöfnun Þjóðminjasafns Íslands (sbr. kafla 5.1). Þjóðfræðingar sem standa að hljóðritun þjóðfræða og þjóðháttasöfnun á ofanverðri 20. öld eiga það sameiginlegt að leggja fyrir heimildarmenn sína grundvallarspurningar um þuluflutning og kringumstæður hans, þó ekki sé endilega með sama hætti. Í 59. spurningaskrá eru spurningar mjög almennt orðaðar:

Gaman væri líka að vita sitt af hverju um þulur:
Hvernig var farið með þulur? Voru þær raulaðar og þá hverjar?
Hvers vegna var farið með þulur?
Hvenær ævinnar lærðu menn að jafnaði þulur?
Hvers vegna lærðu menn þulur?
Af hverjum lærðu menn þulur?
Hvernig þulur þóttu skemmtilegastar?¹⁰⁹⁸

Spyrlar á hljóðupptökunum spyrja þessara og fleiri spurninga af svipuðu tagi, einkum um lög sem hafa hugsanlega fylgt þulum, en oft er það gert í tengslum við einhverja(r) tiltekna(r) þulu(r) sem er(u) til umræðu þessa og þessa stundina, t.d.:

- „Var hún sungin þessi þula eða rauluð?“, „Var nokkurt lag við það haft?“ o.fl.¹⁰⁹⁹
- „Hvern heyrðirðu fara með þessa þulu?“¹¹⁰⁰
- „Hver kenndi þér þessa þulu?“, „Af hverjum lærðirðu þessa þulu?“¹¹⁰¹ enn fremur: „Manstu nokkuð hvort þú lærðir þessa þulu snemma?“, „Hvar lærðirðu þessa þulu?“¹¹⁰² o.fl. þess háttar.

tilvísunin við Sæmund Jónsson, vinnumann á Eyvindarstöðum á Álftanesi sem var 42 ára gamall 1846, eða Stefán Ásbjörnsson á s.st., 58 ára; seinni tilvísunin á við Sigurð Grímsson, bónda á Landakoti á Álftanesi, 49 ára.

¹⁰⁹⁶ Bréf Jóns Þórðarsonar í AM 970 IV 4to (sjá r-hlið) og Brynjólfs Árnasonar í AM 960 XIX 4to, 2r.

¹⁰⁹⁷ Um aðferðafræðilega nálgun sjá kafla 3.1.

¹⁰⁹⁸ 59. spurningaskrá, 3r.

¹⁰⁹⁹ SÁM 84/92 EF (1411), SÁM 85/250 EF (2072); sbr.: „En þú hefur aldrei heyrt neitt lag við þetta?“ á SÁM 85/250 EF (2076).

¹¹⁰⁰ SÁM 85/167 EF (20116), sbr. SÁM 85/144 EF (19752).

¹¹⁰¹ SÁM 84/95 EF (1454) og SÁM 85/167 EF (20115); sbr. SÁM 84/80 EF (1241); SÁM 85/129 EF (19550); SÁM 85/143 EF (19726); SÁM 85/352 EF (21360); SÁM 85/375 EF (21638) o.fl.

¹¹⁰² SÁM 85/120 EF (19390) og SÁM 85/168 EF (20132); sbr. SÁM 85/179 EF (20318).

- „Var þetta haft við börnin?“¹¹⁰³

Að sama skapi snerta svör viðmælenda þær tilteknu þulur sem spurt var um og hafa fyrir vikið þrengra gildissvið annars vegar en eru á hinn bóginn nákvæmari; þau sýna aðeins afmarkaðan hluta hinnar stóru myndar en í allnokkrum smáatriðum. Almennari svör við spurningum 59. spurningaskrár mála hins vegar alla myndina en aðeins í stórum dráttum ef svo má að orði komast. Að sjálf-sögðu eru einnig almennar spurningar á hljóðupptökunum, t.d. „Vorur þulurnar aldrei raulaðar?“¹¹⁰⁴ einkum í samtölum sérstaklega um þulur og flutning þeirra. Sum svörin við 59. spurningaskrá koma sömuleiðis inn á flutning á ákveðnum þulum í smáatriðum,¹¹⁰⁵ en slík svör eru þó ekki í meirihluta.

Ofangreindar spurningar, bæði almennar og sértækari, og svör við þeim verða m.a. hafðar til hliðsjónar við umfjöllun í eftirfarandi undirköflum, en þær taka til flutningsmáta þulna (kafla 9.1), kringumstæðna við þuluflutning, m.a. tíma, rýmis, flytjenda og áheyranda¹¹⁰⁶ (kafla 9.2) og hlutverks þulna sem almennrar afþreyingar og í barnauppleði (kafla 9.3). Í þessum kafla verða sömuleiðis ræddar rannsóknarspurningar 5 og 6:

5. eru þulur barnagælur? Nánar til tekið: (i) eru þulur kveðskapur ætlaður börnum? (En spurningu (ii), „Eru þulur sama kvæðagrein og barnagælur?“¹¹⁰⁶, var svarað í kafla 6.)
6. eru þulur kvæðagrein kvenna?

Rétt er að láta fylgja þann almenna fyrirvara að af ofangreindum heimildum má aðeins draga ályktanir um þuluflutning á 20. öld. Þær gilda síður um 19. öld, en miklar breytingar urðu á lifnaðarháttum fólks um aldamótin 1900 og í upphafi 20. aldar. Heimildarmenn, sem eru fæddir um aldamótin eða upp úr þeim, eru vissulega undir áhrifum frá flutningshefð 19. aldar en einnig frá þeirri flutningshefð sem þeir bjuggu við síðan – og hugsanlega líka frá umfjöllun um 19. aldar hefð (þ.á m. ofangreindum ummælum Theodóru); þeir eru því ekki endilega vel dómbærir um gömlu hefðina. Enn síður gilda ályktanir um flutning, sem dregnar eru af 20. aldar heimildum, um þuluflutning fyrir á öldum.

9.1. Flutningsmáti

Eftir því sem dæma má af hljóðupptökum á þulunum sjálfum og umræðum um þær eru þær oftast mæltar fram eða raulaðar (en sjaldnar beinlínis sungnar). Erfitt er þó að segja til um hvor flutningsmátinn hafi verið algengari. Heimildarmenn að svörum við 59. spurningaskrá nefna raul mun oftast í tengslum við þuluflutning heldur en það að þulur séu mæltar fram, sagðar fram o.s.frv.¹¹⁰⁷ Heimildar-

¹¹⁰³ SÁM 85/349 EF (21318); sbr.: „Og þannig raular þú þetta við börn?“ (SÁM 85/349 EF, nr. 21315) eða „Varstu von að syngja þetta fyrir börnin [þín]?“ (SÁM 85/142 EF, nr. 19720).

¹¹⁰⁴ SÁM 85/144 EF (19752), sbr.: „Og fór móðir þín með þetta fyrir þig svona ... þulið eða [...] Voru þær aldrei raulaðar?“ (SÁM 85/149 EF, nr. 19816); einnig: „Hvernig var farið með þulur og Grylukvæði? [...] Voru þau sungin nokkuð? [...] Ekki raulaðar heldur?“ (SÁM 84/98 EF, nr. 1475).

¹¹⁰⁵ Sbr.: „Þegar farið var með þuluna „Gott er að ríða sandana mjúka,“ þá sat þulumaður oft undir barninu og hossaði því á hné sér eftir hljóðfallinu. Hestarnir voru viljugir og kveðið hratt“ (ÞP 6807, 10r).

¹¹⁰⁶ Hér er orðið *áheyrandi* tekið fram fyrir *áhorfandi*, og þá helst af þeirri ástæðu að heimildir um aðra þætti þuluflutnings en hljómrænan (t.d. um líkamsburði flytjanda og þeirra sem tóku hugsanlega undir með flytjanda) eru hverfandi; það litla sem er fyrir hendi snertir aðallega þær þulur sem eru notaðar í leikjum (sbr. ÞP 6807, 10r) eða þær sem eru notaðar við að láta börn stíga eða róa (en hvorugar eru efni þessarar ritgerðar).

¹¹⁰⁷ Það getur vissulega skýrst að hluta til af orðalagi spurningarinnar sjálfrar í Spurningaskrá 59 (3r): „Hvernig var farið með þulur? Voru þær raulaðar og þá hverjar?“. Þeir heimildarmenn sem halda því fram að þulur séu almennt eða oftast

menn á hljóðupptökunum eru sömuleiðis oft spurðir hvort tiltekin þula eða þulur almennt sé/séu ekki rauluð/raulaðar,¹¹⁰⁸ en þeir segja u.þ.b. jafnoft að þulur séu mæltar fram og að þær séu raulaðar. Þegar litið er á þuluflutning á hljóðupptökunum kemur hins vegar í ljós að þulur eru mun oftast mæltar fram en raulaðar eða sungnar.¹¹⁰⁹ Sá munur virðist vera mestur að þulur eru oftast mæltar fram (en sungnar/raulaðar) á hljóðupptökunum – en í svörum við 59. spurningaskrá eru þær oftast sagðar raulaðar en mæltar fram. Munurinn getur vissulega skýrst, a.m.k. að hluta, af því að í skriflegum svörum, eins og við 59. spurningaskrá, er *rætt um* flutning, en þá kann að vera átt við það hvernig þulur voru fluttar áður fyrr, t.d. í barnæsku heimildarmanns. Þegar kemur að því að flytja þulur er ekki víst að heimildarmaður geri það með sama hætti og gert var í barnæsku hans, þótt flutningur hans byggist á gömlum minningum. Með öðrum orðum sjáum við þuluhefðina á mismunandi tímum þegar lifandi flutningur er annars vegar og samtal um hefðina hins vegar, og því er ekki ólíklegt að þulur hafi verið raulaðar meira áður fyrr.

Í spurningum og svörum um flutningsmáta þulna eru notuð nokkur mismunandi hugtök um hann. Oftast er sagt að þula sé annaðhvort *mælt fram* (*mælt af munni fram*) eða *raulud*, t.d.:

(9-1) Þulur v[o]ru ýmist mæltar af munni fram en þó oftast raulaðar [...]¹¹¹⁰

Einnig koma fyrir orðin *sungin*, *þulin* og stundum *kveðin*, og svo má áfram telja, sbr.:

(9-2a) Þulurnar voru *raulaðar* eða *sungnar*, ef fólkíð haf<ð>i lag við þær eða fann eitthvað lag við þær.

(9-2b) Þulur voru *þuldar*. Stundum *raulaðar* ef þær [v]oru svo bragf[æ]rðar að hægt væri að koma efni þeirra til skila með *söng*, *rauli* eða *söngli*<.>

(9-2c) Þulurnar voru *raulaðar* eða *kveðnar* eða fluttar eftir því sem efni og hrynjandi gaf tilefni.¹¹¹¹

Sum þessara hugtaka skýra sig sjálf, önnur eru ekki eins ljós eða jafnvel tvíræð. Mörkin á milli *syngja* og *raula* eru t.d. nokkuð ógreinileg, og þá getur *kveða* bæði bent til söngs og til þess að mæla fram taktfast (skandera), sbr. (9-3):

mæltar fram en raulaðar – sbr. (9-5a) og (9-7a) – eru reyndar u.þ.b. jafn margir og þeir sem segja að þær séu almennt eða oftast raulaðar en mæltar fram, sbr. (9-1) og (9-5f). Heimildarmenn sem leggja mat á þetta atriði eru þó of fáir til þess að dregnar væru af því almennar ályktanir.

¹¹⁰⁸ Sbr. þessar spurningar: „Voru þulurnar aldrei raulaðar?“ (SÁM 85/144 EF, nr. 19752, sbr. SÁM 85/149 EF, nr. 19816) eða „Þessi var ekki rauluð?“ (SÁM 85/143 EF, nr. 19725). Á öllum þessum hljóðupptökum er Helga Jóhannsdóttir spyrill, en aðrir spurðu einnig hvort þulur væru raulaðar eða e.t.v. sungnar.

¹¹⁰⁹ Sigríður Pálmadóttir („Tónlist í munnlegri geymd: Rannsókn á stemmum og þululögum frá Ytra-Fjalli í Aðaldal“) heldur þessu fram: „Í Þjóðfræðasafni Stofnunar Arna Magnússonar hafa verið skráðar um 3500 upptökur af þulum og þar af er rúmlega þriðjungur sunginn“; það fer saman við talningu þeirrar sem hér ritar yfir um 1/10 af safnkostinum.

¹¹¹⁰ ÞP 6473 (12r); sbr. einnig ÞP 6708 (9r) o.fl. dæmi. (Leturbreyting mín – YSH.) Önnur svipuð orð voru sömuleiðis notuð, t.d.: „Þær voru [...] *sagðar fram* eða *lesnar* blátt áfram, eða *sungnar* ef hægt var“ (ÞP 6462, 1r, leturbreyting mín – YSH; hér kann að vísu vera ekki aðeins átt við þulur heldur einnig gátur, vísur o.fl.).

¹¹¹¹ (9-2a): ÞP 7137, laust viðbótarblað ([r]); (9-2b): ÞP 6408, 12r; (9-2c): ÞP 6807, 10r. (Leturbreyting mín – YSH.) Sbr. einnig: „Þulurnar voru bara svona kveðnar og þá farið með þær eftir því sem efnið var í þeim, svona svolítið breytt“ (ÞP 7187, 48r).

(9-3) Hvernig var farið með þulur? Þær voru gjarnan raulaðar við börn á rökkurstundum, ef lög voru til við þær. Stundum *kveðnar með stemmum*, En mest var þó um *stígandi /kveðanda án söngs*.¹¹¹²

Fleiri heimildarmenn hafa fundið hjá sér þörf til að lýsa þuluflutningi nánar, og þá er það einkum raul sem þykir þurfa skýringa við. Þá er gripið til hugtaka á sviði hrynjandi (9-4a,b) eða tónfalls (9-4c–e) til að skýra nánar raulið í flutningi:

(9-4a) Sumar þulur er hægt að *raula*, þær helst sem eitthvert *hljóðfall* er í, t.d. „Bokki sat í brunni“, eða „Bárður minn á Jökli“ [...]

(9-4b) Þulur voru raulaðar með sérstökum hrynjandi.

(9-4c) Einhver *sérstakur málblær* var viðhafður, þegar farið var með þulur.

(9-4d) Þulur voru yfirleitt mæltar af munnni fram *í sama tón* [...]

(9-4e) Barnaþulurnar voru ekki sungnar, en það var oft svona *dreginn seimur* í þeim.¹¹¹³

Af þessari hugtakanotkun og skýringum heimildarmanna má ráða að flutningsmáti þulna hafi verið margvíslegur og farið eftir ýmsum breytum, þ.á m. efni og hrynjandi (sjá dæmi (9-2c)). Heimildarmenn þjóðháttaöfnunar nefna oft fleiri mögulega flutningsmáta í einu (t.d. „Þulur voru *ýmist raulaðar eða mæltar af munnni fram*“),¹¹¹⁴ eða u.þ.b. jafnoft og þeir nefna einhvern einn flutningsmáta (sem er þá oftast raul). Heimildarmenn á hljóðupptökum nefna einhvern einn flutningsmáta heldur oft en fleiri möguleika í einu, en þess ber að gæta að þeir tala mun oft um einstakar þulur. Afdráttarlausar fullyrðingar um einhvern einn flutningsmáta (t.d. „þulur voru *alltaf þuldar*, en vísur raulaðar“)¹¹¹⁵ eru tiltölulega fáar og sömuleiðis afdráttarlausar fullyrðingar þess efnis að einhver flutningsmáti væri útilokaður, t.d.: „Þulur voru *aldrei raulaðar*<,> það var farið með þær eins og væri verið að segja börnunum sögur hægt og skýrt“.¹¹¹⁶

Í tengslum við þuluraul er stundum minnst á *þululög*,¹¹¹⁷ en heimildarmenn hafa mismunandi skoðanir um það hvort það hafi verið mismunandi lög (eða *stemmur*), sbr. dæmi (9-5a–c), eða hvort það hafi verið eitthvert eitt þululag (9-5d–f), eða þá alls ekkert sérstakt lag (9-5g):

¹¹¹² ÞP 7822, 14r (leturbreyting mín – YSH).

¹¹¹³ (9-4a): ÞP 6598, 17r, sbr. SÁM 85/196 EF (20539). (9-4b): ÞP 6412, [1r] (laust blað fremst); (9-4c): ÞP 6419, 7r; (9-4d): ÞP 6849, 1r; (9-4e): ÞP 7187, 48r. Leturbreyting mín – YSH. Um orðið *barnaþula* sbr. kafla 4.2 (neðanmáls) og 9.4.

¹¹¹⁴ ÞP 6708, 9r (leturbreyting mín – YSH).

¹¹¹⁵ ÞP 6454, 1r (leturbreyting mín – YSH).

¹¹¹⁶ ÞP 6594, 1r (leturbreyting mín – YSH). Sbr.: „Ég veit ekki til að þulur væru sungnar eða raulaðar“ (ÞP 6547, 8r). Sbr. hljóðupptökurnar SÁM 84/98 EF (1475), þar sem heimildarmaðurinn er nokkuð afdráttarlaus um að þulur væru *aldrei sungnar* og *ekki raulaðar heldur*, eða SÁM 85/149 EF (19816) svipaðs efnis. Á hljóðupptökum er þess hins vegar oft getið að ákveðnir textar séu raulaðir (SÁM 84/92 EF, nr. 1411, um kúapulu) eða þvert á móti ekki (SÁM 85/166 EF, nr. 20098, um *Hér læt ég skurka*).

¹¹¹⁷ Eins og fram kom í kafla 2.1 er tónefni ekki meginefni þessarar ritgerðar; hér verður aðeins rætt um upplifun heimildarmanna á tónefni en ekki tónefnið sjálft.

(9-5a) Mjög var misjafnt hvernig farið var með þulur<.> Flestir munu þó hafa mælt þær af munni fram<.> Þó voru sumar þulur sem voru raulaðar *undir ýmsum stemmum*, t.d. í rökrinu<.>

(9-5b) En svo voru *þulur* [og] alls konar vísur raulaðar við börn, þá *með alls konar lagi og stemmum, eins konar sönglandi*, sem lét vel í eyrum barnanna.

(9-5c) Þær voru stundum raulaðar. Það var nú *misjafnt (lag) við þær*; misjöfn þessi raulun við þær.

(9-5d) Þulurnar voru raulaðar og *oftast sama lagið*.

(9-5e) Næsta þula var alltaf rauluð *með vissu þulu/lagi*. Bárður minn á Jökli [...]

(9-5f) Þulur voru stundum mæltar fram, en oftast raulaðar með „*Þululagi*.“ Það var *mjög eftirgefanlegt í meðförum og löguðu menn það eftir textanum*, hver eftir sínum smekk, eða svo fannst mér um það sem ég heyrði notað.

(9-5g) Þulur voru raulaðar, til afþreyingar fyrir börn, þó ekki væri *neitt sérstakt lag við þær*.¹¹¹⁸

Upplifun heimildarmanna af þululögum – bæði af tilvist þeirra og hvers eðlis þau eru – er því mismunandi; sumir svara neitandi aðspurðir hvort þeir kannist við eitthvert lag við tiltekinn þulutexta,¹¹¹⁹ en aðrir heimildarmenn raula eða syngja texta úr sama þuluflokki.¹¹²⁰ Svör við spurningum hvers konar þulur eru oftast raulaðar og hvers konar þulur eru mæltar fram eru sömuleiðis margvísleg. Hér þarf reyndar að hafa hugfast að margir heimildarmenn nota hugtakið *þula* um mun fleiri tegundir kveðskapar heldur en gert í þessari ritgerð, og fyrir vikið ratar fleira inn í umfjöllun þeirra um þulur, t.d. kvæði sem hafa orðið *þula* í heiti sínu (Gilsbakkapula, svokölluð Þorkelsþula o.fl.),¹¹²¹ sum lengri leikkvæði, t.d. um Fúsentes,¹¹²² þululjóð 20. aldar skálda, þ.e. Huldu, Theodóru Thoroddsen o.fl.¹¹²³ Það er einmitt slíkur kveðskapur – flokkaður sem kvæði í þessari ritgerð – sem heimildarmenn nefna oft sem sönghæfan og segja að hafi verið sunginn eða raulaður:

(9-6a) Ég man ekki eftir að þær [þ.e. þulur – *YSH*] væru raulaðar fyrr <en> þula Sigurða<r> Norðdals Gekk ég upp á Hamarinn og Margt er það í steinunum, ég held eftir Hagalín. Þær voru sungnar. [...] Skemmtilegastar þóttu mér sungnu þulurnar það var líka saga í þeim.

(9-6b) Stundum voru þulur sungnar t.d. Fúsentes, og Gilsbakkapula. Ólafur liljurós<.>

¹¹¹⁸ (9-5a): ÞP 6463, 15r; (9-5b): ÞP 7794, 9r ([og]: „að“ í frumtexta); (9-5c): ÞP 7187, 48r; (9-5d): ÞP 6565, 13r; (9-5e): ÞP 6598, 14r; (9-5f): ÞP 6833, 9r; (9-5g): ÞP 8043, 4r.

¹¹¹⁹ Heimildarmenn kannast t.d. ekki við að nokkurt lag sé við: *Sat ég undir fiskihlaða föður míns* (SÁM 84/3 EF, nr. 43), *Karl og kerling* (SÁM 85/250 EF, nr. 2072) og *Stígum við stórum*, nánar til tekið *Hér læt ég skurka* (SÁM 85/166 EF, nr. 20098) og *Hver er kominn úti?* (SÁM 84/89 EF, nr. 1358) (um byggingu *Stígum við stórum* sjá Viðauka Id.3).

¹¹²⁰ *Sat ég undir fiskihlaða*: SÁM 85/349 EF (21315); *Kúapulur II*: SÁM 85/371 EF (21593); *Stígum nú stórum*: SÁM 85/168 EF (20132).

¹¹²¹ *Þorkelsþula* er heiti sem stundum er notað um Þorkelsdætrakvæði, einnig kallað *Kvæði af vallara systrabana* eða *Vallara kvæði* (sbr. *Íslensk fornkvæði*, 3: 224–227), sjá t.d. SÁM 30b, 150r–151r, SÁM 84/3 EF (43) og víðar.

¹¹²² Kvæðið er jafnvel talið upp með þulum í 59. spurningaskrá, en það gat fyrir sitt leyti haft áhrif á svör og hugtakanotkun heimildarmanna.

¹¹²³ Sbr. ÞP 6542 (1r), ÞP 6919 (9r) og ÞP 7721 (16r).

(9-6c) Sumar þulur voru „með sínu lagi“, s.s. Gilsbakkapula, Grýlukvæði St.Ól.¹¹²⁴

Þessi tenging á rauli og söguþræði, sem kemur fram í (9-6a), er áhugaverð vegna þess að athugun á hljóðupptökunum og samanburður við blokkategundir sýnir að í þeim þulutextum sem eru a.m.k. stundum sungnir/raulaðir á hljóðupptökum koma upptalningar aðeins oftar fyrir en frásagnarblokkir – en í þeim textum sem eru ávallt mæltir fram eru frásagnarblokkir og blandaðar blokkir ásamt yfir-blokkum heldur meira áberandi. Ekki er ólíklegt að upptalningar hafi oftar jafnari og/eða sterkari hrynjandi en frásagnir, en hrynjandi er mikilvæg fyrir þuluraul, eins og fram hefur komið í (9-4a).¹¹²⁵ Hins vegar eru mörg frásagnarkvæði, þ.á m. lengri kvæði, oft einmitt sungin eða því sem næst, t.d. í kvæðagreinum eins og sagnadönsum og rímum. Því er líklegt að kjarni málsins sé ekki að frásögn þyki ekki hæfa söng heldur að frásagnarblokkir í þulum hafa síður söngvæna hrynjandi, og má rifja upp í þessu sambandi að fjölform (sjá kafla 8.3.2.3), sem bera venjulega með sér aukna festu í brag-formi, eru tiltölulega sjaldgæf í byggingu frásagnarblokka. Kvæðin sem heimildarmennirnir nefna í (9-6a–c) hafa mun ríkari og sterkari hrynjandi en þulur, og þar með er engin fyrirstaða til að raula eða syngja jafnvel langa frásögn.

Síðast en ekki síst er enn einn flutningsmáti sem stundum er minnst á, en hann hentar einkum skemmri textum og er fólgin í því að mæla þulur fram taktfast (sbr. skanderingu sem áður var minnst á) og þó fyrst og fremst hratt:

(9-7a) Venjulega voru þulur mæltar af munnni fram – stundum kveðið fast að, einnig farið svo ótt og títt með, að varla mátti draga andann á meðan.

(9-7b) Mér finnst að þulur hafi alltaf verið lesnar hratt í belg og biðu eins og stundum var sagt. Það var aldeil stoppað við nema ef sá sem las mundi ekki eða kunni reiðbrennandi þuluna.¹¹²⁶

Þetta er svipaður flutningsmáti og á svokölluðum andartakspulum, þ.e. kveðskap til að hafa yfir nokkrum sinnum í lotu eða eins oft og hægt er án þess að draga andann (en telst ekki til þulna í skilningi þessarar ritgerðar).¹¹²⁷ Hugsanlegt er að slíkur flutningur sé meðal þess sem átt er við þegar sagt er að þula sé *þulin*, en þá gæti verið að hann liggja við rætur *þulu*-nafngifnarinnar (sbr. kafla 2.2). Hversu algengur sem þessi flutningsmáti kann að hafa verið áður fyrr er hann nú í miklum minnihluta.

Segja má að margbreytileiki og skortur á reglu og samræmi í flutningi, sem sýnt var fram á í þessum kafla, sé meðal einkenna þulna sem munnmenntagreinar. Þessi einkenni er ekki hægt að

¹¹²⁴ (9-6a): ÞP 6794, 18r (skv. blaðmerkingu handritsins); (9-6b): ÞP 6458, 16r; (9-6c): ÞP 6833, 9r. Sbr. og SÁM 84/3 EF (43), en þar er Þorkelspula (þ.e. Þorkelsdætrakvæði, sjá kafla 6.1.3) nefnd þegar heimildarmaður er spurður hvort hann muni eftir nokkurri þulu sem hafi lag við.

¹¹²⁵ Á hljóðupptökum eru einmitt dæmi um það að textar úr báðum þuluflokkunum sem heimildarmaðurinn nefnir í (9-4a) eru raulaðir, sbr. *Bokki sat í brunni* á SÁM 85/140 EF (19705), SÁM 85/143 EF (19738) og SÁM 85/371 EF (21595) og *Bárður á Jökli* á SÁM 86/671 EF (25961).

¹¹²⁶ (9-7a): ÞP 6905, 16r (leturbr. í hdr.); (9-7b): ÞP 8956, 4r. Sbr. flutning á SÁM 84/3 EF (43). Sbr. ummæli Grunnavíkur-Jóns tilfærð í 6.6.1 (AM 433 IX fol., 162r). Sbr. hins vegar ummæli um flutning *hægt og skýrt* í ÞP 6594, 1r.

¹¹²⁷ Sbr. Lbs 587 4to VII, [50v] þar sem nefndir eru textarnir *Tak þú askinn þann arna, Einu sinni brotin brotin blikk kringla* og *Refur skaust upp og ofan fyrir bakka*; einnig Lbs 587 4to XII, bls. 43–44, en þar eru nefndir *Ég sá fyrir landi // átján báta, Maður gekk inn á hallargólf* og *Sextán bitar // í Sólheimaskála*.

nota ein og sér til að skera úr um hvort tiltekinn texti sé þula, a.m.k. ekki á þessu stigi rannsókna á þulum og þululögum, en þau eru mikilvægur kubbur í því þúsluspili sem skilgreining á þulum er.

9.2. Kringumstæður við flutning: Tími, rými, flytjendur og áheyrendur

Fernt er almennt nefnt þegar heimildarmennirnir svara spurningum um kringumstæður við þuluflutning, og dreifist það á fjórar helstu breytur í flutningi: *rökkrið*, einkum á veturna (tími); *rokkurinn* eða *prjónarnir* – eða önnur vinna sem stunda mátti í sæti sínu (rými); *börnin* (áheyrendur) og *gamla fólkið* og/eða *konur* (flytjendur). Ekkert af þessu fernu gildir þó um allar þulur eða tengist þulum órofa böndum, eins og rök verða leidd að í þessum kafla.

9.2.1. Tími og rými

Þulur virðast hafa einkum tilheyrð svokallaðri rökkursetu, þ.e. tímanum áður en ljósin voru kveikt, einhvers konar hvíldartíma fyrir kvöldvöku þegar unnin var léttari vinna sem hægt var að stunda í rökkurinu, eins og dæma má m.a. af (9-8a–d):¹¹²⁸

(9-8a) *Í rökkurinu á vetrarkvöldum var farið með þulur og ráðnar gátur, síðan voru ljós kveikt og tekið til við tóvinn[un]a, einhver heimamanna las upphátt fyrir alla.*

(9-8b) *Ég held að mest hafi verið farið með þulur í rökkurinu. Það var hægt að fara með þulu þó verið væri \að/ prjóna og fleira<.> Ég held að það hafi verið farið með þulur sem skemmti og afþreyingarefni fyrir krakka<.>*

(9-8c) *Þulur og gátur voru skemmtun fólks í rökkurinu<.>*

(9-8d) *Móðir okkar kenndi okkur sys<t>kinunum allt það sem við lærðum af þessu tagi. Hún notaði til þess tímann eftir að það fór að skyggja á veturna og þar til ljós var kveikt. Og þá helst ef veðrið var ekki gott, því annars vorum við úti að leika okkur.*

(9-8e) [...] *gömul kona sem hét Oddný [og] var Sveinsdóttir [...] Við höfðum gaman af því, strákarnir, eða krakkarnir, að koma til Oddnýjar á kvöldin, þegar var farið að skyggja, og sitja hjá henni fram undir það að kveikt var; þetta voru kallaðar rökkursetur. Þá fór Oddný með fyrir okkur bæði kvæði og þulur [...] að sitja við rúmstokkinn hjá Oddnýju og hlusta á hennar fróðleik sem hún flutti, bæði í ljóðum og þulum.*¹¹²⁹

Kvöldið – rökkrið – er þó ekki endilega einkennandi tími þuluflutnings. Annars vegar voru allmargar aðrar munnmenntagreinar vitanlega fluttar á rökkursetum og kvöldvökum,¹¹³⁰ hins vegar var einnig farið með þulur á öðrum tímum dags, einkum ef flytjandi var af eldri kynslóð og rúmliggjandi eða sinnti helst innivinnu í sæti sínu:

(9-9a) *Það gat hvenær sem var dottið í okkur, að segjast hjá ömmu og biðja um þulur og sögur, og stóð sjaldan á því frá hennar hendi.*

¹¹²⁸ Í þessum og öðrum dæmum í þessum og næsta undirkafla eru skáletruð orð sem varða allar fjórar breytur þuluflutnings (tíma, rými, áheyrendur og flytjendur), en töluvert er vísað í dæmi á milli kaflanna.

¹¹²⁹ (9-8a): ÞP 6468, 1r; (9-8b): ÞP 8956, 4r; (9-8c): ÞP 6414, 4r; (9-8d): ÞP 6454, 1r (sbr. ÞP 6547, 1r um vond veður); (9-8e): SÁM 84/28 EF (421), Steinþór Þórðarson á Hala í Suðursveit segir frá. (Leturbreyting mín – YSH.) Sbr. (9-15b).

¹¹³⁰ Það gæti virkað afvegaleiðandi að heimildarmenn, sem hér er vitnað í, tala oft um þulur og gátur saman, en hluti skýringarinnar er trúlega sá að í þessari tillteknu spurningaskrá (nr. 59) var einmitt spurt um þulur og gátur.

(9-9b) Þar sem ég ólst upp [...] var ekki um mikið *baðstofulíf* að ræða [...] Ég heyrði ekki *þulur* þar utan hvað ég nam á hlaupum af *gamalli konu*, sem raulaði við *rokkinn* sinn. Það notaði ég svo þótt hálfgerð slitur væru, *þegar ég fór að svæfa mín eigin börn*.

(9-9c) *Pulur* voru raulaðar með sérstökum hrynjandi *oftast í rökkriinu*. Annars sátum við börnin á knjám *föður* okkar við *hvert tækifæri* sem gafst, jafnvel þegar hann hafði *stund frá störfum á daginn*.¹¹³¹

Af þessum dæmum, einkum (9-8d) og (9-9b), má álykta að helst hafi verið farið með *þulur* inni, enda eru *baðstofur* nokkrum sinnum nefndar í tengslum við *rökkursetur*, *gátur* og/eða *þulur* í svörum við 59. spurningaskrá um *þulur* og *gátur*, t.d. í (9-10a–c):

(9-10a) Það var helst farið með *gátur*, á veturna er *rökkva* tók í gömlu *baðstofunum* í sveitinni, þegar allir voru sestir inn, með *þjóna* sína eða *eitthvert handverk*.

(9-10b) *Gátur* voru mest notaðar sem skemmtiefni ef fólk kom saman og eins man ég eftir á kvöldvökum í *baðstofunni* var ýmist farið með *gátur*, kveðist á og þó mest lesið þar sem einn las upphátt fyrir alla. [...] En svo voru *þulur* [og] alls konar *vísur* raulaðar við börn [...]

(9-10c) Þegar róið var með börn, eða þau látin stíga við stökk, var ævinlega sungið, annað hvort *vísur* eða *þulur* af ýmsu t[a]gi. Tilgangurinn með því að láta k[ra]kka stíga, hefur trúlega verið sá, að koma svolitlum hita í viðkomandi. Því ekki var um upphitun að ræða í þæjum á þeim árum, sem hér um ræðir, það var því oft kalt í *baðstofunum* á veturnum.¹¹³²

Af dæmunum má ráða að *baðstofan* hafi m.a. þjónað sem rými *þuluflytninga*, og það styðja einnig þau fáu fræðirit sem koma inn á *þuluflytning*.¹¹³³ Tóvinnu er enn fremur nefnd í mörgum þessara dæma (9-8a,b, 9-9b og 9-10a), í tengslum við *rökkrið* og *baðstofuna*, enda fer þetta þrennt oft saman.

Hins vegar er eftirtektarvert að *gátur* og *baðstofur* eru nefndar saman oftast en *þulur* og *baðstofur*. Tengsl *gátna* við *baðstofur* virðast einnig beinni og sterkari en tengsl *þulna* við þær síðarnefndu. Það kemur m.a. fram í dæmi (9-10b); þar segir skýrt að farið hafi verið með *gátur* í *baðstofunni* – en þegar heimildarmaður nefnir *þulur* er ekki gott að vita hvort hann sé ennþá með *baðstofuna* í huga. Þá kemur nokkrum sinnum fram í svörum við 59. spurningaskrá að *gátur* hafi ekki aðeins verið hafðar í *baðstofu* og/eða á kvöldvökum heldur einnig við önnur tækifæri þegar fólk kemur saman, eins og í (9-10b).¹¹³⁴ Sama gildir um *þulur*; með þær er t.d. oft farið við börn, m.a. til að svæfa þau (sjá kafla 9.3), en það liggur í augum uppi að víðar þarf að svæfa börn en í *baðstofu* eða yfirleitt í húsum. Þá geta kringumstæður við *þuluflytning* augljóslega verið allt aðrar: ekki endilega *rökkur*, ekki endilega *baðstofa*, og tóvinnan er heldur ekki endilega með. Það hlutverk *þulna* í barnauppleði að róa og svæfa samræmist því ekki alveg *baðstofu* og tóvinnu sem umgjörð *þuluflytninga*.

Í sambandi við tóvinnu má einnig nefna að fáar heimildir eru um að *þulur* hafi verið notaðar sem vinnukvæði. Stundum er þess vissulega getið að *þulan Bárður á Jökli* hafi verið notuð við það að

¹¹³¹ (9-9a): ÞP 6565, 14r; (9-9b): ÞP 6556, 1r; (9-9c): ÞP 6412, [1r] (laust blað fremst). (Leturbreyting mín – YSH.) Sbr. SÁM 85/145 EF (19784), en þar er einnig lýst föður sem sat með börnin – að vísu í *rökkriinu* – og fór með *þulur*.

¹¹³² (9-10a): ÞP 6464, 15r; (9-10b): ÞP 7794, 9r ([og]: „að“ í handriti); (9-10c): ÞP 6442, 2r. (Leturbreyting mín – YSH.)

¹¹³³ Ögmundur Helgason getur t.d. þess að „Þuluefnið er að mestu tengt *baðstofulífinu* í hinu langa skammdegi [...] nema leikþulurnar [...]“ (Ögmundur Helgason, „Þulur“, 408.)

¹¹³⁴ Sbr. t.d.: „*Gátur*. Þær voru oft hafðar á kvöldvökunum og í annan tíma“ (ÞP 6995, 2r; leturbreyting í handritinu).

þæfa, enda er hún kölluð *þófarapula* í sumum heimildum,¹¹³⁵ en annars virðist hafa verið lítið um að ákveðnar þulur væru notaðar við ákveðin verk.¹¹³⁶ Tengsl á þuluflutningi og tóvinnu (eða öðru handverki) eru því vissulega til – en rokkurinn, þrjónarnir eða handverk yfirleitt er ekki ófrávíkjanlegur hluti þuluflutnings frekar en baðstofa.

9.2.2. Aðstandendur þuluflutnings

Sú mynd af þuluflutningi sem Theodóra Thoroddsen setti fram í þulugrein sinni í *Skírni*, virðist enn vera áberandi í umfjöllun um þuluflutning, enda hefur ekki verið skrifað mikið um málið síðan. Það er mynd af barnakonu sem þarf að koma börnum í svefn eða róa þau niður en er löngu búin með sögu- og gátuförða og fer þá að setja saman einhvers konar bundið mál úr slitrum þess sem hún hafði sjálf lært af móður sinni í barnæsku.¹¹³⁷ Mynd þessi virðist einnig fá stuðning af dæmunum hér að framan – en þó er þar ekki allt sem sýnist. Dæmi (9-9b) kemur t.a.m. vel heim við þuluflutning eins og Theodóra Thoroddsen sér hann, en þar segist heimildarmaður hafa numið þulur „af gamalli konu sem raulaði við rokkinn sinn. Það notaði ég svo þótt *hálfgerð slitur* væru, *þegar ég fór að svæfa mín eigin börn*“. Helsti munurinn á því og lýsingu Theodóru er þó að heimildarmaðurinn í (9-9b) er *karlmaður* en ekki kona. Þetta er ekki heldur gamall maður heldur augljóslega á barnseignaraldri. Fleiri dæmi eru um feður sem fara með þulur fyrir börnin (9-11a), jafnvel um miðjan dag (9-9c).

Karlmenn hafa alltaf verið þó nokkur hluti heimildarmanna að þulutextum í handritum, eða um þriðjungur (á 20. öld), og einnig á hljóðupptökum, eða um fjórðungur (sjá kafla 5.2.2). Þeir tóku því talsverðan þátt í því að viðhalda þuluhefðinni og miðla henni áfram, þótt þeir hafi að meðaltali farið með færri þulur en konur. Þetta kemur heim og saman við þá mynd af þuluflutningi sem birtist í viðtölum við þuluflytjendur o.fl. á hljóðupptökum og í svörum heimildarfólks þjóðháttasöfnunar, en í hvoru tveggja eru heimildir um að ekki hafi aðeins konur – og eldra fólk – farið með þulur; þ.á m.:

(9-11a) *Faðir* minn kendi mér flest af þessu þegar ég var innan við fermingu.¹¹³⁸

(9-11b) *Foreldrar* mínir kenndu okkur börnunum vísur<, > þulur o.fl.¹¹³⁹

(9-11c) *[F]ullor<ð>na fólkið* var að hafa ofan af fyrir litlu börnunum, [...] helst var það *afinn eða amman* sem gerðu það<.>¹¹⁴⁰

¹¹³⁵ Sbr. ÞP 6807 (24r) og SÁM 85/264 EF (2410–2411).

¹¹³⁶ Sbr. SÁM 85/122 EF (19431). Nefna má sumar af svokölluðum smalaþulum, þótt þær séu ekki heilsteyptur flokkur og séu á mörkum þess að vera þulur, sbr. kafla 4.1 og Viðauka IIa.3. Annars er algengt að tiltekin störf eða verk séu umfjöllunarefni þulna en mun sjaldgæfara að störfín – önnur en tóvinna – séu meðal kringumstæðna þuluflutnings.

¹¹³⁷ Theodóra Thoroddsen, „Þulur“, 415–416.

¹¹³⁸ ÞP 6451 (16r), en á blöðunum á undan eru þulur, gátur, Grýlukvæði o.fl.; sbr.: „Þessa þulu gat ég rifjað upp með hjálp tvíbúrasystur minnar, faðir okkar kenndi okkur hana“ (ÞP 7794, 2r). Sjá einnig ÞP 6569 (1r). Sbr. t.d. SÁM 85/122 EF (19422), SÁM 85/153 EF (19874), SÁM 85/167 EF (20116), SÁM 85/168 EF (20132) þar sem fram kemur að faðir heimildarmanns hafi farið með þulu(r).

¹¹³⁹ ÞP 6905, 17r (skv. blaðatali handritsins); leturbreyting mín – YSH. Sbr. ÞP 7822 (14r); einnig SÁM 85/168 EF (20126) og SÁM 85/352 EF (21360): „pabbi [...] pabbi og mamma fóru með þetta fyrir [mig]“.

¹¹⁴⁰ ÞP 6594, 1r; leturbreyting mín – YSH. Á SÁM 85/123 EF (19451) kemur fram að afi heimildarmanns hafi farið með flestar þulur, en afi og amma heimildarmanns á SÁM 85/146 EF (19792).

(9-11d) [...] börn læra það sem fyrir þeim er haft, og þá að sjálfsgöðu helst *af þeim, sem umgangast þau mest, foreldrum og svo öðru heimafólki*. [...] Um gátunna má segja svipað og þulunnar, þær lærði maður af öllum sem með þær fóru, ungum og gömlum.¹¹⁴¹

Það má því varla heita sérkenni þulna að þær séu aðeins *kvenleg* munnmenntagein, eins og hefur verið haldið fram; til þess eru karlmennirnir í greininni of margir.¹¹⁴² Karlmönnum sem fara með þulur virðist meira að segja fjölga með tímanum, en viðmælendur sem geta þess að faðir eða afi hafi farið með þulur í þeirra ungdæmi eru flestir fæddir eftir aldamótin 1900 (og eru einkum konur). Þetta breytir því þó ekki að konur, þ.á m. eldri konur, eru stærri flytjendahópurinn, og það kemur einnig skýrt fram í svörum heimildarfólks, sbr. (9-12a,b):

(9-12a) Oftast voru það mömmurnar og ömmurnar, sem fóru með þulunnar og kenndu börnum og barnabörnum, og skiluðu þeim þannig furðu lítið breyttum frá einni kynslóð til annar<r>ar.

(9-12b) Gamlar konur, ömmur eða aðrar, ef [[þær] voru á heimilinu voru liðtækast<ar> við að kenna börnum ýmislegt af þessu tagi. Enda þær ekki ætíð á ferð um allan bæ, sem húsmóð/irin\¹¹⁴³.

Af þessum og fleiri dæmum má m.a. sjá að áheyrendurnir og nemendurnir hafi oftast verið börn. Hjá talsverðum hluta heimildarmanna kemur þó skýrt fram að ekki hafi verið farið með þulur aðeins fyrir börn heldur fyrir alla á heimilinu:

(9-13a) Foreldrar mínir báðir fóru með þetta fyrir okkur börnin sín *og annað heimilisfólk*.

(9-13b) Það var farið með þulunnar svona til að dreifa huganum, *bæði barna og fullorðinna*. Það höfðu *margir* gaman af þessu í rökkrinu, þegar kannski var setið í rökkrinu með þrjónana.¹¹⁴⁴

Stundum virðist ekki hafa þurft aðra áheyrendur en þuluflytjandann sjálfan:

(9-14) Ég held að [...] *gamla fólk*id, hafi raulað þetta, *sér til dægurstyttingar* og það ef til vill, farið að heyra illa, ekki getað fylgst með gangi dagsins[.]¹¹⁴⁵

Sumar þulur hafa vart þótt yfir hafandi fyrir börn, enda svo klæmnar að þær þóttu t.d. Ólafi Davíðs-syni óþrenthæfar¹¹⁴⁶ og þar með varla við hæfi barna. Ólíklegt þykir líka að *Þórnaldarþula* hafi verið

¹¹⁴¹ ÞP 6598, 17r, 23r; leturbreyting mín – *YSH*.

¹¹⁴² Þessa niðurstöðu má setja í samhengi við niðurstöður Rominu Werth og Aðalheiðar Guðmundsdóttur (Werth og Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Glitvoðir genginna alda: Um framlag kvenna til söfnunar þjóðsagna á Austurlandi,“ 7–38) og svipaðra rannsókna, sem þar er vitnað í, sem varpa ljósi á staðlaðar ímyndir í tengslum við söfnun þjóðsagna á Íslandi sem og á meginlandi Evrópu. Munurinn er þó sá að ofangreindar athuganir leiða í ljós konur á bak við karlmenn – en athugun á heimildarmönnum þulna í þessari ritgerð leiðir í ljós að karlmenn voru einnig þuluflytjendur.

¹¹⁴³ (9-12a): ÞP 6542, 1r–2r; (9-12b): ÞP 6905, 16r ([þær]: „eða“ í frumtexta).

¹¹⁴⁴ (9-13a): ÞP 7822, 14r; (9-13b): ÞP 7187, 51r. Leturbreyting mín – *YSH*.

¹¹⁴⁵ ÞP 6464, 11r. Sbr. ÞP 7329 (5r): „Þulur voru rauladar [...] Börnum til gamans *og gömlum til hugarhægðar*“ (undirstrikað í handritinu; skáletrun mín – *YSH*).

¹¹⁴⁶ Lbs 3387 8vo, 77r og Lbs 936 4to, bls. 480 (sbr. *ÍGSVP*, 4: 232–233).

ætluð eða notuð börnum til skemmtunar.¹¹⁴⁷ Það er því varla einkenni allra þulna eða þuluflutnings almennt að börn séu helsti áheyrendahópurinn – eða yfirleitt meðal áheyrenda.

Af umfjöllun í kafla 9.2.1–9.2.2 má álykta að þulur hafi ekki aðeins verið fluttar í rökkrinu, ekki aðeins í baðstofu við rokkinn eða með þrjónana, flytjendur hafi ekki endilega verið konur eða eldra fólk og flutt hafi verið fyrir fleiri en börn – þótt þetta hafi allt saman verið algengt við flutning þulna, og reyndar fleiri þjóðkvæða. Staðalmyndin af móður sem raular þulur við börn til huggunar á meðan hún sinnir sjálf tóvinnu eða annarri sambærilegri vinnu (sem kemur fram hjá Jóni Árnasyni, Theodóru Thoroddsen o.fl., sbr. kafla 4.1) er allt of einsleit í samanburði við myndina sem kemur fram við heimildagreiningu. Síðarnefnda myndin sýnir umtalsvert meiri fjölbreytni þegar kemur að kringumstæðum við þuluflutning; þessi fjölbreytni samsvarar vel bæði breytileikanum í flutningsmáta og sveigjanleikanum í þulutextunum sjálfum. Svipaða fjölbreytni má sjá í hlutverki sem þulur gegna, eins og fram kemur í næsta undirkafla.

9.3. Hlutverk þulna

Úr kafla 9.2, þ.á m. af dæmum (9-13a–c), er ljóst að farið hefur verið með þulur bæði fyrir börn og fullorðna. Einnig er margt í undanfarandi köflum sem bendir til þess að þulur hafi verið notaðar til dægrastyttingar fyrir báða þessa hópa, sbr. m.a. (9-13b), (9-14) eða (9-8c). Um þetta hlutverk þulna og tengsl þess við byggingu þeirra verður rætt í kafla 9.3.1. Jafnframt er ljóst að þulur hafa haft meira vægi í barnauppleði; þar gegndu þær fleiri hlutverkum en að skemmta, t.d. ákveðnu kennslu- hlutverki, en það verður til umfjöllunar í kafla 9.3.2.

9.3.1. Þulur sem afþreying fyrir fullorðna og börn

Um fornþulur er helst talið vitað að þær hafi verið notaðar til uppfræðslu skálda í kenningalist (þulur í Snorra-Eddu)¹¹⁴⁸ og sem minnistæk(n)i, bæði í frásagnarkvæðum (Völuspá o.fl. eddukvæðum) og á sviði laganna, sbr. þululega lista í lagaformálum líkt og tryggðamálum (sjá kafla 2.3). Um hugsanlegt hlutverk fornþulna í helgiathöfnum¹¹⁴⁹ er erfiðara að dæma sökum heimildaskorts, en ljóst er hins vegar að fornþulur standa í ákveðnum tengslum við það að nefna – gefa nafn, þekkja nafn og nefna á nafn – í goðsögum, þótt þau tengsl séu hvorki bein né einföld.¹¹⁵⁰ Um afþreyingarhlutverk fornþulna er hins vegar fátt vitað með vissu, þótt líklegt þyki að a.m.k. þulur, sem voru hlutar stærri kvæða, hafi sem slíkar verið hafðar til afþreyingar.

Uppfræðslu- og kennsluhlutverkið erfðu þulur síðari alda ekki í óbreyttri mynd (enda er efni þeirra allt annað) og ekki í miklum mæli gagnvart fullorðnum. Heimildarmenn geta þess varla að þeir hafi lært eitthvað af eða úr þulum, þótt það virðist ekki hafa verið svo óalgengt að fullorðnir

¹¹⁴⁷ Vésteinn Ólason benti þeirri er hér ritar á í þessu sambandi að um 1950 heyrði hann Þórnaldarþulu flutta sem óundirbúið skemmtiatriði á mannamóti þar sem einkum var fullorðið fólk.

¹¹⁴⁸ Faulkes, inngangur að: Snorri Sturluson, *Edda: Skáldskaparmál*, 1: xxxvii–xxxix; Guðrún Nordal, *Tools of Literacy*, 68–72 o.fl.

¹¹⁴⁹ Sbr. Vogt, *Stilgeschichte der eddischen Wissensdichtung: Der Kultredner (þulr)*; sami, „Der frühgermanische Kultredner: *Þulr*, *Þula* and eddische Wissensdichtung,“ 250–263; Gurevich, inngangur að: „Þulur,“ 651–652.

¹¹⁵⁰ Gurevich, „*Þulur* in *Skáldskaparmál*,“ 40–52.

hafi lært þulur sem slíkar.¹¹⁵¹ Þó minnst heimildarmaður (9-15a) – og reyndar margir fleiri – á *fróðleik* í tengslum við þulur. Aftur á móti nefna heimildarmenn oft að þulur hafi verið til afþreyingar; því er oft lýst, jafnvel með svipuðu eða beinlínis sama orðalagi:

(9-15a) Þulur voru fróðleikur – og til skemmtunar meðan fjölmiðlar voru engir.

(9-15b) Flutningur á þulum og vísum var fyrir tíma útvarpsins þáttur í dægurvöl heimilanna [...]

(9-15c) Fólk fór með þulur sér til skemmtunar og lærði einnig. Það var ekki ýkja margt að gamna sér við.¹¹⁵²

Af þessu má draga þá ályktun að þulur hafi verið almenn dægurstytting, a.m.k. á síðustu öldum; og fyrir fullorðna jafnframt *fyrst og fremst* dægurstytting. Helsti tilgangurinn með þuluflutningi virðist m.ö.o. vera afþreying – fyrir börn og fullorðna.¹¹⁵³

Eigi að síður má spyrja hvers konar dægurstytting þetta var, eða hvað það var í þulum sem gerði þær að dægurstyttingu. Nokkrir heimildarmenn þjóðháttasöfnunar svöruðu spurningunni „Hvernig þulur þóttu skemmtilegastar?“, og þá á nokkuð mismunandi hátt:

(9-16a) Þær þulur þóttu skemmtilegastar, sem hægt var að hlæja að.

Það var farið með þulur og gátur.
Það gat stundum vakið hlátur.
Menn skemmtu sér að þessu og hinu,
í skuggalegu skammdeginu.

(9-16b) Fullorðnu fólki þóttu þær efnismestu skemmtilegastar. og svo þær skringilegustu.

(9-16c) Bestar og skemmtilegastar þóttu þær þulur, sem voru ekki allt of mikið bull, og þar að auki sæmileg<a> vel orðaðar. Það er líka kostur á þulu að hægt sé að raula hana.¹¹⁵⁴

Hér eru einkum nefndir tveir þuluhópar, skringilegar þulur – þulur „sem hægt var að hlæja að“ falla trúlega einnig í þennan flokk, a.m.k. að hluta til – og efnismestu þulurnar. Skringilegar þulur eru væntanlega þær sem mætti kalla *öfugmælapulur* (sbr. *öfugmælablokkir* í kafla 8.3.3.1), þ.e. upptalningar á sérkennilegum og þversagnakenndum heitum og minnum, ásamt öfugmælakenndum frásögnum. (Hópur skringilegu þulanna kann því að vera „alltof mikið bull“ í huga heimildarmannsins að dæmi (9-16c).) Fyrst og fremst virðist hér á ferð leikur með tungumálið sem hefur tvímælalaust

¹¹⁵¹ Sbr.: „Aðallega lærðu börn og unglingar þulur<> Roskið fólk miklu síður. Þó var það til“ (ÞP 6408, 12r) og „Þuluna Sól skín á fossa, lærði ég ekki ung hjá ömmu minni, heldur seinna og man hana ekki vel og síst röðina, en læt þó flakka það sem ég man“ (ÞP 6565, 3r).

¹¹⁵² (9-15a): ÞP 6458 (16r); (9-15b): ÞP 7822 (14r); (9-15c): ÞP 6794 (18r skv. blaðmerkingu handritsins); sbr.: „Með þulur var farið sér og öðrum til skemmtunar“ (ÞP 6419, 7r; sbr. ÞP 6561, 4r og ÞP 6667, 4r).

¹¹⁵³ Þess má geta að heimildarmenn af báðum kynjum hafa greinilega ekki alveg sömu upplifun af þulum, en marktækt fleiri konur tala um að þulur séu fyrir börn (og unglinga); vera kann að þetta tengist því að hlutur kvenna í barnaupplifun hafi verið mun stærri. Þeir sem segja að þulur séu einkum almenn afþreying eru þvert á móti aðallega eldri karlmenn (fæddir fyrir aldamótin 1900).

¹¹⁵⁴ (9-16a): ÞP 6464, 11r; (9-16b): ÞP 7329, 5r; (9-16c): ÞP 6598, 17r–18r. Sumir nefna söguþráð sem einkenni skemmtilegustu þulnanna, en það eru oft þeir sem nota orðið *þula* einnig um höfundakvæði (sbr. (9-6a); ÞP 6458, 16r).

skemmtanagildi. Undir skringilegu þulurnar kunnu þó einnig að hafa flokkast klæmnar þulur. Efnismestu þulurnar eru trúlega langar upptalningar (t.d. á borð við *Norðarlega eru Nauthús*), en þó einkum blandaðar yfirblokkir eða frásagnaryfirblokkir sem eiga það til – í enn meira mæli en upptalningar – að vera langar. Fram kom við þjóðhättasöfnun að frásagnarþulur hafi verið vinsælar,¹¹⁵⁵ og þá hafa frásagnarkvæði almennt verið viðurkennt skemmtiefni hér á landi, sbr. rímur og sagnadansa. Hvorki frásagnarþulur né skringilegar þulur eru þó margar, þannig að umsagnir heimildarmannanna skýra aðeins skemmtanagildi sumra þulna. Eftir er stór hluti af öðrum upptalningum og sömuleiðis blandaðar yfirblokkir með óskýrari frásagnarköflum sem hafa ekki augljós skemmtanagildi.

Þá er aftur komið að því að helsti drifkrafturinn í þulum er einmitt upptalning – frekar en frásögn – og að helsta markmið þeirra virðist ekki vera að segja sögu. Elena Gurevich hefur bent á það að þulur Snorra-Eddu hafi ekki aðeins hjálpað dróttkvæðaskáldum að finna heppileg orð heldur hafi þær verið ýtarlegri heimslýsing en mörg önnur bókmenntaverk þess tíma gátu boðið upp á, en þulur Snorra-Eddu samanstanda einkum af upptalningum á nöfnum goða og jötna, á heitum fyrir menn, skip og vopn, svo og helstu umhverfisþáttum – hafinu, ám og vötnum, dýrum og plöntum, himintunglunum o.s.frv.¹¹⁵⁶ Sú staðreynd að mikill fjöldi heita fyrirfinnst ekki í dróttkvæðum kveðskap bendir að mati Elenu Gurevich til þess að þulur Snorra-Eddu séu *fyrst og fremst* lærð heimslýsing.¹¹⁵⁷ Þetta rímar við mikilvægi þess að *nefna* og tengsl þess við þekkingar- og sköpunarferli, bæði í goðsagnaveröld, þangað sem þulur Snorra-Eddu – og ýmsar aðrar þulur, t.d. í eddukvæðum – eiga rætur til að rekja,¹¹⁵⁸ og í hinni kristnu veröld þar sem þær hafa verið færðar í letur. Þegar tillit er tekið til þess hversu virkir við nýyrðasmíðar í heitum þeir voru – eða þá hann/hún var – sem settu saman þulur Snorra-Eddu þá liggur sú tilgáta beint við að þulurnar séu ekki aðeins heimslýsing heldur enn fremur *endursköpun heimsins* á tungumáli dróttkvæðs kveðskapar og innan hugtakakerfis hans. Hugtakakerfi dróttkvæða er fyrir sitt leyti einstaklega ríkt af tengslum, sem myndast á milli heita og heitasafna við kenningagerð, og af millivísunum á milli heitasafna (en þau stafa m.a. af lýsandi heitum, e. *characterising heiti*, sbr. kafla 8.1.2). Við þetta bætast þau nöfn sem vísa út fyrir þulur, t.d. (goð)sagnanöfn sem heilar sögur standa á bak við. Þetta mikla tengsla- og (milli)vísanannet gerir það að verkum að með hverju heiti, sem er nefnt í þulutexta og verður þar með hluti hins endurskapaða heims, koma einnig önnur heiti, oft af mjög mismunandi heitalistum, og auðga heimslýsinguna enn fremur. Útkoman er sjálfstæður skáldaður heimur (e. *fictional world*).¹¹⁵⁹ Hlutverk

¹¹⁵⁵ „[...] í þeim var margs konar efni og mikil frásaga [...]“ (ÞP 8956, 4r; skýrt hvers vegna börnum þótti gaman að þulum). Sbr. einnig dæmi (9-6a), en textarnir sem þar um ræðir eru reyndar ekki þulur í skilningi þessarar ritgerðar.

¹¹⁵⁶ Sbr. Gurevič, „Zur Genealogie der þula“, 75.

¹¹⁵⁷ Ýtarleg umræða um fornar þulur sem lærða heimslýsingu er í: Гуревич [Gurevich], „Эволюция жанра тулы в средневековой исландской литературе“ [Þróun bókmenntagreinarinnar „þula“ í íslenskum miðaldabókmenntum], 138–174. Um byggingu Skáldskaparmála og áhrif evrópskra alfræðiritna á hana sjá: Clunies Ross, Skáldskaparmál: *Snorri Sturluson's ars poetica and medieval theories of language*, 87–88; Guðrún Nordal, *Tools of Literacy: The Role of Centuries in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries*, 233. Um hlutverk lista sem heimslýsinga má vísa t.d. í Eco, *The Infinity of Lists: From Homer to Joyce*, 12–13, 134 og víðar; sbr. og Pullinger, „Infinity and Beyond: The Poetic List in Children's Poetry“, m.a. 209, 214–215, 223 og víðar.

¹¹⁵⁸ Sbr. t.a.m. Гуревич [Gurevich], „Характеризующее хейти в тулах и его прототипы“ [Lýsandi heiti í þulum og fyrirmyndir þeirra], 96–118. Sbr. nýlega grein: Топорова [Торогова], „Имя собственное как маркер космогонической песни“ [Sérnöfn sem einkennismerki heimsfræðilegs kvæðis], einkum 57–58 og 67 (og 59–63 um þulur í Grímnismálum).

¹¹⁵⁹ Orðasambandið *skáldaður heimur* er hér valið fram yfir orðasambandið *ímyndaður heimur* þar sem hið fyrrnefnda sýnir betur tengsl slíks heims við *texta*, hvort heldur munnlega eða skriflega, en ímyndaður heimur getur hins vegar verið

þulna innan Snorra-Eddu sem kennslurits fyrir dróttkvæðaskáld hefur þá væntanlega ekki aðeins verið að hjálpa þeim að leggja hin ýmsu heiti á minnið heldur einnig að búa til ný heiti og nota til þess ýmsa eiginleika mismunandi hluta, sjá tengsl á milli mismunandi hluta, sem heiti eru til um, og mynda ný tengsl; með öðrum orðum, að búa til sitt eigið heimslíkan, eða sinn eigin skáldaða heim.

Þulur síðari alda virðast hafa þróast á þann veg að þær hafi tekið upptalningareðlið í arf frá fornþulum og sömuleiðis byggingu – sem grundvallast á upptalningu – þótt ýmislegt efni í þeim sé nýrra (líklega fengið frá meginlandshluta Norðurlanda á svipuðum tíma og sagnadansar komu til landsins)¹¹⁶⁰ og bragformið annað og einfaldara. Óhætt er að gera ráð fyrir því að upptalningar á nöfnum og heitum – sjaldnar minnum – í fornum þulum hafi þróast í átt að upptalningum á minnum (mótífum) sem geta bæði myndað frásagnarbúta og blandast saman við nafnaromsur sem lifa áfram í munnlegri geymd.¹¹⁶¹ Ásamt upptalningarbyggingu virðast þulur síðari alda hafa erfð frá fornþulum, a.m.k. að einhverju leyti, helsta tilgang sinn: að miðla almennri heimslýsingu og veita tækifæri til umsköpunar og jafnvel endursköpunar raunheimsins í skálduðum heimi – frekar en t.d. segja sögu. Þetta má fullyrða þótt lýsing á heiminum og umhverfinu í þulum síðari alda sé ekki eins kerfisbundin og í eldri, lærðum þulum Snorra-Eddu. Til þess að draga upp mynd af umheiminum nota þulur síðari alda stundum eingöngu upptalningu á nöfnum og heitum en stundum upptalningu á minnum, stutt frásagnarbrot og jafnframt upptalningu á þeim í bland við smærri byggingareiningar (flestar af þessu virðist hafa verið til staðar þegar í fornþulum en alls ekki í eins miklum mæli, sbr. kafla 2.2).

Heimslýsing af þessum toga hefur vafalítið skemmtanagildi. Það á við um heimslýsingu sem e.k. tilbúið líkan, um heim textans sem þuluflytjandi fer með – en áheyrendum er velkomið að virða heiminn fyrir sér, bæði það sem í þessum heimi er að finna og hvernig hann er byggður og samansettur (um heimsmynd í þulum sjá kafla 8.2.4). Það á þó í enn meira mæli við um *heimslýsingu sem ferli* við að nefna hluti í þulu og gefa þeim þar með stað í þuluheiminum, að byggja þennan heim, enda getur hver flytjandi haft áhrif á það hvernig hann er, þ.e. breytt honum eða bætt við hann. Án þess að draga úr skemmtanagildi hins óvænta, öfugsnúna og þversagnarkennda, sem og leiks með tungumálið í þulum, má þó segja að umrædd heimslýsing kunni enn fremur að vera eitt helsta skemmtiefnið við þulur. Einkum gildir þetta um þær þulur sem hafa lítinn eða óskýran frásagnarþráð, fá öfugmæli eða önnur skemmtiatriði sem liggja meira á yfirborðinu. Þulur kunna því að hafa haft svipað hlutverk og t.d. fantasíubókmenntir í nútímanum að því leyti að í báðum þessum tegundum verka virðist hinn tilbúni heimur vera u.þ.b. jafn mikilvægur og sú atburðarás sem þar kann að

sjálfstæður og óháður textum og aldrei fengið textaform. (Hugtakið *söguheimur* á ekki vel við, bæði vegna notkunarhefðar og vegna þess að oft er einmitt engin saga í þulum en mikil heimslýsing.) Í þessari ritgerð er skáldaður heimur einkum greindur sem líkan (e. *model*) heims í texta, og er mest stuðst við formgerðar- og tákfræðilega nálgun Yu. Lotmans, sbr. t.d.: Лотман [Lotman], „Семиотика культуры и понятие текста“ [Tákfræði menningar og textahugtakið], 129–132). Að öðru leyti hefur mest verið skrifað um skáldaða heima og uppbyggingu þeirra (e. *worldbuilding*) í tengslum við vísindaskáldskap og fantasíur annars vegar en hins vegar um tilvist og stöðu skáldaðra heima, ímyndaðra heima, hugarheima o.fl. frá hinum ýmsu sjónarhornum heimsspekinna (greinargott yfirlit yfir nýlegar umræður á þessu sviði er í: Brock og Everett, inngangur að: *Fictional Objects*).

¹¹⁶⁰ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rímarole-Verses from the North Atlantic,“ 104–107, 112–113.

¹¹⁶¹ Tilraun til lýsingar á þessari þróun og greiningar á tilgangi íslenskra þulna er í grein ritgerðarhöfundar: Ершова [Yershova], „Исландские поздние тулы – эволюция жанра“ [„Íslenskar þulur síðari alda: þróun bókmenntageinar“], 158–178. Drög að greinni eru í: Yelena Yershova, „Heimur og hlutverk þulna“. Sjá einnig rit sem þar er vitnað til.

eiga sér stað. Fantasíubókmenntir eru ekki síður skemmtun fyrir fullorðna en börn – á svipaðan hátt og þulur virðast hafa verið.

Þessi skilningur á hlutverki þulna er m.a. í samræmi við hugmyndir U. Eco um upptalningar í kveðskap (og öðrum bókmenntum og fögrum listum)¹¹⁶² sem heimslýsingu og heimssköpun, m.a. sem leið til að lýsa því sem er erfitt að ná utan um og tjá það sem er erfitt að koma orðum að. Því hefur einnig verið haldið fram að listar séu einkum algengir í kveðskap handa börnum – sem eru varnarslausari bæði gangvart hinu óendanlega og því sem er ekki hægt að tjá.¹¹⁶³ Það er að vissu leyti rétt, en hlutverk upptalninganna í kveðskap handa börnum virðist þó ekki vera verulega frábrugðið hlutverki þeirra í kveðskap fullorðinna þar sem upptalningar eru bæði algengar og ekki síður mikilvægar.

9.3.2. Þulur í barnauppleldi

Gagnvart börnum gegna þulur samt sem áður fleiri hlutverkum en aðeins því að vera til afþreyingar. Séð frá sjónarhóli fullorðinna voru þulur notaðar til að róa börn, bæði fyrir svefn¹¹⁶⁴ og „til þess að halda þeim í skefjum“.¹¹⁶⁵ Vissulega gat hvort tveggja farið m.a. fram í rökkrinu og í tengslum við rökkursetur. Heimildir um þuluflutning sem rökkurskemmtun virðast þó vera nokkru fleiri en heimildir um þuluflutning til að róa og/eða svæfa börn, þ.e. almennt afþreyingahlutverk þulna virðist sterkara en þetta tiltekna uppeldishlutverk. Fáar heimildir eru til um að „Grýluþulur hafa líklega verið ætlaðar til að hræða börn til að vera þæg“.¹¹⁶⁶ Fleiri heimildarmenn segja að sú hafi ekki lengur verið raunin og Grýluþulur hafi aðeins verið til skemmtunar.¹¹⁶⁷

Margar heimildir eru hins vegar um þulur sem lærdómsgögn og kennslutæki, bæði fyrir smærri börn og stærri. Ósjaldan er t.d. talað um þulur í tengslum við að róa og stíga með lítil börn.¹¹⁶⁸ Við nánari athugun reynast textar, notaðir við þessi tækifæri, oftast en ekki vera vísur (frekar en þulur í skilningi þessarar ritgerðar). Þó eru einnig dæmi um þulur sem hafa slæðst með, t.a.m. *Stígum nú stórum* (á eftir nokkrum vísnum sem byrja einmitt á *Stígur ...*) eða *Selur spurði sel*,¹¹⁶⁹ en gæta þarf að því að mörkin á milli munnmenntagreinanna *þulur* og *vísur* eru oft óskýr (sbr. kafla 6.1).¹¹⁷⁰

¹¹⁶² Aðgreining á listrænum listum og hagnýtum listum (e. *poetic list vs. pragmatic list*) er mikilvæg í þessu sambandi, sjá: Eco, *The Infinity of Lists: From Homer to Joyce*, 113–118 (og víðar í bókinni).

¹¹⁶³ Sbr.: Pullinger, „Infinity and Beyond: The Poetic List in Children’s Poetry,“ 208–209 (og víðar). Þar er líka minnt á tengingu á milli barna og (e.) *primary orality*, en listar þykja einkenna hvort tveggja.

¹¹⁶⁴ T.d.: „Oft voru þær raulaðar ef róa átti börn, eða svæfa þau“ (ÞP 7502, 17r); sbr. ÞP 6833, 9r.

¹¹⁶⁵ ÞP 7187, 48r; sbr.: „[...] þegar skakka þurfti leikinn hjá börnunum, – ærsl þeirra þóttu keyra langt úr hófi fram“ (ÞP 6542, 2r).

¹¹⁶⁶ ÞP 6462, 1r; sbr.: „Grýluþulur voru barnalærdómur, sem líkja má við heilræði sem móðir gefur barni sínu í veganesti út í lífið. Þau áttu að varast ljótu Grýlu. Þurftu ekkert að óttast hana[,] ef þau v[æ]ru þæg og hlýðin börn“ (ÞP 6503, 2r). Einnig má sjá í 19. aldar heimildum þulufyrirsagnir á borð við: „Grílu kvæði haft við Eldri börn er hrædd voru til þægðar“ (JS 511 8vo, bls. 96).

¹¹⁶⁷ „Í mínu ungdæmi var alveg hætt að hræða börn með Grýlu, og mikið fyrr, ekki hafði mamma af því að segja heldur og hún vildi ekki að farið væri með, ef eitthvað var ljótt í þeim“ (ÞP 7502, 17r); „[...] móðir mín vildi ekki að við systkinin værum hrædd með „grýlubulli“ eins og hún sagði [...]“ (ÞP 6545, 11r). Einnig: „Börnin voru góðir hlustendur og eftirtektarsöm. Þeim þótti gaman að heyra um Grýlu, selsbörnin, lömbin, folöldin o.fl.“ (ÞP 7822, 14r; leturbr. mín – YSH).

¹¹⁶⁸ T.d. „Barnaþulur <voru viðhafðar> er börn stóðu við hné þeirra fullorðnu [...]“ (ÞP 6462, 1r). Sjá þó kafla 4.2 (nmáls).

¹¹⁶⁹ ÞP 6570 [11r] (tölusett „3 9“ í handritinu) og ÞP 6851, 4v.

¹¹⁷⁰ Í ÞP 6995 (1r) eru vísurnar *Situr hún og rær hún*, *Vel stígur barnið*, *Hún rær og hún slær* og fleiri nefndar sem algengastar *þulur*. Fleiri dæmi má tína til. Við það að róa eru einnig notaðir sumir textar sem eru á mörkum þess að vera þulur í skilningi þessarar ritgerðar, t.d. *Ró ró og rambinn* og *Pabbi þinn er róinn*, sbr. Viðauka IIa.3.

Þulur – í skilningi þessarar ritgerðar – eru mun frekar hluti af lærdómi sem mætti kalla bóklegan ef ekki væri um munnmenntir að ræða; þ.e. lærdómi sem tengdist orði mæltu og kveðnu, kvæðum og fræðum. Þetta hlutverk þulna rímar við það að börn sem lærðu þulur voru yfirleitt orðin stálpuð eða jafnvel unglingar.¹¹⁷¹ Meðal helstu hlutverka, sem þulur hafa gegnt í þessum lærdómi, nefna heimildarmenn einkum þetta (sbr. einnig ummæli Jóns Árnasonar fremst í þessum kafla):

- æfa minnið,¹¹⁷²
- auka hugmyndaflug,¹¹⁷³
- auka orðaforða,
- þroska brageyra og kenna réttar áherslur,
- auka skáldskaparhneigð.¹¹⁷⁴

Á þessum stutta lista má annars vegar sjá hagnýta kunnáttu sem hverju barni á eftir að koma að notum (að leggja hluti á minnið, eða t.d. að telja),¹¹⁷⁵ en hins vegar kunnáttu sem nýtist ekki við það að afla sér líkamlegrar fæðu í daglegu lífi heldur andlegrar fæðu, þ.á m. að nýta sér kveðskap sem skemmtana- og afþreyingarefni – og jafnframt sem eitthvað „í fábreyttri tilveru [...] sem lyfti tilverunni á hærra stig“.¹¹⁷⁶ Þá gagnast þulur vel sem heimslýsing; þær svala t.d. þekkingarþorsta, þótt ekki sé með vísindalegum hætti, en flytjendur nefna ósjaldan að í þulum sé að finna ýmsan fróðleik (einkum þeir – eða öllu heldur þær – sem fæddust eftir aldamótin 1900), sjá (9-17):

(9-17a) Í þulum var *fræðandi* efni þjóðlegt, ævintýralegt og svo margþætt.

(9-17b) Og á unga aldri lærði fólk helst þulur, eins og annan kveðskap og *fróðleik* [...] ¹¹⁷⁷

Þulur svara enn fremur þeirri löngun að fljúga burt og kanna raunheim – eins og hann speglast í þeim heimi eða heimum sem þulur skapa – og sömuleiðis aðra heima: þuluheimana, þ.e. heimslíkön sem þuluflytjendur búa til í sínum flutningi. Þulur geta sömuleiðis svalað sköpunarþrá og hjálpað þeim sem búa sér til ímyndaðan heim – af ásettu ráði eða ómeðvitað, börnum¹¹⁷⁸ eða jafnframt full-

¹¹⁷¹ „Þulur lærðum við helst sem stálpaðri börn“ (ÞP 6470, 7r; sbr. ÞP 6503, 1r o.fl.).

¹¹⁷² Sbr. ÞP 6503, 1r; ÞP 6462, 1r. Jón Árnason bendir einnig á þetta, sbr. Lbs 587 4to VII, [38vb].

¹¹⁷³ ÞP 6449, 13r; ÞP 6905, 16r. Sumir heimildarmenn leggja áherslu á það að gátur þjálfí hugsun en þulur æfi frekar minnið (ÞP 6462, 1r). Aðrir taka einmitt fram að þulur þjálfí hugsun, og þá með þessu móti: „[...] í þeim var margs konar efni og mikil frásaga, sem börnin hugsuðu mikið \um/ og entist til umhugsunar lengi [...]“ (ÞP 8956, 4r); eða einfaldlega: „Þetta veldur börnunum hugsun[ar]“ [svo], og bætt svo við: „Ég veit ekki hvort það er rétt að láta þau hugsa um svona vitleysu“ (SÁM 85/142 EF, nr. 19720).

¹¹⁷⁴ ÞP 6449, 13r og ÞP 6542, 2r (um orðaforða); ÞP 6542, 2r (um brageyra); ÞP 6449, 13r (um skáldskaparhneigð).

¹¹⁷⁵ ÞP 6542, 2r. Þar er reyndar einkum átt við textann *Einn og tveir inn komu þeir*, sem er á mörkum þess að teljast þula í skilningi þessarar ritgerðar (sbr. kafla 10 og Viðauka IIa.2), en þulan *Táta, Táta* – sem þessi texti tengist, einkum á 20. öld – nýtist einnig til þess að kenna tölur.

¹¹⁷⁶ ÞP 6503, 1r; sbr. einnig (9-15).

¹¹⁷⁷ (9-17a): ÞP 8956, 4r; (9-17b): ÞP 6598, 17r. Einnig: „Farið var með þulur bæði til skemmtunar og *fróðleiks*, aðallega fyrir börn“ (ÞP 6905, 16r; sbr. ÞP 6565, 13r). Leturbreyting mín – *YSH*.

¹¹⁷⁸ Slíkur ímyndaður – oft leynilegur – heimur hjá börnum (e. *paracosm*) er þekktur bæði í formi óskrifaðra leikja og ritaðra skáldverka barna og unglinga (Малая [Malaya], „Элементы игры в страну-мечту в наивной фантастической литературе подростка: Опыт самоописания.“ [Þættir í draumalands-þykjustuleiknum í fantasíubókmenntum unglinga: Sjálfslýsingartilraun], 132–133). Slíkri heimssköpun barna er oft líkt við goðafræði, einkum ef um er að ræða heila veröld með sinni heims(uppruna)fræði (e. *cosmogony*), goðum, þjóðum, ríkjum o.fl. – veröld byggð eftir ákveðnu kerfi

orðnum – að tileinka sér þær leiðir sem hægt er að fara við slíka sköpun með orðum og hrynjandi. Þær gera meira en að vekja ímyndunarafl barna og auka hugmyndaflug; af þeim læra börn tungutak-ið – heitin, minnin, formúlurnar – og læra þar með jafnframt að búa til ný heiti og ný minni og setja þau saman, á svipaðan hátt og börn læra að búa til ný orð í móðurmáli sínu og raða þeim saman í setningar. Þetta tungutak verður þeim síðar verkfæri til að skapa og móta sinn eigin skáldaða heim. M.ö.o. læra börnin að búa til heimslíkan með aðstoð bragforms- og byggingarlögmála þulna. Þulur eru þægilegur upphafsreitur fyrir slíka sköpun þar sem þær eru sú munnenntagrein sem er hvað opnust fyrir nýjum innleggjum, smáum sem stórum, og bragformið er ekki krefjandi heldur miklu frekar hvetjandi¹¹⁷⁹ (ekki síst fyrir börn sem þykir oft einstaklega gaman að rími).

Þulur hefðu ekki verið eins vinsælt kennslutæki ef börn hefðu ekki verið móttækileg fyrir þeim. Helstu ástæður þess að börn hlustuðu á þulur og lærðu þær orðaði einn heimildarmaður á þessa leið: „Fólk lærði þulurnar fyrst og fremst á æskuárum, *af innri þörf og tilbreytingarleysi*. Þær síuðust inn í fólk *ósjálfrátt*“.¹¹⁸⁰ Börn lærðu nánar til tekið þulur:

- sér til afþreyingar, einkum í tilbreytingaleysinu sem margir vitna um;¹¹⁸¹
- af námfýsi og þekkingarþrá, eins og nefnt var hér að framan, en þulur voru auðmelt námsefni og oft innanhandar: „Þeir sem lærðu þulur munu hafa gert það á unglingsaldri. Mun það hafa verið *af þrá eftir að læra eitthvað og þulur og vísur þá verið nærtækast*“;¹¹⁸²
- ósjálfrátt, einfaldlega af því að þau heyrðu þær svo oft, burtséð frá afstöðu þeirra.¹¹⁸³

Þá er hrynjandi í þulum og skáldskaparhneigð barna einnig nefnd sem ástæður þess að börn hlustuðu á þulur og lærðu þær (9-18h,i).¹¹⁸⁴

Heimildarmenn greinir hins vegar á um hvort litið hafi verið á þulur sem ómissandi skyldu-lærdóm; sumir segja að börn hafi aðeins lært þulur sjálfviljug, aðrir að þulur hafi verið meðal þess

og oft ýtarlega útfærð. Slík heimssköpun er einnig tengd þekkingarferli barns og aðlögun að heiminum í kringum sig en breytingaviðleitni er oft hluti hennar (sbr. s.r. ásamt: Струкова [Strukova], „Детская утопия“ [Barnaútópía], 262–269).¹¹⁷⁹ Sbr.: „Þulurnar eru það ljóðform sem að líkindum er léttast að læra. En þær geta eins borist manna á milli hálfar sem heilar. Kannski vitum við varla hvar þula byrjar eða endar; og þá er alhægt að yrkja við“ (ÞP 6919, 9r).

¹¹⁸⁰ ÞP 6849, 1r (leturbreyting mín – YSH).

¹¹⁸¹ „Eldra fólk fór með þulur fyrir unglinga og börn og þannig lærðust þær. Þetta var vitanlega gert *til afþreyingar í tilbreytingaleysinu í fásinni sveitalífsins á veturnum* þegar börn og unglingar urðu að hirst inni vegna veðurs“ (ÞP 6442, 5r; leturbreyting mín – YSH), sbr. ÞP 6481 (9r), ÞP 6547 (1r), ÞP 6667 (4r) o.fl. Sbr. einnig (9-15).

¹¹⁸² ÞP 6464 (11r), sbr.: „Það voru engar ske[mm]tanir eða útvarp eins og nú. [...] þetta var *afþreyingin, að læra ýmislegt af þeim fullorðnu, sem þeir kunnu og vildu miðla*“ (ÞP 6470, 7r); „Ég fór að læra þulur af því að *mér fannst svo gaman að kunna þær*“ (ÞP 7187, 51r). Sömu leiðis að fólk „á ungum aldri“ lærði þulur „[s]ér til hugarhægðar, og í leit að *vísku* [...]“ (ÞP 7329, 5r; undirstrikað í handritinu). Leturbreyting er annars mín í öllum dæmum – YSH.

¹¹⁸³ „Hvers vegna lærði fólk þulur? *Einfaldlega af því, að það heyrði þær yfir sér*, börn læra það sem fyrir þeim er haft [...]“ (ÞP 6598, 17r), „Að jafnaði lærðu menn flestar þulur í æsku og það gerðist *nánast ósjálfrátt*, þegar farið var með þær“ (ÞP 6708, 9r); „Það fór auðvitað ekki hjá því að *krakkarnir lærðu eitthvað af þessu, þó þau væru ekkert sérlega hrifin af þulum* lærðist þetta samt, þar sem oft var farið með þær“ (ÞP 6441, 16r). Leturbreyting mín í öllum dæmum – YSH.

¹¹⁸⁴ „Börn og unglingar lærðu þulurnar [...] líklega vegna þess *hrynjandis* sem í þeim var“ (ÞP 8184, 9r). „Þeir *námfúsu* tóku þulurnar ef ekki var auðugt um annað námsefni. Börnunum þóttu þær *skemmtilegri* en [...] flest annað. [...] Í börnunum sem lærðu þulur af vilja var grafin *skáldað*“ (ÞP 6408, 12r). (Leturbreyting mín – YSH.) S. M. Loyter bendir einnig á tengsl heimssköpunar í barnæsku og skapandi skrifa á fullorðinsárum (Лойтер [Loyter], „Детские утопии, или игра в страну-мечту как явление детского фольклора“ [Barna-útópíur, eða draumalands-leikir sem fyrirbæri í þjóðfræði barna], 617).

sem þurfti að læra í skóla eða jafnvel fyrir skóla.¹¹⁸⁵ Hvort tveggja kann að hafa verið til í einhverjum mæli, en þulur hafa ratað í stafróskver og hugsanlega fleiri námsbækur.¹¹⁸⁶

9.4. Niðurstaða um þuluflutning og hlutverk þulna

Athugun á flutningi á þulum síðari alda hefur ekki leitt í ljós neitt í þuluflutningi sem gæti gegnt afgerandi hlutverki við skilgreiningu á þulum, hvorki í flutningsmáta né í kringumstæðum hans og þá ekki í hlutverki þulna. Breytilegur flutningsmáti – mælt fram, raulað, kveðið o.fl. – er þulum eiginlegur, en hann er þó ekki aðeins einkennandi fyrir þær heldur t.d. ýmsar vísur. Helstu flytjendur – konur og eldra fólk – eru sömu og í tilfelli sumra annarra munnmæla, sbr. t.d. barnagælur, vísur eða gátur; sama gildir um helstu áheyrendur, en það eru bæði börn og fullorðnir. Hjá heimildarmönnum fá þulur jafnan að fljóta ásamt gátum, vísum, vögguljóðum, kvæðum og barnagælum (og jafnframt sögum og ævintýrum); enda er þetta allt efni sem farið var með við svipuð tækifæri, þ.á m. þegar kvöldu tók – í rökkrinu eða á kvöldvökum – eða við ákveðnar kringumstæður í daglegu lífi, einkum barna (ekki síst fyrir svefn, sem er reyndar oft svipaður tími). Það áhugaverða við kringumstæður við þuluflutning er einmitt breytileiki og sveigjanleiki í tíma og rúmi – en hann einkennir þó að sama skapi vísur, einkum þær sem farið er með fyrir börn (og sér í lagi þær sem eru ekki bundnar því að fara að sofa, læra að stíga og róa o.s.frv.).

Ef eitthvað er einkennandi helst fyrir þulur þá er það hið forna hlutverk heimslýsingar, þekkingar- og fróðleiksmiðlunar sem þulur síðari alda erfðu að nokkru leyti frá fornþulum; hlutverk geymslu fróðleiks sem nota má við ýmis tilefni og tækifæri, bæði í uppeldi og til afþreyingar fyrir börn og fullorðna. Fróðleikur þessi er sjaldan hagnýtur. Vissulega snýr hann að einhverju leyti að raunheimi – en að öðru leyti að skálduðum heimi (sbr. kafla 8.2.4) og ekki síst að ýmsum leiðum til að leika sér með tungumálið og jafnframt til nota það til skapandi tjáningar. Þulur eru þau íslensku þjóðkvæði þar sem þetta heimslýsingarhlutverk skagar helst fram (þótt viss heimslýsing sé fólgin í flestum greinum munnmennta og bókmennta, og sömuleiðis viss fróðleiksmiðlun) og má heita eitt helsta hlutverk þeirra.

Að þessari sérstöðu frátalinni gegna þulur synkretísku hlutverki þar sem oft rennur saman almenn afþreying, huggun og (óbein) fræðsla. Þetta gerir kleift að aðgreina þulur frá öðrum þjóðkvæðum sem augljóslega hafa einhvern sértækan tilgang í fyrirrúmi hverju sinni, þótt þessi þjóðkvæði kunni sum hver að hafa svipað form og þulur og/eða beri þulunafn (sbr. um þau kafla 6.1). Um er að ræða svokallaða(r):

¹¹⁸⁵ „Hinir yngri lærðu af þeim eldri, maður fram af manni, án þess að því væri haldið að börnum sem lærdómi“ (ÞP 6833, 9r), sbr.: „Eg hugsa að allir hafi lært þulur á barnsaldri og þá af fullorðna fólkinu, og eingöngu sér til ánægju“ (ÞP 6419, 7r). Sbr. hins vegar: „Þulur og kvæði var hels<t> kennt krökkum og þá oft í barnaskólum með öð[ru] námsefni<,> og svo lærðu þau þetta af eldra fólki [...]“ (ÞP 6467, 4r) og „Í mínu ungdæmi, vandist ég því að börnum væru kennd<ar> þulur, gátur, vísur og bænir. Sem þau áttu að læra orðrétt og utanað. [...] Á þessum tíma kenndi mamma okkur líka bænir og vers, faðirvor og signingu. Því allt þetta áttum við að vera búin að læra, áður en við fórum í skólann, 10 ára“ (ÞP 6454, 1r). Leturbreyting mín í öllum dæmum – YSH.

¹¹⁸⁶ Nokkrar þulur eru t.d. í stafrófskverum Jóns Ólafssonar og Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili sem nutu talsverðra vinsælda bæði fyrir og eftir aldamótin 1900. Sjá: Jón Ólafsson, *Spánnýtt stafrófskver*, en þulur eru með í bókinni frá 2. útg. aukinni, 1889 (t.d. 3. útg., 1891, 36–39), og fram á 14. útg. 1928 sem *Nýja stafrófskverið*. Einnig í: J. J. [Jónas Jónasson], *Stafrófskver* (frá 1. útg. 1899 til og með 4. útg. 1926).

- *galdra*(þulur) annars vegar og *þulubæfir* hins vegar,
 - þar á meðal *Hott hott í haga* (sjá Viðauka IIa.3);
- *gátu*(þulu)r, eða gátur svipaðar þulum að bragformi;
- *leik(ja)þulur* (leikformála) og *úrtalningarþulur* (til að telja úr leik),
 - þar á meðal *Fagur fiskur í sjó* o.fl.;¹¹⁸⁷
- *fræðiþulur* eða *fræðsluþulur*, þ.á m. *fingraþulur* (um nöfn fingranna), *vikudagaþulur* o.s.frv. (þ.e. hagnýtir listar), en form slíkra texta er líka oftast en ekki reglulegra en þuluformið,
 - þar á meðal *Tíu ára tel ég barn* o.fl.;¹¹⁸⁸
- *róðrarþulur* (þ.e. þulur til að róa og stíga við börn) sem eru stundum einnig kallaðar *barnaþulur*;¹¹⁸⁹ síðarnefnda orðið hefur annars verið notað um mjög mismunandi texta, líkt og orðið *þulur* almennt,¹¹⁹⁰
 - flestir textir til að róa og stíga við börn eru annars ekki þulur að formi og umfangi til heldur vísur, en úr þeim geta orðið langar syrpur sem minna á þulur; hugsanleg undantekning, *Pabbi þinn er róinn*, verður rædd síðar í Viðauka IIa.3,
 - dæmi um slíka texta eru hinar margvíslegu vísur sem hefjast á *Við skulum róa* eða *Stígur hann/hún*;¹¹⁹¹
- *sögulokaþulur* (þulur í sögulok) eru ekki teknar með af svipaðri ástæðu (nema þær séu beinlínis hluti af þulutexta);
- o.fl. þess háttar.

Athugun á flytjendum og áheyrendum þulna leiðir að nokkuð afgerandi svari við rannsóknarspurningum 5 og 6, þ.e. hvort þulur eru kveðskapur ætlaður börnum annars vegar og kveðskapur kvenna hins vegar. Í kafla 9.2.2 og 9.3 var sýnt fram á að þulur voru vissulega hafðar við börn, m.a. notaðar í barnauppleði, en voru hins vegar kveðskapur ætlaður öllum – börnum og fullorðnum – sem almenn skemmtun; sumir textar virðast jafnframt hafa verið ætlaðir fullorðnum frekar en börnum. Kafla 9.2.2 sýnir að konur voru vissulega í meirihluta meðal flytjenda en karlar tóku einnig virkan þátt í þuluflytningi og miðlun hefðarinnar. Lýsing á þulum sem kvenlegum munnmenntum stenst því varla. Aldur flytjenda virðist hafa skipt meira máli en kyn, en flytjandi er jafnan eldri en áheyrandi. Þetta bendir sterklega til þess að þuluflytningur síðari alda sé einhvers konar fróðleiksmiðlun og þulurnar sjálfar fróðleikur ekki síður en skemmtun, líkt og þulur að fornu, en þetta samræmist því að eitt helsta hlutverk þulna að fornu og nýju sé geymsla og miðlun ýmiss fróðleiks um heiminn, raunverulegan og skáldaðan, og um ýmsar leiðir til að skapa skáldaðan heim um leið og leikið er með tungumálið.

¹¹⁸⁷ Sbr. Jón Samsonarson, „Barnagælur,“ 108.

¹¹⁸⁸ Sbr. t.d. SÁM 86/662 EF (25841).

¹¹⁸⁹ „Barnaþulur <voru viðhafðar> er börn stóðu við hné þeirra fullorðnu og þegar haldið var á þeim[,] og þá raulað lag við[,] ef það hentaði“ (ÞP 6462, 1r). Um notkun orðins *barnaþula* sbr. þó kafla 4.2 (neðanmáls).

¹¹⁹⁰ Jón Samsonarson notar orðið *barnagælur* t.a.m. um flestar eða jafnvel allar þær þulur sem eru efni þessarar ritgerðar, jafnvel að Þornaldarþulu meðtalinni (Jón Samsonarson, „Barnagælur,“ 82–86).

¹¹⁹¹ Sbr. Jón Samsonarson, „Barnagælur,“ 103–108.

10. Niðurstöður

Í þessari ritgerð var leitað svara við þeirri stóru spurningu hvernig er hægt að afmarka þulur síðari alda sem kvæðagrein, rannsóknarefni og efnivið til útgáfu, og hver sérkenni þessarar kvæðagreinar eru. Í því augnmiði voru þulur síðari alda – rannsóknarefni ritgerðarinnar – fyrst afmarkaðar í tíma og gagnvart höfundarkveðskap (í kafla 2); athuguð var hugtakanotkun í frumheimildum í tengslum við þulur og aðrar, svipaðar þeim munnmenntir, sem og samhengi þulna í handritum (kafla 6). Í kafla 7–9 hafa síðar margvíslegir þulutextar síðari alda verið greindir, einkum með tilliti til bragforms, byggingar og flutnings, með það að markmiði að setja fram nánari skilgreiningu á þulum sem þjóðkvæðagrein. Enn fremur voru færð rök fyrir þeirri rannsóknartilgátu að ekki sé hægt að styðjast við einn eða tvo örugga mælikvarða, t.d. form og/eða hlutverk, til að skilgreina þulur sem munnmenntagrein og afmarka þann textahóp sem tilheyrir þessari grein; enginn einn mælikvarði – laust bragform, sérstök bygging, flutningsmáti eða kringumstæður hans – er heldur afgerandi við skilgreiningu og afmörkun. Í þessum kafla verður farið yfir þá þætti sem virðast mestu máli skipta fyrir skilgreiningu og afmörkun þulna síðari alda og svarað öðrum rannsóknarspurningum úr kafla 1.1. Síðar verður gerð stutt samantekt á hugtakinu *þula* með tilliti til þess sem hefur komið fram um stöðu þulna gagnvart öðrum þjóðkvæðagreinum (langlokum, dönsom o.s.frv.).

Þulur síðari alda (15.–20. öld) eru þjóðkvæði, þær lifa í munnlegri geymd, eru til í fjölda tilbrigða og eiga sér engan ákveðinn höfund. Ef tiltekinn texti á sér höfund má strax útiloka að um þulu sé að ræða, þrátt fyrir heiti textans (t.d. Gilsbakka*þula*), langa munnlega geymd og svipaðar kringumstæður við flutning; höfundarkveðskapur og reglubundið form haldast enda jafnan í hendur. Sama má segja um texta sem hefur aðeins varðveist í einni og sömu mynd, en slíkur texti er einnig ólíklegur til að samsvara formseinkennum þulna sem nú verður vikið að.

Formseinkenni – ytra form (bragform, sbr. kafla 7):

- Lengd þulutexta: sjö línur að lágmarki.
 - Ef texti er styttri en tengist þuluhefð – t.d. finnst einnig í þremur mismunandi þulutextum eða fleiri – þarf að greina hvort um er að ræða þulubrot eða fulltrúa annarrar bókmennta- eða munnmenntagreinar, t.d. (lausa)vísu sem bæði á sér sjálfstætt líf og getur verið felld inn í þulutexta.
- Þulur eru ekki erindaskiptar.
 - Reglubundin erindaskipting í texta bendir til þess að textinn tilheyri að líkum annarri kveðskapargrein.
- Mislangar línur: sex atkvæði að meðaltali en annars 3 til 11 atkvæði (og í undantekningartilfellum jafnvel færri en 3 eða fleiri en 11), eða sama sem tvö til þrjú áhersluorð (algengt er að í línu séu 1–7 áhersluorð en þau geta verið jafnvel fleiri).
 - Jöfn línulengd eða eitthvert mynstur í línulengd bendir til þess að textinn tilheyri að líkum annarri kveðskapargrein.

- Sveigjanleg skipting á sterkum og veikum stöðum í þululínum (oftast 2–3 sterkar stöður vs. 2–4 veikar). Annars vegar má túlka hana sem áherslubundna hrynjandi en hins vegar sem bragliða-hrynjandi þar sem annaðhvort er gert ráð fyrir tveimur helstu gerðum bragliða (hnígandi tvílið og hnígandi þrílið) eða fyrir því að þríliður sé jafngildur tvílið og að þessir tveir bragliðir séu nær fullkomlega útskiptanlegir. Fjöldi bragliða eða áhersluorða í línunum er misjafn.
 - Skýr og vandkvæðalaus skipting í jafna bragliði með jöfnum bragliðafjölda í línunum eða einhverju reglubundnu mynstri þar í – sem og það að texti er auðgreinanlegur sem áherslubundið mál – er til marks um að textinn tilheyri að líkum annarri kveðskapargrein.
- Sveigjanleg stuðlasetning sem nær ekki yfir allar þululínur og er oft af mismunandi tagi í einum og sama texta (sum línupör hafa t.d. tvo stuðla og höfuðstaf, önnur einn stuðul og höfuðstaf, enn aðrar línur stuðla við sjálfar sig, þ.e. hafa tvo stuðla). Reglur um staðsetningu stuðla eru ekki alltaf virtar.
 - Reglubundin stuðlasetning í þulutexta er til marks um að hann tilheyri að líkum annarri munnmennta- eða bókmenntagrein.
- Sveigjanlegt rím. Endarím er mikill meirihluti ríms í þulum síðari alda og er samrím algengast þar, auk þess sem allt innrím þversetis er einnig samrím (*þversetis* er hér nefnt innrím á milli lína sem er talsvert sjaldgæfara en innrím langsetis, eða í sömu línu). Útbreiðsla runuríms, sem er stundum talið vera með helstu sérkennum þuluhrynjandi, virðist hins vegar vera ofmetin. Mikið er um veikt rím; algengt er t.d. að endarím í þulum sé ekki fullrím, að orð og/eða orðhlutar sem bera aukaáherslu séu látin ríma, að kvenrím sé áherslulítið, að hnig sé látið ríma við ris o.s.frv. Skortur á reglulegu fullrími er bæði bættur upp með samhljóðarími (þ.e. skothendingum) og sérhljóðarími.
 - Ef reglubundið rímmynstur er í texta þá eru líkur á því að hann tilheyri annarri munnmennta- eða bókmenntagrein.
- Uppbótarstuðlun og uppbótarrím, aukasamhljómar sem fylgja ekki endilega viðteknum reglum um stuðlasetningu og rím, einkenna ytra form þulna. Um er t.d. að ræða aukastuðul í línunni á undan þeirri línu eða því línupari sem stuðlar, eða þá aukastuðlapar í síðlínu (sjaldnar frumlínu). Einnig er algengt að stuðlað sé þvert yfir rímið og rímað þvert yfir stuðlun: línurnar sem ríma ekki saman stuðla saman – og öfugt; þ.e. þululínur mynda stuðlapör og rímpör á víxl.
 - Ef vægi uppbótarstuðla og uppbótarríms er óvenju mikið miðað við hefðbundinn kveðskap og nálgast jafnvel vægi reglulegra stuðla og ríms í hrynjandi þá er líklegt að um þulu sé að ræða.
- Setningaskipan vinnur oftast en ekki með hrynjandi, m.a. fara skil setninga og/eða setningarliða oftast saman við þululínuskil, sama setningargerð endurtekur sig í nokkrum línunum o.s.frv.
 - Ef setningaskipan vinnur gegn hrynjandi þá tilheyrir textinn að líkum annarri grein.

Sveigjanleiki, skortur á reglufestu og gegnumgangandi kerfi í öllum þremur helstu bragfræðilegum þáttunum sem skipta höfuðmáli í íslenskum kveðskap, þ.e. í hrynjandi, stuðlasetningu og rími, má heita einkenni íslenskra þulna síðari alda. Reynslan sýnir að ef eitthvað af eftirfarandi á við:

- reglulegir réttir tvíliðir mynda hrynjandi (einkum ef línur hafa fastan fjölda áhersluatkvæða);
- stuðlasetningin er rétt út í gegn;
- rímið er kerfisbundið út í gegn;

– Þá er líklegt að um annað en þulu sé að ræða, t.d. vísur, langlokur eða aðra þess háttar texta (eða brot úr þeim). Sama gildir ef tveir bragþættir eða fleiri eru virkjaðir kerfisbundið í meirihluta þulu-texta; t.d. ef texti er bæði stuðlaður og rímaður á kerfisbundinn hátt. Kerfisbundin notkun bragþátta í texta fylgist venjulega að við það að textinn hafi einnig kerfisbundna frásögn (eða lýríska tjáningu) og sé höfundarverk.

Hver stærri hluti þulu – blokk, stór eða lítil, eða yfirblokk (kafla 8) – getur verið bragfræðilega sjálfstæður og haft sitt eigið kerfi í notkun bragþátta. Hin brotakennda þulubygging stuðlar á þennan hátt að margbreytileika í notkun bragþátta og bragmynstra í þulum síðari alda. Bragkerfi þulna í heild sinni virðist hins vegar vera fólgið í því að hafa ekkert fast eða gegnumgangandi kerfi í texta; segja mætti að fátt sé kerfisbundið við notkun bragþátta annað en sveigjanleiki. Þetta gildir einkum um bragþætti sem eru viðteknir í íslensku bundnu máli – en að sumu leyti einnig um stílbrögð sem hefur verið gripið til til þess að bæta upp skort á reglubundnum bragþáttum, t.a.m. um fléttustuðlun eða um svokallaða fyllidreifingu ríms og stuðla, en þessi stílbrögð eru ekki notuð kerfisbundið frekar en hefðbundnu bragþættirnir. Sjaldgæft er að einn (viðtekinn) bragþáttur haldist kerfisbundið út þulutexta, og þá varla fleiri en einn.

Bragform þulna er því sérstakt þar sem þulur lúta ekki viðteknum bragreglum íslensks kveðskapar síðari alda heldur *mildum* eða *sveigjanlegum reglum*; annars vegar eru minni og/eða aðrar kröfur gerðar til notkunar hvers bragþáttar, en hins vegar er leitast við að bæta upp skort á bragþætti eða bragþáttum með (sveigjanlegri) notkun á öðrum bragþætti eða bragþáttum (sjá kafla 7.7 og 10). Önnur þjóðkvæði geta eigi að síður verið í slíku formi (*þuluformi*, sbr. rannsóknarspurningu 2). Því er ekki hægt að nota bragform eitt og sér við skilgreiningu á þulum síðari alda sem þjóðkvæðagrein.

Innra form – bygging (sbr. kafla 8):

- Helsti drifkrafturinn er upptalning; hana mynda helstu byggingareiningar þulu: heiti og/eða minni í fyrsta lagi en í öðru lagi blokkir sem samanstanda af heitum og/eða minnum. Þessi bygging er einkennandi fyrir þulur.
 - Ef texti er betur og auðveldar greindur með öðrum hætti, t.d. innan greiningarkerfis frásagnarkveðskapar eða lýrísks kveðskapar, þá tilheyrir hann að líkum annarri kveðskapargrein.
- Rökrétt frásögn er sjaldgæf, og frásögn er ekki heldur helsti drifkrafturinn í þulum.
 - Ef skýr frásögn er í texta kann það að benda til þess að textinn tilheyrir annarri munnmennta- eða bókmenntagrein.
- Talsverður sveigjanleiki er á öllum stigum í þulubyggingu, meiri en almennt í þjóðkvæðum. Hann birtist einkum í tilbrigðum á öllum þrepum stigveldisins í þulubyggingu og auk þess í margvíslegum tengslum sem blokkir og jafnvel yfirblokkir mynda sín á milli á efra byggingarstigi þar sem þær eru helstu einingarnar. Þessi tengsl stjórna bæði af merkingu og af því hvort

blokkirnar standa oft saman í öðrum textum (nándartengsl). Stórt hlutverk tilbrigða og nándartengsla í byggingu er eitt af sérkennum þulna.

- Séu tilbrigði fá í texta er það vísbending um að líklega tilheyri hann annarri grein en þulum.
- Byggingareiningar þulna mynda svonefndan þulusjóð (sjá kafla 8.4); þangað eru þær sóttar þegar fara þarf með þulu eða rifja hana upp. Sjóðurinn geymir m.a. fyrirfram tilbúnar stærri byggingareiningarnar (við hlið þeirra smærri) og mikið safn af tengslum á milli hinna ýmsu eininga innan þulutexta og er því afar gagnlegur í þuluflutningi.
 - Ef aðeins örfáar – eða engar – einingar úr þulusjóði eru í tilteknum texta þá tilheyrir hann að líkindum annarri grein en þulum.
- Þulur geta tekið inn í sig textabrot eða jafnvel stutta texta úr öðrum munnmenntagreinum (vís-um, sagnadönsum og fleiri kvæðum).
 - Þó að í tilteknum texta sé efni úr textum annarra munnmennta- eða jafnvel bókmenntagreina (sem er samt ekki meirihluti textans) þarf það *ekki* að þýða að ekki sé um þulu að ræða.

Þulubygging, eða innra þuluform, endurspeglar það að þulur eru hvorki frásagnarkveðskapur né kveðskapur sem grundvallast einkum á ljóðrænu, en helsti drifkraftur í þulubyggingu er upptalning á helstu byggingareiningum þulna. Einmitt það að grundvöllur þulubyggingar er upptalning (frekar en önnur rökræða eða tilfinningatjáning) skýrir það sem oft er lýst sem ruglingslegu innihaldi og sundurleysi hugsunar í þulum.¹¹⁹² Svipaða byggingu eða sum hver einkenni hennar er eigi að síður ekki útilokað að finna í öðrum munnlegum íslenskum kveðskap.

Þuluflutningur (kafla 9) einkennist af breytileika í kringumstæðum og nokkuð fjölbreyttum hring aðstandenda (flytjenda og áheyrenda). Hann virðist hins vegar ekki endilega vera einkennandi fyrir þulur að öðru leyti en því sem tengist þulubyggingu (þ.e. því hvernig byggingarkerfi þulna nýtist í þuluflutningi) og ber varla með sér nokkuð sem gæti gegnt afgerandi hlutverki við skilgreiningu á þulum.¹¹⁹³ Ef eitthvað er einkennandi aðeins fyrir þulur þá er það hið forna hlutverk þeirra sem heimslýsingar – en þulur geyma og miðla fróðleik sem nota má við ýmis tilefni og tækifæri, í uppeldi og til afþreyingar fyrir börn og fullorðna – og óbeinnar fræðslu um heiminn og um ýmsar leiðir til að leika sér með tungumálið og skapa þar með sinn eigin heim (sjá kafla 9.3–9.4). Þetta hlutverk gerir einnig kleift að sía frá þá texta sem augljóslega hafa sértækan tilgang umfram almenna afþreyingu, heimslýsingu og þar með (óbeina) fræðslu – þótt sumir af þessum textum kunni að hafa svipað form og þulur – t.d. *galdra*(þulur) og *þulubænir*, *gátu*(þulu)r, *leik(ja)þulur* (leikformála) og *úrtalningarþulur* (til að telja úr leik), *fræðiþulur* eða *fræðsluþulur*, þ.á m. *fingraþulur* (um nöfn fingranna), *vikudagaþulur* o.s.frv., *róðrarþulur*, þ.e. þulur til að róa og stíga við börn, *sögulokaþulur* (þulur í sögulok) o.fl. þess háttar. Þar sem þulur eru hér skilgreindar sem þjóðkvæða-

¹¹⁹² Þetta sundurleysi kallar Jón Árnason „endileysu“ og tengir hugarfari bernsku (Lbs 587 4to VII, [39r] og [40r]), Guðmundur Finnbogason (sem Theodóra Thoroddsen andmælir) tengir það kvenlegum hugsanagangi (G. F. [Guðmundur Finnbogason], „Ólöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði,“ einkum 101–102), en Theodóra sjálf tengir það þeim aðstæðum sem konur ala börn upp við („Þulur,“ 415–416). Textarnir eru vissulega sundurlausir ef miðað er við rökrétta frásögn – en ganga hins vegar oftast ágætlega upp ef beitt er rökfræði upptalningar.

¹¹⁹³ Þetta er þó sett fram með fyrirvara um það að hinn tónræni þáttur í þuluflutningi er ekki nægilega rannsakaður, en einhver sérkenni þuluflutnings kunna að leynast þar.

grein – en ekki sem form sem fylla má með mismunandi innihaldi – nær hugtakið *pula* í skilningi þessarar ritgerðar *ekki* yfir ofangreind þjóðkvæði. Á hinn bóginn er heimslýsing – og jafnframt ákveðin heimssköpun – einnig fólgin í öðrum kveðskap í mismiklum mæli, þó að hún sé sjaldan jafn áberandi og í þulum; sum önnur kvæði hafa einnig gegnt svipuðu hlutverki og þulur í almennt skemmtun og uppeldi barna, og er það því ekki áreiðanlegur mælikvarði eitt og sér.

Við greiningu á textum þarf einnig að horfa til fleiri þátta, þ.á m. til skyldleika við sambærilegan kveðskap annarra Norðurlanda (einkum við færeysk *skjaldur*, en einnig við romsukveðskap meginlandshluta Norðurlanda), en slíkur skyldleiki getur aukið líkur á því að textinn sem er til skoðunar sé *pula* (sbr. kafla 2.5).

Samandregin eru skilyrði þess að kveðskapur flokkist sem *pula* á þá leið að þulur síðari alda eru:

- íslensk þjóðkvæði frá 15.–20. öld;
- sjö eða fleiri línur að lengd;
- ekki erindaskipt;
- með mildar (sveigjanlegar) reglur um:
 - línulengd;
 - skiptingu á sterkum og veikum stöðum í línunum;
 - stuðlasetningu;
 - rím;
- sveigjanlegar í byggingu;
- byggjast einkum á:
 - upptalningu (heita, minna og blokka);
 - tilbrigðum;
 - textatengslum;
- með sameiginlegt safn helstu byggingareininga (þulusjóð);
- flutt einkum til afþreyingar, þ.á m. barna, en hafa einnig ákveðið heimslýsingar- og fræðsluhlutverk.

Svar við sex afmarkaðri rannsóknarspurningum, sem voru settar fram í kafla 1.1 og leiða að miklu leyti í ljós sérkenni þulna síðari alda sem þjóðkvæðagreinar, er því á þessa leið:

1. Ekkert eitt af ofangreindum skilyrðum er ákvarðandi, né lýsir sérstöðu íslenskra þulna síðari alda eitt og sér eða getur verið afgerandi mælikvarði á það hvaða textar tilheyra kvæðagreiningu; enginn einn þáttur er áreiðanlegur við skilgreiningu og afmörkun á þulum. Með öðrum orðum virðist ekki hægt að afmarka þennan samfellda og sjálfum sér samkvæma hóp kveðskapartexta – sem nokkurs konar samkomulag virðist hafa myndast meðal fræðimanna að kalla *þulur* – öðruvísi en með því að beita þessum skilyrðum saman. Það kallar vissulega á útilokunaraðferð þegar hver kveðskapartexti á í hlut, þ.e. ef textinn fullnægir ekki framangreindum skilyrðum þá er hann ekki flokkaður sem *pula* í skilningi þessarar ritgerðar. Síðasti liðurinn í skilgreiningunni

er reyndar undantekning að því leyti að honum er ekki beitt til útilokunar á þeim allmörgu textum sem ekki er vitað hvernig voru fluttir. Ef texti fullnægir flestum en ekki öllum skilyrðunum þarf að veða og meta þululega eiginleika hans og þá eiginleika sem greina hann frá þulum. Minniháttar frávík þykja ekki óeðlileg ef önnur þulueinkenni í textanum eru talin vera sterk, en því fleiri sem þau skilyrði eru, sem textinn fullnægir ekki, því meira nálgast textinn jaðarsvæði þar sem textar teljast vera á mörkum þess að vera þulur síðari alda. Slíkir textar eru skoðaðir sérstaklega í Viðauka IIa.

2. Form þulna síðari alda er vissulega sérstakt en notkun þess takmarkast ekki við þulur; fulltrúar fleiri munnmenntagreina geta verið í svipuðu formi, t.d. sum kvæði, sumar barnagælur, gátur, særingar o.fl. (sbr. 1. lið hér að framan; einnig kafla 7.7 og 10), og eru stundum einnig kallaðir *þulur* fyrir vikið. Svokallað þuluform er til að þessu leyti, þ.e. þulur hafa *sérstakt form*, það er *einkennandi* fyrir þulur (og því kennt við þær) en einnig notað víðar en í þulum. Hins vegar er slíkt form varla einkennandi fyrir aðrar munnmenntagreinar en þulur, en öll þau þjóðkvæði sem geta verið í þuluformi geta einnig verið í öðru formi í bundnu máli, t.d. í vísnaformi (og er þá miðað við rímnahætti, einkum ef um lausavísur er að ræða, eða við aðra viðtekna bragarhætti síðari alda). Með tilliti til þess að formið er bæði afar fjölbreytt og notað í fleiri þjóðkvæðum en þulum þykir heppilegra að kalla slíkt form *lausbundið mál* (frekar en *þuluform*).
3. Formúlur eru notaðar í þulum ásamt fjölformum, stærri einingum sem byggja á formúlum í samspili við aðra þætti, m.a. bragfræðilega og setningafræðilega, og eru á efra þrepi í stigveldi þulubyggingar. Bæði formúlur og fjölform skipta talsverðu máli fyrir þulubyggingu og þuluflutning. Formúlur eru hins vegar ekki leiðandi afl í byggingu þulna heldur grundvallast þulubygging á upptalningu á heitum, minnum og blokkum; formúlur og fjölform eru hliðskipað kerfi – en þó hvergi nærri eins útbreidd – meðfram þessu aðalkerfi. Þulur mega því varla heita formúlukveðskapur.
4. Þulur sem kvæðagrein hafa augljóslega sérstöðu meðal íslenskra munnmennta; greinin markast einkum af samverkandi sérkennum þulna, þ.e. bragformi á mörkum bundins og óbundins máls, einstöku byggingarkerfi og hlutverki (sjá hér að framan), en þetta tvennt síðastnefnda tengist uppruna þulna síðari alda. Þær eiga rætur að rekja til fornþulna (sjá kafla 2.2), en svo virðist að þulur síðari alda hafi orðið til við samruna hinnar gömlu þuluhefðar og nýs efnis sem barst frá meginlandi Evrópu undir lok miðalda og á næstu öldum (sbr. 2.3–2.4). Þulur síðari alda hafa vissulega aðeins erft textaefni frá fornþulum í einhverjum mæli – og sömuleðis frá öðrum íslenskum fornkveðskap – en í meira mæli frá hinum aðkomna kveðskap, einkum norskum fremur en dönskum (sbr. m.a. 2.2–2.4 og 8.1); hann hefur einnig haft áhrif á bragform þulna. Hins vegar hafa þulur síðari alda tekið í arf byggingarlögmál fornþulna – lögmál upptalningar – og að einhverju leyti heimslýsingarhlutverk þeirra.¹¹⁹⁴ Að vísu eiga ýmsar aðrar greinar íslenskra

¹¹⁹⁴ Hvorki upptalningarlögmálið né heimslýsingarhlutverkið virðist vera eins áberandi í færeyskum *skjaldrum* sem hafa þróast upp úr sama og svipuðu aðkomuefni en standa almennt nær romsukveðskap meginlandshluta Norðurlanda en íslenskar þulur (sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*: Er allt sama tóbakið?“, 193–194). Athuganir benda til þess að sama gildi um romsukveðskap hinna Norðurlandanna, en það þarfnast þó frekari skoðunar. Reynist svo er ekki ólíklegt að munað hafi um sterka fornþuluhefð á Íslandi og um áhrif hennar á þulur síðari alda.

munnennta sér fornar rætur (t.d. gátur), og fleiri greinar hafa orðið til við samruna gamals kveðskapar og erlends efnis. Sagnakvæði eru t.d. að einhverju leyti afkomendur eddukvæða-hefðar, en þau virðast hins vegar einkum hafa léð bragform edduhefðar aðfluttu ævintýraefni; það er ekki alveg hliðstætt þulum sem héldu fyrst og fremst byggingarlögmálum gömlu þuluhefðarinnar. Þá eru bæði þulur og sagnakvæði ólík sagnadönsum og vikivakakvæðum, en þar er aðallega um að ræða aðflutt efni í aðfluttu formi. Uppruni þulna er því einstakur meðal íslenskra kvæða síðari alda, en hann bæði helst í hendur við önnur sérkenni þulna sem kvæðagreinar – einkum bragform, byggingu og hlutverk – og skýrir þau.

5. Til þess að dæma um hvort þulur síðari alda eru barnagælur þarf að ræða málið annars vegar í ljósi sögulegrar þróunar þulna (i) en hins vegar með tilliti til stöðu þulna meðal samtíma þjóðkvæðagreina (ii).

i) Þulur síðari alda eru ekki endilega kveðskapur sem er ætlaður börnum. Þær voru það varla upprunalega – ekki fremur en margir eldri textar, sem þulur eiga að einhverju leyti rætur til að rekja, bera með sér. Hvorki upptalningar nafna í eddukvæðum né þulur Snorra-Eddu eru líklegar til þess að hafa verið beint sérstaklega til barna, og þá ekki Grýluvísa Lofts Pálssonar – og varla Grettisfærsla. Þulur færðust vissulega neðar á aldursskala viðtakenda (áheyrenda) á síðari öldum, ásamt ævintýrum og fleiri munnenntum, en óvíst er að þær hafi náð að vera orðnar einvörðungu barnakveðskapur á 19. öld (og varla aðallega barnakveðskapur heldur). Til samanburðar má nefna að hugmynd um barnabókmenntir sem slíkar var þá enn í mótun.¹¹⁹⁵ Hugmyndir Jóns Árnasonar um þulur sem barnaefni (sbr. kafla 4.1) voru hugsanlega að vissu leyti á undan sinni samtíð, en afar líklegt er að bæði hann og Jón Sigurðsson hafi ekki aðeins miðað við reynslu heimildarmanna sinna af þulum heldur verið undir áhrifum frá þjóðfræðasöfnun erlendis þar sem romsukveðskapur var sums staðar gefinn út sem barnakveðskapur (sbr. kafla 5.1). Hins vegar bendir samhengi, sem íslenskir safnarar á vegum Jóns Árnasonar og Fornfræðafélagsins setja þulur í, til þess að þær eigi frekar heima með lengri frásagnarkvæðum (ekki sérstaklega ætluðum börnum) en barnavísu eða leikjum (sbr. kafla 6.2). Af upplýsingum frá heimildarmönnum undir lok 20. aldar um flutning þulna í æsku þeirra – þ.e. á öndverðri 20. öld – má álykta að þulur hafi ekki aðeins beinst til barna heldur verið almenn skemmtun, þó að þær hafi á sama tíma verið þáttur í barnauppeldi (sbr. kafla 9). Því er ekki ólíklegt að svo hafi það einnig verið á 19. öld.

ii) Þulur eru ekki sama kvæðagrein og barnagælur.¹¹⁹⁶ Fyrst og fremst er umdeilanlegt að barnagælur séu kvæðagrein í sams konar skilningi og þulur í þrengri merkingu orðsins (þ.e. þulur sem þjóðkvæðagrein eins og hún er skilgreind hér, sbr. skýringarmynd 8 aftast í þessum kafla). Þulur í þessari þrengri merkingu eru mun þrengra hugtak en barnagælur, þó að hugtökin hafi ákveðin snertiflöt þar sem þulur eru m.a. notaðar til þess að skemmta börnum

¹¹⁹⁵ Sbr.: Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 20–28.

¹¹⁹⁶ Skilningur á *barnagælum* miðast hér við skilgreiningu Jóns Samsonarsonar: „stök vísa, þula eða kvæði, sem mælt er fram, raulað eða kveðið við barn til að hafa ofan af fyrir því eða til að róa það og svæfa“ (Jón Samsonarson, „Barnagæla,“ 26), sbr. kafla 4.2.

eða svæfa þau. Þulur sem bragform (sbr. rannsóknarspurningu 2 og skýringarmynd 8 aftast í þessum kafla) eru svipað hugtak að umfangi og barnagælur, að því er ætla má. Samt sem áður eru hugtökin *þulur* og *barnagælur* varla sambærileg, einmitt vegna þess að þulur í þessum skilningi eru aðallega form, en barnagælur eru aftur á móti einkum skilgreindar út frá hlutverki sínu. Aftur skarast hugtökin að vissu leyti en fara þó ekki saman. Þulur í breiðasta skilningi, þ.e. kveðskapur sem byggir bæði á upptalningum og endurtekningum, er textamengi sem erfitt er að afmarka á skýran hátt. Það er þó væntanlega breiðara en barnagælur í ofangreindum skilningi, þar sem mörg lengri frásagnarkvæði, sem verða þá inni í þulumenginu, hafa einnig annað hlutverk en að skemmta börnum eða róa þau (eða jafnvel hafa allt annað hlutverk en þetta). Enn og aftur er hér aðeins um vissa skörun hugtakanna tveggja að ræða. Þessar ályktanir (sbr. kafla 6.3) samræmast bæði umfjöllun í lið 5(i) og þeim niðurstöðum úr athugun á þuluflutningi (kafla 9.4) að þulur séu aðeins að vissu leyti kveðskapur sem er hafður við börn; þær hafa einnig hlutverk og gildi sem almennt skemmtiefni og eiga því m.a. erindi til fullorðinna.

6. Þulur mega varla heita kvæðagrein kvenna – ekki frekar en barnakveðskapur, þó að hlutverk þulna í barnauppleidi og flutningur sem svarar því hlutverki (móðir eða önnur eldri kona kveður við börn) hafi lengi verið í fyrirrúmi við lýsingu á þulum, eins og lýst er í kafla 4.1–4.2, og ekki algerlega að ástæðulausu. Þulur voru vissulega oft fluttar í rökkrinu í baðstofunni og tengjast bæði skemmtun og fróðleiksmiðlun frá eldri kynslóð til þeirrar yngri, og eru því börn og jafnframt konur oft á meðal þátttakenda í flutningi. Hins vegar voru í kafla 9 færð rök fyrir því að þessir þættir hafi flestir verið meira eða minna orðum auknir þegar þulurnar, sem eru efni þessarar ritgerðar, eru annars vegar.¹¹⁹⁷ Hlutverk þulna síðari alda takmarkast ekki við barnauppleidi heldur virðist almennt afþreyingarhlutverk þeirra jafnvel umfangsmeira, og þátttaka karlmanna í flutningi talsvert meiri en svo að honum mætti lýsa með orðunum „móðirin raular þulur [...] við börnin sín“¹¹⁹⁸ þar sem þeir eru allt að þriðjungu heimildarmanna fyrir þulum og um þær.

Innan þeirrar skilgreiningar á þulum síðari alda, sem hér er sett fram, rúmast afmarkað safn þjóðkvæðatexta með sameiginlegt bragform, byggingu, hlutverk o.fl. einkenni, þó að mörkin á milli þulna og texta sem tilheyra öðrum munnmenntagreinum séu ekki alltaf skýr (þ.e. ekki frekar en við afmörkun á öðrum þjóðkvæðum; sbr. Viðauka IIa). Textar úr þessu afmarkaða safni geta því allir myndað grunnsafn til útgáfu á þulum síðari alda, en fjöldi og val texta ræðst af forsendum hennar. Til þess að gefa lesendum góða innsýn í þulur sem kvæðagrein þarft að virða þrennt a.m.k.:

- tímaramma: gefa þarf út elstu þulutexta (þ.e. texta úr handritum frá 17.–18. öld) og gæta síðar jafnvægis á milli texta úr eldri og yngri handritum, þ.e. frá ofanverðri 19. og ofanverðri 20. öld;
- samsetningu textasafns: bæði þarf að gefa út þulutexta úr kjarna þulusafnsins, þar sem enginn vafi leikur á að um þulur sé að ræða, og fulltrúa þulutexta sem standa nær mörkum þjóðkvæða-

¹¹⁹⁷ Allir þessir þættir eiga hins vegar mun betur við vísur til að stíga eða róa með börn, sem eru m.a. kallaðar *þulur* í frumheimildum, sem og fleiri barnagælur.

¹¹⁹⁸ Lbs 587 4to VII, [38r].

greinarinnar og sýna líkindi við aðrar greinar (t.d. *Bárður á Jökli* sem Jón Samsonarson birtir sem (forneskju)bæn);¹¹⁹⁹

- þessa texta þarf að gefa út í samræmi við eðli og byggingu hinna síbreytilegu þulna, en það þýðir að gefa þarf út fyrst og fremst fulltrúa allra helstu stærri byggingareininga þulutextanna, þ.e. textana sem geyma helstu gerðir allra algengustu þulublokka (sjá kafla 8.3 um blokkir en 3.2 um hugsanlega tilhögun slíkrar útgáfu).

* * *

Skilgreiningin á þulum síðari alda í þessum kafla er ýtarlegri en þær sem voru ræddar í kafla 4.2. Hún tekur til forms, líkt og skilgreiningar Jóns Samsonarsonar og Ögmundar Helgasonar (sjá 4.2), en sömuleiðis til annarra eðlisþátta þulna, einkum til byggingar þeirra og hlutverks. Þar með færast áherslan frá svokölluðu þuluforni, sem á stundum einnig við kveðskap sem tilheyrir öðrum munnmenntagreinum (t.d. gátur), yfir á síðarnefndu þættina. Hlutverk þulna verður að vísu rýmra hér heldur en í fyrri skilgreiningum sem fasttengdu þulur við barnaefni, en hér er hlutverk þulna frekar talið vera almenn afþreying og fræðsla – einkum óbein fræðsla, þ.á m. örvun hugmyndaflugs og skapandi notkunar tungumáls, og jafnvel einhvers konar „verkleg kennsla“ í því að skapa sér skáldaða veröld. Skilyrði sem snúa að byggingu og sameiginlegu safni byggingareininga (þulusjóði) þrengja hins vegar talsvert – miðað við fyrri skilgreiningar – þann textahóp sem er undir, þangað til eftir stendur heildstæður hópur þulna með sameiginleg sérkenni sem fellur undir skilgreiningu á þjóðkvæðagrein.

Í skilgreiningu, sem hér var sett fram, felst því talsvert meiri afmörkun heldur en áður hefur verið beitt. Ólafur Davíðsson tók að vísu ekki heldur með í þulusafn sitt langlokur og leikþulur (þótt hann hafi reyndar tilgreint aðrar ástæður fyrir því en liggja að baki núverandi skilgreiningu, sbr. kafla 4.1), en hann ætlaði hins vegar að hafa með í þulusafninu talsvert fleiri munnmenntagreinar: gælur og barnavísur, Grýlukvæði, þulukvæði eins og „romsuna um hann Fúsintes“ (reyndar „í flokki sjer“),¹²⁰⁰ Gilsbakkapulu m.m., vegna þess að sá kveðskapur hafi orðið að þulum í meðförum manna og flutningi. Allur þessi kveðskapur er einnig í þulusafni Jóns Árnasonar (Lbs 587 4to), þó ekki í miklum mæli. Af sömu ástæðu hafði Ólafur ekkert á móti því að Sagan af Fóu og Fóu feykirófu kæmi út með þulum og jafnframt Hrómundarbréf, sem hann segist þó vita að séu ekki þulur en séu romsuð upp eins og þulur. Samkvæmt skilyrðum sem notuð eru í þeirri skilgreiningu sem sett var fram fyrir í þessum kafla væri ekkert af ofangreindu með í þulusafni, en ekkert af því svarar skilyrðum sem snúa að formi og byggingu. Flest af þessu er þó kveðskapur sem er skyldur þulum í einu eða öðru, og ekki er hægt að horfa fram hjá því að orðið *þulur* er ósjaldan notað um hann, hvort sem það stafar í hverju tilfelli fyrir sig af því að þessi kvæði eru flutt með svipuðu móti og þulur (þ.e. „romsuð upp eins og þulur“, eins og Ólafur Davíðsson kemst að orði,¹²⁰¹ eða/og flutt við svipuð tækifæri), eða þá af því að þau eru löng og sum þykja einhæf, af því að þau byggjast sum hver á miklum endurtekningum – en endurtekningar og upptalningar eru tengd fyrirbæri sem virka oft hlið við hlið á ýmsum sviðum þulubyggingar og bragforms – o.s.frv.


¹¹⁹⁹ Jón Samsonarson, „Særingar og forneskjubænir,“ 71–72.

¹²⁰⁰ Bréf Ólafs Davíðssonar til Jóns Árnasonar frá 22 febrúar 1886, sjá NKS 3010 4to (5), nr. 3, 2v.

¹²⁰¹ Sama bréf, 3v.

Með tilliti til mismunandi – og oftár en ekki breiðari – notkunar þuluhugtaksins bæði að fornu og nýju, þ.e. um fornþulur og önnur fornkvæði,¹²⁰² sem og um þulur síðari alda og annan kveðskap í frumtextum (kafla 6.1) og fræðilegri umræðu (kafla 4.2), og loks með tilliti til þess sem kom fram fyrir í þessum kafla má því álykta að hugtakið *þula* geti náð yfir þrjá afar mismunandi textahópa, eins og sjá má á skýringarmynd 8. Þeir textar sem voru ekki flokkaðir sem þulur samkvæmt skilgreiningu sem var sett fram fyrir í þessum kafla, sbr. Viðauka II, dreifast yfir önnur svæði – mörg hver þulutengd:

Mynd 8: Helstu notkunarvið hugtaksins þulur



Nánari afmörkun á textasafni þulna síðari alda samkvæmt skilgreiningu, sem er sett fram í þessum kafla, er í Viðauka II; þar eru skoðaðir nokkrir tilteknir textar sem eru á mörkum þess að falla undir skilgreiningu á þulu og reynt er að afmarka þulur sem þjóðkvæðagrein nánar með því móti. Þess ber að geta að þessi skilningur á þuluhugtakinu á sér ákveðna stoð í fyrirsögnum handrita og ritum eldri fræðimanna, enda þótt þulugreinin sé skilgreind og afmörkuð á þrengri hátt en áður var gert.

Skilgreining á þulum síðari alda sem þjóðkvæðagrein, sem hér er sett fram, afmarkar heildstætt textasafn með sameiginleg sérkenni og gerir mörk þess skýrari með því að setja fram aðgengileg og skilmerkileg mælitæki, þ.e. skilyrði sem texti þarf að uppfylla til að flokkast sem þula (þau eru sett upp sem einhvers konar gátlisti). Hugtakið *íslenskar þulur síðari alda* breytist því úr regnhlífarhugtaki fyrir þær munnmenntir í lausbundnu máli, sem komast ekki með góðu móti fyrir í kerfi þjóðkvæðagreina, í nothæft hugtak sem nær til einnar þjóðkvæðagreinar.

¹²⁰² Sbr. þ.á m. orð O. A. Smírniðskuju þess efnis að fornþulur hafi einkum byggst á endurtekningum og það gildi um kvæðin sem kölluð hafa verið þulur á síðari öldum (kafla 2.2),

Útdráttur

Ritgerð þessi til doktorsprófs í íslenskum bókmenntum miðar að því að skilgreina þulur síðari alda (þjóðkvæði frá u.þ.b. 15.–20. öld) sem kveðskapargrein með nákvæmari hætti en áður hefur verið gert og setja þær betur í samhengi íslenskrar bókmennta- og munnmenntasögu. Til grundvallar skilgreiningunni liggja helstu sérkenni þulna, en þau eru einkum fólgin í afar frjálsu bragformi á mörkum bundins máls og lausamáls ásamt lítt mótaðri byggingu með miklum tilbrigðum. Einnig hafa sterk tengsl við konur og börn talist einkenna flutning á þulum síðari alda og hlutverk þeirra. Rannsóknir á þulum síðari alda – sem hafa löngum verið af skornum skammti – hafa hins vegar flestar snúist um tengsl þulna við sambærilegan kveðskap annars staðar á Norðurlöndum og einnig við annan samtíðarkveðskap sinn, sem og um varðveislu þulna og söfnun – ásamt öðrum þjóðkvæðum – á 19. öld. Áður nefndir þættir, þar sem sérkenni þulna síðari alda liggja, hafa því að mestu staðið utan kastljóss rannsókna hingað til, en þeir eru teknir til ýtarlegrar skoðunar í þessari ritgerð. Jafnframt er meiri áhersla lögð á tengsl þulna síðari alda við þulur í íslenskum fornþulmenntum, en rannsóknin sýnir að þulur síðari alda hafi að stórum hluta tekið í arf frá fornþulum aðaldrifkraftinn í þulubyggingu, þ.e. upptalningar – m.a. á heitum, minnum og jafnframt stærri samsettum einingum. Einnig er margt sameiginlegt hvað varðar hlutverk fornþulna og þulna síðari alda, en upptalningar á margvíslegum hlutum og atburðum skapa í hvorum þulukveðskapnum um sig nokkurs konar heimsmynd. Þessi heimsmyndarsköpun virðist vera veigameiri þáttur í þulum fyrr og síðar heldur en frásögn eða lýrisk tilfinningatjáning.

Rannsóknin hefur leitt í ljós að aðeins er hægt að skilgreina þulur síðari alda með því að nota alla áður nefnda þætti í senn. Fyrri skilgreiningar á síðari alda þulum hafa einkum tekið til bragforms þeirra og hlutverks (en skilgreiningar á fornþulum aðallega til innihalds þeirra og – síður – bragforms, sem hefur skapað ákveðið ósamræmi). Hins vegar nægja einn eða tveir þættir ekki til þess að afmarka þulur síðari alda frá öðrum þjóðkvæðum, eins og eftirfarandi yfirferð sýnir.

Bragform þulna síðari alda er vissulega afar sérstakt og markar að miklu leyti sérstöðu íslenskra þulna síðari alda meðal annarra þjóðkvæða, en það er mun óreglulegra en í flestum öðrum munnlegum kveðskap á Íslandi. Þulur síðari alda eru hvorki háttbundinn kveðskapur né erindaskiptur og falla því ekki vel að nokkru braggreiningarkerfi (en geta þó með engu móti kallast sneyddar bragformi). Hrynjandi þulna hefur t.a.m. bæði einkenni hins áherslubundna bragkerfis – sem einkennir t.d. eddukvæði, en þess má geta að fornþulur voru undir edduháttum – og bragliðakerfis, en hvorugt kerfið nær þó utan um þuluhrynjandi nema ráð sé gert fyrir frávikum í talsverðum hluta þululína. Einnig er stuðlasetningu og rími – öðrum bragþáttum sem eru eiginlegir íslenskum kveðskap – beitt í þulum með svipuðum hætti, þ.e. hvergi nærri alltaf – og sjaldnast kerfisbundið. Allt veldur þetta talsverðri óreiðu í bragformi, enda er bragmynstrið jafnan breytilegt innan hvers þulutexta. Braghömlur eru því augljóslega mun færri í þulum síðari alda en í flestum öðrum þjóðkvæðum. Athugun á hverjum af þessum þremur bragþáttum – hrynjandi, stuðlasetningu og rími – leiðir eigi að síður í ljós að hverjum þeirra fyrir sig er beitt með einum eða öðrum reglulegum og viðteknum hætti í meirihluta þululína (þó alls ekki endilega tveimur þáttanna eða öllum þremur í sömu þululínunum). Auk þess eru oft notaðir samhljómar sem hér eru kallaðir *veik stuðlun* og *veikt rím*, því að þeir eru

ekki fullkomnir frá sjónarhóli viðtekins háttbundins kveðskapar á síðari öldum; áheyrandi nemur þá eigi að síður og þeir tengja því einstakar þululínur. Slíkir samhljómar koma oft til mótvægis þegar reglulegri notkun bragþátta er ekki fyrir að fara í þululínum. Þannig er eitt af sterkustu sérkennum bragforms í þulum ekki aðeins fólgið í óreglu í notkun bragþátta heldur í því að bæta úr óreglunni með veikri stuðlun, veiku rími og enn fremur með samspili stuðla og ríms. Slíkt samspil tekur á sig ýmsar myndir og miðar bæði að því að ná til flestra þululína í textum, þ.e. að hver lína hafi a.m.k. einn af bragþáttunum (í sumum þulutextum eru stuðlar og rím allt að því í fyllidreifingu á köflum), og að því að styrkja bragfræðileg tengsl á milli línanna. Þegar tekið er tillit til þessarar óreglulegu bragþáttanotkunar nær kerfið til langflestra þululína, en línur sem eru ekki tengdar inn í bragþátta-vef þulunnar eru afar sjaldgæfar. Þetta kerfi, sem hér er kallað *lausbundið mál*, er óneitanlega ein-kennandi fyrir þulur – en eigi að síður geta önnur þjóðkvæði verið í slíku eða svipuðu bragformi.

Þulubygging er einnig mjög sérstæð og fellur illa að hefðbundnum greiningarkerfum sem eru jafnan ætluð til rannsókna á frásögn eða þá á lýrískum kveðskap, enda eru þulur hvorugt. Rannsóknin sýnir að þulubygging grundvallast hins vegar á upptalningu – drifkrafti í þulum að fornu sem nýju. Byggingarkerfi þulna síðari alda samanstendur því af tvenns konar grunneiningum – heitum og minnum (mótífum) – og tvenns konar samsettum einingum á hærra stigi þulubyggingar sem hér eru kallaðar *blokkir* og *yfirblokkir*. Í þessari rannsókn eru heiti skilgreind sem sérnöfn og samnöfn sem má finna ítrekað í þulum (sömuleiðis staknöfn sem standa í röð sambærilegra nafna eða á sama merkingarsviði), en minni eru einfaldar endurteknar lýsingar á hvers kyns atburðum, gjörðum, ástandi o.þ.h. Heiti og minni eru tínd saman með tilliti til samhljóma við næstu sams konar einingar, til hliðstæðna í setningaskipan og í innra formi sem og merkingu grunneininganna; þau mynda þululínur og línupör. Þannig mynda grunneiningarnar upptalningu, þ.e. lengri eða styttri keðju þululína sem byggist á ofangreindum hliðstæðum í bragformi, setningaskipan og merkingu. Þessar hliðstæður vinna bæði upp á við, þ.e. styrkja byggingu upptalninganna, og niður á við, þ.e. skipta einnig máli fyrir myndunarleiðir og formgerð heita og minna sem eiga í hlut. Ný heiti og minni eru svo búin til eftir ákveðnum myndunarleiðum, líkt og í fornþulum – þótt sjálf heitin í þulum síðari alda skarist ekki endilega á við fornheitin – og sett inn í upptalningar með sama hætti, með tilliti til bragforms, setningaskipunar og merkingar. Þessar upptalningar eru oft uppistaðan í blokkum, en það hugtak er í þessari ritgerð notað um tiltölulega stöðug og heilleg sambönd af ákveðnum heitum og/eða minnum. Í sumum upptalningum á minnum er ákveðinn frásagnarþráður, og kallast þær frásagnarblokkir. Þá eru yfirblokkir svipuð sambönd, en stærri, og eru blokkir oft hlutar þeirra. Bygging þulu grundvallast því – bæði á stigi grunneininga og samsettra eininga – á upptalningu smærri byggingareininga sem mynda stærri einingar í hóflegu samspili við bragfræðilega þætti og setningaskipan á lægra stigi þulubyggingar, en við merkingu á hærra stigi hennar. Upptalning á heitum og/eða minnum myndar blokk, en upptalning á blokkum, oft ásamt smærri einingum, myndar þulutexta – eða þá yfirblokk sem myndar fyrir sitt leyti þulutexta, ýmist ein og sér eða ásamt öðrum yfirblokkum og/eða smærri einingum. Tilbrigði eru gegnumgangandi á báðum stigum í þulubyggingunni, en formúlur og stærri formúlueiningar (fjölför) mynda kerfi forms- og innihaldseininga í þulubyggingu við hlið kerfis innihaldseininganna (heita, minna og blokka). Hin mörgu og margvíslegu tengsl á milli mismunandi þulutexta og byggingareininga þulna virka sem tengibrautir við upptalningu og mynda auk þess þétt

textatengslanet sem virðist ná yfir flestalla þulutexta. Byggingareiningar þulutexta sem eru undir í tengslanetinu mynda einhvers konar sjóð sem þuluflytjandi sækir efni í þegar farið er með þulu. Ein af meginstöðum þessarar rannsóknar er lýsing og greining á um fimmtíu algengustu þulublokkunum. Hún sýnir byggingu þeirra og tilbrigði á öllum byggingarstigum ásamt því hvernig kerfinu er beitt við þuluflytning. Segja má að mesta sérstaða þulna síðari alda felist einmitt í þessari þulubyggingu – en svipaða byggingu eða viss einkenni hennar er samt sem áður hægt að finna í öðrum íslenskum þjóðkvæðum.

Breytileiki og sveigjanleiki virðist vera það sem einkennir flesta þætti þuluflytninga. Þulur eru ýmist mæltar fram, raulaðar, kveðnar eða fluttar á annan hátt; bæði að kvöldlagi í baðstofu og við önnur tækifæri, annars staðar og á öðrum tíma. Flytjendur eru flestir konur og eldra fólk, en þó eru ungir karlmenn einnig meðal þeirra, en áheyrendur eru bæði börn og fullorðnir. Á 20. öld virðast börn vera aðalmarkhópurinn við þuluflytning, en um fyrri tíð er erfitt að dæma. Af rituðum heimildum má þó álykta að á 19. öld hafi heimildarmenn frekar skipað þulum í hóp með lengri frásagnarkvæðum en barnagælum. Helsta hlutverk þulna síðari alda virðist vera almenn afþreying, en gagnvart börnum gegna þær jafnframt huggunar- og fræðsluhlutverki. Tengsl þulna við konur sem flytjendur og börn sem áheyrendur – sem og hlutverk þulna í barnauppleði – kunna því að hafa verið ofmetin og einkenna vart þulur umfram ýmis önnur þjóðkvæði. Hins vegar er sérstakt hlutverk upptalninga í heimsmyndarsköpun í þulum síðari alda einkennandi fyrir þær, sem og hve óvenjulega mikið vægi þessi heimsmyndarsköpun virðist hafa í þulum í samanburði við önnur þjóðkvæði á síðari öldum. Hvort tveggja kann að vera arfur frá hinum fornu þulum sem voru alfræðileg heimslýsing.

Ofangreind sérkenni í bragformi, byggingu og hlutverki þulna þurfa að koma saman og vera studd fleiri þáttum, þ.á m. munnlegri geymd og skyldleika við kveðskap annars staðar á Norðurlöndum, svo að í ljós komi heildarmynd af þulum sem þjóðkvæðagrein. Þessi mynd gerir kleift að greina þulur síðari alda frá öðrum munnmenntum, ekki ólíkum, og afmarka þær með formlegri og skýrari hætti sem heildstætt textasafn með sameiginleg sérkenni. Niðurstöður þessarar rannsóknar, einkum þær sem snúa að þulubyggingu, geta einnig komið að notum við vinnu að textaútgáfu sem endurspeglir sérkenni þjóðkvæðagreinarinnar þulur síðari alda.

Rannsóknin varpar skýrara ljósi á þulur í íslenskri bókmennta- og munnmenntasögu, en sérkenni þulna síðari alda skýrast að miklu leyti af uppruna þeirra. Margt bendir til þess að þær hafi orðið til við samruna hinnar fornu þuluhefðar og nýs efnis sem barst frá meginlandi Evrópu undir lok miðalda og á næstu öldum. Þótt bygging þulna síðari alda eigi rætur að rekja til hinna fornu þulna, og sömuleiðis hlutverk þeirra að verulegu leyti, er bragformið, og að hluta til innihald, hins vegar í ætt við það sem gefur að líta í skyldum kveðskap annars staðar á Norðurlöndum, og má því gera ráð fyrir erlendum áhrifum á þá þætti. Þessi blandaði uppruni er einstæður í íslenskum þjóðkvæðum, eins og kemur nánar fram í niðurstöðum rannsóknarinnar, og skýrir á sama tíma sérstöðu íslenskra þulna síðari alda meðal sambærilegs kveðskapar annars staðar á Norðurlöndum.

Summary

This study submitted for the degree of Doctor in Icelandic Literature aims at defining post-medieval *pulur* (sg. *pula*; a type of folk poem from the fifteenth to the twentieth century) as a genre of poetry more precisely than has been done before, and at placing them more precisely in the history of Icelandic literature and oral culture. The definition is based on the major features of *pulur*, namely a very free poetic form on the boundary between poetry and prose, and a very loose structure with many variations. Strong association with women and children has also been thought to be characteristic of their performance and function. There has been little research on post-medieval *pulur*, and what exists has for the most part focused on their connections with corresponding poetry elsewhere in Scandinavia, or with contemporary Icelandic poetry, and on their preservation and collection – along with other folk poetry – in the 19th century. Their unique features have for the most part not been the focus of research like that in this thesis. The thesis also emphasizes the connections between post-medieval *pulur* and medieval ones; the thesis shows that the post-medieval *pulur* to a large extent inherited their main structural principle, namely listing – of *heiti*, motifs, and larger composite units – from medieval ones. There are also similarities between the functions of medieval and post-medieval *pulur*, in that composition of lists of a variety of items and events creates an inner poetic world (though not necessarily the same one) in these two types of *pulur*. This creation of an inner world appears to be a more important feature than either narrative or lyric expression in both medieval and post-medieval *pulur*.

The investigation has shown that it is only possible to define post-medieval *pulur* by using all of the above features. Earlier definitions of post-medieval *pulur* considered mainly their rhythm and functions, while medieval *pulur* were defined with regard to their contents first and metre second; the different emphases in the definitions make comparison difficult. As the following summary will show, picking out one or two of the features mentioned is inadequate to define post-medieval *pulur* as a separate genre from other poetry.

The unusual poetic form of post-medieval *pulur* distinguishes them from other Icelandic folk poetry, being much less regular. They are neither metrical nor divided into stanzas, and therefore do not fit into any system of metrical analysis (though they are certainly not lacking in poetic form). The rhythm of *pulur* has characteristics both of accentual verse (and it should be mentioned that medieval *pulur* were composed in eddic metres) and accentual-syllabic verse, but neither of these describes *pulur* metre unless one concedes deviation in a large percentage of lines. Alliteration and rhyme, metrical features which also characterize Icelandic poetry, are also used in a similar irregular way in *pulur*; they occur, but are not always present, and certainly not according to a strict pattern. All this results in a very loose poetic form, which is rarely consistent throughout the text of a *pula*.

The metrical constraints are thus fewer in post-medieval *pulur* than in most other Icelandic folk poetry. Nonetheless, examination of each of the three metrical features – rhythm, alliteration, and rhyme – shows that each of these appears in some traditional way in the majority of *pula*-lines (though two or more are not necessarily found in the same line.) Other forms of harmony, here

referred to as *weak alliteration* and *weak rhyme* because they do not meet the requirements of post-medieval poetry, are also found. The listener nonetheless notices the harmony that connects individual *pula*-lines. Such harmony often compensates for the lack of metrical features in *pulur*. Thus, one of the most striking poetic features of *pulur* is the irregular use of metrical features, and its compensation by weak alliteration or weak rhyme, or by a relationship between alliteration and rhyme. Such a relationship can take various forms, and aims both to incorporate as many lines as possible (for example, in some *pula*-texts alliteration and rhyme are in complementary distribution), and to strengthen rhythmical connections between lines. This loose versification system is characteristic of *pulur*; however, some other folk poetry has similar features.

The structure of *pulur* is unusual and does not correspond to traditional composition analysis systems that are designed for lyric or narrative poetry, as *pulur* belong to neither type. This study shows that in both medieval and post-medieval *pulur*, the structure is based on the principle of listing. Post-medieval *pulur* are composed using two kinds of basic units – *heiti* and motifs – and at a higher level, two kinds of units compounded out of them, here called ‘blocks’ and ‘sequences’. For the purpose of this research, *heiti* are defined as proper names and common names that can be found repeatedly in *pulur*; motifs are simple, repeated descriptions of various kinds of events, actions, conditions, etc. *Heiti* and motifs are put together so that they harmonize with the next similar units, bearing in mind the overall rhythmical and syntactic parallels, inner form, and the meaning of the basic units, to form *pula*-lines and couplets. In this way, the basic units form a list, or a longer or shorter chain of *pula*-lines, using the above-mentioned connections. These connections work both ‘upward’, to strengthen the structure of the list, and ‘downward’, i.e. they are also important for the ways of creating *heiti* and motifs.

New *heiti* and motifs are created according to set rules, just as they are in medieval *pulur*, even though the *heiti* themselves are often different. The resultant lists are often the basis of ‘blocks’, a term used here to refer to relatively stable combinations of specific *heiti* and motifs. In some lists of motifs there is a certain narrative; such instances are referred to as ‘narrative blocks’. Sequences are similar or larger combinations, which may include blocks. The construction of *pulur*, both at the level of basic units and combinations of units, is based on lists of small units that form larger ones, connected mainly by rhythmical and syntactic features at the lower level and, to a greater extent, by semantic features at the higher level. Lists of *heiti* and/or motifs form blocks, and lists of blocks, often in combination with smaller units, form *pula*-texts or sequences; sequences can in their turn be combined with similar or smaller units to form a *pula*-text. At all stages of the process, variation is the rule. In addition, formulae and larger formulaic units (multiforms) also connect form and content.

The many and various textual connections between the different *pula*-texts and the structural units of *pulur* work as connectors in creation of lists and also create networks that appear to incorporate nearly all *pula*-texts. The structural units of *pula*-texts that are found in this network form a sort of reservoir from which *pula* performers obtain material when they perform a *pula*. One of the main accomplishments of this research is the definition and description and analysis of the c. fifty most common *pula*-blocks, illustrating their structure and variation at all levels of construction,

and how the system is used in recitation. It is their structure that sets the post-medieval *þulur* apart from other forms of Icelandic folk poetry.

Variety and flexibility characterize most aspects of *þula* performance. *Þulur* can be recited, chanted or sung, both in the evening in the *baðstofa* and on other occasions, places, and times. For the most part performers are women and older people, but also men, some of them young; the listeners included both children and adults. In the 20th century, children appear to be the main intended audience, but it is hard to know about earlier periods. However, we can deduce from written sources that source-persons from the 19th century grouped *þulur* with long narrative poetry rather than nursery rhymes. The main purpose of post-medieval *þulur* apparently is entertainment for children and adults, although they could also serve as consolation or instruction for children. For that reason, the special association of *þulur* with women as performers and children as audience, in comparison to other folk poetry, may have been over-emphasized. On the other hand, the special role of listing in the creation of inner worlds in post-medieval *þulur* is characteristic of them, as compared to most other poetry. It could be an inheritance from medieval *þulur*, which provided an encyclopaedic description of the world.

In order to get an overview and definition of *þulur* as a genre of folk poetry, we must consider the unique features mentioned above (versification, structure, and function) in connection with other characteristics, such as oral preservation and their relationship to folk poetry elsewhere in Scandinavia. This overview makes it possible to distinguish post-medieval *þulur* from other, similar, forms of folk-poetry in a more formal and precise way. The conclusions of this study, especially those pertaining to the structure of *þulur*, may also be of use in preparation of editions that reflect the unique features of post-medieval *þulur*.

The thesis also illuminates the place of *þulur* in the context of Icelandic literary and oral cultural history, since the unique features of post-medieval *þulur* can best be explained by their origins. There are strong indications that post-medieval *þulur* resulted from a merging of the native *þula* tradition with new material from mainland Europe at the end of the Middle Ages and the following centuries. Although their structure has its roots in medieval *þulur*, as does their function to a great extent, their versification and much of their contents are related to poetry in other parts of Scandinavia, which we can assume had an influence in Iceland. This particular mixed origin is unique in Icelandic folk poetry and explains the unique position of Icelandic *þulur* compared to similar poetry elsewhere in Scandinavia.

(Margaret Cormack translated from Icelandic)

HEIMILDASKRÁ

Heimildaskrá skiptist í skrá yfir frumheimildir (handrit og hljóðupptökur), textaútgáfur, orðabækur ásamt uppflöttiritum (og orðasöfnum) og fræðirit. Fræðiritum á rússnesku er raðað í stafrófsröð sér, aftast í kafla um fræðirit.

Frumheimildir

Handrit

Safn Árna Magnússonar (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík)

AM 122 a fol.	AM 754 4to	AM 148 8vo	SÁM 25f
AM 242 fol. ¹²⁰³	AM 960 4to (I–XXIII)	AM 154 XII–XIV 8vo	SÁM 30a–c
AM 433 fol.	AM 969 4to	AM 223 8vo	SÁM 30 (óskráð gögn)
AM 556 a 4to	AM 970 4to (I–VII)	AM 226 b 8vo	SÁM 32
AM 557 4to	AM 979 b 4to	AM 247 8vo	SÁM 38
AM 687 b 4to	AM 1011 4to	AM 277 8vo	SÁM 72
AM 744 4to			

Safn Þorsteins M. Jónssonar í handritasafni Árna Magnússonar

ÞMJ 3 I

Skjalasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

Einar G. Pétursson, „Gögn Jóns M. Samsonarsonar í IV pörtum.“

Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn

Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn

Jón Samsonarson, rannsóknargögn

Þar á meðal (sjá nánar kafla 5.2.3):

Prófarkir 1–2

Heimildalýsingar 1–2

Annað 1–3

Handritasafn Landsbókasafns (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík)

Lbs 276 fol.	Lbs 531 4to	Lbs 636 4to	Lbs 936 4to	Lbs 1221 4to
Lbs 214 4to	Lbs 539 4to	Lbs 683 4to	Lbs 1057 4to	Lbs 1293 4to
Lbs 289 4to	Lbs 565 4to	Lbs 819 4to	Lbs 1116 4to	Lbs 1588 4to
Lbs 513 4to	Lbs 586a 4to	Lbs 852 4to (II–III)	Lbs 1201 4to 1	Lbs 2856 4to
Lbs 528 4to	Lbs 587 4to			

¹²⁰³ AM 242 fol., Ormsbók, er á Árnasafni í Kaupmannahöfn (Den Arnemagnæanske Samling, København).

Lbs 318 8vo	Lbs 420 8vo	Lbs 665 8vo	Lbs 1911 8vo	Lbs 2184 b 8vo ¹²⁰⁵
Lbs 366 8vo	Lbs 421 8vo	Lbs 903 8vo	Lbs 1914 8vo	Lbs 2374 8vo
Lbs 414 8vo	Lbs 422 8vo	Lbs 1124 8vo (I–II)	Lbs 2132 8vo	Lbs 3671 8vo
Lbs 416 8vo	Lbs 423 8vo	Lbs 1151 8vo ¹²⁰⁴	Lbs 2166 8vo	Lbs 193 NF
Lbs 418 8vo	Lbs 424 8vo			

Handritasafn Jóns Sigurðssonar (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík)

JS 223 4to	JS 578 4to	JS 84 8vo ¹²⁰⁶	JS 289 8vo (I–II) ¹²⁰⁷	JS 510 8vo
JS 245 4to	JS 583 4to	JS 112 8vo	JS 507 8vo	JS 511 8vo
JS 398 4to		JS 228 8vo	JS 509 8vo	JS 515 8vo

Handritasafn Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík)

ÍB 176 4to	ÍB 165 8vo	ÍB 605 8vo	ÍB 651 8vo	ÍB 777 8vo
	ÍB 340 8vo	ÍB 614 8vo	ÍB 656 8vo (3, 17)	ÍB 816 8vo

Þjóðminjasafn Íslands

SG03-1 til SG03-9

Þjms 15174¹²⁰⁸

59. spurningaskrá: Þulur og gátur

Svör við 59. spurningaskrá:

ÞP 6408	ÞP 6451	ÞP 6470	ÞP 6550	ÞP 6598	ÞP 6842	ÞP 7137	ÞP 8184
ÞP 6412	ÞP 6454	ÞP 6473	ÞP 6556	ÞP 6628	ÞP 6848	ÞP 7187	ÞP 8956
ÞP 6414	ÞP 6458	ÞP 6481	ÞP 6561	ÞP 6667	ÞP 6849	ÞP 7329	ÞP 9843
ÞP 6419	ÞP 6462	ÞP 6499	ÞP 6565	ÞP 6686	ÞP 6851	ÞP 7502	
ÞP 6429	ÞP 6463	ÞP 6503	ÞP 6569	ÞP 6708	ÞP 6886	ÞP 7721	
ÞP 6441	ÞP 6464	ÞP 6542	ÞP 6570	ÞP 6794	ÞP 6905	ÞP 7794	
ÞP 6442	ÞP 6467	ÞP 6545	ÞP 6593	ÞP 6807	ÞP 6919	ÞP 7822	
ÞP 6449	ÞP 6468	ÞP 6547	ÞP 6594	ÞP 6833	ÞP 6995	ÞP 8043	

¹²⁰⁴ Í þessari ritgerð er aðeins vitnað í einn handritshluta, bókina sem er merkt „Kvæði og vísur skrifaðar af Olafi Davíðssyni. 1875“ m.m., þ.á m. „N 3“ á álimdum miða fyrir neðan en „4“ efst með blýanti (þó er annar hluti handritsins einnig merktur „4“). Bókin er hér táknuð [KV]; vísað er í blaðsíðutal hennar, en fyrsta blaðsíðan er tölusett „44“.

¹²⁰⁵ Einstakir hlutar handritsins eru ekki tölusettir. Fremsti hlutinn þegar þetta er skrifað er bók með fyrirsögn: „Híer Sk<r>ifast Upp Þulu Bok [...] Jóns Jonssonar A Skálanesi“ ([1r]); á kápunni innanverðri er áberandi teikning af skipi. Í hann er hér vísað sem [I]. [V] er ómerkt hlífðarmappa með lausum blöðum og kverum, fimmti hluti handritsins.

¹²⁰⁶ Eini handritshlutinn sem vitnað er í í þessari ritgerð er á sjö samstæðum kverum og broti úr því áttunda og er merktur fremst sem „Lítið Safn af Gömlum Kvæðum, Samstæðum, Barnagíælum, og fleiru þessháttar“ m.m., þ.á m. ártalinu „1847 og 48“ neðst. Hér er hann táknaður [LS]. Hann er með sér blaðsíðutali og er hér vísað í það.

¹²⁰⁷ Í JS 289 8vo virðist hafa m.a. verið vísað með númerinu 282 (m.a. í ÍGSVP, 4), en handritið virðist hafa haft þetta númer – eins og gömul kápa eða titilsíða, sem varðveitt er með handritinu, ber vitni um.

¹²⁰⁸ Í Þjms 15174, handrit í arkarbroti, hefur einnig verið vísað sem 15175 (sjá: Grímur M. Helgason og Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns*, 3. aukabindi: 127; sbr. Jón Samsonarson, rannsóknargögn, askja 17). Í handritinu er 15175 leiðrétt í 15174 ([1r]). Blaðnúmer í tilvísunum hér miðast við innbundnu bókina (ekki laus blöð og kver fremst).

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

G-145/80: Úr fórum Aðalgeirs Ólafs Jónssonar frá Hólum, Eyjafirði

G-180/6: Úr fórum Björns Jóhannssonar kennara og bónda á Skarði í Dalsmynni

Byggðasafn í Skógum

Handrit Páls Pálssonar í Árkvörn (ljósmyndir varðveittar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík)

Handrit Hermanns S. Jónssonar (ljósmyndir varðveittar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík)

Den gamle kongelige samling (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík)

GKS 2873 4to

GKS 3269 a 4to

Den nye kongelige samling

NKS 1894 4to (Det kongelige bibliotek, København)

NKS 3010 4to (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík)¹²⁰⁹

Thotts samling (Det kongelige bibliotek, København)

Thott 489 8vo I

Dansk Folkemindesamling (Det kongelige bibliotek, København)

DFS 67

Kungliga biblioteket, Stockholm

Holm. Papp. 64 fol.

Holm. Papp. 44 4to

Holm. Papp. 25 8vo

Uppsala Universitetsbibliotek

UUB R 716

UUB R 755

British Library: Additional Manuscripts, London

BL Add 11.168

Handrit í einkaeigu

Handrit í safni Páls Pálmasonar (ljósmyndir varðveittar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík), þar á meðal:

Handrit Jóns Árnasonar af Hofmannskvæði m.m., skráð eftir Ingigerði Zoëga (ljósmyndir í rannsóknargögnum Jóns Samsonarsonar á skjalasafni stofnunarinnar, askja 17)

Handrit Sigurðar G. Thorarensen (ljósmyndir í öskjunni merktri „Handrit í eigu Páls Pálmasonar | Um kvæði og dansa“, mappa 1)

Handrit Þórnaldarþulu úr safni Jóns Árnasonar (mappa 13 í sömu öskjunni)

Rósa Þorsteinsdóttir, vaxandi þjóðfræðasafn

¹²⁰⁹ Í þetta stóra bréfasafn er hér vísað með handritsnúmeri, númeri handritshluta (öskju) innan sviga, nafni bréfitara (hafi það ekki komið fram skömmu áður), númeri bréfs – en bréf hvers bréfitara eru tölusett sér – og blaðnúmeri.

Hljóðupptökur

Þjóðfræðisafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

SÁM 84/3 EF	SÁM 85/122 EF	SÁM 85/166 EF	SÁM 85/276 EF	SÁM 85/582 EF
SÁM 84/13 EF	SÁM 85/123 EF	SÁM 85/167 EF	SÁM 85/279 EF	SÁM 86/636 EF
SÁM 84/28 EF	SÁM 85/124 EF	SÁM 85/168 EF	SÁM 85/280 EF	SÁM 86/662 EF
SÁM 84/35 EF	SÁM 85/129 EF	SÁM 85/178 EF	SÁM 85/288 EF	SÁM 86/671 EF
SÁM 84/50 EF	SÁM 85/140 EF	SÁM 85/179 EF	SÁM 85/289 EF	SÁM 86/746 EF
SÁM 84/62 EF	SÁM 85/142 EF	SÁM 85/180 EF	SÁM 85/291 EF	SÁM 86/765 EF
SÁM 84/64 EF	SÁM 85/143 EF	SÁM 85/183 EF	SÁM 85/304 EF	SÁM 86/795 EF
SÁM 84/80 EF	SÁM 85/144 EF	SÁM 85/186 EF	SÁM 85/340 EF	SÁM 86/847 EF
SÁM 84/85 EF	SÁM 85/145 EF	SÁM 85/189 EF	SÁM 85/341 EF	SÁM 86/982 EF
SÁM 84/89 EF	SÁM 85/146 EF	SÁM 85/191 EF	SÁM 85/347 EF	SÁM 86/983 EF
SÁM 84/91 EF	SÁM 85/149 EF	SÁM 85/196 EF	SÁM 85/349 EF	SÁM 88/1610 EF
SÁM 84/92 EF	SÁM 85/150 EF	SÁM 85/197 EF	SÁM 85/352 EF	SÁM 89/1761 EF
SÁM 84/93 EF	SÁM 85/152 EF	SÁM 85/220 EF	SÁM 85/360 EF	SÁM 89/1834 EF
SÁM 84/95 EF	SÁM 85/153 EF	SÁM 85/233 EF	SÁM 85/363 EF	SÁM 91/2544 EF
SÁM 84/98 EF	SÁM 85/154 EF	SÁM 85/234 EF	SÁM 85/371 EF	SÁM 92/2612 EF
SÁM 85/116 EF	SÁM 85/155 EF	SÁM 85/250 EF	SÁM 85/375 EF	SÁM 92/3226 EF
SÁM 85/118 EF	SÁM 85/162 EF	SÁM 85/260 EF	SÁM 85/376 EF	SÁM 93/3712 EF
SÁM 85/119 EF	SÁM 85/163 EF	SÁM 85/264 EF	SÁM 85/377 EF	
SÁM 85/120 EF	SÁM 85/164 EF	SÁM 85/271 EF	SÁM 85/379 EF	
SÁM 85/121 EF	SÁM 85/165 EF	SÁM 85/275 EF	SÁM 85/391 EF	

Textaútgáfur (og sambærileg rit)

Alfagurt ljóðar mín tunga: Kvæði, vísa, táttur, kirkjusangur, skjaldur. Umsjón Kristian Blak, Eyðun Andreassen, Marianne Clausen, Séan Galvin, Helgi Jakobsen og Sharon Weiss; umsjón með færeyska textanum Ann Ellefsen, Svenning Tausen og Árni Dahl. [Tórshavn], Føroya skúla-bókagrunnur, 1995.

Ása Ketilsdóttir. *Vappaðu með mér Vala: Ása Ketilsdóttir kveður, syngur og segir sögur*, umsjón með útgáfu Rósa Þorsteinsdóttir og Skúli Gautason. [Hljóðbók.] Hólmavík: Strandagaldur / Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2010.

„Barneviser og ramser,“ V. U. Hammershaimb bjó til prentunar. *Antiquarisk Tidsskrift* (1849–1851): 311–315.

Bjarni byskup Kolbeinsson. „Jómsvíkingadrápa,“ útg. Emily Lethbridge. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 1, *Poetry from the Kings' Sagas 1: From Mythical Times to c. 1035*, ritstj. Diana Whaley, 954–997. Turnhout: Brepols, 2012.

Bragi inn gamli Boddason. „Þórr's fishing,“ útg. Margaret Clunies Ross. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 3, *Poetry from Treatises on Poetics*, ritstj. Kari Ellen Gade og Edith Marold, 46–53. Turnhout: Brepols, 2017.

- Brennu-Njáls saga*. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslensk fornrit 12. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954.
- Danske Børnerim, Remser og Lege: Udelukkende efter Folkemunde*. Evald Tang Kristensen safnaði og að hluta skráði. Århus: J. Zeuner, 1896.
- Danske Dyrefabler og Kjæderemser*. Evald Tang Kristensen safnaði og að hluta skráði. Århus: J. Zeuner, 1896.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning*. Útg. Finnur Jónsson. Bd. A 1–2 og B 1–2. Ljósprentuð útgáfa. København: Rosenkilde og Bagger, 1967–1973. (Kom fyrst út í København: Gyldendal og Kristiania: Nordisk Forlag, 1912–1915.)
- Edda Snorra Sturlusonar. Edda Snorronis Sturlæi*. Bd. 1, *Formáli, Gylfaginning, Bragaræður, Skáldskaparmál et Háttatal*, [útg. ekki tilgreindur]. Hafnía: Legatus Arnamagnæani, 1848.
- Eddica Minora: Dichtungen eddischer Art aus den Fornaldarsögur und anderen Prosawerken*. Andreas Heusler og Wilhelm Ranisch settu saman og rituðu inngang. Dortmund: Ruhfus, 1903.
- Eddukvæði*. Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason sáu um útgáfuna; ritstjóri Þórður Ingi Guðjónsson. 2 bd. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2014.
- Eilífr Goðrúnarson. „Þórsdrápa,“ útg. Edith Marold. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 3, *Poetry from Treatises on Poetics*, ritstj. Kari Ellen Gade og Edith Marold, 68–126. Turnhout: Brepols, 2017.
- Einu sinni átti ég gott*. Umsjón með útgáfu Rósa Þorsteinsdóttir. Reykjavík: Smekkleysa / Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2006.
- Fagnar heyrði eg raddirnar: Þjóðkvæði og stef*. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Mál og menning, 1942. (2. pr. Reykjavík: Mál og menning, 1974.)
- Finlands svenska folkdiktning*. Bd. 8, *Lekar och spel*. Útg. V. E. V. Wessman. Skrifter utgivna av Svenska Litteratursällskapet i Finland 390. Helsingfors: Svenska litteratursällskapet i Finland förlag, 1962.
- Gamalt or Sætesdal*. Bd. 3, Johannes Olsen Skar [hefur safnað]. Safnútgáfa, umsjón Olav Bø og Reidar Djupedal. Oslo: Norske Samlaget f. Setesdalslaget, 1963. (Efni 3. bd. (bók 6–8) kom fyrst út 1913–1916 (Kristiania).)
- „Hervarar saga ok Heiðreks,“ útg. Hannah Burrows. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 8, *Poetry in fornaldarsögur*, ritstj. Margaret Clunies Ross, 367–487. Turnhout: Brepols, 2017.
- Heyrði ég í hamrinum: Kveðandi og þjóðlegur fróðleikur kvenna úr Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu í segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. [Umsjón með útg.] Ólafur J. Engilbertsson og Rósa Þorsteinsdóttir. Dalbær: Snjáfjallasetur / Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2009.
- Hulda. *Ljóð og laust mál: Úrval*, Guðrún Bjartmarsdóttir valdi efnið; inngangur eftir Guðrúnu Bjartmarsdóttur og Ragnhildi Richter. Íslensk rit gefin út af Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands 9. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Menningarsjóður, 1990.
- ÍGSVP: sjá *Íslenzkar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur*.
- Íslenskar sögur og sagnir*. Útg. Þorsteinn Erlíngsson [svo]. Reykjavík: [á.n.], 1906.
- Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. Bd. 10, safnað hefur og skráð Sigfús Sigfússon; Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar. Reykjavík: Þjóðsaga, 1991.¹²¹⁰
- Íslensk fornkvæði. Islandske folkeviser*. Jón Helgason gaf út. 8 bd. Editiones Arnamagnæanæ: Series B 10–17. København: Munksgaard, Reitzel, 1962–1981.

¹²¹⁰ Um tengsl þessarar útgáfu við *Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir* sjá kafla 5.3.

- Íslenzk þjóðlög*. Bjarni Þorsteinsson prestur í Siglufirði hefur safnað lögnum 1880–1905 og samið ritgjörðirnar. Kaupmannahöfn: Carlsbergssjóðurinn / S. L. Møller, 1906–1909.
- Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*. Safnað hafa Jón Árnason og Ólafur Davíðsson. 4 bd. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1887–1903.¹²¹¹
- Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*. Bd. 15, safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon. Reykjavík: Víkings-útgáfan, 1958.
- Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. Safnað hefir Jón Árnason. 2 bd. Leipzig, J. C. Hinrichs, 1862–1864.
- Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Bd. 4 (nýtt safn), safnað hefir Jón Árnason; Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Þjóðsaga, 1956.
- Íslenzkar þjóðsögur*. Safnað hefir Ólafur Davíðsson. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1895.
- Jón Ólafsson. *Spánnýtt stafrófskver*. Margar útgáfur. Kom fyrst út sem *Nýtt stafrófskver* (Eskifjörður: Skuld, 1879 og Reykjavík: Kristján Ó. Þorgrímsson, 1881); *Spánnýtt stafrófskver*, 2. útg. (á *Nýju stafrófskveri* 1881) 1887, 2. útg. aukin 1889, 3.–5. útg. 1891, 1893, 1899 (Reykjavík: Sigfús Eymundsson); *Nýja stafrófskverið*, 6.–8. útg. á árunum 1902–1907 (Reykjavík: Jón Ólafsson) og 9.–14. útg., 1910–1928 (Reykjavík: Sigfús Eymundsson). Sú útgáfa sem er vísað í er tilgreind í tilvísun hverju sinni.
- Jónas Jónasson. *Stafrófskver*. Barnabækur alþýðu 1. Kaupmannhöfn: Bókasafn alþýðu, 1899. (2. endurbætt útg.: Akureyri: Oddur Björnsson, 1908. 3. útg.: Akureyri: Bókaforlag og prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919. 4. útg.: Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1926.)
- Kolbeinn Grímsson (Jöklaraskáld). „Best mun efnið betra sitt,“ Magnús Snædal bjó til skjábirtingar. Á *Bragi – Óðfræðivefur*. Sótt 28. október 2019, <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=3874>.
- Kvæðabók úr Vigur: AM 148, 8vo*. Útg. Jón Helgason. 2 bd. Íslenzk rit síðari alda: 2. flokkur, Ljósprentanir 1 A–B. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1955.
- Kvæði og dansleikir*. Jón Samsonarson gaf út. 2 bd. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1964.
- Magnús Stephensen. *Ljódmæli Conferenceráds Magnúsar Stephensens Doctoris juris fyrrum Justitiarii í Islands konúnglega Landsyfírrétti*, Söfnud og útgéfin af Syni hans O. M. Stephensen Jústits-Secretéra. Videyar Klaustri, 1842.
- „Málsháttakvæði,“¹²¹² útg. Roberta Frank. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 3, *Poetry from Treatises on Poetics*, ritstj. Kari Ellen Gade og Edith Marold, 1213–1244. Turnhout: Brepols, 2017.
- Nina, nina nái: Skjaldur, ramsur og rímur*. Umsjón Kári Sverrisson. Tórshavn: Plátufelagið Tutl, 2000. (Blaðsíðutilvísanir eru í bæklinginn sem fylgir hljómútgáfunni (disknum).)
- Norrøne skrifter af sagnhistorisk indhold*. Bd. 3, *Hervarar saga ok Heidreks*, útg. Sophus Bugge. Det norske oldskriftselskabs samlinger 17. Christiania, 1873.
- Norsk folkediktning*. Bd. 4, *Rim, gæter, ordtøke*, með inngangi og athugasemdum eftir Knut Liestøl. 2. útg., umsjón Olav Bø og Svale Solheim. Oslo, Det Norske Samlaget, 1962.
- Norske barnerim og leikar: Med tonar*. Bernt Støylen hefur safnað. Kristiania: Aschehoug, 1899.
- Norske Folkeviser*. Útg. M. B. Landstad. Oslo: Norsk folkeminnelag / Universitetsforlaget, 1968. (Endurprentun eftir fyrstu útg.: Christiania: Chr. Tønsbergs Forlag, 1853.)

¹²¹¹ Þar sem þessi útgáfa skipar stórt þess í sögu útgáfu á þulum síðari alda (sjá kafla 5.3) er efnisskipan áréttuð hér: Bd. 1, *Íslenzkar gátur*, safnað hefir Jón Árnason. 1887.

Bd. 2, *Íslenzkar skemtanir*, safnað hefir Ólafur Davíðsson. 1888–1892.

Bd. 3, *Vikivaki og vikivakavæði*, Ólafur Davíðsson hefir samið og safnað. 1894.

Bd. 4, *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, Ólafur Davíðsson hefir safnað. 1898–1903.

¹²¹² Sbr. neðanmálsskýringu við færsluna „Þulur“.

- Raddir: Ómennskukvæði, Ókindarkvæði, Gryllukvæði, rímur, sagnadansar, drykkjuvísur, þulur, barnagælur og önnur íslensk þjóðlög; Safnað af vörum Íslendinga á árunum 1903–1973 og varðveitt í segulbandasafni Árnastofnunar. Voices: Recordings of folksongs from the archives of The Árni Magnússon Institute in Iceland*, Andri Snær Magnason og Rósa Þorsteinsdóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík: Smekkleysa / Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1998.
- Rögnvaldr jarl Kali Kolsson. „Lausavísur,“ útg. Judith Jesch. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 2, *Poetry from the Kings' Sagas 2: From c. 1035 to c. 1300*, ritstj. Kari Ellen Gade, 575–609. Turnhout: Brepols, 2009.
- Sagnadansar*. Útg. Vésteinn Ólason. Íslensk rit 5. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði / Menningarsjóður, 1979.
- Sigurður Nordal. „Þula.“ *Iðunn* (nýr flokkur) 8, 4. tbl. (apr.–júní 1924): 241–244.
- Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 1–3 og 7–8, ritstj. Margaret Clunies Ross, Kari Ellen Gade, Guðrún Nordal, Edith Marold, Diana Whaley, Tarrin Wills og Hannah Burrows. Turnhout: Brepols, 2009–. (Bd. 4–6 og 9 eru væntanleg.)
- Skjaldur, rímur og ramsur: Orð og lög upptikin 1902–2000. Faroese Skjaldur and Rhymes: Lyrics and Melodies, Melodies Recorded 1902–2000*. Ritstjórnað av / Edited by Marianne Clausen. Hoyvík: Stiðin, 2012.
- „Smalaþula gömul.“¹²¹³ *Sunnanfari* 12 (1913), 56.
- Sneglu-Halli. „Lausavísur,“ útg. Kari Ellen Gade. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 2, *Poetry from the Kings' Sagas 2: From c. 1035 to c. 1300*, ritstj. Kari Ellen Gade, 323–332. Turnhout: Brepols, 2009.
- Snorri Sturluson. *Edda: Háttatal*. Útg. Anthony Faulkes. 2. útg. London: Viking Society for Northern Research, University College London, 2007. (Kom fyrst út í Oxford: Clarendon Press, 1991.)
- Snorri Sturluson. *Edda: Skáldskaparmál*. Útg. Anthony Faulkes. Bd. 1, *Introduction, Text and Notes*. London: Viking Society for Northern Research, University College London, 1998.
- Svenska barnvisor och barnrim*. [Útg. Johan Nordlander]. Ljósprentuð útgáfa með viðauka, innangi og skrá, riststj. Lars Furuland. Stockholm: Gidlund, 1975. (1. útg.: →*Svenska barnvisor ock barnrim*.)
- Svenska barnvisor ock barnrim*. Johan Nordlander safnaði og annaðist <útgáfu>. Nyare bidrag till kännedom om de svenska landsmålen ock svenskt folklied 5.5 (25. hefti). Stockholm, 1886.
- Svenska fornsånger: En samling af kämpvisor, folk-visor, lekar och dansar, samt barn- och vall-sånger*. Útg. Adolf Iwar Arwidsson. 3 bd. Stockholm, Norstedt, 1834–1842.
- The Nursery Rhyme Book*. Útg. Andrew Lang. New York: Dover Publications, 1897.
- Úr fórum Jóns Árnasonar: Sendibréf*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. 2 bd. Reykjavík: Hlaðbúð, 1950–1951.
- Verelius, Olof. *Index lingvæ veteris scytho-scandicæ sive Gothicæ*. Upsala, 1691.
- Visor, ramsor och andra folkrim*. [Útg.] Fredrik Ström. Stockholm: Bonnier, 1968. (Kom fyrst út 1941.)
- Þjóðólfr Arnórsson. „Magnússflokkur,“ útg. Diana Whaley. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 2, *Poetry from the Kings' Sagas 2: From c. 1035 to c. 1300*, ritstj. Kari Ellen Gade, 61–87. Turnhout: Brepols, 2009.
- Þorlákur Þórarinnsson. *Ljóðmæli*, útg. Jón Pjetursson og Egill Jónsson. Ný útgáfa, stórum aukin, endurbætt og löguð. Reykjavík, 1858.
- [Þórður Jónsson]. „Smala þula.“ *Sólskin* 2 (1931): 6–8.

¹²¹³ Þorvaldur Jakobsson, sem undirritar greinina, er heimildarmaður en ekki höfundur kvæðisins.

- „Þulur,“¹²¹⁴ útg. Elena Gurevich. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 3, *Poetry from Treatises on Poetics*, ritstj. Kari Ellen Gade og Edith Marold, 649–998. Turnhout: Brepols, 2017.
- „Orvar-Odds saga,“ útg. Margaret Clunies Ross. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 8, *Poetry in fornaldarsögur*, ritstj. Margaret Clunies Ross, 805–947. Turnhout: Brepols, 2017.

Orðabækur, orðasöfn og helstu vefgagnagrunnar

- Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989.
- Cleasby, Richard, og Gudbrand Vigfusson. *An Icelandic-English dictionary*. 2. útg., með viðauka eftir William A. Craigie. Oxford, Clarendon Press, 1962. (1. útg. 1874.)
- Fritzner, Johan. *Ordbog over det gamle norske Sprog*. Ný og óbreytt prentun af 2. útg. (1883–1896): Með viðbótum og leiðréttingum í einu bindi, ritstj. Didrik Aarup Seip og Trygve Knudsen. 4 bd. (Bd. 4, *Rettelser og tillegg*, umsjón Finn Hødnebo). Oslo: Trygve Juul Möller Forlag / Universitetsforlaget, 1954–1972.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. *Nöfn Íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, 1991.
- Handrit.is*. Samskrá yfir íslensk og norræn handrit sem eru varðveitt í handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnasafni í Kaupmannahöfn (Arnarnagæanske Samling). <https://handrit.is/is/>.
- „Hugtakasafn.“ *Á Bragi – Óðfræðivefur*, ritstj. Kristján Eiríksson. Útgefandi Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 14. nóvember 2019, <https://bragi.mmagnusson.net/handbok.php>.
- ISLEX orðabókin*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Det Danske Sprog- og Litteraturselskab, Institutt for lingvистiske, litterære og estetiske studier við Háskólann í Bergen, Institutionen för svenska språket við Háskólann í Gautaborg, Fróðskaparsetur Føroya og Háskólinn í Helsinki. <http://islex.is>.
- Ísmús: Íslenskur músík- og menningararfur*. Gagnagrunnur um menningargögn. Umsjón Tónlistarsafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://www.ismus.is/>.
- Ordbog over det norrøne prosasprog: Registre. A Dictionary of Old Norse prose: Indices*. Udgivet af Den Arnarnagæanske kommission. København: [Den Arnarnagæanske kommission], 1989.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://ritmalssafn.arnastofnun.is/>.
- Sveinbjörn Egilsson. *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*, ný og aukin útgáfa í umsjón Finns Jónssonar. 2. útg. København: S. L. Møllers Bogtrykkeri, 1931. (Ný og aukin útg. Finns Jónssonar kom fyrst út 1913–1916; upprunaleg útgáfa Sveinbjarnar Egilssonar: Hafniæ, 1860.)

¹²¹⁴ Fyrirsögnin í frumtexta: „Anonymous Þulur“. Orðið *Anonymous* er notað í stað höfundarnafns í útgáfunni *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* þegar höfundur er óþekktur, en því er sleppt þegar vísað er í útgáfuna í þessari ritgerð. – Einn af textunum í „Þulum“ (Kálfsvísa) er gefinn út af Kari Ellen Gade.

Fræðirit

- Acker, Paul. *Revising Oral Theory: Formulaic Composition in Old English and Old Icelandic Verse*. Garland studies in medieval literature 16. New York: Garland, 1998.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „(Ó)Traustar heimildir: Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða.“ *Skáldskaparmál* 4 (1997): 210–226.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „DFS 67.“ Í: *Opuscula*. Bd. 11, ritstj. Britta Olrik Frederiksen, 233–267. Bibliotheca Arnarnæana 42. Hafniae: Reitzel, 2003.
- Aðalsteinn Eyþórsson. „Hvað á bolinn að heita?“, *Gripla* 12 (2001): 149–182.
- Agha, Asif og Frog, ritstj. *Registers of Communications*. Studia Fennica Linguistica 18. Helsinki: Finnish Literature Society, 2015. DOI: 10.21435/sflin.18.
- Aizlewood, Robin. *Verse Form and Meaning in the Poetry of Vladimir Maiakovskii*. London: The Modern Humanities Research Association, 1989.
- Alfaro, María Jesús Martínez. „Intertextuality: Origins and Development of the Concept.“ *Atlantis* 18, no. 1/2 (1996): 268–285.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. „,Þrotið er nú efnið og þulan búin er“: Um barnapulur skáldkonunnar Guðfinnu Þorsteinsdóttur, Erlu.“ *Són* 12 (2014): 69–116.
- Anton Karl Ingason. „Hrynkerfi íslensku í bestunarkenningu.“ Ritgerð til B.A.-prófs í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, 2008.
- Anton Karl Ingason. „Rhythmic Preferences in Morphosyntactic Variation and the Theory of Loser Candidates.“ Í: *Rhythm in Cognition and Grammar: A Germanic Perspective*, ritstj. Ralf Vogel og Ruben van de Vijver, 235–254. Trends in Linguistics: Studies and Monographs 286. Berlin, Munich, Boston: De Gruyter Mouton, 2015.
- Anton Karl Ingason. „Tvíliðahneigð: Áhrif hljóðkerfis á fallmörkun í íslensku.“ Námsritgerð við Háskóla Íslands, 2007. Birt á vefsíðu Antons Karls Ingasonar, <http://linguist.is/>. Sótt 11. október 2019, <http://www.linguist.is/skjol/tvilidahneigd.pdf>.
- Atli Ingólfsson. „Að syngja á íslensku.“ *Skírnir* 168 (1994): 7–36, 419–459.
- Ármann Jakobsson. „Í heimana nýja: Skáldkona skapar sér veröld.“ *Andvari* 122 (1997): 109–127.
- Árni Björnsson. „... hið daglega líf, hvunndagssagan, sem við leitum fyrst og fremst eftir.“ Viðtal eftir Eggert Þór Bernharðsson og Ragnheiði Mósesdóttur. *Ný saga* 2, 1. tbl. (1988): 67–75.
- Árni Björnsson. „Hjátrú á jólum.“ *Skírnir* 135 (1961): 110–128.
- Árni Björnsson. „Nöfn Jólasveina.“ [svo] Erindi flutt á fundi í Nafnfræðifélaginu 6. des. 2003 og birt í *NEFNIR – Vefrit Nafnfræðifélagsins*. Aðgengilegt á: Rafhladan (rafrænt varðveislusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns), <https://rafhladan.is/>. Sótt 16. október 2019, <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/606/%C3%81rni%20Bj%C3%B6rnsson%20-%20N%C3%B6fn%20J%C3%B3lasveina.pdf?sequence=1>.
- Barthes, Roland. „An Introduction to the Structural Analysis of Narrative,“ þýð. Lionel Duisit. *New Literary History: A Journal of Theory and Interpretation* 6, nr. 2, *On Narrative and Narratives* (vetur 1975): 237–272. DOI: 10.2307/468419.
- Berglind Harpa Guðmundsdóttir, Sigríður Bryndís Guðmundsdóttir. „Ég skal dilla syni mínum sælum og ljúfum“: Pulur.“ Lokaritgerð til B.Ed.-prófs, Kennaraháskóli Íslands, 1989.
- Birna G. Hjaltadóttir. „Barnagælur á Norðurslóðum: Alþýðumenning eða þjóðlegur menningararfur?“ Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði. Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, 2017. <http://hdl.handle.net/1946/27668>.
- Bjarni Einarsson. Ritfregn: „Grettisfærsla.“ *Tímarit Máls og menningar*, 21, 5. hefti (1960): 422–424.
- Björn K. Þórólfsson. „Drottkvætt og rímur.“ *Skírnir* 124 (1950): 175–209.

- Björn K. Þórólfsson. *Rímur fyrir 1600*. Safn Fræðafjelagsins 9. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1934.
- „Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur.“ *Antiquarisk Tidsskrift* (1843–1845): i–viii.
- Bozzone, Chiara. „Homeric Formulas – Between Language Acquisition and Language Change.“ Í →Frog, *Formula*, 164–175.
- Brock, Stuart og Anthony Everett. Inngangur að: *Fictional Objects*, ritstj. Stuart Brock og Anthony Everett. Oxford: Oxford UP, 2015. DOI: 10.1093/acprof:oso/9780198735595.003.0001.
- Brogan, T. V. F. „Trochaic.“ Í: *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics*, ritstjórar Alex Preminger og T. V. F. Brogan, 1309–1310. Princeton, NJ: Princeton University Press, 1993.
- Buchan, David. *The Ballad and the Folk*. Routledge Library Editions: Folklore. London, New York: Routledge, 2015. (Kom fyrst út í London og Boston: Routledge & Kegan Paul, 1972.)
- Burke, Peter J. *Popular Culture in Early Modern Europe*. New York: Harper & Row, 1978.
- Carleton, Peter. „Tradition and Innovation in Twentieth Century Icelandic Poetry.“ Doktorsritgerð University of California, Berkely, 1967. Ann Arbor, MI: University Microfilms, 1974.
- Carruthers, Mary J. *The Book of Memory: A Study of Memory in Medieval Culture*. Cambridge: Cambridge University Press, 2002.
- Clausen, Marianne. „Skjaldur, rímur og ramsur. Faroese Skjaldur and Rhymes,“ þýð. Martin Fjallstein (færeyska) og Jørgen Hansen (enska). Í →*Skjaldur, rímur og ramsur*, 14–43.
- Clunies Ross, Margaret. *Skáldskaparmál: Snorri Sturluson's ars poetica and Medieval Theories of Language*. Viking Collection: Studies in Northern Civilization 4. [Odense]: Odense University Press, 1987.
- Cocchiara, G. *The History of Folklore in Europe*. Þýð. John M. McDonald. Translations in folklore studies. Philadelphia: Institute for the Study of Human Issues, 1981.
- de Cornulier, Benoît. „Minimal Chronometric Forms: On the Durational Metrics of 2-2 Stroke Groups.“ Í: *Towards a Typology of Poetic Forms: From Language to Metrics and Beyond*, ritstj. Jean-Louis Aroui og Andy Arleo, 123–141. Language Faculty and Beyond 2. Amsterdam: John Benjamins, 2009.
- Antiquarisk Tidsskrif* (1846–1848). (Rit Hins Konungliga Norræna Fornfræða-Felags – Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab.)
- Dégh, Linda. *Narratives in Society: a Performer-Centered Study of Narration*. Folklore Fellows' Communications 255. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia (Academia Scientiarum Fennica); Bloomington, IN: Cornell University Press, 1995.
- Dufter, Andreas og Patrizia Noel Aziz Hanna. „Natural Versification in French and German Counting-Out Rhymes.“ Í: *Towards a Typology of Poetic Forms: From Language to Metrics and Beyond*, ritstj. Jean-Louis Aroui og Andy Arleo, 101–122. Language Faculty and Beyond 2. Amsterdam: John Benjamins, 2009.
- Dundes, Alan. *Folklore Matters*. Knoxville: University of Tennessee Press, 1989.
- Dundes, Alan. „From Etic to Emic Units in the Structural Study of Folktales.“ *The Journal of American Folklore* 75, nr. 296 (apríl–júní 1962): 95–105.
- Dundes, Alan. *The Study of Folklore*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall, 1965.
- Eco, Umberto. *The Infinity of Lists: From Homer to Joyce*, þýð. (úr ítölsku) Alastair McEwen. London: MacLehose, 2009.
- Edwards, C. L. „The Parry-Lord Theory Meets Operational Structuralism.“ *The Journal of American Folklore* 96, nr. 380 (1983): 151–169.
- Einar Ól. Sveinsson. *Um íslenzkar þjóðsögur*. Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés, 1940.

- Fabb, Nigel. *Language and Literary Structure: The Linguistic Analysis of Form in Verse and Narrative*. Cambridge; New York: Cambridge University Press, 2002.
- Faulkes, Anthony. Inngangur að: →Snorri Sturluson, *Edda: Skáldskaparmál*, 1: vii–lix.
- Felsenstein, J. „PHYLP (Phylogeny Inference Package) version 3.6.“ Distributed by the author. Seattle: Department of Genome Sciences, University of Washington, 2005. Sótt 17. september 2019, <http://evolution.gs.washington.edu/phylip.html>.
- Felsenstein, Joseph. „Numerical Methods for Inferring Evolutionary Trees.“ *The Quarterly Review of Biology* 57, nr. 4 (desember 1982): 379–404.
- Felsenstein, Joseph. „Phylogenies and the Comparative Method.“ *The American Naturalist* 125, nr. 1 (janúar 1985): 1–15.
- Finnur Jónsson. Eftirmáli að: →*Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 4: 383–384.
- Finnur Jónsson. „Íslandske konavne.“ *Maal og minne* 2 (1930): 63–71.
- Finnur Jónsson. „Um þulur og gátur.“ Í: *Germanistische Abhandlungen zum LXX. Geburtstag Konrad von Maurers*, [ritstj. ekki tilgreindur], 493–520. Göttingen: Dieterich'sche Verlags-Buchhandlung, 1893.
- Foley, John Miles. „A Computer Analysis of Metrical Patterns in *Beowulf*.“ *Computers and the Humanities* 12, nr. 1/2 (1978): 71–80. (*Medieval Studies and the Computer*, gestaritstj. Anne Gilmour-Bryson. New York, Toronto, Oxford, Sydney, Frankfurt, Paris: Pergamon Press, 1978.)
- Foley, John Miles. „From Oral Performance to Paper-Text to Cyber-Edition.“ *Oral Tradition* 20, nr. 2 (október 2005): 233–263.
- Foley, John Miles. *Oral-Formulaic Theory and Research: An Introduction and Annotated Bibliography*. Garland folklore bibliographies 6. New York: Garland, 1985.
- Foley, John Miles. *The Theory of Oral Composition: History and Methodology*. Bloomington, IN: Indiana University Press, 1988.
- Foley, John Miles, og Peter Ramey. „Oral Theory and Medieval Studies.“ Í: *Medieval Oral Literature*, ritstj. Karl Reichl, 71–102. Berlin: de Gruyter, 2012.
- Ford, John C. „Towards a New Understanding of Formulae: Prototypes and the Mental Template.“ *Neuphilologische Mitteilungen* 103, nr. 2 (2002): 205–226.
- Frog. „*Alvíssmál* and Orality I: Formula, Alliteration and Categories of Mythic Being.“ *Arkiv för nordisk filologi* 126 (2011): 17–71.
- Frog, ritstj. *Formula: Units of Speech, 'Words' of Verbal Art; Working Papers of the Seminar-Workshop 17th–19th May 2017, Helsinki, Finland*. Folkloristiikan toimite 23. Helsinki: Folklore Studies, University of Helsinki, 2017.
- Frog. „Formulaic Language and Linguistic Multiforms: Questions of Complexity and Variation.“ Í →Frog, *Formula*, 252–270.
- Frog. „Linguistic Multiforms in Kalevalaic Epic: Toward a Typology.“ *RMN Newsletter* 11 (vetur 2015/2016): 61–98. (*The Ecology of Metre: A special issue of RMN Newsletter*, ritstj. Ilya Sverdlov og Frog. Helsinki: University of Helsinki, 2016.) <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Frog. „On the Case of *Vambarljóð* I: Comments on Formulaicity in the *sagnakvæði*.“ *RMN Newsletter* 5 (2012): 22–38. <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Frog. „On the Case of *Vambarljóð* II: Register and Mode from Skaldic Verse to *sagnakvæði*.“ *RMN Newsletter* 5 (2012): 49–61. <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Frog. „Registers of Oral Poetry.“ Í →Agha og Frog, *Registers of Communications*, 77–104.

- Frog og Eila Stepanova. „Alliteration in (Balto-) Finnic Languages.“ Í: *Alliteration in Culture*, ritstj. Jonathan Roper, 195–218. Houndmills: Palgrave MacMillan, 2011.
- Frosti F. Jóhannsson, ritstj. *Íslensk þjóðmenning*. Bd. 6, *Munnmenntir og bókmennning*. Reykjavík: Þjóðsaga, 1989.
- G. F. [Guðmundur Finnbogason]. Ritfregn: „Ólöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði. Akureyri 1913. Bókaverzlun og prentsmiðja Odds Björnssonar.“ *Skírnir* 88 (1914): 99–102.
- Gísli Sigurðsson. „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“ *Gripla* 9 (1995): 189–217.
- Golston, Chris og Tomas Riad. „The Phonology of Classical Greek Meter.“ *Linguistics* 38 (2000): 99–167.
- Grímur M. Helgason og Lárus H. Blöndal. *Handritasafn Landsbókasafns*. 3. aukabindi. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1970.
- Guðrún Nordal, *Tools of Literacy: The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Toronto, Buffalo, London: University of Toronto Press, 2001.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. „Stafrétt eða samræmt?“ *Gripla* 14 (2003): 197–235.
- Gunnell, Terry. „Daisies Rise To Become Oaks: The Politics of Early Folktale Collection in Northern Europe.“ *Folklore* 121 (2010), 12–37.
- Gunnell, Terry. „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland.“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 68 (2012), 45–66.
- Gunnell, Terry. „Eddic Performance and Eddic Audiences.“ *A Handbook to Eddic Poetry: Myths and Legends of Early Scandinavia*, ritstj. Carolyne Larrington, Judy Quinn, Brittany Schorn, 92–113. Cambridge: Cambridge University Press, 2016.
- Gunnell, Terry. „Grýla, Grýlur, “Grøleks” and Skeklers: Medieval Disguise Traditions in the North Atlantic.“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 51 (2001): 33–54.
- Gunnell, Terry. „Masks and Mumming Traditions in the North Atlantic.“ Í: *Masks and Mumming in the Nordic Area*, ritstj. Terry Gunnell, 275–326. Acta Academiae Regiae Gustavi Adolphi 98. Uppsala: Kungl. Gustav Adolfs Akademien för svensk folkkultur, 2007.
- Gunnell, Terry. „Mists, Magicians and Murderous Children: International Migratory Legends Concerning the “Black Death” in Iceland.“ Í: *Northern Lights: Following Folklore in North-Western Europe; Essays in Honour of Bo Almqvist*, ritstj. Séamas Ó Catháin, 46–59. Dublin: University College Dublin Press, 2001.
- Gunnell, Terry. „Völuspá in Performance.“ *The Nordic Apocalypse: Approaches to Völuspá and Nordic Days of Judgement*, ritstj. Terry Gunnell og Annette Lassen, 63–77. Acta Scandinavica: Aberdeen studies in the Scandinavian world 2. Turnout: Brepols, 2013.
- Gurevič, Elena A. „Zur Genealogie der þula.“ *Alvíssmál* 1 (1992): 65–98.
- Gurevič: Sbr. einnig Gurevich og Гуревич.
- Gurevich, Aron. *Medieval Popular Culture: Problems of Belief and Perception*, þýð. János M. Bak, Paul A. Hollingsworth. (Cambridge Studies in Oral and Literate Culture 14.) Cambridge: Cambridge University Press, 1988.
- Gurevich, Elena. Inngangur að: „Þulur,“ útg. Elena Gurevich. Í: *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Bd. 3, *Poetry from Treatises on Poetics*, ritstj. Kari Ellen Gade og Edith Marold, 649–663. Turnhout: Brepols, 2017.
- Gurevich, Elena A. „Þulur in Skáldskaparmál: An Attempt at Scaldic Lexicology.“ *Arkiv för Nordisk Filologi* 107 (1992): 35–52.
- Gurevich: Sbr. einnig Gurevič og Гуревич.
- Gödel, Vilhelm. *Katalog öfver Kongl. bibliotekets forniländska och fornorska handskrifter*. Stockholm: Kungl. boktryckeriet, P. A. Norstedt & Söner, 1897–1900.

- Hall, A. og K. Parsons. „Making stemmas with small samples, and digital approaches to publishing them: testing the stemma of *Konráðs saga keisarasonar*.“ *Digital Medievalist* 9 (2013). DOI: 10.16995/dm.51.
- Halla Ólafsdóttir. „Þei, þei og ró: Um sérstöðu vögguvísna.“ Ritgerð til B.A. prófs í íslensku, Hugvísindasvið, Háskóli Íslands, 2011. <http://hdl.handle.net/1946/8358>.
- Hallfreður Örn Eiríksson. „Nokkur orð um söfnun íslenzkra þjóðfræða.“ *Rit Þjóðfræðafélags Íslendinga* 1 (1968): 4–6.
- Hallfreður Örn Eiríksson. „Söfnun og rannsóknir þjóðfræða 1950–1980.“ *Skíma* 6, nr. 2. (1983): 16–20.
- Hallfreður Örn Eiríksson. „Þjóðsagnasöfnun og þjóðfrelshreyfing.“ *Gripla* 4 (1980): 186–197.
- Hallfreður Örn Eiríksson, Helga Jóhannsdóttir. *Recordings of Icelandic folklore*. [Reykjavík]: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1974.
- Halvorsen, E. F. „Þulr.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder: Fra vikingetid til reformationstid*. Bd. 20, ísl. ritstj. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson, 402–403. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1976.
- Halvorsen, E. F. „Þulur.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder: Fra vikingetid til reformationstid*. Bd. 20, ísl. ritstj. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson, 403–405. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1976.
- Haugen, Odd Einar. „On the diplomatic turn in editorial philology.“ Í: *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature: Sagas and the British Isles; Preprint Papers of The 13th International Saga Conference Durham and York, 6th–12th August, 2006*, ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick, 340–349. Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University, 2006.
- Haukur Þorgeirsson. „*Gullkársljóð* og *Hrafnagaldur*: Framlag til sögu fornryðislags.“ *Gripla* 21 (2010): 299–334.
- Haukur Þorgeirsson. „Poetic Formulas in Late Medieval Icelandic Folk Poetry: The Case of *Vambarljóð*.“ *RMN Newsletter* 4 (2012): 181–196. <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Heide, Eldar. „More Inroads to Pre-Christian Notions, After All? The Potential of Late Evidence.“ Í: *Á austrvega: Saga and East Scandinavia; Preprint Papers of The 14th International Saga Conference; Uppsala, 9th–15th August, 2009*, ritstj. Agneta Ney, Henrik Williams og Fredrik Charpentier Ljungqvist, 361–368. Gävle University, Papers from the Department of Humanities and Social Sciences 14. Gävle: Gävle University Press, 2009.
- Heide, Eldar og Karen Bek-Pedersen. „Why a New Focus on Retrospective Methods?“ *New Focus on Retrospective Methods: Resuming Methodological Discussions; Case Studies from Northern Europe*, ritstj. Eldar Heide og Karen Bek-Pedersen, 98–119. Folklore Fellows' Communications, 307. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia (Academia Scientiarum Fennica), 2014.
- Helgi Skúli Kjartansson. „Fjórliðir: Ill nauðsyn í íslenskri braggreiningu?“ *Són* 9 (2011), 155–166.
- Helgi Skúli Kjartansson. „Vísan um Fönix.“ *Gripla* 26 (2015), 275–285.
- Heslop, Kate. „Grettir in Ísafjörður: *Grettisfærsla* and *Grettis saga*.“ Í: *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*, ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge, 213–235. The Viking Collection: Studies in Northern Civilization 18). Odense: University Press of Southern Denmark, 2010.
- Heslop, Kate. „*Grettisfærsla*: The Handing on of Grettir.“ *Saga-book* 30 (2006): 65–94.
- Heusler, Andreas og Wilhelm Ranisch. Inngangur að: *Eddica Minora: Dichtungen eddischer Art aus den Fornaldarsögur und anderen Prosawerken*, Andreas Heusler og Wilhelm Ranisch settu saman og rituðu inngang, vii–cviii. Dortmund: Ruhfus, 1903.

- Holbek, Bengt. *Interpretation of Fairy Tales: Danish Folklore in a European Perspective*. Folklore Fellows' Communications 239. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia (Academia Scientiarum Fennica), 1987.
- Holbek, Bengt. *Tendencies in Modern Folk Narrative Research*. NIF papers 4. Turku: Nordic Institute of Folklore, 1992.
- Holtsmark, Anne. „Memorialdiktning.“ Í: *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder: Fra vikingetid til reformationstid*. Bd. 11, ísl. ritstj. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson, 524–526. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1966.
- Honko, Lauri. „Folkloristic Theories of Genre.“ Í: *Studies in Oral Narrative*, ritstj. Anna-Leena Siikala, þýð. Susan Sinisalo, 13–28. *Studia Fennica* 33. Helsinki: Suomalaisen kirjallisuuden seura, 1989.
- Honko, Lauri. „Genre Analysis in Folkloristics and Comparative Religion.“ *Temenos: Nordic Journal of Comparative Religion* 3 (1968): 48–66.
- Honko, Lauri, ritstj. *Textualization of Oral Epics*. Trends in Linguistics: Studies and Monographs 128. Berlin, New York: De Gruyter Mouton, 2000.
- Honko, Lauri. „Thick Corpus and Organic Variation: An Introduction.“ Í →Honko, *Thick Corpus*, 3–28.
- Honko, Lauri, ritstj. *Thick Corpus, Organic Variation and Textuality in Oral Tradition*. NNF Publications 7; *Studia Fennica Folkloristica* 7. Helsinki: Finnish literature society, 2000.
- Honko, Lauri og Anneli Honko. „Multiforms in Epic Composition.“ Í: *The Epic. Oral and Written*, ritstj. Lauri Honko, Jawaharlal Handoo og John Miles Foley, 31–79. Mysore: Central Institute of Indian Languages, 1998.
- Honko, Lauri og Vilmos Voigt, ritstj. *Genre, Structure, and Reproduction in Oral Literature*. Bibliotheca uralica 5. Budapest: Akadémiai Kiadó, 1980.
- Hughes, Shaun F. D. „Report on *Rímur* 1980.“ *Journal of English and Germanic Philology* 79, nr. 4 (október 1980): 477–498.
- von Humboldt, Wilhelm. „Über das vergleichende Sprachstudium in Beziehung auf die verschiedenen Epochen der Sprachentwicklung,“ rússn. þýð. З. М. Мuryгина [Z. M. Murygina]. Í →Гумбольдт [Humboldt], *Избранные труды по языкознанию* [Valin verk í málvísindum], 307–323.
- von Humboldt, Wilhelm. „Über den Einfluss des verschiedenen Charakters der Sprachen auf Literatur und Geistesbildung,“ rússn. þýð. О. А. Гулыга [O. A. Gulyga]. Í →Гумбольдт [Humboldt], *Избранные труды по языкознанию* [Valin verk í málvísindum], 324–326.
- von Humboldt, Wilhelm. „Über die Verschiedenheit des menschlichen Sprachbaues und ihren Einfluss auf die geistige Entwicklung des Menschengeschlechts,“ rússn. þýð. А. А. Алексеев, В. В. Биbihин, О. А. Гулыга, В. А. Звегинцев, С. А. Старостин [A. A. Alekseev, V. V. Bibikhin, O. A. Gulyga, V. A. Zvegintsev, S. A. Starostin]. Í →Гумбольдт [Humboldt], *Избранные труды по языкознанию* [Valin verk í málvísindum], 37–297.
- Hylín, Birgitta. „Skjaldur: En studie över barnvisan och barnramsán på Färöarna.“ *Fra Færøerne: Úr Føroyum*. Bd. 6, [ritstj. Ole Jacobsen], 49–65. København: Dansk Færøsk samfund, 1971.
- Hymes, Dell. „Ways of Speaking.“ Í: *Explorations in the Ethnography of Speaking*, ritstj. Richard Bauman og Joel Sherzer, 433–451. 2. útg. *Studies in the Social and Cultural Foundations of Language* 8. Cambridge: Cambridge University Press, 1989.
- Jakobson, Roman. „Linguistics and poetics.“ Í: *Selected Writings*. Bd. 3, *Poetry of Grammar and Grammar of Poetry*, Stephen Rudy ritstýrði og ritaði formála, 18–51. The Hague, Paris, New York: Mouton Publishers, 1981.
- Jason, Heda. „About ‘Motifs’, ‘Motives’, ‘Motuses’, ‘-Etic/s’, ‘-Emic/s’, and ‘Allo/s-’, and How They Fit Together.“ *Fabula* 48 (2007): 85–99. DOI: 10.1515/FABL.2007.008.

- Jensína Kristbjörg Jensdóttir, Viktoría Sigurlaug Ámundadóttir. „Málskjóðan: Náms- og fræðslu-efni fyrir 3–6 ára börn af erlendum uppruna.“ Lokaverkefni til B.Ed.-prófs, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, 2009. <http://hdl.handle.net/1946/4706>.
- Jiriczek, Otto L. „Zur Mittelisländischen Volkskunde: Mitteilungen aus ungedruckten Arnamagnäanischen handschriften.“ *Zeitschrift für deutsche Philologie* 26 (1894): 2–25.
- Jón Árnason. „Hugvekja um alþýðleg fornfræði.“ *Íslendingur* 2 (1861–1862): 91–93.
- [Jón Árnason] (J. J. Borgfirðingur).¹²¹⁵ „Hugvekja um alþýðlega fornfræði.“ *Norðri* 7 (1859): 56.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. „Gátur.“ Í →Frosti F. Jóhannsson, *Íslensk þjóðmenning* 6, 423–436
- Jón Ólafsson. *Om Nordens gamle Digtekonst, dens Grundregler, Versarter, Sprog og Foredragsmaade*. Kjøbenhavn: Kongelige Videnskabernes Selskab, 1786.
- Jón Samsonarson. „Barnagæla.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, 26–27. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Mál og menning, 1983.
- Jón Samsonarson. „Barnagælur.“ Í →Jón Samsonarson, *Ljóðmál*, 75–149.
- Jón Samsonarson. „Frjádagsversin nær og fjær.“ Í: *Sagnaþing: helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, [ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran, Sigurgeir Steingrímsson], 471–483. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1994.
- Jón Samsonarson. „Íslenzkir dansleikir: Inngangur.“ Í →*Kvæði og dansleikir*, 1: vii–ccxliii.
- Jón Samsonarson. „Jólasveinar komnir í leikinn.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1 (1979): 150–174.
- Jón Samsonarson. *Ljóðmál: Fornir þjóðlífsþættir; Safn ritgerða gefið út í tilefni sjötugsafmælis höfundar 24. janúar 2001*, ritstj. Einar G. Pétursson, Guðrún Ása Grímsdóttir og Vésteinn Ólason. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Rit 55. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2002.
- Jón Samsonarson. „Marghala Grýla í gördum vesturnorrænna eyþjóða.“ Í: *Lygisögur sagðar Sverri Tómassyni fimmtugum 5. apríl 1991*, [umsjón Gísli Sigurðsson og Örnólfur Thorsson], 48–54. Reykjavík: 1991.
- Jón Samsonarson. „Miðaldertextar í munnlegri geymd.“ *Bjarnígull: sendur Bjarna Einarssyni sextugum*, [ritstj. ekki tilgreindur] 22–28. Reykjavík: [á.n.], 1977.
- Jón Samsonarson. „Særingar og forneskjubæni.“ Í →Jón Samsonarson, *Ljóðmál*, 21–74.
- Jón Samsonarson. „Söfnun þjóðkvæða á nítjándu öld.“ Í →Jón Samsonarson, *Ljóðmál*, 1–20.
- Jón Samsonarson. „Vaggvisor: Island.“ Í: *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder: Fra vikingetid til reformationstid*. Bd. 19, ísl. ritstj. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson, 427–428. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1975.
- Jón Samsonarson. „Þula.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, 310–312. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Mál og menning, 1983.
- Jón Samsonarson. „Þulan um Maríu.“ Í: *Minjar og menntir: Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn*, ritstj. Guðni Kolbeinsson, 260–270. Reykjavík: Menningarsjóður, 1976.
- Jón Samsonarson: Sjá einnig kaflann „Frumheimildir“ – „Handrit“ – Skjalasafn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.
- Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson. *Íslenska mjólkurkýrin*. Vatnsdalur: Bókaútgáfan á Hofi, 2001.
- Jón Þorkelsson. *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*. Kjøbenhavn, Høst, 1888.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. *Íslenzkir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. 4. útg. (ljóspr. eftir 1. útgáfu 1934). Reykjavík: Opna, 2010.

¹²¹⁵ Jón Árnason er höfundur Hugvekju, eins og hann viðurkennir sjálfur (sbr. Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðleg fornfræði,“ 91); í *Norðra* var Hugvekja þó prentuð undir nafni J. J. (þ.e. Jóns Jónssonar) Borgfirðings.

- Jónas Kristjánsson. „Poki fór til Hnausa.“ Í: *Jóansbolli: færður Jóni Samsonarsyni fimmtugum*, [ritstj. ekki tilgreindur], 23–27. Reykjavík: [á.n.], 1981.
- Jørgensen, Jon Gunnar, Tone Modalsli, Espen S. Ore og Vigdis Ystad, ritstj. *Bok og skjerm: Forholdet mellom bokbasert og digitalt basert tekstutgivelse*. Nordisk Nettverk for Edisjonsfilologer: Skrifter 3. Oslo, Fagbokforlaget, 2001.
- Kiparsky, Paul. „Formulas and Themes.“ Í →Frog, *Formula*, 155–163.
- Kiparsky, Paul. „On the Functional Differentiation of Metrical Forms.“ Fyrirlestur (*keynote lecture*) á: Versification: Metrics in Practice. NordMetrik Conference 25.–27.5.2016, Helsinki.
- Konr[áð] Gíslason. „Bemærkninger til Kvadene i Njála.“ Í: *Íslendinga sögur*. Bd. 4, *Njála: Udgivet efter gamle Haandskrifter* (bd. 2), útg. Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab, 341–597. København: Gyldendalske boghandel, 1889.
- Kristján Árnason. „Ferahend hrynjandi í fornryðislagi og ljóðahætti.“ *Gripla* 13 (2002): 33–60.
- Kristján Árnason. „Gegn oftrú á stuðlana.“ Í: *Skorrdæla: gefin út í minningu Sveins Skorra Höskulds-sonar*, ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson, 103–117. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003.
- Kristján Árnason. *Íslensk tunga*. Bd. 1, *Hljóð: Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Meðhöfundur Jörgen Pind. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005.
- Kristján Árnason. „The Rise of the Quatrain in Germanic: Musicality and Word Based Rhythm in Eddic Meters.“ Í: *Formal Approaches to Poetry: Recent Developments in Metrics*, útg. Bezalel E. Drescher og Nila Friedberg, 151–169. Berlin: de Gruyter, 2006.
- Kristján Árnason. *The Rhythms of Dróttkvætt and Other Old Icelandic Metres*. Reykjavík: Institute of Linguistics, University of Iceland, 2000. (Kom fyrst út 1991.)
- Kristján Árnason. *Stíll og bragur: Um form og formgerðir íslenskra texta*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013.
- Kuiper, Koenraad. *Formulaic Genres*. Basingstoke, UK: Palgrave Macmillan, 2009.
- [Kålund, Kristian.] *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling*, udgivet af Kommissionen for det Arnamagnæanske legat. 2 bd. København: Gyldendal, 1889–1894.
- Labbé, Cyril og Dominique Labbé. „A Tool for Literary Studies: Intertextual Distance and Tree Classification.“ *Literary and Linguistic Computing* 21, nr. 3 (2006): 311–326. DOI: 10.1093/lc/fqi063.
- Lamb, William. „Verbal Formulas in Gaelic Traditional Narrative: Some Aspects of Their Form and Function.“ Í →Agha og Frog, *Registers of Communications*, 225–246.
- Leonard, Stephen Pax. *Faroese skjaldur: An Endangered Oral Tradition of the North Atlantic*. World Oral Literature Project: Voices of Vanishing Worlds: Occasional Paper 1. Cambridge: World Oral Literature Project, 2010.
- Levý, Jiří. „A Contribution to the Typology of Accentual-Syllabic Versification.“ Í: *Paralipomena*, ritstj. Josef Hrabák, 9–21. Spisy filosofické fakulty 155. Brno: Universita J. E. Purkyně v Brně, filosofická fakulta, 1971. (Fyrst prentað í *Poetics, Poetyka, Ποэтика: Proceedings of the First International Conference of Work-in-Progress Devoted to the Problems of Poetics; Warsaw, August 18–27, 1960*, ritstj. D. Davie, I. Fóhagy, R. Jakobson et al., 177–188. Warszawa: Polska Akademia Nauk, Państwowe Wydawnictwo Naukowe / 's-Gravenhage, Mouton & Co., 1961.)
- Lord, Albert B. *The Singer of Tales*. New York, Atheneum, 1974. (Kom fyrst út í Cambridge, MA: Harvard University Press, 1960.)
- Lord, Albert Bates. *Epic Singers and Oral Tradition*. Myth and poetics. Ithaca, NY: Cornell University Press, 1991.
- Louis-Jensen, Jonna. „En konjektur til Grettisfærsla.“ Í: *Opuscula*. Bd. 12, ritstj. Britta Olrik Frederiksen, 304–306. Bibliotheca Arnamagnæana 44. Hafnia: Reitzel, 2005.

- Lüthi, Max. *The European Folktale: Form and Nature*, þýð. John D. Niles. Philadelphia: Institute for the Study of Human Issues, 1982.
- Lüthi, Max. *The Fairytale as Art Form and Portrait of Man*, þýð. Jon Erickson. Bloomington, IN: Indiana University Press, 1984.
- Lüthi, Max. *Once Upon a Time: On the Nature of Fairy Tales*, þýð. Lee Chadeayne og Paul Gottwald, inngangur og athugasemdir eftir Francis Lee Utley. Bloomington, IN: Indiana University Press, 1976.
- Maurer, Konrad. Formáli að: *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum: Leipzig 1860*, útg. Konrad Maurer; Steinar Matthíasson íslenskaði, Rósa Þorsteinsdóttir ritstýrði og ritaði inngang, 13–16. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015.
- Müller, Jan-Dirk. „Medieval German Literature: Literacy, Orality and Semi-Orality.“ Í: *Medieval Oral Literature*, ritstj. Karl Reichl, 295–334. Berlin, Boston: De Gruyter, 2012.
- Mårtensson, Lasse. *Studier i AM 557 4to: Kodikologisk, grafonomisk och ortografisk undersökning av en isländsk sammelhandskrift från 1400-talet*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Rit 80. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011.
- Noel Aziz Hanna, Patrizia, Katrin Lindner og Andreas Dufter. „The Meter of Nursery Rhymes: Universal Versus Language-Specific Patterns.“ Í: *Sounds and Systems: Studies in Structure and Change; A Festschrift for Theo Vennemann*, ritstj. David Restle, Dietmar Zaefferer, 241–268. Trends in Linguistics. Studies and Monographs 141. Berlin, New York: Mouton de Gruyter, 2002.
- Ong, Walter J. *Orality and Literacy: The Technologizing of the Word*. London, New York: Routledge, 1982.
- Ong, Walter J. *Rhetoric, Romance, and Technology: Studies in the Interaction of Expression and Culture*. Ithaca, London: Cornell UP, 1971.
- Ólafur Davíðsson. „Vikivakaleikir.“ Í →*Íslenskar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur*, 3: 95–146.
- Ólafur Davíðsson. „Vikivakar.“ Í →*Íslenskar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur*, 3: 6–95.
- Ólafur Halldórsson. „Grettisfærsla,“ ensk þýðing eftir J. B. Dodsworth. Í: *Opuscula*. Bd. 1, [ritstj. ekki tilgreindur], 49–77. Bibliotheca Arnarnagæana 20. Hafnæ: Munksgaard, 1960. Endurprentað á íslensku með eftirmála höfundar í *Grettisfærsla: Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson*, ritnefnd Sigurgeir Steingrímsson, Stefán Karlsson og Sverrir Tómasson, 19–50. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Rit 38. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1990. (Blaðsíðutilvísanir í þessari ritgerð eru í íslensku útgáfuna frá 1990 nema annað komi fram.)
- Ólafur Halldórsson. „Því flýgur krákan víða.“ *Fróðskaparrit* 18 (1970): 236–258. Endurpr. í *Grettisfærsla: Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson*, ritnefnd Sigurgeir Steingrímsson, Stefán Karlsson og Sverrir Tómasson, 111–134. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Rit 38. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1990.
- Ólöf Margrét Snorradóttir. „úllen dúllen doff...“ Orðpistill á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, september 2002. Sótt 12. nóvember 2019, https://english.arnastofnun.is/page/ordpistlar_ullendullen.
- Óskar Halldórsson. Formáli að: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. Bd. 1, safnað hefur og skráð Sigfús Sigfússon, Óskar Halldórsson bjó til prentunar, xv–xxiii. Reykjavík, Þjóðsaga, 1982.
- Parry, Milman. *L'épithète traditionnelle dans Homère: Essai sur un problème de style homérique*. Collection d'études anciennes. Paris: Les belles lettres, 1928.
- Parsons, Katelin. „Grýla in Sléttuhlíð.“ *Gripla* 24 (2013): 211–233.

- Páll Eggert Ólason. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. 3 bd. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1918–1937.¹²¹⁶
- Piaget, Jean. *The Language and Thought of the Child*, þýð. Marjorie Gabain. 3. útg., aukin og endurskoðuð, með formála eftir E. Claparède. London: Routledge & Kegan Paul, 1959.
- Propp, Vladimir. *Morphology of the Folktale*, þýð. Laurence Scott, inngangur eftir Svatava Pirkova-Jakobson. 2. útg., endurskoðuð, í ritstjórn Louis A. Wagner, með formála eftir hann og nýjum inngangi eftir Alan Dundes. American Folklore Society Bibliographical and Special Series 9; Indiana University Research Center in Anthropology, Folklore and Linguistics: Publication 10. Austin: University of Texas Press, 1968.
- Pullinger, Debbie. „Infinity and Beyond: The Poetic List in Children’s Poetry.“ *Children’s Literature in Education* 46 (2015): 207–225. DOI: 10.1007/s10583-014-9230-2.
- Pyysiäinen, Ilkka. „Variation from a Cognitive Perspective.“ Í →Honko, *Thick Corpus*, 181–195.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. *Íslensk bragfræði*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2013.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. *Tólf alda tryggð: Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands, 2010. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010.
- Ralph, Bo. „The Composition of the *Grímnismál*.“ *Arkiv för nordisk filologi* 87 (1972): 97–118
- Reenhielm, Jacob Istmen. „Notæ In Historiam Thorstani Vikingi Filii.“ Í: *Thorstens Viikings-Sons Saga På Gammal Góthska Af ett Aldrigt Manuscripto afskrefwen och uthsatt på vårt nu wanlige språk sampt medh några nödige anteckningar förbetrad af Regni Sveonice Antiquario Jacobo [I]. Reenhielm*, 1–130 [seinni hluti, með sér blaðsíðutali].¹²¹⁷ Upsalæ, 1680.
- Reichl, Karl. „Formulas in Oral Epics: The Dynamics of Metre, Memory and Meaning.“ Í →Frog, *Formula*, 34–54.
- Rósa Þorsteinsdóttir. „Ísmús (Íslenskur músík- og menningararfur): An Open-Access Database.“ *RMN Newsletter* 7 (desember 2013): 97–101. (*Limited Sources, Boundless Possibilities: Textual Scholarship and the Challenges of Oral and Written Texts; A special issue of RMN Newsletter*, ritstj. Karina Lukin, Frog og Sakari Katajamäki. Helsinki: University of Helsinki, 2013.) <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Rósa Þorsteinsdóttir. „Ljósgeislar í marglitu gleri.“ Í →*Einu sinni átti ég gott*, 2–5.
- Rósa Þorsteinsdóttir. *Sagan upp á hvern mann: Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Rit 82. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011.
- Rósa Þorsteinsdóttir. „Þulur og barnagælur.“ Í: *Orðið tónlist. The word music*, ritstj. Davíð Ólafsson og Úlfhildur Dagsdóttir, 36–43. Reykjavík: Smekkleysa, 2000.
- Saarinen, Jukka. „Formula and Structure: Ways of Expressing Names in the Northern Runosong Tradition.“ Í →Frog, *Formula*, 208–218.
- Sävborg, Daniel. „The Formula in the Icelandic Family Saga.“ Í →Frog, *Formula*, 219–240.
- Schechner, Richard. *Performance Theory*. Endurskoðuð og aukin útgáfa. London, New York: Routledge, 1988.
- Scholes, Robert, og Robert Kellogg. *The Nature of Narrative*. London: Oxford University Press, 1966.

¹²¹⁶ Síðari viðbætur: 1. aukabindi eftir Pál Eggert Ólason (1947); 2. aukabindi eftir Lárus H. Blöndal (1959) (ásamt viðauka: „Skrá um skinnblöð í Landsbókasafni Íslands,“ eftir Jakob Benediktsson); 3. aukabindi eftir Grím M. Helgason og Lárus H. Blöndal (1970) (sbr. samsvarandi færslu); 4. aukabindi eftir Grím M. Helgason og Ögmund Helgason (1996).

¹²¹⁷ Fyrri hlutin er sagan, bls. 1–140, ásamt lista yfir gömul og torskilin orð m.m., 20 bls.

- von See, Klaus, Beatrice La Farge, Eve Picard og Katja Schulz. *Kommentar zu den Liedern der Edda*. Bd. 3, *Götterlieder (Völundarkviða, Alvíssmál, Baldrs draumar, Rígsþula, Hyndluljóð, Grottasöngur)*. Heidelberg: Universitätsverlag C. Winter, 2000.
- Sievers, Eduard. *Altgermanische Metrik*. Sammlung kurzer Grammatiken germanischer Dialekte: Ergänzungsreihe 2. Halle: Max Niemeyer. 1893.
- Sievers, Eduard. *Grundzüge der Phonetik: Zur Einführung in das Studium der Lautlehre der indogermanischen Sprachen*. 5. útg., betrubætt. Bibliothek indogermanischer Grammatiken 1. Leipzig: Breitkopf & Härtel, 1901.
- Sigfús Sigfússon. „Hversu safn þetta varð til, og um niðurskipun þess.“ Í: *Íslenskar þjóð-sögur og -sagnir*. Bd. 1, safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon, 5–8. Seyðisfjörður: Nokkrir Austfirðingar, 1922.
- Sigríður Pálmadóttir. „Barnagælur og þulur.“ *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*, birt 9. janúar 2002, <http://netla.hi.is/greinar/2002/002/index.htm>.
- Sigríður Pálmadóttir. „Tónlist í munnlegri geymd: Rannsókn á stemmum og þululögum frá Ytra-Fjalli í Aðaldal.“ *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*, birt 12. nóvember 2007, <http://netla.hi.is/greinar/2007/009/index.htm#11>.
- Sigurður Kristófer Pétursson. *Hrynjandi íslenskrar tungu*. Reykjavík: Steindór Gunnarsson, 1924.
- Siikala, Anna-Leena. *Interpreting Oral Narrative*. Folklore Fellows' Communications 245. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia (Academia Scientiarum Fennica), 1990. (Kom fyrst út sem *Tarina ja tulkinta*, Suomalaisen Kirjallisuuden Seura, 1984.)
- Silja Aðalsteinsdóttir. *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Reykjavík: Mál og menning, 1981.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Ný öld – önnur rómantík: Ljóðagerð 1900–1918.“ Í: *Íslensk bókmenntasaga*. Bd. 3, ritstj. Halldór Guðmundsson, 883–929. Reykjavík: Mál og menning, 1996.
- Smirnicksaja, Olga A. „Mythological Nomination and Skaldic Synonymics.“ Í: *Snorrastefna: 25.–27. júlí 1990*, ritstýrt af Úlfari Bragasyni, 217–225. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 1. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1992.
- Smirnicksaja: Sjá einnig Смирницкая.
- Stankiewicz, Edward. „Slavic Prosody.“ Í: *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics*, ritstjórar Alex Preminger og T. V. F. Brogan, 771–774. Princeton, NJ: Princeton University Press, 1993.
- Steblin-Kamenskij, M.I. „An Attempt at a Semantic Approach to the Problem of Authorship in Old Icelandic Literature,“ *Arkiv för nordisk filologi* 81 (1966): 24–34.
- Steblin-Kamenskij, M.I. *Heimur Íslendingasagna*, þýð. Helgi Haraldsson. Reykjavík: Iðunn, 1981.
- Steblin-Kamenskij, M.I. „Þáttur dróttkvæða í heimsbókmenntum,“ þýð. Árni Böðvarsson. *Tímarit Máls og menningar* 20, 1. hefti (1959): 63–71.
- Steblin-Kamenskij: Sjá einnig Стеблин-Каменский.
- Stefán Karlsson. „Ritun Reykjafjarðarbókar: Excursus, bókagerð bænda.“ Í: *Opuscula*. Bd. 4, [ritstj. ekki tilgreindur], 120–140. Bibliotheca Arnarnæna 30. Hafnia: Munksgaard, 1970.
- Stepanova, Eila. „The Register of Karelian Lamenters.“ Í →Agha og Frog, *Registers of Communications*, 258–274.
- Stepanova, Eila. „Registers of Seesjärvi Karelian Lamenters: Research on the Uses, Themes and Conceptions of Lamentation.“ *RMN Newsletter* 9 (vetur 2014/2015): 137–143. <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Stephens, George. „Forslag til Islændernes uudgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring.“ *Antiquarisk Tidsskrift* (1843–1845): 191–192. (Endurprentað í inngangi að *Íslenskum fornkvæðum*, 6: xxiv–xxvii.)

- Suzuki, Seiichi. *The Meters of Old Norse Eddic Poetry: Common Germanic Inheritance and North Germanic Innovation*. Ergänzungsbande zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde 86. Berlin, Boston: de Gruyter, 2014.
- Sveinbjörn Beinteinsson. *Bragfræði og háttatal*. Reykjavík: Leiftur, 1953.
- Sveinn Skorri Höskuldsson. „Draumsins líkn: Hugleiðing um skáldið Wennerbóm og Kalastaða-Gunnu.“ *Tímarit Háskóla Íslands* 6 (1993): 47–55.
- Sverrir Jakobsson. „Yfirlit um sögu þjóðsagnasöfnunar.“ Í: *Íslenskt þjóðsagnasafn*. Bd. 5, útg. Ólafur Ragnarsson, Sverrir Jakobsson og Margrét Guðmundsdóttir, 7–60. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2000.
- Sverrir Tómasson. „Er nýja textafræðin ný? Þankar um gamla fræðigrein.“ *Gripla* 13 (2002): 199–216.
- Theodóra Thoroddsen. „Þulur.“ *Skírnir* 88 (1914): 415–420.
- Thompson, Stith. *The Folktale*. New York, Dryden press, 1946.
- Thompson, Stith. *Motif-Index of Folk-Literature: A Classification of Narrative Elements in Folk-Tales, Ballads, Myths, Fables, Mediæval Romances, Exempla, Fables, Jest-Books, and Local Legends*. 6 bd. Folklore Fellows' Communications 106–109, 116–117. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia (Academia Scientiarum Fennica), 1932–1936.
- „Umritun nafna úr rússnesku.“ *Málfregnir* 2 (1987): 3–16.
- Veselovsky, Alexander. „From the Introduction to Historical Poetics: Questions and Answers (1894),“ þýð. og ritstj. Boris Maslov. Í: *Persistent Forms: Explorations in Historical Poetics*, ritstj. Ilya Klinger og Boris Maslov, 39–64. New York: Fordham University Press, 2016.
- Vésteinn Ólason. „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld.“ *Skírnir* 150 (1976): 68–87.
- Vésteinn Ólason. „Sagnadansar.“ Í →Frosti F. Jóhannsson, *Íslensk þjóðmenning* 6, 372–389.
- Vésteinn Ólason. „Sagnadansar og kvæðalag.“ *Frændafundur 1: Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 20.–21. ágúst 1992. Fyrirlestrar frá íslensk-føroyskari ráðstevnu í Reykjavík 20.–21. august 1992*, ritstj. Magnús Snædal, Turið Sigurðardóttir, 90–98. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.
- Vésteinn Ólason. *The Traditional Ballads of Iceland: Historical Studies*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Rit 22. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1982.
- Vésteinn Ólason. „Vikivakakvæði.“ Í →Frosti F. Jóhannsson, *Íslensk þjóðmenning* 6, 390–400.
- Vogt, Walther Heinrich. „Der frühgermanische Kultredner: *Þulr*, *Þula* und eddische Wissensdichtung.“ *Acta Philologica Scandinavica* 2 (1927), 250–263.
- Vogt, Walther Heinrich. *Stilgeschichte der eddischen Wissensdichtung: Der Kultredner (Þulr)*. Breslau: Hirt, 1927.
- Vygotsky, L.S. *Mind in Society: The Development of Higher Psychological Processes*, ritstj. Michael Cole, Vera John-Steiner, Sylvia Scribner og Ellen Souberman. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1978.
- Werth, Romina og Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Glitvoðir genginna alda: Um framlag kvenna til söfnunar þjóðsagna á Austurlandi.“ *Gripla* 28 (2017): 7–38.
- de Vries, Jan. „Om eddaens visdomsdigting.“ *Arkiv för nordisk filologi* 50 (1934): 1–59.
- Wolf, Kirsten. „Old Norse – New Philology.“ *Scandinavian Studies* 65, nr. 3 (sumar 1993): 338–348.
- Wray, Alison. *Formulaic Language: Pushing the Boundaries*. Oxford Applied Linguistics. Oxford: Oxford University Press, 2008.
- Wray, Alison. *Formulaic Language and the Lexicon*. Cambridge: Cambridge University Press, 2002.
- Wray, Alison. „Identifying Formulaic Language: Persistent Challenges and New Opportunities.“ Í: *Formulaic Language*. Bd. 1, ritstj. Roberta Corrigan, Edith A. Moravcsik, Hamid Ouali og

- Kathleen M. Wheatley, 27–51. *Typological Studies in Language* 82. Amsterdam, Philadelphia: John Benjamins, 2009.
- Wray, Alison. „Memorisation as a Regulator of Fluency under Cognitive Pressure: Prefabricated Language in the Service of Creative Practice.“ Í →Frog, *Formula*, 20–33.
- Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova). „Að braggreina þulu – að skilgreina bragleysi?“ Í: *Brageyra: Léð Kristjáni Eiríkssyni sextugum 19. nóvember 2005*, umsjón Guðvarður Már Gunnlaugsson, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir, 110–114. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2005.
- Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova). „Íslenskar lausavísur og bragfræðilegar breytingar á 14.–16. öld.“ *Són* 3 (2005): 9–28.
- Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova. „Nokkur dæmi um blandað mál í færeyskum skjaldrum.“ Í: *Hugvísindafingur 2005: Erindi af ráðstefnu Hugvísindadeildar og Guðfræðideildar Háskóla Íslands 18. nóvember 2005*, ritstj. Haraldur Bernharðsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þórdís Gísladóttir, 323–335. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Alþýðleg fornfræði og Jón Sigurðsson forseti: AM 960 4to.“ Í: *Góss-ið hans Árna: Minningar heimsins í íslenskum handritum*, ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, 80–95. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Formulae across the North Atlantic (from Continental Scandinavia to Iceland).“ Í →Frog, *Formula*, 135–154.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic þulur.“ *RMN Newsletter* 11 (vetur 2015/2016): 49–61. (*The Ecology of Metre: A special issue of RMN Newsletter*, ritstj. Ilya Sverdlov og Frog. Helsinki: University of Helsinki, 2016.) <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. Inngangur að: *Lausavísur frá svartadauða til siðaskipta*, Yelena Sesselja Helgadóttir bjó til prentunar og ritaði inngang, ritstj. Guðrún Nordal, 11–50. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Háskólaútgáfan, 2007.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Íslenskar þulur og færeysk skjaldur: Er allt sama tóbakið?“ Í: *Frændafundur 6: Fyrilestrar frá fýroynskari-íslenskari ráðstevnu í Tórshavn 26.–28. júní 2007. Fyrirlestrar frá færeysk-íslenskri ráðstefnu í Þórshöfn 26.–28. júní 2007*, ritstj. Turið Sigurðardóttir, Magnús Snædal, 175–199. Tórshavn: Fróðskaparsetur Føroya, 2008.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Lagamál sem verður að ljóðmáli?“ Erindi flutt á 17. alþjóðlega forn-sagnaþinginu: Íslendinga sögur, Reykjavík og Reykholti, 12.–17. ágúst 2018 (Reykholti, 14. ágúst 2018).
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Meira veit ég ekki um ættina... hans Grýlu?“ Í: *Guðrúnarstikki kveðinn Guðrúnu Nordal fimmtugri 27. september 2010*, umsjón Gísli Sigurðsson, Halldóra Jónsdóttir og Torfi Tulinius, 80–83. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2010.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Poetic Formulae in Icelandic Post-Medieval þulur: Transatlantic Migration.“ Í: *Weathered Words: Formulaic Language and Verbal Art*, ritstj. Frog og W. Lamb (væntanlegt).
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmarole-Verses from the North Atlantic.“ Í: *New Focus on Retrospective Methods: Resuming Methodological Discussions; Case Studies from Northern Europe*, ritstj. Eldar Heide og Karen Bek-Pedersen, 98–119. *Folklore Fellows' Communications* 307. Helsinki: Suomalainen Tiedekatemia (Academia Scientiarum Fennica), 2014.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Rétt skal vera rétt: Grettisfærsla sem ?Grettistryggðir.“ *Þórðargleði: slegið upp fyrir Þórð Inga Guðjónsson fimmtugan 3. desember 2018*, umsjón Rósa Þorsteins-

- dóttir, Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Þorleifur Hauksson, 76–79. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2018.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen.“ Í: *Jakob Jakobsen in Shetland and the Faroes*, ritstj. Turið Sigurðardóttir og Brian Smith, 191–230. Lerwick: Shetland Amenity Trust / University of the Faroe Islands, 2010.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Tilbrigði í byggingu færeyskra *skjaldra* og íslenskra þulna.“ *Ritið* 8, nr. 3 (2008): 65–89.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Þuluheimar.“ Í: *Sagas and Space: The Sixteenth International Saga Conference; 9th-15th August, 2015, University of Zurich and University of Basel; Preprints of Abstracts*, ritstj. Jürg Glauser, Klaus Müller-Wille, Anna Katharina Richter og Lukas Rösli, 316–317. Zürich: Schweizerische Gesellschaft für Skandinavische Studien, 2015.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „*Þuluheimar*: The Worlds of Old Icelandic and Postmedieval Icelandic *þulur*.“ Erindi flutt á 16. alþjóðlega fornsagnaþinginu: *Sagas and Space*, Zürich og Basel, 9.–15. ágúst 2015 (Zürich, 10. ágúst 2015).
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Þuluheimar á tímamótum: *Pornaldarþula* og *Grettisfærsla*.“ *Gamanleikir Terentíusar: settir upp fyrir Terry Gunnell sextugan 7. júlí 2015*, [umsjón Rósa Þorsteinsdóttir, Aðalheiður Guðmundsdóttir og Andrew Wawn], 82–85. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2015.
- Yelena Sesselja Helgadóttir: Sbr. einnig Yelena Yershova og Ершова.
- Yelena Yershova. „Heimur og hlutverk þulna.“ 2 bd. Ritgerð (verkefnisskýrsla) styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, 2000.
- Yelena Yershova. „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur: Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur.“ *Andvari*, 128 (2003): 123–151.
- Yelena Yershova. „Rýnt í myrkrið í leit að litlum stjörnum: Íslenskar lausavísur frá 1400 til 1550.“ Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Reykjavík, 2003.
- Yelena Yershova: Sbr. einnig Yelena Sesselja Helgadóttir og Ершова.
- Þuríður Vala Ólafsdóttir. „Þulur í gullastokkinn.“ Lokaverkefni til bakkalársprófs í kennaradeild, leikskólabraut, Háskólinn á Akureyri, 2006. <http://hdl.handle.net/1946/584>.
- Ögmundur Helgason. „Lausavísur.“ Í →Frosti F. Jóhannsson, *Íslensk þjóðmenning* 6, 356–371.
- Ögmundur Helgason. „Upphaf að söfnun íslenskra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum.“ *Landsbókasafn Íslands: Árbók 1989* (nýr flokkur) 15 (1991): 112–124.
- Ögmundur Helgason. „Þulur.“ Í →Frosti F. Jóhannsson, *Íslensk þjóðmenning* 6, 401–409.

Fræðirit á rússnesku

- Акимова, М. В. [Akimova, M. V.] „Традиции изучения русского стихотворного синтаксиса: Б. И. Ярхо и М. Л. Гаспаров“ [Hefðir í rannsóknum á setningaskipan í rússneskum kveðskap: B. I. Yarkho og M. L. Gasparov]. *Труды Института русского языка им. В. В. Виноградова* [Verk Stofnunar V. V. Vinogradovs í rússneskum fræðum] 14 (2017): 89–112. <http://ruslang.ru/doc/trudy/vol14/05-Akimova.pdf>.
- Беляев, В. [Belyaev, V.] „Происхождение знаменного распева“ [Uppruni Znamennyj-kirkju-söngs]. *О музыкальном фольклоре и древней письменности: Статьи и заметки; Доклады* [Um þjóðlög og fornt skrifletur: Greinar og athugasemdir; Erindi], 17–22. Москва [Moskva]: Советский композитор, 1971.

- Брик, О. М. [Brik, O. M.] „Ритм и синтаксис (материалы к изучению стихотворной речи)“ [Hrynjandi og setningaskipan¹²¹⁸ (gögn til rannsóknar á bundnu máli)]. *Новый Лэф* [Nýtt Lef]¹²¹⁹ (1927), nr. 3: 15–20, 4: 23–29, 5: 32–37 og 6: 33–39.
- Веселовский, А. Н. [Veselovsky, A. N.] *Историческая поэтика* [Söguleg skáldskaparfræði], редакция, вступительная статья и примечания В.М. Жирмунского [ritstjórn, inngangur og skýringar V. M. Zhirmunsky]. Ленинград [Leníngrad]: Художественная литература, 1940.
- Востоковъ, А. Х. [Vostokov, A. Kh.] *Опытъ о Русскомъ стихосложеніи* [Tilraun til rússneskrar bragfræði]. Издание второе, значительно пополненное и исправленное. [2. útg., talsvert aukin og leiðrétt.] С.-Петербургъ [Sankti-Pétursborg]: Морская типографія, 1817.
- Гаспаров, М. Л. [Gasparov, M. L.] *Очерк истории европейского стиха* [Ágrip evrópskrar brag-sögu]. Академия наук СССР, Институт мировой литературы им. А. М. Горького. Москва [Moskva]: Наука, 1989.
- Гаспаров, М. Л. [Gasparov, M. L.] *Русский стих начала XX века в комментариях* [Rússneskur kveðskapur frá því í upphafi 20. aldar, með skýringum]. Издание второе (дополненное) [2. útg. (aukin)]. Москва [Moskva]: Фортуна, 2001.
- Гаспаров, М. Л. [Gasparov, M. L.] „«Снова тучи надо мною...» Методика анализа“ [„Enn <hafa safnast> ský yfir höfði mínu ...“ Greiningaraðferðafræði]. Í: *Избранные труды* [Valin verk]. Bd. 2, *О стихах* [Um kveðskapur], 9–20. Москва [Moskva]: Языки русской культуры, 1997. www.philology.ru/literature2/gasparov-97b.htm.
- Гаспаров, Михаил [Gasparov, Mikhail]. „Теснота стихового ряда»: Семантика и синтаксис“ [„Merkingarþéttni í braglínu“: Merkingarfræði og setningafræði]. Í: *Analysieren als Deuten: Wolf Schmid zum 60. Geburtstag*, ritstj. Lazar Fleishman, Christine Gölz og Aage A. Hansen-Löve, 85–95. Hamburg: Hamburg University Press, 2004.
- Гаспаров, М. Л. [Gasparov, M. L.] „Фет безглагольный: Композиция пространства, чувства и слова“ [Fet¹²²⁰ án sagnorða: Samsetning rýmis, tilfinninga og orða]. Í: *Избранные труды* [Valin verk]. Bd. 2, *О стихах* [Um kveðskapur], 21–32. [Moskva]: Языки русской культуры, 1997. www.philology.ru/literature2/gasparov-97c.htm.
- Гаспаров, М., Т. Скулачева [Gasparov, M. L., og T. Skulacheva]. „Ритм и синтаксис в свободном стихе“ [Hrynjandi og setningaskipan í óbundnum kveðskapur]. Í: *Очерки истории языка русской поэзии XX в.: Грамматические категории; Синтаксис текста* [Ritgerðir um málsögu rússnesks kveðskapar á 20. öld: Málfræðilegar formdeildir; Setningaskipan texta], отв. ред. [aðalritstj.] Е. В. Красильникова [E. V. Krasilnikova], 20–40. Российская академия наук, Институт русского языка. Москва [Moskva]: Наука, 1993.
- Горбов, А. А. [Gorbov, A. A.] „Глаголы действия и состояния: Актантная структура и акциональная характеристика“ [Verknaðarsagnir og ástandssagnir: rökformgerð og merkingarflokkar]. *Вестник Санкт-Петербургского университета: Язык и литература* [Fregnir Háskólans í Sankti-Pétursborg: Tungumál og bókmenntir] 3 (2009): 160–164.
- Греймас, Альгирдас-Ж. [Greimas, Algirdas J.] *Структурная семантика: Поиск метода*, перевод Л. Зиминной. Москва [Moskva]: Академический Проект, 2004. (Rússnesk þýðing (þýð. L. Zimina) á: Greimas, Alguirdas J.¹²²¹ *Sémantique structurale: Recherche de méthode*. [París:] Editions des Presses Universitaires de France, 1996.)

¹²¹⁸ Rússneska orðið синтаксис, sem hér er þýdd *setningaskipan* með tilliti til samhengis, merkir einnig ‚setningafræði‘ (sbr. e. *syntax*).

¹²¹⁹ *Lef* er oft ritað *LEF*, en hvort tveggja stendur fyrir ‚vinstri víglínuna í listum‘ (sbr. e. *Left Front of the Arts*).

¹²²⁰ Átt er við rússneska ljóðskáldið А. А. Фет.

¹²²¹ Þannig á titilsíðu rússnesku bókarinnar.

- Гумбольдт, Вильгельм фон [Humboldt, Wilhelm von]. *Избранные труды по языкознанию* [Valin verk í málvísindum], перевод с немецкого языка под редакцией Г. В. Рамишвили [Þýtt úr þýsku, ritstj. G. V. Ramishvili]. Москва [Moskva]: Прогресс, 2000. (Kom fyrst út 1984.)
- Гуревич, Е. А. [Gurevich, E. A.] „Древнеисландская поэтическая синонимика (Традиция и ее ученое осмысление в XII—XIII веках)“ [Heiti í forníslenskum kveðskap (Heðin og lærður skilningur hennar á 12.–13. öld)]. *Doktorsritgerð við skor germanskra mála í tungumála- og bókmenntadeild Lomonosov-Ríkisháskólans í Moskvu*, 1984.
- Гуревич, Е. А. [Gurevich, E. A.] „К вопросу о значении наименования "тула" в древнеисландском“ [Enn um merkingu nafnsins ‚þula‘ í forníslensku]. *Атлантика: Записки по исторической поэтике* [Atlantica: Greinar um sögulega skáldskaparfræði] 10 (2012): 183–199.
- Гуревич, Е. А. [Gurevich, E. A.] „Характеризующее хейти в тулах и его прототипы (к проблеме "скальдическая синонимика и мифологическая номинация)"“ [Lýsandi heiti í þulum og fyrirmyndir þeirra (enn að viðfangsefninu „samheiti í dróttkvæðum kveðskap og nafngiftir í goðsögum“)]. Í: *Эпос Северной Европы: Пути эволюции* [Sögukvæði Norður-Evrópu: Þróunarleiðir], под ред. Н. С. Чемоданова [ritstj. N. S. Chemodanov], 96–118. Москва [Moskva]: Издательство Московского университета, 1989.¹²²²
- Гуревич, Е. А. [Gurevich, E. A.] „Эволюция жанра тулы в средневековой исландской литературе“ [Þróun bókmenntagreinarinnar „þula“ í íslenskum miðaldabókmenntum]. Í: *Проблема жанра в литературе средневековья* [Viðfangsefnið bókmenntagrein í miðaldabókmenntum], ред. А. Д. Михайлов [ritstj. A. D. Mikhaylov], 138–174. Литература средних веков, ренессанса и барокко 1. Москва [Moskva]: Наследие (ИМЛИ РАН), 1994.
- Гуревич: Sbr. einnig Gurevič og Gurevich.
- Ершова, Е. О. [Yershova, Ye. O.] „Исландские поздние тулы: Эволюция жанра“ [Íslenskar þulur síðari alda: Þróun bókmenntagreinar]. *Атлантика: Записки по исторической поэтике* [Atlantica: Greinar um sögulega skáldskaparfræði] 5 (2001): 158–178.
- Ершова, Елена (Yelena Sesselja Helgadóttir).¹²²³ „«Это заставляет детей думать»: О мнемоническом и дидактическом началах в исландских тулах“ [„Þetta veldur börnunum hugsun[um]“: Um minnistækni og fræðslu í íslenskum þulum]. Í: *Leo philologiae: Фестиваль в честь 70-летия Льва Иосифовича Соболева* [Leo philologiae: Afmælisrit handa Lev Iosifovich Sobolev sjötugum], [сост.] Анастасия Бонч-Осмоловская, Артем Зубов, Майя Кучерская, Мария Майофис, Константин Поливанов [umsjón Anastasiya Bonch-Osmolovskaya, Artyom Zubov, Maya Kucherskaya, Maria Mayofis, Konstantin Polivanov], 89–105. Москва [Moskva]: [á.n.], 2016.
- Ершова: Sbr. einnig Yelena Sesselja Helgadóttir og Yelena Yershova.
- Жирмунский, В. [Zhirmunsky, V.] *Композиция лирических стихотворений* [Bygging lýrískra ljóða]. Сборники по теории поэтического языка. Петербург [Pétursborg]: ОПОЯЗ, 1921.
- Казанцева, Т. Г. [Kazantseva, T. G.] „К вопросу о ритмических структурах в знаменном распеве (по материалам старообрядческих музыкально-теоретических руководств)“ [Enn um rytmískrar formgerðir í Znamennyj-kirkjusöng (á grundvelli tónfræðilegra leiðarvísa hins forna rétttrúnaðarsíðar)]. *Вестник ПСТГУ: Серия V; Вопросы истории и теории христианского искусства* [Fregnir St. Tikhon-Hugvísindaháskóla rétttrúnaðarkirkjunnar: Flokkur V; Sagnfræðileg og kenningarleg viðfangsefni í kristnum listum] 2 (14) (2014): 43–58. DOI: 10.15382/sturV201414.43-58.
- Квятковский, А. П. [Kvyatkovsky, A. P.] „Фразовик“ [Frazovík]. Í: *Поэтический словарь* [Kveðskaparorðabók], 323–324. Москва [Moskva]: Советская энциклопедия, 1966. Rafræn birting: Фундаментальная электронная библиотека "Русская литература и фольклор" (ФЭБ)

¹²²² Gurevich, „*Þulur in Skáldskaparmál*“ er ensk útgáfa þessarar greinar.

¹²²³ Nafnið er tilgreint bæði í rússnesku og íslensku útgáfunni í frumtexta.

[Rafrænt safn undirstöðurita <á fræðasviðinu> „Rússneskar bókmenntir og þjóðfræði“ (FEB)], <http://feb-web.ru/>. Sótt 9. október 2019, <http://feb-web.ru/feb/kps/kps-abc/kps/kps-3231.htm>.

- Лойтер, С. М. [Loyter, S. M.] „Детские утопии, или игра в страну-мечту как явление детского фольклора“ [Barna-úttópur, eða draumalands-leikir sem fyrirbæri í þjóðfræði barna]. *Русский школьный фольклор: От «вызываний» Пиковой дамы до семейных рассказов* [Þjóðfræði rússneskra skólabarna: Allt frá því að „vekja upp“ Spáðadrottninguna til fjölskyldusagna], сост. А. Ф. Белоусов [A. F. Belousov setti saman], 605–617. Русская потаенная литература. Москва [Moskva]: Научно-издательский центр Ладомир, АСТ, 1998.
- Лотман, Ю. М. [Lotman, Yu. M.] „Анализ поэтического текста: Структура стиха“ [Greining á kveðskapartexta: Formgerð bundins máls]. Í: *О поэтах и поэзии: Анализ поэтического текста; Статьи и исследования; Заметки; Рецензии; Выступления* [Um skáld og kveðskap: Greining á kveðskapartexta; Greinar og rannsóknir; Athugasemdir; Ritdómar; Erindi], 18–252. Санкт-Петербург: Искусство-СПб, 1996. Aðgengilegt á: *Ruthenia.ru*: Объединенное гуманитарное издательство [Hin sameinaða hugvísindaútgáfa] og Deild rússneskra bókmennta við Háskólann í Tartu, <http://www.ruthenia.ru/>. Sótt 9. október 2019, <http://www.ruthenia.ru/lotman/papers/apt/index.html>.
- Лотман, Ю. М. [Lotman, Yu. M.] „Семиотика культуры и понятие текста“ [Táknfræði menningar og textahugtakið]. Í: *Избранные статьи. Т. 1, Статьи по семиотике и типологии культуры* [Valdar greinar. Bd. 1, Greinar um táknfræði og formgerðarflokkun menningar], 129–132. Таллин [Tallinn]: Александра, 1992. Aðgengilegt á: *Philology.ru*: *Русский филологический портал* [Rússnesk vefgátt um fílólógíu],¹²²⁴ <http://www.philology.ru/>. Sótt 10. október 2019, <http://www.philology.ru/literature1/lotman-92b.htm>.
- Малая, Елена Константиновна [Malaya, Elena Konstantinovna]. „Элементы игры в страну-мечту в наивной фантастической литературе подростка: Опыт самоописания“ [Þættir í draumalands-þykjustuleiknum í fantasíubókmenntum unglunga: Sjálfslýsingartilraun]. *Вестник РГГУ: Серия «История. Филология. Культурология. Востоковедение»* [Fregnir Rússneska ríkisháskólans í hugvísindum: Flokkur „Sagnfræði. Fílólógía. Menningarfræði. Austurlandafræði“] 12 (33) (2017): 130–145.
- Мелетинский, Е. М. [Meletinsky, E. M.] *Палеоазиатский мифологический эпос: Цикл Ворона* [Forn-ásískar goðsögur: Hrafnflokur]. Академия наук СССР, Институт мировой литературы им. А. М. Горького: Исследования по фольклору и мифологии Востока. Москва [Moskva]: Наука, 1979.
- Невзглядова, Е. В. [Nevzglyadova, E. V.] *Интонационная теория стиха* [Hljómfallsfræði kveðskapar]. Санкт-Петербург [Sankti-Pétursborg]: Нестор-История, 2015.
- Неёлов, Е. М. [Neyolov, E. M.] „Фантастический мир как категория исторической поэтики“ [Ímynduð veröld sem frumhugtak í sögulegri skáldskaparfræði]. *Проблемы исторической поэтики* [Viðfangsefni sögulegrar skáldskaparfræði] 1 (1990): 31–40. DOI: 10.15393/j9.art.1990.2342.
- Неёлов, Е. М. [Neyolov, E. M.] „Фантастический мир как категория исторической поэтики (статья вторая: проблема границ)“ [Ímynduð veröld sem frumhugtak í sögulegri skáldskaparfræði (önnur grein: spurning um mörk)]. *Проблемы исторической поэтики* [Viðgangsefni sögulegrar skáldskaparfræði] 2 (1992): 58–66. DOI: 10.15393/j9.art.1992.2359.
- Неклюдов, С. Ю. [Neklyudov, S. Yu.] „Мотив и текст“ [Mótíf og texti]. *Язык культуры: Семантика и грамматика; К 80-летию со дня рождения академика Никиты Ильича Толстого (1923–1996)* [Tungumál menningar: Merkingarfræði og málfræði; Í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá fæðingu Nikita Ilyich Tolstoy, félagi í vísindaakademíunni], отв. ред. С. М. Толстая [aðalritstjóri S. M. Tolstaya], 236–247. Москва [Moskva]: Индрик, 2004. Aðgengilegt á:

¹²²⁴ Rússneska orðið филология, þýtt hér sem *fílólógía*, nær jafnt yfir málvísindi sem bókmenntafræði.

Ruthenia.ru: Обьединенное гуманитарное издательство [Hin sameinaða hugvísindaútgáfa] og Deild rússneskra bókmennta við Háskólann í Tartu, <http://www.ruthenia.ru/>. Sótt 9. október 2019, <http://www.ruthenia.ru/folklore/neckludov16.htm>.

- Потебня, А. [Potebnja, A.] „Обзор поэтических мотивов колядок и щедровок“ [Yfirlit kveðskaparmótífa í jóla- og nýárssöngvum]. *Русский филологический вестник* [Fregnir rússneskra fræða] 11 (1884): 1–35, 168–232.
- Пропп, В. Я. [Propp, V. Ya.] *Морфология сказки* [Formfræði ævintýra]. Издание 2-е. [2. útg.] Академия наук СССР, Институт мировой литературы им. А. М. Горького: Исследования по фольклору и мифологии Востока. Москва [Moskva]: Наука, 1969. (1. útg. Ленинград [Leníngrad]: Academia, 1928.)
- Путилов, Б. Н. [Putilov, B. N.] „Мотив как сюжетобразующий элемент“ [Mótíf sem frumpættir er mynda söguþráð]. *Типологические исследования по фольклору: Сборник статей памяти Владимира Яковлевича Проппа (1895–1970)* [Formgerðarflokkunarfræðilegar rannsóknir þjóðfræða: Greinasafn til minningar um Vladimir Yakovlevich Propp (1895–1970)], сост. и ред. С. Ю. Неклюдов, Е. М. Мелетинский [S. Yu. Neklyudov og E. M. Meletinsky settu saman og ritstýrðu], 141–155. Академия наук СССР, Институт востоковедения: Исследования по фольклору и мифологии Востока. Москва [Moskva]: Наука, 1975.
- Свердлов, И. В. [Sverdlov, I. V.] „Парадигматика и синтагматика древнеисландских квидлингов как формы речевой деятельности“ [Hið staðkvæma og hið raðkvæma í forníslenskum kvíðlingum sem tegund talathafna]. *Lokaritgerð við tungumála- og bókmenntadeild Lomonosov-Ríkisháskólans í Moskvu*, 1998.
- Семенов, В. [Semenov, V.] „Ритм и синтаксис позднего неклассического шестииктного стиха Бродского“ [Hrynjandi og setningaskipan í óhefðbundnum sex áherslna braglínnum í kveðskap frá efri árum Jósefs Brodsky]. *Вестник молодых ученых: Филологические науки* [Fregnir ungra fræðimanna: Fílólógískar fræðigreinar] 6 (2001, nr. 2): 69–72.
- Силантьев, И. В. [Silantiev I. V.] *Теория мотива в отечественном литературоведении и фольклористике: Очерк историографии* [Kenningar um mótíf í rússneskri bókmenntafræði og þjóðfræði: Sögulegt ágríp]. Новосибирск [Novosibirsk]: Издательство ИДМИ, 1999. Aðgengilegt á: *Ruthenia.ru*: Обьединенное гуманитарное издательство [Hin sameinaða hugvísindaútgáfa] og Deild rússneskra bókmennta við Háskólann í Tartu, <http://www.ruthenia.ru/>. Sótt 12. nóvember 2019, <http://www.ruthenia.ru/folklore/silantiev1.htm>.
- Скулачева, Т. В. [Skulacheva, T. V.] „Методы анализа стиха при неизвестной системе стихосложения“ [Braggreiningaraðferðir fyrir kveðskap með óþekktu bragkerfi]. *Вестник Оренбургского государственного университета* [Fregnir Ríkisháskólans í Orenburg] 11 (172) (2014): 41–46.
- Скулачева, Т. В. [Skulacheva, T. V.] „Методы определения метра в неклассическом стихе“ [Aðferðir til þess að greina hrynjandi í kveðskap með ódæmigerðu bragkerfi]. *Известия РАН: Сер. литературы и языка* 71 [Fregnir Rússnesku vísindaakademíunnar: Tungumál og bókmenntir], nr. 2 (2012): 45–54. Aðgengilegt á: *Стиховедение (verse-study.ru)* [Kveðskaparfræði (verse-study.ru)], <http://verse-study.ru/wiki/index.php5>. Sótt 11. október 2019, <http://www.verse-study.ru/SkulachevaNonClassicMetr.pdf>.
- Смирницкая, О. А. [Smirnitskaya, O. A.] „Nomina dicendi в названиях эдических песней“ [Nomina dicendi í nöfnum eddukvæða]. Í: *Philologica Scandinavica: Сборник статей к 100-летию со дня рождения М. И. Стеблин-Каменского* [Philologica Scandinavica: Greinasafn til heiðurs M. I. Steblin-Kamenskij er 100 ár eru liðin frá fæðingu hans], отв. ред. Б. С. Жаров [aðalritstj. B. S. Zharov], 183–197. Санкт-Петербург [Sankti-Pétursborg]: Санкт-Петербургский гос. университет, 2003.

- Смирницкая, О. А. [Smirnitskaya, O. A.] *Древнегерманская поэзия: Каноны и толкования* [Forngermanskur kveðskapur: Hefðir og túlkanir]. Studia philologica. Москва [Moskva]: Языки славянских культур, 2005.
- Смирницкая, О. А. [Smirnitskaya, O. A.] „Имена великанш в «Эдде» и в туле“ [Nöfn tröllkvenna í Eddu og í þulu]. *Атлантика: Записки по исторической поэтике* [Atlantica: Greinar um sögulega skáldskaparfræði] 6 (2004): 3–19.
- Смирницкая, О. А. [Smirnitskaya, O. A.] „Скальдические отдельные висы“ [Dróttkvæðar lausavísur]. Í: *Малые формы фольклора: Сборник статей памяти Г. Л. Пермякова* [Stuttform í þjóðfræðum: Greinasafn til minningar um G. L. Permyakov], составитель Т. И. Свешникова [T. I. Sveshnikova setti saman], отв. ред. Вяч. Вс. Иванов [aðalritstj. Vyach. Vs. Ivanov], 283–298. Исследования по фольклору и мифологии Востока. Москва [Moskva]: Восточная литература РАН, 1995.
- Смирницкая, О. А. [Smirnitskaya, O. A.] *Стих и язык древнегерманской поэзии* [Bundið mál og skáldamál í forngermönskum kveðskap]. Москва [Moskva]: МГУ им. М. В. Ломоносова, 1994.
- Смирницкая, О. А. [Smirnitskaya, O. A.] „Три имени из Тулы Одина“ [Þrjú nöfn úr Óðinsnafnaþulu]. *Атлантика: Записки по исторической поэтике* [Atlantica: Greinar um sögulega skáldskaparfræði] 3 (1997): 23–35.
- Смирницкая: Sjá einnig Smirnitskaja.
- Стеблин-Каменский, М. И. [Steblyn-Kamenskij, M. I.] *Историческая поэтика* [Söguleg skáldskaparfræði]. Ленинград [Leníngrad]: Издательство ЛГУ, 1978.
- Стеблин-Каменский, М. И. [Steblyn-Kamenskij, M. I.] „Скальдическая поэзия“ [Dróttkvæður kveðskapur]. Í: *Поэзия скальдов* [Dróttkvæður kveðskapur], издание подготовили С. В. Петров, М. И. Стеблин-Каменский, 77–130 [S. V. Petrov og M. I. Steblyn-Kamenskij bjuggu til prentunar]. Литературные памятники 142. Ленинград [Leníngrad]: Наука, 1979.
- Стеблин-Каменский: Sjá einnig Steblyn-Kamenskij.
- Струкова, Анна Евгеньевна [Strukova, Anna Evgenyevna]. „Детская утопия (повесть-сказка Э. Успенского «Дядя Федор, пес и кот»)“ [Barnaútopía (ævintýranovellan „Fjodor frændi, hundur og köttur“ eftir E. Uspensky)]. *Проблемы исторической поэтики* [Viðfangsefni sögulegrar skáldskaparfræði] 4 (2016): 262–269.
- Томашевский, Б. В. [Tomashevsky, B. V.] *Избранные работы о стихе: Учебное пособие* [Valin verk um bundið mál: Námsbók]. Санкт-Петербург [Sankti-Pétursborg]: Филологический факультет СПбГУ, 2007. (Kom fyrst út 1929.)
- Томашевский, Б. В. [Tomashevsky, B. V.] „Проблема стихотворного ритма“ [Um braghrynjandi]. Í →Томашевский, *Избранные работы о стихе* [Valin verk um bundið mál], 24–52. (Kom fyrst út 1923.)
- Томашевский, Б. В. [Tomashevsky, B. V.] „Ритм прозы“ [Hrynjandi lausamáls]. Í →Томашевский, *Избранные работы о стихе* [Valin verk um bundið mál], 243–299. (Kom fyrst út 1929.)
- Томашевский, Б. В. [Tomashevsky, B. V.] „Стих и ритм: Методологические замечания“ [Ljóð og hrynjandi: Aðferðafræðilegar athugasemdir]. Í →Томашевский, *Избранные работы о стихе* [Valin verk um bundið mál], 53–75. (Kom fyrst út 1928.)
- Топорова, Т. В. [Tорогова, T. V.] „Имя собственное как маркер космогонической песни“ [Sérnöfn sem einkennismerki heimsfræðilegs kvæðis]. *Вопросы ономастики* [Viðfangsefni nafnfræðinnar] 14, nr. 2 (2017): 55–70. DOI: 10.15826/vopr_onom.2017.14.2.010.
- Харлап, М. Г. [Kharlap, M. G.] „Народно-русская музыкальная система и проблема происхождения музыки“ [Tónkerfi í rússneskri þjóðlagatónlist og uppruni tónlistar]. Í: *Ранние формы искусства: Сборник статей* [Eldri listform: Greinasafn], сост. С. Ю. Неклюдов [S. Yu. Neklyudov setti saman]; отв. ред. Е. М. Мелетинский [aðalritstj. E. M. Meletinsky], 221–273. Москва [Moskva]: Искусство, 1972.

- Харлап, М. [Kharlap, M.] „Стих и музыка“ [Bundið mál og tónlist], публ. А. М. Гришиной [A. M. Grishina bjó til prentunar], вступ. ст. А. М. Гришиной, М. Л. Гаспарова [með inngangi eftir A. M. Grishinu og M. L. Gasparov]. *Известия Академии наук СССР: Серия литературы и языка* [Fregnir Vísindaakademíu Sovétríkjanna: Flokkur bókmennta og tungumála] 55 (nr. 5) (1996): 73–86.
- Харлап, М. Г. [Kharlap, M. G.] „Тактовая система музыкальной ритмики“ [Taktakerfi í tónlistarhrynjandi]. Í: *Проблемы музыкального ритма: Сборник статей* [Hrynjandi í tónlist: Greinasafn], сост. В. Н. Холопова [V. N. Kholopova setti saman], 48–104. Москва [Moskva]: Музыка, 1978. Aðgengilegt á: *Perviydoc.ru*, <http://perviydoc.ru/>. Sótt 5. nóvember 2019, <http://perviydoc.ru/v38755/>.
- Цивьян, Т. В. [Civjan, T. V.] „Модель мира и ее роль в создании (аван)текста“ [Heimslíkan og hlutverk þess við gerð (for)texta]. Aðgengilegt á: *Ruthenia.ru*: Объединенное гуманитарное издательство [Hin sameinaða hugvísindaútgáfa] og Deild rússneskra bókmennta við Háskólann í Tartu, <http://www.ruthenia.ru/>. Sótt 9. október 2019, <http://www.ruthenia.ru/folklore/tcivian2.htm>.
- Чашина, С. В. [Chaschina, S. V.] „«Свободный» или «интонационный» ритм: К проблеме методологических подходов в современном музыкознании“ [„Frjáls hrynjandi“ eða „hljómfalls hrynjandi“: Um aðferðafræðilegar nálganir í tónlistarfræði nútímans]. *Журнал Общества теории музыки* [Tímarit Félags um tónfræði] 22 (2018, nr. 2): 26–52
- Чистов, К. В. [Chistov, K. V.] *Народные традиции и фольклор: Очерки теории* [Þjóðhættir og þjóðfræði: Kennilegar ritgerðir]. Ленинград [Leníngrad]: Наука, 1986.
- Эйхенбаум, Б. [Eikhenbaum, B.] *Мелодика русского лирического стиха* [Lagfræði lýrísks kveðskapar á rússnesku]. Сборники по теории поэтического языка. Петербург [Pétursborg]: ОПОЯЗ, 1922.

VIÐAUKAR

Viðauki I. Helstu blokkir og yfirblokkir í þulum síðari alda

Inngangur

Blokkir og yfirblokkir eru afar sveigjanlegt og fljótandi fyrirbæri sem er erfitt að njörva niður jafnvel þótt litið sé aðeins á þverskurð þuluhefðar á einhverjum einum tímapunkti (til einföldunar). Í fyllingu tímans geta sumar blokkirnar svo horfið úr umferð og nýjar komið fram eða orðið mun algengari en áður,¹²²⁵ en það gerir greiningu enn flóknari. Heimildir sem hér er stuðst við veita ákveðna innsýn í þuluhefðina allt frá 17. öld og sýna þverskurð hefðarinnar á ofanverðri 19. öld og síðar á ofanverðri 20. öld (sbr. kafla 5.2). Lýsing á helstu blokkum af hverri gerð sem rædd var í kafla 8.3.3 miðast því við þuluhefðina allt frá 17. öld, en þó einkum frá þeirri 19. og 20.

Hér verða einkum til umfjöllunar blokkir sem geta staðið sjálfstætt; sömuleiðis þær sem standa ekki sjálfstætt en eru efnismiklar, hafa ákveðinn heildarsvip (og þar með burði til að standa sjálfstætt, þótt þær geri það ekki í þeim heimildum sem þessi ritgerð byggir á) og/eða kljúfa sig frá öðrum hlutum blokkarinnar – sem þær eru þó hluti af – vegna þess að þær eru frábrugðnar þeim í hrynjandi, setningaskipan eða efni. Ekki er stefnt að því að gera tæmandi lýsingu á hverri blokk heldur aðeins að því að afmarka blokkina í stórum dráttum og greina frá helstu einkennum hennar og gerðum, ef við á. Hafi blokk breyst verulega á 17.–20. öld (einkum frá ofanverðri 19. til ofanverðrar 20. aldar) er þess einnig getið. Eitt af helstu markmiðum með þessari lýsingu er að draga fram sérkenni hvernar blokkar; almenn umfjöllun um hverja tegund af blokkunum er hins vegar í kafla 8.3. Af þessum sökum fylgja t.d. ekki niðurstöðukaflar um hverja blokkategund þessari umfjöllun heldur er vísað í 8.3.

Hafa skal hugfast að mörkin á milli blokka af mismunandi tegundum eru oft einnig óskýr, hvort sem um ræðir upptalningar á heitum vs. upptalningar á minnum (kaflar Ia og Ib í þessum Viðauka), upptalningar vs. frásagnarblokkir (kafla Ic) eða mörkin á milli þessara þriggja tegunda og blandaðrar tegundar (kafla Id). Skipting í tegundarflokkana Ia–Id í þessum kafla er því aðeins til viðmiðunar; í hverjum slíkum flokknum eru mjög dæmigerðar blokkir (t.d. er *Sat ég undir stofuvegg* dæmigerð frásagnarblokk í þulum) en einnig ódæmigerðar blokkir sem gætu vel átt heima í öðrum kafla.

Sumar blokkirnar voru þegar nefndar eða ræddar – frá mismunandi hliðum – í kafla 8. Í þeim tilfellum verður vísað í umræðu og dæmi í kaflanum en jafnframt reynt að tryggja að sérkenni hvernar blokkar komi fram og séu studd með dæmum þótt það kosti stakar endurtekningar.

Blokkir eru hér oftast nefndar eftir fyrstu línu (þ.e. eftir fyrstu línu kjarna blokkarinnar eða algengs inngangs), sjaldnar eftir algengum fyrirsögnum í handritum eða með einhverju öðru móti, og þá er jafnan greint frá því. Tölusetning textadæma er með þeim hætti að fremst kemur kaflanúmer (þó án punkts), en síðar bókstafur á eftir bandstriki, t.d.: dæmi (Ia1-a).

¹²²⁵ *Lambið beit í fingur minn* hvarf t.d. næstum því á 20. öld, en *Poki fór til Hnausa* varð þvert á móti mjög algeng blokk.

Ia. Einstakar blokkir – upptalningar á heitum

Nokkrar af helstu blokkum sem eru að stofni til upptalningar á ýmsum heitum hafa þegar verið nefndar eða ræddar í kaflanum um heiti (sbr. 8.1), og verður umfjöllun um þær hér því í knapparlagi; það eru upptalningar á nöfnum Grýlubarna, *Stapadans*, nöfn barna í hamrinum og frænda (*Ættartala*) í yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* og *Fylgdarmannatala* (Ia.1–4). Einnig var sagt – en þó mun minna – frá upptalningum á hlutum í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* (Ia.8) og blokkunum *Karl fór yfir á* (Ia.9) og *Tíkin hennar Leifu ásamt Tafra gleypiti tuttugu hafra* (Ia.10) – sjá kafla 8.1.4.5 – og verður hér sagt nánar frá þeim. Þá verða fleiri sambærilegar blokkir athugaðar hér, t.d. *Bárður á Jökli* (Ia.6) og *Ríðum og ríðum til Logalanda* (Ia.7).

Ia.1. *Grýla er að vísu* og *Grýla kallar á börnin sín*

Tvær blokkir af þremur í Grýluþulur eru að stofni til upptalningar á heitum (frekar en á minnum). Önnur þeirra hefst venjulega á orðunum *Grýla er að vísu gömul kerling* og er stytt hér sem *Grýla er að vísu* (sbr. (8-5) í kafla 8.1.3); heitasafnið úr henni gekk undir nafninu *Grýlubörn I* í kafla 8.1.4.1. Hin hefst á línunni *Grýla kallar á börnin sín* (sbr. dæmi (8-29) í kafla 8.3.1 og lengri texta í dæmi (7-31) í kafla 7.5.2) og var kölluð *Grýlubörn II* í kafla 8.1.4.1. Þriðja Grýlublokkin, *Grýla reið fyrir ofan garð*, er upptalning á minnum og verður því rædd í Ib.1.¹²²⁶

Grýla er að vísu hefur nokkuð stöðuga lengd (17–20 stuttlínur) og er jafnan með stuttan innangang og jafnstutt niðurlag – hvort tveggja er skáletrað í dæmi (Ia1-a) – stundum að einni eða nokkrum línunum viðbættum, sbr. (Ia1-b) og (Ia1-c) þar sem niðurlagið er óvenju langt:

(Ia1-a) Grýla er að sönnu
gömul herkélling,
bæði á hún bóndann,
og börn tuttugu;
eitt heitir Skreppur,
annad Skióða,
þridie Þröstur,
Prándur hinn fiórði,
Botní, Brínki,
Bödvar, Höttur,
Stútur, Stefna,
Stikill, Flaska,
Hnútur, Hnidia
Hnífill, Bikkia,
Askur, Ausa,
Koppur, Kippa.
Ól hún í elli
enn tvíbura,
Sighvat og Surtlu
Þau sofnuðu bæði. —

(Ia1-b) [...] Ól hún í elli
eina tvíbura
Sigvalda og syrpu
sálarlaus bæði
og svo lýkur kvæði.

(Ia1-c) [...] sofnuðu bæði
liggja þau leið öll
á letinnar kodda
lík eru Föður og [svo – YSH]
ljótt drýgja gaman.
lokið er fræði
eg læt það svo enda.¹²²⁷

Margvísleg tilbrigði eru í nöfnum Grýlubarna, eins og rætt var um í kafla 8.1.4.1, en þau eru ekki svo afgerandi að blokkinn sé í fleiri en einni gerð.

¹²²⁶ Nafnaupptalningin sem var kölluð *Grýlubörn III* í 8.1.4.1 er afar sjaldgæf og verður ekki rædd hér.

¹²²⁷ (Ia1-a): JS 289 8vo I, 12v (sbr. Lbs 416 8vo, 295v); (Ia1-b): Lbs 424 8vo, 29r; (Ia1-c): Lbs 421 8vo, 22r.

Lengd blokkarinnar *Grýla kallar á börnin sín* er hins vegar nokkuð breytileg; inngangurinn er 2–4 línur – og er skáletraður í (Ia1-d) – en nafnaupptalningin er oft um 5–6 stuttlínur (sbr. (Ia1-e,f)) en í nokkur skipti aðeins 2 línur, t.d. aftasta línan ásamt þeirri næstöftustu eða aftasta línan ásamt einhverri sem stendur nálægt byrjun upptalningarinnar (sjá (Ia1-d)):

(Ia1-d) *Gríla kallar á börnin sí[n,]
þegar hún fer að sjóða.
komid hínagad öll til mín:
Greppr Skreppur. Lánleggur og Skjóða.*

(Ia1-f) [...] Navar Tavar
Nípa Típa
Nútur Bútur
Leppur Skreppur
Lánleggur og Leiðinda Skjóða.¹²²⁸

(Ia1-e) [...] Leppur, skrepp[u]r[.] læja Fæja
Lútur, Knútur,
Lang=leggur og leiðindaskjóða.

Það er einkennandi fyrir þessar – sem og aðrar – Grýluþulublokkir að þær eru afar sjálfstæðar, mynda oftast en ekki þulutexta einar sér og blandast lítt öðrum þulublokkum. Hvorki fara einstök heiti eða samsetningar þeirra á flakk og lenda í öðrum þuluflokkum né þiggja þær efni frá öðrum þuluflokkum. Það er hins vegar ákveðið flæði nafna Grýlubarna á milli tveggja Grýluþulublokka sem ræddar eru hér; nafnið *Langleggur*, sem er afar einkennandi fyrir blokkina *Grýla kallar á börnin sín*, má t.d. stundum sjá líka í *Grýla er að vísu*.¹²²⁹

Á 20. öld verður blokkinn *Grýla kallar á börnin sín* hlutfallslega algengari meðal Grýluþulublokka en hún var fram að því, en hinar blokkirnar fátíðari (bæði *Grýla er að vísu* og *Grýla reið fyrir ofan garð*, sjá Ib.1). Það er lengra afbrigði blokkarinnar *Grýla kallar á börnin sín* sem verður ofan á, og lengd blokkarinnar verður stöðugri, eða 6–8 línur. Jafnframt því festast línurnar *Völustallur og Bóla // Sigurður og Sóla* í sessi aftast í blokkinni, með ýmsum tilbrigðum.¹²³⁰ Blokkinn verður almennt fastari í skorðum og fjölbreytni í henni minnkar.

Ia.2. *Stapadans*

Stapadans (sjá dæmi (8-4) í kafla 8.1.3) heitir hér blokkinn sem hefst jafnan á orðunum *Dansinn var á Stapa í gær* eða með svipuðu orðalagi,¹²³¹ en henni lýkur á orðunum *allar voru í dansinum // utan ég ein*¹²³² eða *Allar voru í skógi, // utan kellingin eina*¹²³³ eða með öðrum tilbrigðum.¹²³⁴ Blokkina má greina sem nokkrar stuttar upptalningar á nöfnum og viðurnefnum fólks í dansinum/gleðinni – og stundum á því sem fólkið gerir. Þær fylgja hver annari í svipaðri röð í flestum textunum, sbr. eftirfarandi texta og ofangreint dæmi (8-4):

¹²²⁸ (Ia1-e): Lbs 421 8vo, 22r–22v; (Ia1-d,f): DFS 67, 260r og 274r.

¹²²⁹ Lbs 421 8vo, 22r.

¹²³⁰ SÁM 30b, 74r; sbr. SÁM 84/89 EF (*Ísmús*-nr. 1359), SÁM 84/91 EF (1397), SÁM 85/178 EF (20314) o.fl.; sbr. „Langleggur, Völustallur, // Skinnbrók og Skjóða“ í SÁM 32, 321v.

¹²³¹ Sjá t.d. AM 247 8vo, 7v; Lbs 414 8vo, 120v; Lbs 1151 8vo [KV], bls. 47; „Dans var á Stapa í gjær“ í DFS 67, 360r; „dansað var í Stapa í gær“ í Lbs 1124 8vo I, bls. 40. Blokkarheitið kemur frá Jóni Árnasyni (DFS 67, 142r–143r).

¹²³² Lbs 1201 4to 1-I, [6v] eða í Lbs 936 4to, bls. 543.

¹²³³ AM 247 8vo, 7v, sbr. Lbs 414 8vo, 120v; „Allar voru á skógi utan hún ein“ í DFS 67, 360v.

¹²³⁴ T.a.m. „öll börn í skóginum // utan jeg ein“ í Lbs 1151 8vo [KV], bls. 48; „öll borinn i Skógonum, // utan eg ein“ í Lbs 1124 8vo I, bls. 41.

(Ia2-a) {a} Dans var á Stapa í gjær;
 það var fullgóður dans,
 {b} þar var í gleðinni Gunnar prestur,
 Gróinn[,] strákur,
 Magnús maðkur,
 Sigurður sultur,
 Sveinn drangalykkja;
 {c} Vigdís á valinn, (þannig) [svo – YSH]
 Magnús langkalinn,
 Ólafr bredda,
 Ingigerðr sledda —
 {d} engin er sú herlig píka, —
 að eg sjái neina slíka —
 {e} syngur Svanhildur,
 dansar Dómhildur;
 Teitur og Guðfinna
 þau teygja Loðinskinna —
 {g} Lambanna Þóra,
 Þorbjörg in stóra,
 Líkaböng, háa stöng,
 Bollagjægja, Tóutöng,
 {h} kemur hún Egstein,
 /dvelur hún við einn stein.\n
 Allar voru á skógi utan hún ein.

(Ia2-b) {a} Dansin var á Stapa í gær[.]
 þar var allgóður dans
 {b} þar kom í dansinn
 Guðrún piltur
 Margrjet Malkus
 Sigurður sultur
 {c} þar kvað undir valinn
 Vigdýs og Salinn
 Magnús strángalinn
 Gunnríður gjedda
 Ketilríður bredda
 {d} Ingiríður kúra
 Herdís píka
 þetta lætur hún sjer líka
 {e} sýngur Svanhildur
 ríkir Ráðhildur
 Teitur og [F]inna
 {f} Helgi húsmaður
 Gróa griðkona
 [p]iltar og Gríma
 Páll
 {g} Nikaböng Háastöng
 Valla g[e]fur dal Ybbu dóttir
 {h} Sigga Vigga [T]óa Töf
 tefur undir steini
 öll börn í skóginum
 utan jeg ein<.>¹²³⁵

Þessa blokk mætti einnig túlka sem eina upptalningu sem er af og til brotin upp með minnum eins og *Allar gráta líka* (sbr. „Herdís píka // þetta lætur hún sjer líka“)¹²³⁶ eða *Brátt er úti ríma* (sbr. „orkter utaf ríma“).¹²³⁷

Blokkinn er einnig til í öðru, talsvert styttra og ekki eins algengu afbrigði. Þar er t.a.m. ekki {a} eins og í dæmunum hér að framan heldur hefst blokkinn með orðunum *allt út í einn dans* sem við bætist stundum spurningin (*en*) *hver var í dansinum?*¹²³⁸ Á eftir kemur upptalningin í {b} í dæmunum hér að framan,¹²³⁹ stundum brot úr {c} og {f}, þá {g} í ýmsum tilbrigðum, stundum tilbrigði við {d} [svo]. Blokkinni lýkur svo á tilbrigði við fyrri helming {h} eða þá á nafninu *grimma Manga*. Þetta tilbrigði við blokkina *Stapadans* kemur í kjölfar á sjaldgæfri blokk um *Brand í Bökkum* (eða föðurinn sem kemur eftir bökkunum), sem er ekki lýst hér, og blokkinni *Sástu hvergi vorar meyjar* (óvenjulegu

¹²³⁵ DFS 67, 360r–360v; Lbs 1151 8vo [KV], bls. 47–48.

¹²³⁶ AM 247 8vo, 7v; Lbs 1151 8vo [KV], bls. 47.

¹²³⁷ AM 247 8vo, 7v („Bráðt er úti ríma“); Lbs 587 4to III, 4rb.

¹²³⁸ Lbs 587 4to III, 4ra; Lbs 587 4to IX, 60v (spurningin er ekki til staðar); SÁM 32, 282r. Að vísu fara oftast svipaðar línur rétt á undan þessum upphafsorðum, sbr. sömu heimildir: „Oddur í Alptatúngu // hvörs son var hann // hann var af liði Lazarusar // og smér öskjur Guðbrands“, eða „Sveinn í Álpttúngu // kvurs son var hann // leiðir hans og lagsarans // og smjöraskja Guðbrands“, eða aðeins „Leiðarus og Lazarus“ (*Guðbrandur* og *Oddur* eru þá komnir fram fyrir í texta).

¹²³⁹ Línan „Það var í dansinum“ er þó aðeins í SÁM 32, 282r þar sem textinn er svolítið frábrugðinn hinum tveimur handritunum sem hér er vísað í í tengslum við þetta afbrigði blokkarinnar *Stapadans*. Einmitt í þennan texta vantar brot úr {c}, {f} og {d}, og hann er sá sem endar á tilbrigðum við fyrri helming {h}.

afbrigði, ásamt stuttum nafnalista; sjá Id.1).¹²⁴⁰ Annars er frekar sjaldgæft að blokkinn *Stapadans* komi í framhaldi af öðrum þulublokkum,¹²⁴¹ venjulega myndar hún texta ein og sér.

Ia.3. Ættartala

Í yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* eru tvær upptalningar á sérnöfnum, annars vegar á nöfnum barnanna í hamrinum sem *búkonan* dillar, hins vegar er ættartala sem leiðd er alla leið aftur til Óð-ins sem kallaður er *allra trölla faðirinn* eða svipað (sbr. t.d. AM 247 8vo, 7r). Um báðar þessar upptalningar var rætt í kafla 8.1.4.3 og 8.3.3. Fyrri upptalningin (sjá dæmi (8-8)) er varla sjálfstæð blokk heldur hluti upphafsblökkarinnar *Heyrði ég í hamrinum* – síðari helmingur hennar, á eftir formála að upptalningunni sem er u.þ.b. jafn veigamikill og upptalningin (sjá Id.2). Seinni og lengri upptalningin (dæmi (8-11)) er hins vegar augljóslega sjálfstæð blokk. Hún hefur stundum örstuttan formála – algengustu gerðirnar eru „þeir báru yfir sér bitilin rauða“ og „telja máttu föður frændur þína“¹²⁴² – og einkennist af óvenju fastmótuðu skipulagi með gegnumgangandi margþátta fjölformi. *Ættartala*¹²⁴³ getur staðið á eigin vegum, nánar til tekið bæði borið uppi heilan þulutexta¹²⁴⁴ og tengst öðrum blokkum og minnum í þulutextum.¹²⁴⁵ Athugavert er að blokkirnar, sem *Ættartala* tengist þar, eru ekki alveg þær sömu og yfirblokkinn *Heyrði ég í hamrinum* í heild¹²⁴⁶ stendur venjulega í tengslum við. Á undan *Ættartölu* koma oftast tvær nátengdar blokkir, *Karl fór yfir á* (Ia.9) og *Ég sá hann á alþingi* (Ib.7),¹²⁴⁷ en það er afar óvenjulegt fyrir yfirblokkina *Heyrði ég í hamrinum* í heilu lagi. Á eftir *Ættartölu* – þegar hún stendur sér – kemur oft *Norðarlega eru Nauthús* (Ib.11) og/eða *Lambið beit í fingur minn* (Id.4).¹²⁴⁸ Yfirblokkinn í heilu lagi tengist hins vegar mest blokkunum *Lambið beit í fingur minn*, *Kom ég þar að kvöldi* (sjá Ic.1) og *Sat ég undir fiskihlaða* (Ic.2) – en aðeins örsjaldan blokkinni *Norðarlega eru Nauthús*.

Ia.4. Fylgdarmannatala

*Fylgdarmannatala*¹²⁴⁹ var einnig rædd í kafla 8.1.4.2. Hún hefst oftast á orðunum *honum fylgir* eða *henni fylgir*, í kjölfar koma nöfn og viðurnefni – fremst eru jafnan *Úlfur* og *Álfur* – eða á svipuðum nöfnum (sjá umfjöllun og dæmi (8-6a,b) í kafla 8.1.4.2). Nöfnin sem á eftir koma geta verið mjög mismörg en eru venjulega í formi tiltölulega stöðugra nafnasamsetninga sem taka 1–2 línu hver, og

¹²⁴⁰ Ekki er þó víst að þessi stutti nafnalisti tilheyri blokkinni *Sástu hvergi vorar meyar* eða þessu stutta afbrigði af *Stapadansi*, líkt og línurnar um *Odd/Svein í Álfatungu* sem ræddar voru fyrir í þessum kafla.

¹²⁴¹ Helsta undantekning virðist vera sú að *Stapadans* kemur stundum í framhaldi af blokkinni *Norðarlega eru Nauthús* (Lbs 1151 8vo [KV], bls. 47), einkum hlutanum *Seimgrund í Selkoti* (Lbs 1124 8vo I, bls. 40–41).

¹²⁴² Lbs 421 8vo, 22v, sbr. Lbs 414 8vo, 96v o.fl. heimildir; AM 247 8vo, 7r, sbr. t.d. DFS 67, 423r o.fl.

¹²⁴³ Þetta heiti á blokkinni er í ýmsum heimildum, t.d. ÍB 656 8vo 17, 3Lv.

¹²⁴⁴ Sjá t.d. AM 277 8vo, 32v–33r, Lbs 587 4to III, 57r–57v og SÁM 85/275 EF (2267).

¹²⁴⁵ Sem dæmi um stök minni og aðrar blokkir, sem *Ættartala* tengist, má nefna texta þar sem strax á eftir *Ættartölu* koma minnin „Runninn er upp dagur, bæði ljós og fagur“, sem standa annars í tengslum við *Lambið beit í fingur minn*, sjá (Id4-f), eða *Poki fór til Hnausa*, sbr. (Ic3-d); eða blokkinn „Úti stendur tík mín í túni“ (sem fylgir oft blokkinni *Konan mín í kofanum*, en hún tengist fyrir sitt leyti við *Sat ég undir fiskihlaða*) með meiru, þ.á m. blokkinni *Gott er að ríða sandana mjúka* (Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, bréf frá 1968 og uppskriftir, [6r]).

¹²⁴⁶ Yfirblokkinn í heild samanstendur af upphafsblökkinni *Heyrði ég í hamrinum* (með upptalningu nafna barnanna í hamrinum innanborðs) ásamt blokkunum *Ekki heiti ég Eiríkur* og *Ættartala*; sjá Id.2.

¹²⁴⁷ T.d. í Lbs 587 4to III, 42v; Lbs 2184 b 8vo [I], [8r]; SÁM 85/280 EF (2321) og SÁM 85/260 EF (2373). Á undan *Ættartölu* geta þó verið aðrar blokkir, t.d. brot í *Helgu breddu* ásamt *Stapadansi* (JS 398 a 4to, ómerkt gul mappa, bls. 1; þulan er á tvinni með blaðsíðutalinu 1–4 ásamt ótölusettu lausu blaði).

¹²⁴⁸ Sbr. SÁM 85/280 EF (2321) og SÁM 85/260 EF (2373) (aðeins *Norðarlega eru Nauthús*), ÍB 656 8vo 17, 3Lv–4Lr, ÍB 777 8vo, 59v–60v og JS 398 a 4to, ómerkt gul mappa, bls. 3–[5] (báðar blokkirnar).

¹²⁴⁹ Heiti blokkarinnar kemur frá þeirri er hér ritar og er myndað sem hliðstæða við heitið *Ættartala*.

getur upptalningin verið fáeinar línur eða vel á annan tug lína – og allt þar á milli. Eigi að síður verður að flokka þessa upptalningu sem sjálfstæða blokk þar sem hún kemur fyrir – í aðeins mismunandi gerðum – í nokkrum blokkum og yfirblokkum. Algengust er *Fylgdarmannatala* í yfirblokkunum *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* og *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*; í fyrrnefndu yfirblokkinni kemur *Fylgdarmannatala* á eftir undirblokkinni *Kvalinn er sá karlmaður*¹²⁵⁰ en í þeirri síðarnefndu á eftir *Suður á mýri að sækja lömbin*,¹²⁵¹ en báðar þessar undirblokkir má einnig túlka sem inngang að *Fylgdarmannatölu*. *Fylgdarmannatala* kemur enn fremur oft á eftir blokkinni *Jón smár* (sbr. kafla 8.3.1), en þar er hún oftast en ekki aðeins örfáar línur.¹²⁵² *Fylgdarmannatala* kemur stundum í framhaldi af fleiri blokkum, t.d. *Nefjatölu* (sjá Ib.5) og *Selur spurði sel* (sjá Ic.7).¹²⁵³ Í yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* er nafnaupptalningin lengst og er til í tveimur gerðum, sbr. dæmi (Ia4-a) og (Ia4-b) (textinn þar sem munurinn skiptir verulegu máli er skáletraður):

(Ia4-a) [...] kvalinn er sá kárlmaður,
sem kóngsdóttur á,
{a} henni fylgjir Úlfur og Álfur
{b¹} *Erlindur gjálfur*,
Jón bóndi sjálfur,
{c¹} *Sigurborgaragna*,
senn er mál að þagna,
{d¹} *Vilmundur, Vigga*,
Sæmundur, Sigga,
{e} *Ásgrímur, Lóki*
og hann Björn poki,
{f¹} *Pórarinn á Nesi*
kollóttur Blesi,
{g} *Pórarinn og hann Skeggur*,
það eru vaskir seggjir.

(Ia4-b) [...] kvalin er sá Karlmaðr
Klængsdóttir ann
allir mínir hermenn
Henni fylgja fram.
{a} Henni fylgja: Álfr og Kálfr
{b²} *Erlendr (og þar með hann Snjálfur)*. —
Það er mikið gjálfur
sem Bóndin hefir sjálfur.
{c²} *Bóndin jón Reglar*,
bágt er manni' að segla. —
{d²} *Lúcia löng*.
það er hún Bullustöng[,] —
{e} *Asgrímr og loki*
er það hann Björn poki.
{f²} *Þorgrímr og Þrúða*
*með allan sinn sknúða [...]*¹²⁵⁴

Mismunandi útfærslur á svipuðu efni í {b¹} vs. {b²} og {c¹} vs. {c²}, sem má sjá í þessum tveimur dæmum, haldast jafnan í hendur við allmismunandi efni í {d¹} vs. {d²} og {f¹} vs. {f²} í *Fylgdarmannatölu* þegar hún fylgir blokkinni *Kvalinn er karlmaður*. Með öðrum orðum er {b¹,c¹,d¹,f¹} í fyllidreifingu við {b²,c²,d²,f²} og það myndar tvær mismunandi gerðir *Fylgdarmannatölu* í yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*. Þess má geta að í yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* er þessi fyllidreifing ekki algild, en dæmi eru um það að tilbrigði við {b²} fari saman við tilbrigði við {f¹}.¹²⁵⁵ Einnig ber að gæta þess að flestar einingar sem eru hér í fyllidreifingu eru minni (frekar en heiti – nema {d^{1,2}}), en minni eru mjög oft talin upp innan um heiti (sbr. umfjöllun aftar í þessum kafla).

¹²⁵⁰ Sbr. t.d. AM 960 XIII 4to, 1v (hefst á „Dalsá straung á“); Lbs 587 4to III, 1r; Lbs 414 8vo, 108v; Lbs 418 8vo, 33r–33v; Lbs 421 8vo, 34v og SÁM 30b, 156r. Sbr. Ib.4.

¹²⁵¹ JS 507 8vo, bls. 34–35; Lbs 587 4to IX, 53r; SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–30 (ljósrit), [7r] og (II) 1970–1971 (græn stílabók), [9r–9v].

¹²⁵² T.d. „Honum fylgir úlfur og álfur — // Jón kraki sjálfur; // Sigurður og Sigga; // sambornar ærnar“ í DFS 67, 425r; „honum filgir Úlfur og Álfur // og Jón skeggi sjálfur // Sigurður og Sigga // Sigurbondi og Ranka“ í Lbs 587 4to IX, 60v; sbr. einnig t.a.m. Lbs 414 8vo, 124v og Lbs 424 8vo, 26v.

¹²⁵³ Um *Nefjatölu* sbr. t.d. Lbs 1124 8vo I, bls. 39 („Ekki vildi eitt nef“); handrit Sigurðar G. Thorarensen í safni Páls Pálmasonar, [1ra] (nr. 1). *Selur spurði sel*: sjá t.d. Lbs 1911 8vo, bls. 27.

¹²⁵⁴ (Ia4-a): Lbs 418 8vo, 33r–33v; (Ia4-b): Lbs 421 8vo, 34v.

¹²⁵⁵ Sbr. Lbs 587 4to VIII, 14v (og Lbs 587 4to II, bls. 53–54, en textarnir eru afar svipaðir).

Niðurlag *Fylgdarmannatölu* er afar fjölbreytt. Í yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* lýkur tölunni oft einmitt á {f¹}¹²⁵⁶ – en í yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* lýkur gerð 1 á orðunum „Lukka Lúcia // senn er mál lömbunum að stíja“ eða svipuðu orðalagi¹²⁵⁷ en gerð 2 stundum á {f²}, stundum á {e}¹²⁵⁸ eða öðru efni.

Ia.5. Þrjár á ég Þórunnir

Á eftir blokkinni um Tátu (sem er upptalning á minnum og verður rædd í kafla Ib.8) er stutt upptalning á kvenmannsnöfnum sem hefst jafnan með línunni *Þrjár á ég Þórunnir*, með tilbrigðum bæði í sögninni og í nafninu sem er oft *Þórunnar* eða *Þórir*.¹²⁵⁹ Blokkin er frekar stöðug, eða um 6 stuttlínur þar sem hver lína samanstendur af tölu og nafni. Í þessari blokk er jafnan stuðlasetning, og síðlínur ríma sín á milli (þótt rímið sé ekki mjög nákvæmt). Í byggingu blokkarinnar kann því að vera um fjölform að ræða (sbr. kafla 8.3.3.3). Tilbrigði eru ekki veruleg, þau helstu eru í nöfnum, töluorðum og hvernig nöfnin og töluorðin eru pörðuð saman (þótt nöfnin og tölurnar séu þau sömu í grundvallaratriðum). Á undan eða á eftir er oft línun *áttatíu hlaupa á eftir ömmunni gömlu*, með ýmsum tilbrigðum í tölunni og lýsingarorðinu.¹²⁶⁰ Dæmi:

(Ia5-a)
[...] Nú er hálf talið liðið hennar Tátu
þrjár eru Þórir
Þórgunnir fjórar
átta Ólavar
ellefu Tóur
þrjá tíu Þuríðar
þrettan Gróur
átta tíu hlaupa á eftir ömmunni stóru<.>

(Ia5-b)
[...] áttatíu hlaupa eftir ömmunni gömlu.
Ekki er hálf talið,
telja máttu betur.
Þrjár á jeg Þórir,
Þórgunnur fjórar,
átta Ólöfar,
ellefu Tótur,
þrjátíu Þuríðar
og þrettán Gróur.¹²⁶¹

Þessi stutta blokk kemur ekki fram í þulum sjálfstæð heldur aðeins í kjölfar blokkarinnar um Tátu. Hún er þó ekki órofa hluti Tátublokkarinnar heldur fylgir henni aðeins í u.þ.b. þriðjungi tilfella. Blokkin er ekki ólík upptalningum kvenna í dansinum (sjá umfjöllun um *Stapadans* í Ia.2 hér að framan) en tengist þeim aðeins örsjaldan, sbr. (Ia5-c):

(Ia5-c) [...] 30 Þuríðar og 13 Gróur
Kvakar Magnhildur, brunar Ragnhildur,
Lambeyja-Þóra og Þorbjörg hin stóra,
Vigga, Sigga, Tóutöpp, töplar hún augasteina;
Allar fóru þær útá skóg utan sú eina.¹²⁶²

¹²⁵⁶ Sbr. Lbs 587 4to VIII, 14v og Lbs 587 4to II, bls. 53–54; einnig JS 507 8vo, bls. 35 og SÁM 85/341 EF (21216).

¹²⁵⁷ SÁM 30b, 156r, sbr. t.d. SÁM 85/376 EF (21657).

¹²⁵⁸ Lbs 587 4to III, 11v.

¹²⁵⁹ Sjá „þrjár á eg Þórunnar“ (DFS 67, 250v), „þrjár eru Þórir“ (Lbs 587 4to VIII, 2v), „3 Þórunnir“ (Lbs 587 4to II, bls. 173) og jafnvel „þrjár unnu mjer Þórunar“ (Lbs 418 8vo, 32v).

¹²⁶⁰ Sbr. „90 hlaupa eptir ömmunni-gömlu“ (Lbs 587 4to II, bls. 173), „Ellefutíu hlaupa á eptir ömmunni gömlu“ (Lbs 587 4to III, 42v) o.s.frv.

¹²⁶¹ Lbs 587 4to VIII, 2v; SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (II) 1970–1971 (græn stílabók), [11v].

¹²⁶² Lbs 587 4to III, 43r (yfir „sú“ stendur: „v. jeg“); sbr. SÁM 85/279 EF (2300): „[...] allar fóru þær í sjóinn // utan ég eina“.

Ia.6. *Bárður á Jökli*

Hér er um að ræða stutta og nokkuð algenga og samheldna blokk af svipuðu tagi og *Karl fór yfir á* (sjá Ia.9), þ.e. upptalning ólíkindahluta, hálfgerð öfugmæli. Blokkinn er nær mörkum þess að flokkast sem þulublokk, m.a. vegna bragforms, en samrím er nær gegnumgangandi eins og sjá má í dæmi (Ia6-a) þar sem er einn af fyllstu textunum:

{a} Bárður á Jökli leggstu á þófið mitt, {b} eg skal gefa þér lóna innaní skóna {c} vetling á klóna þegar eg kann að þrjóna,	{d} naglabrot í skipið þitt, ef þú leggst á þófið mitt {e} mórauðt lamb og gimburskel og meira ef mér gengur vel. ¹²⁶³
---	--

Í þessu dæmi skiptist blokkinn í jafna hluta – rímið tryggir það að miklu leyti – en í öðrum textum eru einnig einnar línu og þriggja lína byggingareiningar, t.d. línan „naglabrot í hófinn“ sem fylgir {d} (og kemur í staðinn fyrir {e}),¹²⁶⁴ niðurlagið „Bárður minn á jökli“ (endurtekin fyrsta lína)¹²⁶⁵ og inngangurinn {a} með aukalínu:

{a} Bárður minn á Jökli
leggstu á þófið mitt
og láttu það ganga [...]¹²⁶⁶

Blokkinn er frekar stöðug, byggingareiningarnar venjulega skýrt afmarkaðar – sem kemur þó ekki í veg fyrir ýmis tilbrigði innan þeirra – og röð byggingareininganna jafnan svipuð (hún breytist t.d. ekki þótt {c} detti út í u.þ.b. helmingi textanna). Blokkinn er sjálfstæð og tengist lítt öðrum þulublokkum, þótt hún taki stundum við efni úr sumum.¹²⁶⁷ Þessi skortur á tengslum við aðrar blokkir er önnur ástæða fyrir því að ekki má heita fulljóst hvort hér er um þulublokk að ræða.

Ia.7. *Ríðum og ríðum til Logalanda*

Blokkinn er af svipuðu tagi og *Karl fór yfir á* (Ia.9) og *Bárður á Jökli* (Ia.6) en ekki eins algeng. Seinni hluti hennar er afar reglulegur bragfræðilega og því er óvíst hvort hann ætti yfirleitt að flokkast sem þulutexti; hann er eigi að síður hafður með í dæmi (Ia7-a):

{a} Ríðum og ríðum til Loga landa hvað mun þar gott fólk til matar hafa? {b} Músar milti magál lúsa fót af fiðrildi og flugu garnir;	{c} rauðmaga, riklín og rauðseyddan drafla. {d} Sætur hafa sama sið setja upp pottinn hlóða eg fæ ekki að vera við að vita hvað þær sjóða Það var hálfur hali kálfs hrútlambs ¹²⁶⁸ marar kjarni	gildirar rjúpu gamall háls og gollur úr titlínings barni {e} Milti hálf og meira til móðir gulfætlinga {f} gott eg ekki greina vil guð láti' engan sprínga. ¹²⁶⁹
---	---	--

¹²⁶³ Lbs 587 4to II, bls. 73; sbr. Lbs 1911 8vo, bls. 19; SÁM 30a, 116v; SÁM 85/264 EF (2410) og SÁM 85/122 EF (19431).

¹²⁶⁴ SÁM 85/122 EF (19431).

¹²⁶⁵ Rósa Þorsteinsdóttir, vaxandi þjóðfræðasafn; uppskrift Hallfríðar Benediktsdóttur, [1r].

¹²⁶⁶ SÁM 85/264 EF (2410): „Smápula [...] þegar fólk var að þæfa“.

¹²⁶⁷ Sbr. t.d. línurnar „tíu stikur vaðmáls // konu þinni í pils“ (Lbs 587 4to I, bls. 103) sem virðast koma úr blokkinni *Drengurinn Dóli* (sbr. Ic.6).

¹²⁶⁸ E.t.v. skrifað „hrútslambs“ en s yfirstrikað.

¹²⁶⁹ DFS 67, 194r, sbr. Lbs 276 fol., bls. 31 og Lbs 1221 4to, 21r–21v; einnig Lbs 587 4to VIII, 10r og Lbs 936 4to, bls. 372 (aðeins {a–d}).

Um er að ræða nokkuð dæmigerða blokk sem byggist á upptalningu – aðallega upptalningu á heitum – með inngangi {a} og niðurlagi {f} (í þeim textum sem er ekki lokið áður en að því kemur). Til eru t.d. textar með svipuðu upphafi fram að {c} eða {d} en öðruvísi framhaldi og niðurlagi (skáletrað):

{a} Við skulum róa
til Laugalanda;
hvað mun þar gott fólk
til matar hafa[,]
{b} fót af fiðrildi
og flugu garnir
músa milti
og magál af lúsum,
{g} krókasteik af kettinum
og killírinn undan hrúti,
{h} það skal vera maturinn okkar,
þegar við sitjum úti.

{a} Ríðum ríðum hart í skóginn.
long er leiðin löt eru trippinn.
hvað skulu vorir menn til matar hafa.
{c} rauðmaga rikling og rauðseiddan drafla
{i} [fornt] smjör og fýkjur og fimmtíu osta.
spað og speigil lagx
og spangst vín að drekka[,]
{j} það gleður rekka[!]¹²⁷⁰

Upphafið í (Ia7-c) er reyndar einnig nokkuð frábrugðið, en það er væntanlega sótt í átta lína vísu eða brot¹²⁷¹ sem stundum má finna í tengslum við þulur, t.d. á eftir *Gott er að ríða sandana mjúka* (Ic.7).¹²⁷² Annað brot úr sömu vísu, eða síðari helmingur hennar, kemur stundum fram á eftir blokkinni *Ekki heiti ég Eiríkur* (Ic.7),¹²⁷³ í blokkinni *Lambið beit í fingur minn* (Id.4) o.fl. Að öðru leyti stendur blokkinn *Ríðum og ríðum til Logalanda* oft sér frekar en í nánnum tengslum við aðrar blokkir.

Ia.8. Hlutir úr yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*

Í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* eru margar upptalningar, m.a. ýmissa hluta (gripa), og eru minni oft einnig talin upp ásamt þessum hlutum. Sumar upptalningarnar geta verið uppistaða í blokkir. Hér er einkum átt við þrjár slíkar og verður fjallað stuttlega um þær, en talið er að umfjöllun og einkum dæmi í kafla 8.1.4.5 gefi góða hugmynd um þessar tiltölulega einföldu blokkir.

Fyrst er stutt upptalning sem hefst oftast á línunni *því hann hafði beltið breitt* (með ýmsum tilbrigðum).¹²⁷⁴ Hún er hluti blokkarinnar sem hefst annaðhvort á *Því tókstu hann Narfa*¹²⁷⁵ (sbr. einnig kafla um helstu blokkir af blandaðri gerð, Id.1) eða – sjaldnar – á (broti úr) blokkinni *Jón smár* (sbr. umfjöllun í kafla 8.3.1).¹²⁷⁶ Línurnar *Því tókstu hann Narfa? // Hann kunni ekki að starfa* (eða þá inngangslínurnar úr blokkinni *Jón smár*) eru þá e.k. inngangur að upptalningunni, en línurnar þar sem Narfi fer upp/suður á land, fjall, þing o.s.frv. *með gullpeninga marga* eru eins konar niðurlag.¹²⁷⁷ Stundum rennur blokkinn vissulega saman við þá næstu, *Fjósstrákur kallar á bakka*; Narfi gengur þá inn í hlutverk aðalpersónu þar,¹²⁷⁸ sbr. umræðu um blokkasamruna í tengslum við blokkina *Jón smár*

¹²⁷⁰ Lbs 587 4to I, bls. 102, sbr. Lbs 1124 8vo I, bls. 17; SÁM 30a, 161r, sbr. 4. („III“) þulu í handriti Hermanns S. Jónssonar á Byggðasafni í Skógum, [35v–36r] (sbr.: Jón Samsonarson, Annað 3).

¹²⁷¹ Sbr. Lbs 587 4to II, bls. 56; SÁM 84/50 EF (883); Lbs 1124 8vo I, bls. 43.

¹²⁷² SÁM 30a, 471r–472r og SÁM 30b, 83r.

¹²⁷³ Sjá 6. þulu í handriti Hermanns S. Jónssonar á Byggðasafni í Skógum, [36v–37r] (sbr.: Jón Samsonarson, Annað 3).

¹²⁷⁴ DFS 67, 420r.

¹²⁷⁵ DFS 67, 420r, 431v; AM 969 4to, 247r; Lbs 422 8vo, 56r; Lbs 587 4to II, bls. 127–128, 138–139 og 159–160; Lbs 587 4to III, 9r; SÁM 85/144 EF (19767) og SÁM 85/150 EF (19821). Ýmis tilbrigði eru líka við þessa línu, m.a. „Hvar sástu hann Narfa?“ í Lbs 587 4to III, 9r.

¹²⁷⁶ Sbr. DFS 67, 258v; SÁM 85/180 EF (20335) og G-145/80, [1v–2r] (Héraðsskjalasafninu á Akureyri).

¹²⁷⁷ DFS 67, 420r og víðar, t.d. 431v í sama handriti; Lbs 422 8vo, 56r o.fl.

¹²⁷⁸ Lbs 587 4to II, bls. 159–160.

(kafli 8.3.1). Blokkinn um Narfa er oftast staðsett í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* á milli blokka af svipaðri stærð, *Myndi þykja meira gaman*¹²⁷⁹ (sbr. Id.4) eða *Neffatölu*¹²⁸⁰ (sjá Ib.5) annars vegar og *Fjósstrákur kallar á bakka*¹²⁸¹ (sbr. Id.4) eða *Rauða kippu Rannveigar*¹²⁸² (sjá umfjöllun hér í beinu framhaldi) hins vegar. Aðeins stöku sinnum stendur blokkinn um Narfa tiltölulega sjálfstætt, eða a.m.k. ekki í sínu venjulega samhengi.¹²⁸³ Hún er því hluti af yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, en þó ekki órofa hluti.

Aðrar tvær örstuttar upptalningar í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, blokkinni *Jón smár*, eru í dæmum (8-15) í kafla 8.1.4.5 og (8-34b) í kafla 8.3.1. Sú fyrri, frá „Það er þ[a]rfara[r] þél“ í (8-15), kemur þar á eftir blokkinni um Narfa (með nokkuð ódæmigerðum endi) en stendur þó oftár á eftir blokkinni *Fjósstrákur kallar á bakka*. Heitið *Súrsaður rass af sel* er í þessari ritgerð notað um blokkina í (8-15), en það er fyrsta lína sem tilheyrir kjarna blokkarinnar, sbr. (Ia8-a). Blokkinn í (8-34b) er hér nefnd *Rauða kippa Rannveigar*, en það er fyrsta línan í kjarnanum sem er stöðug á sínum stað (sbr. (Ia8-a)). Þessar tvær blokkir standa nokkuð oft saman og deila stundum inngangi og niðurlagi, og er blokkinn *Súrsaður rass af sel* þá jafnan á undan,¹²⁸⁴ sbr. dæmi (Ia8-a) sem sýnir líka byggingu blokkanna. Inngangurinn {a} er með í u.þ.b. helmingi tilfella, niðurlagið {d} jafnvel oftár – þó venjulega á eftir seinni blokkinni, þ.e. {c}, ólíkt því sem gefur að líta í (8-15). Inngangurinn {a} og seinni blokkinn {c} hafa tvær gerðir hvort, og haldast þær í hendur; algengari útgáfan er í (Ia8-a) en sú ódæmigerðari í (Ia8-b) (sbr. (8-34b)), helsti munurinn er skáletraður og undirstrikaður:

(Ia8-a)
 [...] {a¹} *hefurðu heyrt um stokkinn*
sem rak að gljúfrum í gær
 {b} þar var þverfara fé
 súrsaður rass á sel
 fimmtán merka [kæsinske...] kæsisker
 [...] Kolbeinn ætlar suður í ver
 {c¹} *rauðakippa Rannveigar*
rakari Signýjar
þjófahnífur [þurena...] Þuríðar
og þénari Hallgerðar
 {d} *bredduhníf[inn] bóndi átti*
korðahníf[ur] Kolbeinn átti
ei[stn]ahníf[inn] Ólafs
og annar [eins] Bjarna [...]

(Ia8-b)
 [...] {a²} *viltu nokkuð úr strokknum þeim,*
sem hjer fannst á heiði,
 þar var niðrí

 {c²} *þjelahnífur Þórnyjar,*
rekan hennar Ragnhildar,
rassaskefill Signýjar
og annar hans Bjarna
*og satt er að tarna.*¹²⁸⁵

Til er einnig talsvert styttri og blönduð gerð seinni blokkarinnar þar sem *þjófahnífur Þuríðar* (lína úr algengari gerðinni í (Ia8-a)) stendur fremst, líkt og í ódæmigerðu gerðinni í (Ia8-b), en *annar*

¹²⁷⁹ Sbr. DFS 67, 420r, 431v; Lbs 422 8vo, 56r og Lbs 587 4to III, 9r.

¹²⁸⁰ Lbs 587 4to II, bls. 180[B] (1v í innskotstvinni á eftir bls. 180); Lbs 587 4to II, bls. 159 og SÁM 85/150 EF (19821). Þegar línur úr blokkinni *Jón smár* gegna hlutverki inngangsins þá kemur blokkinn um Narfa aðeins í kjölfar *Neffatölu*, sbr. DFS 67, 258v, G-145/80, [1v–2r] (Héraðsskjalasafninu á Akureyri) og SÁM 85/180 EF (20335).

¹²⁸¹ Sbr. DFS 67, 420r, 431v; Lbs 422 8vo, 56r; Lbs 587 4to II, bls. 138–139, 159–160; Lbs 587 4to III, 9v; G-145/80, [1v–2r] (Héraðsskjalasafninu á Akureyri); SÁM 85/144 EF (19767); SÁM 85/150 EF (19821); SÁM 85/180 EF (20335).

¹²⁸² Þessi upptalning fylgir blokkinni um Narfa aðeins þegar línur úr blokkinni *Jón smár* gegna hlutverki inngangsins (og þó ekki alltaf í slíkum tilfellum), sbr. DFS 67, 258v og Lbs 587 4to II, bls. 180[B].

¹²⁸³ Sbr. AM 969 4to, 247r.

¹²⁸⁴ Sbr. SÁM 85/180 EF (20335); einnig Lbs 587 4to II, bls. 128–129 og 160 (inngangurinn {a} er aðeins með að hluta), sömuleiðis SÁM 85/150 EF (19821) (sama sem enginn inngangur).

¹²⁸⁵ (Ia8-a): SÁM 85/180 EF (nr. 20335). (Ia8-b): Lbs 418 8vo, 32r–32v, sbr. SÁM 85/363 EF (21524, 3. flutning).

hans Bjarna úr ódæmigerðu gerðinni kemur í beinu framhaldi – ásamt niðurlaginu {d} sem er fyrir sitt leyti einkennandi fyrir þá dæmigerðu.¹²⁸⁶

Þessar tvær blokkir eru hluti af yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, þó ekki órofa hluti (alveg eins og blokkinn um Narfa); algengari gerðin (Ia8-a) tengist blokkinni *Því tókstu hann Narfa* en sú ódæmigerðari kemur í framhaldi blokkarinnar *Jón smár*.¹²⁸⁷ Oft er hér um að ræða lokablokkir í þulutextum,¹²⁸⁸ einkum í textunum með blokkinni *Jón smár*, en annars kemur blokkinn um *kýrina í mýrinni* í framhaldinu – sem er einnig hluti af yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*.¹²⁸⁹ Aðrar blokkir og minni geta líka komið í framhaldinu, t.d. úr *Helgu breddu*: „hefur reip og reiðing á // ríður brúnskjóttum klár“.¹²⁹⁰

Ia.9. *Karl fór yfir á*

Nokkrar blokkir telja upp hluti sem ýmsar persónur geta borið á sér, étíð eða tekið frá öðrum; um er jafnan að ræða óvenjulega og jafnframt ómögulega stóra hluti (allt að því heil héruð, sbr. (Ia10-a,b)) og/eða mikið magn. Efnislega eru þessar blokkir fulltrúar ýkjukveðskapar, en fleiri dæmi um hann eru bæði hér á landi og í öðrum löndum.¹²⁹¹ Meðal helstu blokka af þessu tagi í íslenskum þulum eru *Karl fór yfir á*, *Tíkin hennar Leifu* og *Taфра gleypti tuttugu hafra*. Tvær síðarnefndu blokkirnar eru eiginlega blandaðar upptalningar á heitum og minnum en eigi að síður verður rætt um þær hér vegna tengsla við blokkina *Karl fór yfir á*.

Flestir textar *Karl fór yfir á* hafa einfalda byggingu: einnar og hálftrar línu inngangur, upptalning hluta sem karlinn ber á baki sér yfir ána og niðurlag í formi spurningarinnar *Hvar sástu þann mann sem meira mátti bera?* eða fullyrðingar á borð við *Þetta bar hann Helgi*:

(Ia9-a) Karl gekk yfirum á og bar á baki skyrhá
Nafar og nýtt skip og naustur af austri
Túngl og stjörnur, tálbragð ofaná
Hund og hjera, kött og kera.
Hvar sástu þann mann
Sem meira þoldi að bera?¹²⁹²

Í þó nokkrum textum verður byggingin aðeins flóknari, en þá er spurningunni í niðurlaginu svarað – og ekki endilega með annarri stuttri fullyrðingu¹²⁹³ heldur oft með annarri blokk sem hér er vísað til sem *Ég sá hann á alþingi* (Ib.7). Sú blokk getur verið aðeins nokkrar línur með öfugmælum eins og í {b}-hluta í dæmi (Ia9-b) aftar í þessum kafla.¹²⁹⁴ Hún getur þó einnig verið lengri og jafnframt samsett, eins og í dæmi (Ib7-a) í Ib.7, en þá vex fátíðleikinn með hverjum nýjum hóp þululína; bygging

¹²⁸⁶ Sjá SÁM 85/183 EF (20383, sbr. 20386–20387 með sama heimildarmanni, Guðnýju Árnadóttur); Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, bréf frá 23. mars 1972 og uppskriftir, [2r].

¹²⁸⁷ Sbr. Lbs 418 8vo, 32r–32v og SÁM 85/363 EF (21524, 3. flutningur).

¹²⁸⁸ Sbr. t.d. DFS 67, 258v; Lbs 418 8vo, 32r–32v; SÁM 85/180 EF (20335); G-145/80, [2r] (Héraðsskjalasafninu á Akureyri).

¹²⁸⁹ Lbs 587 4to II, bls. 129 og SÁM 85/150 EF (19821); hugsanlegt er að Kolbeinsnafnið tengi blokkirnar tvær saman.

¹²⁹⁰ Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, bréf frá 23. mars 1972 og uppskriftir, [2r]; SÁM 85/183 EF (20383, sbr. 20386–20387). Um blokkina *Helga bredda* sjá kafla 8.3.1, 8.3.3.3 og Ic.7.

¹²⁹¹ Nærtækt er að nefna þekkta enska barnavísu um *Robin the Bobbin, the big-bellied Ben* (*The Nursery Rhyme Book*, 66).

¹²⁹² Lbs 587 4to III, 3r; á 11r þar er niðurlagið „Þetta bar hann Helgi“. Sbr. enn fremur „Þetta bar hann Helgi kallinn Snæfellsás“ í Lbs 587 4to I, bls. 55.

¹²⁹³ T.d.: „Jeg sá hann í afdölum — // hann bar langtum meira: // hann bar 60 kýr og hundrað hrossa“ (DFS 67, 404r).

¹²⁹⁴ Þannig eru t.d. textarnir í Lbs 587 4to III, 42v og Lbs 418 8vo, 31v; í báðum tilfellum kemur *Ættartala* í beinu framhaldi. Sbr. einnig SÁM 30b, 111r.

blokkarinnar er þó samt sem áður línuleg. Í nokkrum textum er því hins vegar þannig háttað að það er ekki *karl* eða ekki aðeins *hann* sem ber hlutina yfir ána heldur maður að nafni *Helgi*. Af sumum heimildum má skilja að þetta sé sami maðurinn, en aðrar benda til þess að mennirnir gætu líka verið tveir.¹²⁹⁵ Hvernig sem í því liggur virðist svo vera að *karl* þessi og *Helgi* beri ekki alveg sömu hlutina. Með öðrum orðum eru sum heiti meðal þess sem aðeins karlinn ber yfir, önnur á meðal þess sem *Helgi* ber, en þriðji hópur samanstendur af heitum yfir hluti sem báðir geta borið. Fæstir eru hlutir sem aðeins *Helgi* ber: *barn og boli hjálmóttur*.¹²⁹⁶ Karlinn ber mun meira: *skyrásá, nafar og nýtt skip, naustur(?) og klaustur*,¹²⁹⁷ *nestið og hestinn, árar og stýri, tunnu og tinfat, töng og öngul, hauk og héra, pál og skera, hest og sleða* og jafnvel sitthvað fleira. Nánast jafnstór er flokkur hluta sem báðir geta borið: *kú kollotta, konu afgamla, hest hringeygðan, fola þrevetran, uxann rauðan, annan svartan og nær fimm hundruð lamba* (með ýmsum tilbrigðum).¹²⁹⁸ Á listum yfir það sem karlinn og *Helgi* bera er sama efni að stórum hluta, en það þýðir að um er að ræða afbrigði af sömu blokkinni með mismunandi inngangi (*Karl fór yfir á vs. Barn bar hann Helgi*). Í nokkrum þulutextum koma fyrir bæði blokkir með karlinum og önnur með *Helga*.¹²⁹⁹ Texti í (Ia9-b) er dæmi um byggingu sem fer í hring að því leyti að eftir innskotið í {b} er blokkir eiginlega endurtekin með öðrum inngangi og öðrum heitum – sem koma þó fyrir með fyrri innganginum í öðrum textum.¹³⁰⁰

(Ia9-b) {a} Kall vóð yfir umm á
bar á baki Skir sá
nafar og Nýtt ski[p]
árar og Stíri
hauk og héða
Vagn og Veda
herklædi og Skötubard
hökust[a]ll og S\m/jer dall
og hvar sástu þann kall
sem meira mátti bera?

{b} Jeg sá hann á Alþingi
hann kastadi gullkambi
Kémbdi sér med horn kambí
hann var í þeirri verri brók
enn Kastadi þeirri betri
{c} meira bar hann Helgi
Barn bar hann Helgi
Kú kollotta, konu afgamla
hundrad lömbin
alsvartan uxor
og þetta bar hann Helgi

Þetta allt dregid upp a blad[.]¹³⁰¹

Blokkir *Karl fór yfir á* er ólík Grýlupulum og upptalningum konunafna í framhaldi af blokkinni *Táta, Táta* að því leyti að henni fylgja ósjaldan aðrar þulublokkir. Þær helstu eru *Ættartala, Norðarlega eru Nauthús* og *Tíkin hennar Leifu*, en þær koma í kjölfar blokkarinnar *Karl fór yfir á* í einhverri af lengri gerðum hennar. *Ættartala* getur t.d. komið ef a.m.k. blokkir *Ég sá hann á alþingi* er til staðar,¹³⁰² en *Norðarlega eru Nauthús* aðeins á eftir *Ættartölu*. *Tíkin hennar Leifu* fylgir í kjölfar blokkarinnar *Karl fór yfir á* ásamt *Ég sá hann á alþingi* eins og sú síðarnefnda er í dæmi (Ib7-a), á eftir {a,b} eða {a-c}.¹³⁰³

¹²⁹⁵ Sjá t.d. Lbs 587 4to III, 11r vs. SÁM 30b, 433r (sbr. SÁM 32, 18r).

¹²⁹⁶ Sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 111v eða SÁM 32, 18r. Meðal þess sem karlinn ber er reyndar einu sinni *kapall hjálmóttur* (Lbs 587 4to III, 19r) og í annað sinn *tólf börn þar ofan á* (Lbs 1124 8vo I, bls. 1).

¹²⁹⁷ Sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 111r („Naustur og klaustur“).

¹²⁹⁸ Lbs 587 4to I, bls. 55, sbr. t.d. Lbs 587 4to III, 11r o.fl.

¹²⁹⁹ Sbr. Lbs 414 8vo, 105r–105v og 111r–111v; SÁM 30b, 433r (sbr. SÁM 32, 18r).

¹³⁰⁰ Sbr. t.d. Lbs 587 4to I, bls. 55.

¹³⁰¹ Lbs 414 8vo, 105r–105v.

¹³⁰² Lbs 418 8vo, 31v; Lbs 587 4to III, 42v; SÁM 85/280 EF (2321) og SÁM 85/260 EF (2373); *Norðarlega eru Nauthús* fylgir í þremur síðastnefndu heimildunum.

¹³⁰³ SÁM 30b, 422r; Lbs 587 4to III, 73v–74r, sbr. Lbs 1124 8vo I, bls. 1 (með karlinum í stað tólfarinnar, sjá (Ia10-e)).

Ia.10. *Tíkin hennar Leifu og Taфра gleipti tuttugu hafra*

Tíkin hennar Leifu og Taфра gleipti tuttugu hafra eru nálægt mörkum þess að vera flokkaðar sem þulublokkir þar sem í þeim eru kaflar sem eru bragfræðilega tiltölulega reglulegir, sbr. (Ia10-a,b):

(Ia10-a) {a} Tíkinn hennar Leifu
tók hún frá mér margt
skir og skabla skeifu
skinn og vadmál svart
Níu álna lángann \nagla/ teín
Nú er það komid í Vísna grein
tíkinn sú var ekki ein
Odinn var með henni
{b} Át hún flot og feitt két
feikilega sér lét
kapalinn og kaup skip
kálfa tólf og Þórolf
{c} í sig svíngadi
16^{lín} hundum
svellinn öll á Bjarnar felli
{d} ísa fjörd og allann flóa
{e} ekki vard hún full ad heldur<.>

(Ia10-b) {f} Taфра gleipti tuttugu hafra
torfin öll og Ljái i orfi
{g} haukadal og hun<d>rad stráka
hesta tólf og átjan presta
{b} át hún flot feitt két
feikilega sér lét
Kapalinn og Kaupskip
kalfa tólf og Þórolf
{c} Sveimar hún í Sig Sextán hundum
Svellin öll ur Bjarnarfalli
{h} rydur hún í Sig rángárvöllum
{i} re[k]knum þeim ad holti heitir
{j} Borgarfjörd og Brautir margar
bæar sveit og elding heita
{d} Íngólfs fjöll og alla flóa
{k} aptur lét hún toman Kjaptin.
Þessi Taфра var tík; hún at rod sem
þetta allt var ritid á.¹³⁰⁴

Í báðum dæmunum er gegnumgangandi stuðlasetning – sem riðlast þó stundum – og mikið rím. Í (Ia10-a) er endarím í fyrstu 10 línunum, þ.e. í {a} og hluta af {b}, og innrím í {b,c}, þ.e. í þeim hluta sem *Tíkin hennar Leifu* á sameiginlegan með *Taфра gleipti tuttugu hafra*. Í (Ia10-b) er innrím gegnumgangandi – nema í línunum 9, 12 og 15 – þótt það sé misnákvæmt. Bragformið er þó ekki sjálfu sér samkvæmt lengi í einu. T.d. er víxlrím í fyrstu 4 línunum í (Ia10-a) en samrím í næstu 3 línunum, ekkert viðtekið rím í línu 8,¹³⁰⁵ aftur samrím en nú ásamt innrími í línunum 9–10; síðar er aðeins innrím – í sumum línunum – í þessum texta en í nokkrum öðrum er aftur endarím (samrím) í niðurlaginu.¹³⁰⁶ Þessi ósamkvæmni – sem getur þó skýrst af því að um erindi undir vikivakahætti sé að ræða¹³⁰⁷ – og ónákvæmni sem sést oft bæði í rími og stuðlasetningu á sinn þátt í því að textarnir *Tíkin hennar Leifu* og *Taфра gleipti tuttugu hafra* eru hér flokkaðir sem þulur. Annað sem skiptir máli er talsverður fjöldi tilbrigða við heiti og minni í textum, sem tilheyra þessum þuluflokki, og hversu oft blokkirnar tvær blandast saman og tengjast við aðrar þulur, t.d. *Karl fór yfir á* – eins og kom fram í kafla Ia.9 – og *Sat ég undir fiskihlaða* (Ic.2).¹³⁰⁸

Blokkirnar hefjast á línunum *Tíkin hennar Leifu* // *tók hún frá mér margt* og *Taфра gleipti tuttugu hafra*, með tilbrigðum.¹³⁰⁹ Í sumum textunum eru báðar blokkirnar til staðar, og þá er röðin

¹³⁰⁴ Lbs 414 8vo, 112v–113r og 104v–105r.

¹³⁰⁵ A.m.k. ekki í þessum texta og mörgum öðrum, en í sumum bætast hér við þessar fjórar línur: „fái’ hún skómm og margföld meín, // molist i henni hvert eitt beín, // vid eytraðan eggjasteín // eptir það hún brenni“ (Lbs 414 8vo, 121r, sbr. s.hdr. 123v, enn fremur SÁM 30b, 387v (innskot á vinstri spássíu), SÁM 32, 281r og SÁM 85/250 EF, nr. 2073). Þessar línur bæta rímið, sem var komið fram, svo úr verður rímið aaaBaaaB.

¹³⁰⁶ „Íngólfs fjalli og öllum Flóa, // [aptur lagði’ hún¹] kjaptinn mjóa // og þó er hún ekki hálf“ (Lbs 1911 8vo, bls. 35, neðanmáls: „1) frá [hafa aðrir „alt hún gleipti’ í““; sbr. t.d. DFS 67, 192r).

¹³⁰⁷ Vésteinn Ólason, „Vikivakavæði“, 391–392.

¹³⁰⁸ Sbr. DFS 67, 192r.

¹³⁰⁹ *Tíkin hennar Leifu*: sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 112v–113r, 121r og 123r–123v; Lbs 587 4to III, 11v; Lbs 587 4to IX, 36v; SÁM 30b, 387v og 432r; SÁM 32, 281r; G-180/6 14, 1r (Héraðsskjalasafninu á Akureyri); enn fremur SÁM

ávallt þessi: *Tíkin hennar Leifu og Taфра gleypti tuttugu hafra*.¹³¹⁰ Blokkirnar hafa allnokkur sameiginleg minni og minnasamsteypur, þ.á m. textann í {b}, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum allar gerðir blokkanna og tilheyrir vafalítið kjarna þeirra beggja, og í {c} og {d} sem er í flestum gerðum blokkanna í einhverri mynd.

Hvor blokkinn er til í fleiri en einni gerð. Dæmi (Ia10-b) er fulltrúi lengri gerðar blokkarinnar *Taфра gleypti tuttugu hafra*. Hún samanstendur venjulega af inngangsminninu {f} og örstuttum lista í {g} (sem er samgróinn {f} í þessari gerð), kjarnaminnunum í {b,c} ásamt {h}, minnunum {i,j} sem koma fyrir óvíða annars staðar en í þessari gerð, og loks niðurlagi í {d,k}.¹³¹¹ *Taфра gleypti tuttugu hafra* er líka til í styttri gerð sem hefst sömuleiðis á innganginum {f,g} – en hinn venjulega kjarna vantar. Í staðinn vindur textinn sér beint í {h}. Línan *Reykjanesi og Bakkanum öllum* (táknunð {l}) kemur inn í upptalninguna í staðinn fyrir {i,j} í dæmi (Ia10-b). Þá bætist eitt minni, og þó var *hún ekki hálf*, við niðurlagið (aftast; táknunð {m}).¹³¹² Bæði er þessi styttri gerð til ein og sér og svo er það hún sem kemur í framhaldi af *Tíkin hennar Leifu* þegar blokkirnar tvær standa saman í einum og sama texta, sbr. (Ia10-c):

(Ia10-c) {a} Tíkin hennar Leífu tók hún frá mer margt Löð og Skafla skeifu Skinn og vaðmál svart Nýu álna langan naglatein; Nú er það sett í vísnagrein að týkin sú var ekki ein Oðinn var með henni. {b} Át hún flot og feitt két feikilega í það lét	kapalinn og kaupskip kálfa tólf og Þórólf. {f} Taфра gleypti tuttugu hafra Torfið alt og ljá i orfi {g} Haukadal og hundrað stráka hesta tólf og átján presta. {h} Rótar hún i sig Rángárvöllum {l} Reikjanesi og Bakkanum öllum {d} Ingólfs fjalli og öllum Flóa, {k} [aptur lagði hún ¹] kjaptinn mjóa {m} og þó er hún ekki hálf[.] ¹³¹³
---	--

Í textum eins og (Ia10-c) er *Tíkin hennar Leifu* sömuleiðis í styttri útgáfu: aðeins {a} og kjarnaeyningin {b}. Þar er {a} stöðug undirblokk sem samanstendur af inngangsminni, stuttum lista yfir hina étnu hluti og niðurlagi sem sýnir sjónarhorn þulumælanda. Þessi sjálfstæða undirblokk er tvímælalaust stór hluti af kjarnanum í blokkinni *Tíkin hennar Leifu*. Samanlagðar gefa styttri útgáfur blokkanna tveggja útkomuna {abfghldkm} þar sem allt efni fyrir utan {a} og {f,g} er sameiginlegt fyrir báðar blokkirnar, *Tíkin hennar Leifu og Taфра gleypti tuttugu hafra*.¹³¹⁴ Að þessu leyti mætti segja að hér sé sama blokkinn með mismunandi inngangi, líkt og *Karl fór yfir á* (og *Barn bar hann Helgi*).

85/250 EF (2073) og SÁM 85/180 EF (20328). *Taфра gleypti tuttugu hafra*: sjá DFS 67, 258v–259r; AM 960 XIII 4to, 1v; Lbs 587 4to X, 6r; Lbs 587 4to III, 3r; SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–1930 (græn stílabók), [4r] og (II) 1970–1971 (ljósrit), [5r–5v]; SÁM 85/180 EF (20328); sbr. og SÁM 85/377 EF (21671).

¹³¹⁰ Lbs 1911 8vo, bls. 35; SÁM 30 (óskráð gögn), Vísna- og kvæðasafn á 55 lausum blöðum, 8r; SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–1930 (græn stílabók), [4r] og (II) 1970–1971 (ljósrit), [5r–5v]. Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Hólmfríður Oddsdóttir, [2r].

¹³¹¹ Sjá Lbs 587 4to III, 3r og Lbs 936 4to, bls. 863, sbr. DFS 67, 258v–259r; Lbs 586a 4to, laust blað merkt „: XIII. fl. :);“ fyrirsögn: „Gáta (:mjög gömul:)“ (lausnin er hér þoka); enn fremur Lbs 587 4to X, 6r og SÁM 85/377 EF (21671).

¹³¹² Sbr. AM 960 XIII 4to, 1v (bæði {l} og {m}).

¹³¹³ Lbs 1911 8vo, bls. 35 (punkturinn aftan við textann lítur miklu fremur út eins og komma).

¹³¹⁴ Þannig að frá sjónarhorni blokkarinnar *Taфра gleypti tuttugu hafra* lítur málið þannig út að *Tíkin hennar Leifu* sé í þessum textum í örstuttri útgáfu {a,b}, en frá sjónarhorni blokkarinnar *Tíkin hennar Leifu* mætti segja að *Taфра ...* sé í örstuttri útgáfu sinni {f,g} en síðar taki *Tíkin hennar Leifu* aftur við og sé þannig {a,b ... h,l,d,k,m}. Þannig er *Tíkin hennar Leifu* stundum líka ein og sér, sbr. Lbs 587 4to III, 11v. Almenn regla er sú að {b} kemur strax á eftir {a} (eða {a,á}, sjá neðar) ef það er til staðar, en annars á eftir {f,g}; þ.e. á eftir fyrstu inngangsblokkinni í textanum.

Lengri gerð blokkarinnar *Tíkin hennar Leifu* (dæmi (Ia10-d)) er hins vegar afar ólík því sem gaf að líta í (Ia10-a–c):

(Ia10-d) {a} Tíkin hennar Leífu
tók hún frá mér margt,
skó og skafla skeifu
skinn og Vaðmal svart,
níálna lángragla teín,
nú er það komið í vísna greín,
Tíkin sú var ekki eín,
Oðín var með henni,
{á} *fái hún skömm og margfalt meín,*
molni hennar hvört eítt beín,
eitraðan við eggja steín,
eptir það hún brenni,

At hún frá mér Sauðar svið,
og síðu af Gamal á,
huppín sem að hékk þar við,
og hálfrofu styk\k/ið frá,
{b} at hún flot og feýtt két,
feýðar lega [svo – YSH] sér lét,
kapalin og kaup skip,
kálfa tólf, og Þórolf,
{n} svelgdi hún í sig Svartar velli,
{c} svellín öll úr Bjarnafellí,
{g} Haukadal og hundrað stráka,
hesta tólf og atján Presta [—]¹³¹⁵

Hér má sjá langa – og mjög reglulega bragfræðilega – viðbót við {a} (táknud {á})¹³¹⁶ og nýtt minni, {n}, komið inn í staðinn fyrir fyrri hluta {c}. Þetta tvennt virðist vera einkennandi fyrir þessa gerð blokkarinnar og sést annars sjaldan. Þá er {g} hér staðsett aftarlega í blokkinni *Tíkin hennar Leifu*, en ekki á sínum venjulega stað frammarlega í blokkinni *Tafra gleypti tuttugu hafra*, á eftir {f}.

Enn ein gerð blokkarinnar *Tíkin hennar Leifu* – sem er ekki eins ólík blokkinni um Töfru eða flestum öðrum útgáfum af *Tíkinni hennar Leifu* – er í dæmi (Ia10-a).¹³¹⁷ Í þeirri gerð eru bæði {b} og {c} í kjarnanum, eins og í blokkinni *Tafra gleypti tuttugu hafra* (lengri gerð). Í niðurlaginu er {d} eins og venjulega en síðar {e}, tiltölulega sjaldgæft minni og einkennandi fyrir þessa gerð blokkarinnar.

Tafra gleypti tuttugu hafra er einnig til í nokkuð frábrugðinni gerð – þegar hún fylgir blokkinni *Karl fór yfir á* og þeirri blokk sem þar kemur í beinu framhaldi, *Ég sá hann á alþingi* (sjá Ib.7), sbr. dæmi (Ia10-e):

(Ia10-e) [...] at hann ofan úr Róti,
Uxa Tólf með sóti,
beínín trú eg hann brjóti,
með blöndu kjagga á móti.
Físka fimm úr Fljóti,
Fjórðungs lím úr hjalli,
þá var rögg á kallí,

{b} at hann Flot og feítt kjöt.
feýkil[e]ga sér ljet,
kapalinn og kaupskip
kálfa Tólf og Þórolf.
{h} rudd[i] hann í síg Rángárvöllum,
{i} rekkum þar í Holti heítír,
{o} fleýtir hann í síg Flóanum öllum.
{p} frá eg hann sje holur ínnann —¹³¹⁸

Hér vantar venjubundið upphaf, og yfirleitt er ekki fjallað um Töfru eða Leifu heldur eru einkenni tík- arinnar og eiginleikar hennar yfirfærðir á karl nokkurn sem gat borið enn meira en karlinn sem fór yfir á í upphafi þulutextans. Niðurlag blokkarinnar er sömuleiðis allt annað, og miðjan er talsvert skert.

Niðurlag þulutexta í þessum flokki fer mjög eftir því hvaða gerð textarnir tilheyra, en þó byrjar niðurlagið á {d} í þeim flestum. Lengri gerð blokkarinnar *Tafra gleypti tuttugu hafra* endar jafnan á

¹³¹⁵ Lbs 414 8vo, 123r–123v. Auk þess aðallega í 20. aldar uppskriftum, sbr. SÁM 32, 281r; SÁM 30b, 387v; SÁM 85/250 EF (2073). Sbr. SÁM 30c, 27r.

¹³¹⁶ Hér er látið liggja milli hluta hvort efnið í {á} kann að hafa verið ort inn í (eða þrjónað aftan við) blokkina eða fengið að láni – eða hvort eldri gerð blokkarinnar, þar sem {á} hafði verið með, hafi lifað í munnlegri geymd – en lítt komist í handrit á 19. öld – og verið endurvakið á 20. öld.

¹³¹⁷ Sbr. og Lbs 587 4to IX, 36v; sbr. SÁM 32, 17r–19r (og SÁM 30b, 432r).

¹³¹⁸ Lbs 1124 8vo I, bls. 1–2, sbr. Lbs 587 4to III, 74r.

línunum: *Ingólfs fjöll og alla flóa // aptur lét hún toman Kjaptin* {d,k}, sbr. dæmi (Ia10-b); stundum bætist við línan *þó var hún ekki hálf*.¹³¹⁹ Síðarnefnd útgáfa niðurlagsins er líka algengust í samsettu gerðinni þar sem bæði *Tíkin hennar Leifu* og *Taфра gleypti tuttugu hafra* eru í sama texta; sbr. dæmi (Ia10-c). Þær gerðir sem dæmi (Ia10-a), (Ia10-d) og (Ia10-e) eru fulltrúar fyrir enda jafnan eins og sýnt er í dæmunum, þ.e. með {n,c,g},{d,e} {i,o,p} og:

(Ia10-d(1)) [...] {n} svelgdi hún í sig Svartar velli, {c} svellín öll úr Bjarnafellí, {g} Haukadal og hundrað stráka, hesta tólf og atján Presta [—]	(Ia10-a(1)) [...] {d} ísa fjörd og allann flóa {e} ekki vard hún full ad heldur<.>
	(Ia10-e(1)) [...] {i} rekkum þar í Holti heítir, {o} fleýtir hann í síg Flóanum öllum. {p} frá eg hann sje holur ínnann —

Tíkin hennar Leifu og *Taфра gleypti tuttugu hafra* eru því með flóknustu blokkunum meðal upptalninga á heitum (ásamt ákveðnu magni af minnum) hvað byggingu þeirra varðar. Hvor blokkinn er til í nokkrum gerðum sem geta sumar staðið í msmunandi samsetningum. Hver gerðin getur svo myndað þulutexta ein sér, en blokkirnar tvær mynda ekki oft náin tengsl með öðrum þulublokkum og minnum (að því frátöldu að *Tíkin hennar Leifu* fylgir stundum blokkinni *Karl fór yfir á* og þeirri sem þar kemur í beinu framhaldi, *Ég sá hann á alþingi*).

Ib. Einstakar blokkir – upptalningar á minnum

Kafla Ia, þar sem ræddar voru blokkir sem byggjast á upptalningu heita, hófst á Grýluþulum – þeim Grýlublokkum sem eru heitalistar – og *Stapadansi*, upptalningu heita ásamt nokkrum minnum. Þessi kafla hefst að sama skapi á umfjöllun um þá Grýlublokk sem er upptalning minna, en henni fylgir umræða um kúaþulur – sem eru talsvert blandaðri upptalning á minnum og heitum. Í framhaldi verður rætt um blokkirnar *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* og *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*; þá um tvær áþekkar blokkir sem mynda yfirblokk er gengur undir heitinu *Neffatala* í þessari ritgerð (sbr. *Ættartala*); aðrar tvær, ólíkari hvor annarri, sem mynda yfirblokkina *Bokki sat í brunni*; blokkina *Ég sá hann á alþingi* sem fylgir heitaupptalningarblokkinni *Karl fór yfir á* en tekur einnig þátt í yfirblokkinni *Stígum við stórum*; blokkina *Táta, Táta* sem myndar yfirblokk ásamt heitaupptalningarblokkinni *Þrjár eru Þórunnir*; nokkrar upptalningar á mismunandi störfum á bæ og í sveit; og loks blokkirnar *Draum dreymdi mig* og *Norðarlega eru Nauthús*. Grýluþulur og kúaþulur, ásamt blokkinni *Draum dreymdi mig*, verða hér greindar nokkuð ýtarlega – en að öðru leyti verður umfjöllun stillt í hof þar sem helstu atriði sem skipta máli í tengslum við byggingu blokka, sem eru að stofni til tiltölulega einfaldar upptalningar, hafa þegar komið fram við umfjöllun um þær blokkir sem eru að stofni til upptalningar heita.

Ib.1. *Grýla reið fyrir ofan garð (Grýla reið í garðshorn)*

Þessi blokk er sérstök að því leyti að hún er afar fastmótuð og fjölbreytni í henni er ekki mikil. Í meirihluta textans er jafnvel lítið um tilbrigði við heiti og tölur (línur 2–5), eins og sjá má í dæmum (Ib1-a,b) þar sem tilbrigði eru skáletruð:

¹³¹⁹ Sbr. SÁM 85/377 EF (21671).

(Ib1-a) Gríla reid fyrir ofan garð,
hafði hala 15.
enn í hvörjum hala
100 belgi.
enn í hvörjum belgnum
börn 20
þar vantar á eitt
það fæst ekki neitt —

(Ib1-b) Gríla reið í Garðshorn,
hafði hala fimtán,
en í hvörjum halanum,
hundrað belgi,
og í hvörjum belgnum,
börn tuttugu,
þar vantar eitt barn,
og þar \á/ að láta í[.]¹³²⁰

Frá þessu sjónarhorni er ekki víst að textinn myndi yfirleitt flokkast sem þulublokk. Þó eru talsverð tilbrigði á tveimur stöðum í textanum, í upphafi hans og einkum í niðurlagi, sbr. dæmi (Ib1-c–g):

(Ib1-c) [...] Þar vantar á einn,
og það skal heita Gunnsteinn. —

(Ib1-f) [...] þá vantar í einn,
það fæst ekki neitt,
það skal vera hún Firra
tíkin sú í fyrra<.>

(Ib1-d) [...] Þar vantar eitt á,
og þar skal fara í Kljásteyn, (eda barnkorn[.]

(Ib1-g) [...] þar vantar á eitt
þar skal koma í barnið leitt<.>¹³²¹

(Ib1-e) [...] þar vantar eitt á,
þar skal láta strákabarnið ofaná.

Af dæmum (Ib1-c–g) má glögg sjá að niðurlagið getur verið á alla vegu, mislangt, með rími – eins og í (Ib1-c,e,g) og að hluta (Ib1-f) – og án ríms, jafnvel þegar augljós möguleiki á rími sé fyrir hendi í (Ib1-d).¹³²² Svo mörg eru tilbrigðin að niðurlagið í (Ib1-g), sem verður nær allsráðandi á 20. öld með aðeins fáeinum tilbrigðum í forsetningum og smáorðum, kemur einungis örsjaldan fyrir á þeirri 19.¹³²³

Þá hefur umræddur texti ýmis önnur einkenni þulna (eins og þær eru skilgreindar í þessari ritgerð), til að mynda ákveðna óreglu í bragformi – þ.á m. í rími – og sterk tengsl við hinar Grýlublokkirnar, einkum *Grýla er að vísu* og *Grýla kallar á börnin sín* (sem rætt var um í Ia.1). Það er samhengi milli tilbrigða í upphafi blokkarinnar, annars vegar *Grýla reið fyrir ofan garð* en hins vegar *Grýla reið í garðshorn*, og þess hvaða blokk umræddur texti tengist – eða öllu heldur hvaða stefnu textinn tekur þegar blokkinni *Grýla reið fyrir ofan garð / Grýla reið í garðshorn* sleppir. Gerðin með tilbrigðið *Grýla reið í garðshorn* virðist t.d. sjaldan eða aldrei mynda þulutexta ein og sér heldur kemur hún á undan (sjaldnar á eftir) blokkinni *Grýla kallar á börnin sín*.¹³²⁴ Gerðin með tilbrigðið *Grýla reið fyrir ofan garð* getur hins vegar staðið ein og sér, þótt hún geri slíkt síður en Grýlublokkirnar þar sem heiti eru talin upp,¹³²⁵ en auk þess tengist hún lengri þulublokkinni með

¹³²⁰ DFS 67, 260r; AM 969 4to, 40v. Nafn barns er sett í eyðuna eins og útskýrt er í JS 511 8vo, bls. 96: „þar vantar eitt á, // og þar á (það að fara ofan á sem verid var að kvæða víð eda hræda)“.

¹³²¹ (Ib1-c): JS 289 8vo I, 12v; (Ib1-d): Lbs 587 4to II, bls. 150 (fyrir neðan „Kljásteyn“ stendur: „aðr: barnið leitt“); (Ib1-e): Lbs 418 8vo, 33v („láta“ virðist leiðrétt úr „táta“); (Ib1-f): Lbs 587 4to I, bls. 101; (Ib1-g): Lbs 565 4to, bls. 35.

¹³²² Þ.e.a.s. með lítilli breytingu: *eitt á* (þ.e. vantar eitt barn) þyrfti að verða *á einn* (þ.e. vantar á einn belginn) til að ríma á móti „Kljásteyn“, sbr. (Ib1-c). Á svipaðan hátt þarf aðeins litla breytingu til að koma rími fyrir í „þar vantaði eitt uppá // og það skal vera óvanda barnið leitt“ (JS 515 8vo, bls. 163).

¹³²³ Sbr. t.d. ÍB 656 8vo 17, 1Lv; á 20. öld hins vegar sbr. SÁM 32, 321v; SÁM 84/91 EF (1398); SÁM 85/140 EF (19702); SÁM 85/162 EF (19993) og SÁM 85/163 EF (20023) með sama heimildarmanni; SÁM 85/379 EF (21703).

¹³²⁴ Sjá t.d. DFS 67, 240v, Lbs 418 8vo, 33v og JS 511 8vo, bls. 96 (*Grýla reið í garðshorn* er á undan *Grýla kallar á börnin sín*) og JS 515 8vo, bls. 162–163 (*Grýla reið í garðshorn* er á eftir); sbr. AM 969 4to, 40r–40v þar sem brot úr *Grýlukvæði* er á milli þulutextanna. Þess verður þó að geta að takmarkað tillit var tekið til þess hvort og þá hvernig heimildarmenn hafi gefið það til kynna með merkingum í handritum að um sé að ræða sama textann eða mismunandi.

¹³²⁵ Sbr. Lbs 587 4to I, bls. 101, Lbs 587 4to II, bls. 150 eða Lbs 420 8vo, 122v (með sérstakri endingu).

nöfnum Grýlubarna (þ.e. *Grýla er að vísu*).¹³²⁶ Jafnframt tengist þessi gerð öðrum texta sem er á mörkum þess að vera þula en virðist hafa fleiri einkenni kvæða en þulna (ólíkt textanum sem hér er til umræðu): *Grýla reið með garði // gekk með henni Varði*.¹³²⁷ Þess ber að geta að Grýlublokkir tengjast oft hver annarri en miklu síður út á við, þ.e. við aðrar þulublokkir.

Grýla reið fyrir ofan garð / Grýla reið í garðshorn er lýsing á Grýlu þegar hún ríður í garð – eða fyrir ofan hann – í formi upptalningar á minnum, en í þeim flestum eru einkenni Grýlu fólgin. Stór hluti blokkarinnar er fjölform (sbr. kafla 8.3.2.3) þar sem tölur – hér einkum í síðlínunum – eru einn skipulagsþáttanna, eins og ósjaldan við upptalningu bæði heita og minna (sbr. blokkina *Þrjár á ég Þórunnir* annars vegar en *Táta, Táta* hins vegar). Tilbrigðin í upphafi blokkarinnar virðast ekki hafa áhrif á innri byggingu hennar þótt ákveðið samhengi megi greina á milli þeirra og orðaraðarinnar í tilbrigðunum í niðurlaginu.¹³²⁸

Lýsingin á Grýlu virðist vera kyrrmynd, en um leið er ákveðin hreyfing í blokkinni þar sem með hverju minninu verður erindi Grýlu á bæinn augljósara – og þegar að niðurlaginu kemur virðist Grýla líka komin inn á hlaðið og alla leið að bæjardyrnum. Það þyrfti eigi að síður að seilast langt til þess að segja að mikil atburðarás sé fólgin í blokkinni, jafnvel í þeim tilfellum þegar skýrt svar er komið við erindi Grýlu, annaðhvort að ákveðið – jafnvel nafngreint – barn fari í poka hennar (Ib1-c,g) eða þvert á móti skýrt afsvar (Ib1-f).

Talsverðar breytingar urðu á hefðinni á 20. öld sem leiddu til mun minni fjölbreytni í tilbrigðum. Annað tilbrigðið í upphafi (*Grýla reið í garðshorn*) virðist hafa horfið með öllu og þar með var aðeins önnur gerðin eftir. Af tilbrigðum í lok þulunnar virðist einnig aðeins eitt standa eftir (*barnið leitt*, sbr. (Ib1-g)). Þess ber þó að geta að hvarf annarrar gerðarinnar af þessari blokk virðist ekki hafa komið niður á blokkinni *Grýla kallar á börnin sín*, sem *Grýla reið í garðshorn* tengdist mest, en sú blokk virðist vera sjálfstæðust af öllum Grýlublokkum, ber oft sjálf uppi heila þulutexta – og virðist dafna á 20. öld best af öllum Grýlublokkum.

Ib.2. *Kúapulur (I, II)*

Kúapulur voru ræddar nokkuð ýtarlega í kafla 8.1 og einkum 8.1.4.4. Þar kom m.a. fram að *Kúapulur I* væru blönduð upptalning nafna og minna en *Kúapulur II* að mestu upptalning minna, enn fremur að *Kúapulur I* gætu hafist á nokkrum tegundum inngangs – *Settu þig niður sonur minn*, *Þegiðu, þegiðu sonurinn sæli*, *Ég skal dilla syni mínum*, og *Ég skal gefa mínu barni* – eða beint á fyrsta minni aðalblokkarinnar sem snýst einmitt um það að *kýr mínar/kerlingar koma ofan af fjalli*. Framhald getur verið afar mismunandi þar sem minni í þulunni eru u.þ.b. jafn mörg og stafirnir í íslensku stafrófi og geta blandast saman býsna frjáltslega. Hér verða aðeins sýndar nokkrar reglur og fáein mynstur.

Mikilvægustu, þ.e. algengustu og stöðugustu minnin – og undirblokkirnar – eru:

¹³²⁶ Sbr. JS 289 8vo I, 12v.

¹³²⁷ Sbr. SÁM 85/162 EF (19993); enn fremur Lbs 420 8vo, 122r–122v. Af drögum Jóns Samsonarsonar að þuluútgáfu sést að hann hafi ekki ætlað að gera þennan texta hluta af útgáfu sinni – en ætlaði hins vegar að taka í hana hinar Grýlublokkirnar sem hér eru til umræðu, þ.e. *Grýla reið fyrir ofan garð*, *Grýla reið í garðshorn*, *Grýla er að vísu* og *Grýla kallar á börnin sín*. Helsti munurinn á þessum blokkum og *Grýla reið með garði* virðist vera sá að síðarnefndi textinn er talsvert reglulegri bragfræðilega séð; hann er þó til með nokkrum tilbrigðum og blandast öðrum Grýluþulum.

¹³²⁸ Fyrri línan í niðurlaginu er líklegri til að enda á forsetningunni *á* en töluorðinu *einn* eða *eitt* í þeirri gerð sem hefst á *Grýla reið í garðshorn* – en á töluorðinu ef upphafið er *Grýla reið fyrir ofan garð*. Sjá annars vegar DFS 67, 240v; JS 515 8vo, bls. 162–163; Lbs 418 8vo, 33v; Lbs 421 8vo, 22r; hins vegar DFS 67, 260r; JS 289 8vo I, 12v; Lbs 587 4to I, bls. 101; Lbs 420 8vo, 122v. Meðal undantekninga er Lbs 587 4to II, bls. 150.

- Upphafsminnið {a}, þ.e. minnið sem liggur beint að upptalningu kúa: „Hér koma kýr mínar // ofanaf fjöllum“¹³²⁹ (eða sambærilegt orðalag); minnið er nær alltaf til staðar.
- Fremsta minnið í sjálfri upptalningunni, en algengast er minnið {b}: „heim gánga þær // hún hirna og hún stjarna“,¹³³⁰ með tilbrigðum; það kemur jafnan beint í kjölfarið af {a}. Mjög staðfast er einnig minnið {g}: „Íla og hún Ála, // ofan frá Skála“,¹³³¹ en það getur komið annaðhvort fremst (strax á eftir {a}) eða nokkuð aftar, t.d. á eftir {i} eða {u} (sjá (Ib2-d) vs. (Ib2-f)). Á svipuðum slóðum er minnið {i}: „ganga drynjandi, // Dröfn og hún Hringja“,¹³³² algengast er það beint á eftir {a} en einnig algengt á eftir {b} og kemur enn fremur fyrir á eftir {g}.¹³³³ Í fyllidreifingu við {i} er {j}, sem er algengast á eftir {b}: „Rót og hún hringja // Reidur beljandi“,¹³³⁴ og sömuleiðis {k}: „Brók og hún Brinja, // Bjarnar Reiður“. ¹³³⁵ Ekkert af þessum minnum stendur þó fremst sem algert byrjunarminni.
- Stöðugasti staðurinn í blokkinni miðri virðist vera samsteypa heita og minna (stutt blokk) um kýr í helli, nokkuð mislöng (oft er aðeins fremri helmingurinn notaður) og ekki alltaf skýr, sbr. dæmi (Ib2-a):

(Ib2-a) [...] Geita og hún Grána	geitur tíu
gánga í hellir.	og hún Gilinhirna.
Hvað er í hellir	Hamramóðir
Horninskella	hrísbítandi [...] ¹³³⁶

Algengastur á undan {u} er annar frekar stöðugur staður, {p}: „hún Flekka og hún Fræna, // fylla þær skjólu“,¹³³⁷ en sá næstalgengasti er {g} sem kemur líka oftast en önnur minni á undan {p}. Tíðastar á eftir {u}-blokkinni eru einingarnar {t} og {v}, með aðeins fáein kúanöfn hvor: „likla og lín // og lánspena“ og „aldinskjalda // Æs[í]ntoppa“; nöfnin eru þó bæði gömul og koma fyrir í kúapulum annarra landa.¹³³⁸ Reyndar kemur {t} einnig fyrir á undan {u}, og það gera fleiri blokkir og minni, t.d. {s}: „Díla og hún Dalla // drynja saman allar“¹³³⁹ og {k} (oft með tilbrigðum þegar það er í síðari hluta þulunnar).

- Einnig er algengt að staðfastasta lokaeiningin komi strax á eftir {u}, en það eru nokkrar línur um Gullinhyrnu ({æ}): „gullinhyrna // gengur fyrir þeim öllum // miólkar best i askinn handa

¹³²⁹ AM 960 IX 4to, 2r.

¹³³⁰ Lbs 587 4to II, bls. 95; sbr. „heim renna þær // hátt baulandi, // hyrna og hún stjarna“ (JS 289 8vo I, 27r; um ritun á „hyrna“ sjá athugasemd í kafla 8.1.4, neðanmáls) o.s.frv.

¹³³¹ Sbr. AM 969 4to, 48r; „Nýla og \hún/ ála, // ofann frá skála“ (AM 277 8vo, 33r).

¹³³² Sbr. Lbs 587 4to IV, 4r.

¹³³³ Sjá Lbs 424 8vo, 27r–27v („Hirðinskjalda heimgangandi // gengur drynjandi // Dröfn og hún Hringja“) annars vegar en hins vegar SÁM 32, 17r („Íla og hún Ála // ofan frá skála // ganga þær drynjandi // Dröfn og hún Hringja“), sbr. Lbs 587 4to IX, 43r.

¹³³⁴ Lbs 414 8vo, 111v, sbr. Lbs 587 4to VIII, 11r.

¹³³⁵ AM 960 XIII 4to, 1r; sbr. JS 289 8vo I, 27r ({bk}); sjá og DFS 67, 417r, 417v og Lbs 587 4to III, 10r ({gk}).

¹³³⁶ AM 960 IX 4to, 2r. Sbr. t.d. AM 969 4to, 48r; AM 277 8vo, 33r; DFS 67, 417r (aðeins 2 öftustu línur eru notaðar og þeim er víxlað); DFS 67, 417v (fremri helmingurinn notaður) o.s.frv.

¹³³⁷ Lbs 587 4to IV, 8r, sbr. Lbs 424 8vo, 27r–27v.

¹³³⁸ Lbs 587 4to II, bls. 95 (sbr. JS 289 8vo I, 27r) og Lbs 414 8vo, 90r (sbr. AM 969 4to, 48r). Um þessi og önnur kúanöfn í öðrum löndum sjá: Jón Samsonarson, „Jólasveinar komnir í leikinn,“ 157–159; sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 193–200; sama, „Retrospective Methods in Dating Post-Medieval Rigmarole-Verses from the North Atlantic,“ 102–103.

¹³³⁹ AM 960 XIII 4to, 1r; sbr. Lbs 587 4to IX, 53v ({s} í fyrri hluta þulutexta, eða á undan {u}); AM 969 4to, 48r, sbr. DFS 67, 285v ({s} í seinni hluta þulunnar).

börnum“.¹³⁴⁰ Á undan lokaeiningunni {æ} er blokkinn {h} líka útbreidd, en hún kemur oft fyrir í síðari hluta texta í *Kúaþulum I*:

(Ib2-b) [...] ekki eru taldar \allar/ kals kýrnar enn
það vantar Doppu, Sokku og ærinn Doppu,
aldinn Skjöldu [...]¹³⁴¹

Inngangurinn *Ég skal dilla syni mínum* ({f}) kemur oft en ekki á eftir blokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*; honum fylgja upphöfin {a(b)j} (Ib2-c) eða {agi} (Ib2-d). Auk þess er algengt að minnin {r} og/eða {é} séu öðrum hvorum megin við {u} (sjá sömu dæmin):

(Ib2-c) [...] {f} Eg skal dilla mínum syni
sælum og ljúfum
{a} þar til að kýr mínar
koma af fjöllum
{b} Hildinstjarna
heimgángandi
{j} Rana og hún Ríla
Rauð beljandi
{r} Dúfa og hún Dalla
Rekur saman alla
{é} kýr kerlíngar
Kreppilhyrna
{u} Sú er í helli
sem hornunum skellir
{æ} Gullinhyrna gengur fyrir þeim öllum
mjólkur bezt í strympuna^{± ±} aðr. skjóluna
handa börnunum öllum.

(Ib2-d) [...] {f} Jeg skal dilla syni min[um],
sælum og góðum,
{a} Þangað til kýr kerlíngar
[koma ofanaf fjöllum]
{g} Hún Íla og hún Ála
ofan frá skála
{i} Drynjandi fer
{f} hún Fræna og hún Flekka
Fylla þær skjólur
{r} hún Dúfa og hún Dalla
{h} Ekki eru karls kýrnar allar:
Vantar hana Sokku, Dokku, Smokku
{x} Stóð í stað hún Stikilhyrna
Kolla hljóp á kaf
{æ} Gullinhyrna gengur fyrir þeim öllum
Mjólkur bezt í strimpuna handa börnum. —¹³⁴²

Innganginum *Þegiðu, þegiðu sonurinn sæli* ({e}) tengjast minnin {ea(b)ig(p)}. Upphafinu {eaig(p)} fylgja síðar oft minnin {uhíkt} (Ib2-e), einkum á 20. öld. Lengra upphafinu, {eabigp}, fylgja hins vegar oft minnin {uthvk} (með tilbrigðum) sem taka jafnframt iðulega með sér lokaminnasamsteypu – sem samanstendur af minnunum {ísámæ} í ýmsum samsetningum – og auk þess nautanöfn, {N}, sem geta bæði staðið aftast og í miðri kúaþulu, sjá t.d. (Ib2-f):

(Ib2-e) {e} Þegiðu þegiðu sonur minn
sæli
{a} þangað til kýr okkar koma af fjalli
{i} ganga þær drynjandi
Dröfn og hún Hringja
{g} Ála og Gála ofan frá skál[a]
{p} Flekka og Fræna fylla þær skjólur
{u} Geita og Græna ganga inn í helli

(Ib2-f) {e} Þegiðu, þegiðu sonur minn sæli
{a} þangað til kýr okkar koma af fjalli
{b} heim koma þær Hyrna og hún Stjarna
{i} ganga þær drynjandi Dröfn og hún Hringja
{g} Íla og hún Ála ofan frá Skála
{p} Flekka og hún Fræna fylla þær Skjólu
{u} Geit og hún Grána ganga í hellir
margt er í hellir hornaskellir

¹³⁴⁰ JS 289 8vo I, 28r, sbr. Lbs 587 4to III, 8v eða Lbs 587 4to VIII, 5r. Til eru lengri tilbrigði af þessu minni, t.d. þegar þau hlutverk að ganga fyrir öllum og mjólka handa börnum skiptast á milli tveggja kúa, sbr. t.a.m. dæmi (Ib2-f). Stundum, og þá helst á 20. öld, má sjá og heyra í heimildum þessa viðbót: „[...] og hún Gullinhyrna mín // hún mjólkur svo vel // hún mjólkur fulla krákuskel // ein mjólkur sopa // önnur dropa // þriðja dreitil // fjórða seytil // fimmta líti[I] // og sjötta ekki par // og þá er komið nóg í flautirnar“ SÁM 85/121 EF (19419).

¹³⁴¹ AM 277 8vo 33r, sbr. JS 515 8vo, bls. 61–62, Lbs 587 4to II, bls. 4 o.fl.

¹³⁴² (Ib2-c): Lbs 587 4to III, 8r–8v (leturbreytingin er í handritinu), sbr. t.d. Lbs 587 4to VIII, 4v–5r; (Ib2-d): Lbs 587 4to IX, 43r (textanum er skipt í langlínur í handritinu), sbr. t.a.m. SÁM 32, 17r.

hvað býr í helli
 ham... horna skelli[r]
 hrísbitandi hamramóðir
 {h} ekki eru kýr kerlingar komnar enn
 það vantar hana Brokku og hana Sokku
 og hana Ketilrokku
 {í} heyrir þú það Rögnvaldur
 handan af mýrum
 {k} heim eru komnar Brók og Brynja
 og Bjarn[a]reyður
 {t} Líkna og Lína og Langspena
 {æ} Mjóinhyrna mjólkar best
 í stútinna handa börnum
 en Gullinhyrna gengur fyrir þeim öllum
 {N} þeir brokka á eftir
 Skörungur og Skeljamaki
 Skinnbrók Stúfur
 Hnífill og Velbrokkandi.

Þrísþítandi Hamramóðir
 {t} Lykla og hún Lína og hún Langspena
 {h} ekki eru taldar kýrkerlingar
 það vantar hana Sokku og Dokku
 og hana Kyrtilrokku.
 {v} Göngum fram á Dal Gönguhygga
 Aldinskjalda, {k} Brók og hún Brynja
 og hún Bjarnarreiður.
 {í} Heyrði hann Rögnvaldur
 handan úr mýrum
 {s} Dúfa og hún Dalla
 drynja heim allar.
 {á} Kýr með kálfi og Hoffmannshyrna.
 {m} Komin er hún Stjarna og hún Kreppilhyrna.
 {æ} Gullinhyrna gengur fyrir þeim öllum
 Mjóinhyrna mjólkar bezt
 í krúsina handa börnum.
 {N} Þar skokkar á eftir Skörungur,
 Skinnbrók og Skolamaki
 og Hnýfill og Stúfur og Velbrokkandi.¹³⁴³

Inngangurinn *Settu þig niður sonur minn* ({c}) stendur í tengslum við upphafsminnin {ag}. Þeim fylgir {(k)uv} í miðjunni, en síðar mismunandi minnasamsetningar þar sem {s,h,á,p,t} eru áberandi, þ.á m. samsetningin {kåsh}, sbr. dæmi (Ib2-g):

(Ib2-g) {c} Sittu niðr sonr minn og súptu
 úr ausu
 {a} Nú eru kýr kallsins komnar af fjalli
 {g} Ila og Hún Ala
 Ofanaf Skála
 {u} Geft og hún Gála
 Ganga þær í hellir
 Hvað er í helli?
 Hornaskellir
 Geit heitir hún og Gilhyrna
 Hamramóðir þrísþítandi
 {v} Uppganga dali
 hún Aldinskjalda og hún Æsintoppa
 {k} Brók og hún Brynja

Og hún Bjarnareiður
 {á} Kolsvört Mana
 Komin heim að sumri
 {s} Dúfa og hún Dalla
 Drynja þær allar.
 {h} Ekki eru' ennþá taldar kýr kallsins allar
 {i} Þær ganga drynjandi
 Hún Drafna og hún Hrigg/ja\
 {p} [F]rekna og hún Fræna
 Fylla þær skjólu.
 {t} Lykla og hún Lína
 Og hún Lángspen
 {æ} Gullinhyrna gengur fyrri[r] þeim öllum
 Því hún mjólkar bezt ha[n]da börnunum öllum.¹³⁴⁴

Þessi dæmi gefa ákveðna yfirsýn yfir helstu línurnar sem bygging *Kúapulna I* fylgir, þ.e. þau sýna tengsl helstu inngangsminna {c,e,f} við algengustu samsetningar upphafsminna {abi}, {abj} og {a(i)g} og rekja síðar tengsl þeirra við nokkrar algengar samsetningar minna í miðjunni og seinni hluta, þ.e. {uthvk} og {uhíkt} við {e}, {uvkåsh} við {c}, {ré} við {f}. Varla er þó hægt að segja að hér sé um að ræða nokkrar gerðir blokkarinnar þar sem mjög mikil fjölbreytni ríkir í þessum textum og þetta eru aðeins nokkur dæmi um helstu línur byggingarinnar og tengsl einstakra byggingareininga.

¹³⁴³ (Ib2-e): SÁM 85/145 EF (19787), sbr. SÁM 85/144 EF (19759), SÁM 85/149 EF (19817) og SÁM 85/152 EF (19865); (Ib2-f): SÁM 32, 270r, sbr. Lbs 587 4to II, bls. 146 og 171–172.

¹³⁴⁴ Lbs 587 4to II, bls. 179–180, sbr. Lbs 587 4to IX, 61r og AM 969 4to, 48r.

Þá hefjast nokkrir textar beint á upphafsminninu {a}; flestir þeirra nánar til tekið á {aig} eða {abi}/{abj}/{abk}, en {i,j,k} eru náskyld minni – eða jafnvel tilbrigði við sama minni, hér er erfitt að draga mörkin – og standa í fyllidreifingu. Þetta eru venjulega stuttir textar með ýmsum samsetningum af miðminnum {p,t,u,h} o.fl., ásamt lokablokkinni {æ} (oftast).¹³⁴⁵

Blokkin *Kúaþulur I* tengist lítt við aðrar þulur síðari alda í þeim skilningi að hún fær frekar sjaldan minni og heiti lánuð frá öðrum þulum, og lítið efni úr henni fer út í aðrar þulublokkir. Hún kemur þó af og til á undan eða á eftir öðrum þulublokkum í ýmsum þulutextum. Það er algengt að *Kúaþulur I* komi á eftir blokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*,¹³⁴⁶ einkum með {f}-minnið í innganginum að kúaþulunni. *Kúaþulur II*, sem næst verður fjallað um, koma stundum á eftir *Kúaþulur I*,¹³⁴⁷ og stöku sinnum aðrar blokkir eða textar.¹³⁴⁸

Blokkinn sem hér nefnist *Kúaþulur II* (dæmi (8-1), (8-20)) er frekar skipulögð runa af línupörum þar sem hver kýrin leggur fyrri línuna til máls, en sú seinni samanstendur jafnan af orðunum *segir hún* (eða *hann* ef boli tekur til máls) og nafni kýrinnar sem rímar við fyrri línuna; setningafræðilegur og bragfræðilegur þáttur fléttast hér saman við formúluna, sem stýrir byggingu seinni línunnar í hverju línupari, og mynda því fjölbform. Runurnar hefjast oftast á línunum *Sól skín á fossa* með ýmsum tilbrigðum, t.d. „Sólin skín á fossa // segir hún Krossa“, „sniórinn drifr í fossa // segir hon krossa“ o.þ.h., eða *Hvar á að tjalda*, t.d. „Hvar á að tjalda // segir hún Skjalda?“.¹³⁴⁹ Þessi spurning ásamt svarinu „niður við ána // segir hún Grána“ (með tilbrigðum)¹³⁵⁰ myndar fyrri kjarna blokkarinnar; hann er í flestum textum. Sá seinni er nær lokum blokkarinnar og samanstendur einnig af tveimur línupörum, „Eg skal eta í mína hýt // segir hún Hvít“ og „Eg skal eta sem eg þoli // segir hann Boli“,¹³⁵¹ sem standa venjulega saman þótt líka séu til dæmi um hið gagnstæða. Á milli þeirra eru önnur svipuð línupör (stundum skrifuð sem langlínur í heimildum). Algengust þeirra eru: „Eg skal snjónum spirna // segir hun Hirna“, „Eg skal éta sjálfur segir hann litli Kálfur“, „Jeg skal mjólka minna, segir hún Kinna“ og niðurlagið „og þá sprakk hann boli“ (fylgir seinni kjarnanum).¹³⁵² Sjá einnig dæmi í kafla 8.1.2. *Kúaþulur II* fylgjast að við fyrri flokkinn af kúaþulum¹³⁵³ en hafa lítil tengsl við aðrar þulublokkir.

Ib.3. *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*

Í þessari blokk er upptalning á heitum dýra – þ.á m. húsdýra – og á því sem þau gera, einkum hvernig þau gefa frá sér hljóð og hreyfa sig; þ.e. upptalning á einföldum minnum. Blokkinn hefst á stuttum inngangi (venjulega 4 línur) og eru fyrstu línurnar *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í*

¹³⁴⁵ Sbr. t.d. Lbs 587 4to VIII, 14v; AM 960 IX 4to, 2r og AM 960 XIII 4to, 1r (með frávikum þó).

¹³⁴⁶ Sjá JS 289 8vo I, 28r, Lbs 587 4to III, 8r, Lbs 587 4to VIII, 4v–5r, Lbs 587 4to IX, 43r, SÁM 30a, 108r eða SÁM 30b, 432r.

¹³⁴⁷ AM 960 IX 4to, 2r, JS 289 8vo I, 28r (ásamt blokkinni *Kýrin bleik*, sjá umfjöllun í Id.5), SÁM 30a, 80r–81r.

¹³⁴⁸ T.d. „Pilturinn og stúlkan töluðu með sér gaman“ á undan *Kúaþulum I* (Lbs 587 4to VIII, 10v), upptalning fólks í gleðinni (Lbs 587 4to III, 10r) og *Norðarlega eru Nauthús* á eftir *Kúaþulum I* (Lbs 587 4to II, bls. 122), eða *Kom ég þar að kvöldi* á milli *Kúaþulna I* og *II* (AM 960 XIII 4to, 1v).

¹³⁴⁹ AM 960 IX 4to, 2r og JS 289 8vo I, 28r annars vegar, hins vegar AM 960 XIII 4to 1r.

¹³⁵⁰ AM 960 XIII 4to, 1r; sbr. „fyrir utann ána“ (JS 289 8vo I, 28r), „fyrir ofan ána“ (Lbs 2856 4to, 139r), „Suð<ur> við ána segir hún Grána“ (SÁM 30a, 81r) eða „fyrir sunnan ána“ (Lbs 587 4to VIII, 5r).

¹³⁵¹ AM 960 XIII 4to, 1v.

¹³⁵² AM 960 XIII 4to, 1r–1v; SÁM 30a, 81r; Lbs 587 4to VIII, 5r; Lbs 418 8vo, 34r.

¹³⁵³ Sbr. AM 960 IX 4to, 2r; AM 960 XIII 4to, 1r; Lbs 587 4to VIII, 4v–5r; Lbs 418 8vo, 34r; JS 289 8vo I, 28r; DFS 67, 206r (þar sem blokkinn *Kúaþulur II* rennur eiginlega saman við stuttan og óreglulegan texta af *Kúaþulum I*) og SÁM 30a, 80r–81r.

dalinn með miklum tilbrigðum.¹³⁵⁴ Upptalningin sjálf er 3–8 línur en oftast þó 5 línur (einnig 5 línur að meðaltali, rétt rúmlega fyrir 20. öld en rétt tæplega á 20. öld) og lýkur með einnar línu niðurlagi. Ein algengasta útgáfan af blokkinni er í dæmi (Ib3-a), en sum tilbrigðin í (Ib3-b):

(Ib3-a) Gékk eg uppá hólín.
horfði eg ofani dalin
sá eg hvar hún Lánghala
lék sér við Saudin
kyr káfjandi,
kálfur beljandi,
Hundur Hoppadi
Hanin gól.
fyrir miðja morgun sól [...]

(Ib3-b) Gékk eg uppá hól hól,
sá \eg/ ofan í dal dal;
sá eg hvar hún Langhala
ljek sjer við sauðinn;
dýr grenjaði;
[...]
kolur kvakaði;
kisa mjálmaði;
Øgn skrækta;
haninn fnæsti.
Fyrir miðja morgun sól [...]¹³⁵⁵

Gékk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn er sjálfstæð blokk; hún getur m.a. myndað þulutexta bæði ein sér¹³⁵⁶ og ásamt nátengdum stuttum minnum, einu eða fleiri, t.d. *upp á stól stendur mín kannu*.¹³⁵⁷ Sömuleiðis getur blokkin myndað aðeins flóknari yfirblokkir með öðrum blokkum, t.d. *Suður á mýri að sækja lömbin*,¹³⁵⁸ stundum sér, en oftast ásamt *Fylgdarmannatölu* (Ia.4), *Selur spurði sel* (Ic.7) og/eða blokkinni *Hvað kanntu að vinna* aftast (Ib.9).¹³⁵⁹ *Gékk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* er einnig algeng upphafsblokk í þulum, en í framhaldi koma þá oftast kúapulur (sjá umfjöllun um þær hér að framan) eða blokkin *Kom ég þar að kvöldi* (sjá Ic.1).¹³⁶⁰ Umrædd blokk getur einnig komið fram í þulutextum í framhaldi af öðrum þulublokkum og yfirblokkum, t.d. *Sat ég undir fiskihlaða*,¹³⁶¹ eða ásamt blokkum úr yfirblokkunum *Lambið beit í fingur minn* og *Gékk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*¹³⁶² eða blokkinni *Hvað kanntu að vinna* sem tengist *Poki fór til Hnausa*.¹³⁶³

¹³⁵⁴ Tilbrigðin eru í sagnorðunum (t.d. *gekk vs. kom* í AM 969 4to, 46v, *fór* í Lbs 587 4to IX, 54v, SÁM 30a, 3r og SÁM 84/91 EF (1390), *sté* SÁM 85/291 EF (2598); *horfði vs. leit* AM 969 4to, 46v, *sá* Lbs 587 4to IV, 4v og víðar, *hugði* Lbs 587 4to II, bls. 119 og SÁM 30a, 3r, *gægdist* Lbs 587 4to IV, 29r), í atviksorðunum og forsetningunum og jafnvel í staðsetningum, sbr.: „Fór ég upp á háan hól“ SÁM 84/91 EF (1390) og jafnvel „fór eg upp til Hóla“ í Lbs 587 4to IX, 54v, væntanlega samsláttur við blokkina *Konan mín í kofanum*. Í 3. línu inngangsins er *langhala/Langhala* kölluð ýmsum nöfnum, t.d. „Lángróa“ í AM 969 4to, 46v, *Langhálsa* í SÁM 30a, 3r og jafnvel *búkolla* á SÁM 84/62 EF (1040) og SÁM 84/64 EF (1060) (með sama heimildarmanni).

¹³⁵⁵ DFS 67, 258r; Lbs 587 4to IV, 4v.

¹³⁵⁶ Sbr. DFS 67, 436r; Lbs 587 4to IX, 54v; SÁM 30b, 83r, 108r og 421r.

¹³⁵⁷ Sjá til að mynda Lbs 414 8vo, 100v (þar sem „á stol stendur min kannu // nyu nottum fyrir Jól dansadi hun anna“ kemur í staðinn fyrir venjulega niðurlagið); Lbs 936 4to, bls. 793; SÁM 32, 319v; SÁM 85/122 EF (19424); SÁM 85/166 EF (20094); SÁM 85/179 EF (20323).

¹³⁵⁸ Um þessa blokk er ekki fjallað sérstaklega hér, en hún gegnir oft hlutverki inngangs að *Fylgdarmannatölu*, sbr. Ia.4.

¹³⁵⁹ Sbr. SÁM 85/341 EF (21216): *Gékk ég upp á hólinn* + *Suður á mýri* (ásamt upptalningu fylgdarmanna); JS 507 8vo, bls. 34–35: *Gékk ég upp á hólinn* + *Selur spurði sel* + *Suður á mýri* (ásamt *Fylgdarmannatölu*) + *Hvað kanntu að vinna* (sbr. svipaðan texta í Lbs 1911 8vo, bls. 27); og Lbs 587 4to VIII, 14r–14v (sama án *Selur spurði sel*). Um blokkina *Selur spurði sel* er fjallað í Ic.7 en um *Hvað kanntu að vinna* í Ib.9.

¹³⁶⁰ Lbs 587 4to IV, 29r; Lbs 418 8vo, 30v–31r; Lbs 421 8vo, 72r; SÁM 30a, 465r–465v; SÁM 85/280 EF (2320); SÁM 84/62 EF (1040) og SÁM 84/64 EF (1060); SÁM 85/197 EF (20568); SÁM 85/178 EF (20311) o.fl.

¹³⁶¹ Lbs 587 4to III, 41v, Lbs 1911 8vo, bls. 23–24; SÁM 30a, 91r–91v.

¹³⁶² T.d. í Lbs 414 8vo, 107v–108v og Lbs 587 4to I, bls. 35–36.

¹³⁶³ Sjá t.a.m. JS 507 8vo, bls. 34–35, Lbs 587 4to VIII, 14r–14v og Lbs 1911 8vo, bls. 27.

Ib.4. *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*

Blokkin *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*, sem stundum kemur einmitt í beinu framhaldi af blokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*,¹³⁶⁴ er einnig upptalning á minnum með stuttum inngangi (fyrstu tvö línupör), en hann má sömuleiðis túlka sem upptalningu á minnum þótt hann sé ekki alveg hliðstæður meginmáli blokkarinnar. Upptalningarhluta blokkarinnar má skipta í tvær gerðir eftir því hvort af skáletruðu minnapörunum er til staðar í þulutexta, sbr. dæmi (Ib4-a,b) þar sem undirstrikuðu minnin tilheyra kjarna blokkarinnar (í báðum gerðum), en minnin í síðustu fjórum línunum í (Ib4-a) geta verið í báðum gerðunum:

(Ib4-a) Gékk jeg hólinn
að brína mjer þar ljá,
ekki bannar hann Sancte Jakob
mjer þar að slá,
votar eru veitur
veð jeg upp að knjám,
þurrar eru þúfur
og þar vil jeg slá,
brattar eru brekkur,
brenna grösín á,
ekki get jeg skirið gjört,
því mjólkin er svo smá,
drífur döggin,
þá drengirnir slá [...]

(Ib4-b) Fór jeg uppá völlin,
að brína mjer ljá,
ekki mun hann Jacob
banna mjer að slá?
háir eru hólarnir,
og snjó skafið á,
votar eru veiturnar,
og veð uppi hnjá,
brattar eru brekkurnar,
og brenn[a] grösín á [...]¹³⁶⁵

Þessi upptalning er ekki með sérstakt niðurlag – nema til niðurlags teljist fyrri hluti afar blandaðrar undirblokkar sem fylgir upptalningunni hér að framan nær undantekningarlaust og tengir hana oft við aðra upptalningu, sem hér er kölluð *Fylgdarmannatala* (sjá kafla um hana hér að framan), í sömu yfirblokkinni. Fyrri hluti umræddrar tengiblokkar er stutt upptalning á nokkrum áaheitum (svo stutt að hún stendur varla undir því að vera stofn blokkarinnar), en hún hefst oft með spurningu hvort eða hvar eigi að ríða suður yfir á (eða þá fyrir sunnan á):

(Ib4-c) [...] hvar á að ríða
fyrir sunnan á,
Laxá, Laumá,
Strángá, Straumá,
Hornafjarðar Staðará [...]¹³⁶⁶

Seinni hluti tengiblokkarinnar er minnið *kvalinn er sá karlmaður sem kóngsdóttir á*, með miklum tilbrigðum og stundum í fylgd með minninu *allir hennar hermenn fylgja henni fram*, sem er einnig í mismunandi útfærslum. Um er að ræða inngang að *Fylgdarmannatölu*, sbr. dæmi (Ia4-a,b).

Blokkin *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* fylgist venjulega að við *Fylgdarmannatölu* og stendur ekki oft ein og sér. Hún tengist eigi að síður öðrum þulublokkum af og til, t.d. yfirblokkinni *Poki fór til Hnausa* í AM 960 IX 4to, 7r–7v (sem fer þá á undan blokkinni sem hér um ræðir) og

¹³⁶⁴ Sjá t.d. Lbs 414 8vo, 108r–108v og SÁM 84/91 EF (1390).

¹³⁶⁵ Lbs 418 8vo, 33r og AM 969 4to, 46r. Í undantekningartilfellum er hvorugt einkennandi minnaparið til staðar í þulutexta (Lbs 587 4to III, 14r) eða þvert á móti eru þau bæði til staðar (AM 960 IX 4to, 7v).

¹³⁶⁶ Lbs 418 8vo, 33r (frh. af (Ib4-a)).

Nefjatölu í Lbs 587 4to III, 42v, sem fer þá á eftir blokkinni *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*; *Nefjatala* verður rædd í næsta kafla.

Ib.5. *Nefjatala*

Hér er um að ræða tvískipta blokk (yfirblokk) eða jafnframt tvær blokkir, áþekkar að því leyti að um tiltölulega reglulegt bundið mál er að ræða; hér er vísað til þeirra eftir fyrstu línunum, *Ekki vildi eirnef* (annað algengt upphaf er *Betra væri brýnt nef*)¹³⁶⁷ og *Ræ ég á róður þinn*,¹³⁶⁸ með tilbrigðum. Bragform blokkanna er þó ekki eins; blokkinn *Ekki vildi eirnef* er með karlím (samrím) en hin með kvenrím í síðlínunum (XAXA) ásamt innrími, eða nokkuð reglulegum aðalhendingum í síðlínunum auk stakra skothendinga í frumlínunum. Í báðum blokkunum er nokkuð regluleg stuðlasetning.¹³⁶⁹ Þá hafa báðar blokkirnar einkenni fjölforms í byggingu.

Algengt er að *Ekki vildi eirnef* sé á undan *Ræ ég á róður þinn* í þulutextum, einkum þegar blokkirnar eru ekki í fullri lengd sinni, og að fyrrnefnda blokkinn sé lengri (en í fullri lengd eru blokkirnar u.þ.b. jafnlangar), sbr. dæmi (Ib5-a,b) þar sem upphaf hvorrar blokkarinnar er skáletrað:

(Ib5-a) [...] *Ekki vildi eirnef*
a[r]ka með trénefi,
betra væri brymnef
að bora heldur en járn[-]nef.
mjótt messingar nef[,]
manadi gullnef.
Ræd eg vid róður þinn
réttnefur sléttnefur
þó þú lítir á bak þér aptur.
Brymnefur krymnefur [...]

(Ib5-b) [...] *Ræði eg um róður þinn*,
Réttnefur, Sléttnefur!
Enn ef þú vilt ekki það,
Innefur, Kinnnefur!
láttu falla á bak betur,
Bjúgnefur, Strjúgnefur —
Ekki skyldi Eirnefur
etja við Koparnef;
betra myndi Blýnef
að berjast ei við Jármnef.
Heilt, heilt er hornnef —
hvar sást' hann Trénef.
Mjótt er Messingarnef —
og man eg hann Gullnef.¹³⁷⁰

Blokkirnar tvær hafa svipaða byggingu, þ.e. tvö línupör mynda kjarna (2.–3. og 4.–5. línupar í (Ib5-a)) og þeim fylgja oft önnur línupör: t.d. 1. línupar í (Ib5-a) og næstsíðasta í (Ib5-b) í blokkinni *Ekki vildi eirnef*, en 2. línupar í (Ib5-b) í *Ræ ég á róður þinn*. Fáein línupör eru aðeins í lengstu útgáfum blokkanna tveggja. Helsti munurinn í byggingu blokkanna er að víxl línupara eru algeng í *Ekki vildi eirnef* – það að síðasta línupar í (Ib5-b) sé á undan því næstsíðasta er a.m.k. jafn algengt¹³⁷¹ – en nokkuð sjaldgæf í *Ræ ég á róður þinn*.¹³⁷²

Blokkirnar tvær standa venjulega í tengslum við aðrar blokkir úr yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* – m.a. textarnir í dæmum (Ib5-a,b) – en geta einnig tengst öðrum blokkum. Hins vegar

¹³⁶⁷ Sbr. DFS 67, 258v, Lbs 587 4to II, bls. 180[C] (2r í innskotstváinni á eftir bls. 180), SÁM 85/180 EF (20335) annars vegar; hins vegar Lbs 587 4to II, bls. 180[B], Lbs 587 4to II, bls. 159, Lbs 1057 4to, 185r og SÁM 85/150 EF (19821).

¹³⁶⁸ Lbs 665 8vo, bls. 261; sbr. „Ræði eg um róður þinn“ í DFS 67, 420v, „Ræd eg vid róður þinn“ í DFS 67, 258v o.s.frv. Heiti heildarblokkarinnar kemur frá þeirri er hér ritar og er myndað með heitið *Ættartala* til hliðsjónar.

¹³⁶⁹ Ekki er hægt að útiloka að um sé að ræða vísur sem hafa verið í munnlegri geymd um skeið.

¹³⁷⁰ DFS 67, 258v og 420v. Í fullri lengd eru blokkirnar í Lbs 665 8vo, bls. 261, Lbs 587 4to II, bls. 37 og Lbs 1124 8vo I, bls. 39; þær eru svo líkar að ekki er hægt að útiloka tengsl á milli uppskriftanna.

¹³⁷¹ Lbs 665 8vo, bls. 261, Lbs 587 4to II, bls. 37 og Lbs 1124 8vo I, bls. 39.

¹³⁷² Sbr. þó Lbs 587 4to II, bls. 37.

rata minni úr þessum tveimur blokkum sjaldan í aðrar þulublokkir, en blokkirnar tvær taka sjaldan við öðru efni.

Ib.6. *Bokki sat í brunni og Þar sitja ...*

Blokkin *Bokki sat í brunni* var rædd í kafla 8.3.3.2 og var þar m.a. bent á það að í upptalningu minna í þessari blokk væri ákveðin frásagnarframvinda sem næði þó ekki að þróast í atburðarás; sbr. dæmi (8-54). Blokkin samanstendur oftast af þremur hlutum (undirblokkum) {a,b,c} sem má sjá í dæmi (Ib6-a):

(Ib6-a) {a} Blokki sat í brunni, hafði blad í munni, hristi sína hrínga bad fugla syngia	{d} /þar sitia syst[u]r ad skafa gull kistur. þar sitia sveinar ad skafa gull teina\
{b} gragiæsa módir liádu mer vængi svo eg geti flogid upptil födr túngla	þar sitia lallar af skafa gull palla þar sitia nunnur ad skafa gulltunnur
{c} Túnglid tunglid taktu mig \og berdu mig/ upp til skýia þar sitr hún modr mín ad kemba ull nýa,	þar sitia Jo[n]ar ad skafa gullprióna þar sitia freyur ad skafa gulltrejur<.> ¹³⁷³

Hlutarnir {a,b,c} eru fjórar línur hver og minna á erindi að því leyti að þeir hafa áþekka hrynjandi – einkum {a} og {b} – og tveir þeirra ríma, en samrímið AABB er í {a} og rímið xAxA {c}. Bragform hlutanna er því ekki eins – og getur þar af leiðandi varla tengt undirblokkirnar saman eitt og sér. Ekki eru heldur mikil merkingartengsl á milli hlutanna þriggja; fátt annað virðist t.d. tengja fyrstu tvo hluta en það að *Grágæsamódir* úr {b} getur verið *fugl* úr síðustu línu {a}. Heldur meira samhengi er á milli {b} og {c} þar sem grágæsamódir er beðin um að taka þulumælanda „upptil födr túngla“, en í upphafi {c} er „túnglid“ ávarpað beint og beðið um að flytja þulumælanda áfram til móður sinnar. Athyglisvert er að í sumum tilfellum er ekki *tungl* heldur *tún* í lok síðustu línu í {b} í sumum heimildum – og þá vantar stundum líka {c}, því tengingin við {b} virðist glatast þegar orðinu er skipt.¹³⁷⁴ Enn fremur vekur athygli að þrátt fyrir það að merkingartengsl á milli {b} og {c} virðist vera sterkari en á milli {a} og {b} þá standa {a,b} jafnan saman í þulutextum, en {c} getur vantað. Jafnframt eru til nokkrir textar sem byrja beint á {c}¹³⁷⁵ en enginn virðist hefjast á {b}; þ.e. {a,b} sameinast einnig um að vera fjarverandi. M.ö.o. virðast tengsl á milli {a} og {b} samanlagt sterkari en á milli {b} og {c} þótt augljós skýring á því sé ekki fyrir hendi.

Blokkin *Þar sitja ...* (táknun {d} hér) fylgir oftast blokkinni *Bokki sat í brunni* á 19. öld en aðeins í um helmingi tilfella á 20. öld. Hún er að því leyti ólík blokkinni *Bokki sat í brunni* – sem stendur í raun á mörkum þess að vera upptalningarblokk og frásagnarblokk – að í henni virðist engin frásagnarstefna vera. *Þar sitja ...* virðist vera ósvikin upptalning minna, eða jafnvel heita –

¹³⁷³ JS 289 8vo I, 29r (þaðan er einnig texti í dæmi (8-18a) í kafla 8.1.4.5), sbr. Lbs 587 4to II, bls. 162, Lbs 423 8vo, 114r o.fl. Í (8-54) eru aðeins sýndir hlutarnir {a,b,d}, en upptalningunni lýkur á: „þar sitja fleiri // skafa gull og eyrir, // undir sællrar Márju minnar drottningar vængjum“ – og síðar kemur {c} sem annað niðurlag (Lbs 587 4to III, 62v–63r).

¹³⁷⁴ Lbs 587 4to III, 62r–62v („til föðurtúna“), Lbs 418 8vo, 31r („til föðu[rs]túna“). Sbr. þó Lbs 1911 8vo, bls. 57–58 þar sem þulan heldur áfram með {c} innanborðs; fleiri dæmi eru um slíkt.

¹³⁷⁵ T.d. AM 969 4to, 50v og Lbs 587 4to II, bls. 150.

með tilliti til þess að sögnin er oftast en ekki sú sama, *skafa*.¹³⁷⁶ Blokkin er augljóslega byggð upp sem fjölform (sbr. kafla 8.3.2.3).

Blokkin endar oft með upptalningunni sjálfri, en þó er stundum niðurlag, líkt og í textanum sem dæmi (8-54) er tekið úr,¹³⁷⁷ eða annað niðurlag tengt nafni Maríu:

(Ib6-b) [...] gef þú mér í mariju nafni
heikorn uppi hripi,
hvert þú ert af fjallí komin
ellegar brotnu Skipi [...] ¹³⁷⁸

Bæði niðurlögin með Maríunafni finnast aðeins í dæmum fram að 20. öld. Tvö önnur en ekki eins algeng niðurlög tengjast hins vegar 20. öld:

(Ib6-c) [...] Þar situr Jón Arason
með unga brúði sína
en ég tölti á eftir
með litlu skóna mína.

(Ib6-d) [...] þar situr hann faðir minn
á gráu gæruskinni
með gatið í miðjunni. ¹³⁷⁹

Þá má stundum sjá niðurlög sem tengja *Þar sitja* ... við blokkirnar á eftir, eins og í (Ib6-e,f) þar sem fyrstu tvær línur í hvoru dæminu eru lok upptalningarblokkarinnar:

(Ib6-e) [...] þar sytja nunnur
og skafa Gulltunnur,
þar sytur kona
og heldur á vendi,
henni fylgja allir fram, *m*,
Ulfur og Alfur [...]

(Ib6-f) [...] þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja
þar sat maður sunnan undir vegg
hann var að kembera sitt gráa skegg
ég leit upp til himna
og sá tólf hesta renna [...] ¹³⁸⁰

Eins og nærri má geta fer *Fylgdarmannatala* á eftir textanum í (Ib6-e) en í (Ib6-f) heldur blokkin *Sat ég undir stofuvegg* áfram.

Báðar blokkirnar, *Bokki sat í brunni* og *Þar sitja* ..., eru opnar gagnvart öðrum þulublokkum og mynda ósjaldan þulutexta með mismunandi blokkum, einkum á 19. öld. Á undan fyrri blokkinni koma t.d. blokkirnar *Karl og kerling*,¹³⁸¹ *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* og *Kom ég þar að kvöldi*.¹³⁸² Á eftir *Þar sitja* ... geta t.d. verið *Heyrði ég í hamrinum* og *Karl tók til orða*,¹³⁸³ *Kýrin bleik* og *Norðarlega eru Nauthús* ásamt *Fylgdarmannatölu*,¹³⁸⁴ og *Lambið beit í fingur minn*¹³⁸⁵ svo eitthvað sé nefnt. Á 20. öld verður svo talsverð einföldun í kringum þulublokkirnar *Bokki sat í brunni* og *Þar sitja* ...; síðarnefnda blokkin fylgir talsvert sjaldnar þeirri fyrrnefndu, þannig að margir

¹³⁷⁶ Dæmi eru um aðrar sagnir, t.d. í lokalinum upptalningarinnar: „þar Situr Minn fa[d]jirin // bángar hann s[ín] Hamarín“ (Lbs 414 8vo, 92v), „þar situr hann fadir minn, // og er að bursta hatinn sinn“ (Lbs 587 4to II, bls. 162), „þar sytur kona // og heldur á vendi“ (Lbs 423 8vo, 114r).

¹³⁷⁷ Lbs 587 4to III, 62v (sbr. neðanmáls fyrir í þessum kafla). Sbr. Lbs 418 8vo, 31r og DFS 67, 197r.

¹³⁷⁸ Lbs 587 4to VIII, 13r, Lbs 587 4to II, bls. 46.

¹³⁷⁹ (Ib6-c): SÁM 85/142 EF (19720) og SÁM 85/155 EF (19895) þar sem heimildarmenn eru systkini, sbr. þó einnig SÁM 85/371 EF (21595) frá öðrum heimildarmanni, aðeins öðruvísi. (Ib6-d): SÁM 85/179 EF (20318 og 20320).

¹³⁸⁰ Lbs 423 8vo, 114r og SÁM 85/180 EF (20329).

¹³⁸¹ DFS 67, 195r.

¹³⁸² Lbs 418 8vo, 30r–31r.

¹³⁸³ JS 507 8vo, bls. 31–32.

¹³⁸⁴ Lbs 587 4to VIII, 13r.

¹³⁸⁵ Lbs 587 4to II, bls. 46–47.

textar samanstanda aðeins af einingunum {a–c},¹³⁸⁶ en það þekktist varla á 19. öld. Þá mynda nær engar þulublokkir texta með blokkunum *Þar sitja ...* og *Bokki sat í brunni*.

Ib.7. *Ég sá hann á alþingi*

Þessi stutta blokk er sameiginlegt framhald fyrir *Karl fór yfir á* annars vegar (sjá Ia.9) og kjarnablokkina ({d}) í yfirblokkinni *Stígum við stórum* (sjá Id.3), en þar er umrædd blokk þó afar sjaldgæf. Nokkur munur er á blokkinni *Ég sá hann á alþingi* eftir því hvort hún fylgir blokkinni *Karl fór yfir á* eða *Stígum við stórum*. Þegar *Ég sá hann á alþingi* kemur á eftir blokkinni *Karl fór yfir á* þá er tengispurningin á milli blokkanna tveggja þessi: „hvar sastu þann kall, sem meira matti bera“.¹³⁸⁷ Á eftir geta komið örfáar línur úr {a} í dæmi (Ib7-a) – og blokkinn *Ættartala* oft í kjölfarið¹³⁸⁸ – eða undirblokkirnar {a,b}¹³⁸⁹ og jafnframt {a–c} ásamt texta úr blokkinni *Tafra gleypiti tuttugu hafra*, sbr. síðustu línu í dæmi (Ib7-a):

(Ib7-a) [...] Jeg sá hann á Alþingi, {a} hann kэмди sér með horn kambi, kastaði Gullkambi. færði sig í bætta Brók, dró eptir sér þá betri, {b} með hlandkút á höfði, greni spítu í Augum, Flotbíta i kjapti, Eldibrand í Rassí,	{c} át hann ofan úr Róti, Uxa Tólf með sóti, beínín trú eg hann brjóti, með blöndu kjangga á móti. Físka fímm úr Fljóti, Fjórðungs lím úr hjalli, þá var rögg á kallí, át hann Flot og feítt kjöt [...] ¹³⁹⁰
---	--

Þegar *Ég sá hann á alþingi* kemur hins vegar í framhaldi af *Stígum við stórum* er tengispurningin þar á milli önnur: „sástu hvörgi hann Svart son minn?“. Svárið er „sá jeg hann arma þjófin[n] þann“¹³⁹¹ (eða sambærilegt), en því fylgir stundum spurningin „Hvar var hann?“,¹³⁹² og þá kemur svar við henni – eða framhald svars við fyrstu spurningunni, eftir því sem við á; sjá (Ib7-b):

(Ib7-b) [...] hann var uppá Alþingi og stal bæði nautum og Sauðum, {b} með Hlandkopp á Hausnum, títuprjón í augunum, grenispítu í eyrunum,	svælistækju í nösunum, Eldibrand í rassinum, {d} skír í annari klónni enn skarn í annari, kastaði niður skirinu en át skarnið. ¹³⁹³
--	---

Fyrri inngangslínan og einingin {b} er sameiginleg með þeirri gerð blokkarinnar *Ég sá hann á alþingi* sem fylgir blokkinni *Karl fór yfir á*. Munurinn er hins vegar fólgin í seinni inngangslínunni (en hún er aðeins í þeirri gerð blokkarinnar sem fylgir *Stígum við stórum*) og í því að {a}, sem er í kjarna þeirrar gerðar sem kemur á eftir *Karl fór yfir á*, vantar í dæmi (Ib7-b).¹³⁹⁴ Einnig felst munurinn í því að {d} er í báðum blokkartextunum sem fylgja *Stígum við stórum* en aðeins í einum af

¹³⁸⁶ Sbr. SÁM 30a, 91v; SÁM 32, 320v; SÁM 85/122 EF (19427); SÁM 85/124 EF (19471); SÁM 85/140 EF (19705); SÁM 85/165 EF (20086); SÁM 85/178 EF (20313).

¹³⁸⁷ Sjá Lbs 587 4to III, 73v, Lbs 414 8vo, 105r, sbr. SÁM 30b, 422r.

¹³⁸⁸ Sjá Lbs 587 4to III, 42v eða Lbs 418 8vo, 31v eða SÁM 85/260 EF (2373); sbr. þó SÁM 30b, 111r (án *Ættartölu*).

¹³⁸⁹ Sjá Lbs 587 4to II, bls. 55; ÍB 656 8vo 17, 3Lr; Lbs 2184 b 8vo [I], [8r]; SÁM 30b, 422r.

¹³⁹⁰ Lbs 1124 8vo I, bls. 1, sbr. Lbs 587 4to III, 74r. Í framhaldi kemur texti úr *Tíkinni hennar Leifu*, sjá (Ia10-e).

¹³⁹¹ AM 969 4to, 244r, sbr. Lbs 1911 8vo, bls. 33.

¹³⁹² Þannig í Lbs 1911 8vo, bls. 33.

¹³⁹³ AM 969 4to, 244r.

¹³⁹⁴ Í Lbs 1911 8vo, bls. 33–34 eru aðeins seinni línurnar úr {a}.

þeim textum sem fylgja *Karl fór yfir á*,¹³⁹⁵ þótt þeir séu talsvert fleiri en tveir. Þess má geta að röð eininganna í blokkinni er nokkuð stöðug þótt einingarnar séu oft mismargar og textarnir mislangir.

Ib.8. *Táta, Táta, teldu dætur þínar*

Vísað er til blokkarinnar eftir fyrstu línu hennar, en oft er heiti hennar stytt sem *Táta, Táta*.¹³⁹⁶ Fjallað var um blokkina m.a. í kafla 8.3.3.2; sjá og dæmi (8-52) þar. Á eftir frekar fábreyttum innangi og upptalningu kemur niðurlag, t.d. „Þá er nú hálf talið Ta[u]tulið“ (8-52)¹³⁹⁷ eða þvert á móti „hvergi er þó hálf[a]lið lið hennar Tótu!“¹³⁹⁸ eða samsett „hálf er talið tátu lið // og þar máttu bæta við“.¹³⁹⁹ Eitt tilbrigði við niðurlag kallar aftur á móti oft á frekari upptalningu; það er hið stutta „hálf hef ég talið“.¹⁴⁰⁰

Blokkin um Tátu tengist lítt öðrum blokkum – að frátalinni blokkinni *Þrjár á ég Þórunnir* sem kemur oft í beinu framhaldi (sjá umfjöllun um hana í Ia.5).

Ib.9. *Hvað kanntu að vinna* og aðrar vinnutengdar upptalningar

Stuttu blokkarinnar *Margt kann hann Grettir vel að vinna* (sem má flokka sem undirblokk í *Karl tók til orða*, sjá (Ic.5)) þarf að geta hér þó ekki væri nema vegna þess að hún virðist hafa verið til – vissulega í mun óheflaðri mynd – þegar á þeim tíma þegar Grettisfærsla var sett saman.¹⁴⁰¹ Ólíkt því sem sjá má í Grettisfærslu er upptalning á því sem Grettir kann að vinna afar stutt og fábreytt á 19.–20. öld, sbr. (Ib9-a,b):

(Ib9-a) [...] margt kann hann Grettir vel að vinna,
fór hann út á eyj[a]r
að svæfa meyjjar
Kír og Kálfa
og konurnar sjálf[a]r[.]

(Ib9-b) [...] Grettir fór í eyjar
að kaupa sér meyjjar
Keypti bæði kú og kálf
og kónginn sjálfan.¹⁴⁰²

Helstu tilbrigði fyrir utan þau sem hér koma fram eru í inngangi og niðurlagi. Inngangurinn hefur einnig fengið tilbrigðið *Hvað kann hann Grettir að vinna?*,¹⁴⁰³ hugsanlega fyrir áhrif þeirra blokka sem verða ræddar hér rétt á eftir. Niðurlag bætist stundum við og verður þá t.d.: „Margt lætur Grettir sér sóma // Hann svæfir Páfann í Róma“, eða „þad lét hann sér sóma, // ad eta skir og rjóma“.¹⁴⁰⁴

Margt kann hann Grettir vel að vinna tengist í ýmsum heimildum annarri lítilli og fábreyttri blokk, *Karl fór á skóginn*, og stafa tengslin hugsanlega af því að um kaup (og karla) er að ræða í báðum blokkunum,¹⁴⁰⁵ sbr. dæmi (Ib9-c,d), en í því síðarnefnda renna blokkirnar alveg saman:

¹³⁹⁵ ÍB 656 8vo 17, 3Lr.

¹³⁹⁶ Athuga þarf að textar sem oft hefjast á línunni/línunum *Einn og tveir (/) inn komu þeir* en í öðrum tilfellum á *Táta, Táta, teldu bræður þína* eru ekki fulltrúar blokkarinnar *Táta, Táta, teldu dætur sínar*. Sbr. t.d. SÁM 30 (óskráð gögn), Ást-ríður Thorarensen (I) 1920–1930 (ljósrit), [11v–12r] og (II) 1970–1971 (græn stílabók), [12r–12v]. Sjá nánar (IIa.2).

¹³⁹⁷ Sbr. t.d. „hálf er talið Liðið hennar Tótu“ (AM 969 4to, 244v).

¹³⁹⁸ Lbs 421 8vo, 34r, sbr. DFS 67, 416r („þó er ekki hálf talið liðið hennar Tátu“), Lbs 587 4to III, 13r o.fl.

¹³⁹⁹ JS 510 8vo, bls. 378.

¹⁴⁰⁰ DFS 67, 250v. Við bætist venjulega *núttú hlaupa eftir ömmunni gömlu* eða þess háttar, sbr. einnig Lbs 587 4to II, bls. 173, Lbs 587 4to III, 60r, Lbs 587 4to III, 42v.

¹⁴⁰¹ Sjá: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla“, 19–20, 37–41; Jónas Kristjánsson, „Poki fór til Hnausa“, 23–27.

¹⁴⁰² Lbs 587 4to III, 45r og 9r (línur 1–2 skrifaðar sem ein í handritinu).

¹⁴⁰³ Lbs 587 4to III, 66r, sbr. t.d. JS 507 8vo, bls. 32.

¹⁴⁰⁴ JS 507 8vo, bls. 32 (sbr. Lbs 936 4to, bls. 790: „Páfan í Róm (NB. Gregorium 7^{da})“ og Lbs 936 4to, bls. 324).

¹⁴⁰⁵ Þeir textar þar sem Grettir *svæfir* eða *festir* meyjjar mynda þó ekki tengsl við blokkina *Karl fór á skóginn*.

(Ib9-c) [...] *Grettir fór í eyar
að kaupa sér meyar,
kýr og kálfa
og konuna sjálfa —.
Karl fór á skóginn
að kaupa sér eikvið,
vildi fá það tré,
sem viðbogið væri,
væri baugur við baug,
baugahringur um kring —
gláðir ríða Norðmenn á örvaþing [...]*

(Ib9-d) [...] *Grettir fór á eyar,
að kaupa sér meyar.
Kýr og kálfa,
og konuna sjálfa.
Vildi fá sér það tré,
sem við bogið væri.
væri baugur við baug,
baugahringur við hríng.
Gláðir ríða norðmenn á örva þing.¹⁴⁰⁶*

Blokkin *Karl fór á skóginn* tengist fyrir sitt leyti blokkinni um karl og kerlingu sem riðu á alþing; þar eru tengsl með svipuðu móti, þ.e. merkingarleg nánd vegna minnanna sem tengjast *karli* og því að fara á þing. Þá tengist *Margt kann hann Grettir vel að vinna* stundum annarri blokk um áþekkt efni: stuttu vinnublokkinni í yfirblokkinni *Poki fór til Hnausa* sem nú verður vikið að.

Þegar nokkuð er liðið á textann í yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* – einkum á eftir blokkinni *Fylgdarmannatala* – kemur stundum spurning *hennar Finnu: Hvað kanntu að vinna*, með ýmsum tilbrigðum, einkum í fornafninu. Henni fylgir nokkuð löng og þversagnakennd upptalning þess sem viðkomandi kann, sbr. dæmi (Ib9-e), og er það oft lokablokk í þulutextanum. Athyglisvert er að komi sama spurningin hins vegar í yfirblokkinni *Poki fór til Hnausa* er hún þá jafnan í upphafi þulutexta, t.d. á eftir innganginum *Poki kom til Hnausa, // kunnir margt að rausa* eða *Út vil ég róa á Hjallasandi*, og verður þá svarið svo stutt að það nær varla að teljast upptalning, sbr. (Ib9-f):

(Ib9-e) [...] *módir þeirra á nesi
er kollóttur blesi,
að því Spurdi hún Fynna
hvað þeir kunnir að vinna
jeg kann ekkert að vinna
nema að kveikja ljós
Skotta frammi eldhús
jeg er eins og lús
til að færa börnonum matin
fleingingu á rassinn
S[n]oppung á kjáptin
langlegg í hausin
Selbita á nasirnar
svo jeg geti haldíd míg vel
til að býta allan köttinn í hel.*

(Ib9-f) *Poki kom til Hnausa
kunnir margt að rausa
að, [svo – YSH] því spurði hún Finna
hvað hann kynni að vinna,
hann kvaðst kunna að moka hus
var þó ekki stærri en Lús,
Poki farðu innarí Eldhús
fá þér Skir og mjólk í Bolla [...]¹⁴⁰⁷*

Hvorug blokkinn í (Ib9-e,f) virðist vera sjálfstæð, standa ein sér í þulutexta eða mynda mikil tengsl við aðrar þulublokkir. Minnið um Finnu sem spyr hvað viðkomandi kynni að vinna – ásamt minninu um að vera *eins og lús* og öðrum líkindum sem eru á milli þessara tveggja blokka – tengir yfirblokkina *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* (þar sem lengri blokkinn er) við yfirblokkina *Poki fór til Hnausa*. Stuttu blokkinn tengist hins vegar stundum blokkinni *Margt kann hann Grettir*

¹⁴⁰⁶ DFS 67, 428r–428v (leturbreyting mín – YSH); JS 84 8vo [LS], bls. 102.

¹⁴⁰⁷ Lbs 587 4to VIII, 14v og Lbs 414 8vo, 124r.

vel að vinna, eins og komið hefur fram, en þær eiga a.m.k. það sameiginlegt (fyrir utan ákveðna – ekki mikla – vinnu) að gera kaup og fá sér skyr, mjólk eða rjóma; sjá dæmi (Ib9-g):

(Ib9-g) [...] hvað kunni Grettir vel að vinna,
hann for til eyjar,
að fala þar meýar.
Kýr og Kálfa
og Kónginn sjálfann,
Loki valt ofan hlið.
honum verða Kaupin djr,

þvi spir hún Fínna,
hvað hann kunni að vinna,
eg kann að moka hús.
eg er ekki stærri enn Lús,
skrýddu inni Eldhús,
láttu gefa þér skyr og mjólk, í Bolla [...] ¹⁴⁰⁸

Ib.10. *Draumur*

Um blokkina *Draum dreymdi mig*, sem styttingin *Draumur* er einnig notuð yfir hér, var þegar rætt í kafla 8.2.1, 8.3.2.3 og 8.3.3 (sbr. m.a. dæmi (8-21) og (8-50)). Þess var m.a. getið að hér væri á ferð skýr upptalning á minnum sem hefur þó að geyma ákveðna frásagnarstefnu. Þessi tiltölulega skýra stefna tengist því hversu fastmótuð röðin er á þeim minnum sem eru talin upp í blokkinni – þótt minnin sjálf séu afar breytileg – og hversu margir þættir mynda fjölform sem liggur til grundvallar byggingar blokkarinnar.

Eins og flestar blokkir sem eru upptalningar heita og/eða minna að stofni til, er þessi blokk sett saman úr inngangi (1–2 stuttínupör), upptalningu og niðurlagi. Það er þó túlkunaratriði hvað nákvæmlega flokkast undir niðurlag í þessari blokk; það getur jafnvel verið mismunandi eftir textum hvort tiltekið efni er líklegra til að vera hluti upptalningar eða gegna hlutverki niðurlags. Línan *löndin öll og eyjar* virðist t.d. vera hluti síðasta upptalningarliðarins ef forsetning er til staðar: „af þeim laukum léku meyar // um löndin öll og eyar“ en verður annars að laustengdri athugasemd sem hentar vel í niðurlag: „á þeim laukum // ljeku meyar, // löndin öll og eyar“.¹⁴⁰⁹ Orðin *og farinn er draumur* eru augljóslega niðurlag, en erfiðara er að dæma um þau orð sem eru oft skrifuð „54“ eða „5 og 4“ í línunni á undan því.¹⁴¹⁰ Þau eru líka oft skrifuð fullum stöfum og þá gefa endingar í orðinu *fjórir/fjórar* til kynna að stundum tengjast þessi töluorð meginmálinu, eins og í (Ib10-a) þar sem fjórar gæti átt bæði við *meyjar* og *eyjar*, en stundum ekki, og eru þá einhvers konar laustengd niðurlagsathugasemd (Ib10-b):

(Ib10-a) [...] af þeim laukum léku meyar
um lönd og eyjar fímtíu og fjórar
og nú er úti draumurinn.

(Ib10-b) [...] að þeim laukum
léku sér meyar
löndin eyar
löndin öll og eyar,
fimm og fjórir og farinn er draumur[.]¹⁴¹¹

Eftir því hvort línur eins og *lönd og eyjar* eru taldar til niðurlags eða ekki fer hvort upptalningin sjálf í fullri lengd er 12 eða 13 langlínur eða stuttínupör. Lengd blokkarinnar má því heita tiltölulega stöðug. Blokkinn er afar fastmótuð, en byggingu hennar (og hlutverki fjölforms) er lýst í kafla

¹⁴⁰⁸ Lbs 1124 8vo I, bls. 37.

¹⁴⁰⁹ Lbs 587 4to VIII, 4v (leturbreyting mín – *YSH*) og Lbs 587 4to IV, 2r.

¹⁴¹⁰ Lbs 414 8vo, 123r og Lbs 587 4to III, 41r (sbr. Lbs 587 4to III, 66v–67r og JS 289 8vo I, 30r).

¹⁴¹¹ Lbs 587 4to II, bls. 113 og Lbs 587 4to II, bls. 77. (Leturbreyting mín – *YSH*; línuskipt þannig í handritunum.)

8.3.2.3. Orðin sem mest eru notuð *belja, seljar/seljur, rekkar, dreyrar, hrafnar, vindur, ský, máni, himinn/heimur, stjörnur, laukar* og *meyjar*; röðin er þessi nær undantekningalaust.¹⁴¹²

Mjög mikið er um tilbrigði í blokkinni, en tilbrigðin fylgjast lítt að, þ.e. einhver ein línugerð virðist ekki kalla á neina(r) sérstaka(r) línugerð(ir) í öðrum línunum. Inngangurinn að blokkinni – fjórar stuttar þululínur – gefur strax skýra mynd af því. Fyrsta lína er næstum laus við tilbrigði og hljómar *Draum dreymdi mig* í nær öllum heimildum.¹⁴¹³ Í annarri línu er kominn fjöldi tilbrigða: *fyrir dag lítinn*,¹⁴¹⁴ *fyrir dag lítið*,¹⁴¹⁵ *fyrir degi löngum*,¹⁴¹⁶ ásamt nokkrum stökum tilbrigðum.¹⁴¹⁷ Þá er innganginum lokið í nokkrum tilfellum¹⁴¹⁸ – burtséð frá því hvaða tilbrigði var fremst – en í þeim textum þar sem þriðja lína er yfirleitt til staðar er hún aftur tilbreytingalítil (*af þeim draumi*),¹⁴¹⁹ og aðeins fá tilbrigði eru við fjórðu línuna *drjúgt er að segja*.¹⁴²⁰ Nánari athugun og samanburður sýnir aðeins að langalgengust sé samsetning algengasta tilbrigðisins í fyrstu línu (*fyrir dag lítinn*) og helstu útgáfu fjórðu línu (*drjúgt er að segja*) – og að inngangurinn hefur lítið eða ekkert forspárgildi um það hvaða stefnu textinn tekur (eins og var t.d. í *Kúapulum I*).

M.ö.o. er frekar lítið samband á milli mismunandi línugerða, þrátt fyrir keðjubygginguna þar sem hver lína endurómar línuna á undan. Ljóst er hins vegar að tilbrigði sem slík kalla á önnur tilbrigði, þ.e. tilbrigði hópast saman í sumum textum en ekki öðrum (slíkt getur t.d. orsakast af lélegri varðveislu). Þessir óreglulegri textar mynda þó ekki sérstaka(r) gerð(ir) innan þuluflokksins.

Einnig er ljóst að sumir staðir í blokkinni eru móttækilegri gagnvart tilbrigðum en aðrir. Mest er um tilbrigði fremst í blokkinni, þ.e. fremst í inngangi og í upphafi upptalningarinnar, í niðurlagi og svo í upptalningunni miðri, eða í línunum um *vind/veður, ský* og *mána*. Einmitt í þessum línunum eru tilbrigði ekki aðeins í nafnorðum heldur einnig í sagnorðum – og einmitt hér er texti oft tyrfnastur, sbr. dæmi (Ib10-c-i), helstu tilbrigðin skáletruð:

(Ib10-c) [...] *enn þeim hröfnumm*
hröktu vándar
enn þeim vindumm
vodinn skija
enn þeim skíjum
skrolli máni [...]

(Ib10-d) [...] *af þeim Hröfnum*
hr[o]kir á Vindi (hríkkti í Vindi) [svo – YSH]
af þeim Vindi
+vokir á Skýum + *vedr [...]* [svo – YSH]

¹⁴¹² Ein af fáum undantekningum er í JS 289 8vo I, 30r, en þar hefst röðin: *belja, selja, hrafnar, dreyrar*.

¹⁴¹³ Meðal fárra undantekninga er „Mig dreimdi Draum“ í JS 578 4to, 137r.

¹⁴¹⁴ Lbs 513 4to, 126v; Thott 489 8vo I, 15r; AM 960 XX 4to, 2r; Lbs 587 4to II, bls. 76; Lbs 414 8vo, 123r; Lbs 587 4to II, bls. 113; Lbs 424 8vo, 32v.

¹⁴¹⁵ AM 960 IX 4to, 9r; DFS 67, 403r; JS 289 8vo I, 30r; Lbs 587 4to IV, 2r.

¹⁴¹⁶ JS 578 4to, 137r; Lbs 587 4to II, bls. 155; Lbs 587 4to III, 41r; Lbs 587 4to IX, 55v; Lbs 587 4to III, 66v.

¹⁴¹⁷ T.a.m. „fyrir dag ljósan“ í Lbs 587 4to II, bls. 177; „fyrir degi ljósum“ í Lbs 1911 8vo, bls. 55; „fyrir dag nokkurn“ í DFS 67, 267r; „dag fyrir litlu“ í Lbs 587 4to II, bls. 161; „dag fyrir liðinn“ í SÁM 32, 234r o.fl.

¹⁴¹⁸ Sbr. JS 578 4to, 137r; AM 960 IX 4to, 9r; Lbs 414 8vo, 123r; Lbs 587 4to III, 41r; Lbs 587 4to IV, 2r; Lbs 587 4to III, 66v; Lbs 587 4to IV, 26v o.fl.

¹⁴¹⁹ Ein af fáum undantekningum er „lýtad af þeim draume“ (Thott 489 8vo I, 15r).

¹⁴²⁰ Línan er á þessa eða svipaða leið í Lbs 513 4to, 126v; AM 960 XX 4to, 2r; DFS 67, 403r; JS 289 8vo I, 30r; Lbs 587 4to III, 1r; Lbs 587 4to II, bls. 155; Lbs 424 8vo, 32v. Tilbrigðin eru t.d. „er dult að segja“ (Lbs 587 4to II, bls. 76; sbr. með línuvíxli: „dullt er af þeim // draum að ségja“ í DFS 67, 258r (línuskipting mín – YSH)) og „skal lítid seigia“ (DFS 67, 267r).

(Ib10-e) [...] af þeim Hröfnum
hryktir í vindi,
af þeim vindi
vedur í skýum
af þeim skýum
skrollir Máni [...]

(Ib10-f) [...] af þeim hröfnum
hreytti víndi
af því veðri
vindur af Skýi
af því Skýi
Skorpinn máné [...]

(Ib10-g) [...] af þeim hröfnum
hrökk upp vindur;
af þeim vindi
veður á skýum;
af þeim skýum
skall fram máni; [...]

(Ib10-h) [...] af þeim skíum —
skuggi mána [...]

(Ib10-i) [...] af þeim ský[j]um
*skertur máni [...]*¹⁴²¹

Minnst er um tilbrigði í fyrri hluta upptalningarinnar, í langlínnum/stuttlínupörum 3–5 (inngangslínur eru ekki inni í þessari tölusetningu), og undir lok hennar. Á móti kemur að einmitt þessar línur detta út úr sumum textum¹⁴²² eða verða fyrir einstökum tiltölulega miklum breytingum (miðað við aðra þulutexta í sama flokknum) eins og sjá má í (Ib10-j):

(Ib10-j) [...] af þeim stjörnum
stóðu *geislar,*
af þeim *Geislum*
stóðu laukar [...]

(Ib10-k) [...] af þeim Stjörnum
stóðu Laukar [...]

¹⁴²³

Það eru einkum þessi fjölbreytilegu tilbrigði sem ráða því að *Draumur* er flokkaður sem þulublokk þrátt fyrir tiltölulega fastmótaða byggingu að öðru leyti og jafnframt tiltölulega reglulega hrynjandi – og þrátt fyrir það að *Draumur* virðist ekki blandast mikið við aðrar þulublokkir.

Ib.11. *Norðarlega eru Nauthús*

Hér verður fjallað stuttlega um afar óvenjulega blokk, eina af þeim sem virðist vera á mörkum þess að vera þulublokk. Blokkin er óvenju löng og nokkuð kerfisbundin upptalning bæjarnafna í bland við minni, allt að því of kerfisbundin og löng fyrir þulu. Minnin tengjast sumum bæjarnöfnunum eða eru til uppfyllingar; sumir minnaklasar geyma jafnframt vísa að frásögn. Blokkin er einnig með fastara bragform en margar aðrar þulublokkir; endarím er áberandi og víða má sjá fjögurra lína hópa sem standa nærri því að heita vísur eða erindi. Blokkin hefur því ákveðin einkenni annarrar bókmennta-greinar, eða bæjavísna. Á hinn bóginn er ekki hægt að segja að kerfisbundin erindaskipting sé í textanum, og þá ekki heldur gegnumgangandi stuðlasetning eða rím.¹⁴²⁴ Bragformið virðist samt hafa þau áhrif á byggingu textans að algengasta upptalningareining er línupar – og þar af leiðandi

¹⁴²¹ (Ib10-c): Lbs 587 4to III, 41r; (Ib10-d): Lbs 1293 4to, bls. 260Bb; (Ib10-e): DFS 67, 258r; (Ib10-f) og (Ib10-h): Lbs 587 4to IX, 62v og 55v; (Ib10-g): Lbs 587 4to IV, 2r; (Ib10-i): Lbs 587 4to II, bls. 162.

¹⁴²² Í Lbs 587 4to III, 41r, 66v–67r eru t.d. ekki línurnar með *rekkum* og *dreyrum*; sbr. JS 289 8vo I, 30r (önnur línuröð).

¹⁴²³ DFS 67, 258r og 267r. (Leturbreyting mín – *YSH.*)

¹⁴²⁴ Stundum eru stuðlarnir tveir og einn höfuðstafur, stundum aðeins einn stuðull í frumlínu og höfuðstafur í síðlínu (t.d. línur 3 og 4 í (Ib11-a)); þá stuðla allnokkrar línur sér (t.d. línur 1 og 2 í sama dæmi). Rímið er stundum samrím í línupörum, stundum ríma tvær línur við síðlínu í næsta línupari (en frumlína þar rímar ekki), sbr. línur 11–14 í sama dæmi með rímið AAXA; þetta rímmynstur má oft sjá í þjóðkvæðum en síður í rímnaháttum. Sum línupör og stærri einingar eru með karlím en aðrar með kvenrím. Einnig eru dæmi um enn óreglulegra rím, t.d. xAAA (línur 19–22) eða XAxA (línur 15–18); stundum vantar rím, sbr. línur 5–6 þar sem er ekki endarím. Með öðrum orðum fellur textinn ekki undir viðurkenndan bragarhátt.

eru oft ekki talin upp einstök nöfn og minni heldur nafna- og minnapör og -klasar sem fátt annað virðist tengja saman en stuðlasetning og/eða rím.

Blokkinn birtist í heimildum annaðhvort verulega stytta, þ.e. fyrstu 6–8 línur og stundum örfá línupör til viðbótar,¹⁴²⁵ eða í annarri hvorri af lengri gerðunum, en þær eru í dæmum (Ib11-a,b). Munurinn á gerðunum er bæði í fjölda byggingareininga (tveggja og fjögurra lína hópa) og í því að gerðin í (Ib11-b) er talsvert knappari innan eininganna, þ.e. færri línur eru í hverri þeirra og/eða færri nöfn eða minni í hverri línu. Til að sýna það var hér brugðið á það ráð að setja textana í dæmunum (Ib11-a,b) þannig upp að samsvarandi línur standist á. Línurnar sem mest munar um á milli gerðanna (en ekki aðeins á milli þessara tilteknu texta) eru skáletraðar:

(Ib11-a) Norðust eru Nauthús,
dreingir jafnan drekka úr krús,
þrjár eru Merkur,
þrættu ekki Klerkur,
Dalur og Dalsel,
og annar Dalur nærri,
Seljaland og Sandar,
síðan Götugrandar,
í Hamragörðum er fátækt fólk,
það gaf mér nú skir í hólk,
telja verð eg Tjarnir,
traustur er hann Bjarni,
mæli eg vel til Nýabæar,
því Melar eru farnir,
hægt er að telja,
Fit og Hala,
Sauðsvöllur er sæmileg jörð,
Hvamm skal ég skjala,
á Núpi er so nauða hvast,
þar má Kuldan Kjenna,
jeg nenni ekki að renna,
yfir Skálana þrenna,
Holt er á hæðum,
hossar sér á Klæðum,
víkur sér til vesturholta,
vill þar hafa á skjæðum;

óljótt er Oddskot,
Vallatún og Gerðakot,
votsamt er í Varmahlíð,
voðalegt í Núpakoti,
hvast er í Hlíð,
Steinar og staðirnir snjallir,
standa undir fjöllumum bæirnir allir,
Borgarkot og Berjanas,
brjóta vötn um Itstabæli,
merkilegt er í Minniborg,

(Ib11-b) Nordarlega eru Nauthus.
Dreingir jafnan drekka af krús
þrjár eru Merkur
þrættu ekki klerkur
þar er dalur dalsel
annar dalur nærri.
Seljalandar
Sydstugrandar

teljum ekki tjarnir
traustur ertu Bjarni
Mæli eg alt ad nya Bæ
fljótt Skal telja fit, og hala
Saudafell á Samri Jördu

nenni eg ekki ad renna
yfir Skálana þrenna
Hollt er á hæðum
heldur Sér á klædum

kot er i kransi
kjæran i Dansi
óljóst er ulfskot. Vallnatun og kjalna kot

Steinar og stadirnir fleiri
Standa undir fjöllumum bæirnir allir[.]

Merkilegt er ad Minni borg

¹⁴²⁵ T.d. Lbs 587 4to III, 71r–72r, sbr. SÁM 85/280 EF (2321).

Miðbæli og Leirum,
Hólar og Hörðuskálar,
hark, hark í Klömbru;
birja eg óð um Bakkakot,
KónsJörð er Lambafell
sittu í friði Silkilín!
syndalaus er höndin þín,
seimgrundin í Selskoti,
signi hana drottin,
sæll hennar bóndin,
setti ofan hattin,
brunuðu sjer á svellum,
þeirá Rauða= eða Raufar=fellum,
þrætast á um Þúfnareit[a],
þeir á Rútafellum;

Drángurinn í Drangshlíð,
dettur hann ofaní Skarðshlíð,
skart er í Skógum,
með skríkjunum nógum,
Lánga þulan aptur úr því,
og alt austur í Mírdal.

Mírbær og leýra
Hólar og Hörðustadir
hörkustadir og klumba

KónsJord er Lambafell.
Sittu nydur silkilín
Syndalaus er höndin þín

eingan á hún hattin hún heilla mín
akar hún sér á Svellunumm

þar hjá hruta fellunum.
hann Gvendur lunti,
og hann Jón bródir hans
duttu þeir ofann í drángshlíð
duttu þeir ofan í Skarðshlíð
þar er Skart í Skógumm
skríkjunum nógum<.>¹⁴²⁶

Að öðru leyti er bygging þessarar blokkar svipuð byggingu blokka eins og *Draumur*; innan upptalningareininganna eru allnokkur tilbrigði en röð upptalningareininganna er frekar föst og ákveðin frásagnarstefna er í blokkinni – eða a.m.k. í hlutum hennar. Sums staðar er einnig ákveðinn frásagnarpáttur innan upptalningareininganna eða í einstökum klösum þeirra, og ber hér að nefna innskotið sem hefst á „sittu í friði Silkilín!“ (Ib11-a). Þessi frásagnarpáttur gerir það að verkum að blokkinn nálgast það að vera blönduð upptalningar- og frásagnarblokk, en upptalningarpátturinn í henni virðist þó talsvert sterkari og er því fjallað um hana hér.

Lengri gerðirnar standa venjulega einar og sér en ef texti blokkarinnar er stuttur þá er líklegra að hann standi innan um aðrar þulublokkir og yfirblokkir. Á eftir kemur langofast texti úr yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* og tvær sjaldgæfar blokkir sem tengjast því.¹⁴²⁷ Á undan stutta textanum af *Norðarlega eru Nauthús* koma oft heilir blokkaklasar, t.d. *Maður fór yfir á, Ég sá hann á alþingi* og *Ættartala*, en stundum aðeins *Ættartala*.¹⁴²⁸ Með öðrum orðum eru bæði upptalningarblokkir og fáeinir frásagnarblokkir í umhverfi blokkarinnar *Norðarlega eru Nauthús*.

Ic. Einstakar frásagnarblokkir

Eins og fram hefur komið í kafla 8.3.3. eru mörkin á milli blokka, sem eru að stofni til upptalningar á minnum, og svokallaðra frásagnarblokka, þ.e. minnaupptalninga þar sem frásagnarpáttur er svo sterkur að greina má nokkurs konar atburðarás, nokkuð óljós. Þess vegna hefst umfjöllun í þessum kafla á blokkum þar sem frásagnarpáttur er frekar skýr, *Sat ég undir stofuvegg* og *Sat ég undir fiski-*

¹⁴²⁶ (Ib11-a): AM 969 4to, 43r–43v, sbr. SÁM 30a, 182r–184r; (Ib11-b): Lbs 414 8vo, 101r–101v (tilfært án tillits til leiðréttinga, lesbrigða og athugasemda með annarri hendi; „hruta“ er leiðrétt úr „sanda“), sbr. SÁM 32, 305r.

¹⁴²⁷ Önnur blokkinn er *Senn kemur maðurinn að norðan* (eða ... *koma mennirnir* ...) en hin *Klukkan sat á porti*; þær eru ekki ræddar hér. Sjá Lbs 587 4to III, 71v ásamt ÍB 656 8vo 17, 4Lr–4Lv, sbr. Lbs 423 8vo, 109r.

¹⁴²⁸ Sjá SÁM 85/260 EF (2373) og SÁM 85/280 EF (2321); einnig ÍB 656 8vo 17, 3Lv (*Ættartala*).

hlaða. Báðar þessar blokkir voru áður ræddar nokkuð ýtarlega í kafla 8.3.3.3 og verður umfjöllun hér því í knappara lagi; hins vegar verður sagt frá nokkrum öðrum blokkum sem tilheyra yfirblokkunum *Sat ég undir stofuvegg* og *Sat ég undir fiskihlaða*. Síðar verður rædd blokkinn *Poki fór til Hnausa* og nokkrar *Karl...-blokkir* (*Karl og kerling*, *Karl tók til orða* o.fl.) ásamt enn einni konublokk og fáeinum öðrum – en þegar svo langt er liðið á kaflann verður frásagnarhlutur í blokkunum æ minni uns þær renna saman við blokkirnar sem telja upp minni frekar en segja frá.

Ic.1. *Sat ég undir stofuvegg*

Um þessa yfirblokk og samnefnda upphafsblokk var m.a. rætt í kafla 8.3.1 – sbr. dæmi (8-30–8-32) þar – og 8.3.3 (sbr. (8-55a,b) o.fl. dæmi þar), en þar var m.a. þáttur frásagnar í blokkinni veginn og metinn í samanburði við hlutverk upptalningar á minnum í byggingu blokkarinnar. Hér verður tekið saman það helsta sem snýr að byggingu blokkarinnar, þ.e. minnum og samsteypum þeirra og tengslum á milli þeirra.

Fram hefur komið að hér sé á ferð yfirblokk með tveimur mismunandi upphöfum, {ab} og {gh}, og tengist hvort þeirra sinni gerð af þeirri undirblokk sem kemur í framhaldi, {ce} vs. {cd}, eins og sjá má í dæmum (Ic1-a,b):

(Ic1-a) {a} Sat eg sunnanundir vegg,
var að kempa rautt skegg,
{b} leit eg upp til himna,
sá tólf hesta renna,
eg tók þann hinn blakka,
og reið ofan í slak[ka]
{c} Þá kom tóa trítandi,
með sinn hala rítandi,
{e} og bað mig geta gátu sinna[r,]
illa gat eg gátu hennar.
{f} Eg átti mér strútóttan hund,
hann hljóp með mér litla stund.
{k} Kom eg þar að kveld[i]
sem kerling blés að eldi,
eg heilsa[ði] henni,
hún tók kveðju minni,
hún tók upp sína pyngju
og hugði mig að stinga,
þá tók eg lurkinn minn lánga,
og lagði undir kerlingar vanga,
svo aldrei skyldi hún gott orðið heyra,
með sínu bannsetta, krókótta kyndótta,
kerlingareyra.

(Ic1-b) [...] {g} Hvað er kuðungur að gera?
hann er að slátra bekra sínum
nið'rá miðjum velli.
Hvað gaf hann þér?
Lifur \og/ lúngu
og brendí mig á túngu.
{h} Fór eg ofan til sjávar
og seldi eg mína netju,
{c} Þá kom tröll
{d} og tók frá mér huppinn þann feíta.
eg var ekki maður tíl að leíta.
{f} Eg átti mér haltan hest,
reið eg allra manna mest.
Eg áttí mér strútóttan hund,
hann elti mig um hverja grund.
{k} Kom eg þar að kvöldi
sem kerling blés að eldí;
hún tók sína pínga
hugði mig að stínga.
Eg tók þá lurkinn minn lánga
lagði eg undir kerlingar vanga
svo ekkert mátti hún gott orðið heyra
með kíndótta kolsvarta krókótta
kerlingareyra [...]¹⁴²⁹

Upphafsblokkinn {ab} stendur oft í blábyrjun þulutexta, þótt hún geti líka staðið í framhaldi af annarri blokk eða yfirblokk (sbr. síðar í þessum kafla). Hin upphafsblokkinn, {gh}, kemur aftur á móti oftast í framhaldi af einhverjum öðrum texta, t.d. oft á eftir *Poki fór til Hnausa* (Ic.3) eða *Sat ég undir fiskihlaða* (sbr. Ic.2). Einnig getur {h} – án {g} – verið í upphafi blokkarinnar, en það kemur oftast á eftir *Sat ég undir fiskihlaða* (sbr. Ic.2). Þá getur {gh}-blokkinn, sem er ekki aðeins upphafsblokk eins og

¹⁴²⁹ Lbs 587 4to II, bls. 163–164; Lbs 587 4to I, bls. 135–136.

þegar er komið fram, staðið í framhaldi af {ab} í sama þulutexta, líkt og í dæmi (8-30) – en {ab} stendur ekki í framhaldi af {gh}, þar sem {ab} gegnir aðeins hlutverki upphafsblökkar í yfirblökkinni *Sat ég undir stofuvegg*. Bæði {ab} og {gh} eiga líka erfitt með að standa sem lokablokkir eða nálægt enda frásagnarinnar, m.a. á eftir {cd} eða {ce}, en dæmigerð lokablokk er hins vegar {k}. Einnig eru hömlur á sjálfri samsetningunni {(c)de} ((koma andstæðings –) stuldur – gáta), þótt {ced} (koma – gáta – stuldur) komi nokkrum sinnum fyrir í textunum.¹⁴³⁰ Sú skýring virðist líkleg að {(c)de} myndi stríða gegn lögmálum frásagnar sem ætti að vera nokkurn veginn rökrétt, þ.e. að órökrétt sé að tröll eða þess háttar skepna myndi fyrst taka af þulumælanda huppinn en *síðar* gerast vinveittari/-a og biðja hann um að ráða gátu. Svipuð skýring kann að vera að baki því að blokkin {ab} – sem lýsir upphafi atburðanna á svipaðan hátt og það sem kemur á eftir hinu fræga *Einu sinni var ...* í ævintýrum – á ekki heima í þulutextanum miðjum. Frásagnarþáttur í þessari blokk hefur því umtalsverð áhrif á byggingu hennar.

Önnur birtingarmynd þeirra áhrifa, sem efni frásagnarinnar hefur á byggingu blokkarinnar, er sú að oft skiptir það verulegu máli fyrir framvindu frásagnarinnar hverjir andstæðingar þulumælanda eru. Ef um er að ræða minnið {e} (um gátuna) þá er andstæðingurinn oftast *tófa*, en fram að 20. öld er það stundum *maður* eða jafnvel *goði* sem biður þulumælanda um að leysa gátuna.¹⁴³¹ Minninu {d} (stuldinum) tengjast hins vegar einkum tröll, hundar og fuglar.¹⁴³² Ef *hundar* taka huppinn af þulumælanda þá fer hann allra jafnan að leita hans, en ef það eru aðrir þá segist þulumælandi oftast en ekki *vera ekki maður til að leita*, líkt og í dæmi (Ic1-b), einkum á 20. öld.¹⁴³³ Ef huppnum er stolið er líklegt að hestur verði nefndur í {f} – en oft þó á nokkuð þversagnarkenndan hátt; ef þulumælandi fer að leita að huppnum kann að koma fram að hann eigi *engan hest*,¹⁴³⁴ en ef hann fer ekki að leita er gjarnan nefnt að hann eigi *aljárnaðan* eða *alsprangaðan* (eða þá *haltan*) hest, og einnig hund.¹⁴³⁵ Þessar og álíka tengingar fleyta frásögninni áfram, oftast en ekki á rökréttan hátt þótt það sé ekki alltaf tilfellið.

Það hefur einnig verið nefnt að burtséð frá því hvernig atburðir þróast í {c-f} kemst þulumælandi jafnan til kerlingarinnar í {k}-blökkinni, en aðeins fáir textar úr þuluflokknum *Sat ég undir stofuvegg* hafa annan texta í hennar stað¹⁴³⁶ eða enda áður en til hennar kemur.¹⁴³⁷ Algengustu gerðir í yfirblökkinni *Sat ég undir stofuvegg* eru því margar og skiptast síður í flokka:

¹⁴³⁰ Lbs 1124 8vo I, bls. 25; ÍB 656 8vo 17, 2Lv; Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, vélritaðar uppskriftir, [1r] („Sá ég mann sitja ...“).

¹⁴³¹ Sbr. *tóa* (Lbs 587 4to I, bls. 20, Lbs 587 4to II, bls. 164); *maður* (DFS 67, 432v).

¹⁴³² T.d. *tröllskessa* (DFS 67, 286r), *tröll* (Lbs 565 4to, bls. 34, Lbs 587 4to II, bls. 1), *hundar* (DFS 67, 421v, 193r; Lbs 421 8vo, 37v; Lbs 1911 8vo, bls. 25); af fuglunum fyrst og fremst *tittlingur* (AM 960 IX 4to, 7r), *krummi* (Lbs 587 4to I, bls. 11) og *hrafni* (SÁM 30b, 291r).

¹⁴³³ Sbr. einnig JS 289 8vo I, 35r þar sem tröll taka huppinn; þó er farið að leita að huppnum þegar tröll tekur hann í Lbs 587 4to VIII, 15r–15v. Ekki er farið að leita þegar *tóa* tekur huppinn (sbr. Lbs 587 4to IV, 12r) eða *maður* (SÁM 85/143 EF, nr. 19745), en efnið er ekki nóg til að dæma um aðrar skepnur. Meðal annarra 20. aldar heimilda eru SÁM 30b, 291r–292r („Hrafni“ tekur huppinn); Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, vélritaðar uppskriftir, [1r] („Sá ég mann sitja ...“: hér tekur „þrællinn“ huppinn); SÁM 85/154 EF (19891), SÁM 85/289 EF (2574) og SÁM 85/180 EF (20333) (tröll tók(u) huppinn), en hupsins er aldrei leitað.

¹⁴³⁴ DFS 67, 190r; Lbs 1911 8vo, bls. 25.

¹⁴³⁵ Lbs 565 4to, bls. 34, Lbs 2856 4to, 137r (vinstri dálkur: „alsprangadann hest“, en „engan hest“ í þeim hægri) og Lbs 587 4to I, bls. 135. Um þversagnir í tengslum við formúluna *hest – mest sjá*: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulaic Language in Minimal Metrical Requirements: The Case of Post-Medieval Icelandic *þulur*“,“ 52–55.

¹⁴³⁶ Í JS 289 8vo I, 35r kemur texti úr blökkinni *Karl tók til orða* (þar kom inn diskur til *Grettir heitir hann*, sbr. Ic.5), í Lbs 587 4to I, bls. 20 texti úr blökkinni *Helga brella* en á bls. 12 s.hdr. texti úr blökkinni *Lambið beit í fingur minn* o.fl. blökkum; fleiri dæmi eru í Lbs 1057 4to, 175v og Lbs 1124 8vo I, bls. 25.

¹⁴³⁷ Sbr. Lbs 424 8vo, 17r og Lbs 587 4to III, 9v, báðir af gerðinni {abg}, ásamt SÁM 85/180 EF (20333), {gh(c)d}.

- ab(f)k,¹⁴³⁸ einkum fram að 20. öld;
- abce(f)k,¹⁴³⁹ einkum á 20. öld;
- abg,¹⁴⁴⁰ nær eingöngu fram að 20. öld;
- (a)bghe{e/d}fk,¹⁴⁴¹ nær eingöngu fram að 20. öld;
- g(e)d(f)k,¹⁴⁴² einkum fram að 20. öld;
- gh(c)dfk,¹⁴⁴³ nær jafnalgeng bygging fyrir og eftir aldamótin 1900, en á 20. öld er {ghcdfk} þó algengari;
- hc(e)d(f)k,¹⁴⁴⁴ nær eingöngu fram að 20. öld;
- fk,¹⁴⁴⁵ mikill meirihluti textanna er frá 20. öld;
- k,¹⁴⁴⁶ algengari á 20. öld (nema {k} flokkist þá sem frístandandi blokk).

Af þessu yfirliti má greina að færri byggingargerðir eru algengari en aðrar á 20. öld, en þá notast flytjendur þulutexta við fjölbreyttar byggingarleiðir og textarnir eru því af öllum stærðum og gerðum. Það er aðeins ein byggingargerð sem virðist vera lítt í umferð á 20. öld, en það er {abg} ásamt afleiðum sínum, {abghcefk} og {abghcdfk}. Á 20. öld virðast flóknari byggingargerðir með minnum {c,e} innanborðs notaðar frekar en einfaldari útgáfur þeirra, t.d. {abce(f)k} og {ghcdfk} fremur en {ab(f)k} og {ghdfk}. Á hinn bóginn má einnig merkja mikla einföldun og styttingu texta í þessum þuluflokki, en hún birtist í mikilli útbreiðslu {fk}-byggingar, þ.e. aðallega blokkarinnar *Kom ég þar að kvöldi* sem virðist hafa fengið nýtt og sjálfstætt líf á 20. öld. Upphafið {gh} – og einkum {h} – missir hins vegar vinsældir sínar; á 20. öld hefst varla nokkur þulutexti á {h}. Hugsanlega má rekja það til þess að minnið {h} („Fór ég ofan til sjávar“ í (Ic1-b)) líkist ekki endilega upphafsminni heldur getur virkað eins og gripið sé inn í miðja/miðri frásögn, og sama eða svipað má segja um {g}.¹⁴⁴⁷ Til þess ber þó að líta að upphafsminni {k}-blokkarinnar, „Kom ég þar að kvöldi“ í (Ic1-b), hefur ekki heldur afgerandi yfirbragð upphafsminna og gefur upphaf frásagnar ekki miklu sterkar til kynna en minnið {h}. Sama gildir um minnið {f} („Ég átti mér strútóttan hund [...]“ í (Ic1-a), „Ég átti mér haltan hest [...]“ í (Ic1-b)). Frásagnarpáttur í blokkinni virðist því ekki endilega valda því að minnin {g,h} séu ekki eins algeng í upphafi texta – og reyndar í textum miðjum – á 20. öld en þau voru áður. Svo virðist eigi að síður að á 20. öld njóti {ab}-gerð yfirblokkarinnar annars vegar en hins vegar {k}-blokkinn talsvert meiri vinsælda meðal þuluflytjenda.

Yfirblokkinn *Sat ég undir stofuvegg* hefur mjög rík tengsl við aðrar blokkir, stærri og smærri; rúmlega helmingur texta í þessum þuluflokki fram að 20. öld og flestir textar á þeirri 20. byrja á öðrum blokkum en þeim sem tilheyra yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*. Eins og kom fram er sjaldgæft að í þeim textum þar sem *Sat ég undir stofuvegg* hefst á upphafsblokkinni {ab} komi þessi

¹⁴³⁸ DFS 67, 424r; Lbs 587 4to III, 61r–61v.

¹⁴³⁹ Sbr. dæmi (Ic1-a).

¹⁴⁴⁰ Lbs 424 8vo, 17r.

¹⁴⁴¹ Dæmi (8-30); DFS 67, 188r; Lbs 587 4to I, bls. 16–17.

¹⁴⁴² DFS 67, 421v–422r {gdk}; Lbs 587 4to II, 44–45 {gedfk}.

¹⁴⁴³ Lbs 587 4to II, bls. 1–2, dæmi (Ic1-b).

¹⁴⁴⁴ Lbs 587 4to IV, 12r {hcdk}, DFS 67, 286r {ghcdfk}, ÍB 656 8vo 17, 2Lv {ghcdfk}.

¹⁴⁴⁵ Lbs 424 8vo, 24r.

¹⁴⁴⁶ DFS 67, 259r.

¹⁴⁴⁷ Orðið *netja* síðar í blokkinni gæti hafa orðið illskiljanlegt á 20. öld, en það gæti hafa heft útbreiðslu {h}-minnisins. Orðið *netja* er eigi að síður notað talsvert (*Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*, „netja“), og því er þessi skýring ekki mjög líkleg.

yfirblokk í framhaldi af öðrum blokkum eða yfirblokkum – og þegar slíkt gerist, oftast en ekki á 20. öld, þá kemur það nær eingöngu í framhaldi af *Heyrði ég í hamrinum*¹⁴⁴⁸ sem er fyrir sitt leyti torfundið á undan öðrum blokkum úr yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*. Í langflestum textum þar sem yfirblokkin hefst á {g} og/eða {h}¹⁴⁴⁹ – en síðar í vaxandi mæli beint á {f} eða jafnvel {k} – eru hins vegar aðrar blokkir oft á undan yfirblokkinni, m.a.:

- *Sat ég undir fiskihlaða*, bæði fyrir 20. öld og á 20. öld, einkum á undan {hc(e)d(f)k},¹⁴⁵⁰
- *Poki fór til Hnausa*, aðallega á 20. öld, einkum á undan {gh(c)dfk}¹⁴⁵¹ og {fk},¹⁴⁵²
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*, bæði fyrir og eftir aldamótin 1900 en aðeins í þeim textum þar sem *Sat ég undir stofuvegg* hefst beint á {k}.¹⁴⁵³

Meðal fleiri blokka sem koma á undan *Sat ég undir stofuvegg* má nefna *Lambið beit í fingur minn* (reyndar aðeins á 19. öld – og ekki oft)¹⁴⁵⁴ og *Bokki sat í brunni* (aðeins á 20. öld, e.t.v. tilkomin fyrir áhrif frá blokkinni *Poki fór til Hnausa*).¹⁴⁵⁵ Stöku sinnum koma aðrar blokkir, t.d. *Stígum við stórum, Kúapútur I, Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* o.fl.¹⁴⁵⁶

Blokkir úr öðrum yfirblokkum koma talsvert sjaldnar á eftir yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg* en á undan því, enda er yfirblokkin með {k}-blokkinni innanborðs gott frásagnarniðurlag og er oftast notað sem slíkt. Þær blokkir sem koma á eftir eru í stórum dráttum þær sömu og á undan, að viðbættri blokkinni *Karl tók til orða* (á 20. öld) í fylgd með *Kóngur tér við Signýju*¹⁴⁵⁷ og annarri blokk, *Kona gekk til kirkjudyra*.¹⁴⁵⁸ Í þeim textum þar sem {k}-blokkin er eini fulltrúi yfirblokkarinnar *Sat ég undir stofuvegg* eru nokkur tilfelli þar sem blokkir úr einni og sömu yfirblokk eru á undan og á eftir {k} sem virkar þá eins og innskot, sbr. dæmi (Ic1-c), {k}-blokkin er skáletruð:

(Ic1-c) Sat eg undir Fiskahlaða föðr míns
 átti' að gæta bús og barna
 svíns og sauða;
 þar komu að mér menn
 Ráku staf í hnakka mér
 gjörðu mér svo mikin skaða

lögguðu Eld í Fiskahlaða
 svo hlaðin tók að brenna
 enn jeg að Renna,
 alt uppá land, alt uppá Biskups sand
 santi Maria gaf mér Sauð
 síðan lá hún steindauð;

¹⁴⁴⁸ Sbr. Lbs 587 4to I, bls. 20 á 19. öld, en á 20. öld SÁM 32, 132r–133r og SÁM 85/189 EF (20443) ásamt SÁM 85/191 EF (20463) (með sama heimildarmanni). Sbr. þó SÁM 30b, 405v–406r, en þar er {k} í beinu framhaldi af *Heyrði ég í hamrinum*.

¹⁴⁴⁹ Yfirblokkin hefst á {h} aðeins á 19. öld, og blokkir úr öðrum yfirblokkum eru á undan {h} sjaldnar en á undan {g}, {f} eða {k}.

¹⁴⁵⁰ Lbs 587 4to IV, 12r, Lbs 414 8vo, 92v–93v; SÁM 30a, 242r og SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–1930 (ljósrit), [5r–5v] og (II) 1970–1971 (græn stílabók), 6v–7v.

¹⁴⁵¹ Lbs 587 4to I, bls. 135–136 (Ic1-b) og SÁM 30b, 291r–292r; sbr. SÁM 85/180 EF (20333): {gh(c)d}.

¹⁴⁵² Sbr. t.d. SÁM 30b, 400r; SÁM 85/154 EF (19879) og SÁM 85/167 EF (20115). Ekki virðast þó vera nein dæmi um það að yfirblokkinn *Poki fór til Hnausa* komi á undan *Sat ég undir stofuvegg* í þulutextum þar sem síðarnefnda yfirblokkin hefst beint á {k} – þrátt fyrir það að í fyrrnefndu yfirblokkinni er m.a. stutt blokk um kerlingu sem *liggur í sinni sæng* (sbr. AM 960 IX 4to, 7r eða SÁM 85/180 EF, nr. 20333) sem ætti að geta tengst {k}-blokkinni beint.

¹⁴⁵³ T.d. Lbs 418 8vo, 30v–31r, Lbs 421 8vo, 72r, Lbs 587 4to IV, 29r, SÁM 30b, 157r.

¹⁴⁵⁴ AM 960 XX 4to, 2r og DFS 67, 432r–432v.

¹⁴⁵⁵ SÁM 25f 28v–29r (bls. 72–73 skv. upprunalega blaðsíðutalinu); SÁM 85/180 EF (20329).

¹⁴⁵⁶ DFS 67, 421r–422r; AM 960 XIII 4to, 1r; Lbs 587 4to VIII, 12v.

¹⁴⁵⁷ SÁM 30b, 400r–401r; SÁM 85/129 EF (19550–19551) og SÁM 85/145 EF (19784), allt saman svipaðir textar og byrja allir á *Poki fór til Hnausa*, enda fylgir blokkinn *Kóngur tér við Signýju* oftast þeirri yfirblokk. Í örfáum dæmum koma bæði *Karl tók til orða* og *Kóngur tér við Signýju* á undan *Sat ég undir stofuvegg*, sbr. SÁM 85/143 EF (19745).

¹⁴⁵⁸ T.d. ÍB 656 8vo 17, 2Lv–3Lr og JS 289 8vo I, 28v–29r; venjulega þó ekki strax á eftir *Sat ég undir stofuvegg*.

{k} kom eg þar að kveldi
sem kerling sat hjá Eldi
hún tók að binga hugði mig að strynga
þá tók ég lurkin minn langa
og laggði að krókóttum kerlingar vanga
lág hún svo niðrí, annar og hinn þriði

gekk ég til láfu og gjörðí mér skráfu
gótt þótti mér út að líta
undan skinninu hvíta
skikkunni grænu með skartinu vænu
Böndin eru bæði
lokið er nú laun þurfðar kvæði.¹⁴⁵⁹

Slíkt er torfundið þegar fleiri einingar úr *Sat ég undir stofuvegg* en aðeins {k}-blokkinn eru til staðar í textanum, enda verður innskotið þá of þungt og verður væntanlega til þess að tengsl á milli textans á undan og á eftir {k} slitni.

Fyrir utan aðrar blokkir – og minni sem tilheyra öðrum blokkum¹⁴⁶⁰ – má stöku sinnum sjá einhvers konar endingar sem eru ekki nægilega stöðugar og/eða útbreiddar til þess að flokkast sem blokkir. Sumar þeirra eru einkennandi fyrir þessa tilteknu yfirblokk, eða öllu heldur fyrir {k}-blokkina, en þær koma jafnan í beinu framhaldi af henni:

(Ic1-d) [...] Eg átti mér lítinn bát
og síglí út á haf,
en kerling tók sitt öskutrog
og sökk á kaf.
Svo er ég ski[l]inn víð þá illu
ólukkukerlingu, sem aldrei mátti jeta
nema heitan graut og vellíng,
sú illa kerling.

(Ic1-e) [...] Kelling tók sitt öskutrog
Og setti útá haf
(En) jeg tók mér þá stóran bát
Og sigldi hana í kaf. —

(Ic1-f) [...] ekkert mátti hún annað éta
en heitan graut og vettling
sú helvítis kerling.¹⁴⁶¹

Einnig eru notaðar almennari endingar sem hæfa líka öðrum blokkum, t.d. „og mart kann jeg meira“.¹⁴⁶²

Helsta niðurstaða þessarar greiningar er sú að skilgreina má *Sat ég undir stofuvegg* sem frásagnarblokk með {cd}/{ce} sem kjarna, og með tvenns konar upphafi, {ab} og {(g)h}. Þessi blokk myndar samnefnda yfirblokk með {k}-blokkinni, en yfirblokkinn hefur afar rík tengsl við aðrar blokkir og yfirblokkir – einkum við aðrar frásagnarblokkir á borð við *Poki fór til Hnausa* og *Sat ég undir fiskihlaða*. Um þessar blokkir verðu rætt nánar í næstu undirköflum.

Ic.2. *Sat ég undir fiskihlaða*

Sat ég undir fiskihlaða er heiti bæði yfir yfirblokk og frásagnarblokk í upphafi hennar (eins og *Sat ég undir stofuvegg* (Ic.1)). Blokkinn hefur þegar komið við sögu í þessari ritgerð, einkum í kafla 8.3.3.3 þar sem hlutverk frásagnar var til skoðunar, sbr. dæmi (8-55b) þar, og í umfjöllun um *Sat ég undir stofuvegg*, sbr. (Ic1-c). Hér verður bygging blokkarinnar og yfirblokkarinnar athuguð nánar.

Frásagnarblokkinn í upphafi yfirblokkarinnar er frekar fastmótuð, líkt og {k}-blokkinn í yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*, og lýtur að hluta til lögmálum frásagnar með atburðarás (sbr. umfjöllun í kafla 8.3.3.3). Í dæmum (Ic2-a) og (Ic2-b) eru kjarnaminnin í blokkinni skáletruð:

¹⁴⁵⁹ Lbs 421 8vo, 34r–34v.

¹⁴⁶⁰ Sbr. t.d. texta sem lýkur með línunum eins og: „lambið beit í fingur minn, // hvernig fór þá skórin þinn, // hann kom við hann Þorfinn“ (Lbs 587 4to III, 61v) eða „heirdi eg í hamrinum // hátt var látid // sart var gratid“ (Lbs 421 8vo, 72r).

¹⁴⁶¹ (Ic1-d): Lbs 587 4to I, bls. 136; (Ic1-e): JS 289 8vo I, 35v; (Ic1-f): SÁM 85/180 EF (20329).

¹⁴⁶² Lbs 565 4to, bls. 34; sbr. „jeg kann ekki fleira“ (Lbs 587 4to IV, 29r); enn fremur „og margt kann eg meira og fleira“ (Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, bréf frá 1968 og uppskriftir, [2r]).

<p>(Ic2-a) {a} <i>Sat eg undir fiskahlaða föður</i> <i>átti eg gæta bús og barna —</i> <i>svíns og sauða —</i> {b} <i>Menn komu að mér</i> <i>ráku staf í hnakka mér —</i> <i>gjörðu mér svomikinn skaða —</i> <i>lögðu elld í bonda hlaða —</i> <i>hlaðinn tók að brenna,</i> <i>enn eg tok að renna —</i> <i>allt út undir lönd —</i> biskups lönd — {c} <i>biskup átti valið bú —</i> <i>gaf mer bæði ugsa og kú —</i> <i>ugsinn tók að vagsa —</i> <i>enn kírinn að mjólka —</i> <i>sankti Marja gaf mer sauð —</i> <i>síðann lá hún stein dauð —</i> <i>annan gaf mér freya —</i> <i>hún kunni ekki að deya [...]</i></p>	<p>(Ic2-b) {a} <i>Sat eg undir fiskahlaða föður míns</i> {b} <i>menn komu að mjer</i> <i>gjörðu mjer svo mikinn skaða</i> <i>báru eld í bónda-hlaða</i> <i>hlaðinn tók að brenna,</i> <i>jeg tók að renna</i> <i>út um löndin að biskups ströndu[m]</i> {c} <i>biskup átti valið bú</i> <i>hann gaf mjer uxa og kú</i> <i>uxinn tók að vaxa</i> <i>en kýrin að mjólka.</i> <i>Sæl Mária gaf mjer sauð,</i> <i>hann varð mjer að miklum auð</i> <i>annan gaf mjer Freyja,</i> <i>sem aldrei mun deyja.</i>¹⁴⁶³</p>
--	--

Textarnir í dæmunum eru nokkuð mislangir og auðséð er að textinn í (Ic2-b) er talsvert samþjappaðri. Til eru þó textar sem eru enn „gísarnari“ en (Ic2-a), sums staðar er t.d. bætt við „ristu mér rún[u] // rökuðu mér krúnu“ á eftir *menn komu að mér* og/eða „og mjólkaði svo vel // að hún mjólkaði fulla kúskel“¹⁴⁶⁴ á eftir *en kýrin að mjólka*. Mikil tilbrigði eru í einstökum minnum, einkum í orðalagi, t.d. getur línun *menn komu að mér* einnig verið „þar kom maður að mjer“ eða „þar komu að mér menn“,¹⁴⁶⁵ o.s.frv. Þessi tilbrigði skipta ekki miklu máli fyrir framvindu blokkarinnar en kallast oft á við frekari tilbrigði í öðrum línunum, einkum þeim sem eru ekki skáletraðar í dæmunum (Ic2-a) og (Ic2-b),¹⁴⁶⁶ en þau tilbrigði gætu fyrir sitt leyti haft áhrif á merkingu textans.

Helstu tilbrigði, sem hafa bein áhrif á merkingu texta, eru í síðustu þremur línunum {c}-blokkarinnar. Þar segir í meirihluta heimilda: *hann varð mér að miklum auð* (Ic2-b), en í mörgum segir þó: *síðan lá hún steindauð* (Ic2-a) eða jafnvel „hún var stókk= og stein=dauð“.¹⁴⁶⁷ Eins og gefur að skilja eru þessi tilbrigði í fyllidreifingu.¹⁴⁶⁸ Tilbrigðið *hann varð mér að miklum auð* kemur einkanaftan oft fram ef línurnar *bús og barna*, // *svíns og sauða* vantar í viðkomandi texta, eða svo var

¹⁴⁶³ Lbs 587 4to IX, 54r–54v; Lbs 424 8vo, 16r.

¹⁴⁶⁴ SÁM 85/289 EF (2572); sbr. „míolkad[i] fulla krákuskíel“ Lbs 587 4to III, 41r.

¹⁴⁶⁵ Lbs 587 4to VIII, 15r og Lbs 421 8vo, 34r.

¹⁴⁶⁶ Ákveðin tengsl – þó óbein – eru á milli tilbrigða í ofangreindum línunum, sjá t.d. AM 969 4to, 46v („bús og barna heíma“, sbr. Lbs 1911 8vo, bls. 23) og JS 289 8vo I, 27v („búrs og barna“), en í öllum þessum heimildum eru einnig tilbrigði við línuna *menn komu að mér*. Sama gildir um tilbrigði við lokalinur í {b} sem skera sig nokkuð úr vegna atviks-orða eða forsetninga: „lengst út á lönd, // lengst út á biskups lönd“ (Lbs 587 4to II, bls. 163), „langt upp á land, // allt upp á biskupssand“ (JS 510 8vo, bls. 376) og „Alt ofan á land // alt ofan á Biskupsland“ (Lbs 587 4to IX, 48v); í þessum handritum eru sömuleiðis tilbrigði við línuna *menn komu að mér*.

¹⁴⁶⁷ AM 969 4to, 46v, sbr. t.d. AM 960 IX 4to, 8r og Lbs 587 4to I, bls. 11 og 16. Til eru einnig þversagnarkennd og málfræðilega vafasöm tilbrigði, sbr.: „sancte Maria gaf mjer sauð, // síðan lá hann steindauð“ (Lbs 418 8vo, 29v, sbr. Lbs 587 4to VIII, 12r–12v).

¹⁴⁶⁸ Eina undantekningin virðist vera þessi: „sankti Mara... María gaf mér sauð // sá ... gaf mér ekki mikinn auð // síðan fannst hún steindauð“ á SÁM 85/271 EF (2226).

a.m.k. á 19. öld.¹⁴⁶⁹ Í ákveðnum fjölda textanna, eða um fjórðungi, lýkur blokkinni hér – einkum í textunum sem hafa tilbrigðið *hann varð mér að miklum auð*.¹⁴⁷⁰ Í öðrum textum lýkur blokkinni með næsta minni, *annan gaf mér Freyja*, sem hefur þó margvísleg tilbrigði, t.d. „önnur gaf míer freiju“, „önnur gaf mjer Freyja“, „en annar gaf mjer Freyu“ o.s.frv.¹⁴⁷¹ Tilbrigði eru einnig í síðustu línu í {c}, en þar er á reiki hver nákvæmlega kunni ekki að deyja, Freyja (Ic2-a) eða sauðurinn: „hann kunni ekki að deya“.¹⁴⁷² Tilbrigðið *hún* [þ.e. Freyja] *kunni ekki að deyja* fylgir oftast minninu um Maríu sem *lá steindauð* – en *hann* [þ.e. sauðurinn sem Freyja gaf] *kunni ekki að deyja* fylgir minninu um sauðinn sem varð þulumælanda *að miklum auð*.¹⁴⁷³ Þessar merkingarflækjur hafa vissulega ekki áhrif á framvindu frásagnarinnar í blokkinni – sem er komin á enda – en eiga mikinn þátt í því hvað kemur á eftir henni.

Fyrir utan lengri og styttri gerð umræddrar blokkar í dæmum (Ic2-a,b) er til ein enn, reyndar með fáum textum; einkenni hennar er viðbótin *og móður* í upphafi blokkarinnar,¹⁴⁷⁴ textinn í framhaldi er langur og reglulegur, með línunum *bús og barna*, // *svíns og sauða* – línurnar um kúna sem mjólkaði fulla kúskel koma einnig aðallega í þessari gerð – og án orðalagstilbrigða sem skera sig úr. Þessi gerð er bæði til með tilbrigðinu *hann varð mér að miklum auð* og *síðan lá hún steindauð*.¹⁴⁷⁵ Hún virðist þó aðeins koma fram á 20. öld.

Hingað til hefur verið rætt um blokkina *Sat ég undir fiskihlaða*, en í samnefndu yfirblokkinni geta einnig verið tvö tengiminni ({t^{m1}} og {t^{m2}}), sjá dæmi (Ic2-c–g) og tvær blokkir, *Konan mín í kofanum* – með nokkrum fylgdarblokkum eða án þeirra – og/eða *Sofa, sofa hjónakornin bæði*. Tengiminnin eru í dæmi (Ic2-c) en nokkur tilbrigði við {t^{m1}}, sem er ríkara af tilbrigðum, í (Ic2-d–g):

(Ic2-c) [...] {t^{m1}} Fór eg upp til lára,
að leita gullskára,
{t^{m2}} gott þókti mér út að líta
í skinninu hvíta
og skykkjunni grænni [...]

(Ic2-e) [...] for eg upp l[á]u
görði gull Skrá [...]

(Ic2-f) [...] fór jeg upp til Áa
Ljet jeg gull skráa [...]

(Ic2-d) [...] Fór eg ofan til lága
lét skinn skráfa [...]

(Ic2-g) [...] gekk eg til láfu og Gjörði mjer
skráfu [...]¹⁴⁷⁶

¹⁴⁶⁹ Sbr. t.d. Lbs 587 4to III, 8v og 13v–14r; Lbs 587 4to IV, 12r; Lbs 587 4to VIII, 15r; DFS 67, 286r og 405r o.fl. Þó kemur að sjálfsögðu bæði fyrir að umrætt tilbrigði komi í texta þar sem línurnar *bús og barna*, // *svíns og sauða* eru til staðar (t.d. Lbs 423 8vo, 108v) og að hitt tilbrigði sé í textanum þrátt fyrir það að umræddar línur vanti (sbr. „Sú var þegar steindauð“ í JS 289 8vo I, 33r). Frá 20. öld eru hins vegar mörg dæmi um tilbrigðið *hann varð mér að miklum auð* þrátt fyrir að línurnar *bús og barna*, // *svíns og sauða* séu til staðar (t.d. SÁM 30b, 388r; SÁM 85/145 EF (19785), SÁM 85/119 EF (19378) eða SÁM 85/186 EF (20420)), enda eru þessar línur mun algengari í þulutextum þá en fyrir 20. öld.

¹⁴⁷⁰ Lbs 587 4to III, 14r, Lbs 587 4to IV, 12r, AM 960 XX 4to, 3r o.fl. Sbr. þó Lbs 421 8vo, 34r; þar lýkur blokkinni á „síðan lá hún steindauð“ en textinn heldur þó áfram.

¹⁴⁷¹ Lbs 587 4to III, 41r (sbr. Lbs 423 8vo, 108v og Lbs 587 4to III, 54r), Lbs 421 8vo, 36v og JS 515 8vo, bls. 61.

¹⁴⁷² Lbs 587 4to I, bls. 16.

¹⁴⁷³ Undantekningar frá þessari reglu fylgja venjulega sérkennilegum tilbrigðum í næstsíðustu línu, sbr. „Önnur gaf mér freiu // hún kunni ekki að deia“ (Lbs 423 8vo, 108v), „en annar gaf mjer Freyu, hún kann ekki að deya“ (JS 515 8vo, bls. 61) og „annað gaf mér F... annan gaf mér Freyja // en hann kann ekki að deyja“ á SÁM 85/291 EF (2599).

¹⁴⁷⁴ Þ.e. „Sat ég undir fiskahlaða föður míns og móður“ (SÁM 85/124 EF, nr. 19473).

¹⁴⁷⁵ Sjá annars vegar SÁM 85/289 EF (2572), hins vegar SÁM 85/349 EF (21313 og 21315).

¹⁴⁷⁶ (Ic2-c): DFS 67, 250r; (Ic2-d): Lbs 587 4to III, 8v; (Ic2-e): Lbs 587 4to VIII, 15r („[á]u“: tildulaga merkið yfir *a* er óskýrt og er hugsanlega frekar hluti af *u*, svokölluð slaufa); (Ic2-f): Lbs 587 4to II, bls. 118; (Ic2-g): Lbs 421 8vo, 36v.

Tengiminnin geta staðið saman eða hvort í sínu lagi; {t^{m2}} stendur sjálfstætt u.þ.b. jafn oft og það stendur ásamt {t^{m1}} – en {t^{m1}} stendur hins vegar sjaldan sjálfstætt, og þá aðeins á undan blokkinni *Sofa, sofa hjónakornin bæði*.¹⁴⁷⁷ Þegar tengiminnin koma saman standa þau ávallt í sömu röð.

Blokkirnar *Sofa, sofa hjónakornin bæði* og *Konan mín í kofanum* koma u.þ.b. jafnoft á eftir tengiminnunum ({t^{m1,2}} eða {t^{m2}}). Blokkinn *Sofa, sofa hjónakornin bæði* er til í nokkrum gerðum, og fer það mest eftir því hvort um ræðir *hjón* (Ic2-h) eða *börn*, en það síðarnefnda er þó talsvert sjaldgæfara (Ic2-i):

(Ic2-h) *Sofa sofa hjóna Kornin bæði,
undir einum blámerktum þræði
hann Beinir og hún Herdís á Svæði,
duttu þau ofani sodk[é]tilin bæði,
svo ekki stóð uppúr nema huppurinn
og Hálf annað lærið,
og nú er lokid Lundúnakvæði. —*

(Ic2-i) [...] litlu börnin hennar Laugu litlu
ljeku sjer bæði með æði.
*og dattu' ofaní Sjóðandi Soðkétilin bæði
þar stóð ekki' uppúr nema Bógurinn
og hálf annað Læri*
Bundu þau um það Bláum veftarþræði [...]¹⁴⁷⁸

Af þessum dæmum má sjá að inngangurinn er ólíkur í þessum tveimur gerðum en kjarninn í blokkinni miðri (skáletraður texti) er sameiginlegur. Síðasta lína í (Ic2-i), „Bundu þau um það Bláum veftarþræði“ (með ýmsum tilbrigðum) er einkennandi fyrir þá gerð blokkarinnar þar sem *börnin* eru í aðalhlutverki. Niðurlagið – *nú er lokid Lundúnakvæði* – er einnig sameiginlegt, en oft er hins vegar ekkert niðurlag (slíkt gerist reyndar oft í gerðinni sem fjallar um *börnin*).¹⁴⁷⁹ Stundum fjallar blokkinn um hvort tveggja *hjón* og *börn*; slíkar blokkir verða til við samlagningu innganga um *hjón* og *börn* (Ic2-j), og hefur blokkinn þá svipaða byggingu og í dæmum (Ic2-h,i). Stundum bætast þó við línur úr sagnadönsum og/eða vísnum (skáletraðar í (Ic2-k)), og þá getur blokkinn farið svolítið frábrugðna leið:

(Ic2-j) [...] *sofa saman hjónakornin bæði
undir einum blámerktum þræði
[hann] Beinir og hún Herdís á Svæði
þar voru börn að leika sér
og það var þeirra æði
þau dattu ofan í soðketilinn bæði
svo ekkert stóð upp úr
ekki nema bógurinn og hálf annað lærið
lokið er svo Lundúnakvæði [...]*

(Ic2-k) [...] *Vel sofa hjónakornin bæði
undir einum grábláum veftarþræði
Barnakornin leika sér,
það er þeirra æði,
þegar þau kunna að ganga um gólf,
bera þau skarlatsklæði.
Löggðu þau í ketilinn
skammrif og bægina bæði
og brenndu sig á lærunum bæði,
drottinn minn blessi þau bæði!*¹⁴⁸⁰

Blokkinn *Sofa, sofa hjónakornin bæði* kemur langoftast í framhaldi af þeim textum sem hafa tilbrigðið *hann varð mér að miklum auð* undir lok blokkarinnar *Sat ég undir fiskihlaða*. Það virðist ekki vera fullljóst hvaða þættir í blokkunum tveimur stjórna þessu fyrirkomulagi en það eru skýr tengsl þar á milli; aðeins er hægt að nefna örfáa texta þar sem blokkinn *Sofa, sofa hjónakornin bæði* kemur í framhaldi af tilbrigðinu *síðar lá hún steindauð*,¹⁴⁸¹ en textar þar sem blokkinn kemur í framhaldi af *hann varð mér að miklum auð* skipta tugum. Umrædd blokk er jafnan lokablokkinn í sinni gerð af

¹⁴⁷⁷ Sjá DFS 67, 286r, sbr. SÁM 85/123 EF (19454) og SÁM 85/140 EF (19685).

¹⁴⁷⁸ DFS 67, 256v (*[é]* virðist vera skrifað með depli, en deplar og broddar eru lítt aðgreindir í handriti; sjaldgæft er einnig að *ð* sé aðgreint frá *d*); Lbs 421 8vo, 37v.

¹⁴⁷⁹ Dæmi um slíkt niðurlag í blokkinni um börnin er þó í AM 969 4to, 46v.

¹⁴⁸⁰ SÁM 85/189 EF (20444); DFS 67, 405r–405v.

¹⁴⁸¹ Helst eru það AM 960 IX 4to, 8r; AM 969 4to, 46v; SÁM 85/183 EF (20385).

yfirblokkinni *Sat ég undir fiskihlaða*, enda vel til þess fallin – ekki síst vegna lokaminnisins *nú er lokið Lundúnakvæði*.¹⁴⁸²

Önnur gerð yfirblokkarinnar *Sat ég undir fiskihlaða* gerir ráð fyrir því að á eftir tengiminnunum komi *Konan mín í kofanum*, en það er tvískipt blokk um tvær konur frekar en eina (Ic2-1):

(Ic2-1) [...] {k ¹ } kona mín í kofanum	vagaði, kjagaði,
vísaði mér til stofunnar,	lét hún gánga hettuna smettuna,
eg vill ekki í stofu gá,	reyuna, treyuna,
eg vill upp til hóla	díngi litli dumma dó
að hitta konu bónda,	sofðu nú í nótt —
{k ² } kona bónda gékk til brunns,	nú er dauður Eigill og Keigill í skógi. ¹⁴⁸³

Þrátt fyrir tvískiptinguna eru undirblokkirnar tvær mjög samheldnar; aðeins örfáum sinnum má finna {k²} í þulutexta án {k¹}.¹⁴⁸⁴ Frásagnarþáttur er nokkuð sterkur í þessari blokk, líkt og í blokkinni *Sat ég undir fiskihlaða*; í fyrstu línunum {k¹} er söguviðið undirbúið og persónurnar kynntar, togstreita myndast í næstu línunum þegar þulumælandi virðist fara að finna konu bónda. En síðar rennur frásögnin út í sandinn; engin lausn virðist koma á togstreitunni og niðurlagið virðist hafa lítið með efni blokkarinnar að gera. Blokkinn er tiltölulega stöðug og jafnvel tilbrigði eru lítil – að frátöldum tilbrigðum í upptalningum í línunum 2–4 í {k²}. Þessi blokk getur komið bæði í framhaldi af tilbrigðinu *síðan lá hún steindauð og hann varð mér að miklum auð*, þótt hið síðarnefnda sé mun sjaldgæfara.¹⁴⁸⁵ Hún gegnir afar oft hlutverki lokablokkar í sinni gerð yfirblokkarinnar *Sat ég undir fiskihlaða*. Í þeim textum, sem lýkur ekki með blokkinni um konurnar, er næsta blokk oft samsteypa þriggja minnahópa sem virðast ekki hafa mikil merkingartengsl sín á milli að því frátöldu að allir minnahóparnir fjalla um bústörf, sbr. dæmi (Ic2-m):

(Ic2-m) [...] kveiktu upp eldinn vígga	hvaðann ertu boli minn
sæktu vatníd sigga	þú ert heim kominn
skierdu saudinn Jón	raudur af leir[í]
úti liggur tikinn í túnínu	rótar upp moldu
kirinn í mirinni	berst víd bakka
	bandkollóttur [...] ¹⁴⁸⁶

Þessi blokk verður oftast jafnframt lokablokkinn, þótt stök minni geti staðið á eftir henni.¹⁴⁸⁷ Blokkinn er einkum algeng á 20. öld.

¹⁴⁸² Aðeins stöku sinnum heldur þulutexti áfram, t.d. í Lbs 587 4to III, 8v–9r þar sem ný blokk, *Karl tók til orða*, hefst í framhaldi af minninu *nú er lokið Lundúnakvæði*. Einnig kemur fyrir – jafnvel oftar – að minnið er í upphafi blokkarinnar *Sofa, sofa hjónakornin bæði* (í hvaða gerð hennar sem er), þ.e. öll blokkinn gegnir hlutverki niðurlags fyrir viðkomandi þulutexta í heild (AM 960 XX 4to, 3r; sbr. Lbs 1911 8vo, bls. 26 og Lbs 1057 4to, 173r–174r).

¹⁴⁸³ DFS 67, 250r; sbr. t.d. Lbs 587 4to III, 41r–41v eða Lbs 423 8vo, 108v. Ekki eru þó allir á sama máli um tengsl þessarar blokkar við *Sat ég undir fiskihlaða*. Þegar Guðrún Jónsdóttir, viðmælandi á SÁM 85/371 EF (21597), hefur farið með blokkina *Sat ég undir fiskihlaða* og tengiminnið {t^{m2}} gerir hún stutt hlé, heldur áfram: „Konan mín í kofanum vísar mér til st...“ en hættir við og segir: „Nei þetta er nú í annarri [...] [hún] er [víst] búin þessi þula“. Kristín Nielsdóttir, viðmælandi á SÁM 85/291 EF (2599), segir á eftir „en hann kann ekki að deyja“: „[...] þá var þulan búin“, en segir svo frá aðkomumanni sem hafði lært „framhaldið“, {t^{m2}} og {k^{1,2}}. Steinþór Þórðarson, viðmælandi á SÁM 84/28 EF (421), fer með upphafsblokkina *Sat ég undir fiskihlaða*, tengiminnið {t^{m2}} og {k^{1,2}} ásamt framhaldinu í (Ic2-m) en segir svo: „[...] ég hugsa [að] ég taki margar þulur þarna saman í eitt“, með áherslu á *margar*.

¹⁴⁸⁴ Lbs 587 4to I, bls. 16, sbr. SÁM 85/276 EF (2277).

¹⁴⁸⁵ Má nefna Lbs 587 4to II, bls. 174; SÁM 30a, 54r; SÁM 85/186 EF (20420) og SÁM 85/119 EF (19378, fyrri flutninginn), flestallt frá 20. öld.

¹⁴⁸⁶ Lbs 587 4to III, 41v.

Yfirblokkinn *Sat ég undir fiskihlaða* er tiltölulega skýrt afmörkuð og stöðug, ekki ósvipuð yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*. Hún hefur tvær helstu gerðir, annars vegar *Sat ég undir fiskihlaða* – {t^{m(1),2}} – *Sofa, sofa hjónakornin bæði*, og hins vegar *Sat ég undir fiskihlaða* – {t^{m(1),2}} – {k^{1,2}} – (*Kveiktu upp eldinn, Vigga*). Hún hefur einnig rík tengsl út á við, þ.e. við aðrar blokkir og yfirblokkir, og fyrst og fremst einmitt við *Sat ég undir stofuvegg* sem getur komið bæði beint á eftir *Sat ég undir fiskihlaða* (Ic2-n) og á eftir tengiminnunum (Ic2-o) – en aðeins í framhaldi af tilbrigðinu *hann varð mér að miklum auð*:¹⁴⁸⁸

(Ic2-n) [...] Sæl María gaf mér sauð,
hann varð mér að miklum auð.
Leit eg upp til hæðanna,
sá eg tólf hestana renna,
tók eg þann blakka [...]

(Ic2-o) [...] Sæl Marja gaf mér Saud,
hann var mér að miklum Aud,
gott þótti mér út að líta,
á Skinminu hvíta og Skykkjuna Gráu,
fór eg ofan til Sjóar,
að Salta nidur Net,
þar kom tóa trítandi [...]¹⁴⁸⁹

Stöku sinnum koma blokkir úr *Sat ég undir stofuvegg* á eftir öðrum blokkum úr yfirblokkinni *Sat ég undir fiskihlaða* – t.d. á eftir *Sofa, sofa hjónakornin bæði* – eða jafnframt úr öðrum yfirblokkum, t.a.m. á eftir upphafsblokkinni í *Gekk ég upp á hólinn, horfði ofan í dalinn* (Ib.3) sem þá stendur á eftir upphafsblokkinni í *Sat ég undir fiskihlaða*.¹⁴⁹⁰ *Gekk ég upp á hólinn, horfði ofan í dalinn* stendur oftast í tengslum við *Sat ég undir fiskihlaða*, jafnvel þótt *Sat ég undir stofuvegg* sé ekki í textunum.¹⁴⁹¹

Þá hefur komið fram að blokkirnar *Heyrði ég í hamrinum* og *Karl tók til orða* koma stundum á eftir blokkum úr yfirblokkinni *Sat ég undir fiskihlaða*; fyrrnefnda blokkinn á eftir *Konan mín í kofanum* en sú síðarnefnda á eftir *Sofa, sofa hjónakornin bæði*. Þessar blokkir finnast stundum ekki aðeins á eftir *Sat ég undir fiskihlaða* heldur einnig á undan – þótt *Sat ég undir fiskihlaða* sé langoftast upphafsblökk í þulutextum. *Karl tók til orða* getur t.d. staðið á eftir *Gott er að ríða sandana mjúka* (sem þulutextinn hefst á) en á undan *Sat ég undir fiskihlaða*, en undirblokkinn *Ekki heiti ég Eiríkur* úr *Heyrði ég í hamrinum* getur verið á eftir blokkunum *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* og *Kom ég þar að kvöldi* en á undan *Sat ég undir fiskihlaða*.¹⁴⁹² Meðal annarra yfirblokka og blokka sem *Sat ég undir fiskihlaða* tengist óbeint – eins og það tengist blokkunum *Gott er að ríða sandana mjúka* og *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* – eru því *Lambið beit í fingur minn*, *Poki fór til Hnausa* og *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*,¹⁴⁹³ ásamt *Norðarlega eru Nauthús*¹⁴⁹⁴ og fleirum.

¹⁴⁸⁷ T.a.m. „sokka plögginn lafa ofaná hæla // það mun flesta íngismennina tæla“ í Lbs 587 4to III, 41v (sbr. SÁM 84/3 EF, nr. 43) eða „það er búmanna siður // að bíta brauð og belgja vatn á eftir“ á SÁM 85/197 EF (20566). Örsjaldan kemur önnur blokk á eftir þeirri í dæmi (Ic2-m), t.d. *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* á SÁM 85/289 EF (2572). En í þeim fáu textum sem lýkur ekki með {k²} og hafa ekki blokkina í dæmi (Ic2-m) kemur blokkinn *Heyrði ég í hamrinum* oftast en annað í framhaldi af {k²} (Lbs 423 8vo, 108v–109r, sbr. SÁM 84/13 EF, nr. 226).

¹⁴⁸⁸ Meðal algjörra undantekninga eru Lbs 587 4to I, bls. 11 og Lbs 421 8vo, 34r–34v (*Kom ég þar að kvöldi* kemur í framhaldi af öðru tilbrigði, sjá dæmi (Ic1-c)).

¹⁴⁸⁹ (Ic2-n): AM 247 8vo, 6r (lóðrétt strik á eftir „auð.“ í handriti virðist vera sett með öðrum penna), sbr. Lbs 587 4to I, bls. 16–17 eða Lbs 414 8vo, 93r. (Ic2-o): Lbs 587 4to IV, 12r, sbr. Lbs 587 4to III, 14r eða Lbs 587 4to IX, 48v. Eins og fram kom í kafla Ic.1 er upphafið í yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg* í slíkum tilfellum oftast en ekki minnið sem þar er táknað {h} (*fór ég ofan að sjó*) úr {gh}-gerð yfirblokkarinnar, líkt og í (Ic2-o), en stundum má einnig sjá {b}-minnið úr {ab}-gerð í upphafsstöðu yfirblokkarinnar, eins og í (Ic2-n). Þá má minna á það að {k}-blokkinn úr *Sat ég undir stofuvegg* kemur stundum ein og sér í *Sat ég undir fiskihlaða*, m.a. sem innskot (Ic1-c).

¹⁴⁹⁰ Sjá DFS 67, 286r annars vegar og Lbs 1911 8vo, bls. 23–25 hins vegar.

¹⁴⁹¹ T.d.: SÁM 85/289 EF (2572), sbr. SÁM 85/271 EF (2226).

¹⁴⁹² Sjá Lbs 587 4to II, bls. 96–97 og Lbs 587 4to VIII, 12v.

¹⁴⁹³ Þessar blokkir – og reyndar minni úr mörgum fleiri – eru í Lbs 587 4to I, bls. 11–15.

Flestir lengri textar með flóknari byggingu og mörgum yfirbökkum eru frá því fyrir 20. öld, en á 20. öld verða textarnir almennt styttri og einfaldari. Einnig ber á því að textarnir verði samræmdari, eða að fleiri textar séu steptir í sama mót; t.d. eru línurnar *átti ég að gæta // bús og barna // svíns og sauða* nær alltaf til staðar í þulutextunum, þannig að tilbrigðið tengt B-gerð blokkarinnar – þar sem þessar línur vantar – er eiginlega horfið.

Ic.3. *Poki fór til Hnausa*

Frásagnarblokkinn *Poki fór til Hnausa* í upphafi samnefndrar yfirbökkar er afar stutt en er þó til í nokkrum frábrugðnum gerðum. Algengastar eru A- og B-gerð, sjá dæmi (Ic3-a,b):

(Ic3-a) {a¹} Poki fór til Hnausa
 Kunni margt að rausa
 {b} að því spurdi hún Finna
 hvað hann kynni að vinna
 eg kann vel að moka hús
 þú ert ekkji stærri en lús
 og skríd þú inni eldhús
 {c} þá varð Poki feiginn
 og skrapp inni hverja krá.
 {d} hver býr þar fyrir innann?
 Kerling grætur í sinni sæng
 Sýtir og rítir
 þá kom hennar bóndinn heim
 hún vildí hann ekkji nýta [...]

(Ic3-b) {a²} Ut vil eg róa á hjalla sandi,
 {b} að spyr hún fynna,
 hvað kantu' að vinna,
 eg er ekki stærri enn lús,
 eg kann vel að moka hús,
 farðu innar í eldhús poki
 og fáðu þér graut og skir í bolla
 {c} poki varð svo feigin þá
 hann skrapp í hurðar skrá
 {e} sá eg aungvann kvenna poka
 betur kunna hús að moka
 enn Eíríki gjálfa
 og Sum\ar/liða sjálfa [...]¹⁴⁹⁵

(Undir)blokkinn {b}, sem var þegar nefnd í tengslum við upptalningar á ýmsum störfum í Ib.9, og minnið {c}, sem kemur stundum sjálfstætt fram í öðrum gerðum blokkarinnar *Poki fór til Hnausa* (sjá dæmi (Ic3-e) aftar í þessum kafla), mynda kjarna þessarar stuttu blokkar; hann er sameiginlegur fyrir flestallar gerðir blokkarinnar. Í A-gerð myndar kjarninn ásamt innganginum {a¹} stutta frásögn um Poka (poka?) sem fer af stað og til Hnausa nokkurs (eða á stað sem heitir Hnausar, eða e.t.v. til að taka upp mó) og hittir Finnu sem eftir stutt samtal ræður hann í einhvers konar vist eða vinnu-mennsku – og þar unir hann glaður við. Þetta er í grundvallaratriðum sams konar atburðarás og í *Sat ég undir fiskihlaða*, að því frátöldu að við vitum ekki ástæðu(r) þess að Poki tekur sér ferð á hendur. En slíka(r) ástæðu(r) vitum við ekki heldur í annarri blokk með ekki ósvipaða atburðarás, *Sat ég undir stofuvegg*, sem stendur einnig í nánnum tengslum við blokkina *Poki fór til Hnausa* (sjá aftar í þessum kafla). Í blokkinni {d} er Poka fylgt, en hann *skrapp inn í hverja krá* í {c}, inn fyrir og til kerlingarinnar sem tengist annars ekki frásögninni en kann að minna á kerlinguna í *Kom ég það að kvöldi* og þannig skýrt, a.m.k. að hluta til, svo náin tengsl þessarar gerðar blokkarinnar *Poki fór til Hnausa* og yfirbökkarinnar *Sat ég undir stofuvegg*.

Textinn í B-gerð er ekki eins auðlesinn sem frásögn sakir þess að inngangsminnið {a²} virðist ekki endilega tengjast frásögninni um Poka (poka). Minnið virkar því síður sem kynning á persónum og sviðslýsing – nema það sé lesið sem orð Poka sjálfs, sem er þó engan veginn augljóst (og eiga þau þá væntanlega að gefa til kynna að hann hefur tekið sér ferðalagið á hendur). Á móti kem-

¹⁴⁹⁴ Lbs 423 8vo, 108v–109r.

¹⁴⁹⁵ (Ic3-a): Lbs 2856 4to, 136v–137r (sbr. t.d. SÁM 30b, 291r og 400r); (Ic3-b): Lbs 587 4to II, bls. 89, sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 124r.

ur þó að inngangsminnið {a²} skiptist oft á við {a¹}, jafnvel í B-gerð blokkarinnar,¹⁴⁹⁶ og að niðurlagið í {e} virðist tengjast frásögninni um Poka betur en {d} í A-gerð blokkarinnar.¹⁴⁹⁷

Mesti munurinn á A- og B-gerð liggur þó í þeim blokkum sem fylgja frásagnarblokkinni um Poka í yfirblokkinni *Poki fór til Hnausa*. Helstu blokkirnar sem fylgja A-gerð eru annars vegar blokk(ir) úr *Sat ég undir stofuvegg* en hins vegar *Karl tók til orða* (Ic.5) ásamt *Kóngur tér við Signýju*, stuttri blokk sem aðeins verður vart á 20. öld og virðist einkum vera í yfirblokkinni *Poki fer til Hnausa* eða í tengslum við hana. Í framhaldi af textanum í (Ic3-a) er t.d. aðeins efni úr *Sat ég undir stofuvegg*, en í framhaldi af öðrum texta A-gerðar Poka-blokkarinnar aðeins *Karl tók til orða* og *Kóngur tér við Signýju*.¹⁴⁹⁸ Þá eru einnig til þulutextar þar sem blokkirnar *Karl tók til orða* og *Kóngur tér við Signýju* koma í beinu framhaldi af blokkinni um Poka en efnið úr *Sat ég undir stofuvegg* á eftir minninu *Leistur minn liggur niðri á velli* sem kemur fyrir sitt leyti í kjölfarið á blokkunum tveimur.¹⁴⁹⁹ Til eru og þulutextar þar sem efni úr *Sat ég undir stofuvegg* kemur í beinu framhaldi af Poka-blokkinni en hinar blokkirnar tvær strax á eftir, sbr. (Ic3-c) (upphöf þeirra eru skáletruð):

(Ic3-c) [...] Rann ég eftir [r]á um stund.
Ég átti mér strútóttan|hund
Kom ég þar að kveldi,
er kerling blés að eldi
Hún tók sína pyngju
hugði mig að stinga,
Þá tók ég lurkinn minn langa
og lagði hann undir kerlingar vanga
sagði hún skyldi ekkert gott orðið heyra
með sínu bannsetta, bikkjóttu,
krókóttu, kindóttu
kerlingareyru.
Karl tók til orða
mál væri að borða.
Þar var innar diskur
var á smjör og fiskur,
kerald í rætur
og fimm sauðarfætur.

Tók ég mér einn,
ekki var ég seinn
gerði mér úr mann,
Grettir heitir hann
Margt kunnir Grettir vel að vinna.
Fór hann út í eyjar
kyssti þar meyjur,
kyssti bæði kálf og kú
og keisarann sjálfan.
Kóngur tér við Signýju,
Því ertu svona aftanvot?
Ég hef róíð á lekabát í alla nótt.
Ég er komin austan úr vík
og vestan úr vík
og hér er kominn grákampur úr Grindavík.¹⁵⁰⁰

Af þessu má sjá að A-gerð, þar sem frásagnarþáttur í hinni eiginlegu Poka-blokk er sterkari, tekur með sér aðrar frásagnarblokkir.

Allt öðruvísi efni kemur í framhaldi af B-gerð blokkarinnar um Poka þar sem frásögn er ekki eins skýr. Þar kemur löng blokk, {f-j}, afar samheldin að því leyti að ekkert minnanna vantar miklu oftari en hin (þótt öll minnin komi varla nokkru sinni saman í einu) og hvergi eru áberandi skil á milli minna eða minnahópa, þótt varla sé nokkur samfelld frásögn í blokkinni, sjá (Ic3-d):

¹⁴⁹⁶ Sbr. t.d. Lbs 414 8vo, 124r.

¹⁴⁹⁷ Um niðurlagið {e} sbr. kafla 8.3.1 – m.a. (8-35) – og 8.3.2.1; sjá einnig aftari í þessum kafla, dæmi (Ic3-f).

¹⁴⁹⁸ SÁM 32, 136r–137r.

¹⁴⁹⁹ SÁM 85/143 EF (19745).

¹⁵⁰⁰ SÁM 30b, 400r–401r („/“ í 2. línu er merki skrifara, til að taka orðin tvö í sundur).

(Ic3-d) [...] {f} það er svo gott að bíta
við hann Jon á Bjargar steíni
honum verður ekkert að meini
milli fjöru og fjalla
ætíð þegar kallar
{g} Arí sat á hellu
og akaði grísí
{h} þá kom ormur ín lángi
og hratt fram gáangi,
fram fram fari fjós
sagdi að dagur væri í ljós
{i} einn var þar pottur brotir¹⁵⁰¹
ann<ar> var þar kúlu skotin
þriðji var þar riðgað[u]r
í s[u]ndur¹⁵⁰² um siðir
á Sunnudaginn skulum við
til skjál[ð]borgar ríða
{j} /ljós brann þar ifir oss í hildar sal\

hvör er sá á þinginu sem dæma skal
það er hann Sigurður Jónsson
hann hann kann vel að velta sér
í krókin og í kringin
og í miðjan meiar hríngin
{J} Jón smá smellír a
ríður brúnskjóttum klár
alla sina æfina til fjár
{F} hönum filgir úlfur og álfur
og Jón krækir sjalfur
Sigurður og Sigga
og sam bornar ærnar
{k} þú[er] \ert/ kominn þa[rn]a
Þórarín stjarna
förum við ofan í fjöruna
og fáum okkur kjarna
opt hefur hún kona þín
ként á því arna. —¹⁵⁰³

Blokkinn kemur í framhaldi af {e} (minninu um „aungvann kvenna poka“) sem líta má á sem niðurlag í hinni eiginlegu Poka-blokk eða sem upphafsminni blokkarinnar sem hér um ræðir ({f-j}); það tengir þá þessa blokk aftur við hina eiginlegu frásagnarblokk um Poka fremst í þulunni (hvort sem sami poki/Poki er til umræðu eða ekki). Í kjölfar þess kemur örstutt undirblokk {f} og minni {g} sem vantar í suma texta (stundum hvort tveggja í einu en stundum hvort í sínu lagi). Síðar tekur fastur blokkarkjarni {hij} við, þótt merkingin eða frásögnin í honum sé ekki heldur samfelld; honum lýkur á minninu um *Sigurð/Jón Jónsson* (sjá umfjöllun í 8.3.1). Textinn er samsteypa af stuttum blokkum og minnum sem mynda ekki samfellda frásögn, og það virðist ekki órökrétt að slíkt efni komi í kjölfarið á B-gerð hinnar eiginlegu blokkar um Poka þar sem hlutur frásagnar er minni. Á eftir kemur blokkinn *Jón smár* (sjá 8.3.1; táknuð hér {J}) ásamt nokkrum línunum úr *Fylgdarmannatölu* (sjá Ia.3; hér {F}) og stutt blokk um að *fá sér kjarna* {k} sem finnst í fleiri þulutextum í svipuðu samhengi.¹⁵⁰⁴

Þá eru til fáeinir textar með sérstöku upphafi og/eða niðurlagi. Tiltölulega löng og sjaldgæf frásagnarblokk kemur í sumum þeirra í staðinn fyrir minnin {a} eða jafnvel {ab} og önnur, styttri, á eftir {cd}, sbr. dæmi (Ic3-e); í byrjun upphafsblokkarinnar þar kemur þó minni úr *Sat ég undir stofu-vegg* (línur 1–2). Í öðrum textum er upphafið ekki mjög frábrugðið {a¹} – en allt annað niðurlag kemur á eftir {bc} í staðinn fyrir {d}, sjá dæmi (Ic3-f):

(Ic3-e) [...] Fór jeg ofann til sjáar
saltaði jeg net mítt
fann jeg Rauðm[a]ga 3
kjagaði jeg heím með þá
fór jeg inni búr
át jeg litið úr
fann jeg firír mér Po[k]a

(Ic3-f) Poki veltur ofan hlíð,
ofan langt til Hnausa,
{b} að því spyr hún Gunna:
„Hvað kanntu að vinna,“
[...]
Gunna litla brotintá,
hún kom eigi að raka ljá,

¹⁵⁰¹ Þannig í handriti, trúlega fyrir *brottinn*. Í orðinu *pottur* er *u* tvítekið, líklega í tengslum við línuskil í handriti: „pottu[r]“; en yfir *o* er óskýrt ták sem líkist tildu, og má því lesa stafinn sem *ó* með nefbandi eða e.t.v. sem *ö*.

¹⁵⁰² Hér virðist *u* vera leiðrétt úr *y* – en lágleggur *y* samt ekki strikaður út.

¹⁵⁰³ Lbs 587 4to II, bls. 89–90. Þetta er einnig heimild fyrir dæmi (8-35) og (8-37) í kafla 8.3.1, sbr. athugasemdir þar. Mjög erfitt er að greina á milli brodda og depla. Bil á milli orðanna eru stundum óregluleg; þannig eiginlega „mil li“.

¹⁵⁰⁴ DFS 67, 425r; Lbs 936 4to, bls. 317 og 542; Lbs 2856 4to, 427v–428r; ÞP 6499, 30r. Sbr. kafla 8.3.1 og 8.3.2.1.

át jeg úr honum hro[k]a
 stakk jeg honum langt út um glugga
 og það má mág hugga
 {c} Poki varð svo feíginn þá
 [...]

 statt upp kjelling
 gáðu að þér
 nú er hún úng
 aldrei verður henni ellinn þung
 og nú má hún lífa fyrir Elli. —

eigi að vinna á velli;
 Þórun heitir þornagná,
 sem þar býr undir Fellí,
 betra er heima á Helgafelli,
 hafa þar dans og glímuskelli.¹⁵⁰⁵

Blokkin *Poki fór til Hnausa* tengist allnokkrum öðrum þulublokkum, einkum frásagnarblokkum – úr yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg*, *Karl tók til orða*, frásagnarblokkinni úr dæmi (Ic3-e) sem tengist sjálf yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg* o.fl. Þótt hin eiginlega Pokablokk sé stutt þá getur hún ásamt þessum blokkum myndað nokkuð langa og jafnvel tiltölulega samfellda frásögn. Hún getur hins vegar einnig verið upptalning minna og styttri blokka frekar en frásögn – einkum ef hún stendur með blokkum eins og í dæmi (Ic3-d) eða (Ic3-f).

Ic.4. *Karl og kerling riðu á alþing*

Karl og kerling er stutt og hnitmiðuð blokk sem rúmar þó heilsteypta frásögn, enda eiga einhverjir atburðir sér stað í hverri línu blokkarinnar og varla er eitt einasta lýsingarorð í blokkinni allri eða nokkuð annað sem myndi slá á hraða frásagnarinnar, sbr. (Ic4-a):

(Ic4-a) Karl og kerling
 ridu a alþing
 fundu titlín
 trúðu i vetlín —
 svo komu þaug heim

þeim var gefid be[in]
 brotid nidur vid stein
 en tikin tók það af þeim
 titlingurin flaug
 út um allan heim
 ur Vetlínnum þeim<>¹⁵⁰⁶

Atburðarásin snýst um ferðalag, eins og í flestum frásagnarblokkum sem hafa verið ræddar fram að þessu. Munurinn er sá að í þessari blokk snúa persónurnar heim, ólíkt því sem sjá má í blokkunum *Sat ég undir fiskihlaða* og *Poki fór til Hnausa*, þar sem persónurnar verða eftir í nýja heiminum sínum, eða *Sat ég undir stofuvegg*, þar sem við fylgjum persónunni ekki lengra eftir viðureign hennar við kerlinguna. Hér koma karlinn og kerlingin heim, meira að segja í miðri frásögninni; en þótt við gerum ráð fyrir því að þau komi sem sigurvegarar (með tittlinginn í vettlingnum) þá er heimkoman gleðisnaud, ólíkt því sem á að vera í ævintýrum. Þau fá ekki annað en bein – sem tikin tekur af þeim – og missa líka tittlinginn sinn.

Oft lýkur blokkinni á næstsíðustu línu í dæminu hér að framan – eða jafnvel á línunni *brotið niður við stein*. Slíkt er mjög algengt á 20. öld (um tveir þriðju allra texta).¹⁵⁰⁷ Stundum fær blokkinn þvert á mótí niðurlagslínu, einkum þegar ekki er annar texti í framhaldi af blokkinni; t.d. *Svona er nú*

¹⁵⁰⁵ (Ic3-e): Lbs 2184 b 8vo [V], [1v–2r]; sbr. Lbs 587 4to II, bls. 44–45; Lbs 587 4to III, 11r og 11v–12r. (Ic3-f): Lbs 587 4to III, 61v–62r.

¹⁵⁰⁶ Lbs 587 4to II, bls. 130; sbr. DFS 67, 428v; Lbs 587 4to IX, 55r; Lbs 418 8vo, 34v–35r (með sjaldgæfri endingu); SÁM 30b, 81r eða SÁM 32, 320v o.fl., en blokkinn er býsna útbreidd.

¹⁵⁰⁷ Sbr. Lbs 587 4to III, 45r eða SÁM 30a, 79r, 163r, SÁM 30b, 105r, 111r o.s.frv.

sagan af þeim.¹⁵⁰⁸ Á 19. öld fylgir blokkinni oftast stutt samsteypa náttúruminna, eins og í (Ic4-b,c), einkum ef blokkin er stutt og henni lýkur á línunni *brotið niður við stein* eða jafnvel fyrr:

(Ic4-b) [...] börnin ráku nautin ofaní móa.
og jeg með þeim —
býfuglinn kallar á hann kjóa.

(Ic4-c) [...] æðarbliki og Öndin ein
úti lyggur í flóa,
Mýrifuglinn kallar á hann kjóa,
hv[e]rt viltu heldur sigla eður róa,
utan yfir hafið flýtur báran mjóa [...] ¹⁵⁰⁹

Náttúruminnin tengja blokkina við aðra stutta frásagnarblokk, þótt frásögnin í henni sé ekki eins skýr; sjá umfjöllun um blokkina *Lóa, lóa lítill tá* í Ic.7.

Karl og kerling er venjulega sjálfstæð blokk fram að 20. öld.¹⁵¹⁰ Meðal blokkanna sem hún tengist á þeim tíma eru *Gott er að ríða sandana mjúka* (sjá kafla Ic.5, sbr. Ic.7) ásamt *Karl tók til orða* og *Karl fór á skóginn* (sbr. Ib.9); blokkirnar eru þá í þessari röð, *Karl og kerling* aftast.¹⁵¹¹ Stöku sinnum tengist *Karl og kerling* einnig blokkinni *Bokki sat í brunni* (sjá Ib.6) og *Selur spurði sel* (Ic.7).¹⁵¹² Á 20. öld er hins vegar ekki algengt að blokkin standi sjálfstætt (slíkt gerist aðeins með lengri útgáfu hennar – sem eru tiltölulega fáar eins og þegar hefur komið fram)¹⁵¹³ og ekki heldur að henni fylgi endingar eins og í (Ic4-b,c) eða aðrar blokkir en *Karl tók til orða*.¹⁵¹⁴ Hins vegar fylgir *Karl tók til orða* blokkinni *Karl og kerling* í miklum meirihluta 20. aldar texta, m.a. í öllum tilfellum þegar blokkin endar á línunni *brotið niður við stein*. Tilhneigingar, sem eru algengar í 20. aldar þulum, þ.e. stytting og einföldun, birtast í blokkinni *Karl og kerling* með þessu móti.

Nokkur tilbrigði eru til staðar í blokkinni *Karl og kerling*, en ekki mikil og aðeins á orðalagsstigi. Fá tilbrigði eru í fyrstu línunni blokkarinnar en fleiri nær lokum hennar, m.a. þau helstu: *þeim var gefið bein // þau brutu það (niður) við stein* annars vegar – einkum í fyrstu skráðu textunum¹⁵¹⁵ – en hins vegar *þeim var gefið bein // brotið niður við stein* sem er ráðandi á 20. öld. Meðal örfárra tilbrigða sem hafa áhrif á frásögnina eru lokálínurnar „þegar komu þau heim // þá var enginn titlingur í vetlingi þeim“ strax á eftir „fóru síðan heim“. ¹⁵¹⁶

Ic.5. *Karl tók til orða* og skyldar blokkir

Blokkin *Karl tók til orða* hefur þegar verið nefnd, m.a. þar sem rætt var um blokkirnar *Poki fór til Hnausa* (dæmi (Ic3-c)) og *Karl og kerling*, sem og í sambandi við Grettisfærslu,¹⁵¹⁷ en henni tengist seinni undirblokkinn í blokkinni *Karl tók til orða*, þ.e. *Margt kann hann Grettir vel að vinna* (sjá Ib.9). Fyrri undirblokkinn, frá *Karl tók til orða* til og með línunni *Grettir heitir hann*, geymir heilsteypa frásögn, líkt og *Karl og kerling*, þótt hún sé e.t.v. ekki eins samþjöppuð og hröð. Hún er

¹⁵⁰⁸ SÁM 32, 320v; SÁM 85/153 EF (19874).

¹⁵⁰⁹ (Ic4-b): DFS 67, 428v (sbr. Lbs 587 4to II, bls. 189); (Ic4-c): Lbs 587 4to III, 45r.

¹⁵¹⁰ Sjálfstæð blokk í Lbs 414 8vo, 100v; Lbs 587 4to II, bls. 8–9, 130 og 189; Lbs 418 8vo, 34v–35r. Lokablokk í DFS 67, 428r–428v (með niðurlaginu í (Ic4-b)) – en upphafsblokk í Lbs 587 4to III, 45r (í framhaldinu er *Karl tók til orða*).

¹⁵¹¹ DFS 67, 428r–428v og 196r.

¹⁵¹² DFS 67, 195r og ÍB 656 8vo 3, 51r–51v.

¹⁵¹³ Sbr. þó SÁM 32, 320v; SÁM 85/118 EF (19365), SÁM 85/123 EF (19455), SÁM 85/153 EF (19874) og SÁM 85/162 EF (20000).

¹⁵¹⁴ Meðal örfárra undantekninga er SÁM 30b, 111r, en þar fylgja blokkinni bæði náttúruminnin og enn ein *Karl...*-blokk: *Karl fór yfir á* (sjá Ia.9).

¹⁵¹⁵ M.a. Lbs 414 8vo, 100v, sbr. DFS 67, 428v; þó einnig í SÁM 32, 320v.

¹⁵¹⁶ SÁM 30 (óskráð gögn), Vísna- og kvæðasafn á 55 lausum blöðum, 9r.

¹⁵¹⁷ Sjá: Ólafur Halldórsson, „Grettisfærsla,“ 32–41; Jónas Kristjánsson, „Poki fór til Hnausa,“ 23–27.

undir stofuvegg kemur oftast en ekki einnig inn, stundum á eftir efninu úr *Poki fór til Hnausa* (og hefst þá á {f} í *Sat ég undir stofuvegg*), en stundum aftast (og hefst þá á {g}, *Hvað gerði goði*).¹⁵²⁶ Þess má geta að á eftir blokkinni *Poki fór til Hnausa* breytist *karl* stundum í *bónða* í byrjun blokkarinnar *Karl tók til orða*, líkast til undir áhrifum frá línunum „Þá kom hennar bóndi heim, // hún hann ekki nýtir“ í *Poka-blokkinni*.¹⁵²⁷

Aðrar blokkir og yfirblokkir sem koma við sögu eru *Lambið beit í fingur minn* (bæði fyrir 20. öld og á 20. öld, en þó minna),¹⁵²⁸ *Sat ég undir fiskihlaða* og *Gekk ég upp á hólinn, horfði ofan í dalinn*,¹⁵²⁹ *Bokki sat í brunni*¹⁵³⁰ o.fl., en þær eru sjaldgæfari bæði fyrir og á 20. öld. Eigi að síður hefur blokkin *Karl tók til orða* afar ríkuleg tengsl út á við.

Ic.6. *Drengurinn Dóli*

Í blokkinni *Drengurinn Dóli*¹⁵³¹ er bæði frásögn og upptalning, en þó tiltölulega stutt, líkt og í *Karl tók til orða*; í síðarnefndu blokkinni er matur talinn upp (líkt og í *Ríðum og ríðum til Logalanda*, sjá umfjöllun í Ia.7) en í þeirri fyrrnefndu fatnaður, sbr. (Ic6-a):

(Ic6-a) Dreingurinn hann dóli, hvar var hann um Jólinn, hann var uppá Helgafelli að hrista á sér Kjólin, hvað fjekk hann í Kaupið? þrjár álnir vaðmáls, hvað gjörði hann við þær,? hann sneið sínum sýni	stakk og stutthempu, og stangaða brók, Konunni sinni fat og hempu, og Kjetinum Kjálkaskjól, þar af gjekk alin, hana fjekk smalin, hljóp hann ofaní dalin, þá varð hann galin. ¹⁵³²
---	--

Blokkin er í samtalsformi sem er ekki eiginlegt fyrir frásagnarblokkir, sbr. þó *Selur spurði sel* (sjá Ic.7) og *Því tókstu hann Narfa* – sem er reyndar á mörkum þess að teljast frásagnarblokk. Frásögnin í blokkinni *Drengurinn Dóli* er þó fullmótuð: í fyrstu u.þ.b. fjórum línunum er sviðið kynnt og persónan sömuleiðis, í næstu línunum kemur flækja (hvað drengurinn fær í kaupið og hvað hann gerir við það) og greitt er úr henni nokkrum línunum síðar þegar í ljós kemur hvernig drengurinn nýtti kaupið. Ný flækja kemur með smalanum í síðustu línunum blokkarinnar en leysist jafnóðum – þótt sú lausn leiði ekki til farsælla endaloka (líkt og í ævintýralegru blokkunum eins og *Sat ég undir stofuvegg* o.fl.) þar sem smalinn verður galinn. Að öðru leyti er atburðarásin ekki ólík atburðarás í ævintýrablokkunum; hún tengist ferðalagi, og á meðan á því stendur leysir persónan ýmis verkefni af dugnaði og hugvitsemi.

Tilbrigði í blokkinni tengjast einkum upptalningunni á ýmsum flíkum sem drengurinn bjó til og verunum sem þær voru ætlaðar (oft bætist t.d. við „möttl handa músinni“¹⁵³³ eða þess háttar), verk-

¹⁵²⁶ Sjá annars vegar SÁM 30b, 400r–400v, sbr. SÁM 85/129 EF (19550–19551) og SÁM 85/145 EF (19784), en hins vegar SÁM 85/143 EF (nr. 19745).

¹⁵²⁷ SÁM 32, 136r; sbr. t.d. SÁM 85/143 EF (nr. 19745).

¹⁵²⁸ Lbs 587 4to II, bls. 29–30 og 47–48 (með nokkuð ólíku móti) og PMJ 3 I, Ásmundur Helgason, 3r–4r.

¹⁵²⁹ Lbs 587 4to III, 8v–9r (*Sat ég undir fiskihlaða*); Lbs 936 4to, bls. 790 (*Gekk ég upp á hólinn*, ásamt stuttu blokkinni *Kerling lá í dyrunum dauð* og efni sem er tengt blokkinni *Hvað kanntu að vinna*) og SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (I) 1920–1930 (ljósrit), [6v–7v] og (II) 1970–1971 (græn stílabók), [8v–9v] (sama efni).

¹⁵³⁰ JS 507 8vo, bls. 31–32 (ásamt *Heyrði ég í hamrinum*) og Lbs 587 4to II, bls. 46–48 (þó óbeint, ásamt blokkunum *Lambið beit í fingur minn* – og *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* sem er þar við hlið blokkarinnar *Karl tók til orða*).

¹⁵³¹ Heiti blokkarinnar byggir á fyrstu línu eins og hún er t.d. í JS 511 8vo, bls. 17 og Lbs 587 4to IV, 28r („[...] dóli“).

¹⁵³² AM 969 4to, 47r (sbr. t.d. Lbs 587 4to III, 13v).

¹⁵³³ Lbs 587 4to II, bls. 175, sbr. Lbs 587 4to IX, 44v.

efnum sem hann leysti („að sníða mér kjólinn“, „að hrista min tólin“, „að reisa þar skjólin“ og jafnvel „að vagga vöggu“)¹⁵³⁴ og einnig því sem hann fékk að launum (t.d. „Gimbur og Gelda á, // og tvær álnir vað máls“).¹⁵³⁵ Fram að 20. öld bætist stundum við lokálina, t.d. „Vesalings smalinn!“, eða þvert á móti „óhræsis smalin“, eða „og þar liggur hann kalinn“,¹⁵³⁶ en á 20. öld bætist við eitt og eitt lengra niðurlag sem virðist annars ekki endilega skylt blokkinni.¹⁵³⁷

Drengurinn Dóli er sjálfstæð blokk sem – ólíkt flestum öðrum frásagnarblokkum – tengist lítt öðrum þulublokkum.

Ic.7. *Kona gekk fyrir kirkjudy* og fleiri blokkir með ófullmótaðri frásögn

Fram að þessu hefur verið sagt frá helstu frásagnarblokkum sem flestar rúma heila atburðarás, þótt hún sé oft í knappara formi, en einnig hafa verið nefndar nokkrar smærri blokkir sem lýsa ákveðnum atburðum en koma heilli atburðarás ekki fyrir í sínum texta. Slíkar blokkir geta myndað atburðarás með öðrum blokkum og minjum, en varla á eigin vegum. Meðal þeirra eru *Sofa, sofa hjónakornin bæði*, *Konan mín í kofanum*, *Karl fór á skóginn*, *Gott er að ríða sandana mjúka* o.fl. Í þessu samhengi mætti einnig nefna undirblokkina *Bokki sat í brunni*, þar sem ákveðinn frásagnarpáttur er fyrir hendi (sjá Ib.6). Slíkar blokkir eru talsvert fleiri, þótt hér verði aðeins fjallað um fáeinar.

Ein af slíkum smærri blokkum er *Kona gekk fyrir kirkjudy*; hún er oftast aðeins fjórar línur, sbr. (Ic7-a). Blokkinn er afar fastmótuð og lítil tilbrigði eru í henni að því frátöldu að síðasta línan er sjaldan eins,¹⁵³⁸ og örsjaldan bætast fáeinar línur við sem virðast geta tilheyrt blokkinni, e.t.v. sem eins konar niðurlag, sbr. (Ic7-b):

(Ic7-a) [...] Kona gekk í kirkju,
haf[ð]i í hendi lifrabita
og beit i bita sinn
og það svo fyrir sálu sinni [...]

(Ic7-b) [...] Signdi hún i Nafni
Sat jeg i Stafni [...] ¹⁵³⁹

Þótt blokkinn hafi – tæknilega séð – e.k. kynningu persóna og aðstæðna í fyrri línuparinu og e.k. atburð(i) (og jafnframt niðurlag) í seinna línuparinu (og viðbótarlínunum þar sem þeim er að dreifa) þá er varla hægt að kalla innihald hennar fullmótaða frásögn. Blokkinn fær ekki heldur mörg tækifæri til að mynda yfirgrípsmeiri og/eða ýtarlegri frásögn í samfloti við aðrar blokkir, líkt og t.d. blokkinn *Gott er að ríða sandana mjúka* í fylgd með blokkinni *Karl tók til orða*. Það hefði umrædd blokk getað gert ef hún stæði t.d. í grennd við blokkina *Konan mín í kofanum*, sem væri ekki óeðlilegt með tilliti til þess að blokkir (og undirblokkir) tengjast m.a. á grundvelli aðalpersóna og/eða upphafsorða, eins og t.d. *Karl...-blokkirnar* (*Karl og kerling*, *Karl fór á skóginn*, *Karl tók til orða*)¹⁵⁴⁰ eða undirblokkirnar tvær sem mynda blokkina *Konan mín í kofanum*. Eigi að síður virðist blokkinn *Kona gekk fyrir kirkjudy* aldrei standa nálægt blokkinni *Konan mín í kofanum* eða einhverri blokk með kerlingu sem

¹⁵³⁴ Lbs 587 4to II, bls. 175, Lbs 587 4to IV, 28r, Lbs 587 4to III, 51v og SÁM 30b, 107r.

¹⁵³⁵ Lbs 587 4to III, 13v.

¹⁵³⁶ Lbs 587 4to IX, 44v, Lbs 587 4to IV, 28r og Lbs 587 4to III, 13v.

¹⁵³⁷ Sjá t.d.: Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Inga Halldórsdóttir, [1v] og Jóna Vigfúsdóttir, [7r].

¹⁵³⁸ Sjá: „og það guð að launa“ (Lbs 587 4to I, bls. 125), „og það hann að geima sig“ (Lbs 422 8vo, 57v, sbr. DFS 67, 202ra), „og það sinn Guð að blessa“ (Lbs 587 4to I, bls. 35), „og beiddi hvurn að blessa“ (Lbs 1221 4to, 22[r] (laust blað)), „bad sig gud að signa“ (JS 289 8vo I, 29r), „það ekk[i] að s[i]gna sig“ (Lbs 587 4to II, bls. 30; broddarnir yfir *i* eru óreglulegir í handritinu), „það að signa sig í nafni“ (ÍB 656 8vo 17, 3Lr).

¹⁵³⁹ AM 247 8vo, 5r; Lbs 587 4to II, bls. 30 (sbr.: „köttur situr á stafni // enn jeg sit á hillu“ í ÍB 656 8vo 17, 3Lr).

¹⁵⁴⁰ Af *Karl...-blokkunum* er aðeins blokkinn *Karl fór yfir á í svipaðri stöðu* og *Kona gekk fyrir kirkjudy*, þ.e. tekur ekki þátt í samsteypum *Karl...-blokka*.

eina af helstu persónum – nema einu sinni þar sem umrædd blokk kemur beint á eftir *Kom ég þar að kvöldi* og getur verið álitin framhald og niðurlag atburðarásar þar.¹⁵⁴¹ Að öðru leyti stendur blokkinn oftast framarlega í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, oft á undan og í tengslum við blokkina *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*, og er þar umkringd stökum minnum sem mynda varla nein frásagnartengsl með henni. Oftast eru það minnin *illt er mér í minni tá* og *drekka þeir af drumb drumb*;¹⁵⁴² gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að tengja síðarnefnda minnið við umrædda blokk – en þótt það gangi upp með fyrri línuna stendur sú seinni alltaf út af eins og dæmi (Ic7-c,d) sýna:

(Ic7-c) [...] og það guð að launa.
drekku mér af Drumb-drumb
Þórarinn kamp-hund [...]

(Ic7-d) [...] og það hann að geima síg
drekka síðan drumb drumb
þóarin á könkum [...]¹⁵⁴³

Það að blokkinn *Kona gekk fyrir kirkjudyrr* er svo sjaldan og árangurslítið sett í frásagnarsamhengi, þótt tækifæri séu til þess, sýnir m.a. að frásögn var alls ekki alltaf takmark þuluflytjenda.

Meðal blokkanna sem líkt er á komið með eru *Lóa, lóa lítil tá, Helga bredda* (a.m.k. í sumum textum) og *Selur spurði sel*.¹⁵⁴⁴ *Lóa, lóa lítil tá* (oft *lipurtá*) er algengasta upphafið á fyrstnefndu blokkinni:

(Ic7-e) {u¹} Lóa Lóa lipritá,
hun fór út að bryna ljá —
þá kom Spói spýtnefr
og rak hana þarí frá —
{a¹} Aptr svaraði hún lóa,
hélt á rauðum hring.
Það er hann spói spýtnefr
[s]em kemr svo seint a þing
{n¹} Rjúpan lagði raðin á —
Rekkar kalla á spóa —
Æðurinn og öndin smá
úti liggja í flóa —
Mýfuglinn — kífluglinn
kallar á hann kjóa. —

(Ic7-f) {u^{2a}} Þegar hann spói spissnefur fór að slá,
þá kom Lóa lítil tá og fór að raka Ljá,
{a²} hann gaf henni hnappa þrjá
og bannadi henni að seigia frá,
{n^{2a}} þá var ecki Ljáinn nema halft annad puntstrá,
en hann spói spissnefur sagdi síalfur frá, þakkarinn sá. —

(Ic7-g) {u^{2b}} Krumminn i hl[i]ðinni,
hann er að slá,
enn hún lóa l[i]til tá,
hún er að raka ljá,
enn hann spói Spít nefur,
hann riður ofan á,
{a²} hann gaf henni, hnappa þrjá,
og bannaði henni að seigia frá,
{n^{2b}} þá var ljóma lagið á [...]¹⁵⁴⁵

Bragform er tiltölulega reglulegt¹⁵⁴⁶ – þar virðist greina á milli hinna eiginlegu frásagnarblokka, sem hafa sjaldan reglulegt bragform, og annarra blokka – en byggingin er ekki einföld. Blokkinn samanstendur af þrenns konar upphafi ({u¹}, {u^{2a}} og {u^{2b}}), tvenns konar atburðum í miðjunni ({a¹} og {a²}) og þrenns konar niðurlagi ({n¹}, {n^{2a}} og {n^{2b}}), eins og dæmi (Ic7-e–g) sýna. Röð minnanna er frekar föst en persónurnar skiptast oft á að taka þátt í ákveðnum minnum – og minnin mynda ekki endilega frásögn sem endar rökrétt. Byggingin {u¹,a¹,(n¹)} er algengust en einnig eru dæmi um

¹⁵⁴¹ ÍB 656 8vo 17, 2Lv–3Lr. Öðru sinni stendur blokkinn í beinu framhaldi af minninu „Kona reið á danamót“ sem sýnir einu sinni enn að slíkar tengingar eftir helstu persónum og/eða upphafsorði blokka og minna séu virkar í þulum. Minnið nær hins vegar varla að mynda samfellda fullmótaða frásögn með blokkinni.

¹⁵⁴² Sbr. t.d. Lbs 587 4to I, bls. 35 annars vegar en AM 247 8vo, 5r hins vegar.

¹⁵⁴³ Lbs 587 4to I, bls. 125; Lbs 422 8vo, 57v. Sbr. DFS 67, 202ra (lokalinan er „Þórarinn á kamb kumb“), Lbs 587 4to IX, 60r (lokalinan er „Þórarinn kánkum“) o.fl.

¹⁵⁴⁴ Ef *Fór ég til berja* er flokkað sem þulublokk þá er hún einnig í þessum tegundarflokki; sbr. þó Viðauka IIa.3.

¹⁵⁴⁵ (Ic7-e): Lbs 587 4to II, bls. 177; (Ic7-f): Lbs 936 4to, bls. 370; (Ic7-g): Lbs 587 4to III, 13v.

¹⁵⁴⁶ Það getur tengst því að hluti blokkarinnar stafar trúlega frá viðlagserindi (Jón Samsonarson, „Barnagælur“, 79–80).

{u¹,a²,n^{2b}},¹⁵⁴⁷ auk þess sem niðurlögin {n^{2a}} og {n^{2b}} virðast vera útskiptanleg ef upphafið er {u² ...}.¹⁵⁴⁸ Blokkinn tengist lítt öðrum þulublokkum, en þó má nefna að sum minnin í {n¹} koma fram í öðrum blokkum, t.d. *Karl og kerling*, sbr. dæmi (Ic4-b,c) hér að framan.

Helga bredda er ein af stystu blokkunum (sjá kafla 8.3.1, þ.á m. dæmi (8-28a,b)), og í sinni venjulegu mynd hefur hún ómögulega rými fyrir frásögn með atburðarás. Hún hefur þó lengri – og sjaldgæfari – útgáfu þar sem við bætast tvö minni, annað um karl nokkurn í bás ásamt kú og hitt þar sem fram kemur að Helga hafi a.m.k. tafist á skóginum, sbr. (Ic7-h):

(Ic7-h) [...] Helga bredda reið í skóg	karl sat í bás
reiddi reipi og reiðing á,	hjelt á hvíttri kú:
reið brúnskjóttum klár	„Hvað mun valda Helgu breddu,
alla dagana þrjá;	hún kemur eigi nú.“ ¹⁵⁴⁹

Þar með fæst ný vídd í frásögnina, en samt er varla hægt að segja að hún hafi eiginlega atburðarás.

Helga bredda tengist ýmsum öðrum blokkum en virðist ekki mynda heildaratburðarás með minnum úr þeim; tengslum *Helgu breddu* við aðrar blokkir virðist vera öðruvísi háttáð. Strax á eftir henni koma oftast upptalningar gleðifólks, m.a. í blokkunum *Stapadans* (sbr. m.a. (8-28a)) og *Kýrin bleik*. Þar er viðurnefnið *bredda* líka algengt,¹⁵⁵⁰ og það er ekki ólíklegt að það tengi blokkirnar tvær, hugsanlega ásamt línunum *Allar eru í skógi // utan ég ein* sem er mjög algeng í niðurlagi *Stapadans*, sbr. (Ia2-a,b) í Ia.2 og (8-4) í 8.1.3 (e.k. landslags- eða landfræðitenging). Tenging er landfræðileg í fleiri textum, t.d. í (Ic7-h) þar sem *Helga bredda* kemur í beinu framhaldi af blokkinni *Karl reið á skóginn*, eða í (Ic7-i) þar sem allur textinn virðist vera skipulagður út frá landslagi og hreyfingu manna þar:

(Ic7-i) Fór jeg niðri fjöru,	gjekk jeg uppá háan steín,	Helga bredda reið í skóg,
[...]	[...]	[...]
búin öll	datt hann ofaní djúpan læk	datt hún ofaní breiðumíri,
bar jeg uppá völl,	so drublaði hann leingi,	so buldi undir í Bár. ¹⁵⁵¹
[...]	[...]	

Selur spurði sel er frekar stöðug blokk sem líkist nokkuð *Nefjatölu* að því leyti að bragform hennar er tiltölulega reglulegt (samrím í flestum línunum og stuðlun oftast en ekki) og seinni hluti hennar er mjög í átt við upptalningu minna – samhliða því að seinni hlutinn fullkomnar atburðarásina sem hefst í fyrri hluta, sbr. dæmi (Ic7-j) sem er fyllsta útgáfa blokkarinnar:

¹⁵⁴⁷ Sbr. SÁM 30b, 291r, sbr. G-180/6 1, [2v] (Héraðsskjalasafninu á Akureyri). Engin dæmi virðast þó vera um {u¹,a²,n^{2a}}, þannig að niðurlögin tvö virðast ekki verið fullkomlega útskiptanleg ef {u¹} er fremst.

¹⁵⁴⁸ Stök dæmi erum um {u^{2a},a²,n^{2b}} (SÁM 85/164 EF, nr. 20048) og {u^{2b},a²,n^{2a}} (Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 1, Blá gormabók: Dagbók 1974 um sumarið síðla og á jólafostu, [43r] (Svava Jónsdóttir)).

¹⁵⁴⁹ (Ic7-h) er dæmi (8-28b) ásamt framhaldi á því (Lbs 587 4to III, 56v–57r). Dæmi (8-28a) hefur einnig sams konar framhald, sjá DFS 67, 426r. Í sumum heimildum er tekið enn sterkara til orða: „hvar er hún Helga bredda, // hún kemur aldrei nú“ (Lbs 418 8vo, 32r).

¹⁵⁵⁰ Sbr. „Gunnfríður Bredda“ í AM 247 8vo, 7v eða „Ólafur bredda“ í DFS 67, 360r.

¹⁵⁵¹ Lbs 587 4to III, 11v–12r.

(Ic7-j) Selur spurði Sel
 sástu hvurgi Þorkél
 jú sá ieg h[a]nn
 þan<n> mann
 róa með l[a]ndi fram
 hann haf[ð]i Skutul í skipi sínu
 mun [o]kk[u]r báð um að bana ver[ða]

[þá] skal rista réipi af Sel
 og reíra í Sund[ur] Þorkél
 brína sína breddu vel
 og britja í sund[ur] Þorkel
 höggva ofan í hofuð skél,
 svo renni blóður Þorkél
 flytj[a] hann útá Siglu h[a]f
 og steípa honum þar á kaf
 halla honum svo útaf [—]¹⁵⁵²

Fyrri hluti (kjarninn) í vinstri dálknum er afar stöðugur og styttist sjaldan.¹⁵⁵³ Minnin í fyrstu tveimur línupörum í hægri dálknum eru þau sem detta fyrst út ef blokkinn styttist. Blokkinn stendur oftast en ekki ein og sér – jafnvel þótt hún sé ekkert annað en kjarninn (fyrri hlutinn).¹⁵⁵⁴ Hún getur þó einnig staðið ásamt öðrum blokkum, t.d. *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* fyrir framan umrædda blokk og lengri gerð af *Hvað kanntu að vinna* fyrir aftan.¹⁵⁵⁵ Einnig getur blokkinn *Karl og kerling* verið fyrir framan *Selur spurði sel*, eða e.k. miðavísa fyrir aftan.¹⁵⁵⁶ Blokkinn hefur sem sagt ekki mikil tengsl við aðrar þulublokkir – en þó nóg til þess að flokkast sem þulublokk.

Þá er einnig ákveðin frásagnarbygging í undirblokkinni *Ekki heiti ég Eiríkur* sem fylgir í kjölfar blokkarinnar *Heyrði ég í hamrinum* í samnefndri yfirblokk, a.m.k. í lengri gerðum hennar:

(Ic7-k) [...] Jeg heiti ekki Eyríkur,
 þó jeg sé það kallaður,
 jeg er sonur Silgju
 sem bar mig undan bylgju,
 bylgjurnar baðar
 brutu mínar árar
 langt út á sjó,

hafði í hægri kló
 fjögur horn og mjó,
 allar mínar sorgirnar
 batt jeg undir skó,
 hallast á hestinum
 og ríða verð ég þó. —¹⁵⁵⁷

Kynning á persónunni í fyrstu 4 línunum er hlutfallslega fyrirferðarmikil, einkum með tilliti til þess að blokkinn endar stundum beint á henni eða 2–3 línunum síðar, í blábyrjun atburðanna.¹⁵⁵⁸ Framhaldið (í hægri dálknum) nefnir hins vegar fleiri atburði til sögu – sem verða vissulega varla að heilsteyptri atburðarás þar sem engin lausn virðist fást í flækjuna heldur rennur frásögnin einfaldlega áfram. Næsta blokkinn, sem er venjulega *Ættartala*, felur ekki heldur neina lausn í sér. Hins vegar kemur nokkrum sinnum fyrir að blokkir úr yfirblokkinni *Sat ég undir stofuvegg* komi rétt á eftir *Ekki heiti ég Eiríkur*, eins og í (Ic7-l):

(Ic7-l) [...] en ríða verð ég þó.
 Sá ég tólf hesta renna.
 Tók ég þann blakka

og reið honum upp í slakka.
 Ég átti mér stútóttan hund [...]¹⁵⁵⁹

¹⁵⁵² Lbs 414 8vo, 125r (allt að því orðabil er á milli sumra stafanna, þannig eiginlega „fra m“), sbr. Lbs 587 4to IV, 13r.

¹⁵⁵³ Sbr. þó t.d. Lbs 1911 8vo, bls. 27.

¹⁵⁵⁴ Sbr. Lbs 587 4to III, 7v; Hallfreður Örn Eiríksson, rannsóknargögn, askja 11: Lára Inga Lárusdóttir, [4r]; sbr. SÁM 84/85 EF (1314).

¹⁵⁵⁵ JS 507 8vo, bls. 34–35, sbr. Lbs 1911 8vo, bls. 27. Í báðum tilfellum er aðeins kjarninn af *Selur spurði sel* til staðar.

¹⁵⁵⁶ ÍB 656 8vo 3, 5r–5v; Lbs 587 4to III, 59v–60r.

¹⁵⁵⁷ DFS 67, 250v, sbr. Lbs 587 4to II, bls. 157 og 171; enn fremur SÁM 32, 132r og 320v o.fl. heimildir.

¹⁵⁵⁸ Sjá t.d. DFS 67, 423r og AM 247 8vo, 7r annars vegar en AM 969 4to, 47v hins vegar.

¹⁵⁵⁹ SÁM 32, 132r–133r.

Með slíku framhaldi verður til fullkomin atburðarás – sem liggur þó vissulega að mestu leyti í blokkunum *Sat ég undir stofuvegg* og *Kom ég þar að kvöldi*, en blokkin *Ekki heiti ég Eiríkur* er þar aðeins í aukahlutverki. Heildaratburðarásin breytist þó lítið jafnvel þótt blokkin *Ekki heiti ég Eiríkur* sé í sinni stystu gerð og endi í blábyrjun atburðanna.¹⁵⁶⁰ Einnig næst stundum samfelld og nokkurn veginn fullmótuð frásögn með fáeinum öðrum blokkum – ekki endilega eins atburðaríkum og *Sat ég undir stofuvegg* og *Kom ég þar að kvöldi*, sbr. (Ic7-m):

(Ic7-m) [...] Eigi heit' eg Eyríkur, þó þú kallir mig (*Eyrík), al: það eg er sonur Sylgju, sem bar mig undan bylgju, /:*bylgjan og báran *al: telja muntu fóð= brutu mínar árar ur frændr mína? allt fram miðjan sjó.	Kom eg þar að landi, sem kerlíng stóð á sandi, kallaði hún af móði, króinn minn góði, kann't að telja föður frændr þína?:// já kann eg það [...] ¹⁵⁶¹
--	---

Eftir það romsar persónan upp úr sér *Ættartölu*, og væntanlega er henni borgið.¹⁵⁶²

Aðrar gerðir blokkarinnar *Ekki heiti ég Eiríkur* gefa síður fullmótaða frásögn með atburðarás:

(Ic7-n) [...] bilgjan og báran brutu mínar árar langt frammá skér þar sem skip skár\ a/ skundandi fer [...]	(Ic7-o) [...] bilgjurnar báðar brutu mínar Árar langt útá miðjum Sjó Horna mjó ekki gét jeg jetið matin minn á málum fyrir Sjóar bárum [...] ¹⁵⁶³
---	---

Þó eru einnig undantekningar, sbr. eftirfarandi texta af sömu gerð og (Ic7-p):

(Ic7-p) [...] bilgjan og báran brutu mínar árar. Allt útá miðjum sjó skildi eg eftir skóna mína	og skauzt upp á sker; eggíð brýtur báran, því brimið er [...] ¹⁵⁶⁴
--	---

Í þessum sama kafla hefði mátt skoða fleiri blokkir, m.a. *Því tókstu hann Narfa* (sbr. Ia.8 og Id.4), *Ofan eftir tröðunum rindillinn fló*,¹⁵⁶⁵ þar sem frásagnarþátturinn er varla nógu sterkur, eða svokallaðar gimbilsblokkir, þ.e. *Gimbill eftir götu rann* og *Gimbillinn mælti*,¹⁵⁶⁶ sem geta myndað heilsteypa frásögn ef þær standa saman. Allar þessar blokkir eru þó alveg á mörkum þess að lenda í einhverjum öðrum tegundarflokki og þar af leiðandi öðrum kafla. Þeirri fyrstu var t.d. lýst í örstuttu máli í Ia.8, en tvær síðastnefndu gætu átt heima í næsta kafla, Id.

¹⁵⁶⁰ T.d.: „[...] Bylgjurnar báðar / brutu mínar árar. | Kom ég þar að kveldi [...]“ (SÁM 30b, 406r; línuskipt með skástrikum í handritinu).

¹⁵⁶¹ Lbs 1057 4to, 182r–182v.

¹⁵⁶² Hugsanlega eru hér tengsl við Vilhjálms sögu sjóðs þar sem Vilhjálmur þurfti að fara með Allra flagða þulu til þess að halda lífi.

¹⁵⁶³ Lbs 587 4to II, bls. 98 (sbr. Lbs 414 8vo, 119r og DFS 67, 203r) og Lbs 414 8vo, 124v.

¹⁵⁶⁴ Lbs 587 4to IV, 5r.

¹⁵⁶⁵ Sjá t.d. Lbs 587 4to III, 1v, sbr. Lbs 587 4to IV, 17v; önnur upphöf *Kisa gekk á lyngmó* (t.d. DFS 67, 257v, sbr. Lbs 414 8vo, 113r) og *Krummi fló kátur með sjó* (ÍB 656 8vo 17, 2Lr; sbr. Lbs 936 4to, bls. 377).

¹⁵⁶⁶ DFS 67, 435r, sbr. Lbs 587 4to II, bls. 176 o.fl.; sbr. einnig JS 289 8vo I, 29v og t.d. SÁM 85/347 EF (21289) (sömu blokkirnar í annarri röð). Oft eru textarnir um gimbil þó taldir vera dýravísur (frekar en þulur); sbr. t.d.: <https://www.ismus.is/i/stanza/id-2526> (athugað m.a. 19. nóvember 2019). Sjá nánar Viðauka IIa.2.

Id. Einstakar blokkir og yfirblokkir af blandaðri gerð

Í þessum kafla eru ræddar blokkir og yfirblokkir af blandaðri gerð, þ.e. annaðhvort þær sem eru hvort tveggja í senn frásögn og upptalning eða hvorki markviss/áberandi upptalning né fullmótuð frásögn. Sumar slíkar blokkir er búið að nefna hér að framan annaðhvort sem dæmi um upptalningu eða ófullkomna frásögn – eða jafnvel hvort tveggja (t.d. *Því tókstu hann Narfa*, sjá Ia.8 og Ic.7). Hér verður fyrst rætt um fleiri blokkir sem sameina bæði frásagnarþátt og upptalningu, m.a. *Kýrin í mýrinni* (Id.1) og *Heyrði ég í hamrinum* ásamt samnefndri yfirblokk (Id.2), sem og yfirblokkina *Stígum við stórum* (Id.3). Af þessari gerð er einnig *Pórnaldarpula* (Id.6), en hún er mjög sér á báti. Í Id.1 verður jafnframt fjallað um þær blokkir sem hafa hvorki áberandi einkenni upptalninga né nægilega sterkan frásagnarþráð, þ.á m. *Sástu hvergi vorar meyjar* og *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*. Yfirblokkir af sama tagi eru einkum *Lambið beit í fingur minn* og *Kýrin bleik* (Id.4–Id.5). Reyndar má deila um hvort svokallaðar stúlkupulur (Id.7) mynda einhverja eina yfirblokk, en þetta er samstæður hópur blokka með sterk innbyrðis tengsl – og eru blokkir af blandaðri gerð einnig ráðandi þar.

Id.1. Helstu blokkir af blandaðri gerð

Dæmi um blokk þar sem er hvort tveggja í senn frásögn og upptalning er margnefnda blokkinn *Því tókstu hann Narfa*. Þar er sagt frá óhæfum manni sem kann ekkert til verka, hefur tekið með sér vitlaus föt, áhöld o.fl. og farið upp á fjall (sbr. 8.1.4.5) – en hinn stutti fata- og áhaldalisti vegur salt við frásögnina í innganginum og niðurlaginu (sem er þó ekki fullkomin).

Tvær aðrar áþekkar blokkir eru einnig úr yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn: Kýrin í mýrinni* (Id1-a) og *Sástu hvergi vorar meyjar* (Id1-b). *Kýrin í mýrinni* gæti alveg flokkast sem upptalningarblokk, þ.e. upptalning á nöfnum, en í henni er þó ákveðinn frásagnarþáttur:

(Id1-a) [...] útskroppin Kírin í míri,
sæki þið mennina marga,
henni að hjarga,
hjer er komin Kolbeirn hinn stóri,
Keísararnir fjórir,

hólkur og Hallur,
Jón puðrildason,
mánaðastrákurin gamli,
nú kallast flestalt á bramli [...] ¹⁵⁶⁷

Kynning á persónum og aðstæðum er í fyrstu línunni – ásamt flækju, í annarri og þriðju fara atburðir strax í gang, og í þeirri fjórðu er farið að líða að því að kúnni verði bjargað – en áheyrandi fréttir þó aldrei af útkomunni í þessum björgunaraðgerðum. Línan *nú kallast flestallt á bramli* gefur meira að segja ástæðu til að gruna að eitthvað hafi farið úrskeiðis. Atburðirnir fá þannig ekki skýra lausn.

Fram að þessu hafa verið ræddar blokkir þar sem er bæði frásagnarþráður og upptalning, en í blokkinni *Sástu hvergi vorar meyjar* er hvorki frásagnarþátturinn nógu sterkur né hluti upptalningar. Blokkinn er einnig flóknari en þær sem ræddar voru hér að framan, en hún er til í þremur helstu gerðum, og eru sum sérkenni þeirra undirstrikuð í dæmum (Id1-b–d):

(Id1-b) [...] sástu hvörgi vorar meíar,
framann undann fjöllumm
fimta mann í flokkí,
Einheitir Gudfinna,
ber líklana í pungí,

Þorkéll madurinn
kirkju smidurinn,
hann Spurdi mig að
hvört eg vildi vænar
dinurnar Grænar [...]

¹⁵⁶⁷ AM 969 4to, 246v–247r (sbr. t.d. Lbs 587 4to II, bls. 180[C] (2r í innskotstvinni á eftir bls. 180)).

(Id1-c) [...] sástu hvörgi vorar meíar?
sá jeg þær,
sátu Sjöttú í hríng,
og rökuðu allar drottning,
eín hjet af þeim Dýrfinna,
hennar beíddi Árni,
Kirkjusmiður á Túni,
pipir á peningin,
og rennur á tenínginn.¹⁵⁶⁸

(Id1-d) [...] sástu hvörgi vola mæ
framan eptir hlíðonum
víst sá eg eina
hún hét Finna
góðsinna
Loðinkinna
hún var leingi föðurlaus
og móðurlaus
barðist við hrúta
ðr/imbldrúta [...]

Þessar mismunandi gerðir tilheyra nokkuð ólíkum þulutextum. Sú fyrsta, með Þorkatli kirkjusmið (táknud hér *P*, dæmi (Id1-b)), kemur gjarnan í textum sem hefjast á blokkinni *Lambið beit í fingur minn* og halda annaðhvort áfram sem slíkir eða skipta yfir í *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*.¹⁵⁶⁹ Önnur, með Árna kirkjusmið (Á, dæmi (Id1-c)), kemur oftast í framhaldi af *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* – lokaminnið „pipir á peningin“ í (Id1-c) er strangt til tekið úr þeirri blokk – en þó aðeins þegar síðarnefnda blokkinn kemur í framhaldi af *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*.¹⁵⁷⁰ Sú þriðja, *B* (Id1-d), kemur í framhaldi af nokkuð sjaldgæfri blokk *Brandur í bökkum* sem er stundum í upphafi þulutexta en getur einnig verið í textum sem hefjast á blokkinni *Lambið beit í fingur minn* (síðustu fjórar línur í dæmi (Id1-d) eru ekki með í slíkum textum).¹⁵⁷¹ Þessi þriðja gerð af *Sástu hvergi vorar meíjar* er talsvert frábrugðin hinum tveimur, einkum í seinni hluta blokkarinnar (þegar sá hluti er til staðar), en fyrri hluti hennar virðist standa nær *P*-gerð en *Á*-gerð. Undanfarandi texti ræður þannig því hvaða gerð blokkarinnar *Sástu hvergi vorar meíjar* mun vera notuð.

Blokkinn er afar óregluleg. Hún virðist samanstanda af nokkrum undirblokkum: {a} spurning og svar, {b} Guðfinna, {c} kirkjusmiðurinn og {d} dýrnarnar, en ekki eru allar undirblokkir alltaf til staðar, þ.e.a.s. ekki einu sinni í blokkunum af sömu gerð.¹⁵⁷² Sjaldan eru öll minni til staðar í öllum blokkum og alls ekki endilega í sömu röð.¹⁵⁷³ Mikil tilbrigði eru líka í allmörgum minnum. Heilsteypt frásögn er varla möguleg undir slíkum kringumstæðum, þótt ákveðin frásagnarþáttur sé til staðar í blokkinni. Því virðist og blokkinn ekki vera annað en upptalning á þeim minnum og undirblokkum sem hún samanstendur af – og þá er ekki átt við markvissa upptalningu, sem byggir t.d. á fjölförmi, heldur við upptalningu sem aðeins virðist hanga saman á nándartengslum. Ekki er ljóst hvort um er að ræða gömul nándartengsl (t.d. út frá afbakaðri frásögn) eða þvert á móti nándartengsl sem eru í mótun og hefðu í fyllingu tímans getað skilað áheyrendum heilsteyptari blokk. Eigi að síður er frásagnarþáttur í blokkinni – þótt veikur sé – og ákveðin frásagnarstemming, en í öllum til-

¹⁵⁶⁸ (Id1-b): AM 960 XX 4to, 2r; (Id1-c): AM 969 4to, 46r; (Id1-d): Lbs 587 4to III, 4ra.

¹⁵⁶⁹ Sbr. t.d. AM 960 XX 4to, 2r og DFS 67, 430v–431r, en Lbs 587 4to I, bls. 35–36 eða Lbs 587 4to III, 42r.

¹⁵⁷⁰ AM 969 4to, 46r, Lbs 1911 8vo, bls. 21–23 og Lbs 421 8vo, 35r (hér er *Árni* reyndar ekki kirkjusmiður). Einu sinni kemur blokkinn þó fram í þulutexta sem hefst á blokkinni *Bokki sat í brunni*, strax á eftir nokkrum stuttum blokkum úr *Lambið beit í fingur minn* sem henni fylgja (Lbs 587 4to II, bls. 46–48), en í annað sinn í texta sem hefst á *Sat ég undir fiskhlaða föður míns* (Lbs 587 4to I, bls. 11–15) og þar sem nokkrar yfirblokkir hafa þegar skipst á, þ.á m. *Sat ég undir stofuvegg*, *Lambið beit í fingur minn*, *Poki fór til Hnausa* o.fl.

¹⁵⁷¹ Lbs 587 4to III, 4ra, sbr. Lbs 587 4to IX, 60v annars vegar; Lbs 587 4to II, bls. 161, sbr. Lbs 587 4to IX, 60r hins vegar.

¹⁵⁷² Blokkina um Guðfinnu vantar t.d. í Lbs 587 4to I, bls. 35–36 og DFS 67, 432r–432v (*P*-gerð, sem verður þá {acd}), blokkina um kirkjusmiðinn vantar í Lbs 421 8vo, 34v–35v (*Á*-gerð, verður {abd}) og báðar í Lbs 587 4to I, bls. 14 þar sem textinn verður nokkuð torskilinn fyrir vikið (*Á*-gerð, {ad}). Blokkina {d} vantar í tvo aðra texta *Árnagerðarinnar* (AM 969 4to, 46r og Lbs 1911 8vo, bls. 23). Fleira mætti tína til.

¹⁵⁷³ Í *P*-gerð virðist t.d. bæði spurning og svar vera augljóslega til staðar í {a} aðeins í tveimur textum (DFS 67, 430v og Lbs 587 4to I, bls. 35); svipuð staða er í *Á*-gerð. Staðsetningar – *framan undan fjöllum* í *P*-gerð, *suður undir firði* í *Á*-gerð (t.d. Lbs 1911 8vo, bls. 23), með tilbrigðum – eru ýmist í spurningunni eða svarinu, og fleira mætti nefna.

fellum er sagt frá nafni stúlkunnar og greint aðeins meira frá henni áður en frásögnin rennur út í sandinn. Því er blokkinn rædd hér (frekar en í Ib).

*Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*¹⁵⁷⁴ er frekar sjaldgæf, tiltölulega stutt en ekki mjög stöðug blokk sem kemur í framhaldi af *Lambið beit í fingur minn* eða *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* og er oftast en ekki í fylgd blokkarinnar *Sástu hvergi vorar meyjar* sem kemur strax á eftir umræddri blokk. Blokkinn getur verið aðeins styttri, sbr. (Id1-e), eða lengri, sbr. (Id1-f) (umframtextinn er skáletraður):

(Id1-e) [...] {a} Illt er mjer i minni tá,
{b} allt skal eg gjöra, sem mér er bannað,
hlaupa bæði austur og vestur til Hvanngarðamanna.
{c} Árni býr á strondunum löndunum,
{d} eltir hann penínginn
en klípur hann tenínginn [...]

(Id1-f) [...] {e} *norðan k[æ]mu Hvalirnir og Selirnir.*
{a} Illt er mér í minni Tá
svo lætr í hverri skrá.
{f} *Hlunkarnir báðir mig að dunka.*
{b} aldrei skal eg gjöra það sem mér er bannað
að hlaupa austr og vestr um Hvanngarðamanna
{g} *heldr norðr til Nesja fá skal eg mér Skipa /fley\
og Sigla vestr i Álf ey.*
{c} Árni býr á löndum enn eg á Ströndum
{d} arkar hann Renningín kaupir hann penning\in/
{h} *núer enn sem var í gjær*
Kaupir Konu knifin, Tífin, skæri og kambin.
{i} *Refr rýfr Rautt skinn, Rotin er hann Bergr þinn*
*So[n] minn sem er þinn [...]*¹⁵⁷⁵

Styttri textinn – ásamt blokkinni *Sástu hvergi vorar meyjar* – er aukalega rammaður inn af blokkunum *Kona gekk fyrir kirkjudyrr* á undan og *Gekk ég upp á hólinn, horfði niður í dalinn* á eftir. Þessi texti er e.k. kjarni blokkarinnar, en óstöðugleiki hennar er m.a. fólgin í því að {f} og {g}, sem getur einnig komið inn á eftir {c},¹⁵⁷⁶ kljúfa kjarnann í þrennt og engar tvær byggingareiningar ná því að mynda stöðug tengsl.

Eins og fram hefur komið er blokkinn *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* oft umkringd af ákveðnum blokkum – *Kona gekk fyrir kirkjudyrr*, *Sástu hvergi vorar meyjar*, *Gekk ég upp á hólinn, horfði niður í dalinn* o.fl. – en þær mynda þó ekki yfirblokk saman, og telst það líka til sérkenna þessarar blokkar. Einu gegnumgangandi tengslin sem *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* myndar eru með *Sástu hvergi vorar meyjar*. Í sumum textum með *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* eru óvenjulega mörg laus minni í kringum blokkina; sum þeirra eru úr öðrum þulublokkum,¹⁵⁷⁷ önnur koma fyrir oftast en einu sinni en þó ekki nógu oft – að því er virðist – til þess að tengja þau annað-

¹⁵⁷⁴ Heiti blokkarinnar byggir á fyrstu línu í kjarnanum sem er einkennandi aðeins fyrir þessa blokk, sjá {b} í dæmi (Id1-e); {a} er hins vegar einnig í yfirblokkunum *Lambið beit í fingur minn* og *Kýrin bleik* (Id.4–Id.5).

¹⁵⁷⁵ (Id1-e): Lbs 587 4to I, bls. 35–36 (sbr. Lbs 1221 4to, 22[r]); (Id1-f): Lbs 421 8vo, 35r (sbr. Lbs 587 4to III, 1r).

¹⁵⁷⁶ Sjá Lbs 587 4to III, 1r, sbr. Lbs 587 4to III, 42r.

¹⁵⁷⁷ T.d. „Gott lætur hann sér með sóma, // Hann svæfir páfann í Róma“ úr *Karl tók til orða* og „Úti stendur Arnór og ærist að kalla“ úr *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég niður í dalinn* (Lbs 587 4to III, 42r).

hvort við umrædda blokk eða aðra þulublokk eða yfirblokk.¹⁵⁷⁸ Hlutfall þeirra minna í blokkinni sjálfri, sem taka einnig þátt í öðrum blokkum og yfirblokkum, er einnig óvenju hátt; þar á meðal eru kjarnaminnin {a} *illt er mér í minni tá* (sbr. Ic.7) og {b} *allt skal ég gjöra sem mér er bannað* sem má oft finna í kúapulum í aðeins frábrugðinni mynd.¹⁵⁷⁹ Því eru aðeins fáein minni eiginleg þessari blokk.

Id.2. *Heyrði ég í hamrinum*

Blokkin *Heyrði ég í hamrinum*, sem sagt var frá í kafla 8.1.4.3 (og 8.3.3), sjá dæmi (8-8) o.fl., er af svipuðu tagi og blokkirnar í Id.1, en hún er stutt upptalning (um 4–5 stuttlinur) ásamt jafnstuttum inngangi með nokkrum – þó veikum – frásagnarþætti. Inngangurinn er samt of efnismikill til þess að blokkina megi flokka sem upptalningarblokk eingöngu.

Blokkin í heild gegnir oft hlutverki inngangs í frásögn sem hún getur myndað ásamt annarri undirblokk, *Ekki heiti ég Eiríkur* (sjá Ic.7), sem jafnan fylgir henni. *Heyrði ég í hamrinum* myndar þá samnefnda yfirblokk ásamt *Ekki heiti ég Eiríkur* og/eða *Ættartölu*, oft með tilstilli eftirfarandi tengiminna (einkum á milli tveggja síðastnefndu blokkanna):

- *telja máttu föðurfrændur þína, muna máttu frændurna okkar* o.fl. þess háttar¹⁵⁸⁰ er algengasta tengiminnið, kemur á milli *Ekki heiti ég Eiríkur* og *Ættartölu*; öll sjaldgæfari tengiminni koma jafnan í samfloti við það;
- þeir báru yfir sér bitilinn rauða, báru þeir á sér bitilinn rauða o.þ.h.¹⁵⁸¹ er næstalgengasta tengiminnið á milli *Ekki heiti ég Eiríkur* eða *Heyrði ég í hamrinum* og *Ættartölu* – og jafnframt eina tengiminnið sem getur staðið á milli *Heyrði ég í hamrinum* og *Ættartölu* þegar *Ekki heiti ég Eiríkur* er ekki til staðar;¹⁵⁸²
- *muna máttu kellinguna dauðu // sem dró eftir sér skikkjuna rauðu*,¹⁵⁸³ sem kemur á eftir *Ekki heiti ég Eiríkur* – þegar sú blokk endar á „þar sem skip skára, // skundandi fer“¹⁵⁸⁴ – og á undan algengasta tengiminninu, er meðal sjaldgæfari tengiminna; það er einnig *þetta kváðu stúlkurnar í steini*,¹⁵⁸⁵ eina tengiminnið sem kemur á milli *Heyrði ég í hamrinum* og *Ekki heiti ég Eiríkur*, og fáein fleiri.

Þá eru *og enn dilla ég þér dó* eða *Gunna fór í berjamo*¹⁵⁸⁶ lokaminni sem koma stundum á eftir blokkinni *Ekki heiti ég Eiríkur* þegar hún endar á *ríða verð ég þó* (eða sambærilegri línu).

Hér er um að ræða afar blandaða yfirblokk þar sem eru nokkrar upptalningar – sumar langar, líkt og *Ættartala* – en einnig er til staðar ákveðinn frásagnarþráður, þótt hann sé ekki sterkur og hafi varla afgerandi áhrif á byggingu yfirblokkarinnar. Byggingin virðist aldrei hafa verið mjög stöðug að því leyti að bæði blokkirnar *Heyrði ég í hamrinum* og enn frekar *Ættartala* koma stundum fram

¹⁵⁷⁸ T.a.m. „Pjetur, Páll og Halla, milli fjöru og fjalla“ í Lbs 587 4to III, 1r, sbr. Lbs 421 8vo, 34v, eða minni um konu sem fer á mót eða fund („Kona reið á danamót“ í Lbs 587 4to I, bls. 35, sbr. „er Konu bar til fagnaðar funda“ í Lbs 421 8vo, 34v).

¹⁵⁷⁹ T.d. „Rokka hlióp í Hvangarða manna // sem maðurin vildi banna“ DFS 67, 285v, sbr. SÁM 85/121 EF (19420). Þar að auki er {i} t.d. ásamt {a} í yfirblokkinni *Kýrin bleik* (sjá Id.5).

¹⁵⁸⁰ AM 247 8vo, 7r (sbr. DFS 67, 423r og 257r) og Lbs 414 8vo, 119v (sbr. Lbs 852 4to II, bls. 93).

¹⁵⁸¹ Lbs 414 8vo, 96v (sbr. „þeir bera fyrir sér bitilin[n] Rauda“ í Lbs 414 8vo, 116v) og Lbs 587 4to III, 14v (sbr. DFS 67, 275r; Lbs 587 4to I, bls. 18) o.fl.

¹⁵⁸² Sjá Lbs 421 8vo, 22v eða Lbs 587 4to III, 14v.

¹⁵⁸³ DFS 67, 204v, sbr. 203r.

¹⁵⁸⁴ Lbs 414 8vo, 119r; sbr. Lbs 587 4to II, bls. 98 og DFS 67, 203r og 204r.

¹⁵⁸⁵ Lbs 587 4to IX, 42v; sbr. enn fremur „[M]ús undir steini“ í SÁM 30a, 108v.

¹⁵⁸⁶ Lbs 587 4to II, bls. 155 og 171.

sér í þulutextum,¹⁵⁸⁷ eða þá saman án þess að blokkinn *Ekki heiti ég Eiríkur* sé með.¹⁵⁸⁸ Blokkirnar koma eigi að síður ávallt í sömu röð, hversu margar sem þær eru í hverjum þulutexta. Bygging yfirblokkarinnar *Heyrði ég í hamrinum* einfaldast talsvert á 20. öld; það birtist bæði í því að sjaldgæfari samsetningum blokkanna í yfirblokkinni fækkar¹⁵⁸⁹ en þeim þulutextum fjölga þar sem eru aðeins *Heyrði ég í hamrinum* og *Ekki heiti ég Eiríkur*¹⁵⁹⁰ – en þó ekki *Ættartala* sem kemur fram sér í öðru samhengi¹⁵⁹¹ – og í því að tengiminnnum fækkar talsvert.

Bæði yfirblokkinn *Heyrði ég í hamrinum* og þó einkum styttri textarnir í yfirblokkinni, *Heyrði ég í hamrinum* og *Ekki heiti ég Eiríkur* (án *Ættartölu*), tengjast óvenju mörgum öðrum þulublokkum. Meðal þulublokkanna sem oftast koma fyrir ásamt yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* er efni úr yfirblokkunum *Sat ég undir stofuvegg*, *Sat ég undir fiskihlaða* og *Lambið beit í fingur minn*:

- *Kom ég þar að kvöldi* getur t.d. verið bæði á undan yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* (sbr. SÁM 30b, 157r) og á eftir (SÁM 30b, 405v–406r);¹⁵⁹²
- *Sat ég undir fiskihlaða* og *Konan mín í kofanum*; fyrrnefnda blokkinn stendur jafnan á undan yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* (sjá Lbs 423 8vo, 108v–109r) en sú síðarnefnda getur verið bæði á undan henni (s.st.) og á eftir (SÁM 30b, 157r);
- *Lambið beit í fingur minn*, einkum á eftir *Heyrði ég í hamrinum* (Lbs 587 4to II, bls. 98–100);
- *Gekk ég upp á hólinn*, *horfði ég ofan í dalinn*, einkum á undan *Heyrði ég í hamrinum* (og á undan *Kom ég þar að kvöldi*, sbr. Lbs 421 8vo, 72r og SÁM 30b, 157r) en einnig geta minni úr þessari yfirblokk rammað inn *Heyrði ég í hamrinum* (JS 289 8vo I, 28v–29r);
- *Norðarlega eru Nauthús*, helst á eftir *Heyrði ég í hamrinum* (Lbs 423 8vo, 109r); o.fl.

Af þessum lista má sjá að *Heyrði ég í hamrinum*, sem er blönduð yfirblokk, hefur sterk tengsl bæði við frásagnaryfirblokkir og blokkir – ásamt yfirblokkum – þar sem upptalningar virðast vera sterkari þáttur (t.d. *Gekk ég upp á hólinn*).

Id.3. Stígum við stórum

Stígum við stórum er önnur tiltölulega einföld en blönduð yfirblokk bæði með frásagnarþræði og upptalningum innanborðs. Henni tilheyrja þrjár inngangsblokkir; {a,b} eru oftast samferða en ekki, en {c} er hins vegar sjaldgæf. Kjarnablokkinn {d} er blanda af frásögn og minnaupptalningu og er í samtalsformi. Loks eru nokkrar gerðir af niðurlagi {e}. Textann í (Id3-a) má kalla dæmigerðan fyrir yfirblokkina þar sem hver af blokkunum {a,b,d,e^{1a}} (þ.e. öllum nema {e^{2a}}) er með í hverjum 8 eða 9 textum af 10:

¹⁵⁸⁷ Sjá t.d. Lbs 587 4to III, 57r–57v þar sem *Ættartala* (með tengiminni í hlutverki inngangsminnis) heldur uppi heilum þulutexta, eða Lbs 587 4to III, 42v þar sem sama blokkinn kemur á eftir blokkinni *Karl fór yfir á* (ásamt *Ég sá hann á alþingi*). Fáeinir línur úr upphafsblokkinni *Heyrði ég í hamrinum* koma fram í Lbs 421 8vo, 72r án þess að aðrar blokkir úr samnefndu yfirblokkinni fylgi með. Jafnvel blokkinn *Ekki heiti ég Eiríkur* kemur stundum fram sér, sbr. Lbs 587 4to II, bls. 123–124 (á eftir blokkunum *Konan mín í kofanum* o.fl.).

¹⁵⁸⁸ Sbr. Lbs 587 4to III, 14v eða Lbs 421 8vo, 22v.

¹⁵⁸⁹ Þulutextar þar sem *Ættartala* fer í beinu framhaldi af *Heyrði ég í hamrinum*, ásamt tengiminninu *þeir báru yfir sér bitilinn rauða*, virðast t.d. hverfa á 20. öld.

¹⁵⁹⁰ Sbr. SÁM 32, 132r–133r (þar sem blokkirnar tvær koma í fylgd með blokkum úr *Sat ég undir stofuvegg*), svo og SÁM 32, 320v og SÁM 30b, 78r þar sem blokkirnar tvær halda uppi viðkomandi þulutextum.

¹⁵⁹¹ Sbr. t.d. SÁM 85/280 EF (2321) og SÁM 85/260 EF (2373).

¹⁵⁹² Sbr. SÁM 32, 132r–133r, en þar er *Kom ég ...* á eftir *Heyrði ég ...* og upphafsblokkinni í *Sat ég undir stofuvegg*.

(Id3-a) {a} Stigum við stórum,
 stundum til grundða,
 belg ber eg eptir mer,
 barnanna fullann,
 {b} her lætr skurka fyrir skálaðyrum,
 vaknaðu Gygr,
 ei vill gigr vakna,
 {d} hvur er kominn úti;
 [B]jörn á brotnu skipi,
 hvað vill björn,
 biðja um nálar
 sauma að segli,

hvað er að segli?
 slitip af veð[ri],
 hvað gjörði hann af nálonum
 sem ek fekk honum í fyrra dag?
 hann fekk Hala bróþr,
 hvað gjörþi halabróðir af?
 hann kastaði þeim úta miðjar götr,
 og sagðist skylði brenna
 á baki þeirra sem átt hefðu,
 {e^{1a}} hvaþ ertu að géra núna,
 eg er að sýngja á tölur mínar
 {e^{2a}} gott barn heilagt er á morgun. —¹⁵⁹³

Meðal sjaldgæfari hluta yfirblokkarinnar eru inngangsblokkinn {c} (Id3-b) og nokkrar einingar – einkum minnapör og undirblokkir – sem mynda niðurlagsblokkina {e} (Id3-c–e):

(Id3-b) [...] {c} er frammorðið?
 sól er á millum augna þinna,
 sofa máttu leingur
 einn dúrinn dreingur [...]

(Id3-d)
 [...] {e^{1ab}} hvað ert þú að síngia núna
 eg er að singia tölur mínar,
 eg er að binda skóþveingi mina,
 {e^{2c}} eg batt þá ekki hálf í giær,
 eg bind þá betur núna.

(Id3-c)
 [...] {e^{1ab}} „Hvað varst’ að segja núna?“
 Eg var að kveða tölur mínar,
 {e^{2b}} og kvað þær ekki rétt;
 eg var að binda skótöttra mína,
 og batt þá ekki rétt —

(Id3-e)
 [...] {e³} við skulum stíga hægt í kveld,
 en á morgun meira,
 þá kemur gleðifólkið fleira. —¹⁵⁹⁴

Stígum við stórum er tiltölulega stöðug yfirblokk þar sem röð eininganna er afar föst fyrir; {c} fyrirfinnst varla nema á milli {b} og {d}, {e²} kemur á eftir {e¹} en {e³} á eftir {e²}. Textar þar sem innangang eða niðurlag vantar með öllu eru fáir,¹⁵⁹⁵ og engin blokkanna kemur fram sjálfstætt að neinu ráði. Þá virðist umrædd yfirblokk ávallt vera fremst í þulutextum og aðeins stundum tengjast blokkum úr öðrum yfirblokkum.¹⁵⁹⁶

Id.4. *Lambið beit í fingur minn*

Yfirblokkinn *Lambið beit í fingur minn* er blanda af misskýrum frásögnum og upptalningum sem skilar hvorki frásögn né markvissri upptalningu sem heild. Yfirblokkinn er með þeim stærstu að umfangi og flækjustigi og er til í a.m.k. fimm tiltölulega sjálfstæðum gerðum. Þær samanstanda bæði af blokkum og minnum sem eru ýmist aðeins eiginlegar fyrir *Lambið beit í fingur minn* eða eru einnig hluti fleiri yfirblokka. Fyrsta gerðin er á þessa leið, sbr. (Id4-a):

¹⁵⁹³ JS 289 8vo I, 27r–27v („sýngja“ er hugsanlega skrifað með *ij* með einum depli), sbr. t.d. SÁM 32, 139r. Blokkinn {d} endar stundum á viðbótarlínunni „en ekki þeim sem me[ð]færi“, sbr. t.d. Lbs 587 4to II, bls. 176.

¹⁵⁹⁴ (Id3-b): DFS 67, 250r; örsjaldan er línan „út er kveðin vísa“ (Lbs 587 4to IX, 61v) á sama stað og {c} er stundum, eða þá samsetningar með þessari línu. (Id3-c): DFS 67, 419v, 421v; sbr. Lbs 414 8vo, 107v. (Id3-d): Lbs 587 4to III, 19v; sbr. Lbs 414 8vo, 97v. (Id3-e): Lbs 587 4to IV, 11r.

¹⁵⁹⁵ Sbr. AM 960 XX 4to, 2r ({d+e¹+e^{2c}}) eða DFS 67, 274v ({bd}). Aðeins {d} er einvörðungu hjá Birni Jónssyni á Kóngsbakka, sjá SÁM 30b, 433r–434r og SÁM 32, 19r.

¹⁵⁹⁶ Þó má nefna að blokkinn *Ég sá hann á alþingi* (Ib.7) er a.m.k. tvisvar á eftir yfirblokkinni sem hér um ræðir, eða í AM 969 4to, 244r og Lbs 1911 8vo, bls. 33.

{e} „Íllt er mér í minni tá,
sama lætur í hverri krá“ —
„Dönsum og dönsum“ —
{f} „Sástu hvergi vorar meyar
framaneptir dölunum? —¹⁵⁹⁷
„Jú víst sá eg eina“ —
„Hvað hét hún?“ —
„Hún hét Finna,
góðsinna,
loðinkinna,
ber lyklana í pung —
Þorkell hét maðurinn,
kirkjusmiðurinn.
Hann spurði mig hvað eg ætti að færa?
Tínurnar vænar —
{g} Hundur hoppaði,
kálfur beljaði,
bað mig að geta gátu sinnar.
Ekki gat eg hennar.
Brennd[u] mig í lifur og lungu,
brenndu mig í tungu.
{h} Nú er lokið olbogunum öllum.
Ríður hún blá,
hún Silkitá.
Hvað vill hún þá fá?
{X} Hún fór á lyngmó,
og tjúpunar eltu
með daggarð og dunshníf
og dandalabelti.¹⁵⁹⁸

(Id4-a) {a} Lambið beit í fingur minn —
skórinn datt í árgil.
Hvernig myndi skórinn fara,
ef ekki fleira kæmi?
Koma myndu gestirnir,
prestarnir
með sína máfana (mágana?), [svo – YSH]
páfana.
{b} Hrafn flýgur austanað,
ber hann ugga í nefi sínu;
kallar hann á konu sína,
mylsnu og fylsnu;
settist á bekkinn,
dróg fram sekkinn —
Titlingur toginfingur!
nú er vel sungið.
{c⁽¹⁾} Manstu nokkuð meira gaman,
er við lágum bæði saman ?
Sveinn var ungur
og mjög lítill.
Suður skyldum við róa
á fjallsenda.
{d} Tíu voru kýrnar,
tólf voru ærnar,
þrettán sauðir veturgamlir,
átján vætta söðullinn
og brúnskjóttur hesturinn. —

Af þeim blokkum sem mynda saman þessa útgáfu yfirblokkarinnar eru {a–d} eiginlegar fyrir *Lambið beit í fingur minn*, aðrar taka einnig oft þátt í öðrum yfirblokkum. Minnasamsteypan {e} tilheyrir einnig yfirblokkinni *Kýrin bleik* og blokkinni *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*, {f} tengist einnig síðarnefndu yfirblokkinni og auk þess *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá* og blokkinni *Brandur í bökkum* (sbr. Id.1), en í {g} er samruni minna úr *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* og *Sat ég undir stofuvegg*.¹⁵⁹⁹ Það sem er hins vegar einkennandi fyrir þessa gerð *Lambið beit í fingur minn* er val á einmitt þessum textabrotum og röð þeirra í þulutextunum.

Gerð II í (Id4-b) er nokkuð frábrugðin fyrstu gerð *Lambið beit í fingur minn*, þótt {a} sé nærri sama blokkinn og að {c⁽²⁾} hér sé önnur gerð {c⁽¹⁾}-blokkarinnar í gerð I:

(Id4-b) {i} Viltu ieg kvedi firir þíg
paurildi porri Ró
{a} lambíð beít í fingur minn,
spóin datt í ár gíl
hér koma prestarnír géstirnir

ofann af ströndonum löndonum
{j} standa þeir á stokkonum
og st[e]la ofann bjúgonum
blása so í blödin sín
og binda firir ofann

¹⁵⁹⁷ Þannig í handritinu (gæsalappir lokast ekki). Sama gerist með gæsalappir sem opnast þremur línur neðar.

¹⁵⁹⁸ DFS 67, 430r–431r (gæsalappir á undan *Hún hét Finna* virðast ekki lokast); sbr. t.d. AM 960 XX 4to, 2r (þó án {cd}).

¹⁵⁹⁹ Minnin í {h} eru svo sjaldgæf að ekki er gott að dæma um hvort þau eru eiginleg fyrir *Lambið beit í fingur minn*. Þá tilheyrir textinn í {X} blokkinni *Kisa fór á lyngmó* (sbr. Ic.7, neðanmáls), en hann virðist ekki koma oftar í framhaldi af *Lambið beit í fingur minn*.

trutt trutt úr túni
 trít eptir míri,
 {c⁽²⁾} mundi þikja meira gaman
 ef víd hlípum allar saman
 tju þorbjargír
 lígi kolbeirn,
 {k¹} því tókst hann narfa
 hann kunni ekki að starfa

þo hann hefði beltid breidd
 brugdin kníf og kálf skinn
 klípping ullar Reifi og vetling,
 síðan hljóp hann uppá land
 með gull penínga marga,
 {l} þjóf strá karlin þar á bakka
 gjarnan vildi hann gott fá að smakka<.>¹⁶⁰⁰

Þessi gerð er sérstök að því leyti að allar blokkirnar eru eiginlegar fyrir *Lambið beit í fingur minn*. Þess má geta að í öllum öðrum þulutextum í þessari gerð er {l}-blokkinn talsvert lengri, sbr. (Id4-c):

(Id4-c) [...] {l} Fjósstrákur kallar á bakka — vill hann jafnan gott fá að smakka. ílir hann og æpir hann milli þess hann sefur; yf'rum ána ætlar hann,	þegar honum gefur. „Ekki skaltu það fá, þó þér liggi hug ur á — Eigðu sjálfur Þuríði þína, fá mér aptur Valgerði, mágkonu mína [...]” ¹⁶⁰¹
---	---

Gerð III í (Id4-d) er frábrugðin gerð II í því að í stað {c} kemur *Nefjatala* (táknun {N} hér; sjá Ib.5). Auk þess er gerð III nokkuð lengri þar sem blokkinn {mn} er á undan {j} og a.m.k. ein blokk til viðbótar er aftast ({o}). Þá er fremsta blokkinn, {á}, aðeins öðruvísi en {a} (sbr. skáletrun):

(Id4-d) {á} Lambið beit í fingur minn, skór minn datt í árgyl. <i>Hvor sem finnur skóinn þann</i> <i>gef jeg saman við Þorfinn</i> Koma mundu fleyri gestirnir, prestirnir lestirnir, með sína mága að rífa sjer tágur. {m} Prestur sat á hillu hafði hjá ser frillu; hvor sá biti sem hann át, honum varð að illu. {n} Prestur kallar skip sítt hrip mitt Nafarinn, tafarinn {j} standa svo á stokkunum og stela ofan bjúgunum bíar svo á beðin sín og binda fyrir ofan. {N} Betra væri brínt nef, bora með járn-nef, stinganef man jeg hann Gunn-nef; ræð jeg þjer við róður minn rjettnefur, sljettnefur, Kreptnefur	{k ¹ } því tókstu hann Narfa? hann kunni ekki að starfa, því hann hafði belti breitt búinn hníf, kálfskinn og klipping ullar reifi og vetling þindikamb og Þeyti kamb, þar með fór hann uppá fjall með gullpenínga marga; {l} hrópar hann og kallar hann yfírum ána ætlar hann þegar honum gefur. Ekki skal hann það fá þó honum leiki hugurinn á taki hann aptur Þuríði sína of fáí mér aptur mágkonu mína {t ^m } Úti stendur tkin þar í tún[í] norður reka nautin þar að garði {o} inn er dottin kýrin þar á Mýri sækir henni mennina margir henni bjarga[.] Úti er komin Kolbeinn hinn stóri og keisararnir fjórir, Jón Auðunarson og strákurinn þar í Hvammi [...]” ¹⁶⁰²
--	--

¹⁶⁰⁰ Lbs 422 8vo, 56r; sbr. DFS 67, 431r–432r (eftir „Sumir hafa svona:“, með svolitlum frávikum), Lbs 587 4to III, 9r–9v (hefst á „Prestur sat á hillu“) og DFS 67, 419v–420v (hefst á „Koma skyldu gestirnir“, aftast er *Nefjatala*).

¹⁶⁰¹ DFS 67, 420r–420v; textanum lýkur síðar á *Nefjatölu*.

Í gerð III geta textarnir verið afar mislangir, og er sá í (Id4-d) með þeim styttri. Í öðrum textum eru vissulega ýmis innskot sem tengjast ekki endilega yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* – en einnig sumar blokkir sem eru afar algengar í gerð III, t.d. blokkirnar *Súrsaður rass af sel* og *Rauða kippa Rannveigar* (í algengari gerð sinni, í framhaldi af {k¹+l}), sbr. Ia.8, dæmi (Ia8-a).

Gerð IV sameinar einfalda {a}-blokk – eins og í gerð I–II – og lengra framhaldið {mnj} ásamt *Nefjatölu*, eins og í gerð III.¹⁶⁰³ Einkenni þessarar gerðar er einhvers konar samruni blokkanna *Jón smár* og *Því tókstu hann Narfa* (táknaður hér sem {k²}), en samrunanum var lýst í kafla 8.3.1; sjá dæmi (8-34a,b) þar og jafnframt (8-15) í kafla 8.1.4.5. Blokkinn {k²} kemur í framhaldi af *Nefjatölu* og rekur lestina ásamt blokkunum *Súrsaður rass af sel* {S} og *Rauða kippa Rannveigar* {R} (í sjaldgæfari gerð sinni sem tengist blokkinni *Jón smár*), sbr. dæmi (Ia8-b) í Ia.8. Deila má um það hvort hér er um að ræða blokkir sem eru eiginlegar fyrir yfirblokkina *Lambið beit í fingur minn*. Þegar hefur verið sýnt fram á að *Því tókstu hann Narfa* sé hluti yfirblokkarinnar og að *Jón smár* getur einnig komið fram sjálfstætt og í tengslum við aðrar yfirblokkir, t.d. *Poki fór til Hnausa*. Spurningin snýst því væntanlega um það hvort vegur þyngra í {k²} og framhaldi þess; á annarri vogarskálinni eru línurnar úr blokkinni *Jón smár* og sérstök gerð upptalningarblokkanna {S,R} sem henni tengist, en hvort tveggja má túlka sem vísbendingu um sjálfstæði þessarar blokkasamsteypu frá yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*. Á hinn skálinni er sá (stærri) hluti textans sem er sameiginlegur fyrir blokkirnar *Jón smár* og *Því tókstu hann Narfa* – ásamt því að upptalningarblokkirnar eru í grundvallaratriðum þær sömu, þótt þær séu í mismunandi gerðum; þetta tvennt virðist frekar benda til þess að allt saman sé hluti yfirblokkarinnar *Lambið beit í fingur minn*.

Gerð V er afar frábrugðin I–IV. Ein ástæðan er sú að blokkinn {b}, sem kemur í beinu framhaldi af {a} í I–IV, er miklu seinni á ferð hér, en á milli {a} og {b} kemur nokkuð stór og stöðug samstæða minna; sjá (Id4-e):

(Id4-e) {i} Paurildi i parriró;	af baki muntu falla
{a} lamb beit i fingur minn,	þá muntu kalla
skór minn datt i árgil;	{r} kona gékk fyrir Kyrkjudyrr
svona skildu prestarnir,	hafði í hendi lifrar bita
gestarnir;	beit hún i bitan sinn
norðan eptir löndonum,	bað svo að geíma sig
ströndonum;	{s} Þórarinn á Kamb kumb
mess sína máana	{b} Vala fligur vestan að
færa' okkur táarnar	ber ekki nefi
{n} kalla skildi rif sitt	settist á bekkinn
stif sitt	togaði fram sekkin
nafar nafar sinn	nú er vel súngið
{p} allar frændkonur vorar,	{t} papi nisi pipi korn
hverjum muntu skira	kann jeg ekki meir [...] ¹⁶⁰⁴
hestinum fríða	

¹⁶⁰² Lbs 587 4to II, bls. 180[A]–180[C] (1r–2r í innskotstvinni á eftir bls. 180; tilfært án tillits til orðamunar og athugasemda), sbr. t.d. Lbs 587 4to II, bls. 99–100, 126–129 og 159–161; sbr. og SÁM 85/144 EF (19767) og SÁM 85/150 EF (19821) með sama heimildarmanni, Kristbjörgu Jónsdóttur.

¹⁶⁰³ DFS 67, 258r–258v (þó án {a}), Lbs 587 4to II, bls. 180[B]–180[C], sbr. G-145/80, [1r–2r] (Héraðsskjalasafninu á Akureyri) og SÁM 85/180 EF (20335).

¹⁶⁰⁴ Lbs 587 4to III, 5r, sbr. AM 247 8vo, 5r, enn fremur Lbs 587 4to I, bls. 125–126 o.fl.

Inngangsminnið {i} er meðal fleiri sérkenna gerðar V (þótt það sé ekki alltaf með).¹⁶⁰⁵ Minnið {n} er einnig til í gerð III–IV, í undirblokkinni {mn}, sjá dæmi (Id4-d); hér myndar það hins vegar undirblokk með blokkunum {p(q)}¹⁶⁰⁶ og {rs} (síðarnefndu blokkinni var lýst í Ic.7), og það er þessi undirblokk sem kemur inn á milli {a} og {b}. Blokkinn {c} getur staðið aftast (í stað {t}),¹⁶⁰⁷ og fleiri blokkir úr yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* eða nátengdar henni virðast vera valfrjálsar.¹⁶⁰⁸ Þegar þeim lýkur þá kemur sjálfstæð blokk, *Kýrin bleik*; eða öllu heldur sú gerð hennar sem tengist V. gerð *Lambið beit í fingur minn*, sbr. umfjöllun um yfirblokkina *Kýrin bleik* (Id.5). Í framhaldi af þessari gerð koma oft aðrar yfirblokkir, t.d. *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*.¹⁶⁰⁹

Þá eru nokkrir textar sem tilheyra sama þuluflokknum en eru verulega frábrugðnir öllum fimm gerðum *Lambið beit í fingur minn* sem hér var lýst, aðallega í því sem snýr að vali og röð minna og blokka, sbr. dæmi (Id4-f), en textinn þar kemur í framhaldi af *Heyrði ég í hamrinum* og *Ættartölu*:

(Id4-f) [...] Runninn er upp dagur
 bæði ljós og fagur.
 {c⁽²⁾} Það er ekkert meira gaman
 en hlaupa allir saman.
 {R} Þjófa[h]nífur Þuríðar
 og ei[s]na[h]nífur Ólafs
 og annar hans Bjarna,
 buddu[h]níf einn bóndinn á,
 {X} hefur reip og reiðing á,
 ríður brúnskjóttum klár.
 Með hann ætlar hann suður á þing,
 með fjóra fiska harða
 og fimm barða.
 {l} Karlinn þar á Bakka,
 gjarnan vill hann gott fá að smakka.
 Ýlir hann og æpir hann

þess á milli hann sefur,
 yfrum ána ætlar hann
 þegar honum gefur.
 {G} Úti stendur Arnþór
 ólmast upp og kallar.
 {a} Lambið beit í fingur mer minn,
 skórin datt í árgil[.]
 Koma skulu prestarnir
 með sínar mágkonur
 og allar v[o]rar frændkonur,
 {n} skulu kalla á skip sín og hrip sín,
 nafarinn, tafarinn.
 Þá kom [L]oki loðinbúkur,
 hundabani Sighvatur,
 [k]ringilegur Hrómundur,
 Á[s]ný og [Al]ur.¹⁶¹⁰

{X} táknar hér einkennilegan bræðing þar sem minni úr blokkunum *Helga bredda* eða *Jón smár* blandast saman við {R} (sjaldgæfari gerð, tengda blokkinni *Jón smár*) annars vegar og *Því tókstu hann Narfa* hins vegar. Blokkinn {l} er í sinni reglulegu gerð (og tengist væntanlega {X} á svipaðan hátt og hún tengist {k²}), en á eftir kemur stakt minni úr *Gekk ég upp á hólinn, horfði ofan í dalinn*. Það er táknað {G} og tengist undanfarandi blokk líklega vegna þess að hvor tveggja fjallar um ólma æpandi karla. Ekki fyrir en þá kemur {a}-blokk *Lambið beit í fingur minn* (sem í dæmi (Id4-f) er undir augljósum áhrifum frá {p}), ásamt {n}). Aftast er stutt nafnaupptalning sem kann að vera tengd *Fylgdarmannatölu* – en ekki er fullljóst hvernig hún tengist undanfarandi texta.

Af þessu má sjá að allnokkur fjöldi blokka og minna af mjög ólíku tagi tekur þátt í þessari yfirblokk eða tengist henni,¹⁶¹¹ bæði þau sem tilheyra blokkinni og tilviljunarkennd. Hér eru helstu blokkir (og minni) sem eru eiginlegar fyrir yfirblokkina *Lambið beit í fingur minn*:

¹⁶⁰⁵ Sbr. t.d. AM 247 8vo, 5r.

¹⁶⁰⁶ Minnið {q} („Dauð liggur kýrin í Mýri“, AM 247 8vo, 5r) er einnig einkennandi fyrir V. gerð *Lambið beit í fingur minn* þótt það sé ekki í öllum textum hennar.

¹⁶⁰⁷ Hún er t.d. í Lbs 587 4to I, bls. 126 (og að hluta í Lbs 587 4to IX, 60r).

¹⁶⁰⁸ Í Lbs 587 4to IX, 60r–60v eru m.a. {f} (*Sástu hvergi vorar meyjar*) og {j} (*Standa þeir á stokkunum*) á undan {c}.

¹⁶⁰⁹ Sbr. Lbs 587 4to IX, 60r–60v og Lbs 414 8vo, 107v–108v.

¹⁶¹⁰ Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Sólveig Indriðadóttir, bréf frá 23. mars 1972 og uppskriftir, [2r–2v]; SÁM 85/183 EF (20383, sbr. 20386–20387).

- {a} *Lambið beit í fingur minn*, er upphafsblökk (lengri gerð {á} í III. gerð);
- {i} *Viltu ég kveði fyrir þig* er upphafsminni, einkum í gerð V; hluti af blokkinni {ia};
- {b} *Hrafn flýgur austan* er framarlega (fylgir {a}) í gerð I en mjög aftarlega í gerð V;
- {c¹} *Manstu nokkuð meira gaman* (einkum í gerð I) og {c²} *Mundi þykja meira gaman* (einkum í gerð II) er meginmálsblökk, fylgir {ab} í I en {aj} í II;
- {j} *Standa þeir á stökkunum* er meginmálsblökk í gerð II–IV, fylgir {a} eða {a+mn};
- {k¹} *Því tókstu hann Narfa* og {l} *Fjósstrákur kallar á bakka* mynda meginmálsblökk í gerð II og III;
- {m} *Prestur sat á hillu* og {n} *Prestur kallar skip sitt, hrip mitt* mynda meginmálsblökk sem fylgir {a} í gerð III–IV; {n} myndar meginmálsblökk með {p} í gerð V;
- {p} *Allar frændkonur vorar* myndar ásamt {(q)rs} meginmálsblökk með {n} í V.

Nokkrar blokkir og minni til viðbótar eru einkennandi fyrir *Lambið beit í fingur minn* þótt þær fyrirfinnist víðar, einkum lokaeiningarnar {o} *Kýrin í mýrinni* (lokablokk í gerð III) og lokaminnið {t} „papi nisi pipi korn // kann ég ekki meir“ í gerð V. Hér eru fulltrúar allra gerða af blokkum; {n} og {c²} eru að stofni til upptalningar á heitum (þótt stuttar séu); {c¹}, {l}, {m} og {p} eru einkum upptalningar á minnum (þó ekki skipulagðar sem t.d. fjölform); {b} og {j} er ófullkomin frásögn, en {a}, {k¹} og jafnframt {o} eru blandaðar blokkir með stuttri upptalningu og vísi að frásögn.

Hver gerð yfirblokkarinnar *Lambið beit í fingur minn* virðist eiga sér nokkuð skýra byggingu sem skarast ekki mikið við byggingu hinna gerðanna:

- I: {a – b – c¹d – e – f – g – (h)};
- II: {(i)a – j – c² – k¹l};
- III: {á – mn – j – N – k¹l – [tengiminni]+o};
- IV: {a – mn – j – N – k²SR};
- V: {ia – n – p(q)+rs – bt – *Kýrin bleik*}
(eða: {a – n – p(q)+rs – b – c¹ – *Kýrin bleik*).

Hér má sjá annars vegar að blokkir hafa tilhneigingu til að vera á ákveðnum stöðum í yfirblokkinni og hins vegar að þær raða sér saman í stærri samsteypur sem raða sér fyrir sitt leyti saman í yfirblokkir. Oft virðast einhverjir þættir – ekki endilega stórvægilegir – ráða því hvaða leið texti fer. Einingin {c¹} *Manstu nokkuð meira gaman* virðist t.d. tengjast {f} *Sástu hvergi vorar meyjar* sterkum böndum, þannig að komi {c¹} framarlega í texta yfirblokkarinnar *Lambið beit í fingur minn* má eiga von á {f} innan skamms (frekar en t.d. {k¹}, eða {k²}, eða {p}). Komi hins vegar {c²} *Mundi þykja meira gaman* má eiga von á {k¹l} *Því tókstu hann Narfa + Fjósstrákur kallar á bakka*. Á eftir {ámjN} má einnig búast við {k¹l}, en á eftir {ámjN} má aftur á móti búast við {k²SR} *Jón smár* (sem er oft með svipaða hluti innanborðs og Narfa-blokkinn) ásamt *Súrsaður rass af sel* og *Rauða kippa Rannveigar* o.s.frv.

¹⁶¹¹ Hér verða t.d. ekki rakin tengsl *Lambið beit í fingur minn* við aðrar þulublokkir og yfirblokkir, en þau eru bæði mörg og missterk. Þó hafa komið fram tengsl við *Sat ég undir stofuvegg* (t.d. í gerð I; og þar með við *Sat ég undir fiskihlada*, sem er nátengt fyrrnefndu yfirblokkinni), *Sástu hvergi vorar meyjar*, *Kisa fór á lyngmó* (einnig gerð I), *Nefjatölu* og *Fylgdarmannaölu* (t.d. í gerð III, IV), *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* (í gegnum blokkina *Kona gekk til kirkjudyra* sem tengist einnig þeirri blokk), *Kýrin bleik* (í gerð V) o.fl.

Textar í þessum þuluflokki nota því sömu eða svipaðar blokkir og minni – en eigi að síður fara þeir eftir mismunandi brautum. Það liggur þó við að á hverju stigi eða á hverjum tímapunkti – nema í blábyrjun þulunnar – sé hægt að segja til um framhaldið. Ef flytjandi er staddur á {c¹} framarlega í textanum birtist {f} innan skamms. Flytjandi getur jafnvel stokkið þangað yfir ef hann nær ekki að rifja upp textann á milli. Ef {c¹} er hins vegar aftarlega í textanum þá er líklegt að *Kýrin bleik* sé á leiðinni (gerð V). Ef flytjandi er staddur á {n} og hafði byrjað á {am} þá kemur {jNk²SR} o.s.frv. Hafi hann byrjað á {ia} myndi frekar koma {p(q)rsbt}, en hafi upphafið verið {ám} þá má halda áfram {jNk¹I}. Að sjálfsögðu getur einstakur texti skipt um braut á einhverjum tímapunkti í flutningi; þá myndast blandaður texti með einkenni tveggja – eða fleiri – gerða.¹⁶¹² Ýmislegt getur dottið út eða bæst við eins og eðlilegt er í þjóðkvæðum, en sé rýnt í þessa afar flóknu yfirblokk reynist hún vera í stórum dráttum fyrirsjáanleg.

Hins vegar er ekki endilega ljóst í hverju nákvæmlega tengslin á milli einstakra blokka og/eða minna liggja, einkum þegar um merkingartengsl er að ræða. Stundum eru slík tengsl frekar augljós; t.d. veljast blokkirnar um Narfa {k¹} og fjósstrákinn {l} í gerð II líklega saman vegna þess að um vinnumenn er að ræða (hliðstæðutengsl). Sömuleiðis koma blokkirnar um prest(inn) {mn} (gerð III–IV) í framhaldi af {a} þar sem oft er minnst á presta, og á sama hátt kallar {p} *Allar frændkonur vorar* (gerð V) á {r} *Kona gekk fyrir kirkjudyr* o.s.frv. Tengslin geta þó verið aðeins flóknari, t.a.m. þegar lokaminni í einhverri blokkinni, sem gegnir einnig hlutverki tengingar við næstu blokk á eftir, tekur á sig annars vegar formið „Titlingur toginfingur! // nú er vel sungið“ í {b} *Hrafn flýgur austan* (Id4-a) (leturbreyting mín – *YSH*) en hins vegar „trutt trutt úr túni // trít eptir míri“ í blokkinni {j} *Standa þeir á stokkunum* (Id4-b) þar sem ekki eru fuglar. Enn erfiðara er að varpa ljósi á hvernig þetta sama minni í (Id4-a) tengist næstu blokk á eftir, {c¹} *Manstu nokkuð meira gaman* – sem tengist fyrir sitt leyti {f} *Sástu hvergi vorar meyar* (gerð I). Má geta sér þess til að einhverjar hugrenningar tengi *meyjar* í {f} við söng í tengiminninu („nú er vel sungið“), við dans í {e} *illt er mér í minni tá* og jafnframt við {c¹} „Manstu nokkuð meira gaman, // er við lágum bæði saman?“ (Id4-a) í gerð I (hugrenningatengsl). Ekkert slíkt er hins vegar í gerð II, þ.e. í {j}, {c²} og {k¹} *Því tókstu hann Narfa*; þar virðast *stokkar*, *bjúgu*, *tún*, *mýri* og allt sem Narfi tekur með (*belti breitt*, *ullarreifi*, *vettlingur* o.s.frv.) og fleira til, t.d. orð yfir það að *flýta sér*, *fara* og *hlaupa*, tengja umræddar byggingareiningar saman. Hér virðast hugrenningartengsl (af öðru tagi þó en í {c¹f}) og nándartengsl vera saman að verki.

Þá eru ýmis tengsl – bæði innan blokkanna og á milli þeirra – harla óljós. Í blokkinni {l} *Fjósstrákur kallar á bakka* eru t.d. tveir hlutar sem gjarnan fylgjast að, annar um strákinn sjálfan en hinn um mágkonu hans – eða e.t.v. þess sem hann(?) talar við, sbr. (Id4-c). Þessi tengsl eru (eða e.t.v. eru orðin) svo ógegnsæ að aðeins má geta sér til um í hverju þau kunna að liggja. Hugsanlega eru grundvallarandstæðurnar á borð við *karl : kona* (og e.t.v. aðrar, t.d. *frændskapur : mægð* o.fl.) sá grunnur sem tengslin byggja á – en bakkarnir tveir og áin á milli myndmál sem þessar andstæður speglast í. Einnig getur hugsast að skýrari tengsl hafi verið á milli hlutanna tveggja á einhverjum tímapunkti í sögu þessarar þulublokkar, en erfitt er þó að færa sönnur á það. Eins og staðan er á þeim tíma sem heimildirnar ná yfir virðast nándartengsl eiga sinn þátt í því að halda þessum tveimur hlutum saman. Á svipaðan hátt virðast mekanísk nándartengsl – frekar en einhver önnur skýr tengsl – halda t.d. *Nefjatölu* saman við nærliggjandi blokkir ({j} annars vegar og {k¹} eða {k²} hins vegar); eða blokkinni {p} *Allar frændkonur vorar* saman við {n} *Prestur kallar skip sitt*, *hrip mitt*. Niðurstaðan er sú að þótt flestallar tegundir merkingartengsla á milli blokkanna séu til staðar í *Lambið*

¹⁶¹² T.d. texti í Lbs 587 4to II, bls. 101–103 sem hefur bæði einkenni gerðar V og II (eða III).

beit í fingur minn, þ.e. hliðstæðu- og andstæðutengsl, hugrenningatengsl (eins og lýst var hér að framan) og stundum frásagnartengsl (t.d. á milli {a} og {j}), þá virðast nándartengsl gegna meira áberandi hlutverki í þessari blönduðu yfirblokk en í einfaldari frásagnaryfirblokkum eða yfirblokkum sem hafa upptalningu að grunni.

Id.5. *Kýrin bleik*

Stutta blokkin *Kýrin bleik* stendur á mörkum þess að vera frásögn með atburðarás og upptalning minna. Hún var nefnd sem dæmi um slíka blokk í kafla 8.3.3.4, en í 8.3.3.3 sem dæmi um blokk sem erfitt er að lesa sem rökrétta eða heillega frásögn (sbr. (8-56b)). Þá var blokkarinnar getið í tengslum við V. gerð *Lambið beit í fingur minn* (Id.4). Samhliða því er blokkinn *Kýrin bleik* kjarni samnefndrar yfirblokkar, en yfirblokkinn er til í afar mismunandi gerðum.

Í fyrsta lagi tengist blokkinn *Kýrin bleik* tveimur textabrotum sem hafa nærri reglulegt bragform, mun reglulegra en blokkinn sjálf; textabrotin eru *Út gekk ég að ánni* og *Ólafur gaf mér öxi*, sbr. dæmi (Id5-a) (upphöf þeirra eru skáletruð):

(Id5-a) Sjeð hef eg sokk á prjónum,
sauða[r]horn á slónum.
Utgekk eg að ánni,
í hana stakk eg tanni,
þar lá selur á gjánni,
svartur var hann á bránni,
riklíngur á ranni,
rauðklædd kona á slánni,
fagur hestur í hánni,
harðt var brim í lánni.
Ólafur gaf mér öxi,
ólík var hún króki,
eg feldi hana niður í frosti,
hún fannst með engum kosti.

Vappar vinur minn eptir,
veit eg hann fór að leita;
nú hefur frægur fundið
fróð öxina góðu.
{k} Kýrin bleik hún brá á leik
fjósi frá fell hún þá,
keirði niður klaka við[r]
hrygginn harðt, kveð eg margt.
Sástu ekki hvar hann Loki dróg,
lakan eptir klakanum til vakin[n]ar þó,
þar sem báran bar á land,
silfur belti og búinn hníf.
{d} Skatna[r] riðu á skeiði í[l]und á sinni leið.
Eptir öllu Ísalandi annar reið. —¹⁶¹³

Hvort brotið, *Út gekk ég að ánni* og *Ólafur gaf mér öxi*, er átta línur og er tiltölulega reglulega stuðlað og einnig rímað, þótt minni regla sé á ríminu í síðarnefnda brotinu. Líklegt þykir að uppruni þeirra sé á meðal frumortra kvæða. Blokkinn *Kýrin bleik* er einnig skrifuð í átta línur í dæmi (Id5-a) en er þó annars eðlis þar sem fyrri fjórar línur eru annaðhvort sérstuðlaðar og með innrími – eða þá túlka þarf hverja þeirra sem tvær línur með endarími skrifaðar sem eina. Síðari fjórar línur eru talsvert óreglulegri bragfræðilega, og það er einnig næsta blokkinn, *Skatnar riðu á skeiði í lund*. Bragform, orðalag og einstök minni¹⁶¹⁴ virðast gefa til kynna áhrif frá sagnadönsum. Þetta tiltölulega reglulega bragform og sömuleiðis orðfæri og stíll í blokkinni *Kýrin bleik* getur átt sinn þátt í því að blokkinn tengist auðveldlega svo reglulegum textabrotum.

Textabrotin tvö ásamt þulublokkinni *Kýrin bleik* mynda A-gerð samnefndu yfirblokkarinnar. A-gerð getur verið í stuttri útgáfu, þ.e. aðeins textabrotin og *Kýrin bleik*,¹⁶¹⁵ eða í lengri útgáfu, sbr. dæmi (Id5-a). Það sem hér virðist vera inngangur, eða fyrstu tvær línur, eru stundum lokálínur enn eins textabrots með upphafslínuna *Garparnir frá sjónum*,¹⁶¹⁶ með álíka reglulegt bragform og *Út*

¹⁶¹³ AM 247 8vo, 5v; sbr. Lbs 276 fol., bls. 47.

¹⁶¹⁴ Yelena Sesselja Helgadóttir, „Formulae across the North Atlantic,“ 137.

¹⁶¹⁵ Sjá t.d. DFS 67, 270r–270v; sbr. t.d. SÁM 30a, 90r.

¹⁶¹⁶ Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Magdalena Níelsdóttir, [2r]; ÞP 6499, 34r.

gekk ég að ánni. Aðrar stuttar blokkir og/eða minni bætast stundum við, jafnvel í þulutextann miðjan, t.d. „þarna kémur hún grána“ eða „Gunnarsholti géck eg nær“; en þær eru líka í B-gerð yfirblokkarinnar *Kýrin bleik*¹⁶¹⁷ og í öðrum þulutextum¹⁶¹⁸ og er hvor tveggja einingin með endarími, eins og flestar aðrar hér í A-gerð. Einnig geta niðurlagslínur verið með, en sumar þeirra tengja blokkina *Kýrin bleik* við aðrar blokkir og yfirblokkir.¹⁶¹⁹ A-gerð yfirblokkarinnar *Kýrin bleik* er tiltölulega sjálfstæð í heild sinni, þótt hún tengist stundum öðrum blokkum, t.d. *Kom ég þar að kvöldi*.¹⁶²⁰

Í öðru lagi tengist blokkinn *Kýrin bleik* ({k}) ýmsum blokkum og minnum sem mynda ásamt henni B-gerð samnefndrar yfirblokkar, sbr. (Id5-b,c):

(Id5-b) {a} Hér kom hún Sk[r]ána
handann yfir ána
svo var hún björt á brána
að valla þordi hann Sveinbjörn að Sjá hana
upp stökk hún yfir gard
ekki var hun skökk
{b} skatnar heirdu sköll
skulfu búinn fjöll
þá Reid vinstur
þá Reid kjeppur
þá Rjed vömb af sprínga
þessi Ljúfa Laka þöll
Lángann heirdi eg síngja
{c} Dimt er vordid Dí
Dró upp yfir ský
þúngt er hó og hí
Dimt um málma bí
{k} kírinn bleik
brá á Leik
fjosi frá
féll hún þá
keirdi nidur
klakann vidur
hrigginn á
því Dr[ó]u
þeir sem Loki Dró
Lakann eptir klakanum
til vakarinnar þó
þar sem bárann bar á lan[d]
sylvfur belti og búinn kníf
{d} Sigurdur skundar fljótt til fundar sína leid
eptir öllu ísa landi rann á skeid
{e} Gunna seigir gott snakk
geingid er féð á kalls bakk
herrann situr í húsa vík

(Id5-c) [...] {c} dimt er yfir dý
dregur yfir sky
svart er sjó ar ný
seggurinn le[ý]t við því
{k} kýrin bleik brá a leyk
fjell hún þá fjosi frá
keyrði niður klakann viður
heldur hart stígum vær
því drögum vér nú
eins og þegar hann loki dró
lakann eptir klakanum
til vakarinnar þó
þar sem báran bar á land
með silfurbelti og búinn kníf
{e} Gunnar sagð[i] gótt smátt
gekk fjeð á kaldbak
herrann sat í Húsavík
þetta mælti frúin rík
{g} Gunnbjorn og Tunnbjörn og Tófa frú
eingin var í Vatns dalnum vænni enn sú
[...]
{X} eins og óspilltir knífar
vilja Olafi hlifa
þegar hann kemur á gólf
standa fyrir tólf
kvurt sem hann er graður eða geldur
þeir ná honum ekki heldur
{h} fiskar tveyr frá ve[ý]ði
hlupu þeir upp heiði
búnir voru sem kjettir
kettir voru sem brotnir
sinda baukur sari Bjarni
{i} illt er mjer í minni tá
kurnin lætur í þinni krá
{j} refur refur rifskinn

¹⁶¹⁷ Hvort tveggja er t.d. í Lbs 276 fol., bls. 47; sbr. dæmi (Id5-b), {a} og {f}.

¹⁶¹⁸ Lbs 587 4to II, bls. 131 og Lbs 587 4to VIII, 13r.

¹⁶¹⁹ Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Magdalena Níelsdóttir, [2r]. Sbr. ÞP 6499, 35r með lokalinurnar „Skildi jeg eftir skóna mína // skaust jeg framm á sker // Eggid brýtur báran // því brimið nóg þar er“, en þær eru t.d. einnig í yfirblokkinni *Heyrði ég í hamrinum*, sjá dæmi (Ic7-p) hér að framan (Ic.7).

¹⁶²⁰ Lbs 276 fol., bls. 47.

þetta fréttir þjóðinn Rík
 {f} Gunar minn er geingin nær
 barkinn þiki mér góður bær
 bæði skard og Laxa míri
 búnir í sig kíngja
 allir þeir sem undir qvadu
 búnir voru að sprínga
 og þá læt ég klíngja
 í turnunum háu<.>

rotinn er belgurinn
 svo minn og svo er þínn
 {l} saltara saungurinn og hindarhljóð
 mörgum þikir meyonum
 mansins kvæðin góð<.>¹⁶²¹

Blokkinn {k} myndar kjarna yfirblokkarinnar ásamt stuttu blokkinni {c} og minninu {d} sem er til staðar í langflestum textum B-gerðar (þó ekki í dæmi (Id5-c)) og einnig í lengri útgáfu A-gerðar sömu yfirblokkar. Stuttu blokkinn {e} er í flestum textum B-gerðar, {f} og {g} eru valfrjáls og í fylldreifingu en einingarnar {hijl}, sem mynda fasta blokk í þessari yfirblokk, eru aðeins í nokkrum þulutextum B-gerðar.¹⁶²² Blokkirnar {a} og {b} eru einnig sjaldgæfar og fara ekki saman við {hijl}, þannig að þungamiðjan í yfirblokkinni er annaðhvort framarlega eða aftarlega. B-gerð yfirblokkarinnar *Kýrin bleik* er sú sem tengist gerð V yfirblokkarinnar *Lambið beit í fingur minn* og kemur fast á eftir texta úr þeirri yfirblokk,¹⁶²³ en hún getur einnig komið á eftir yfirblokkinni *Poki fór til Hnausa* eða í framhaldi af kúapulu.¹⁶²⁴

Flestar blokkir sem yfirblokkinn *Kýrin bleik* samanstendur af eru ófullkomnar frásagnir (líkt og {a}), upptalningar á minnum ({e}) eða virðast hafa hvort tveggja upptalningu á minnum og vísi að frásögn ({f} og {h}), en hvorugur þátturinn nær yfirhöndinni í yfirblokkinni í heild. Yfirblokkinn reynist því sömuleiðis vera einhvers konar *upptalning* – upptalning á blokkum og stökum minnum. Tengsl á milli einstakra eininga í þessari upptalningu eru mismunandi; tengsl á milli blokkanna {a} og {b} er t.a.m. hægt að túlka sem frásagnartengsl, en á milli blokkanna {b} og {k} eru rökleg hliðstæðutengsl (báðar blokkirnar tengjast kú(m)). Á milli blokkanna {e} og {f} og sömuleiðis {e} og {g} eru óbein hliðstæðutengsl sem byggja aðallega á mannanöfnum með *Gunn*-stofninum (*Gunna*, *Gunnar*, *Gunnbjörn*) og íslenskum bæjarnöfnum í framhaldi. Textabrotið {X} – sem virðist ekki vera í öðrum textum með þessa yfirblokk innanborðs – er trúlega tilkomið vegna líkinda við textabrotið *Ólafur gaf mér öxi* í A-gerð yfirblokkarinnar; nokkrar línur úr {h} og {X} eru einnig stundum meðal stakra minna í framhaldi af yfirblokkinni *Gekk ég upp á hólinn að brýna mér ljá*.¹⁶²⁵ Að öðru leyti virðast nándartengsl ríkja í yfirblokkinni, líkt og í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*; m.a. á milli {b} og {c} og síðar {c} og {k}, enn fremur {d} eða {k} annars vegar og {e} hins vegar, og sömuleiðis á milli {h} og {i} og síðar {j} og {l}. Tengsl á milli {i} og {j} eru einnig nándartengsl en þau eru sterkari þar sem svipuð minni eru einnig hluti blokkarinnar *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*.¹⁶²⁶

Stærri og flóknari yfirblokkir líkt og *Lambið beit í fingur minn* eða *Kýrin bleik* virðast vera lítt útbreiddar á 20. öld. A-gerð yfirblokkarinnar *Kýrin bleik*, sú sem er talsvert reglulegri a.m.k. brag-

¹⁶²¹ (Id5-b): Lbs 414 8vo, 109r–110r (sbr. AM 247 8vo, 5r–5v {b–d}); (Id5-c): Lbs 587 4to IX, 60r–60v („ve[y]ði“ virðist vera leiðrétt úr „veiði“) (sbr. t.d. DFS 67, 202r og Lbs 422 8vo, 57v–58r).

¹⁶²² Lbs 587 4to IX, 60r–60v, DFS 67, 202r og Lbs 422 8vo, 57v–58r.

¹⁶²³ Sjá AM 247 8vo, 5r; DFS 67, 202r; Lbs 422 8vo, 57v–58; Lbs 587 4to IX, 60r–60v.

¹⁶²⁴ Sjá Lbs 587 4to III, 44r annars vegar og Lbs 587 4to IX, 44r hins vegar (brot).

¹⁶²⁵ „Fiskr[i]n í veiði sé með oss í Heiði. // Óséðir knífar, allir skulu Óle[i]fi hlífa“ (Lbs 421 8vo, 34v). Sjá annars Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur,“ clxxxiii um þetta textabrot.

¹⁶²⁶ Lbs 587 4to III, 1r og Lbs 421 8vo, 35r.

fræðilega, er til í nokkrum rituðum heimildum og á hljóðupptökum frá 20. öld,¹⁶²⁷ en B-gerð virðist vera afar sjaldgæf.¹⁶²⁸

Id.6. Þórnaldarþula

Svokölluð *Þórnaldarþula*¹⁶²⁹ er meðal elstu, lengstu og torskildustu yfirblokka, og er því erfitt að henda reiður á byggingu hennar. Hún er varðveitt í rúmlega eitt hundrað heimildum allt frá því á ofanverðri 17. öld. Hér verður þó ekki rýnt í hina flóknu varðveislusögu hennar og textafræði mismunandi uppskrifta nema að því leyti sem það er nauðsynlegt til þess að átta sig á byggingu yfirblokkarinnar.¹⁶³⁰ Elsti varðveitti texti þulunnar – í dæmi (Id6-a) – er jafnframt einn sá fyllsti af þeirri gerð sem algengust virðist í *Þórnaldarþulu*:

(Id6-a) {a} Hlyde menn frædi mynu,
medann eg seige sok myna i sleda[,]
{b} Það var fyrer Sann fader minn biö,
Hann atte sier það grene[,]
Sem adrer melrackar attu sier i sele.
{c} Er Þörnalldur bondi a Þynge?
Ja, Hier mig, Son minn og eg,
og hier stóndum vær Þryr Þörnalldarner,
Ei veit eg eftter Huorium Þörnalldi þu Spir,
Eg Spir eftter Þörnalldi Þörnalldar syne,
valnafar syne
austann Hallt ur Vopna fyrdi,
Hier mattu Hann sia,
teitann og heitann,
omusietenn, omelskorenn
Þorgautur nydinge[,]
So er mier i minne
Sem vid munum siest hafa,
Huar saunst vid?
vid saustum a landi og eckj a landi,
Það var a midium Þiörsär sandi.
Hvad hafder þu til merkiz
Huort þu säst mig helldur enn annann
mann?
Þu hafder bröklindann brasadann,

Jarnnhattenn tinadann,
Kapu Kollotta,
reidder Kröka Spiot umm óxl Þier,
reydst alsvortum uxa
bryniud[um]¹⁶³¹ ad bögum framn,
liest so brocka a Þynged
Þörnalldur böndi.
{d} Fleyre menn voru i ferd med mier,
Hvad Hietu Þeyr?
Hann hiet Dummkiele Dalasez
ei var mier kienningar nafn hannz kunnugt,
{e¹} Möder mundi hann sier þo att hafa,
Hvad Hiet Hun,?
Hun Hiet mÿs og mäs Hlódur fiórar,
tu\ŋ\g\tyfa triefrydur Hiet hun þö,
({t^{m1}}) bord bædi[,]
bauthilldur gauta,
{e²} verður þui ad leyngia nafn meyarennar,
ad daudur var fader hennar og möde[r]
fyrer tíju ärum ädur märenn köm i Heymenn.
Hun vard ad Heyta
Hoppum, Skioppum,
Þörtóppum[,] Hófud[ó]ppum[,]
fyrst restella
þa Rumban sister,

¹⁶²⁷ Sbr. SÁM 30a, 90r (styttri útgáfa). Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn, askja 6: Magdalena Nielsdóttir, [2r]; en Kristín Nielsdóttir fer með mjög líkan þulutexta á hljóðupptökunum (SÁM 84/93 EF (1434) og SÁM 85/291 EF (2593)).

¹⁶²⁸ Sbr. þó SÁM 86/982 EF (35400), en þar virðist vera B-gerð í styttri útgáfu..

¹⁶²⁹ Fyrirsögnin *Þórnaldarþula* („Þörnalldar þula“) er þegar í Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo, 253r skv. blaðmerkingu handritsins). Mismunandi útgáfur eru til af Þórnaldar-nafninu, en ritun nafnsins er hér samræmd – þ.á m. í heiti blokkarinnar – með hliðsjón af fyrirsögn elsta textans og rithættinum sem Jón Samsonarson notar síðast á prenti („Barnagælur,“ 82), þótt nafnið sé á ýmsa vísu í rannsóknargögnum hans. (Sú er hér ritar hefur einnig skrifað nafnið á fleiri vegu, sbr.: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Þuluheimar á tímamótum: Þórnaldarþula og Grettisfærsla“.)

¹⁶³⁰ Jón Samsonarson hefur safnað talsverðu efni um varðveislu þulunnar (sjá Heimildalýsingar 1, sérkafla um Þórnaldarþulu) og gerði atlögu að textafræðilegri rannsókn. Hún hefur þó ekki birst á prenti, og í vinnugögnum Jóns er ekki að finna niðurstöður þessarar rannsóknar eftir bestu vitund þeirrar er hér ritar.

¹⁶³¹ Í handritinu virðist standa „bryniud[innu]“; Jón Samsonarson les *brynjuðum* („Barnagælur,“ 83).

eda Huad hun Heiter,
 belgenn H[nó]tta,¹⁶³²
 flasenn gäsa,
 afftur skuetta
 andar nefia,
 (t^{m2}) Skarfur og skyrfullur
 {f} velskrifadur barnsgrätur[,]
 i Bæ blæder under rumstóckum[,]
 silfurþræder þryr og slefu gierdi,
 {g} Ambatt ätta eg mier eyndi[,]
 Hun gieck næst þeirri bestu og vestu.
 möder Lofadi mundeli[r]d[r]e, [svo – YSH]
 mokadi hun med reku Stydre.
 vann hun allt það sem bu bätte,
 barnn giórder þu þeyrri
 Þörnalldur böndi.
 {h¹} Huoriu ættlar þu ad launa mier
 fyrer baugenn Hinn tuijtel]ta,
 þa þu laugst uppa mig
 algiórdre Sok a þyngi
 Þörnalldur böndi,
 Eige rædi eg umm það[,]
 Huar er Sok
 Sokenn er i siöd
 siödur er i belge[,]
 belgur er i bandi,
 banded er i kie[r]e
 Kiered er i Jórdu[,]
 Jórdenn er i bure[,]
 bured er i läse[,]
 liklar munu þar ad ganga
 Þörnalldur bondi,
 Huar hanga þeyr?
 Þeyr hanga a kyngunne
 a bryng[un]ne,
 hia Þörnallds dottur,
 þar Besse brann i grautar kattlenum,

fyrer sialfa Jacobs messu.
 {h²} Huad skal eg hafa til merkis umm það?
 huort eg Kienne hana helldur enn adra konu.
 Kienna muntu konuna
 sem Keyngenn hefur a bryng[un]ne
 Valbrana a Kinninne
 Vorttuna a Styrslunne,
 Hä og miö e\r/ rennlann,
 rentt i raudu afftann,
 So muntu flestar vita mannum giefnar,
 satt er Þad,
 {i¹} utrydur Arngierdur hnuka
 Önnur Kona Þorgierdur s[l]uka,
 þrydia var þar Geyrlaug glidra,
 þar var dreygenn flidra
 {i²} Gautur latum vier gaungla,
 Gunnlaugur rydur i Þaungla[,]
 Hefur hann käpu fellda
 fetar stört sem klerkar,
 {j¹} þa buldi a brunum
 þa vier biuggum med bændum vorum,
 Brandur er a Syrlandi[,]
 {j²} Ødruvys var þa i heyme vorum
 Hafdi hann alla Sumarlida syslu,
 Ødruvys var þa i Heyme vorum,
 vier liptum upp lærum vorum
 lietum ganga Dreyng.
 Odenn ried fyrer äsum þeyrra
 enn þeyr riedu fyrer øllum tódu hlóðum vorum.
 {k} Hestur er mier horfenn,
 Hómottur umm brannar,
 baksär a bogum,
 bundenn kiafftur i öl,
 Halltur a Hægra auga,
 Hryngeygður a vynstra fæte
 fötur ur fitleyka,
 falled Hófuð ur tónn.¹⁶³³

Vegna fjölda tilbrigða og tilfærslna á efni úr einum stað í annan í sumum textunum er varla unnt að skipta honum í blokkir nema í frekar stórum dráttum. Dæmi um slíkar tilfærslur er m.a. það að jafnvel í (Id6-a), sem er frekar reglulegur texti af *Þörnaldarpulu*, er minnið {t^{m1}} – sem hugsanlega væri réttara að kalla flökkuminni í þessari yfirblökk frekar en tengiminni – staðsett þannig að það slítur í sundur {e}-blokkina, eða verður að öðrum kosti hluti hennar (og er þess vegna haft innan sviga í

¹⁶³² *Belginhnötta* í samræmdum texta hjá Jóni Samsonarsyni („Barnagælur,“ 83). Stafurinn, sem hér er lesinn *n*, líkist einnig bæði *e* og *r*, en við hlið broddsins yfir *o* er lítill depill sem gerir hugsanlegt að stafurinn sé *ö* (og stendur því fyrir *ó* í nútímastafsetningu). Til greina kann því t.d. að koma *Þelginhrötta* (e.t.v. *Belginhrotta*?).

¹⁶³³ AM 148 8vo, 253r–254v (skv. blaðmerkingu handritsins).

dæminu; sama gildir um {t^{m2}}). Algengari staðsetning þessa minnis er þó á milli {e} og {f};¹⁶³⁴ en í sumum textum kemur minnið t.d. á milli {f} og {g}.¹⁶³⁵

Helstu blokkirnar í *Þórnaldarþulu* eru:

- {c}, eða samtal Þorgauts níðings(?)¹⁶³⁶ við Þórnald bónda um komu hans á þing; í blokkinni er ákveðinn frásagnarþráður en einnig upptalningar;
- {d} og {e}, sem mynda reyndar oftast en ekki eina blokk ({de}), samtal við Þórnald um fylgdarfólk hans ({d}) og frændfólk þess (að því er virðist); {e} er tvískipt í mörgum textum þulunnar – þótt ekki sé algengt að hún sé slitin í sundur eins og í (Id6-a) – og er að stofni til upptalningar nafna (eða öllu heldur ónefna);
- {f}, stutt blokk sem virðist lýsa barnsfæðingu(?); þessi blokk tengist {g} (og {h}) en er stundum ekki á undan heldur á eftir {g};¹⁶³⁷
- í {g} virðist Þorgautur(?) segja frá móður barnsins, eða frá ambátt sinni sem Þórnaldur gat barn við (líklega barnið sem um ræðir í {f}); í þessari blokk er bæði vísið að frásögn og upptalning minna (lýsing á konunni eða konunum – þ.e. ef *ambátt* og *móðir* eru ekki sama konan – í gegnum gjörðir hennar/þeirra);
- í {h} heldur samtal Þorgauts(?) og Þórnaldar áfram, sá fyrri spyr stuttra spurninga um bætur fyrir upplögna sök en sá síðarnefndi svarar með löngum upptalningum (sem eru stofn blokkarinnar); blokkin er tvískipt, en seinni hluti hennar á það stundum til að færast úr stað, t.d. aftur fyrir {ij};¹⁶³⁸
- í {i} og {j} er ekki ljóst hver hefur orðið, en oftast segir frá í fyrstu persónu;¹⁶³⁹ fyrri blokkin lýsir útreið þriggja kvenna og Gunnlaugs nokkurs og er upptalning minna með vísi að frásögn, sú síðari virðist vera lýsing á fortíðarlífi (frekar en frásögn, þótt ákveðinn frásagnarþáttur sé í blokkinni); stundum klofnar hvor blokkin í tvennt og hlutarnir víxlást;¹⁶⁴⁰
- {k} er upptalning á minnum í öfugmælastíl; blokkin virðist ekki tengjast efninu á undan og ekki er heldur víst að þulumælandi sé sá sami: þar segir frá í fyrstu persónu eintölu, en í {j} er tvítala eða fleirtala; eigi að síður er {k} í langflestum textum *Þórnaldarþulu*.

¹⁶³⁴ Sbr. t.d. AM 154 8vo XIV, 1v–2r. Enn fremur DFS 67, 186v; Lbs 587 4to IX, 13v, 33r–33v; Lbs 819 4to, 81r–82r; Lbs 665 8vo, bls. 393–394; Lbs 903 8vo, 74r; JS 509 8vo, 53r.

¹⁶³⁵ AM 969 4to, 246r.

¹⁶³⁶ Nafn þess sem talar virðist ekki koma fram í flestum textum. Sbr. þó *Þorgerður níðingur* (DFS 67, 412r–412v, með þeirri skýringu að svo hafi heitið „ekkjja ein auðug“, en „lögmaðr“ sem átti að dæma son hennar hafi heitið *Þórnaddur*), „Þórnaldur níðingur“ (reyndar um Þórnald sjálfan, sbr. Lbs 587 4to IX, 59r), *Þorbjörn níðingur* (Lbs 421 8vo, 38r). Þetta er aðeins lítið dæmi um tilbrigði í *Þórnaldarþulu*. Stafsetningin á öllum þessum nöfnum er á ýmsa vegu, og sum nöfnin er einnig hægt að rita með *ó* (*Þórgautur* o.s.frv.)

¹⁶³⁷ Sjá t.d. Lbs 587 4to I, bls. 6–7 eða Lbs 414 8vo, 95r.

¹⁶³⁸ Sbr. Lbs 587 4to I, bls. 7 og 9, Lbs 587 4to IX, 41v–42r.

¹⁶³⁹ Í {i¹} er frásögnin alltaf hlutlaus, í {i²} er hún stundum í 3. persónu (AM 154 8vo XII, 1v; DFS 67, 187r; Lbs 587 4to I, bls. 9; Lbs 587 4to IX, 22r; Lbs 414 8vo, 95v) – en aldrei í {j} nema stundum þegar það færast fram fyrir {i} (Lbs 587 4to IX, 11v og 35v–36r).

¹⁶⁴⁰ Útkoman er t.d. {i¹,j²,i²,j¹} í AM 154 8vo XIV, 2v; {j²,i²,j¹,i¹} í Lbs 587 4to I, bls. 7 og 9; en {i¹,j²,i²,h²,j¹} í Lbs 587 4to IX, 41v–42r. Stöku sinnum víxlást {i} og {j} við færslu fram fyrir {h}, sbr. Lbs 587 4to IX, 11v–12r, 13v–14r og 35v–36r.

Þá eru fremst inngangsminnin {a} og {b} sem standa saman oftast en ekki fram að 20. öld og oftast á 20. öld. Fram að 20. öld gat hvort heldur {a} eða {b} staðið eitt fremst (án hins), en á 20. öld eru aðeins dæmi um {a} eitt fremst.¹⁶⁴¹ Þulur án {a} og/eða {b} eru sjaldgæfar og venjulega stuttar.

Þrátt fyrir afar óskýra framsögn þar sem alls ekki er alltaf ljóst hver hefur orðið, um hvern eða hvað málið snýst og hvernig það tengist því sem sagt var á undan hverju sinni hefur Þórnaldarþula nokkuð reglulega byggingu, a.m.k. framarlega og aftarlega. Inngangsminni og fremstu blokkirnar hafa þá tilhneigingu að hópast saman í klasann {abcde} þar sem hver eining tengist næstu einingum beggja vegna nokkuð sterkum böndum. Fram að 20. öld er það einkum {c}-blokkinn sem er ómissandi framarlega í *Þórnaldarþulu*, og á eftir henni {e⁽²⁾}, en í 20. aldar textum eru það frekar {a} og {c} (einkum síðarnefnda blokkinn). Aftarlega í þulunni mynda {hijk} sams konar klasa, frekar reglulegan (þótt röðin geti raskast eitthvað, einkum röðin á {i¹,i²,j¹,j²} og {h²}), og það þrátt fyrir að lítlar efnistengingar séu á milli {h}, {ij} og {k}. Hér eru {h}, {i} og einkum {k} mikilvægar einingar fram að 20. öld – en aðeins {k} á 20. öld. Það kann að tengjast varðveislu og flutningi *Þórnaldarþulu*, en á 20. öld er hún einkum varðveitt á hljóðupptökum, og virðast blokkirnar nær lokum í þessari löngu þulu – m.a. {h} og {i} – týnast oftast en aðrar. Þungamiðjan í þulunni færast því framar á 20. öld.

Í þulunni miðri er meiri óreiða en á endunum; þar er {g} miðpunkturinn ásamt {f} öðru hvoru megin, en auk þess eru þar tengiminnin í mismunandi röð, stundum sem innskot í blokkirnar í kring. Þá eiga blokkirnar, sem venjulega standa aftar í þulutexta, það til að skjótast fram og inn í miðja þuluna, eins og hefur verið lýst. En þrátt fyrir þessa óreiðu, og einkum ef litið er fram hjá tengiminnunum og einblínt á helstu blokkirnar og röð þeirra, hefur u.þ.b. þriðjungur allra texta *Þórnaldarþulu* sömu bygginguna {(a)(b)cd efghijk}, líkt og þulan í dæmi (Id6-a), með aðeins smávægilegum frávikum. Í þessum hóp eru fulltrúar frá öllum öldum, bæði úr handritum og af hljóðupptökum á 20. öld.¹⁶⁴² Á 20. öld, þegar styttri textar verða algengari (eins og í flestum öðrum yfirbökkum), er einnig til styttri gerð þar sem aðeins fyrri hluti er til staðar ásamt miðjunni, en af öllum seinni hluta þulunnar er aðeins {k} til staðar.¹⁶⁴³

Þórnaldarþula er ein af þeim yfirbökkum sem blandast lítt saman við aðrar þulublokkir. Hún þróast eigi að síður á svipaðan hátt og aðrar þulublokkir og yfirbökkir, m.ö.o. eru almennar tilhneigingar til styttingar og einföldunar á 20. öld einnig til staðar í henni.

Id.7. *Stúlkurnar ganga og aðrar þulublokkir um stúlku(r)*

Nokkrar blokkir sem lýsa stúlku(m) – útliti þeirra, fatnaði og innri manni – eru á sama tíma upptalningar (bæði á heitum og einkum á minnum) og frásagnir sem eru oftast en ekki ófullkomnar hver í sínu lagi en mynda oft skýrari frásögn saman samhliða því að vera áfram upptalningar. Hver blokk er frekar fastmótuð, með fasta röð minna en þó með nokkur tilbrigði. Blokkirnar standa sjaldan hver í sínu lagi heldur mynda stuttar samsteypur, oftast en ekki pör sem annaðhvort standa sjálfstætt eða mynda flóknari þulutexta með öðrum blokkum og pörum. Algengustu blokkapörin eru {ab}, {cd(e)}, {fg(h)} og {íí} í (Id7-a–d):

¹⁶⁴¹ {a} fremst: sjá DFS 67, 186r, Lbs 587 4to IX, 51r, en á 20. öld á upptökum: SÁM 88/1610 EF (4878), SÁM 89/1834 EF (7458). {b} fremst: Lbs 587 4to IX, 13r og 35r.

¹⁶⁴² Af elstu textum, ásamt AM 148 8vo (Kvæðabók úr Vigur) í (Id6-a), má nefna SÁM 72 (Akraþóki), 149r–149v; frá 19. öld eru DFS 67, 241r–242r og 412r–414v; Lbs 587 4to IX, 3r–4r, 25r–26r, 27r–28v og 37r–39r; einnig Lbs 414 8vo, 94r–96r (hér er röðin reyndar {gf}). Frá 20. öld eru SÁM 30b, 476rb–478ra, SÁM 84/35 EF (539), SÁM 85/122 EF (19422) og SÁM 85/391 EF (21811).

¹⁶⁴³ Sbr. t.d. SÁM 30b, 143r–144r og SÁM 86/983 EF (35422).

(Id7-a) {a} Stúlkurnar ganga
sunnan með sjá
með [lí]nsvuntur langar
og ljereptin blá;
{b} það mun vera stúlkann mín
sem á undan gengur,
hún ber gullfesti
silfurbúið belti,
laufaprjóna fimm og þrjá,
falleg er hún framan á,
með gullspaung um ennið¹⁶⁴⁴
það sómir henni
stúlkunni minni.
{c} Hún vill ekki ganga
nema á gullspaungum,
hún vill ekki sofa
nema á svanadúni,
hún vill ekki drekka
nema vínið væri
og sjálfur riddarinn bæri;
{d} silki hennar sokkabönd
sjálfur skal hann leysa,
leysi sá, sem leysa kann
það er hann ungi hofmann.
{x} Í kvöld skal hann kyssa^γ h^γana¹⁶⁴⁵
ekki heldur missa^γ hana;
vel vel viti menn
{e²} þar kemur Jón Einarsson
með ungu br[ú]ður sína,
jeg tölta á eptir
með skótuskur mínar. [—]

(Id7-b) {f} Stúlkann í steininum,
kemur ekki heim í kvöld,
að borða fyrir sveininum,
stúlkann í steininum.
{g} Rauðklædd og grænklædd,
gengur hún [—] út um teigana,¹⁶⁴⁶
allir vilja piltarnir eiga hana,
Ekki skulu þeir fá hana,
þó þeim litist á hana,
{i} Hún er dýr og drengileg,
Hún er skír og skíkkannleg,
Hún er hír og hofmannleg.
{í} Hún gengur hvert sinn,
hóglát um bæinn,
reisug og ráðsvinn,
reina mun það hug minn,
hve nær sem eg fljóð finn,
fagnar allur þankinn,
þá er í burtu hrygðin,
og flýr manna stigðin.

(Id7-c) [...] {ð} Leysi hann þá með tönnunum
ef ei getur með höndunum.
{e¹} Taki hann sína likla
hríngi hann sinni bjöllu,
þakki hann honum gjöfina
og þar ríður hann með hana.
[...]
{h¹} Svo falleg sem hún er, piltinn vill hún fá
sér. —

(Id7-d) [...] {h²} hún hefur nógar þernurnar
til að láta þjóna sjer.¹⁶⁴⁷

Algengasta blokkasamsetningin sem heldur uppi þulutexta ein og sér, bæði fram að 20. öld og á 20. öldinni, er einfaldlega {ab}.¹⁶⁴⁸ Blokkarið er líka algengt í upphafi flóknari samsettra þulutexta.¹⁶⁴⁹ Blokkinn {a} stendur aldrei sjálfstætt nema í textabrotum; {b} getur hins vegar staðið ein fremst í stúlkuþulutextum¹⁶⁵⁰ og er yfirleitt til staðar í flestum textum sem eru lengri en eitt blokkapar ((Id7-b) er ein af frekar fáum undantekningum). Samsetningin {aab} með minnparinu {á} „ólagið er á, // énga þeira má ek fá“¹⁶⁵¹ (eða þess háttar) er talsvert sjaldgæfari, þótt henni hafi fjölgað á 20. öld.¹⁶⁵²

¹⁶⁴⁴ Ekki er víst að leiðréttingin í „gullspöng um enni,“ komi frá skrifaranum.

¹⁶⁴⁵ Þannig. Ekki er víst hvort skraut eða einhvers konar merki (annað úrfellingarmerki?) er á eftir *kyssa* og *missa*.

¹⁶⁴⁶ Þannig í handritinu; hlutverk þankastríksins hér er óljóst.

¹⁶⁴⁷ (Id7-a): Lbs 587 4to III, 64v–65v; (Id7-b): Lbs 587 4to II, bls. 6; (Id7-c): AM 960 IX 4to, 4r; (Id7-d): SÁM 30a, 113r (sbr. 111r).

¹⁶⁴⁸ AM 277 8vo, 68v; Lbs 587 4to IV, 6r og Lbs 587 4to IX, 43v; Lbs 424 8vo, 26v–27r; SÁM 30a, 470r; SÁM 85/347 EF (21290); SÁM 85/360 EF (21477).

¹⁶⁴⁹ Dæmi (Id7-a), sbr. Lbs 587 4to II, bls. 143 og SÁM 30a, 158r–159r; einnig SÁM 85/122 EF (19425), SÁM 85/165 EF (20078) og SÁM 85/168 EF (20127).

¹⁶⁵⁰ AM 960 IX 4to, 4r (fyrsta lína er þó spurnarsetning); AM 969 4to, 48r; sbr. Lbs 421 8vo, 35v; DFS 67, 407r.

¹⁶⁵¹ JS 289 8vo I, 28v ({aab} er fremst á stuttum samsettum texta), sbr. Lbs 587 4to II, bls. 5–6 ({aab} stendur sér).

Blokkaparið {fg} er einnig nokkuð algengt bæði sem upphaf og sjálfstæður texti;¹⁶⁵³ {f} er, líkt og {a}, afar sjaldgæft sjálfstætt eða inni í þulutexta¹⁶⁵⁴ – en {g} er hins vegar, líkt og {b}, algeng blokk bæði fremst – helst ásamt með {h} – og þó einkum inni í stúlkuþulum.¹⁶⁵⁵ Samsetningin {fgh} kemur varla fyrir í stúlkuþulum, þótt ekkert virðist vera að henni frá sjónarhóli merkingar eða forms. Blokkaparið {gh} virðist verða sjaldgæfara á 20. öld en {fg} festist í sessi.

Blokkaparið {cd} er nokkuð algengt fram að 20. öld, oft með tilfallandi endingum, en af þeim er aðeins {e¹} tiltölulega algeng.¹⁶⁵⁶ Þetta blokkapar er sjaldan framarlega í þulutextum; annaðhvort fylgir það {ab}, eins og í dæmi (Id7-a), eða er hluti annarra samsettra texta, og þá oftast en ekki seinni hluti. Af öllum blokkapörum verður {cd} fyrir mestum breytingum á 20. öld, en þá virðist {c} hverfa með öllu – og reyndar sumar endingarnar sömuleiðis, þ.á m. {e²}; þá fækkar {d}-blokkinni talsvert.¹⁶⁵⁷ Blokkirnar {i,i} stóðu a.m.k. jafnoft hvor í sínu lagi og saman fram að 20. öld,¹⁶⁵⁸ en á 20. öld gerist sú breyting að þær verða að afar stöðugu blokkapari.¹⁶⁵⁹ Þær eru með fastara bragform en hinar blokkirnar, sem hér eru til athugunar, en blandast eigi að síður afar vel saman við þær, einkum þegar {b} og/eða {g} er í nágrenni þeirra. Blokkaparið {íí} kemur ekki fram sjálfst – ekki frekar en {cd} – eða fremst, en það er jafnan í seinni hluta og er því algengast á eftir {a(á)b} eða {fg}.¹⁶⁶⁰

Skýr hlutverkaskipting virðist ríkja á milli blokkaparanna: {a(á)b} og {fg} eru aðeins upphafs-blokkir, {cd} er oftast en ekki í seinni hluta samsettra texta, en {íí} aðeins í seinni hluta texta og oftast lokablokk ({gh} hefur tiltölulega frjálsta stöðu). Algengustu samsettu textarnir eru þá {a(á)b+íí}, {fg+íí} og {(a)b+cd} (þetta síðastnefnda oft með ýmsum innskotum og endingum, og aldrei á 20. öld). Þessi blokkasambönd eru samt sem áður ekki svo fastmótuð og algeng að þau myndi yfirblokk (eina eða fleiri). Blokkasamböndin lýsa heldur ekki ein og sér öllum stúlkuþulum og byggingu þeirra nægilega vel vegna þess að í stúlkuþulum er fjöldinn allur af innskotum á borð við {x} í dæmi (Id7-a), bæði endurteknum og tilviljanakenndari, lengri og styttri. Stúlkuþulur, sem blandast aðeins sjaldan öðrum þulublokkum (og líkjast að því leyti kúaþulum og Grýluþulum),¹⁶⁶¹ virðast taka inn í sig talsvert af ýmiss konar mankvæðum og svipuðu efni; sumt af innskotunum er einmitt af þessu tagi. Sem dæmi má nefna erindið með upphafslínuna „blóðrautt pilzið brúðrin á“¹⁶⁶² sem virkaði næstum

¹⁶⁵² SÁM 30b, 79r og G-180/6 2, 1r–1v (Héraðsskjalasafninu á Akureyri) ({aab} stendur sjálfstætt), SÁM 30a, 1r (aðeins „enga þeirra mun ég fá“), vs. SÁM 30b, 16r („ekki er ólagið á // eina þeirra mun eg fá“) og SÁM 32, 320r („Eina þeirra vil ég fá“) ({aab} er í upphafi samsettra stúlkuþulna).

¹⁶⁵³ Lbs 1911 8vo, laust blað fremst ({r}); DFS 67, 218r. SÁM 32, 320r; G-180/6 2, 1r (Héraðsskjalasafninu á Akureyri); SÁM 85/363 EF (21524).

¹⁶⁵⁴ Sbr. þó SÁM 32, 9r þar sem þessi eina blokk virðist mynda þulutexta og SÁM 30a, 1r með {f} í miðri stúlkuþulu.

¹⁶⁵⁵ {gh} er fremst t.d. í Lbs 936 4to, bls. 370 (sbr. SÁM 85/341 EF, nr. 21221) en aftast t.d. í AM 960 IX 4to, 4r; {g} í innstöðu er t.a.m. í AM 969 4to, 48r–48v.

¹⁶⁵⁶ Sbr. t.d. AM 969 4to, 48r–48v ({cde¹}), Lbs 421 8vo, 35v–36r ({cde²}) eða Lbs 1293 4to, bls. 39 ({cd}); enn fremur Lbs 2856 4to, 425v–426r, {cd} ásamt: „Kyssti hann sína Kjæru // ok klappar henni með æru“; þá er {ð} stundum e.k. tengiminni á milli {d} og {e¹}.

¹⁶⁵⁷ Sbr. þó SÁM 30a, 158r–159r ({abd}), SÁM 32, 320r ({aabd}) ásamt línunum „í hempunni grænni // svo enginn sést vænni“, eða með endingunni {e¹} á SÁM 85/122 EF (19425).

¹⁶⁵⁸ Í AM 969 4to, 48r–48v er {i}, í DFS 67, 218r {í} – en báðar t.a.m. í dæmi (Id7-b).

¹⁶⁵⁹ {íí} er í SÁM 30b, 16r, SÁM 85/144 EF (19752), SÁM 85/165 EF (20078) og SÁM 85/168 EF (20127); sbr. þó aðeins {i} SÁM 85/220 EF (1710) en aðeins {í} í SÁM 30a, 1r.

¹⁶⁶⁰ Sjá Lbs 587 4to II, bls. 143, SÁM 30b, 16r, SÁM 85/165 EF (20078) og SÁM 85/168 EF (20127) (á eftir {a(á)b}) ásamt dæmi (Id7-b) og SÁM 85/144 EF (19752) (á eftir {fg}).

¹⁶⁶¹ Sbr. þó Lbs 587 4to III, 43r þar sem blokkinn *Við skulum riða sandana mjúka* kemur í framhaldi af stúlkuþulu og SÁM 85/363 EF (21524), en þar kemur *Jón smár* í framhaldi.

¹⁶⁶² DFS 67, 207r, en þar kemur erindið í framhaldi af fyrstu línunum kvæðisins *Ég vildi ég ætti mér*, {c}-blokk og samsetningu af sjaldgæfari minnum sem gerir textann alls ólíkan þeim sem hefur verið lýst hér að framan. Sbr. tilbrigði við sama erindið t.d. í Lbs 414 8vo, 98r.

líkt og þulublokk á 19. öld (en hvarf þó á 20. öld). Stúlkupulur standa einnig oft við hlið texta af svipuðu tagi, jafnvel á 20. öld, t.d. *Hvar er stúlkan rjóð rjóð*.¹⁶⁶³

Ákveðin einföldun og samræming á sér stað á 20. öld, en þá hverfa margar byggingareiningar úr stúlkupulum, bæði sjaldgæfari (eins og blokkinn „blóðrautt pilzið brúðrin á“ eða minnið „Út gekk hún grænklædd // með gult undir fôður“¹⁶⁶⁴ sem finnst í nokkrum 19. aldar textum) og algengari, eins og {c}-blokkinn. Færri einingar koma í þeirra stað (t.d. engar stærri blokkir), þannig að stúlkupulur verða óneitanlega nokkuð einhæfari. Samhliða því festist aðeins flóknari bygging í sessi í nokkrum tilfellum og verður algengari, m.a. {aáb} og {a(á)b+ií}. Þetta má heita í anda þess sem gerist í mörgum öðrum þulublokkum og yfirblokkum, bæði í upptalningum (Grýlupulum, blokkunum *Draumur* og *Ég sá hann á alþingi* og yfirblokkinni *Bokki sat í brunni*) frásagnaryfirblokkum eins og *Sat ég undir stofuvegg*, *Sat ég undir fiskihlaða*, *Poki fór til Hnausa*, og jafnframt *Karl...*-blokkunum svokölluðu.

Ie. Helstu sambönd yfirblokka

Í kafla 8.3.4 voru nefnd í stuttu máli algengustu sambönd yfirblokka í þulutextum; hér verður hins vegar gerð nánari grein fyrir þeim.

- Algengasta stöðuga samband yfirblokka í þulum er trúlega *Sat ég undir fiskihlaða + Sat ég undir stofuvegg*, en þessar yfirblokkir með frásagnarbyggingu eiga margt sameiginlegt eins og rætt var í kafla 8.3.3.3 og í Viðauka Ic.1–2. Oft er þeim skeytt saman nokkurn veginn í heilu lagi, þ.e. öllum kjarnablokkunum í *Sat ég undir fiskihlaða* og *Sat ég undir stofuvegg* (frá byrjun); en stundum tekur t.d. aðeins lokablokkinn í *Sat ég undir stofuvegg*, þ.e. *Kom ég þar að kvöldi*, þátt í textanum.¹⁶⁶⁵
- Annað afar algengt samband er *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn + Sat ég undir stofuvegg*; nánar til tekið, oftast upphafsblokkinn í fyrrnefndu yfirblokkinni (endar á fyrir miðja *morgunsól*, sbr. dæmi (Ib3-a,b) í Ib.3) og lokablokkinn í þeirri síðarnefndu, þ.e. *Kom ég þar að kvöldi*.¹⁶⁶⁶ Þetta samband yfirblokka er oft aðeins hluti af þulutexta en aðrar (yfir)blokkir geta komið í framhaldi¹⁶⁶⁷ (ólíkt sambandinu *Sat ég undir fiskihlaða + Sat ég undir stofuvegg*, sem myndar oftast heilan þulutexta).
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* myndar einnig oft sambönd við kúapulur; venjulega er það upphafsblokkinn í fyrrnefndu yfirblokkinni sem tengist *Kúapulur I*.¹⁶⁶⁸
- Yfirblokkinn *Lambið beit í fingur minn* myndar ýmis algeng sambönd við aðrar yfirblokkir og blokkir, einkum fram að 20. öld (en þá snarfækkar *Lambið beit í fingur minn* í þulutextum). T.d. myndar yfirblokkinn nokkuð stöðug samband við B-gerð yfirblokkarinnar *Kýrin bleik* (sjá Id.5), og

¹⁶⁶³ SÁM 85/144 EF (19752), aftast í textanum; *Hvar er stúlkan rjóð rjóð* er prentað sem vísa í: Magnús Stephensen, *Ljódmæli Conferenceráds Magnúsar Stephensens*, 103.

¹⁶⁶⁴ DFS 67, 207r, ásamt enn sjaldgæfara minninu „skulum við ekki fá hana ef við fölum hana bróðir!“.

¹⁶⁶⁵ Sjá t.d. AM 247 8vo, 6r–6v eða Lbs 587 4to VIII, 15r–15v (helstu kjarnablokkir eru til staðar í yfirblokkunum sem settar eru saman); hins vegar Lbs 421 8vo, 34r–34v (*Kom ég þar að kvöldi* er innskot inn í yfirblokkina *Sat ég undir fiskihlaða*, sjá dæmi (Ic1-c)) og 36v–38r (*Sat ég undir fiskihlaða* m.m., þ.á m. *Kom ég þar að kvöldi*), sbr. t.d. SÁM 30a, 242r og SÁM 32, 18r.

¹⁶⁶⁶ Sjá t.d. Lbs 587 4to IV, 29r, sbr. þó 4v–5r í sama handritinu með fleiri blokkum í *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn*; SÁM 30a, 465r–465v; einnig SÁM 84/62 EF (1040) og SÁM 85/178 EF (20311).

¹⁶⁶⁷ Í Lbs 418 8vo, 31r kemur t.d. yfirblokkinn *Bokki sat í brunni*, en í SÁM 30b, 157r *Heyrði ég í hamrinum* (ásamt *Ekki heiti ég Eiríkur*) og nokkrar blokkir úr *Sat ég undir fiskihlaða* (*Konan mín í kofanum* o.fl.)

¹⁶⁶⁸ Sjá Lbs 587 4to III, 8r–8v, SÁM 30a, 108r og SÁM 32, 17r; sbr. þó JS 289 8vo I, 28r–28v, en þar kemur ekki aðeins blokkinn *Kúapulur I* í framhaldi af *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* heldur einnig *Kúapulur II* og *Kýrin bleik*.

þá á tvo vegu; annars vegar *Lambið beit í fingur minn* til og með minninu {c⁽¹⁾} (*Manstu nokkuð meira gaman*) + *Kýrin bleik frá* {b} („skatnar heirdu sköll“), en hins vegar *Lambið beit í fingur minn* til og með {c⁽²⁾} + *Kýrin bleik frá* {c} (*dimmt er yfir dý*), með nokkur tengiminni á milli.¹⁶⁶⁹

- *Lambið beit í fingur minn* myndar einnig sambönd við útbreiddari yfirblokkir en *Kýrin bleik*, t.d. við *Sat ég undir stofuvegg* og *Heyrði ég í hamrinum*, en þau eru ekki jafn stöðug og samböndin sem hafa verið rædd hingað til; bæði getur röð yfirblokka verið mismunandi og staðirnir þar sem samskeytin eru.¹⁶⁷⁰ *Lambið beit í fingur minn* tengist einnig öðrum blokkum og yfirblokkum, t.d. *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*, bæði beint og í gegnum aðrar blokkir, t.d. *Sástu hvergi vorar meyjar* (sem tilheyrir annars ýmist yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* eða blokkinni *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað*).¹⁶⁷¹
- Blokkinn *Poki fór til Hnausa*¹⁶⁷² verður algengari í þulutextum 20. aldar (ólíkt *Lambið beit í fingur minn*) og myndar frekar stöðugt samband við yfirblokkina *Sat ég undir stofuvegg*, með fastri röð yfirblokka og sömu eða svipuðum samskeytastöðum. Blokkinn um Poka endar jafnan á undirblokkinni {d} í A-gerð, eða á línunum um kerlinguna (sjá Ic.3).¹⁶⁷³ Yfirblokkinn *Sat ég undir stofuvegg* hefst annaðhvort með (undir)blokkinni *Hvað gerði goði*¹⁶⁷⁴ ({g} í dæmi (Ic1-b) í Ic.1) eða þá aðeins seinna í frásögninni, á undirblokkinni um hest og hund ({f} í dæmum (Ic1-a,b)).¹⁶⁷⁵ Allir þessir textar enda á blokkinni *Kom ég þar að kvöldi*.¹⁶⁷⁶ Úr verður tiltölulega stutt samsteypa: *Poki* A-gerð {a–d} + *Sat ég undir stofuvegg* {(ghcd)fk}. Það virðist vera sambærilegt að lengd og stöðugleika við *Sat ég undir fiskihlaða* + *Sat ég undir stofuvegg* eða *Gekk ég upp á hólinn, horfði ég ofan í dalinn* + *Sat ég undir stofuvegg*.
- Blokkinn *Poki fór til Hnausa* (B-gerð) myndar á 20. öld einnig stöðuga samsteypu með blokkunum *Karl tók til orða* og *Kóngur tér við Signýju* eins og sýnt er í dæmi (Ic3-c), sbr. kafla Ic.5, og kemur yfirblokkinn *Sat ég undir stofuvegg* þar sömuleiðis við sögu (sem blokkirnar {fk}). Blokkirnar úr *Sat ég undir stofuvegg* eru þó ekki alltaf á sama stað í þessari samsteypu; stundum koma þær strax á eftir blokkinni um kerlinguna ({d}) eða jafnvel um Poka ({b}),¹⁶⁷⁷ stundum aftast en stundum alls ekki.¹⁶⁷⁸

¹⁶⁶⁹ Sjá annars vegar AM 247 8vo, 5r–5v og Lbs 587 4to I, bls. 125 en hins vegar Lbs 587 4to IX, 60r–60v og Lbs 422 8vo, 57v–58r.

¹⁶⁷⁰ Tengsl milli *Lambið beit í fingur minn* og *Sat ég undir stofuvegg* má t.d. sjá í: Lbs 587 4to I, bls. 12 (línurnar „átti eg þá aungvan hest. // Hrafn flaug að austan“), JS 289 8vo I, 28v („med sínu krókotta bansetta bipsada (al bipsudu) eyra“, þ.e. lokalínan í blokkinni *Kom ég þar að kvöldi*, og „kyrin í Myrinni“ í miðri yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*) og DFS 67, 432v („dregnar undir bláskinn. // Þar kom maður ritandi“). *Lambið beit í fingur minn* og *Heyrði ég í hamrinum*: JS 289 8vo I, 28v–29r („nafarin tafarin“ í miðri *Lambið beit í fingur minn* og upphafslínan „heyrdi eg í hamarin“), Lbs 587 4to II, bls. 99 (lokalínan „hann var mestur maðurin“ í *Heyrði ég í hamrinum* og upphaf *Lambið beit í fingur minn*: „La\m\bið beit í fingur minn“) og SÁM 85/183 EF (20386, sbr. 20383 og 20387), en þar eru samskeytin á svipuðum stað: á eftir lokalínunni „Haki Óðins allra illra tröllu faðir“ koma tengiminni en síðar línurnar „standa þeir á stiklunum / stela ofan af bjúgunum“ úr {j}-minni *Lambið beit í fingur minn* (ekki langt frá upphafi yfirblokkarinnar).

¹⁶⁷¹ Sbr. Lbs 587 4to I, bls. 35–36 og AM 969 4to, 46r.

¹⁶⁷² Blokkinn *Poki fór til Hnausa*, A- og B-gerð, er hluti samnefndra yfirblokka og er hér skoðuð sem fulltrúi þeirra.

¹⁶⁷³ Sjá Lbs 565 4to, bls. 34 („þá kom bóndinn hennar heim // og ekki hún hann nýtir“), sbr. Lbs 587 4to I, bls. 135 („aldrei kemur hennar bóndi heim // og aldrei hennar nýtir“); eða þá SÁM 30b, 291r: „enginn hennar nýtur“. Sbr. dæmi (Ic3-a).

¹⁶⁷⁴ Sjá Lbs 565 4to, bls. 34 (með sjaldgæfu upphafsminni *Leistur minn liggur niðri á velli* sem tengist oft blokkinni *Poki fór til Hnausa*, sbr. Ic.3), Lbs 587 4to I, bls. 135, SÁM 30b, 291r eða SÁM 85/180 EF (20333).

¹⁶⁷⁵ Þetta er einkum algengt á 20. öld (þegar margir textar og margar byggingareiningar stytast), sbr. SÁM 30b, 400r, SÁM 85/154 EF (19879) eða SÁM 85/167 EF (20115).

¹⁶⁷⁶ Nema SÁM 85/180 EF (20333) sem endar áður en að henni er komið.

¹⁶⁷⁷ Sjá SÁM 30b, 400r–401r (sbr. SÁM 85/145 EF, nr. 19784), en hins vegar SÁM 85/129 EF (19550–19551).

¹⁶⁷⁸ Sjá SÁM 85/143 EF (19745) og hins vegar SÁM 85/150 EF (19822).

Fram að 20. öld virðast öll algengustu sambönd yfirblokka hverfast einkum um yfirblokkirnar *Sat ég undir stofuvegg* og *Lambið beit í fingur minn*, í þeirri merkingu að önnur hvor yfirblokkin er til staðar í flestöllum samböndum yfirblokka. Aðrar algengustu yfirblokkirnar eru þó líka virkar í samböndum yfirblokka. Á 20. öld verður sú breyting á að þulutextum með yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn* fækkar mjög – ásamt yfirblokkasamböndum þar sem *Lambið beit í fingur minn* tók áður þátt. Að þessu leyti má segja að hvarf blokkarinnar *Lambið beit í fingur minn* úr þulutextum á 20. öld sé þýðingarmeira en t.d. hvarf *Draums*, þótt *Lambið beit í fingur minn* og *Draumur* hafi verið nær jafn algengar byggingareiningar á 19. öld; blokkinn *Draumur* stóð ein og sér en *Lambið* myndaði sambönd við aðrar yfirblokkir og blokkir, þannig að hvarf blokkarinnar *Lambið beit í fingur minn* hafði líka áhrif á öll þessi sambönd og sömuleiðis á yfirblokkirnar og blokkirnar. Á 20. öld hverfast flest sambönd yfirblokka áfram um *Sat ég undir stofuvegg*, en í stað *Lambið beit í fingur minn* koma *Heyrði ég í hamrinum* og einkum *Poki fór til Hnausa*. Á 20. öld gerist einnig það að færri yfirblokkir mynda sambönd við aðrar, samböndunum fækkar og þau verða einhæfari, en hvort tveggja rímar við það sem má sjá í einstökum þulublokkum og yfirblokkum.

Niðurlag

Eins og nefnt var í inngangi að þessum Viðauka var eitt af helstu markmiðum með þessari lýsingu að draga fram sérkenni hverrar blokkar, en að öðru leyti var vísað í almenna umfjöllun um hverja tegund blokka í kafla 8.3.3 þar sem sérkenni hverrar tegundar eru tekin saman. Þar eru blokkir þó athugaðar sem hluti byggingarkerfis í þulum, og því kemur þar fátt fram um þróun blokka í tímans rás. Af umfjöllun í 8.3.3.2 og 8.3.3.4 má þó draga þá ályktun að blokkir þar sem upptalning og frásögn blandast saman verða óstöðugri og hafa þá tilhneigingu að styttest, einfaldast og jafnvel hverfa með tímanum, hvort sem um er að ræða upptalningu á minnum þar sem einnig er frásagnarþáttur, líkt og í *Bokki sat í brunni* og *Þar sitja ...* (8.3.3.2, sbr. Ib.6), eða blokkir af blandaðri gerð (sjá 8.3.3.4).

Umfjöllun um hverja blokk í Viðauka I sýnir þó mun útbreiddari tilhneigingu til styttingar, einföldunar og samræmingar á byggingareiningum; með því síðastnefnda er átt við að mismunandi gerðum af sömu byggingareiningum fækkar, sem og tilbrigðum, og margbreytileikinn minnkar. Þetta snertir ekki aðeins blandaðar blokkir heldur einnig frásagnarblokkir. Í þuluflokknum *Sat ég undir stofuvegg* birtist t.d. einföldun og stytting texta í mikilli útbreiðslu {fk}-byggingar, þ.e. aðallega blokkarinnar *Kom ég þar að kvöldi* sem virðist hafa fengið nýtt og sjálfstætt líf á 20. öld. Þó kemur á móti að á sama tíma er samsetning yfirblokkarinnar í mörgum tilfellum bæði flóknari og fljóbreyttari en hún var fyrir 20. öld. Í öðrum algengum frásagnarflokki, *Sat ég undir fiskihlaða*, er einnig mikil einföldun á sama tíma, en flestir lengri textar með flóknari byggingu og mörgum yfirblokkum eru frá því fyrir 20. öld. Einnig ber á því að fleiri textar séu steyptir í sama mót. Sama samræming sést glögg í *Karl...-blokkunum*, en á 20. öld myndast stöðug blokkasamsteypa: *Karl og kerling* fremst, með *Karl tók til orða* í beinu framhaldi. Á 20. öld fækkar einnig blokkum sem mynda yfirblokkir ásamt öðrum, og sömuleiðis að færri yfirblokkir mynda sambönd við aðrar. Samböndum blokka og yfirblokka í textum fækkar og þau verða einhæfari, en hvort tveggja rímar við það sem má sjá í einstökum þulublokkum.

Þessi tilhneiging til einföldunar virðist birtast einkar skýrt í þulubyggingu. Hana má einnig greina á öðrum sviðum, t.d. í bragformi, en þar virðist gæta meira jafnvægis: verði einhver bragþáttur veikari er von á því að annar styrkist á móti (sbr. t.d. kafla 7.5.3). Slíkt virðist ekki alltaf gerast í þulubyggingu, og má setja það í samhengi við hnignun þuluhefðar á ofanverðri 20. öld samfara hnignun gamla bændasamfélagsins.

Viðauki II. Afmörkun textasafns þulna síðari alda

Skilgreiningin á þulu í kafla 10 er ýtarlegri en þær sem voru ræddar í kafla 4.2. Hún tekur til forms, líkt og skilgreiningar Jóns Samsonarsonar og Ögmundar Helgasonar (sjá kafla 4.2), en sömuleiðis til annarra eðlisþátta þulna, einkum til byggingar þeirra og hlutverks, og færir áherslu yfir á þessa síðar-nefndu þætti. Skilgreiningin gerir einnig mörk þess textahóps, sem hér er kallaður *þulur síðari alda*, skýrari með því að setja fram aðgengileg og skilmerkileg mælitæki, (þ.e. skilyrði sem texti þarf að uppfylla til að flokkast sem þula), en þau eru sett upp sem einhvers konar gátlisti. Eigi að síður er óumflýjanlegt að vafamál og túlkunaratriði komi í tengslum við þessa fjölpættu afmörkun, þ.á m. við beitingu skilyrða sem hér voru sett fram. Hér á eftir verða rædd helstu vafaatriði sem snúa að textum á mörkum íslenskrar þuluhefðar. Meðal textanna eru bæði þuluflokkar sem hafa verið ræddir sem slíkir, m.a. í Viðauka I (sjá kafla IIa.1) og textar á nokkurs konar gráu svæði – bæði þeir sem eru þrátt fyrir það taldir til þulna hér (kafla IIa.2) og þeir sem eru hér ekki flokkaðir sem þulur (IIa.3). Í kafla IIb verður stuttlega rædd afmörkun textasafns þulna síðari alda hér í samanburði við helstu fyrri útgáfur.

IIa. Viðmið og túlkun – einstakir textar

IIa.1. Þulur

Norðarlega eru Nauthús; textar í þessum þuluflokki fullnægja, eftir því sem best verður séð, öllum skilyrðum að því frátöldu að þeir eru tiltölulega reglulegir bragfræðilega. Þeir eru þó varla nógu reglulegir til þess að falla inn í hefð bæjavísna sem eru oft ortar undir rímnaháttum, en rímmynstur í *Norðarlega eru Nauthús* breytist oft og brýtur m.a. upp regluleika sem áheyrandi fer af og til að upplifa sem erindaskil. Minni, sem talin eru upp, ná oft yfir 2–4 línur og eru þar með umfangsmeiri en í flestum öðrum þulum, en það hefur ekki úrslitaáhrif á það hvort *Norðarlega eru Nauthús* flokkast sem þulur.¹⁶⁷⁹

Tíkin hennar Leifu og Tafra gleypiti tuttugu hafra eru einnig blokkir sem eru tiltölulega reglulegar bragfræðilega en þó varla nógu reglulegar til að flokkast sem vísur eða kvæði – síst af öllu sem eitt og sama kvæðið, en bragform blokkanna er mjög ólíkt þótt þær standi oft hlið við hlið í einum og sama texta. Sama gildir um *Nefjatölu* – þar sem einnig eru tveir nokkuð ólíkir hlutar – og *Selur spurði sel* sem skiptist einnig í tvo hluta og er sá síðari bæði bragfræðilega reglulegri og breytilegri (en þetta tvennt fer alls ekki endilega saman). Hér, líkt og í *Norðarlega eru Nauthús*, markar bragformið annars vegar og tilbrigði hins vegar skil á milli þulna og annarra upptalninga – ásamt því að blokkirnar hafa allar ákveðin tengsl við aðrar þulur, en bæði tilbrigðin og tengslin koma í veg fyrir að hægt sé að afgreiða umrædda texta sem samsetningar tveggja eða fleiri vísna. Ekki er hins vegar ólíklegt að allir þessir textar, þ.á m. *Norðarlega eru Nauthús*, eigi sér í einhverjum mæli uppruna í frumortum kveðskap.

Kýrin bleik er enn eitt svipað tilfelli, en í annarri gerð blokkarinnar eru jafnan framan við hana textabrotin *Út gekk eg að ánni* og *Ólafur gaf mér öxi* – sbr. dæmi (Id5-a) – og stundum fleiri. Brotin eru reglulegri bæði að formi og innihaldi en eru greind hér sem hlutar þuluyfirblokkar sökum þessara föstu tengsla við blokkina *Kýrin bleik*.¹⁶⁸⁰

¹⁶⁷⁹ Ólafur Davíðsson tekur *Norðarlega eru Nauthús* ekki með í sína þuluútgáfu í *ÍGSP* (3–)4, og er blokkinn ekki heldur í sýnishornum á þulum sem Jón Samsonarson prentar í *Ljóðmálum* (greininni „Barnagælur“); textarnir eru hins vegar í þuluútgáfu sem var í undirbúningi hjá Jóni (AM 223 8vo, 6r–6v; AM 969 4to, 43r–43v; Lbs 414 8vo, 101r–101v; Lbs 423 8vo, 109r; Lbs 587 4to III, 71r–71v; Lbs 1911 8vo, bls. 51–54; sbr. Jón Samsonarson, *Prófarkir* 1–2).

¹⁶⁸⁰ Rétt er þó að ítreka að ekki sé endilega litið á efni, sem er fengið að láni, sem það sé orðið hluti þulublokkar; hið gagnstæða er algengara. Sbr. t.d. blokkina *Lóa, lóa lítill tá*, en henni fylgja stundum tvö rímnarindi (sjá: Jón Samsonarson, „Barnagælur“, 79–82). Þau mynda hins vegar ekki föst tengsl við blokkina og eru því ekki hluti hennar né stærri byggingareininga sem hún kann að mynda með öðrum blokkum, minnum og/eða heitum.

Draum dreymdi mig er sömuleiðis einn af þeim textum sem eru venjulega flokkaðir sem þulur en lenda nálægt gráu svæði sökum þess að vera með bragfræði í reglulegri kantinum, en sumir textar í þessum þuluflokki eru með góða og gilda stuðlasetningu út í gegn og meira að segja nokkuð jafna hrynjandi og jafnframt tiltölulega reglulegt rím. Aðrir textar í sama þuluflokki eru þó með talsvert brotakerndara bragþáttamynstur. Við það bætist að ekki er um að ræða heillega frásögn heldur upptalningu, meira eða minna ruglingslega þar að auki – en hvort tveggja, upptalningarþáttur og skortur á rökréttri framsögn, stuðlar almennt að því að textar flokkist sem þulur. Hér virðist bygging skera úr um það hvort texti flokkist sem þula.

Táta, Táta, teldu dætur þínar er blokk sem er nokkuð frábrugðin dæmunum hér á undan, en textar í samnefndum þuluflokki hafa oft tiltölulega reglulegt rím og stuðlun – a.m.k. á nokkuð löngum upptalningarkafli – og auk þess ákveðið talnamynstur, sbr. „*tvær* mallt melja // *þrjár* Sallt selja; // *fjórar* eru í Buri“ o.s.frv.¹⁶⁸¹ Þar með er bragformið tiltölulega reglulegt frá upphafi til enda í þeim textum sem samanstanda einkum af upptalningarkafnum og skipta ekki um hrynjandi og rím-mynstur nema í blábyrjun – því upphafið „*Táta táta teldu dætur þínar*“ er ekki með í talnaformúlunni – og svo í blálök, en þar brjóta línurnar á borð við „hundrad á húsabaki“ upp mynstrið. Það gera einnig yfirmetrískar línur (sbr. kafla 7.2.5) á borð við „þá er hálfalid lydid hennar tátu“ eða „90 hlaupa eptir ömmunni-gömlu“,¹⁶⁸² og þá í enn meira mæli. Þá tengist blokkinn um dætur *Tátu* oft blokkinni *Þrjár á ég Þórunnir*, en þegar komið er að henni verður m.a. breyting á hrynjandi og rím-mynstri í þeim textum sem hafa blokkina.¹⁶⁸³ Hér virðist því bæði bragform og bygging draga mörk á milli þulna og annarra þjóðkvæða.

IIa.2. Textar á gráu svæði

Einn og tveir inn komu þeir er upphaf á allnokkrum textum sem hafa líka stundum svipaða línu og þuluflokkurinn *Táta, Táta* allra fremst, sbr. (IIa2-a):

(IIa2-a) Táta, Táta, teldu bræður þína.	þrettán, fjórtán, fimtán, sextán
Einn og tveir	fætur stukk[u] þeir á,
inn komu þeir,	svo fóru þeir að smala
þrír og fjórir	suður yfir á,
furðu stórir,	seytján, átján
fimm og sex og sjö og átta,	lambærnar sáu þeir þá,
svo fóru þ[ei]r að hátta,	nítján voru tvílemb[a]r
nú, tíu, ellefu, tólf	torfunum á,
lögðu plögginn sín ofaná gólf,	og tuttugu sauðina
svo fóru þeir að sofa,	suður við sel.
sína drauma lofa.	Teldu nú áfram
Svo um miðjan morgun	og teldu nú vel. ¹⁶⁸⁴
hún mamma vakti þá,	

¹⁶⁸¹ Lbs 414 8vo, 102v (leturbreyting mín – *YSH*).

¹⁶⁸² Fyrstu þrjár tilvitnuðu línurnar: Lbs 414 8vo, 102v; sú síðasta: m.a. Lbs 587 4to II, bls. 173 og Lbs 587 4to III, 60r.

¹⁶⁸³ Reyndar tengist *Táta, Táta* fáum blokkum öðrum en *Þrjár á ég Þórunnir*. Á hinn boginn stendur blokkinn í ákveðnum tengslum við romsuhefð annars staðar á Norðurlöndum sem fyrir sitt leyti liggur trúlega við upphaf íslenskra þulna síðari alda eða hefur a.m.k. haft umtalsverð áhrif á mótun hennar (sjá: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen,“ 224–227).

¹⁶⁸⁴ SÁM 30 (óskráð gögn), Ástríður Thorarensen (II) 1970–1971 (græn stílabók), [12r–12v]; sbr. (I) 1920–30 (ljósrit), [11v–12r].

Þessir textar virðast þó aðallega – eða nær einvörðungu – vera í 20. aldar þuluuppskriftum. Þeir eru reglulegri bragfræðilega en *Táta, Táta, teldu dætur þínar*, og talnamynstrið er enn meira áberandi – en tilbrigði eru færri. Bragmynstrið breytist um textann miðjan þegar tiltölulega frjálst xaxa-rím kemur í staðinn fyrir samrím í fyrri parti textans. Eigi að síður virðist þessi texti vera líklegur til þess að eiga sér uppruna í frumortum kveðskap að hluta eða í heild – ekki síst þegar litið er til þess hvernig textinn sprettur allt í einu fram á 20. öldinni. Þessi regluleiki, augljós kennslutilgangur með textanum og líklegur uppruni í frumortum kveðskap gera það að verkum að textinn er hér staðsettur á gráa svæðinu á milli þulukveðskapar og annarra kvæða.

Bárður á Jökli er einnig á gráu svæði, en í þessu tilfelli skiptir tilgangurinn með textanum sömu-leiðis máli. Hér að framan var þess getið að textinn væri kallaður *þófarapula* í sumum heimildum (sjá kafla 9.2.1), en textinn var einnig þekktur sem *þófarabæn* og Jón Samsonarson birtir hann sem slíkan í greininni „Særingar og forneskjubæni“. ¹⁶⁸⁵ Þess er hins vegar aðeins sjaldan getið í heimildum að textinn hafi verið notaður sem bæn. Það kann víst að vera að heimildarmenn hafi ekki viljað að safnara sýnist þeir iðka hjátrú. ¹⁶⁸⁶ Hitt virðist þó enn líklegra að textinn gegni ekki (lengur) bænarlutverki heldur sé notaður við hlið annarra þulna – eins og hann kemur oftast fram í heimildum – sem afþreyingarefni, þ.á.m. við þæfingar þar sem þær kunna að vera við lýði. Þá þarf að taka tillit til þess að textatengsl eru með sumum textunum af *Bárður á Jökli* og *Drengurinn Dóli*. Textinn *Bárður á Jökli* er því flokkaður með þulum sem eru efni þessarar ritgerðar.

Gimbillinn mælti og *Gimbill eftir götu rann* eru meðal margvíslegra stuttra texta um dýr og fugla sem eru ýmist kallaðir *þulur*, *vísur* eða jafnvel *kvæði*. ¹⁶⁸⁷ Í nokkrum dæmum er textinn tvö frekar regluleg átta vísuorða erindi {bc} með stuðlasetningu 1+1, stundum að viðbættum fjórum línnum á undan ({aá}), sjá dæmi (IIa2-b):

(IIa2-b) {a} Gimbill eptir götu rann, hvergi sína móður fann, þá jarmaði hann {á} eptir hliðunum fram; {b} Gimbill mælti grjet við stekka: „Nú er móðir mín mjólkuð heima, því ber jeg svangan[n] um suma<r> langann, munn minn og maga á mosa þúfu.	{c} Jeg á mjer heykorn í jötu minni, það skal jeg jeta þegar íllt er úti, bíta gras þá gott er úti;“ þetta mælti hann Gimbill hrúti [—] ¹⁶⁸⁸
---	--

Flestir textar eru eigi að síður brotakenndari, en algengt er að aðeins {ab} mynda þulutextann eða jafnvel önnur hvor blokkin; ¹⁶⁸⁹ á 20. öld snýst röðin við og verður {ba}. ¹⁶⁹⁰ Hlutinn {á} er nokkuð

¹⁶⁸⁵ Jón Samsonarson, „Særingar og forneskjubæni“, 70–72 (eftir Lbs 539 4to, 39r–39v). Textinn er hins vegar með í drögum Jóns að þuluútgáfu (sbr. Prófarir 2, m.a. eftir Lbs 587 4to I, bls. 103, Lbs 587 4to II, bls. 73 og Lbs 1911 8vo, bls. 19). Í drögnum er annar svipaður texti reyndar ekki með, *Loki sest á stokka*, sem Jón birtir einnig í greininni „Særingar og forneskjubæni“ (bls. 72), en lítil útbreiðsla textans getur hafa skipt máli þar.

¹⁶⁸⁶ Oft fór fólk hálfleynilega með slík fræði; sbr. um stúlku sem fór með forneskjubæn (Jón Samsonarson, „Særingar og forneskjubæni“, 66–67).

¹⁶⁸⁷ Textar um gimbil eru t.d. skrifaðir sem dýraþulur í ÞP 6442 (1r), ÞP 6449 (2r) eða ÞP 6667 (1r) – en sem dýravísur í ÞP 6473 (14r, merkt „15 14“ í handritinu). Síðastnefnda orðið er t.d. notað í Lbs 587 4to I (bls. 104), en þar er hægt að skipta textanum í {b} og {c} með sambærilegum hætti og í dæmi (IIa2-b) (síðari helmingurinn er þó ekki alveg eins).

¹⁶⁸⁸ Lbs 587 4to III, 56r–56v.

sjaldgæfur,¹⁶⁹¹ en ekki er ólíklegt að um sé að ræða viðbótarlínu sem myndar nokkurs konar rím við hinar þrjár – og enn fremur að þessi lína sé skyld 3. línu í þriðja stutta textanum um gimbil sem hér kemur við sögu og er nefndur *forn barnagæla* í fyrirsögn við textann í dæmi (IIa2-c):

(IIa2-c) {d} Gullbúinn Gímbill í grænkunni lá, hleýpur hann eptir hlidunum hefir horn og tá,	fadir þinn er flekkóttur en módir þín grá, þeigidu fífilkollur hver sem þig á. — ¹⁶⁹²
---	---

Rímið xaxa er gegnumgangandi í textanum, en aðeins fyrri hluti hans er reglulega stuðlaður (2+1), þess vegna er erfitt að segja hvers konar texti þetta er í heild – en varla þó þula ein sér. Á 20. öld eiga fyrstu tvær línur {d}-hluta það til að koma aftast í gimbilstexta, eða á eftir {b} og {a}; {a} fær einnig nýja fjórðu línu ({å}) sem myndar sams konar hálfím við línurnar þrjár í {a} og {á}-línan gerði á 19. öld, sbr. (IIa2-d):

(IIa2-d) {b} Gimbillinn mælti og grét við stekkin nú er hún mamma mín mjólkuð heima því ber ég svangan um sumardag langan munn minn og maga á mosapúfu	{a} gimbill eftir götu rann hvergi sína mömmu fann þá jarmaði hann {å} jarmaði svo sáran {d} gullbúinn gimbill í grænkunni lá hann. ¹⁶⁹³
---	--

Einnig kemur fyrir að {d}-hluti bætist í heilu lagi við {ba} – eða við {bc} sem er annars sjaldgæft.¹⁶⁹⁴ Í heild sinni eru gimbilstextarnir á gráu svæði þar sem hver í sínu lagi geta helstu hlutarnir {a,b,d} verið notaðir sem dýravísur (barnagælur), þótt þeir séu í tiltölulega lausu formi og hafi smávægileg tilbrigði.¹⁶⁹⁵ Þegar hlutarnir fléttast svo saman – og tilbrigðum fjölgar samhliða því – er heildin trúlega auðgreinanlegri sem þula en t.d. sem vísnasyrpa. Gimbilstextarnir eru ekki svo ólíkir Grýluþulum þegar kemur að byggingu þeirra, í báðum textahópunum blandast tiltölulega stuttir og stöðugir textar í lengri og tilbrigðameiri heildir. Munurinn er þó sá að í Grýluþulum eru hreinar og beinar nafnaupptalningar (*Grýla er að vísu og Grýla kallar á börnin sín*), en það auðveldar að flokka þessar tilteknu blokkir sem þulublokkir – og hina textana með. Í gimbilstextunum er engin slík nafnaupptalning til staðar heldur er þar frásögn af raunum fráferulamb. Frásögnin er frekar heilsteypt og mælir það síður með því að flokka gimbilstextana sem þulur. Á móti kemur reyndar að gimbilstextarnir blandast hver öðrum í talsverðum mæli – meira en t.d. Grýluþulur; það brýtur aðeins upp frásögnina og færir textana nær upptalningarmynstrinu – sem þeir falla þó ekki alltaf inn í. Samhengi gimbilstextanna eru oft kúapulur (hinn áberandi hópurinn af svokölluðum dýrapulum) og Grýluþulur, en einnig eru vísur – þ.á m. dýravísur – í umhverfi gimbilstextanna enda þótt slíkt sé sjaldgæfara.

¹⁶⁸⁹ Sbr. Lbs 587 4to II, bls. 176 eða DFS 67, 435r.

¹⁶⁹⁰ SÁM 85/116 EF (19341), SÁM 85/124 EF (19478), SÁM 85/163 EF (20017); sbr. JS 289 8vo I, 29v–30r á 19. öld.

¹⁶⁹¹ Hann má m.a. sjá í Lbs 1124 8vo I, bls. 4.

¹⁶⁹² Lbs 1293 4to, bls. 595, sbr. SÁM 30b, 290r.

¹⁶⁹³ SÁM 85/124 EF (19479); sbr. t.d. ÞP 6807, 7r eða ÞP 6550 (2r).

¹⁶⁹⁴ ÞP 6919, 24r og ÞP 6441 (3r–4r) (má reyndar túlka {d} sem sjálfstæðan texta í báðum tilfellum).

¹⁶⁹⁵ Í DFS 67, 435r eru t.d. lokálínur textans, eða tvær síðustu línurnar í {b}, á þessa leið: „maga minn og munnkorn, // og me! segir gimbill“.

IIa.3. Aðrir textar

Pabbi þinn er róinn er enn einn texti á gráa svæðinu. Hér er um að ræða 7–10 lína texta, einkum frá 20. öld, með nokkuð óreglulegri stuðlasetningu en gegnumgangandi endarámi, sbr. dæmi (IIa3-a):

(IIa3-a) {a} Pabbi þinn er róinn langt út á sjóin {b} að sækja fyskin færa hann á dyskin	rafabelti og höfuðkinn. {c} Þettað gefur guð minn, {d} þabba þínum í bátin sinn, {e} og mömmu þinni í pottinn sinn[.] ¹⁶⁹⁶
---	--

Við fyrstu sýn eru hér tvær ferkvæðar vísur á ferð. Svo er þó ekki þar sem línur 5–8 koma ekki fyrir sem sjálfstæð vísa, en línur 3–5 ({b}) hanga oft fast saman og 6. lína ({c}) kemur fast á hæla þeim, enda þótt ákveðin innskot geti átt sér stað ({f} í (IIa3-b) og sambærileg) og sömuleiðis viðsnúningur í röð, eins og í (IIa3-c). Þá eru talsverð tilbrigði í textanum frá 7. línu, sbr. dæmi (IIa3-d,e):

(IIa3-b) [...] rafabelti og höfuðkinn {f} berum við í bæinn inn; {c} og það gefur guð minn.	(IIa3-d) [...] rafabelti og höfuðkinn. {c} Þetta gefur guð minn {ð} börnunum á diskinn sinn.
(IIa3-c) [...] rafabelti og höfuðkinn, {d} þetta fær hann faðir minn í hlutinn sinn, {c} það gefur guð minn.	(IIa3-e) [...] rafabelti og höfuðkinn, {c} þetta gefur guð minn {d} þabba mínum í bátinn sinn, {g} gotuna og greppinn og þá voru börnin heppin. ¹⁶⁹⁷

Af þessum dæmum má sjá að séu textarnir í (IIa3-a–e) greindir sem þulublokk er kjarni hennar {bc}, og gengur hann þvert á bragfræðileg skil á milli 4. og 5. línu.

Þá geta fyrstu tvær línur ({a}-hluti í dæmum (IIa3-a–e)) einnig verið *Róa, róa rambinn // rétt út á kambinn* {á}, með ýmsum tilbrigðum,¹⁶⁹⁸ eða *Við skulum róa rambinn // rétt út á kambinn* {à},¹⁶⁹⁹ og eru bæði {á} og {à} algengir fyrri partar vísna sem bæði geta staðið sjálfstætt og verið hlutar af vísnasyrpum. Algengustu seinni partarnir fyrir bæði {á} og {à} eru annars vegar *sækja okkur fiskinn // sjóða hann upp á diskinn* (svipað og í {b}-hluta textanna í dæmum (IIa3-a–e), nema línur 5–6 vantar og er kjarninn {bc} þá slitinn í sundur, enda lúta lausavísur ekki sömu lögmálum og þulublokkir), en hins vegar *þaðan út á þorskamið // og þá tekur keilan við*.¹⁷⁰⁰ Í undantekningartilfellum geta fyrstu línurnar tvær verið allt aðrar, t.d. *Við skulum róa // rétt út á flóa*,¹⁷⁰¹ en það er einnig algengur fyrripartur (lausa)vísna.

Tilbrigði í þessum textum eru því mörg og ganga þvert á vísnaskil. Bragformið er varla nægilega fast fyrir vísur þegar á heildina er litið sökum þess að línulengd er misjöfn og styttri línur koma fyrir, auk þess sem stuðlasetningin er óregluleg – en þó er rímið gegnumgangandi. Þá er frásögnin tiltölulega heilleg en tengsl við aðrar þulur frekar lítil (en mikil við aðrar vísur), helst í gegnum formúluna „fiskur – diskur“¹⁷⁰² þannig að umræddir textar eru á mörkum þess að vera vísur og þul-

¹⁶⁹⁶ SÁM 30a, 167r. (Línuskilum á eftir fyrstu og þriðju línu er hér bætt við. Aftast kann að vera upphrópunarmerki.)

¹⁶⁹⁷ (IIa3-b): DFS 67, 447r; (IIa3-c): ÞP 6442 (4r); (IIa3-d): ÞP 6628 (1r); (IIa3-e): SÁM 32, 125r.

¹⁶⁹⁸ ÞP 6708, 9r; sbr. ÞP 6905, 11r („Ró, ró og rambinn“) eða ÞP 8956, 4 („Róum, róum rambinn“).

¹⁶⁹⁹ ÞP 7502 (8r), sbr. ÞP 6886 (10r), ÞP 6441 (18r) eða ÞP 6842 (9r).

¹⁷⁰⁰ ÞP 6468 (14r), ÞP 7329 (4r) og ÞP 6593 (12r) annars vegar, ÞP 6429 (1r), ÞP 7137 (15r) og ÞP 6848 (6r) hins vegar.

¹⁷⁰¹ ÞP 6686, 2r.

¹⁷⁰² Yelena Sesselja Helgadóttir. „Formulae across the North Atlantic,“ 140–141.

ur. Þessir textar virðast einnig hafa ákveðinn tilgang (umfram almenna skemmtun og fræðslu), en bæði umhverfi þeirra í heimildum og ráðandi textatengsl sýna að textarnir eiga heima með róðrarvísu og eru því fulltrúar annars fálíðaðs hóps *róðrarþulna*.

Textunum hér að framan – fyrir utan *Pabbi þinn er róinn* – er skipað í hóp með þulum sem eru efni þessarar ritgerðar; sumum vissulega með miklum fyrirvara og semingi, einkum gimbilstextunum. Textarnir sem koma hér á eftir eru ekki taldir með þulum í þessari ritgerð, enda þótt sumir þeirra séu sömuleiðis á gráu svæði og ekki langt frá textunum sem lentu í eða nærri þuluhópnum.

Krummi lallar upp með á, en það stendur mjög nálægt *Pabbi þinn er róinn* að því leyti til að textinn er til í a.m.k. tveimur útgáfum sem blandast þar að auki saman:

(IIa3-f) Krummi labbar upp með á
hvert skyldi hann ætla, strákurinn sá?
Hann ætlar upp [að] Tungu
að bíta lömbin ungu
kroppa úr þeim lifur og lungu
og láta þau ofan í sprungu
börnin¹⁷⁰³ litlu ungu
sem áttu heima í Tungu.

(IIa3-g) Krummi lallar upp með á
hvert skyldi hann ætla, strákurinn sá?
Hann ætlar upp í Tungu
að bíta börnin ungu
og vera þar um helgina
og fá sér börn í belgina.¹⁷⁰⁴

Tilbrigði í (IIa3-g) tengjast fyrir sitt leyti þulu; hún hefst sem einhvers konar Grýluþula en í framhaldi kemur blokkinn *Sat ég undir stofuvegg* (og síðar *Poki fór til Hnausa*):

(IIa3-h) Grilann á glugga,
vill hún taka ungu Börninn,
ekki skal hún þaug fá,
fari hún úti Túngu,
biti þar Börninn ungu
veri hún þar um Helgina,
biti hún Börn í Belgina,

hvað ætlar hún mér af því,
Lifur og lúngu,
stakk hún mig í túngu,
bað hún mig að géta
gátunnar sinnar [...] ¹⁷⁰⁵

Tilbrigðin eru þó ekki mikil, og það er reyndar útbreiðsla textans heldur ekki. Þrátt fyrir þessi tilbrigði og tengsl við þulur virðist textinn markaður sem krummavísa frekar en þula. Hann kemur og einkum fram í tengslum við aðrar krummavísur, t.d. *Krumminn á skjánum*, *Krumminn á skjá skjá*, *Krummi situr á kvíavegg* og *Krummi krunkar úti*.¹⁷⁰⁶ Þessi texti er því ekki talinn til þulna hér.

Fór ég til berja minnir að einhverju leyti á stúlkupulu,¹⁷⁰⁷ en textinn er einfaldur, tilbrigðalítill og nokkuð sjaldgæfur, auk þess sem hann virðist ekki heldur hafa tengsl við aðrar þulublokkir.¹⁷⁰⁸ Því þykir frekar ólíklegt að um þulu sé að ræða.

Hallsteinn á Hesti er annar texti sem verður hér ekki flokkaður með þulum þrátt fyrir ákveðin tengsl við þær, en í sumum heimildum endar hann á *Gott er að ríða sandana mjúka*.¹⁷⁰⁹ Textinn

¹⁷⁰³ Svo; þegar flutningi er lokið segist heimildarmaður hafa mismælt sig en orðið hafi átt að vera *lömbin* (SÁM 86/847 EF, nr. 3275), en heimildarmaður byrjar að segja *börnin* og leiðréttir sig einnig á annarri upptöku (s.st., nr. 3272).

¹⁷⁰⁴ SÁM 86/847 EF (3275, sbr. s.st. 3272 og 3283) og SÁM 85/340 EF (21 198).

¹⁷⁰⁵ Lbs 587 4to II, bls. 44.

¹⁷⁰⁶ Sbr. SÁM 85/304 EF (20641) og SÁM 85/340 EF (21 198).

¹⁷⁰⁷ Sbr. *ÍGSVP*, 4: 252. Sbr. DFS 67, 437r; Lbs 1057 4to, 176r; SÁM 30b, 193r–194Ar.

¹⁷⁰⁸ Sjá þó hluta af *Fór ég til berja* fyrir aftan blokkina *Drengurinn Dóli*: Helga Jóhannsdóttir, rannsóknargögn: Inga Halldórsdóttir, [1r–1v]). Sérstakt tilbrigði er í Lbs 587 4to VIII, 11v, en þar er hugsanlega um frumortan texta að ræða.

virðist hins vegar lítt tengjast þulum að öðru leyti; stílfraðileg líkindi benda til danskvæða frekar en þulna. Bragform textans brýtur ekki beinlínis í bága við þær kröfur sem eru gerðar til bragforms þulna, en það ber eigi að síður með sér að ákveðið kerfi – þótt líklega riðlað – hafi verið eða hafi átt að vera í ríminu. Svipað má segja um byggingu, en frásögnin virðist vera rökrétt a.m.k. framan af. Lítil útbreiðsla hefur úrslitaáhrif.

Vappaðu með mér Vala virðist vera erindi undir e.k. vikivakahætti¹⁷¹⁰ með reglulegri stuðlasetningu og rími, enda þótt það sýnist vera óreglulegra þegar línur vantar í, eins og í dæmi (IIa3-i):

(IIa3-i) [...] Vappaðu með mér vala
vildi eg þíg fala —
komdu ekki að mér kala —
keyrðu féð í hala,
nu er dökkt tíl dala —
dymma tekr á víði —
Fjármannahríðin er full af bölmóð. —

(IIa3-j) Vappaðu með mér vala,
verð ég þig að fala.
Komdu ekki að mér kala,
keyrðu féð á Hala.
Nú er Dög[g] til dala
dimma tekur á víði
fjármannahríðin.
Þú átt að elska smalann,
sem þitt eigið blóð
því fjármannahríðin
er full af böli og móð.¹⁷¹¹

Erindið tengist stundum þulutextum, textinn í dæmi (IIa3-i) kemur t.d. í framhaldi af blokkinni *Gekk ég upp á hólinn, horfði niður í dalinn*. Erindið er oft tilfært innan um þulur í uppskriftum¹⁷¹² og stundum kallað *þula* eða *smalaþula*.¹⁷¹³ Þó er hvorki form textans þululegt né bygging hans, og er því ekki um þulu að ræða.

¹⁷⁰⁹ Jón Samsonarson birtir texta í: *Kvæði og dansleikir*, 2: 292–293, í kaflanum „Þulur og langlokur“ (í langlokuhlutanum ef marka má það að allir textar, sem falla undir þuluskilgreiningu þessarar ritgerðar, eru birtir á bls. 285–288). Textinn á bls. 293 er sá sem endar á *Gott er að riða sandana mjúka*, en hann er eftir sama heimildarmanni og á upptökunni SÁM 86/765 EF (27467). Svipaður texti er á SÁM 91/2544 EF (33814) með öðrum heimildarmanni; örfáar aðrar upptökur eru til.

¹⁷¹⁰ Undir svipuðum hætti yrkir Kolbeinn Grímsson (Jöklaraskáld), *Best mun efnið betra sitt* (sbr. aðalhandrit kvæðisins, vísna- og kvæðabók Magnúsar Jónssonar í Vigur: JS 583 4to, 72v–74r, um 1690). Línufjöldi í erindi er sami og í kvæði Kolbeins og rímmynstur er líka að mestu eins (hjá Kolbeini er karlrim, en í *Vappaðu* ... er kvenrim nema í 9. og 11. vísuorði). Vísuorð í *Vappaðu* ... eru að jafnaði u.þ.b. einu atkvæði styttri en hjá Kolbeini, en grunnfjöldi bragliða er þó mismunandi; í *Vappaðu* ... eru þrjú bragliðir út í gegn (síðustu bragliðirnir í 9. og 11. vo. eru stýfðir), en hjá Kolbeini eru jafnan fjórir bragliðir en sá síðasti í vísuorði er alltaf stýfður.

¹⁷¹¹ Lbs 587 4to II, bls. 173; ÞP 7137, 3r (fyrirsögn: „Valan“; „Dög[g]“ er leiðrétt úr „dauf“).

¹⁷¹² Sbr. t.d. Lbs 587 4to VIII, 11v.

¹⁷¹³ Erindið *Vappaðu með mér Vala* er skrifað upp í Lbs 587 4to XI, 3r með yfirskriftinni „Þula“ og vísun til „ÞS. I. N^o 15“, þ.e. Lbs 587 4to I, bls. 25, en þar er erindið þó skrifað án yfirsagnar. Textinn er einnig í Lbs 587 4to XII (bls. 49), nú með fyrirsögninni „2. Smalaþula“ (og vísun á bls. 53). Ekki er þó víst hvar fyrsta – eða fyrri – smalaþula eigi að vera, en næst á undan er allt annað efni (tveir textar af *Selur spurði sel*); e.t.v. er einmitt átt við textann á bls. 53, „Nú er eg búinn að reka fé mitt í haga“ (sjá umfjöllun um *Hott hott í haga* hér í beinu framhaldi). Uppskrift á *Vappaðu með mér Vala* er einnig í SÁM 30a, 86r, með fyrirsögninni „Þula“. Erindið er ósjaldan kallað *þula* á hljódupptökum, þ.á m. *Smalaþula* (eða *Smalaþula?*) á SÁM 89/1761 EF (6335). Fyrirsögnin *Smalaþula* er m.a. í *Om Digtingen*, 197 (og *ÍGSVP*, 4: 240). Sbr. einnig: „Smalaþula gömul“, 56, en þar eru erindin þrjú. Heimildarmaður, Þorvaldur Jakobsson, tekur þar fram í bréfi, dagsettu 30/4 1910, að fyrsta erindi sé víða komið á prent, en hin tvö hafi kennt sér „Pétur, bóndi á Stökkum á Rauðasandi, Jónsson, verzlunarmanns í Flatey, Péturssonar frá Skáleyjum, en honum kendi fóstura hans og föðursystir, Margrét Pétursdóttir, sem enn er á lífi í Skáleyjum, og er nú um hálfáttarátt.“

*Hott hott í haga*¹⁷¹⁴ er annar texti sem stundum er kallaður *smalapula* – og er það jafnvel rök-
réttara þar sem textinn hefur bragfræðileg einkenni þulna; hins vegar hefur textinn ákveðið hlutverk
sem bæn fyrir kúm og er hér því um að ræða *þulubæn*.¹⁷¹⁵

Kalt er mér á klónum og *Lambið mitt í mónum* eru dæmi um texta sem líkjast hinum formfastari
hlutum, sem standa í tengslum við blokkina *Kýrin bleik*, bæði að formi til – einkum *Kalt er mér á
klónum* – og innihaldi, sbr.:

(Id5-a(1)) Sjeð hef eg sokk á þrjónum,
sauða[r]horn á slónum.
Utgekk eg að ánni,
í hana stakk eg tanni,
þar lá selur á gjánni [...]

(IIa3-k) Kalt er mér á klónum
kenni ég þess á sjónum,
gerður var grautur úr grjónum,
og gefinn ungum hjónum [...]

(IIa3-l) Lambið mitt í mónum,
leikur það sér
Selur/inn\ í sjónum,
syndir upp á /sker\
Vettlingana á þrjónum,
vinnukonan /ber\
Samlyndið með hjónum
besta gullið er.¹⁷¹⁶

Textar í (IIa3-k,l) virðast samt sem áður ekki mynda tengsl við textabrotin í (Id5-a), blokkina *Kýrin
bleik* eða við aðrar þulur. Ástæðulaust er því að velta fyrir sér stöðu þessara vísnatexta gagnvart þulum.

IIb. Afmörkun í samanburði við fyrri útgáfur

Þuluhópurinn, afmarkaður í samræmi við skilgreiningu í kafla 10.1 og greiningu í Viðauka IIa, fer
nokkuð nálægt, ekki aðeins textasafninu sem Jón Samsonarson afmarkaði til undirbúnings þulu-
útgáfu,¹⁷¹⁷ heldur einnig því textasafni sem Ólafur Davíðsson birtir í *Íslenzkum gátum, skemtunum,
vikivökum og þulum*, bd. 3–4 þegar bragforms- og hlutverkssíum hefur verið beitt á þann hóp. Helsti
þulukafli í *ÍGSVP*, 4 heitir „Þulur og þesskonar“ og samsvarar heiti sínu vel, en meirihluti textanna
sem eru efni þessarar ritgerðar kemur þar í samfelldu máli fram að ákveðnum stað, eða á bls. 175–
221. Af þeim textum sem þar má finna vekja helst þrjár textar spurningar:

- *Karl bjó í húsi* (bls. 216–217), en sá texti virðist hafa litla útbreiðslu. Auk þess er a.m.k. annað
tilbrigðið, sem birt er í *ÍGSVP*, 4, eignað nafngreindum höfundu.¹⁷¹⁸

¹⁷¹⁴ Sbr. texta í: Jón Samsonarson, „Særingar og alþýðubætur“, 56–57. Þessi kúa- eða fjárbæn er til í svipuðum heimild-
um og *Vappaðu með mér Vala* og einnig með heitinu *Smalapula*, t.d. „Nú er eg búinn að reka fje mitt [í] haga“ í Lbs
587 4to I (bls. 37) með fyrirsögninni: „Smalapula, er þylja skal þá fje er í haga komið“. Þetta er afrit af svipuðum texta í
þulusafni Hallgríms Scheving (JS 289 8vo I, 29v), nema hvað þar er fyrirsögnin „Smalavisa til að spekia fe“. Jón Árna-
son gefur vísunni þulufyrirsögn og skrifar hana upp í þulusafn sitt (sem var að vísu einnig safn annarra þjóðkvæða).
Afrit af sama texta, einnig með vísun í handrit Hallgríms Scheving, er í Lbs 587 4to XII (bls. 53), en þar er fyrirsögnin
leiðrétt aftur; fyrst er skrifað „Smalapula“ en síðar leiðrétt í „Smalabæn“ og orðinu *þylja* er skipt út fyrir *hafa*. Af þessu
má enn og aftur sjá glögg hversu óljós mörkin á milli mismunandi munntaggreina voru á 19. öld. Við má bæta að
annað afrit af sama texta er í Lbs 1914 8vo, 27v (Páll Pálsson). Þar er einnig vísað í þulusafn Hallgríms Scheving – en
fyrirsögnin er „Smalapula“ o.s.frv., líkt og hjá Jóni Árnasyni í Lbs 587 4to I.

¹⁷¹⁵ Þriðji slíkur texti, kallaður *smalapula*, er *Sofa dróttir dala*, en hér er trúlega um að ræða þululjóð. Í einni uppskrift-
inni er ljóðið eignað Þórði Jónssyni frá Brekknakoti (ÞP 6594, 3r–4r). Það er m.a. prentað sem „Smala þula“ og undir-
ritað *Þórður Jónsson* ([Þórður Jónsson], „Smala þula“, 6–8). Sbr. enn fremur: ÞP 7187, 7r–9r (fyllri texti en í ÞP 6594)
og SÁM 92/2612 EF (15385), en textann – líkan ÞP 7187 – segist heimildarmaðurinn, Svava Jónsdóttir, hafa einmitt
lesið í *Sólskini* (sama heimild, 15386).

¹⁷¹⁶ ÞP 7137, 4r; ÞP 9843, 1r.

¹⁷¹⁷ Sjá Jón Samsonarson, Prófarkir 1–2.

¹⁷¹⁸ *ÍGSVP*, 4: 216–217, að því gefnu að um einn og sama texta er að ræða. Merkingarkerfi Ólafs Davíðssonar útilokar
þó ekki að á bls. 217 sé prentaður sjálfstæður texti – en þá á athugasemd Ólafs um höfund, „Þulan er eptir Sigurð

- *Gagga gó!* (bls. 219–220), en fyrir utan útbreiðslu, sem vekur spurningar eins og með textann sem ræddur var hér á undan, er textinn í samtalsformi sem er ekki mjög algengt í þulum og virðist vera einhvers konar leiktexti.
- *Duggan sigldi á hafinu* (bls. 221–222), en hér virðist um að ræða einhvers konar orðaleik, t.d. tungubrjót¹⁷¹⁹ eða texta sem átti að segja án þess að draga andann. Þessi texti virðist ekki heldur hafa nægilega útbreiðslu til þess að flokkast sem þula.

Jón Samsonarson tekur reyndar síðastnefnda textann með þegar hann undirbýr drög að þuluútgáfu sinni, en ekki textana tvo sem ræddir eru hér á undan. Hér er enginn af þessum textum greindur sem þula.

Fram að bls. 222 í *ÍGSVP*, 4 samsvarar efnið fyrri hluta fyrirsagnarinnar, „Þulur“; en frá og með bls. 222 fellur efnið miklu frekar undir seinni hluta fyrirsagnarinnar, „og þesskonar“. Þar eru minnisvísur og formúlur (t.d. á bls. 224) sem ættu líklega betur heima í kaflanum „Fræðipulur og stef“ aftar í *ÍGSVP*, 4 (bls. 271–275), og síðar aðallega lengra og styttra bundið mál af margvíslegum toga. Aðeins fáir þulutextar eru í *ÍGSVP*, 4 á eftir bls. 222:

- *Helga bredda reið á skóg* (bls. 226; sbr. kafla Ic.7 hér að framan);
- *Viltu ég gefi þér // mjólkisopa í koppi* (bls. 226–227; sbr. m.a. Ib.3 og Ic.1–3);
- *Séð hefi' ég sokk á prjónum*“, *Ólafur gaf mér öxi og Ríðum og ríðum // hart, hart á skóginn* – ef þessir textar eru þá flokkaðir sem fullgildir þulutextar (bls. 228; sbr. Id.5 og Id.2);
- *Bárður á Jökli* (bls. 232; sbr. Ia.6);
- *Griðka* (eða *svunta*) *sat á steini* – tiltölulega stutt frásagnarblokk sem var greinilega ekki mikið skrifuð niður sökum velsæmisskorts í textanum (bls. 232);¹⁷²⁰
- *Sögusmetta, rægirófa* – sambærilegur texti sem virðist tengjast blokkinni *Ég sá hann á alþingi* (bls. 233; sbr. Ib.7).

Þá eru fáeinir þulutextar í öðrum köflum útgáfu Ólafs Davíðssonar í *ÍGSVP*, 4:

- „Grýlukvæði og þvíumlíkt“: *Grýla kallar á börnin sín, Grýla er að vísu og Grýla reið fyrir ofan garð* (bls. 144–146 að frátalinni neðstu vísu á bls. 146; sjá Ia.1 og Ib.1) ásamt *Grýlan á glugga* (bls. 147; sbr. Ic.1);
- „Dýraþulur“: kúaþulur á bls. 234–238 og undir fyrirsögninni „Nautamál á nýjarsnótt“ [svo] á bls. 238–239 (sbr. Ib.2), gimbilskveðskapur á bls. 239–240 (sbr. IIa.2) og *Kisa fór á lyngmó* á bls. 241–242 (Id.4);
- „Fuglaþulur og stef“: *Titlingur talnahringur* undir fyrirsögninni „Titlingsvísa“ (bls. 246), en það kemur við sögu í yfirblokkinni *Lambið beit í fingur minn*, sbr. dæmi (Id4-f), og í blokkinni um Sigurð Jónsson á þingi (sjá dæmi (8-35) í kafla 8.3.1); enn fremur *Krummi fló // kátur um sjó* (bls. 249), *Krumminn í hlíðinni* (bls. 250) og seinni hluti textans *Krummi hvar hann flýgur* (bls. 250–251, frá og með línunni „Ofan eptir leirunni rindillinn fló“), þar sem sá fyrsti og

Pálsson í Skógarnesi († 1715)“, aðeins við erindið undir vikivakahætti sem er augljóslega frumort – en ekki við texta nr. II sem var notaður sem viðlagserindi.

¹⁷¹⁹ Sbr. flutning og ummæli Steinþórs Þórðarsonar á Hala (SÁM 85/375 EF, 21637–21638 og SÁM 84/28 EF, 422).

¹⁷²⁰ Í útgáfu Ólafs er aðeins brot, en heilli textar eru t.d. í Lbs 936 4to, bls. 480; Þjms 15174, [8v]; Lbs 3387 8vo, 77r. Nokkrir textar sem Ólafur Davíðsson segir vera „samskonar“ og „af sama tagi“ eru á bls. 232–233, en brotin sem Ólafur birtir eru svo stuttir að ekki verður sagt með vissu hvort um þulur er að ræða.

síðasti af þessum textum tengjast blokkinni *Kisa fór á lyngmó* (Id.4) en miðtextinn blokkinni *Lóa, lóa lítill tá* (Ic.7).¹⁷²¹

Þá eru þulutextar í meirihluta í kaflanum „Dansþulur“ í *ÍGSVP*, 3; þeir tilheyra:

- stúlkupulum (bls. 384–387; sjá kafla Id.7 hér að framan);
- blokkinni *Stapadansinn* (bls. 389–393; sbr. Ia.2 hér), þ.á m. „Riðu kellingar hér“, „Við skyldum róta“ og „Brandur í Bökkum“ sem tengjast einnig fleiri blokkum og yfirblokkum;
- yfirblokkinni *Kýrin bleik* (bls. 393–396; sbr. Id.5 hér);
- blokkinni *Allt skal ég gjöra sem mér er bannað* (bls. 396–397; sbr. Id.1 hér).

Eins og sjá má er þulunum í *ÍGSVP* dreift á mismunandi kafla eftir innihaldi þeirra, og því blandast þær þar við texta sem tilheyra allt öðrum munnmennta- og bókmenntagreinum. Þessari aðferð hefur verið viðhaldið í öðrum útgáfum þar sem þulur koma við sögu.¹⁷²² Ef gengið er út frá því að þulur síðari alda séu sjálfstæð þjóðkvæðagrein þarf að taka alla þulutexta saman í útgáfu – enda þótt sjálf-sagt sé að hafa efnisflokkanna innan greinarinnar svo langt sem efnisflokkun nær.

Síðustu textarnir sem ræddir verða í þessum kafla eru nokkrir gamlir textar, talsvert eldri en meirihluti þulna síðari alda, sem Jón Samsonarson hugðist taka inn í þuluútgáfu sína – trúlega út frá sögulegu sjónarmiði, því um er að ræða texta sem hafa ákveðin þulueinkenni en virðast ekki vera útbreiddir meðal kveðskapar sem er skilgreindur sem þulur síðari alda í þessari ritgerð (dæmi IIb-a–d):

(IIb-a) Kona *geck til* uattz
[r]ann *hundur* fyrer
hvf[o]ttur *stufottur*
fleckott[ur] *spreclottur*
huitur *umm t[ryne]*
su[ar]ttba[kur] *lodínkínne[.]*

(IIb-b) Margt er i mórgu,
Mór er i Saudum;
Barn med \(\i)/ Brüde,
Enn Bórkur ä Vide;
I Hamre Töa,
Enn Horne Slö;
I Heimskum Häd,
Enn hýggnum Räd,
sagde Heimske Läfe.

(IIb-c) Vte var eg i Äse,
øll voru hvs i läse,
þar var eg allur
hefradur,
befradur,
sem eg var i dana stofu,
dicktadur,
sicktadur,
stöð eg vppä vppsala þinge,
villda eg ad mýn dentan hun
geinge,
o, ho m[ÿ]n dentan,
fögur er þijn·skiemtan,
räuda gull gief eg þier,
ef þu dentader mier<.>

(IIb-d) Nikulás Lánge
með hund í fange
og Lambastaða læða
Halldor Kiakur
Baulubakur
og Hvassafells Jørgins
skræða

Imba Pula
Valgerður Gula
/Kristin Skita
sem allt vill vita\
Gunnar Pýsia
túkin ýsia
og Krunke<.>¹⁷²³

Fyrsti textinn í útgáfudrögum Jóns Samsonarsnar (IIb-a) er úr handriti sem er líklega frá öndverðri 16. öld¹⁷²⁴ og er þar með langelsta handritið í útgáfudrögum Jóns. Textinn er hins vegar aðeins sex línur á lengd og er því strangt til tekið of stuttur til að vera þula. Þar fyrir utan hefur textinn ákveðin

¹⁷²¹ Einnig „Fór eg til berja“ (kaflinn „Manþulur“, *ÍGSVP*, 4: 252) ef textinn er talinn til þulna (sbr. þó IIa.3).

¹⁷²² Þannig t.a.m. í: *Fagnar heyrði eg raddirnar*, útgáfu Einars Ól. Sveinssonar (sbr. kafla 5.3).

¹⁷²³ (IIb-a): AM 687 b 4to, 1r, sbr.: Ólafur Halldórsson, „Því flýgur krákan víða,“ 242; (IIb-b): Holm. Papp. 44 4to, bls. 302; (IIb-c): Holm. Papp. 64 fol., 29v (sbr. 83r); (IIb-d): Lbs 852 4to II, bls. 36, sbr. Lbs 424 8vo, acc mat 4r (bls. 207 skv. blaðsíðutali handritsins).

¹⁷²⁴ Skv. *Handrit.is* á AM 687 b 4to að vera um 1500, en Ólafur Halldórsson segir það vera frá fyrri hluta 16. aldar (Ólafur Halldórsson, „Því flýgur krákan víða,“ 236 og 249).

einkenni gátu. Hinir textarnir eru úr handritum frá lokum 17. aldar og 18. öld.¹⁷²⁵ Í dæmi (IIb-b) er vissulega þululeg upptalning sem vísar bæði til upptalningakveðskapar að fornu¹⁷²⁶ og í þulum síðari alda (og reyndar fleiri þjóðkvæðum, t.d. vöggvísunum).¹⁷²⁷ Textinn er hins vegar reglulega stuðlaður og með einhvers konar endarími (skothendingum í 2.–4. línu en aðalhendingum í 5.–6. og 7.–8. línu), þótt það sé ekki endilega fullrím, þ.e. ris í kveðunum ríma en hnig ekki endilega. Textinn er því augljóslega í bundnu máli, hvort sem það er túlkað sem erindi undir edduhætti sem er aukinn endarími¹⁷²⁸ og einni línu aftast, eða þá sem erindi undir öðrum bragarhætti (hugsanlega e.k. vikivaka-hætti). Hvað sem öllu líður er óvíst að um þulu sé að ræða. Textinn í (IIb-c) hefur sömuleiðis ákveðin einkenni þulu en getur eigi að síður verið erindi undir vikivaka- eða langlokuhætti. Hann hefur ákveðin efnisleg tengsl við þulur, t.d. það að standa upp á þingi (sbr. *Þórnaldarþulu* – og eldri texta á borð við *Sneglu-Halla þátt* þar sem Halli lætur mannfjöldann á þinginu þagna með þululegu öfugmælamáli, sjá kafla 2.3), og sömuleiðis við færeysk *skjaldur*,¹⁷²⁹ en þessi tengsl eru þó ekki mikil. Þá er (IIb-d) sömuleiðis áherslubundið ljóð með ákveðnu endarími en óreglulegri stuðlasetningu. Það er vissulega þululeg upptalning mannanafna ásamt viðurnefnum – en er eignað nafngreindum höfundi (Vigfúsi Jónssyni frá Leirulæk).¹⁷³⁰

Hver þessara texta hefur því annars vegar tengingu við þulur – en hins vegar einn eða fleiri óþululegan eiginleika ofan á það að hafa ekki öðlast nægilega útbreiðslu í þuluhefð síðari alda. Af þessari ástæðu eru textarnir fjórir ekki meðal þulna sem eru efni þessarar ritgerðar.

¹⁷²⁵ Holm. Papp. 44 4to er með hendi Guðmundar Ólafssonar skv. Gödel (*Katalog öfver Kongl. bibliotekets fornisländska och fornnorska handskrifter*, 316; tímasett þar til ofanverðrar 17. aldar) og er því líklega frá síðasta fjórðungi 17. aldar; Holm. Papp. 64 fol. er frá 1686–1687 (sbr. s.r. Gödels, 190). Lbs 852 4to II er frá ofanverðri 18. öld skv. Páli Eggert Ólasyni (*Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 1: 374); (IIb-d) er í fremsta hluta Lbs 852 4to II frá 1777–1778 (sbr. greiningu Jóns Samsonarsonar, Heimildalýsingar 1, kafli [17], bls. [5–6]).

¹⁷²⁶ Þ.á m. til Tryggðamála, sbr. kafla 2.3 hér að framan.

¹⁷²⁷ Sbr. *ÍGSVP*, 4: 255–259.

¹⁷²⁸ Hinar minnstu runhendur í *Háttatali* Snorra eru ekki ósambærilegar, t.d. vísur 82 og 85 (Snorri Sturluson. *Edda: Háttatal*, 34–35).

¹⁷²⁹ Sjá t.d. „Eg sat mær í hási“ (*Skjaldur, rímur og ramsur*, 78–82 (Skja 24.1–24.6); *Nina, nina nái*, 26, nr. 54; sbr. 23, nr. 43).

¹⁷³⁰ Sbr. Lbs 424 8vo, acc mat 4r (bls. 207 skv. blaðsíðutali handritsins).